Alþingi 1979–80

Sameinað þing, 1. fundur.

Miðvikudaginn 12. des.

Þingsetning.

Árið 1979, miðvikudaginn 12. des., var hundraðasta og annað löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tuttugasta aukaþing í röðinni, en hundraðasta og seytjánda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Björn Jónsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e.
4. Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv.
5. Birgir Ísl. Gunnarsson, 6. þm. Reykv.
6. Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl.
7. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
9. Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl.
10. Eyjólfur Konráð Jónsson, 5. landsk. þm.
11. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
12. Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv.
13. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
14. Geir Gunnarsson, 4. þm. Reykn.
15. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
16. Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
18. Guðmundur Karlsson, 9. landsk. þm.
19. Guðmundur G. Þórarinsson, 12. þm. Reykv.
20. Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm.
21. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv.
22. Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl.
23. Halldór Blöndal, 7. landsk. þm.
24. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
25. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
26. Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v.
27. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
28. Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn.
29. Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm.
30. Jón Helgason, 3. þm. Suðurl.
31. Jósef H. Þorgeirsson, 2. landsk. þm.
32. Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm.
33. Karvel Pálmason, 6. landsk. þm.
34. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
35. Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e.
36. Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl.
37. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
38. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
39. Ólafur G. Einarsson, 3. þm. Reykn.
40. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv.
41. Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv.
42. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
43. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
44. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm.
46. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
47. Salome Þorkelsdóttir, 4. landsk. þm.
48. Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf.
49. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
50. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
51. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
52. Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e.
53. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
54. Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl.
55. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
56. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl.
57. Tómas Árnason, 1. þm. Austurl.
58. Vilmundur Gylfason, 9. þm. Reykv.
59. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Sigurjónsson, 1. þm. Suðurl.

Forseti Íslands setur þingið.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 6. des. s. l. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkv. tillögu forsrh., að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 12. des. 1979.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 6. des. 1979.

Kristján Eldjárn.

Benedikt Gröndal.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 12. des. 1979."

Samkv. bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Það þing, sem nú hefur verið sett, kemur saman við

mjög óvenjulegar kringumstæður. Að baki eru alþingiskosningar sem hvað árstíma varðar eru einsdæmi í sögu Alþingis. Fram undan er fagnaðarhátíð jólanna, þegar vér öll vörpum af oss hinum daglegu byrðum til þess að gleðjast og m. a. þakka forsjóninni að þjóð vor skuli tilheyra hinum kristna heimi. En það liggur í augum uppi, að skammt hlýtur að verða milli þingsetningar og þinghlés, sem ekki verður á svipstundu sagt hve lengi muni standa. Blessuð jólin munu sem sagt setja strik í reikning Alþingis. Öllum er kunnugt að þjóðin býr nú við ríkisstj. sem er starfsstjórn með þá takmörkuðu möguleika til að taka á málum sem slíkum stjórnum er áskapað. En þau vandamál, sem bíða þess að á þeim sé tekið, eru mikil og mörg, eins og lýst hefur verið á ærið mörgum ræðustólum um land allt að undanförnu. Og enn verður að bíða um nokkurn tíma, eða þangað til Alþingi hefur leyst þann vanda af höndum að koma sér saman um þingræðislega ríkisstjórn, sem með fullri getu og fullri ábyrgð getur lagt gjörva hönd á þau brennandi úrlausnarefni, sem eru í verkahring fullgildrar ríkisstj. og ekki er á neins annars færi að fást við.

Þjóðin hefur kjörið yður, góðir alþm., til að taka sæti á Alþingi og þar með falið yður forsjá málefna sinna á hendur. Hún hefur kosið sína gamalreyndu stjórnmálaflokka og að þessu sinni sýnt þeim öllum tiltölulega jafnari trúnað en stundum áður. Enginn þeirra getur með sanni sagt sem flokkur, að honum hafi verið hafnað og hann þar með leystur undan ábyrgð. Og hún hefur jöfnum höndum kosið þrautreynda þingmenn og nýliða sem hún treystir vegna fyrri starfa þeirra. Þér hafið boðið yður fram til þessara ábyrgðarstarfa og þjóðin hefur tekið boði yðar.

Ég leyfi mér að fara með þessi orð á þessari stundu, þótt einhver kunni að kalla þau sjálfsagða hluti, vegna þess að mér virðist það brýnni nauðsyn nú en oftast endranær, andspænis öllum almenningi í landinu, að Alþingi beri gæfu til að láta ekki dragast úr hófi fram að mynda starfhæfa þingræðislega ríkisstj. Hvort tveggja er, að vandamál bíða úrlausnar, þótt þau þoli illa biðina, og almenningur, sem er nýkominn frá kjörborði, vill ekki láta reyna um of á langlundargeð sitt. Þjóðin mun eiga bágt með að skilja hvers vegna hún gengur til kosninga hvað eftir annað með stuttu millibili, ef hún svo þarf að horfa upp á það langtímum saman, að þeir menn og þeir flokkar, sem hún hefur veitt umboð sitt, geti ekki náð þeirri samstöðu sem nauðsynleg er, eftir einhverri þeirra leiða sem þó eru mögulegar samkvæmt þingræðislegum reglum. Ég held að hugsanir í þessa átt séu ofarlega í mönnum þessa dagana, og ég get vel skilið það. Og þetta segi ég eins fyrir því, þótt öllum megi ljóst vera og er ljóst, að lýðræðis- og þingræðislegar leikreglur verða að hafa sinn gang og það tekur óhjákvæmilega sinn tíma. Ég vonast til að menn skilji orð mín rétt eins og þau eru hugsuð og töluð, sem hógvær varnaðarorð, því að ég met störf stjórnmálamanna mikils og mér er annt um veg Alþingis.

Á þingsetningardegi beina hugsandi menn athygli að Alþingi öðrum dögum fremur og leiða sér í hug störf þess og stöðu með þjóðinni. Ég held að það sé mikill misskilningur, að stjórnmálaáhugi sé lítill hér á landi. Þvert á móti er fylgst af lifandi áhuga með því sem í þjóðmálum gerist, og það mega kosningarnar eiga, með öllum sínum umsvifum, að þær glæða þennan áhuga. Og þjóðmálin og umræða um þau kristallast að lokum beint eða óbeint innan veggja þessa húss, í orðum og ákvörðunum Alþingis. Ég hef oft látið þá skoðun í ljós, að því sé ranglega haldið fram að þorri manna beri litla virðingu fyrir Alþingi og þeim mönnum sem það skipa. Mér hefur stundum fundist eins og einhver vél væri í gangi til að ala á þessu. En þetta er að minni hyggju rangt, og vísast mætti færa sönnur á það með áþreifanlegum dæmum. Sem betur fer er þjóð vor ekki svo hamingjusnauð að hún viti ekki hvað hún á þar sem Alþingi er, og er hitt allt annað mál, þótt menn kunni að verða óþreyjufullir ef úr hófi fram seint gengur að koma því í framkvæmd sem þó verður að gerast. E. t. v. eru mjög langdregnar stjórnarmyndunarviðræður það sem einna mest reynir á þolinmæði fólks og vinnur áliti Alþingis mest tjón. Ég er sannfærður um að allur þorri manna bíður þess með talsverðri óþreyju að mynduð verði þingræðisleg ríkisstjórn, vitaskuld innan þeirra tímamarka sem allir viti bornir menn skilja að ekki geta orðið mjög þröng, eins og flokkaskipting er nú og málefni flókin og erfið viðfangs, og þetta vil ég taka skýrt fram.

Ég býð yður öll velkomin til þings, yður, sem hér eruð heimavön, og yður, sem nú gangið í þingsali í fyrsta sinn og munuð því e. t. v. lengi minnast þessa dags. Ég óska yður öllum velfarnaðar í störfum yðar.

Að svo mæltu bið ég yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Benedikt Gröndal,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Þingmenn tóku undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, dr. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., að ganga til forsetastóls.

Minning Jörundar Brynjólfssonar.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen): Frá því að þing var rofið á liðnu hausti hefur einn fyrrv. alþm. fallið frá, Jörundur Brynjólfsson. Hann andaðist í Reykjavík mánudaginn 3. des., 95 ára að aldri.

Jörundur Brynjólfsson var fæddur 21. febr. 1884 á Starmýri í Álftafirði eystra. Foreldrar hans voru Brynjólfur bóndi þar Jónsson og kona hans Guðleif Guðmundsdóttir. Á æskuárun naut hann eigi skólakennslu, heldur heimilisfræðslu að hætti þeirra tíma. Fram til tvítugs dvaldist hann eystra og stundaði almenn sveitastörf og róðra.

Vorið 1904 fór hann í Búnaðarskólann á Hvanneyri og lauk búfræðiprófi 1906. Veturinn 1908—1909 stundaði hann nám í Kennaraskólanum og lauk þaðan kennaraprófi um vorið. Um haustið varð hann kennari við barnaskólann í Reykjavík og hélt því starfi til vors 1919, en var á því tímabili við nám í kennaraháskólanum í Kaupmannahöfn í 10 mánuði 1911—1912. Á kennaraárunum samdi hann ásamt Steingrími Arasyni reikningsbók, sem lengi var notuð við alþýðufræðslu. Þeir félagar gáfu einnig út mánaðarblaðið Unga Ísland.

Á því tímabili, sem Jörundur Brynjólfsson var kennari í Reykjavík, voru umbrot í þjóðmálabaráttu Íslendinga. Í frelsismálum þjóðarinnar fylgdi hann Sjálfstfl., sem þá var. En nýir straumar komu til. Árið 1916 ákváðu samtök verkamanna í Reykjavík framboð við bæjarstjórnar-

kosningar. Jörundur Brynjólfsson fylgdi þeim samtökum að málum, var í kjöri af þeirra hálfu og hlaut sæti í bæjarstjórn. Sama haust var kosið til Alþingis. Jörundur var í framboði fyrir hinn nýstofnaða Alþýðuflokk, náði kosningu og var fyrsti þm. Alþfl. Sat hann þá á Alþingi til 1919.

Hugur Jörundar Brynjólfssonar stefndi að búskap, og vorið 1919 lét hann af kennarastarfi og gerðist bóndi í Múla í Biskupstungum. Þar bjó hann til vors 1922, síðan í Skálholti 1922—1948 og loks í Kaldaðarnesi 1948—1963. Hann bjó stórbúi á höfuðbólum, víkingur að störfum, gestrisinn og greiðasamur.

Eigi leið á löngu eftir að Jörundur hóf búskap í Biskupstungum uns Árnesingar völdu hann til forustu. Hann var í kjöri fyrir Framsóknarflokkinn í Árnessýslu við alþingiskosningarnar 1923, hlaut kosningu og var síðan þingmaður Árnesinga óslitið til 1956. Sat hann á 45 þingum alls. Forseti neðri deildar Alþingis var hann 1931—1942 og 1943—1945 og forseti sameinaðs þings 1953—1956. Hann var kjörinn til ýmissa nefndarstarfa utan Alþingis. Í Norðurlandaráði átti hann sæti 1953. Hann var yfirskoðunarmaður landsreikninga og síðar ríkisreikninga 1917—1925 og 1937—1963.

Jörundur Brynjólfsson lifði langa ævi á miklum breytinga- og framfaratímum þjóðar sinnar. Honum auðnaðist að sitja á Alþingi árið 1918, þegar sambandslögin voru samþykkt og Íslendingar fengu fullveldið viðurkennt og hann var alþm. við stofnun lýðveldis á Íslandi 1944. Hann var í forsæti á Alþingi um langt skeið, röggsamur og skjótráður fundarstjóri. Traustur málafylgjumaður var hann og vann ötullega að framfaramálum héraðs síns. Meðal helstu áhugamála hans við þingstörf voru landbúnaðar- og samgöngumál. Í kappræðum hélt hann fram málstað sínum af fyllstu einurð og var markviss í svörum. Hann naut trausts og vinsælda. Nú er liðið á þriðja áratug síðan hann hvarf úr þingsal eftir merkan starfsferil. Að loknum æviferli er hans minnst með þökk og virðingu.

Ég vil biðja þingheim að minnast Jörundar Brynjólfssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e., og Jón Helgason, 3. þm. Suðurl.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen): Í þingsköpum, 1. gr., er svo ákveðið, að til þess að prófa kjörbréf og kosningu þm. beri að skipa þm. eftir hlutkesti í þrjár jafnar deildir. Sá háttur mun hafður á, að um leið og nafn þm. er lesið mun skrifari draga miða er segir til um kjördeild þingmannsins.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir og urðu í:

1. kjördeild:
AG, ÁG, BGr, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GeirG, GeirH, GJG, HÁ, IGuðn, KJ, ÓRG, PS, RA, SV, SvH, ÞK.

2. kjördeild:
BÍG, DA, GS, GB, GGÞ, HBl, HS, JE, JS, JH, JÞ, KSG, MB, ÓE, ÓlJ, ÓÞÞ, SkA, StJ, SteinG, TÁ.

3. kjördeild:
AS, EH, GK, GHelg, GTh, HG, IGísl, KP, LJ, MHM, MÁM, PP, PJ, SalÞ, SighB, StefG, StH, SvG, VG, ÞS.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen): Þingmönnum hefur nú verið skipað í kjördeildir og munu þær skipta með sér verkum í samræmi við ákvæði þingskapa, þannig að 1 deild fær 2. deild, 2. deild fær 3. deild og 3. deild fær 1. kjördeild kjörbréf þeirra þm. sem eru í hverri þeirra fyrir sig.

Fundarstaðir fyrir kjördeildir verða sem hér segir: 1. kjördeild hér í fundarsal Nd. 2. kjördeild í fundarsal Ed. og 3. kjördeild í flokksherbergi Sjálfstæðisflokksins. — Ég bið hv. þm. Albert Guðmundsson að kalla saman 1. kjördeild, hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson að kalla saman 2. kjördeild og hv. þm. Alexander Stefánsson að kalla saman 3. kjördeild.

Nú verður gert hlé á fundinum meðan kjördeildir starfa. Fundinum er frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. 1. kjördeildar (Albert Guðmundsson): Herra forseti. 1. kjördeild hefur komið saman og yfirfarið kjörbréf 3. kjördeildar og ekkert fundið athugavert og leggur til að kosning verði tekin gild og kjörbréfin samþ. á hinu háa Alþingi, en kjörbréfin eru fyrir eftirtalda þm.:

1. Kjörbréf Gunnars Thoroddsens, Reykjavík, 8. þm. Reykv.
2. Kjörbréf Guðmundar Karlssonar, Vestmannaeyjum, 9. landsk. þm.
3. Kjörbréf Páls Péturssonar, Höllustöðum, 1. þm. Norðurl. v.
4. Kjörbréf Magnúsar H. Magnússonar, Vestmannaeyjum, 5. þm. Suðurl.
5. Kjörbréf Lárusar Jónssonar, Akureyri, 3. þm. Norðurl. e.
6. Kjörbréf Hjörleifs Guttormssonar, Neskaupstað, 5. þm. Austurl.
7. Kjörbréf Matthíasar Á. Mathiesens, Hafnarfirði, 1. þm. Reykn.
8. Kjörbréf Ingvars Gíslasonar, Akureyri, 1. þm. Norðurl. e.
9. Kjörbréf Salome Þorkelsdóttur, Reykjahlíð, 4. landsk. þm.
10. Kjörbréf Pálma Jónssonar, Akri, 2. þm. Norðurl. v.
11. Kjörbréf Vilmundar Gylfasonar, Reykjavík, 9. þm. Reykv.
12. Kjörbréf Karvels Pálmasonar, Bolungarvík, 6. landsk. þm.
13. Kjörbréf Steingríms Hermannssonar, Reykjavík, 2. þm. Vestf.
14. Kjörbréf Sighvats Björgvinssonar, Reykjavík, 3. þm. Vest.
15. Kjörbréf Stefáns Guðmundssonar, Sauðárkróki, 3. þm. Norðurl. v.
16. Kjörbréf Svavars Gestssonar, Reykjavík, 2. þm. Reykv.
17. Kjörbréf Þórarins Sigurjónssonar, Laugardælum, 1. þm. Suðurl.

18. Kjörbréf Alexanders Stefánssonar, Ólafsvík, 1. þm. Vesturl.
19. Kjörbréf Eggerts Haukdals, Bergþórshvoli, 6. þm. Suðurl.
20. Kjörbréf Guðrúnar Helgadóttur, Reykjavík, 8. landsk. þm.

Kjördeildin leggur til að þessi bréf verði samþykkt.

Frsm. 2. kjördeildar (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. 2. kjördeild fékk til athugunar kjörbréf 1. kjördeildar, og voru kjördeildarmenn samþykkir að mæla með samþykkt þeirra og að kosningin yrði tekin gild, en kjörbréfin eru:

1. Kjörbréf Alberts Guðmundssonar, Reykjavík, 3. þm. Reykv.
2. Kjörbréf Árna Gunnarssonar, Reykjavík, 6. þm. Norðurl. e.
3. Kjörbréf Benedikts Gröndals, Reykjavík, 4. þm. Reykv.
4. Kjörbréf Egils Jónssonar, Seljavöllum, 11. landsk. þm.
5. Kjörbréf Eiðs Guðnasonar, Reykjavík, 5. þm. Vesturl.
6. Kjörbréf Friðjóns Þórðarsonar, Stykkishólmi, 2. þm. Vesturl.
7. Kjörbréf Friðriks Sophussonar, Reykjavík, 10. þm. Reykv.
8. Kjörbréf Geirs Gunnarssonar, Hafnarfirði, 4. þm. Reykn.
9. Kjörbréf Eyjólfs Konráðs Jónssonar, Reykjavík, 5. landsk. þm.
10. Kjörbréf Guðmundar J. Guðmundssonar, Reykjavík, 7. þm. Reykv.
11. Kjörbréf Halldórs Ásgrímssonar, Höfn, 3. þm. Austurl.
12. Kjörbréf Ingólfs Guðnasonar, Hvammstanga, 5. þm. Norðurl. v.
13. Kjörbréf Ragnars Arnalds, Varmahlíð, 4. þm. Norðurl. v.
14. Kjörbréf Stefáns Valgeirssonar, Auðbrekku, 2. þm. Norðurl. e.
15. Kjörbréf Sverris Hermannssonar, Reykjavík, 4. þm. Austurl.
16. Kjörbréf Geirs Hallgrímssonar, Reykjavík, 1. þm. Reykv.
17. Kjörbréf Þorv. Garðars Kristjánssonar, Reykjavík, 4. þm. Vestf.
18. Kjörbréf Ólafs Ragnars Grímssonar, Reykjavík, 11. þm. Reykv.
19. Kjörbréf Kjartans Jóhannssonar, Hafnarfirði, 2. þm. Reykn.
20. Kjörbréf Péturs Sigurðssonar, Reykjavík, 1. landsk. þm.

Frsm. 3. kjördeildar (Alexander Stefánsson): Herra forseti. 3. kjördeild hefur komið saman og yfirfarið kjörbréf 2. kjördeildar og var sammála um að leggja til að kjörbréf þm. verði samþykkt og kosningin tekin gild. Það var aðeins ein aths. sem þurfti að gera við eitt kjörbréf. Þar er um ritvillu að ræða að okkar mati, að Stefán Jónsson er úrskurðaður hafa hlotið kjör sem 4. þm. Norðurl. e. af D-lista Alþb. Kjördeildin var sammála um að leggja til að þessi villa verði leiðrétt. En kjörbréf þm. eru:

1. Kjörbréf Birgis Ísl. Gunnarssonar, Reykjavík, 6. þm. Reykv.
2. Kjörbréf Davíðs Aðalsteinssonar, Arnbjargarlæk, 3. þm. Vesturl.
3. Kjörbréf Garðars Sigurðssonar, Vestmannaeyjum, 4. þm. Suðurl.
4. Kjörbréf Guðmundar Bjarnasonar, Keflavík, 5. þm. Norðurl. e.
5. Kjörbréf Guðmundar G. Þórarinssonar, Reykjavík, 12. þm. Reykv.
6. Kjörbréf Halldór Blöndals, Reykjavík, 7. landsk. þm.
7. Kjörbréf Helga Seljans, Reyðarfirði, 2. þm. Austurl.
8. Kjörbréf Jóhanns Einvarðssonar, Keflavík, 5. þm. Reykn.
9. Kjörbréf Jóhönnu Sigurðardóttur, Reykjavík, 10. landsk. þm.
10. Kjörbréf Jóns Helgasonar, Seglbúðum, 3. þm. Suðurl.
11. Kjörbréf Jósefs H. Þorgeirssonar, Akranesi, 2. landsk. þm.
12. Kjörbréf Karls Steinars Guðnasonar, Keflavík, 3. landsk. þm.
13. Kjörbréf Matthíasar Bjarnasonar, Ísafirði, 1. þm. Vestf.
14. Kjörbréf Ólafs G. Einarssonar, Garðabæ, 3. þm. Reykn.
15. Kjörbréf Ólafs Jóhannessonar, Reykjavík, 5. þm. Reykv.
16. Kjörbréf Ólafs Þ. Þórðarsonar, Reykholti, 5. þm. Vestf.
17. Kjörbréf Skúla Alexanderssonar, Hellissandi, 4. þm. Vesturl.
18. Kjörbréf Stefáns Jónssonar, Akureyri, 4. þm. Norðurl. e.
19. Kjörbréf Steinþórs Gestssonar, Hæli, Gnúpverjahr., 2. þm. Suðurl.
20. Kjörbréf Tómasar Árnasonar, Kópavogi, 1. þm. Austurl.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen): Frsm. kjördeildanna þriggja hafa hver fyrir hönd sinnar kjördeildar lagt til að þau kjörbréf, sem deildirnar hafa haft með höndum, verði samþykkt og kosning tekin gild. Tillögur kjördeildanna verða bornar upp í einu lagi ef enginn mælir því í gegn.

ATKVGR.

Till. kjördeildanna samþ. með 58 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Birgir Ísl. Gunnarsson, Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur Bjarnason, Guðrún Helgadóttir, Ingólfur Guðnason, Jóhann Einvarðsson og Salome Þorkels-

dóttir.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen): Nú hefur kosning allra þingmanna verið tekin gild og nýir þingmenn hafa unnið drengskaparheit. Ég vil bjóða alla hv. alþm. og starfsfólk Alþingis velkomið til starfa. Nú verður þessum fundi frestað og honum haldið áfram á morgun kl. 2.

Fundi frestað.

Fimmtudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti lét fara fram kosningu forseta sameinaðs þings. Kosninguna varð að þrítaka.

Við fyrstu atkvgr. hlaut Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., 22 atkv., Jón Helgason, 3. þm. Suðurl., 17 atkv., Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., 11 atkv., Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm., 10 atkv.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen): Í þingsköpum segir svo: „Rétt kjörinn forseti er sá, er hefur meira en helming greiddra atkv., þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu, skal kosið af nýju óbundnum kosningum.“ Þar sem enginn hefur hlotið tilskilinn atkvæðafjölda fer kosning fram að nýju.

Við aðra atkvgr. hlaut Jón Helgason, 3. þm. Suðurl., 27 atkv., Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., 22 atkv., Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., 11 atkv.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen): Samkv. þingsköpum þarf þriðja kosningin að fara fram og verður nú kosið milli þeirra tveggja, sem höfðu flest atkv., Jóns Helgasonar og Gunnars Thoroddsens.

Kosningu hlaut
Jón Helgason, 3. þm. Suðurl. með 37 atkv. — Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., hlaut 22 atkv. 1 seðill var ógildur (með nafni Eggerts Haukdals).

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen): Jón Helgason hefur verið rétt kjörinn forseti Sþ. og bið ég hann að taka við störfum og óska honum allra heilla.

Forseti (Jón Helgason): Ég vil þakka hv. alþm. það traust, sem þeir hafa sýnt mér, og láta í ljós ósk um góða samvinnu. — [Fundarhlé.]

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu 1. varaforseta. Kosningu hlaut
Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., með 41 atkv. — Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm., hlaut 10 atkv., en 9 seðlar voru auðir.
Annar varaforseti var kosinn.
Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm., með 37 atkv. — Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., hlaut 22 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst voru kosnir skrifarar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var FrS, en á B-lista JE. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:
Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv., og
Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:
Friðjón Þórðarson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Skúli Alexandersson (C),
Jóhanna Sigurðardóttir (D),
Tómas Árnason (B),
Friðrik Sophusson (A).

Kosning til efri deildar.

Loks fór fram kosning 20 þingmanna til að skipa efri deild. Hlutfallskosning var viðhöfð og komu fram þrír listar. Á A-lista voru ÞK, EKJ, GK, GTh, LJ, EgJ, SalÞ og BÍG; á B-lista ÓlJ, DA, StefG, GB, TÁ, JH, GeirG, HS, ÓRG, StJ; á C-lista KJ, KSG, EG.

Forseti (Jón Helgason): Í þingsköpum Alþingis segir í 6. gr.:

„Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þm., er þar skulu eiga sæti. Skal hverjum þingflokki skylt að tilnefna á lista þá tölu þm. sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Ef tveir eða fleiri þingflokkar hafa með sér bandalag um kjör til efri deildar, eða þingflokkur (eða flokkar) og menn utan flokka, skal talan á listanum miðuð við samanlagt atkvæðamagn bandalagsins.“

Að A-lista munu standa Sjálfstfl. og Eggert Haukdal, að B-lista standa þingflokkar Framsfl. og Alþb. og að C-lista Alþfl. Nú hafa borist hér listar með 21 nafni og nær því ekki tilnefningu sá sem er með lægst hlutfall á bak við sig. Áttundi maður á A-lista mun vera þar neðstur, hann er með 2.75 atkv. á bak við sig, en tíundi maður á B-lista er með 2.8 atkv., þannig að þá fellur þarna niður áttundi maður á A-lista. Rétt kjörnir til Ed. eru því:
Ólafur Jóhannesson,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Davíð Aðalsteinsson,
Eyjólfur Konráð Jónsson,
Kjartan Jóhannsson,
Stefán Guðmundsson,
Guðmundur Karlsson,
Guðmundur Bjarnason,
Tómas Árnason,
Gunnar Thoroddsen,
Karl Steinar Guðnason,
Jón Helgason,
Lárus Jónsson,
Geir Gunnarsson,
Egill Jónsson,
Helgi Seljan,
Eiður Guðnason,

Salome Þorkelsdóttir,
Ólafur Ragnar Grímsson,
Stefán Jónsson.

Efri deild, 1. fundur.

Fimmtudaginn 13. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl.
2. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
3. Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl.
4. Eyjólfur Konráð Jónsson, 5. landsk. þm.
5. Geir Gunnarsson, 4. þm. Reykn.
6. Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e.
7. Guðmundur Karlsson, 9. landsk. þm.
8. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv.
9. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
10. Jón Helgason, 3. þm. Suðurl.
11. Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm.
12. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
13. Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e.
14. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv.
15. Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv.
16. Salome Þorkelsdóttir, 4. landsk. þm.
17. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
18. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
19. Tómas Árnason, 1. þm. Austurl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl., og Guðmund Karlsson, 9. landsk. þm., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Við fyrstu atkvgr. hlaut Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., 10 atkv. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., 7 atkv. og Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl., 3 atkv.

Við atkvgr. öðru sinni hlaut kosningu

Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., með 13 atkv. — Þorv. Garðar Kristjánsson, 4 þm. Vestf., hlaut 7 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn.

Forseti (Helgi Seljan): Ég þakka hv. þdm. það traust er mér hefur verið sýnt, vænti þess að ég verði þess verðugur og vænti þess einnig að samvinna við hv. þdm. megi verða sem allra best

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., með 17 atkv. — Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl., hlaut 3 atkv.

Kosningu annars varaforseta varð að þrítaka.

Við fyrstu atkvgr. hlaut Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e., 9 atkv., Eyjólfur Konráð Jónsson, 5. landsk. þm. 7 atkv. og Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl., 4 atkv.

Við aðra atkvgr. hlaut Guðmundur Bjarnason 10 atkv., Eyjólfur Konráð Jónsson 7 atkv. og Eiður Guðnason 3 atkv.

Við bundna atkvgr. hlaut kosningu

Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e., með 10 atkv. — Eyjólfur Konráð Jónsson, 5. landsk. þm., hlaut 7 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var DA á B-lista EgJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl., og
Egill Jónsson, 11. landsk. þm.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

5. sæti hlaut Salome Þorkelsdóttir.
6. — — Ólafur Ragnar Grímsson.
7. — — Karl Steinar Guðnason.
8. — — Þorv. Garðar Kristjánsson.
9. — — Gunnar Thoroddsen.
10. — — Stefán Jónsson.
11. — — Guðmundur Bjarnason.
12. — — Jón Helgason.
13. — — Lárus Jónsson.
14. — — Tómas Árnason.
15. — — Geir Gunnarsson.
16. — — Eyjólfur Konráð Jónsson.
17. — — Stefán Guðmundsson.
18. — — Ólafur Jóhannesson.
19. — — Eiður Guðnason.
20. — — Guðmundur Karlsson.

Neðri deild, 1. fundur.

Fimmtudaginn 13. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e.
4. Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv.
5. Birgir Ísl. Gunnarsson, 6. þm. Reykv.
6. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
7. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
8. Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv.
9. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
10. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
11. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
12. Guðmundur G. Þórarinsson, 12. þm. Reykv.

13. Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm.
14. Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl.
15. Halldór Blöndal, 7. landsk. þm.
16. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
17. Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v.
18. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
19. Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn.
20. Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm.
21. Jósef H. Þorgeirsson, 2. landsk. þm.
22. Karvel Pálmason, 6. landsk. þm.
23. Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl.
24. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
25. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
26. Ólafur G. Einarsson, 3. þm. Reykn.
27. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
28. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
29. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm.
31. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
32. Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf.
33. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
34. Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e.
35. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
36. Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl.
37. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
38. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl.
39. Vilmundur Gylfason, 9. þm. Reykv.
40. Þórarinn Sigurjónsson, 1. þm. Suðurl.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosninguna varð að tvítaka. Við fyrri atkvgr. hlaut Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., 15 atkv., Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl., 11 atkv., Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., 7 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Við atkvgr. öðru sinni hlaut kosningu

Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., með 22 atkv. — Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl., hlaut 18 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil þakka hv. þdm. fyrir það traust, sem þeir hafa sýnt mér, og vænti góðrar samvinnu.

Kosningu fyrri varaforseta varð að tvítaka.

Við fyrri atkvgr. hlaut Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl., 18 atkv., Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., 15 atkv. og Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e., 6 atkv.

Við atkvgr. öðru sinni hlaut kosningu

Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl., með 22 atkv. — Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., hlaut 15 atkv. og Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e., 2 atkv.

Kosningu annars varaforseta varð einnig að tvítaka.

Við fyrri atkvgr. hlaut Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., 18 atkv., Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., 14 atkv., Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e., 6 atkv., en 1 seðill var auður.

Við atkvgr. öðru sinni hlaut kosningu

Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., með 24 atkv. — Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., hlaut 14 atkv.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var HBl, á B-lista ÓÞÞ. — Þar sem eigi voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Halldór Blöndal, 7. landsk. þm., og
Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Pétur Sigurðsson.
9. — — Garðar Sigurðsson.
10. — — Árni Gunnarsson.
11. — — Halldór Ásgrímsson.
12. — — Pálmi Jónsson.
13. — — Ingólfur Guðnason.
14. — — Karvel Pálmason.
15. — — Jóhanna Sigurðardóttir.
16. — — Birgir Ísl. Gunnarsson.
17. — — Ragnar Arnalds.
18. — — Eggert Haukdal.
19. — — Matthías Bjarnason.
20. — — Jóhann Einvarðsson.
21. — — Skúli Alexandersson.
22. — — Þórarinn Sigurjónsson.
23. — — Jósef H. Þorgeirsson.
24. — — Matthías Á. Mathiesen.
25. — — Guðrún Helgadóttir.
26. — — Steinþór Gestsson.
27. — — Stefán Valgeirsson.
28. — — Hjörleifur Guttormsson.
29. — — Alexander Stefánsson.
30. — — Albert Guðmundsson.
31. — — Ólafur G. Einarsson.
32. — — Friðrik Sophusson.
33. — — Páll Pétursson.
34. — — Steingrímur Hermannsson.
35. — — Svavar Gestsson.
36. — — Geir Hallgrímsson.
37. — — Guðmundur G. Þórarinsson.
38. — — Ingvar Gíslason.
39. — — Guðmundur J. Guðmundsson.
40. — — Friðjón Þórðarson.

Sameinað þing, 2. fundur.

Mánudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. des. 1979.

Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til

Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Þráinn Jónsson framkvæmdastjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni. Þetta er yður herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Og hér hefur borist skeyti:
„Vegna starfa minna get ég ekki tekið sæti mitt á Alþingi sem varamaður Sverris Hermannssonar nú.

Virðingarfyllst,
Tryggvi Gunnarsson,
Miðbraut 7, Vopnafirði."

Ég vil biðja kjörbréfanefnd að athuga kjörbréf Þráins Jónssonar sem hér liggur fyrir. Verður gefið fundarhlé í 8 mínútur, til fimmtán mínútur yfir tvö. — [Fundarhlé].

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Þráins Jónssonar framkvæmdastjóra, Lagarfelli 3, Fellum, sem kemur nú til þings í stað Sverris Hermannssonar, 4. þm. Austurl., sem farinn er af landi brott. Þráinn Jónsson er 2. varaþm. Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, en borist hefur símskeyti frá 1. varamanni, Tryggva Gunnarssyni, sem getur ekki tekið sæti á þingi vegna starfa sinna, eins og símskeytið ber með sér. Kjörbréfanefnd leggur til að kosning Þráins Jónssonar verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 60 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þingmaður, Þráinn Jónsson, vann drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Lárus Jónsson, Pálmi Jónsson, Friðjón Þórðarson og Friðrik Sophusson; á B-lista Þórarinn Sigurjónsson, Alexander Stefánsson, Guðmundur Bjarnason, Geir Gunnarsson og Helgi Seljan; á C-lista Eiður Guðnason. — A-listi hlaut 23 atkv., B-listi. 28 atkv. og C-listi 9 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru:

Þórarinn Sigurjónsson,
Lárus Jónsson,
Alexander Stefánsson,
Pálmi Jónsson,
Guðmundur Bjarnason,
Eiður Guðnason,
Friðjón Þórðarson,
Geir Gunnarsson,
Friðrik Sophusson.

Við kosningu annarra fastanefnda komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosning fór því fram án atkvgr. og urðu nefndirnar svo skipaðar:

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Geir Hallgrímsson (A),
Steingrímur Hermannson (B),
Albert Guðmundsson (A),
Ragnar Arnalds (C),
Árni Gunnarsson (D),
Jóhann Einvarðsson (B),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A).

Varamenn:
Matthías Á. Mathiesen (A),
Ingvar Gíslason (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (C),
Karl Steinar Guðnason (D),
Halldór Ásgrímsson (B),
Birgir Ísl. Gunnarsson (A).

3. Atvinnumálanefnd.

Gunnar Thoroddsen (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Hjörleifur Guttormsson (C),
Egill Jónsson (A),
Karvel Pálmason (D),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Friðrik Sophusson (A).

4. Allsherjarnefnd.

Halldór Blöndal (A),
Páll Pétursson (B),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Helgi Seljan (C),
Jóhanna Sigurðardóttir (D),
Guðmundur G. Þórarinsson (B),
Steinþór Gestsson (A).

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu fjórir listar sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Sverrir Hermannsson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Garðar Sigurðsson (C),
Eiður Guðnason (D),
Þórarinn Sigurjónsson (B),
Guðmundur Karlsson (A).

Efri deild, 2. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkvæmt 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Tómas Árnason (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (C),
Lárus Jónsson (A),
Eiður Guðnason (D),
Guðmundur Bjarnason (B),
Þorv. Garðar Kristjánsson (A).

2. Samgöngunefnd.
Guðmundur Karlsson (A),
Tómas Árnason (B),
Stefán Jónsson (C),
Egill Jónsson (A),
Eiður Guðnason (D),
Jón Helgason (B),
Lárus Jónsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Jón Helgason (B),
Helgi Seljan (C),
Egill Jónsson (A),
Davíð Aðalsteinsson (B),
Eiður Guðnason (D),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Guðmundur Karlsson (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Geir Gunnarsson (C),
Lárus Jónsson (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Guðmundur Bjarnason (B),
Egill Jónsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Stefán Jónsson (C),
Gunnar Thoroddsen (A),
Davíð Aðalsteinsson (B),
Karl Steinar Guðnason (D),
Egill Jónsson (A).

6. Félagsmálanefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (C),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Karl Steinar Guðnason (D),
Guðmundur Bjarnason (B),
Guðmundur Karlsson (A).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Gunnar Thoroddsen (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Helgi Seljan (C),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Jón Helgason (B),
Karl Steinar Guðnason (D),
Lárus Jónsson (A).

8. Menntamálanefnd.
Gunnar Thoroddsen (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (C),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Eiður Guðnason (D),
Davíð Aðalsteinsson (B),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A).

9. Allsherjarnefnd.
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Ólafur Jóhanneson (B),
Stefán Jónsson(C),
Gunnar Thoroddsen (A),
Tómas Árnason (B),
Karl Steinar Guðnason (D),
Salome Þorkelsdóttir (A).

Neðri deild, 2. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Matthías Á. Mathiesen (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Albert Guðmundsson (A),
Svavar Gestsson (C),
Karvel Pálmason (D),
Ingólfur Guðnason (B),
Sverrir Hermannsson (A).

2. Samgöngunefnd.
Friðjón Þórðarson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Steinþór Gestsson (A),
Skúli Alexandersson (C),
Árni Gunnarsson (D),
Alexander Stefánsson (B),
Halldór Blöndal (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Eggert Haukdal (A),
Skúli Alexandersson (C),
Árni Gunnarsson (D),
Þórarinn Sigurjónsson (B),
Steinþór Gestsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Pétur Sgurðsson (A),
Garðar Sigurðsson (C),
Karvel Pálmason (D),
Páll Pétursson (B),
Halldór Blöndal (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Jósef H. Þorgeirsson (A),
Páll Pétursson (B),
Friðrik Sophusson (A),
Hjörleifur Guttormsson (C),
Árni Gunnarsson (D),
Guðmundur G. Þórarinsson (B),
Birgir Ísl. Gunnarsson (A).

6. Félagsmálanefnd.
Friðrik Sophusson (A),
Alexander Stefánsson (B),
Eggert Haukdal (A),
Guðmundur J. Guðmundsson (C),
Jóhanna Sigurðardóttir (D),
Jóhann Einvarðsson (B),
Steinþór Gestsson (A).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Jóhann Einvarðsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Guðrún Helgadóttir (C),
Jóhanna Sigurðardóttir (D),
Guðmundur G. Þórarinsson (B),
Jósef H. Þorgeirsson (A).

8. Menntamálanefnd.
Ólafur G. Einarsson (A),
Ingvar Gíslason (B),
Halldór Blöndal (A),
Guðrún Helgadóttir (C),
Jóhanna Sigurðardóttir (D),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Birgir Ísl. Gunnarson (A).

9. Allsherjarnefnd.
Jósef H. Þorgeirsson (A),
Ingvar Gíslason (B),
Friðrik Sophusson (A),
Guðmundur J. Guðmundsson (C),
Karvel Pálmason (D),
Ingólfur Guðnason (B),
Matthías Á. Mathiesen (A).

Sameinað þing, 3. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum deildafundum.

Viðskiptasamningur EFTA-landanna og Spánar (þskj. 2). - Fyrri umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ríkisstj. hefur lagt fram till. til þál. þar sem farið er fram á að Alþingi heimili ríkisstj. að fullgilda viðskiptasamning milli EFTA- landanna og Spánar, sem undirritaður var í Madrid hinn 26. júní s. l., svo og samning um gildi viðskiptasamningsins gagnvart furstadæminu Liechtenstein, sem undirritaður var í Madrid sama dag.

Undirbúningur að gerð þessa samnings hefur staðið í nokkur ár og er gert ráð fyrir að hann gangi í gildi eigi síðar en hinn 1. jan. 1980, ef þau lönd, sem hann hafa undirritað, fullgilda hann fyrir þann tíma. Samningur þessi kemur þannig til framkvæmda um leið og hann hefur verið fullgiltur af ríkjum þeim sem að honum standa. Hafi öll ríkin hins vegar ekki staðfest hann fyrir 1. jan. 1980 koma fulltrúar þeirra ríkja, sem samninginn hafa fullgilt, saman og ákveða hvort samningurinn komi engu að síður til framkvæmda þeirra á milli. Einmitt af þessum sökum og að því er varðar gildistökudag þessa samnings er brýnt að hann verði afgreiddur héðan frá Alþingi fyrir áramót.

Samningurinn gerir ráð fyrir lækkun verndartolla á flestum iðnaðarvörum frá Spáni um 60% fljótlega eftir fullgildingu samningsins, en þó er lækunin 30% og 40% á nokkrum iðnaðarvörum. Hins vegar mun Spánn lækka tolla á sumum iðnaðarvörum frá EFTA-löndunum um 60% og öðrum um 25%.

Að frumkvæði Íslands fékkst tekinn upp viðauki við samninginn, Viðauki VII, sem fjallar um fríverslun með fisk og fiskafurðir, og fylgir sérstakur vörulisti, Viðauki II. D, er telur upp þær vörur sem falla undir fríverslun þessa. Í Viðauka VII er tekið fram að stefnt skuli að frekara afnámi innflutningshafta af sjávarafurðum til Spánar með það að markmiði að innflutningur á þeim verði algjörlega frjáls.

Spánverjar fallast á að athuga að afnema svonefnt verðjöfnunargjald á sjávarafurðum. Kveðið er á um það, að innflutningsleyfi fyrir sjávarafurðum skuli veitt án tafar og þau gildi í þrjá mánuði hið minnsta. Hér er um að ræða þýðingarmikið atriði fyrir viðskiptahagsmuni Íslendinga gagnvart Spáni. Þá er Íslandi áskilinn réttur til að bera fram umkvörtun við sameiginlegu nefndina um þessi viðskipti.

Í vörulistanum í Viðauka II. D. er greint frá því, að tollur muni lækka á vissum sjávarafurðum um 60%, t. d. á mjöli og lýsi, en á öðrum um 25%, þ. á m. saltfiski sem er okkar langmikilvægasta útflutningsvara til Spánar, og lækkar tollur á honum því úr 10% í 7,5% samkv. þessu.

Útflutningur Íslands til Spánar árið 1978 var 2.6% af heildarútflutningi Íslands. Var fluttur út saltfiskur fyrir tæpa 4.4 milljarða kr., en það voru rúm 96% af útflutningnum til Spánar. Innflutningur Íslands frá Spáni árið 1978 var hins vegar 0.6% af heildarinnflutningi Íslands það ár. Voru helstu innflutningsvörurnar salt, ávextir, vín, flutningatæki og vefnaðarvara.

Svo sem greint er frá í aths. með þáltill. eru ýmsar helstu innflutningsvörurnar tollfrjálsar hér á landi og á

öðrum eru ekki sérréttindatollar eftir því hvort varan kemur frá fríverslunarsvæði eða ekki, þannig að aðild að samningnum veldur þegar af þeirri ástæðu ekki missi tolltekna hér á landi á þeim vörum. Niðurstaðan miðað við viðskipti Íslands og Spánar árið 1978 sýnir að viðskiptasamningurinn leiðir til 25% tollalækkana á Spáni á svo til öllum útflutningsvörum okkar, en tollalækkanir okkar á spænskum vörum taka aðeins til mjög lítils hluta innflutningsins, þ. á m. hluta vefnaðarvara, unninna málmvara og ótilgreindra vara. Verður missir tolltekna í heild því mjög óverulegur.

Með gerð þessa viðskiptasamnings við Spán er ekki aðeins tryggt að sömu tollalækkanir verði í viðskiptum aðildarlanda Fríverslunarsamtaka Evrópu og Spánar með iðnaðarvörur og ríki Efnahagsbandalags Evrópu og Spánn höfðu samið um þegar á árinu 1970, heldur er einnig lagður grundvöllur að því, að frekari tollalækkanir á iðnaðarvörum milli EBE- landanna og Spánar í framtíðinni komi til með að gilda milli EFTA-landanna og Spánar.

Samningurinn mun gilda þar til Spánn verður aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu, en fastlega er gert ráð fyrir að það geti orðið á árinu 1983. Mun samningurinn þá falla úr gildi, en við taka fríverslunarsamningur hvers EFTA-ríkis um sig við Efnahagsbandalagið með óhjákvæmilegum breytingum.

Með hliðsjón af þeim gildu rökum, sem hér hafa verið færð fram, virðist aðild að samningnum ótvírætt verða Íslandi til hagsbóta. Er því lagt til að Alþingi veiti heimild til fullgildingar samningsins þannig að hann geti gengið í gildi eigi síðar en hinn 1. jan. 1980.

Varðandi frekari rökstuðning með þessari till. til þál. leyfi ég mér að vísa til aths. með þáltill., jafnframt því sem ég legg enn áherslu á, að þetta mál fáist hér afgreitt fyrir áramót, og legg til, að málinu verði vísað til utanrmn. og síðari umr.

ATKVGR.

Till vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og til utanrmn. með 48 shlj. atkv.

Efri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem er 4. mál þessarar hv. d. á þskj. 4, er frv. til laga um álag á ferðagjaldeyri, en samkv. 17. gr. brbl. um kjaramál frá því í sept. 1978, sbr. 13. gr. laga nr. 121 frá 1978, var lagt 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis. Ákvæði þetta á að falla úr gildi nú um áramótin.

Í fjárlagafrv. fyrir 1980, sem nú liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir óbreyttri innheimtu gjalds á ferðalög til útlanda frá því sem verið hefur á árinu 1979. Ég vil líka taka það fram, að í fjárlagafrv. fyrrv. ríkisstj., sem lagt var fram á Alþingi í haust, var einnig gert ráð fyrir óbreyttri innheimtu þessa gjalds. Eins og áður segir eru gildandi ákvæði tímabundin og falla úr gildi nú um áramót sé ekkert að gert, og er því nauðsynlegt að framlengja gildistíð þeirra ef tekjuáætlun fjárlaganna á að standast. Af þessum sökum er flutt frv. það sem hér liggur fyrir.

Samkvæmt frv. verður gjaldið óbreytt frá því sem verið hefur og er ætlað að gilda til ársloka 1980. Á yfirstandandi ári, árinu 1979, er áætlað að gjaldið skili um 1450 millj. kr. í ríkissjóð, en í fjárlagafrv. fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu geti orðið um 1600 millj. kr.

Að lokinni 1. umr. um frv. þetta legg ég svo til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., og legg áherslu á að nauðsynlegt er að fá þetta mál afgreitt á þeim fáu dögum sem Alþingi mun starfa nú fyrir áramótin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 16). — 1. umr.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er svo hljóðandi:

„1. gr.: 1. gr. laga nr. 83/1974 orðist þannig:

Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna. Verðjöfnunargjaldinu skal varið til þess að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

2. gr.: Í stað „1975" í 16. gr. l. nr. 83/1974 kemur: 1980.

3. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi".

Verðjöfnunargjald af raforku hefur verið í lögum frá árinu 1974. Hafa lögin jafnan verið framleng til eins árs í senn og er það enn lagt til með þessu frv. Tilgangur verðjöfnunargjaldsins hefur verið að draga úr rekstrarhalla Rafmagnsveitna ríkisins og er svo enn. Árið 1977 voru gerðar þær breytingar á lögunum, að verðjöfnunargjaldinu var skipt milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, þannig að Rafmagnsveiturnar fengu 80% gjaldsins og Orkubúið 20%, en Orkubúið tók til starfa 1. jan. 1978.

Í frv. er lagt til að gjaldið og skipting þess verði óbreytt.

Eins og alkunna er hafa Rafmagnsveitur ríkisins átt við stöðuga fjárhagsörðugleika að stríða, verðjöfnunargjaldið hefur ekki nægt til þess að standa undir rekstrarhalla þeirra. Rafmagnsveiturnar hafa því einnig orðið að taka mjög óhagstæð lán og viðskiptavinir Rafmagnsveitnanna hafa orðið að standa undir þeim gjaldskrárhækkunum fram yfir eðlilegar kostnaðarhækkanir. Þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið hefur ríkissjóður orðið að leggja fram til Rafmagnsveitnanna 60 millj. kr. framlag á þessu ári. Nú er gert ráð fyrir að rekstrarhalli RARIK verði á árinu 1040 millj. kr. þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið, en það nemur á árinu 2600 millj. kr., þar af til RARIK 2100 millj. Á næsta ári er ráð fyrir gert að raforkuvinnsla í dísilstöðvum á orkuveitusvæði RARIK

verði um 5% af heildarraforkuöflun. Á árinu 1980 er gjaldið áætlað 3400 millj., þar af 2700 millj. til RARIK.

Fjárhagsafkoma Orkubús Vestfjarða er einnig mjög slæm, þannig er gert ráð fyrir að rekstrarhalli árið 1980 verði 500 millj. kr. þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið.

Geta má þess, að á næsta ári er gert ráð fyrir að Orkubúið þurfi að framleiða 38% af orkunni með dísilvélum, með öllum þeim hækkunum sem því fylgja.

Svo sem greinilegt er af framansögðu er óhjákvæmilegt enn einu sinni að framlengja lögin um verðjöfnunargjaldið, og leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Ég bendi á, þar sem lög þau, sem hafa verið í gildi, falla úr gildi nú um áramótin, að nauðsynlegt er að koma þessum endurnýjunarlögum í gegn nú fyrir áramótin. Vænti ég þess, að hv. iðnn. flýti afgreiðslu málsins eftir föngum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þessu frv. mun verða vísað til n., sem ég á sæti í, og ekki mun ég tefja fyrir afgreiðslu þessa máls þar, heldur fremur stuðla að því að þessu máli verði flýtt í gegnum þingið þar sem hér er um nauðsynjamál að ræða. Ég vil þó vekja athygli á því, að nokkrar upplýsingar skortir við framlagningu máls þessa. Drepið var á einstök atriði í ræðu hæstv. iðnrh., framsöguræðu hans með málinu, sem ég hefði gjarnan viljað fá nánari upplýsingar um nú þegar.

Þar sem hæstv. iðnrh. nefnir áætlaða dísilkeyrslu á næsta ári á vegum RARIK, þá vil ég gjarnan fá að vita hvort hann reiknar þar með að Alþfl. muni auðnast enn að koma í veg fyrir orkuöflun á Kröflusvæðinu, hvort hann reiknar með að Alþfl. muni enn standa í vegi fyrir samtenginu orkukerfisins með því að hindra framgang laganna um Landsvirkjun, hvort hæstv. ráðh. reiknar með að núv. ríkisstj. Alþfl. sitji áfram eða hvort líklegt sé að þingkjörinn maður muni senn skipa embætti iðnrh. Að þessu sinni mun ég ekki orðlengja um þann vanda sem þjóðinni er á höndum að hafa þess háttar ríkisstj. sem nú situr og þannig til komna. Ekki þætti sjálfsagt með öllu gott að þeim ráðum væri beitt til að losa okkur við hana sem mér væri skapi næst og verðugt væri. En hitt er alveg bráðnauðsynlegt, þegar fjallað er um þetta þýðingarmikla nauðsynjamál þjóðarinnar þar sem er verðjöfnun á raforku eins og nú er komið, að ráðh. greini okkur nánar frá tölulegum forsendum sem fram komu í ræðu hans.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég get gefið viðhlítandi svör við öllu sem hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði hér, en ég mun ekki út af fyrir sig svara því, hvað er einum eða öðrum að kenna. Hins vegar skal ég reyna að gefa þær upplýsingar sem ég hef á hraðbergi um þessi mál, og er þá fyrst að nefna orkuöflun við Kröflu, að það er í athugun, svo að ekki sé meira sagt, að boraðar verði tvær eins konar rannsóknar- og vinnsluholur við Kröflu á komandi sumri. Það er þegar farið að bora lítils háttar fyrir annarri þeirra, en ég veit ekki fremur en hv. 4. þm. Norðurl. e. hvort forsjónin veitir okkur orkuöflun þó að þær holur verði boraðar. Persónulega er mér ekki kunnugt um að Alþfl. hafi í nokkru hindrað samtengingu þá sem hann drap á. En þó að þessar holur verði boraðar þarna við Kröflu, þá hygg ég að ekki verði hægt að komast hjá því að svona mikil dísilkeyrsla fari fram á næsta ári, því að hvað hraðhentir sem menn verða mun ekki takast að koma neinni nýrri orkuöflun í gang fyrir lok næsta árs nema ef vera skyldi lítils háttar í sambandi við Svartsengi.

Annað man ég nú ekki eftir að hv. 4. þm. Norðurl. e. væri beinlínis að spyrja um. Eins og ég segi, svara ég þessu áreitnislaust, hvernig sem spurningarnar voru, og ég veit ekki fremur en hann hvort drottinn gefur okkur nýja stjórn fyrir þessi jól eða n. k. áramót eða hvenær það verður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 10. — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á l. um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, sem hér liggur fyrir, var flutt á seinustu tveimur þingum, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Ástæðurnar fyrir flutningi frv. eru hinar sömu og þegar það var flutt á seinustu þingum, og aths. með frv. eru hinar sömu og þá. Ég skal gera stuttlega grein fyrir þeim breytingum sem í þessu felast.

Í 3. mgr. 10. gr. laga um fiskvinnsluskóla segir: „Til þess að öðlast réttindi sem fiskmatsmaður skal nemandi hafa staðist próf úr fiskiðndeild og auk þess lokið 11 mánaða skipulagðri starfsþjálfun með prófi eða sérvöldu verkefni.“ Þau réttindi, sem hér um ræðir, eru ekki skilgreind nánar.

Í 2. mgr. 9. gr. laga um Framleiðslueftirlit sjávarafurða segir hins vegar að lögreglustjóri löggildi matsmenn samkv. tilnefningu forstjóra framleiðslueftirlitsins.

Ekki hafa verið settar neinar reglur um það, hvað forstjóri Framleiðslueftirlitsins skuli styðjast við varðandi tilnefningu matsmanna til löggildingar. Varðandi mat á saltfiski, skreið og síld hefur venjan verið sú, að maður, sem hefur viljað afla sér löggildingar sem matsmaður, hvort heldur hefur verið um að ræða fiskiðnaðarmann eða óskólagenginn mann, hefur verið látinn starfa með löggiltum matsmanni ótiltekinn tíma uns hinn löggilti matsmaður hefur talið viðkomandi mann hafa sýnt nægilega hæfni til að starfa sjálfstætt að mati og hljóta löggildingu sem slíkur. Síðan hefur komið til kasta forstjóra Framleiðslueftirlitsins að meta niðurstöður hins löggilta matsmanns hverju sinni og taka síðan ákvörðun um tilnefningu til lögreglustjóra til löggildingar.

Þetta fyrirkomulag þykir skapa óviðunandi aðstöðu fyrir fiskiðnaðarmenn og er talið nauðsynlegt að afmarka námsefni og námstíma að skólanámi loknu til lokaprófs sem veitir matsréttindi. Fyrir því er lagt til í 2. gr. frv. þessa að settar séu nýjar fastmótaðar reglur um þau skilyrði sem fiskiðnaðarmenn, sem lokið hafa prófi frá Fiskvinnsluskólanum, þurfi að uppfylla til þess að þeim skilyrðum fullnægðum að geta hlotið löggildingu sem fiskmatsmenn fyrir saltfisk, skreið og saltsíld, þar eð menn, sem vilja afla sér löggildingar sem matsmenn, verða að hlíta þeim skilyrðum sem nú eru í gildi.

Fiskiðnaðarmenn hafa hingað til viðstöðulaust hlotið löggildingu til ferskfiskmats og freðfiskmats og verður

svo væntanlega áfram.

Í 2. gr. er einnig sett aðhaldsákvæði sem ætlað er að tryggja að fiskiðnaðarmenn, sem mat vilja stunda, haldi við þekkingusinni. Þá er einnig í sömu grein gerð sú breyting, að framvegis löggildi sjútvrh. matsmenn í stað lögreglustjóra. Þetta ætti að vera til hagræðis og bóta að öðru leyti vegna tengsla rn. við Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og það ætti einnig að geta leitt til samræmdari krafna og reglna um löggildingu.

Í 3. gr. laga um Fiskvinnsluskóla er mælt fyrir um skyldu skólans til að halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins. Í 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 71/1973, um mat á saltfiski til útflutnings, segir að Fiskmat ríkisins skuli halda námskeið fyrir fiskmatsmenn samkv. nánari ákvæðum þar um. Þessi reglugerð er eldri en lögin um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Samkv. sérstöku ákvæði 19. gr. laga nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlitið, heldur fyrrgreind reglugerð þó enn gildi sínu. Í lögunum sjálfum eru hins vegar ekki nein bein ákvæði um námskeið á vegum Framleiðslueftirlitsins, en hins vegar í 3. mgr. 2. gr. almenn fyrirmæli um að það skuli veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða. Ekki virðist vera ástæða til að tveir aðilar haldi námskeið um sama efni, þ. e. um meðferð og mat sjávarafurða. Vegna ótvíræðra ákvæða í lögunum um Fiskvinnsluskólann um skyldu hans til að halda þess háttar námskeið þykir rétt að hann sinni þeirri skyldu einn, en að Framleiðslueftirlitið láti honum í té æskilegt og nauðsynlegt fulltingi í því efni. Þetta fyrirkomulag ætti og að létta nokkrum kostnaði af Framleiðslueftirlitinu.

Jafnframt þessu frv. flytur hæstv. menntmrh. frv. til l. um breyt. á lögum um Fiskvinnsluskólann sem er mjög tengt efni þessa frv. og æskilegt að þau geti fylgst sem mest að í meðförum þingsins og hljóti afgreiðslu nokkuð samtímis. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg. fyrir frv. og legg til að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 8). — 1. umr.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta er 8. mál þessarar hv. d. og á þskj. 8 og er frv til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Samkvæmt lögum nr. 112 frá 1978 var lagður sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu sem nú er að líða. Markmið þessarar skattlagningar var m. a. að reyna að sporna við gegndarlausri fjárfestingu í skrifstofu- og verslunarhúsnæði og reyna þess í stað að beina fjárfestingunni á arðbærari brautir.

Sjónarmið þau, sem bjuggu að baki lögum nr. 112 frá 1978, eru enn í fullu gildi. Lögin eru hins vegar tímabundin og eiga að falla úr gildi nú um áramót. Í fjárlagafrv. því fyrir árið 1980, sem nú liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Ég vil taka það fram, að í fjárlagafrv. fyrrv. ríkisstj., sem lagt var fram á Alþingi í haust, var einnig gert ráð fyrir að þessi skattur yrði framlengdur. Af þessum sökum er frv. það flutt sem hér liggur fyrir, en það er efnislega nær óbreytt frá lögum nr. 113 frá 1978. Nokkrar minni háttar orðalagsbreytingar hafa þó verið gerðar með því markmiði að gera ákvæði þess skýrari, en efnisbreytingar á málinu eru engar. Um þessar orðalagsbreytingar er það að segja, að bæði koma þær ljóslega fram við samanburð á frv. og gildandi lögum og eins verður að sjálfsögðu gerð nákvæmari grein fyrir þeim í þeirri n. sem væntanlega fær þetta mál.

Samkv. skattskrá fyrir árið 1979 nam álagning skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði 1030 millj. kr. Áætlað er að álagning þess skatts á árinu 1980, verði frv. að lögum, nemi 1500 millj. kr. á því ári.

Að lokinni 1. umr. um frv. þetta legg ég svo til að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég legg mikla áherslu á að frv. þarf endilega að afgreiða fyrir ármót, þ. e. a. s. á þeim stutta tíma sem eftir lifir af starfstíma Alþingis fyrir jól.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú mælt nokkur orð með því frv., sem hér liggur fyrir, og gat þess, að markmiðið með því væri að sporna við gegndarlausri fjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ég vil halda því fram, að þetta sé alrangt hjá hæstv. ráðh. Þetta er skattur á fasteignir, sem eru þegar nýttar fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hæstv. ráðh. virtist rugla saman nýbyggingarsjóðsgjaldi og þeim skatti sem hér er rætt um. Þetta gjald er til viðbótar þeirri álagningu sem heitir nýbyggingargjald.

Herra forseti. Sá sérstaki skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem greiða skal til ríkissjóðs samkv. þessu frv., er að mínu viti afar ranglátur. Hann skal greiða af stofni til sérstaks eignarskatts sem er fasteignamatsverð í árslok 1979. Þessi sérstaki skattur skal nema 1.4% af þessum fasteignamatsstofni, eins og hann verður í árslok, og er áætlað að hann nemi um 1500 millj. kr., 1.5 milljörðum, á árinu 1980.

Ég vil benda hv. þm. á þá staðreynd, að fyrirtæki eiga almennt í miklum rekstrarfjárvanda og íþyngjandi skattar af því tagi sem hér um ræðir eru gjaldþoli flestra, sem skattinn eiga að greiða, um megn. Almennt eru fyrirtæki veikt upp byggð vegna fjársveltis og ef taka á af þeim meira en sanngjarnt er í ríkishítina, þá endar það með lokun fyrirtækjanna og þar með er atvinnuöryggi þeirra, sem við þessi fyrirtæki starfa, stefnt í voða. Ég mótmæli þessari skattlagningu sem ákaflega óréttlátri, en mun þó greiða atkv. með því, að frv. þessu verði vísað til n., í von um að þar hljóti það gaumgæfilega athugun sem vonandi verður til þess að n. geti orðið sammála um að þennan óréttláta skatt beri að leggja niður og að n. að lokinni þeirri athugun telji viturlegt að mæla ekki með áframhaldi á þessari skattpíningu.

Á árinu 1979 nam þessi skattur samtals 1030 millj. kr. eða rúmum milljarði samkv. skattskrá 1979. Það eru upplýsingar sem koma fram í aths. með þessu frv. Það er ekki endalaust hægt að skattpína eða mergsjúga fyrirtæki, hvorki með endursamþykkt tímabundinna laga, þegar þau falla úr gildi, né með nýjum álögum. Ríkis-

sjóður má ekki endalaust verða óseðjandi. Menn verða að gefa athafnalífinu nokkra möguleika til bjargar. Það verður ekki gert með því að draga eigið fé fyrirtækja í æ ríkari mæli út úr arðbærum rekstri inn í ríkishítina. Ég vil segja við ykkur, hv. alþm., gefið fyrirtækjunum og atvinnurekstrinum lífsvon, dragið úr kostnaði við ríkisrekstur inn. Þetta eru kosningaloforð flestallra, ef ekki allra stjórnmálaflokkanna. Fækkið sköttum, lækkið skatta og dragið úr kostnaði. Það er þjóðarhagur.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég er hlynntur því að sá skattur, sem hér er um að ræða, sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, verði framlengdur. Þetta er skattur sem fráfarandi vinstri stjórn lagði á fljótlega eftir að hún kom til valda og ég tel eðlilegt að framlengja hann. Ég tel að það ætti að byrja á öðrum en fyrirtækjum og slíkum aðilum ef ætti að létta skattabyrði hér í landinu.

Ég sé að samkv. því frv., sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj., er gert ráð fyrir að skattfrelsimörkin verði rýmkuð nokkuð. Hins vegar vantar í grg. með frv. upplýsingar um hverju þessi rýmkun skattfrelsismarkanna nemur í tekjumissi fyrir ríkissjóð frá því sem ella hefði verið. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., hvað megi gera ráð fyrir að rýmkun skattfrelsismarkanna þýði í upphæðum á árinu 1980 samkv. þeim áætlunum sem nú liggja fyrir.

Það kann að vera að hæstv. fjmrh. hafi ekki við höndina svör við þessari spurningu, og þá vænti ég þess, að þau komi fram við meðferð málsins í hv. fjh.- og viðskn. d., og hugsanlegt er að við þær upplýsingar komist menn að þeirri niðurstöðu, að sú rýmkun skattfrelsismarkanna, sem þarna er um að ræða, sé óþörf eða a. m. k. óþarfi að ganga jafnlangt og gert er ráð fyrir í frv. hæstv. ríkisstj.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umr., sem er 1. umr. um áframhaldandi skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, er hér um að ræða framlengingu á sams konar gjaldi sem lögfest var á Alþingi í desember s. l. Það er fróðlegt að athuga þær umr. sem þá fóru fram um þetta mál, en þar kemur fram í ræðu þáv. hæstv. fjmrh., Tómasar Árnasonar, að tilgangurinn var m. a. að koma í veg fyrir svokallaðan verðbólgugróða í þjóðfélaginu. Með þessum hætti og reyndar öðrum, sem fram komu þá í frv.-formi, var bent á að með skattlagningu á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og með nýbyggingargjaldi væri hægt að skattleggja svokallaðan verðbólgugróða í þjóðfélaginu. Hér er á ferðinni gífurlegur misskilningur, því að auðvitað er fyrst og fremst um það að ræða með þessum hætti að kynda undir verðbólgu, því að augljóst er að fyrirtækin hafa aðeins eina leið til að svara þessari skattpíningu og það er að velta þessum aukna kostnaði út í verðlagið, enda hafa tvær síðustu ríkisstj., sú sem nú situr og reyndar sú sem á undan var, verið ötular við að veita slíkar verðhækkanir, eins og dæmin sanna og síendurtekin verðbólgumet sýna.

Það er þess vegna ástæða til þess, þegar við 1. umr. þessa máls hér, að kanna ítarlega hvort við eigum að endurnýja þetta frv. Ég er þó ekki með þessu að segja að það sé ástæða til að greiða atkv. gegn málinu hér við 1. umr. Það er sjálfsagt að kanna það í n. En nú þegar held ég að ástæða sé til að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig á því standi, að í fyrra var áætlað að 550 millj. kr. fengjust með þessari skattheimtu, en inn koma yfir 1000, eins og kemur fram í aths. við lagafrv. þetta. Það er nefnilega ástæða til þess, þegar maður sér slíkar tölur, að kanna hvernig skattar verða til og hvernig svindlað er sköttum inn á þjóðina.

Auðvitað er það rétt, að besta ráðið til að koma í veg fyrir verðbólgugróða er að höggva að rótum verðbólgumeinsins og reyna að ná verðbólgunni sjálfri niður. Ég hélt að hæstv. fjmrh. væri fremur þeirrar skoðunar heldur en að vera sífellt að auka skattlagninguna. Það er íhugunarefni, að fyrsta frv. sem hann mælir hér fyrir til samþykktar á þessu þingi, skuli vera frv. sem hann og hans flokksmenn á sínum tíma reyndu að tefja þar til niðurstöður um fjárlagafrv. væru komnar. Á því þingi, þ. e. a. s. fyrir jól í fyrra, var þetta frv. til umr. og þá var það notað af hálfu Alþfl. til þess að knýja fram svör samstjórnarflokka hans við ákveðnum spurningum er vörðuðu efahagsstefnu næstu ára. Það svar fékkst reyndar ekki fyrir þau jól að neinu ráði, en fjárlagafrv. fór í gegn engu að síður. Þegar líða tók á vorið var síðan komin efnahagsstefna. Hún var samþ. af öllum stjórnarflokkunum með þeim árangri, að eftir sumarið sprakk stjórnarsamstarfið. Nú kemur sá aðili, sem sprengdi það stjórnarsamstarf, og leggur fram þær till. sem hann mótmælti í fyrra að yrðu lagðar fram fyrr en fjárlagafrv. hefði verið samþ. á grundvelli efnahagsstefnu sem hann tæki þátt í. Það er vissulega ástæða til þess að fá hæstv fjmrh. til að skýra þessa breyttu afstöðu um leið og hann gerir grein fyrir því, hvernig á því stendur að tekjurnar af þessari skattheimtu eru helmingi meiri en gert var ráð fyrir þegar þessum nýja skatti var komið á laggirnar á sínum tíma.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Í sambandi við þær spurningar, sem fram hafa komið hér, vil ég aðeins taka það fram, að þegar áætlaðar voru þær tekjur sem þessi skattur mundi gefa, um það leyti sem hann var lagður á á sínum tíma, þá var alveg ljóst að þar var rennt mjög blint í sjóinn, vegna þess að hér var um nýja skattheimtu að ræða sem enginn raunar gat sagt um hvað mundi gefa í tekjur. Það var sérstaklega tekið fram af þeim aðilum, sem um áætlunina um tekjuöflunina fjölluðu, að það sem þeir gáfu upp, 500 millj. kr. sem þessi skattur ætti að gefa, væri ákaflega lausleg áætlun og raunar aðeins viðmiðunartala, frekar til að segja eitthvað en að það væri mjög handfast. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, eins og fram kemur í aths. við frv. þetta, að tekjurnar hafa reynst allmiklu meiri, eða rúmlega einn milljarður króna á móti þeim 500 millj. kr. sem áætlað var.

Eftir að hafa fengið nokkra reynslu um þessa skattheimtu telja menn sig geta áætlað hana nokkuð örugglega 1½ milljarð kr. á næsta ári. Þeir, sem upphaflega gerðu áætlun um tekjur af þessari skattheimtu, telja sig nú geta gert haldbetri áætlun um það, sem skatturinn skili á næsta ári, heldur en sú spá — eða drög að spá ætti e. t. v. heldur að segja — sem gerð var þegar þetta skattgjald var álagt.

Varðandi það, sem hv. 2. þm. Reykv. spurði um, vil ég aðeins geta þess, að ég mun beita mér fyrir því, að þegar í stað verði spurningu hans svarað á fundi þeirrar nefndar sem væntanlega fær þetta frv. En að öðru leyti er svarið að nokkru leyti a. m. k. fólgið í aths. við 4. gr. frv. Það segir m. a. að 2. mgr. 4. gr. laga nr. 112 frá 1978 hafi haft

sömu efnisreglur að geyma og þessi umtalaða grein, að öðru leyti en því, að þar var kveðið á um að væri 75% af rúmmáli fasteignar eða meira nýtt til annars en verslunarrekstrar eða skrifstofuhalds, skyldi verðmæti hennar undanþegið sérstökum eignarskatti. Í framkvæmd hafi þetta ákvæði t. d. leitt til þess, að verulega stórt skrifstofuhúsnæði gat verið undanþegið skattinum þar sem 75% eða meira af rúmmáli þess var engu að síður notað á annan hátt. Í ljósi þessa er því lagt til í þessu frv., að sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skuli við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega og að sá hluti húsnæðisins, sem nýttur er til verslunarrekstrar eða skrifstofuhalds, verði í öllum tilvikum skattskyldur. Til að vega á móti aukinni skattbyrði, sem af þessari breytingu mundi leiða, er síðan lagt til að skattfrelsismörkin verði nokkru rýmri.

Þetta er það sem segir í aths. með frv. þessu til skýringar á því, af hverju þessi skattfrelsismörk eru nokkuð hækkuð. Það breytir ekki heildartekjunum. Hér er um smábreytingu að ræða, þannig að þessi tiltekna regla, sem notuð var á s. l. ári, verður afnumin og skattur því lagður á allt skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hversu miklu munar við þessa breytingu í fjárhæðum veit ég satt að segja ekki og hef ekki upplýsingar um það við höndina, en mun sjá til þess, að þær upplýsingar fái hv. þm. og sú nefnd sem væntanlega fær þetta frv. til skoðunar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í framhaldi af því sem hv. 2. þm. Reykv. sagði í upphafi máls síns. Hann sagði að það ætti að byrja á öðru en fyrirtækjum ef lækka ætti skattbyrði. Þetta er ekki ný skoðun hv. þm. og ekki heldur nýtt sjónarmið úr hans flokki, svo það kemur mér ekkert á óvart. Alþb.-menn viðurkenna ekki að fyrirtæki séu undirstaða vinnumarkaðarins og hafa aldrei gert. Aftur á móti er það skoðun mín að frekar ætti að byrja á því að lækka peningaþörf ríkissjóðs.

Hér stangast á skoðanir eða hugsjónir. Við sjálfstæðismenn viljum styrkar stoðir undir atvinnurekstri og sérstaklega þeim atvinnurekstri sem gefur af sér tekjur til hins opinbera, en ekki opinberum atvinnurekstri sem yfirleitt er rekinn með tapi. Með þessari skoðun okkar viljum við tryggja atvinnuöryggi með þjóðinni.

Alþb.-menn hafa þá hugsjón að brjóta niður og gera atvinnuvegina sjálfa veika með því að draga út úr þeim veltufé til hins opinbera. Þetta er ekkert nýtt. Þetta vitum við allir. Og ég vil halda því fram, að það stefni tekjuöflun fólksins í landinu í voða að veikja atvinnuvegina.

Alþb. vill líka að allur rekstur sé ríkisrekinn, þannig að afstaða hv. 2. þm. Reykv. er öllum ljós og kemur engum á óvart — að veikja alla aðra starfsemi en þá sem er á vegum hins opinbera. En nái þessi stefna fram að ganga, hver á þá að greiða skattana? Mér er spurn, og væri gaman að vita hvað ætti að koma í staðinn.

Sá tiltölulega litli skattur, sem nú er til umræðu, er ekki stór fjárupphæð fyrir hið opinbera. En 1½ milljarður dreginn út úr rekstri þeirra, sem eiga atvinnu- eða skrifstofuhúsnæði, er gríðarlega stór hluti af rekstrarfjármagni fyrirtækja og atvinnutækja sem enn eru á hinum frjálsa markaði. Ég segi „enn eru", vegna þess að mér skilst að það sé yfirgnæfandi meirihluti af vinnandi fólki í landinu sem starfar annaðhvort hjá ríki eða sveitarfélögum.

Ef við tökum veltufé eða rekstrarfjármagn frá aðilum hins frjálsa markaðar, þá erum við að taka vinnutæki, þ. e. peninga, fyrirtækjanna frá þeim. Og það er það sem ég er á móti og vara við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 9). — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til staðfestingar á brbl. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa og um verðuppbót á vannýttar fisktegundir. Tel ég rétt að fara nokkrum orðum um þetta mál.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að engin atvinnugrein hefur orðið jafn-óþyrmilega fyrir barðinu á hinni gífurlegu olíuverðshækkun í ár og sjávarútvegurinn. Í ársbyrjun var gasolíuverð til fiskiskipa kr. 57.50 hver lítri og svartolíuverð 39 þús. kr. hvert tonn. Í okt. s. l., þegar þau brbl. voru sett sem hér eru til staðfestingar, var gasolíuverðið komið í 142 kr. og svartolíuverðið í 89 300 kr., og frekari hækkun er nú á döfinni.

Olíukostnaðurinn var þegar í ársbyrjun þungbær fyrir útveginn, þannig að þessi verðhækkun á olíu gjörbreytir rekstrargrundvelli fiskveiða.

Fyrsta verðhækkunaraldan skall yfir í mars s. l. og var þá tekið upp tímabundið 2.5% olíugjald til fiskiskipa utan hlutaskipta. Óvissa var þá mikil um olíuverð, eins og reyndar er enn, og því erfitt að meta hvort verðhækkun væri tímabundin eða varanleg. Talið var skynsamlegast að snúast við áhrifum olíuverðshækkunarinnar þannig að tekið væri mið af þeirri nauðsyn sem er á því að hvetja til olíusparnaðar, þ. e. a. s. að fara ekki út á þá braut að greiða niður olíuverðið. Hins vegar var nauðsynlegt að auka hlut útgerðarinnar í tekjum af fiskveiðunum til þess að útgerðin gæti staðið undir auknum olíukostnaði. Hlutaskiptaákvæði kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna gera það hins vegar að verkum, að ekki er unnt að mæta kostnaðarauka af þessu tagi með hækkun almenns fiskverðs án þess að hlutur sjómanna breytist um leið. Forustumenn sjómanna lýstu því hins vegar yfir á s. l. vetri, að sjómenn vildu ekki hagnast á því áfalli sem olíuverðshækkunin er fyrir þjóðina, og var haft samráð við sjómannasamtökin þegar olíugjaldið var tekið upp í mars.

Þegar kom fram á vorið hafði olíuverð enn hækkað verulega frá því sem var í mars og var því nauðsynlegt að hækka olíugjaldið úr 7% frá 15. maí. Olíuverð hækkaði síðan enn um mitt árið og frá 20. júlí var olíugjaldið utan skipta hækkað í 12%, en þar að auki kom þá til 3% olíugjald til skipta, enda höfðu laun launþega í landinu almennt hækkað um 3% í júní.

Hinn 28. sept. s. l. varð samkomulag í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins um nýtt fiskverð er gilti frá 1. okt. Ákvörðunin fól í sér að skiptaverð til sjómanna hækkaði um 9.2%. Það var forsenda fyrir þessari ákvörðun að olíugjald til fiskiskipa, sem verið hafði 15%, yrði 9% frá 1. okt., jafnframt því sem 3% olíugjaldið frá því júlí, sem kom til skipta, var fellt inn í fiskverðið. Um þessa lausn varð algjört samkomulag

allra hagsmunaaðila í yfirnefndinni.

Það er þessi breyting á olíugjaldi, sem var síðan gerð með brbl. nr. 88 16. okt. s. l., enda hafði þing þá verið rofið. Ákvæðinu um 9% olíugjald er ætlað að gilda til 31. des. í ár, eða jafnlengi og fiskverðsákvörðunin frá 1. okt. s. l. Frá áramótum má síðan ákveða nýtt fiskverð, sem nú er til umfjöllunar í yfirnefnd Verðlagsráðs, og verður þar nauðsynlegt að taka þessi mál öll til athugunar í ljósi aðstæðna eins og þær þá verða metnar.

Við ákvörðun fiskverðs frá 1. júní s. l. sem einnig var tekin með samkomulagi allra aðila í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, var reiknað með því að greidd yrði sérstök verðuppbót á ufsaverð og karfaverð úr sjóðum sjávarútvegsins, en áður höfðu farið fram viðræður ríkisstj. og aðila í Verðlagsráði um slíkar ráðstafanir.

Í brbl. nr. 69 11. júní s. l. var síðan heimilað að verja 500 millj. af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 700 millj. kr. af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa og ufsa frá tímabilinu frá 15. maí til 31. des. 1979.

Afkoman á karfa- og ufsaveiðum var mun lakari en afkoma á þorskveiðum, ekki síst eftir olíuverðshækkanir, en um leið var nauðsynlegt að hvetja til aukinnar sóknar til veiða á karfa og ufsa til þess að draga úr sókn í þorskstofninn. Af þessum ástæðum voru þessar ráðstafanir gerðar. Má telja að þær hafi átt drjúgan þátt í því að karfa- og ufsaafli hefur aukist mjög á þessu ári.

Við fiskverðsákvörðunina frá 1. okt. var ljóst að rýmka þyrfti nokkuð um heimildir til ráðstöfunar fjár úr Tryggingasjóði og Aflatryggingasjóði til greiðslu uppbótar á karfa og ufsa. Fyrir því var með brbl. nr. 88 16. okt. gerð sú breyting, að heimilað skyldi að verja 550 millj. kr. af tekjum Tryggingasjóðs og 850 millj. af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þessara verðuppbóta á árinu. Jafnframt var þá einnig ljóst að tekjur af útflutningsgjaldi yrðu í ár ívið meiri en reiknað var með í júní s. l.

Eins og ég gat um áðan gilda ákvæðin um karfa- og ufsauppbót til loka þessa árs, og þetta er því eitt þeirra atriða sem huga þarf að við fiskverðsákvörðun nú um áramót. Þessi mál öll eru svo nátengd fiskverðsákvörðuninni að nauðsynlegt kann að reynast að gera á þessu sviði sérstakar ráðstafanir þegar línur skýrast í þeim efnum. En víst er að verðjöfnun milli tegunda hlýtur að koma til greina sem eitt af tækjunum til þess að beina sókn frá þeim tegundum, sem ofnýttar eru, til hinna, sem fremur eru taldar þola meiri sókn. Sama gildir um olíugjaldið eða hliðstæðu þess. Afar ólíklegt virðist að unnt sé að leysa það mál með óbreyttum hlutaskiptasamningum, nema þá fyrir atbeina löggjafans.

Nú liggur fyrir að staðfesta brbl. nr. 88/1979, en framhald málsins hlýtur að ráðast í tengslum við fiskverðsákvörðun sem stendur raunar fyrir dyrum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega þessi brbl. eða þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég er sammála hæstv. sjútvrh. um að brýna nauðsyn bar til að setja þessi lög, og sömuleiðis er ég honum sammála um að efla tilraunir til að auka sókn í þær fisktegundir sem taldar voru vannýttar, til þess þá um leið að draga úr sókn í aðrar fisktegundir sem eru annaðhvort fullveiddar eða ofveiddar. Ég er líka honum sammála um uppbætur þær sem voru teknar upp á verði karfa og ufsa. Hins vegar er ég nokkuð undrandi yfir einu atriði, að það var hvatt til þess að auka sókn í grálúðu, en á verð hennar er engin uppbót greidd á öllu þessu tímabili. Og þó við færum yfir yfirleitt allar þessar helstu fisktegundir, þá er minnsta hækkun, sem hefur orðið nú síðustu þrjú ár, á verði á grálúðu. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig á því standi, að þessi eina fisktegund verður útundan af þeim fisktegundum sem sjómenn og útgerðarmenn voru eðlilega hvattir til að auka veiðar á. Mig minnir að á s. l. ári hafi veiði á þessum fiski verið um 10 þús. tonn og aukning á þessu ári 5 þús. tonn. Ég hef þetta ekki hjá mér, en ég mun þá leiðrétta það síðar ef ég fer hér með rangar tölur. En fyrirspurn mín til hæstv. ráðherra er þessi: Hvernig stendur á því, að engar uppbætur voru til þess að bæta verðið á grálúðunni og koma þannig til móts við þá aðila sem lögðu sig fram að auka sóknina í veiðar á þeim fiski?

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég er í sjálfu sér ekki tilbúinn með svar við þessari fyrirspurn frá hv. 1. þm. Vestf., en upplýsi að málið var unnið þannig að ákveðin var heildarupphæð, sem ríkisstj. samþykkti að til þessara hluta skyldi varið, og síðan var það yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins sem gekk frá tillögum um hvernig þessum verðuppbótum yrði skipt. En sjálfsagt er að afla upplýsinga um þetta mál og þær geta þá legið fyrir í nefnd.

Ég vil svo leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 31 shlj. atkv.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 21). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 frá 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla, en þetta frv. er endurflutt, það var raunar flutt áður á 100. löggjafarþinginu.

Hér er ekki um stórvægilegar breytingar að ræða, en í sem stystu máli fjallar frv. um réttarstöðu fiskiðnaðarmanna og skýrari ákvæði um lokapróf og starfsþjálfun þeirra. Eins og segir í aths. við frv. þetta er jafnframt frv. þessu um fiskvinnsluskóla flutt frv. til l. um breyt. á l. nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og hefur í dag verið mælt fyrir því frv. í Ed. Alþingis. Meginmarkmiðið með flutningi frv. þessara, ef að lögum verða, er að taka af tvímæli um réttarstöðu fiskiðnaðarmanna, er þeir hafa lokið prófi frá fiskvinnsluskólanum, og setja skýrari ákvæði um lokapróf, verklegt próf svo og starfsþjálfun að prófum loknum. Jafnframt er stefnt að því að afmarka betur en nú er gert námskeiðahald fyrir matsmenn svo og endurmenntun þeirra. Ef þingvilji er fyrir því, að frv. þetta verði að lögum, er æskilegt að það nái fram að ganga svo tímanlega að hægt verði að halda hin verklegu próf, sem um er fjallað í 2. gr. þessa frv., í lok yfirstandandi skólaárs, enda nái frv. um breyt. á l. nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, jafnframt fram að ganga, en málefni þau, sem frumvörpin fjalla um, eru nátengd.

Ég hygg að það sé ekki þörf á því að fjalla ítarlegar um einstakar greinar þessa frv., enda fóru fram umræður um

það áður á þingi, en vil að lokum leyfa mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Sameinað þing, 4. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Skýrsla forsætisráðherra.

Forseti (Jón Helgason): Í 2. mgr. 52. gr. þingskapa segir:

„Þá skal og útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsrh. og umr. um hana, en eftirrit af ræðunni skal afhent þm. sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt."

Forsrh. telur, að eins og nú er ástatt sé þetta ákvæði ekki framkvæmanlegt og sé því nauðsynlegt að veita afbrigði um frestun stefnuræðunnar þar til síðar á þessu þingi er ný stjórn hefur verið mynduð.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun stefnuræðu forsrh. samþ. með 42 shlj. atkv.

Forsrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Alþingi kemur nú saman við næsta óvenjulegar aðstæður að nýloknum kosningum. Þar eð ríkisstj. er starfsstjórn, er bíður myndunar nýs ráðuneytis, er engan veginn eðlilegt að flutt sé stefnuræða eins og fyrir er mælt í 52. gr. þingskapa. Ég hef því farið fram á við hæstv. forseta, að leitað verði afbrigða varðandi þetta atriði, og hafa þau þegar verið veitt.

Engu að síður tel ég óhjákvæmilegt að ég gefi þinginu nokkra skýrslu um stöðu mála og mun ég nú gera það.

Núv. ráðuneyti Alþfl. var myndað 15. okt. s. l. Naut það takmarkaðs stuðnings Sjálfstfl., fyrst og fremst til að rjúfa þing og efna til alþingiskosninga á þessu ári. Kosningarnar fóru sem kunnugt er fram 2. og 3. des. Að þeim loknum var megintilgangi ríkisstj. fullnægt og hinn 4. des. lagði ég fyrir forseta Íslands lausnarbeiðni fyrir ráðuneytið. Féllst forseti á beiðnina, en fól stjórninni að starfa áfram uns nýtt ráðuneyti yrði myndað.

Sú atburðarás, sem gerst hefur síðan þing var rofið um miðjan okt., á sér varla hliðstæðu í íslenskri stjórnmálasögu. Ýmislegt, sem gert er þessa dagana, getur því orðið að fordæmi, og væri hollt ef þingflokkar og þm. hefðu það í huga.

Sá háttur hefur oftast verið hafður á, að nýkjörið Alþ. komi ekki saman fyrr en mynduð hefur verið ríkisstj. Að þessu sinni hagar svo til, að fjárlög fyrir komandi ár hafa ekki verið afgreidd. Af þeim sökum bar ríkisstj. skylda til að kalla þingið saman svo fljótt sem auðið var og var það gert. Þá bar ríkisstj. og skylda til að leggja fram fjárlagafrv. fyrir árið 1980 og hefur það einnig verið gert. Mun fjmrh. væntanlega gera þinginu nánari grein fyrir því.

Vegna þess að jól eru á næsta leiti verður óhjákvæmilegt að fresta þinginu n. k. föstudag eða laugardag og verður væntanlega flutt þáltill. um það að höfðu samráði við þingflokka.

Allmörg mál verður þingið að afgreiða fyrir áramót. Þar ber fyrst að nefna greiðsluheimild fyrir ríkissjóð, því að varla verða fjárlög afgreidd á einni viku. Þá renna allmörg gildandi lög út um áramót og ber nauðsyn til að endurnýja þau. Það er von mín að þingheimur sameinist um að ljúka afgreiðslu þessara mála fyrir vikulok svo að komist verði hjá þingfundum á milli jóla og nýárs.

Þar eð núv. ríkisstj. er starfsstjórn, sem aðeins situr þar til ný stjórn hefur verið mynduð, mun hún ekki leggja fram þjóðhagsáætlun í upphafi þessa þings svo sem kveðið er á um í efnahagsmálalögunum frá aprílmánuði s. l. Það var raunar gert á síðasta þingi og er því ekki ástæða til að leggja fram nýja áætlun, síst af öllu af ríkisstj. sem hefur svo takmarkað verkefni. En ég tel engu að síður rétt að fara nokkrum orðum um ástand og horfur í efnahagsmálum og þann vanda sem við er að glíma á næstunni, um leið og ég vík stuttlega að þeim aðgerðum sem ríkisstj. hefur gripið til á undanförnum vikum og tengjast efnahagsvanda líðandi stundar.

Það er ekki ný bóla, að útlitið í íslenskum efnahagsmálum sé óvissu háð. Þó held ég að sjaldan á seinni árum hafi efnahagshorfur verið svo óráðnar sem nú. Er þar fyrst að nefna, að stjórnarmyndun er óráðin og almennir kjarasamningar á næsta leiti. Efnahagsástandið í umheiminum er afar ótryggt um þessar mundir og hefur dregið verulega úr hagvexti á þessu ári í helstu iðnríkjum heims. Verðbólga og atvinnuleysi hafa samtímis farið vaxandi í mörgum ríkjum. Þessi öfugþróun í efnahagsmálum í heiminum hefur mætt á þjóðarbúi Íslendinga fyrst og fremst með þeim hætti að olíuverðhækkun hefur orðið hér miklu meiri en hjá öðrum. Opinbert verð á hráolíu, sem mestu ræður um innflutningsverð annarra ríkja á Vesturlöndum, hækkaði um 60% frá des. 1978 til hausts 1979. Á sama tíma hefur hins vegar skráð verð á Rotterdam-markaði á unnum olíuvörum, sem ræður okkar verði samkv. viðskiptasamningum, hækkað um meira en 150%, og að meðaltali verður innflutningsverð á olíu til Íslands á þessu ári ríflega tvöfalt hærra í erlendri mynt en 1978. Útlit virðist fyrir að verð á öðrum innflutningi hækki um 9% eða líkt og útflutningsverðlag í heild. Olíuvörurnar vega svo þungt að viðskiptakjörin í heild rýrna að meðaltali um 10—11% á þessu ári. Í lok ársins standa viðskiptakjörin líklega 3—4% undir ársmeðaltali 1979.

Eins og nú horfir er alls ekki hægt að reikna með viðskiptakjarabata á næsta ári og eru því miður fremur horfur á frekari rýrnun þeirra. Einkum virðist útlitið fyrir almenna olíuverðsþróun í heiminum vera óefnilegt. Rýrnandi viðskiptakjör munu þannig skerða raungildi þjóðarframleiðslu um 3—3.5% 1979 og um 1% 1980 og olíureikningur þjóðarbúsins hækka úr 12% í 24% af öllum vöruinnflutningi. Árið 1978 var olíuinnflutningurinn um 20 milljarðar kr., en á núgildandi verði og gengi 70—80 milljarðar kr. Um þessar mundir lætur nærri að allur viðskiptakjarabatinn, sem við nutum fram til 1973 og endurheimtum að mestu 1977 og 1978, sé genginn til baka og viðskiptakjörin séu í reynd óbreytt frá 1970.

Við því er búist að þjóðarframleiðslan vaxi um 2.5% á árinu 1979, en vegna versnandi viðskiptakjara munu

þjóðartekjur hins vegar minnka um 1%. Framleiðsluaukningin er heldur meiri en ætlað var í ársbyrjun, einkum vegna þess að fiskafli mun sýnilega aukast um 7—8% í stað 2—3% í fyrri spám, og skiptir aukning þorskafla þar mestu máli. Framleiðsluaukning í iðnaði er talin munu verða um 5% í ár, en landbúnaðarframleiðslan mun dragast saman, e. t. v. um 4—6%. Nokkur samdráttur verður í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, eða 4%, en í flestum öðrum greinum er framleiðsla talin svipuð eða ívið meiri en 1978. Í heild er framleiðsluaukningin 2—3%, og er það minni hagvöxtur en í fyrra. Raunar er það minna en meðalhagvöxtur síðustu 10 árin, en á þeim tíma hefur þjóðarframleiðsla okkar á mann vaxið um nálægt 4% á ári til jafnaðar.

Þegar horft er til næsta árs virðast því miður ekki miklar líkur á framleiðsluaukningu. Gera verður ráð fyrir að sókn í þorskstofninn og loðnustofninn verði háð strangari takmörkunum en á þessu ári, eins og nauðsynlegt er til að varðveita afrakstursgetu þessara mikilvægu nytjafiskastofna. Þar með kynni sjávarafurðaframleiðslan að skreppa nokkuð saman á árinu 1980. Hins vegar er á næsta ári að vænta framleiðsluaukningar hjá álveri og járnblendiverksmiðju, og gæti sú viðbót við útflutninginn dugað til að vega upp samdrátt í sjávarfangi þannig að útflutningsframleiðslan yrði jafnmikil 1980 og 1979. Af þessum tölum er ljóst að svigrúmið til aukningar þjóðarútgjalda er hverfandi. En allar eru þessar tölur mjög óvissar og gætu brugðið til beggja átta. Það, sem fyrst og fremst veldur óvissunni, er vitanlega verðbólgan og olíuverðsþróunin. Þetta tvennt eru stærstu vandamálin sem við er að glíma.

Um þessar mundir er verðbólguhraðinn um 55—60% á ársgrundvelli, og þurfum við að fara allt aftur til ára fyrri heimsstyrjaldararinnar til að finna jafnháar tölur. Horfurnar fram undan eru því ekki bjartar. Verðbólguvandinn er nú orðinn svo yfirþyrmandi að hann skyggir á öll önnur vandamál. Þess vegna er brýnt að allir, og þó fyrst og fremst við sem hér sitjum, geri sér glögga grein fyrir orsökum verðbólgunnar, horfist í augu við þær staðreyndir, sem við blasa, og fari fyrir alvöru að takast á við þennan bölvald, sem stendur í vegi fyrir bættum lífskjörum okkar allra. Við verðum að viðurkenna, að aðgerðir stjórnvalda á síðustu árum hafa ekki verið þess megnugar að draga úr verðbólgu. Skýringin á þessu ári er sú sama og mörg undangengin ár, — fyrst og fremst sú, að það hefur hvorki tekist að stjórna ríkisfjármálunum né peningamálunum né heldur hefur nægu aðhaldi verið fylgt á sviði verðlags- og launamála. Erlendar lántökur hafa farið úr böndum, lánveitingar til framkvæmda hafa farið fram úr áætlun og þannig mætti lengi telja. Þessi verkefni bíða úrlausnar á þessu þingi, og er brýnt að tekið verði á þeim sem allra fyrst.

Það er nú komið á daginn, að síðasta ríkisstj. hefði átt að gera heildaráætlun í efnahagsmálum til nokkurra ára um framkvæmd jafnvægisstefnu í samráði við samtökin á vinnumarkaðinum, fyrst og fremst samtök launafólks. Jafnvægisstefna í anda sanngirni er eina færa leiðin út úr þeim ógöngum sem þjóðarbúskapurinn hefur komist í. Við Alþfl.-menn höfum í kosningabaráttunni á liðnu ári gert ítarlega grein fyrir jafnvægisstefnu þeirri í efnahagsmálum sem við teljum að ein geti með farsælum hætti leyst þessi margvíslegu aðsteðjandi vandamál. Þetta er enn okkar skoðun og við munum reyna að vinna henni fylgi innan þings sem utan, innan ríkisstj. eða utan.

Nú er mikilvægast í íslenskum stjórnmálum að mynduð verði stjórn sem er reiðubúin til að takast á við efnahagsvandann án alls lýðskrums. Nú duga engin lausatök. Ríkisstj. Alþfl. mun þann tíma sem hún situr gera það sem hún getur til þess að koma í veg fyrir að vandinn ágerist, og það er tilhæfulaust, sem einhvers staðar hefur verið haldið fram, að vandinn hafi aukist fyrir tilverknað hennar. Ríkisstj. hefur tekið ákvarðanir um samræmda afgreiðslu fyrirliggjandi beiðna um verðhækkanir með verulegri takmörkun á hækkunum, þannig að engu sé spillt fyrir þá stjórn sem við málum tekur þegar nýtt rn. verður myndað. Af sama toga eru ýmis mál sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir á sínum stutta starfstíma, og má þar nefna brbl. um 2% hækkun lægstu launa frá 1. des. s. l., er miða að því að vernda kjör þeirra sem rýrastan hlut hafa, en þessi löggjöf ætti að auðvelda kjarasamninga á næsta ári.

Þá hefur ríkisstj. freistað þess að bæta olíuviðskiptakjörin með því að ná fram breytingum á olíuviðskiptum við Sovétríkin og leita nýrra leiða í olíukaupum sem munu koma þjóðinni til góða þegar á næsta ári. Ríkisstj. hefur einnig beitt sér fyrir framkvæmd efnahagslaganna, þannig að lánstími sé lengdur og greiðslubyrði dreift yfir lánstímann samhliða verðtryggingu í áföngum, svo sem gert var ráð fyrir í þeim lögum.

Þetta eru nokkrir þættir í framkvæmd jafnvægisstefnu í efnahagsmálum, en vissulega þarf mörgum sinnum meira til. Um þetta mun ég þó ekki fara fleiri orðum á þessu stigi máls míns, en vísa til frv. og till. er ríkisstj. leggur fyrir þingið þessa dagana. Mörg þeirra er óhjákvæmilegt að afgreidd verði fyrir árslok til að tryggja snurðulausa framkvæmd á ýmsum sviðum, einkum í ríkisfjármálum. Önnur frv. fjalla um ýmis umbótamál, sem ráðh. Alþfl. hafa látið undirbúa og eiga stoð í stefnu flokksins, og munu þau að sjálfsögðu fá eðlilega afgreiðslu eftir því sem unnt er á þinginu, þótt hin brýnni málin verði að sjálfsögðu að ganga fyrir.

Ég ítreka svo að lokum von mína um að þm. og þingflokkar sameinist um að afgreiða í þessari viku þau mál sem krefjast afgreiðslu fyrir áramót. Enn fremur læt ég í ljós þá von mína, að stjórnarmyndun takist sem allra fyrst og þjóðin hljóti trausta og staðfasta ríkisstjórn.

Fyrir 30 árum, eftir haustkosningarnar 1949, sagði Sveinn Björnsson, þáv. forseti, þessi orð í þingsetningarræðu, en þau eiga ekki síður við í dag:

„Málum vorum er svo komið vegna verðbólgu, dýrtíðar, of mikils framleiðslukostnaðar, of hárra ríkisútgjalda, of hárra skatta og tolla o. s. frv., að erfitt er að sameinast um það, á hvern hátt skuli fram úr ráðið."

Mér finnst þessi rök frekar vera rök fyrir því að stjórnarmyndun þoli enga bið en fyrir því að langan tíma þurfi til stjórnarmyndunar, sem aftur leiðir af sér langa töf á aðkallandi störfum þings og stjórnar.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Í tilefni af skýrslu hæstv. forsrh. þykir mér hlýða að segja nokkur orð og greina fyrst frá afstöðu okkar sjálfstæðismanna til ákveðinna þátta sem fram komu í ræðu hæstv. ráðh.

Við sjálfstæðismenn erum samþykkir afbrigðum frá 52. gr. þingskapa. Við teljum ekki ástæðu til að forsrh. flytji hér stefnuræðu né heldur er í sjálfu sér eðlilegt að með fárra vikna eða mánaða millibili sé lögð fram þjóðhagsáætlun. Á hinn bóginn vil ég leggja á það mikla áherslu að allar upplýsingar, skýrslur og gögn, sem út-

búin eru í Þjóðhagsstofnun í tilefni af og vegna stjórnarmyndunarviðræðna, séu aðgengileg fyrir alla þm. þannig að þm. geti gert sér ljósa grein fyrir þeim vandamálum sem úr þarf að leysa. Ég vil taka það fram, að ég segi þetta ekki vegna neinnar fyrirstöðu eða tregðu Þjóðhagsstofnunar að veita mér t. d. umbeðnar upplýsingar. Þvert á móti hefur verið um ágæta fyrirgreiðslu þeirrar stofnunar að ræða.

Þá vil ég í öðru lagi láta það koma skýrt fram, að við sjálfstæðismenn munum að sjálfsögðu standa að samþykkt greiðsluheimildar fyrir ríkissjóð, þar sem fjárlög verða ekki afgreidd fyrir jól eða áramót.

Í þriðja lagi mun Sjálfstfl. eftir atvikum greiða fyrir samþykkt lagafrv., sem nauðsynlegt er að afgreiða fyrir áramót, eða tefja ekki framgang þeirra lagafrv., sem hann er andvígur, þótt afstaða flokksins muni að sjálfsögðu koma greinilega fram í umr. á þingi, í nál. og atkvgr.

Í fjórða lagi vil ég láta það koma hér fram, að sjálfstæðismenn eru að sjálfsögðu reiðubúnir að hafa samráð við aðra þingflokka og þm. um tilhögun þinghalds um jól og áramót og er þeim ekkert að vanbúnaði að mæta til þinghalds eftir því sem þörf krefur.

Í skýrslu hæstv. forsrh. er greint frá horfum efnahagsmála, og víkur þar ekki frá þeirri mynd sem við sjálfstæðismenn brugðum upp, hve alvarleg vandamál við blöstu á þeim vettvangi fyrir kosningar. Í þessari skýrslu er að vísu mikil áhersla á það lögð, hve olíuverðshækkunin hafi slæm áhrif og versnandi viðskiptakjör sem af olíuverðshækkuninni stafa. Ég skal ekki gera lítið úr þeim slæmu áhrifum, sem olíuverðshækkunin hefur, og þeim miklu vandamálum, sem hún skapar. En ég hlýt þó að láta þá skoðun í ljós, að olíuverðshækkunin sem slík skýrir ekki nema að litlu leyti þá verðbólguþróun sem um er að ræða og vitnað er til í skýrslu hæstv. forsrh. að eigi ekki sinn líka frá tímum fyrri heimsstyrjaldar. Ég held líka að okkur sé hollt að rifja upp, að talið er nú að olíuverðshækkunin valdi 10—12% versnandi viðskiptakjörum á þessu ári, og um leið og það er áfall er rétt að minnast þess, að þeir, sem telja það áfall í ár, gerðu lítið úr því þegar viðskiptakjörin versnuðu um 25—30% á tveggja ára tímabili af völdum olíuverðshækkunarinnar 1973—1974. En þá var reyndar líka við að glíma lækkandi verð á útflutningsafurðum okkar, t.d. frosnum fiski, á erlendum mörkuðum.

Það fer ekki milli mála, að skýrsla hæstv. forsrh. staðfestir að fráfarandi vinstri stjórn hefur algerlega misteknist stjórn efnahagsmála. Við rifjum upp ráðstafanir allt frá myndun fráfarandi vinstri stjórnar í sept. 1978, sem voru þá nefndar skammtímaaðgerðir. Við getum rifjað upp bráðabirgðaaðgerðirnar í nóv.—des. fyrir ári, sem fráfarandi vinstri stjórn stóð að, og síðast en ekki síst er rétt að vitna til efnahagslaganna sem samþ. voru hér á Alþ. í aprílmánuði s. l., sem þá var sagt að mörkuðu tímamót. Okkur er í fersku minni að þá var deilt um höfundarréttinn að þessum lögum, heiðurinn af þessari lagasetningu, ekki síst milli Alþfl. og Framsfl., og Alþb. greiddi þessum lögum atkv. En þessar efnahagsráðstafanir, sem áttu að vinna bug á verðbólgunni, hafa í raun varðað verðbólguveginn á þann hátt sem í skýrslu hæstv. forsrh. greinir, að verðbólgan hefur aldrei verið meiri frá tímum fyrri heimsstyrjaldar. Aðgerðir núv. ríkisstj. hafa í engu bætt úr ríkjandi ástandi og e. t. v. ekki heldur gert það verra, ef menn vilja vera sanngjarnir.

En í nokkrum atriðum kemur fram í skýrslu hæstv. forsrh. hvað núv. ríkisstj. hefur aðhafst, og er þar fyrst greint frá að hún hafi tekið ákvarðanir um samræmda afgreiðslu fyrirliggjandi beiðna um verðhækkanir með verulegri takmörkun á hækkunum. Ég hlýt að vekja athygli á því, að slíkur var kjarkur núv. ríkisstj. að hún frestaði afgreiðslu þessara verðhækkanabeiðna þar til eftir kosningar, en frestur er oft til þess fallinn að auka verðhækkunartilefni og verða þess vegna til þess að verðhækkanirnar verða í raun meiri en þyrfti og verðbólgan sömuleiðis.

Í öðru lagi er á það minnst, að ríkisstj. hafi beitt sér fyrir 2% hækkun lægstu launa frá 1. des. s. l. Í því tilefni má segja, að eingöngu hafi verið um að ræða lagfæringu á smíðagalla í efnahagslögunum frá því í aprílmánuði, þar sem ekki var stætt á því, að hinir lægst launuðu hlytu hlutfallslega lægri kauphækkun heldur hinir hærra launuðu, þótt hér hafi verið um frestun að ræða á kauprýrnun hinna lægst launuðu eins og aprílögin kváðu á um.

Í þriðja lagi nefndi hæstv. forsrh. að ríkisstj. hafi freistað þess að bæta olíuviðskiptakjörin með því að ná fram breytingum á olíuviðskiptum við Sovétríkin og leita nýrra leiða í olíuviðskiptum sem muni koma þjóðinni til góða þegar á næsta ári. Í tilefni þessa verður ekki hjá því komist að rifja það upp, að ég kvaddi mér hér hljóðs utan dagskrár í febrúarmánuði s. l. og beindi því til páv. stjórnvalda og viðskrh. að taka olíuviðskiptin til endurskoðunar. Páv. viðskrh. brást vel við og kvaðst mundu gera það, en gerði síðan ekkert í málinu, og það var ekki fyrr en ég reit fráfarandi vinstri stjórn bréf s. l. sumar og gerði tillögu um skipun olíuviðskiptanefndar með fulltrúum frá öllum flokkum að eitthvað var aðhafst. Kann ég fráfarandi vinstri stjórn og fráfarandi forsrh. og ráðherrum þeirrar stjórnar öllum þakkir fyrir að hafa samþykkt þá till. og lýsi ánægju minni yfir störfum þeirrar olíuviðskiptanefndar sem þannig var sett á laggirnar, en störf hennar gefa góða von um að við getum að einhverju leyti bætt okkur upp þann skaða sem orðið hefur vegna olíuverðshækkananna.

Í fjórða lagi nefndi hæstv. forsrh., að ríkisstj. hefði beitt sér fyrir framkvæmd efnahagslaganna hvað snertir lánstíma og greiðslubyrði með því að lengja lánstíma og dreifa greiðslubyrðinni yfir lánstímann samhliða verðtryggingu í áföngum. Þarna er farið í orðalagi í kringum þá stefnumörkun í verðtryggingar- og vaxtamálum sem efnahagslögin mörkuðu og hefur leitt til þess að innlánsfé eða ráðstöfunarfé bankanna hefur ekki aukist, gagnstætt því sem ætlunin var, og lausafjárstaða þeirra hefur versnað að mun á árinu. Jafnvel hefur áskorun ríkisstj. vegna mismunandi verðtryggingar og vaxtakjara á hinum ýmsu lánaflokkum orðið til þess að skora á viðskiptabankana að beina viðskiptum lántakenda inn á þá lánaflokka sem bera hærri vaxta- eða verðtryggingarkostnað en þau lán sem til styttri tíma eru tekin.

Þannig felst síður en svo mikil afrekaskrá í þessum fjórum atriðum af hálfu núv. ríkisstj.

En í skýrslu hæstv. forsrh. er, eins og ég hef getið um, þungur áfellisdómur um störf og stefnu fráfarandi vinstri stjórnar, og í engu er of djúpt í árinni tekið varðandi ástand og horfur í efnahagsmálum. Það er ljóst af þessari skýrslu, það er ljóst raunar af þeim málflutningi sem við sjálfstæðismenn fluttum fyrir kosningar, að ef svo heldur fram sem horfir blasir við stöðvun atvinnuveganna og

atvinnuleysi. Og það er sömuleiðis ljóst af tilvitnun hæstv. forsrh. í ummæli Sveins Björnssonar forseta 1949, hvað í raun og veru skiptir máli í þessu efni. Í ummælum Sveins Björnssonar forseta kemur fram annars vegar lýsing á sjúkdómnum og hins vegar greining orsaka hans — lýsing á sjúkdómnum: verðbólgu, dýrtíð og of miklum framleiðslukostnaði, sem við Íslendingar þekkjum allt of vel, og síðan orsakirnar, sem þáv. forseti segir of há ríkisútgjöld, of háa skatta og tolla o. s. frv.

Það er athyglisvert í skýrslu hæstv. forsrh., að þar kemur fram að viðskiptakjarabatinn frá 1973, sem hvarf 1974 og 1975 eins og ég þegar hef greint frá, og raunar versnuðu viðskiptakjörin þá meir en svo að viðskiptakjörin héldust óbreytt frá 1973, en sem betur fer bötnuðu viðskiptakjörin aftur 1976 og 1977, — en þessi viðskiptakjarabati er horfinn og því miður eru ekki líkur á að í því efni verði breyting á næstunni. Það er sömuleiðis athyglisvert, að úr framleiðsluaukningunni hefur dregið á þessu ári þrátt fyrir mjög aukinn sjávarafla, þegar þorskaflinn er meiri en nokkru sinni áður og langt yfir þeim mörkum sem hæstv. sjútvrh. taldi skynsamlegt. Þá er enn uggvænlegra en ella hve framleiðsluaukningin er lítil og vegna viðskiptakjararýrnunar er um lækkun þjóðartekna að ræða.

Ég sakna þess því, að í skýrslu hæstv. forsrh. sé dregin sú eðlilega ályktun af þessari stöðnun, ályktun sem var í raun og veru uppistaðan í málflutningi sjálfstæðismanna, að þessi viðhorf kalli á ákveðna stefnu sem stuðli að hagvexti, að framleiðsluaukningu á næstu árum og áratug og nauðsyn þess að rudd sé braut í nýjum atvinnugreinum til þess að auka framleiðsluna og bæta lífskjörin. Forsendur þessarar framleiðslustefnu og lífskjarabótastefnu eru auðvitað að unninn sé bugur á verðbólgunni, að aukið sé athafnafrelsi og dregið úr skattaálögum, að byggð sé upp orkuframleiðsla og nýting orkunnar tryggð til iðnaðaruppbyggingar.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um skýrslu hæstv. forsrh. að svo stöddu, en legg á það áherslu að lokum, að engum blandast hugur um hve alvarlega horfir nú í efnahagsmálum okkar og hve nálægt stöðvun atvinnuveganna og atvinnuleysi er. Þessi viðhorf kalla á samstöðu innan þings og utan til að leysa vandann í samræmi við alþjóðarhagsmuni, og Sjálfstfl. mun að sjálfsögðu ekki bregðast þeirri skyldu sinni að veita atbeina sinn til lausnar þeim vandamálum sem þannig eru alvarlegust nú.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Við framsóknarmenn gerum ekki aths. við það og höfum reyndar samþykkt að stefnuræðu er frestað. Sömuleiðis gerum við enga aths. við það, að þjóðhagsáætlun er ekki lögð fram á þessum fundum Alþ., enda vekjum við athygli á því, að ítarleg þjóðhagsáætlun var lögð fram af fyrrv. hæstv. forsrh., Ólafi Jóhannessyni, og hygg ég að litlu sé við hana að bæta. Þar er gerð ítarleg úttekt á þjóðarbúinu og horfum. Við munum einnig stuðla að því, að þau mál fái framgang á þingi sem nauðsynleg eru fyrir þjóðarbúið. Verður að sjálfsögðu að meta það í hverju tilfelli sameiginlega af flokkunum og munum við taka þátt í því. Ég vil hins vegar lýsa efasemdum mínum um þá hugmynd að fresta þingi og tel réttara að ákveða þinghlé. Það stendur ekki á okkur framsóknarmönnum að mæta til þings strax eftir slíkt þinghlé yfir hátíðarnar, enda sýnist mér af ýmsu að það kunni að teljast nauðsynlegt.

Ég ætla svo að þessum orðum loknum að snúa mér með fáeinum orðum að því sem er aðalinnihald í ræðu hæstv. forsrh., þ. e. ástandi og horfum í efnahagsmálum.

Hæstv. forsrh. lýsti ástandi og horfum í efnahagsmálum. Það er allt rétt, en þetta lá allt saman fyrir t. d. í ágúst s. l. þegar innan fyrrv. ríkisstj. hófust ítarlegar umr. um hertar aðgerðir í efnahagsmálum. Ég hygg að staðreyndin sé þó sú, að þetta ástand hafi töluvert versnað síðan. Ég er ekki með þeim orðum að kenna núv. ríkisstj. um það. En ég hygg að í kosningabaráttu og við þá minnihlutastjórn sem við búum hafi þegar verið sýnt að þetta ástand mundi versna. Við framsóknarmenn bentum á þetta þegar við lögðumst gegn því að efnt yrði til kosninga á þessum tíma. Við töldum og teljum enn, að þá hefði verið réttara að sameinast um hertar aðgerðir í efnahagsmálum til þess að bægja frá þeim vandræðum sem voru augljós og eru orðin enn þá augljósari nú og ég þarf ekki að endurtaka, þau hafa verið talin upp af ýmsum, m. a. nú af hæstv. forsrh. Það var af þessari ástæðu sem í fyrri ríkisstj. hófust umr. um það sem ég vil kalla hertar aðgerðir í efnahagsmálum. Ætla ég að fara nokkrum orðum um þær og m. a. að rekja þá útfærslu sem við framsóknarmenn höfum lagt til grundvallar í þeim umr. um stjórnarmyndun sem nú fara fram.

Ég vil þó áður taka fram, út af orðum hv. 1. þm. Reykv. um aðgang að gögnum, að ég hef síður en svo nokkuð við það að athuga að allir þingflokkar fái aðgang að þeim almennu upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun hefur útbúið og afhent viðræðunefndinni, slíkt er sjálfsagt. Hitt er svo annað mál, að það er að sjálfsögðu á valdi einstakra flokka hvort því er dreift, sem þeir leggja fram í þessum viðræðum, eða því áliti sem Þjóðhagsstofnun kann að gefa að þeirra ósk um slíkar till. einstakra flokka. Við höfum talið réttara, meðan á þessum viðræðum stendur, að dreifa slíku ekki almennt.

Við framsóknarmenn sögðum þegar í ágúst, að nauðsynlegt yrði að taka töluvert harðar á í efnahagsmálum ef takast ætti að halda þeim markmiðum sem höfðu verið sett. Þetta stafaði m. a. af því ástandi, sem skapast hafði í alþjóðamálum og rakið hefur verið og kemur fyrst og fremst fram gagnvart okkur í þeirri gífurlegu olíuverðshækkun sem yfir okkur hefur dunið. Við lögðum þá áherslu á að við vildum gera þetta í samráði við launþega þessa lands, við vildum gera þetta án þess að það leiddi til atvinnuleysis og við vildum gera þetta þannig og á þeim tíma að unnt væri að sýna fram á batnandi lífskjör þegar til framtíðarinnar er litið. Við töldum jafnframt nauðsynlegt að í slíkum aðgerðum yrði kaupmáttur lægri launa tryggður. Við gerum okkur að sjálfsögðu ljóst, að ef mæta á öllum þessum skilyrðum mun ganga hægar að ná verðbólgunni niður, en við teljum það mikilvægara en harðar og óvissar aðgerðir sem leiða til atvinnuleysis, hörku á vinnumarkaði og eru þar að auki mjög óvissar um árangur.

Nú höfum við í þeim viðræðum, sem fram hafa farið, útfært þessar till. töluvert ítarlega og ætla ég ekki að fara nákvæmlega í það í öllum atriðum, en um þær hafa orðið töluverðar umr., m. a. í blöðum í morgun. Í Morgunblaðinu er fjallað um álit Þjóðhagsstofnunar þannig að nauðsynlegt er að leiðrétta.

Við leggjum í umræðugrundvelli okkar áherslu á grundvallaratriði þau sem ég nefndi áðan og viljum að sú ríkisstj., sem mynduð verður, setji sér markmið. Við höfum lagt til að markmiðið verði að koma verðbólgunni

niður fyrir 30% á ársgrundvelli 1980 og 18% á ársgrundvelli 1981. Út frá þessum markmiðum göngum við í till. okkar. Við leggjum jafnframt til leiðir að þessum markmiðum og tökum þar á hinum ýmsu þáttum sem mikilvægastir eru í viðureigninni við verðbólguna.

Við leggjum áherslu á að ríkissjóður verði rekinn hallalaust. Við teljum ekki kleift að hækka skatta frá því sem nú er, og leiðir það til þess að skattheimtan verði innan við eða um 29% af þjóðartekjum. Við leggjum áherslu á að rekstur ríkissjóðs verði bættur, m. a. með því að draga úr þeim halla sem er á ríkissjóði fyrri hluta árs. Við teljum jafnframt nauðsynlegt að fundið sé svigrúm til þess að verja nokkru fjármagni til að styrkja ríkissjóð og jafnframt til þess að styrkja kaupmátt lægri launa sem þátt í launamálastefnu ríkisstj. Um þennan þáttinn í tillögum okkar framsóknarmanna segir Þjóðhagsstofnun orðrétt, að þær tillögur séu „hóflega aðhaldssamar." Þetta er rétt.

Við höfum gert okkur far um að skoða hvers kyns verðbólgan er. Vafalaust er að verðbólga hér á landi hefur á undanförnum árum breyst töluvert frá því að vera þensluverðbólga í að vera víxlverkandi verðbólga. T. d. benda tölur um einkaneyslu til þess. Aukning á einkaneyslu hefur dregist saman ár eftir ár. Aukningin var um 6% 1976, en 1.5% 1978. Engu að síður er verðbólgan að sjálfsögðu blanda af þessu tvennu, og þess vegna teljum við að aðhald verði engu að síður að vera í ríkisfjármálum. En við teljum þó unnt að beita ríkissjóði að nokkru leyti til þess að ná viðunandi stöðu í atvinnumálum og kjaramálum.

Í fjárfestingarmálum teljum við að fjárfestingin geti orðið á milli 25 og 26% af þjóðartekjum. Þetta er nokkur aukning frá því sem er á yfirstandandi ári. En við teljum ákaflega mikinn mun á því, til hvers fjármagnið er notað. Að sjálfsögðu verða erlend lán að takmarkast við greiðslugetu þjóðarinnar. Var endurgreiðslan á síðasta ári um 14.1%. Það er hæfilegt almennt séð. Við teljum þó að þetta megi auka eitthvað, ef þess er vandlega gætt að slíkar lántökur séu til framleiðsluaukningar eða gjaldeyrissparnaðar og sé fyrst og fremst varið til kaupa á vélum og erlendum hlutum sem ekki leiða til óeðlilegrar þenslu í þjóðarbúskapnum.

Þau drög, sem liggja fyrir að lánsfjáráætlun, gera ráð fyrir 25.8% fjárfestingu af þjóðartekjum. Þau gera jafnframt ráð fyrir erlendri lántöku um 80—85 milljarða. Við teljum að sú erlenda lántaka sé of mikil og þurfi að draga þar nokkuð úr og eigi að gera það með auknum innlendum sparnaði. Ég veit að ýmsir telja að draga beri úr fjárfestingu, en orkuframkvæmdir eru mjög stór hluti sem við teljum að eigi að hafa forgang. Um þennan þáttinn segir Þjóðhagsstofnun jafnframt, að þarna sé um auknar framkvæmdir að ræða og því ekki í þeim aðhald að þessu leyti frá því sem var 1979. Vísa ég til þess sem ég sagði áðan um það.

Í peninga- og lánamálum teljum við að til lítils sé að setja ákveðinn hundraðshluta í lög um hvað peningamagn megi aukast í umferð. Ég held að það standist satt að segja ekki. Hins vegar er alveg ljóst, að ríkisvaldið verður ætíð að vera tilbúið til þess að beita þeim tækjum sem það á tiltækt til þess að peningamagn aukist ekki óeðlilega umfram það sem almennar verðlagshækkanir eru í þjóðfélaginu. Við leggjum áherslu á að sú vaxtastefna, sem fylgt hefur verið, verði vandlega skoðuð. Við teljum að óráðlegt sé að hækka vexti og verðtryggingu frá því sem nú er, en viljum hins vegar að verðtrygging og verðbólga mætist fremur með ákveðinni áfangahjöðnun verðbólgunnar.

Hins ber þó að gæta í þessu sambandi, að áreiðanlega er mjög nauðsynlegt eins og nú stendur að leita leiða til þess að létta greiðslubyrði af atvinnuvegunum. Þar stefnir í strand, m. a. vegna þess að ákvæðum laga um stjórn efnahagsmála o. fl. frá 10. apríl hefur ekki verið framfylgt. Lenging lána hefur ekki orðið eins og þar hefur verið ætlast til, og það er rétt, sem kemur fram í fréttum, t. d. frá forsvarsmönnum frystiiðnaðarins og útgerðar, að rekstrarlán hafa alls ekki aukist eins og gera verður ráð fyrir með auknum kostnaði. Þarna er brotalöm á sem verður að leiðrétta. Einnig virðist óeðlilegt að lán til fiskiðnaðarins séu bundin byggingarvísitölu eins og gert er. Ég hygg að töluvert svigrúm sé til þess að létta a. m. k. greiðslubyrði verulega af atvinnuvegum landsins.

Um þetta má einnig segja að það sé hóflega aðhaldssamt. Vitanlega er hægt að ganga lengra og þrengja meira að, en eiga á hættu atvinnuleysi og stöðvun. Það getum við allir séð í hendi okkar. Það viljum við framsóknarmenn ekki.

Við viljum jafnframt taka á verðlagsmálunum þannig að setja ákveðið hámark á leyfilegar verðhækkanir ársfjórðungslega. Okkar till. voru og eru að þetta hámark verði 8% til 1. mars, 7% til 1. júní, 6% til 1. sept. og 5% til 1. des. Ljóst er að þegar er mikið af verðlagi komið út sem brýtur þessi mörk og því ræðst alls ekki við þetta nú á þessum ársfjórðungi. Við höfum þó talið rétt að halda þessum mörkum eftir sem áður, eins og við höldum því grundvallarmarkmiði að ná verðbólgunni niður fyrir 30% á ársgrundvelli.

Ég kem nú að því sem segja má að sé niðurstaða af þeirri úttekt sem Þjóðhagsstofnun hefur gert og hefur verið mjög rangtúlkuð og ég tel mér því nauðsynlegt að ræða nokkuð.

Þjóðhagsstofnun telur að ekki verði unnt að ná hækkun framfærsluvísitölu niður í 8% 1. mars, af því að svo mikill þungi sé á verðhækkunum. Ekki var gripið í taumana þegar í nóv. og þak sett á þær eins og við vildum og Alþfl.-stjórnin gerir raunar núna. Hún hefur sett 9% þak á verðhækkanir, sem er sú tala sem við nefndum þegar í nóv. og hefði betur verið gert þá að sjálfsögðu. Því telur Þjóðhagsstofnun að þrátt fyrir þessa viðleitni hækki framfærsluvísitala um 10—11% 1. febr. n. k. Hagstofan gerir sér vonir um nokkru minni hækkun, en yfirleitt hefur slíkt farið fram úr áætlun og því ráðlegast að hafa þá töluna sem hærri er. Þjóðhagsstofnun telur að vegna þess þunga, sem er, muni taka eitthvað lengri tíma í upphafi að komast niður í umræddá áfangahjöðnun verðbólgunnar. Þjóðhagsstofnun segir í áliti sínu, að í árslok ætti með þessu móti verðbólgan á ársgrundvelli að vera komin niður í 37—38%, en ekki 40—45 eins og skýrt var frá í Morgunblaðinu í morgun að yrði eftir áramótin. Og vitanlega er hraði verðbólgunnar kominn töluvert neðar, niður í kringum 32—33%. En það mikilvægasta, sem ég sé í þessari úttekt, er að Þjóðhagsstofnun telur jafnframt, að ef markvisst er unnið á þessari braut verði verðbólgan komin niður í 20% í lok ársins 1981 á ársgrundvelli. Í raun og veru er mikilvægara, sýnist mér, að ná verðbólgunni niður markvisst og geta staðið við þau grundvallaratriði, sem ég nefndi í upphafi máls míns, en ráðast á hana með einhverjum látum, einhverju áhlaupi og hafa óvissuna alla fram

undan. Við erum að sjálfsögðu tilbúnir að skoða leiðir til þess að ná verðbólgu niður hraðar og það væri æskilegt, enda verði þá þeim markmiðum, sem ég nefndi áðan, ekki stefnt í óeðlilegan voða.

Við leggjum á það höfuðáherslu í þessum hugmyndum okkar að leitað verði samkomulags við launþega um launastefnu, og ég vil leyfa mér að segja að hvaða ríkisstj. sem er mynduð hlýtur að leita eftir slíku samkomulagi, ef henni er annt um árangur af aðgerðum sínum. Við leggjum til að leitað verði samkomulags við launþega um takmarkanir á launahækkunum ársfjórðungslega, eins og ég hef áðan rakið um verðlag, en við leggjum jafnframt áherslu á að náist það ekki verði sá mismunur bættur með félagslegum umbótum, með skattaívilnunum eða að öðrum leiðum sem menn koma sér saman um, þannig að kaupmáttur lægri launa verði tryggður í hæfilegu stigi miðað við það sem hann hefur verið. — Ég skal ekki segja hvað hann á að vera. Það á að vera athugunaratriði. Kaupmáttur launa verkamanna var að meðaltali á árinu 1979 116.4%, en á síðasta ársfjórðungi 1979 er hann 113.1 miðað við 100 í janúar 1977. Ég gæti vel ímyndað mér að unnt væri að tryggja kaupmátt einhvers staðar þarna á milli, ef menn fara ekki of hátt upp eftir launaskalanum. Til þess eru ýmsar leiðir að sjálfsögðu.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því í þessu sambandi, þegar litið er á kaupmáttartölur, að kaupmáttaraukning hinna ýmsu stétta í þjóðfélaginu er ákaflega mismunandi. Kaupmáttaraukning hjá opinberum starfsmönnum, miðað við 100 í janúar 1977, er 127 borið saman við 116 hjá verkamönnum. Þarna er um mikinn mun að ræða sem vitanlega gerir málið stórum erfiðara gagnvart þeim sem hafa orðið á eftir, en stunda oft og iðulega sömu vinnu. Þetta er stórt vandamál sem menn ættu að hafa í huga.

Í niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar um þessar till. okkar framsóknarmanna segir, að án þess að tekið sé tillit til þeirra aðgerða, sem við teljum nauðsynlegar til að tryggja kaupmátt lægri launa, verði kaupmáttarskerðingin um 5—6% árið 1980 og 3% á árinu 1981. Verði hins vegar bætt um 1% — við leggjum til 2% — þá verði kaupmáttarskerðingin á árinu 1980 4—5%, en engin á árinu 1981. Hins vegar skal tekið fram, að árið 1981 er ákaflega erfitt í öllum slíkum útreikningi. Þarna er miðað við meðalkaupmátt ársins 1979, sem er 116.4 hjá verkamönnum, eins og ég sagði áðan. Með 1% lagfæringu, eins og er í síðara dæminu, verði kaupmáttur svipaður og hann er síðasta ársfjórðung 1979. Í þessu sambandi er einnig rétt að vekja athygli á þeirri kaupmáttarskerðingu sem mun verða ef ekkert er að gert. Samkv. áætlun Hagstofunnar er þegar í farvatninu kaupmáttarskerðing 1. mars sem nemur 2% frá framfærsluvísitölu. Hagstofan telur að framfærsluvísitala hækki um 10%, en verðbótavísitala um 8%, þannig að þótt ekkert sé gert verði kaupmáttarskerðing á næsta ári um 4—5% að mati sérfræðinga.

Í niðurstöðunum segir orðrétt:

„En eitt er víst, að miklum örðugleikum er bundið að ná verðbólgunni niður í það, sem sett er sem markmið till., á skemmri tíma en hér er reiknað með," þ. e. a. s. 30% 1980, og 18% 1981. Þarna er að sjálfsögðu um að ræða að standa við þau markmið sem menn hafa sett sér.

Það er skoðun okkar framsóknarmanna, að þannig beri að vinna að hjöðnun verðbólgunnar.

Ég skal ekkert um það segja, hvort samstaða næst í þeim viðræðum sem nú fara fram. Ljóst er að það hriktir í og er margt sem bendir til að litlar líkur séu til þess að stjórnarmyndun takist. Á það hlýtur að reyna allra næstu daga. Það er hins vegar einlæg von mín, að þær tilraunir, sem gerðar verða, endi með því að takist að mynda þingræðisstjórn, því að það er þjóðinni nauðsynlegt. Ég er í engum vafa um að stuðningsmenn þeirra þriggja flokka, sem nú ganga til viðræðna, hafa með atkv. sínu að mjög miklum meiri hl. óskað eftir því, að vinstri stjórn yrði mynduð. Þetta er okkar mat og er byggt á mörgum viðtölum við menn. Því er það skoðun mín, að reyna beri á það til hins ítrasta hvort málefnasamstaða næst, en þó ekki það lengi að slíkt verði til að tefja fyrir öðrum möguleikum á stjórnarmyndun. Ég mun því ekki halda föstu því umboði, sem ég hef, langt umfram þennan dag.

Hvaða ríkisstj. sem verður mynduð verður að ráðast gegn verðbólguvandanum og verður að gera það á þann máta, að mínu mati, að ekki leiði til mikilla erfiðleika vegna atvinnuleysis og vegna átaka á vinnumarkaði. Þá hygg ég að niðurstaðan verði eitthvað á þann veg sem ég hef rakið.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur óskað eftir því að vera leystur undan þeirri kvöð að flytja hér stefnuskrárræðu. Ég tel sjálfsagt að fallast á að leysa hann undan þeirri skyldu eins og á stendur og allt er í pottinn búið. Hitt er vert að hafa í huga við þetta tækifæri, að núv. hæstv. ríkisstj. er við völd og starfar hér á ábyrgð tveggja flokka, Sjálfstfl. og Alþfl. Alþfl. sprengdi samstarf Alþb., Framsfl. og Alþfl. á haustmánuðum, eins og öllum er kunnugt, og síðan mynduðu Sjálfstfl. og Alþfl. nýjan meiri hl. hér á Alþ. Þessir flokkar bera alla ábyrgð á því stjórnleysisástandi sem nú er ríkjandi. Þeir hikuðu að vísu við að taka höndum saman og mynda stjórn eftir fall vinstri stjórnarinnar og stefndu þjóðinni út í nýjar kosningar. Nú hafa þær farið fram. Er vandinn minni að kosningum loknum? Er ekki ljóst að myndun nýrrar ríkisstj. er flóknara verk og erfiðara en nokkru sinni fyrr? Er ekki ljóst að verðbólga hefur stóraukist á þeim tíma sem liðinn er síðan vinstri stjórnin fór frá? Er ekki ljóst að kosningar hafa síður en svo auðveldað lausn þeirra vandamála sem fyrir liggja?

Kjarni stjórnarkreppunnar, sem ríkir í íslenskum stjórnmálum, er sá, að einn stjórnmálaflokkanna, þ. e. núv. ríkisstj.-flokkur, Alþfl., hefur átt í miklum vandræðum með að gera það upp við sig á undanförnum misserum hvort hann ætlaði í hægri stjórn eða vinstri stjórn. Flokkurinn hikaði lengi vel eftir kosningarnar 1978, en hafnaði að lokum í vinstri stjórn. Hann sprengdi þó vinstri stjórnina einu ári síðar og gerði þá bandalag við Sjálfstfl. um ríkisstj. og nýjar kosningar. Það bandalag stendur enn. Að vísu eru fulltrúar Alþfl. í vinstristjórnarviðræðum þessa dagana og segja þar fátt, hafa engar till. lagt fram, en nú orðið dylst varla nokkrum manni að Alþfl. stefnir tæpast í vinstri stjórn.

Í gær tryggði Alþfl. að Sjálfstfl. fengi fjóra menn kjörna í fjvn. Í miðjum vinstristjórnarviðræðum kaus Alþfl. að fjölga fulltrúum flokks, sem hefði átt að lenda í stjórnarandstöðu ef viðræður um stjórnarmyndun hefðu borið árangur, á kostnað væntanlegs samstarfsflokks. Í morgun var haldinn fyrsti fundur utanrmn. Við lögðum þar til, hv. þm. Steingrímur Hermannsson og ég, að kosningu formanns yrði frestað. En fulltrúi Alþfl. hafði ákveðna skoðun á þessu máli. Hann lýsti því yfir, að

Alþfl. hefði ákveðið að styðja hv. þm. Geir Hallgrímsson, formann Sjálfstfl., til formennsku í n. Fór þá kosning fram og hlaut hv. þm. Geir Hallgrímsson 4 atkv., fulltrúa Sjálfstfl. og Alþfl., en Steingrímur Hermannsson, formaður Framsfl., hlaut 3 atkv. fulltrúa Framsfl. og Alþb. Bandalag Alþfl. og Sjálfstfl., sem myndað var í okt. í haust, stendur því áfram, það getur engum dulist. Þessir flokkar bera nú sameiginlega alla ábyrgð á núverandi stjórn og núverandi stjórnleysisástandi, hversu lengi sem það á eftir að standa.

Ég tel ekki rétt að flytja hér stefnuskrárræðu af hálfu míns flokks, þar sem þetta eru ekki stefnuskrárumr., en ég vil hins vegar fara örfáum orðum um skýrslu hæstv. forsrh.

Vissulega væri ástæða til að gera úttekt á störfum þeirrar stjórnar Alþfl. og Sjálfstfl. sem verið hefur hér við völd seinustu tvo mánuði. En skýrsla hæstv. forsrh. gefur varla tilefni til þess að hafa þar mörg orð um. Störf þeirrar stjórnar hafa fremur öðru einkennst af heldur yfirborðslegum kosningaáróðri og ýmiss konar sýndarmennsku í stjórnarathöfnum, eins og við var að búast, svo að stuðningsflokki stjórnarinnar, Sjálfstfl., mun hafa verið nokkur raun að horfa upp á, a. m. k. þegar flugeldasýning stjórnarinnar hefur staðið sem hæst.

Eg vil nefna hér eitt dæmi um þetta, þótt málið sé í sjálfu sér heldur lítilfjörlegt. Þetta dæmi er ákvörðun núv. hæstv. ríkisstj. um að afsala sér hækkun vísitölubóta á laun daginn fyrir kosningar 1. des. s. l. Það var ekki seinna vænna! Ég tel líka rétt að rifja það upp, að á s. l. vori lögðum við ráðh. Alþb. í páv. stjórn til að þak væri sett á vísitölubætur yfir ákveðnu marki. Þessa till. fluttum við aftur og aftur í páv. ríkisstj., en án árangurs. Samstarfsflokkar Alþb. — og þá sérstaklega Alþfl. og ráðh. hans — neituðu að fallast á breytta skipan þessara mála. Við gerðum það sem sagt að till. okkar, að enginn hálaunamaður fengi meiri hækkun vísitölubóta en næmi þeirri upphæð sem kæmi á svo sem eins og tvöföld verkamannalaun, en þessi upphæð var á s. l. vori u. þ. b. 360—370 þús. kr. Þetta virtist sjálfsögð ákvörðun, en allt kom fyrir ekki. Ráðh. Alþfl. höfnuðu algerlega þessum till. og þess vegna hafa hálaunamenn, m. a. ráðh., fengið margfaldar uppbætur á laun sín við hvern vísitöluútreikning á við þá lægst launuðu. En auðvitað var það svo í fullkomnu samræmi við allt annað að einmitt þeir sömu menn, sem ákveðnast stóðu gegn nokkrum breytingum á vísitölugreiðslum til hálaunamanna á s. l. vori og sumri, skyldu taka sig til einmitt daginn fyrir kosningar og afsala sér hækkun á þeim greiðslum.

Nú eru kosningar afstaðnar og mögulegt ætti að vera fyrir hæstv. ráðh. Alþfl. að taka ákvörðun án þess að vera mjög þjakaðir af óttanum við yfirvofandi kosningar. Þær verða varla fyrr en í vor. Nú væri því fróðlegt að fá svör við því frá hæstv. forsrh., hvernig þessum málum verður háttað um næstu mánaðamót, ef stjórnin verður þá enn við völd.

Hæstv. forsrh., Benedikt Gröndal, drap áðan á þá sjálfsögðu ákvörðun núv. ríkisstj. að tryggja hækkun lægstu launa 1. des. s. l. með brbl. þannig að lægri launin hækkuðu til jafns við hærri laun. Ekki ber að vanþakka þessa ákvörðun, sem hefði örugglega verið tekin í hvaða ríkisstj. sem hefði verið við völd. Hins vegar er rétt að minna hér á hvernig þetta misræmi skapaðist milli lægri og hærri launa.

Þegar afgreiðsla efnahagslaga var á lokastigi hér á Alþ. á s. l. vori lagði Alþb. sérstaka áherslu á að þeim lægst launuðu yrði hlíft við 2% kjaraskerðingu af völdum versnandi viðskiptakjara sem aðrir tækju á sig. Alþfl. barðist mjög hart á móti þessu, svo að við lá að stjórnin færi frá einmitt af þessum sökum. En hann sætti sig þó við þetta að lokum með því skilyrði að skerðing á lægstu laun félli ekki alveg niður, heldur væri frestað um sex mánaða skeið. Þetta varð málamiðlunarniðurstaða, m. a. í þeirri von að viðskiptakjörin færu aftur batnandi síðar á þessu ári. En það varð ekki. Alþfl. var því ósköp einfaldlega með útgáfu brbl. að hverfa frá fyrri kröfum sínum og þar með að viðurkenna villu sína frá s. l. vori, og vissulega ber að þakka fyrir það.

Hæstv. forsrh. boðaði hér áðan, að flutt yrði till. um greiðsluheimild til handa hæstv. ríkisstj. þar til ný fjárlög hefðu verið afgreidd. Auðvitað er það ein versta afleiðingin af því að kosningar skyldu vera ákveðnar í desembermánuði, að bersýnilegt er að ekki verða fyrir hendi fjárlög í byrjun næsta árs. Ég hef séð drög að till. um greiðsluheimild af þessu tagi. Ég tel það augljósan ágalla á þessum drögum að um er að ræða ótímabundna heimild sem ríkisstj. er veitt. Ég tel ekki koma til greina að við Alþb.-menn stöndum að ótímabundinni heimild til núv. ríkisstj. til að greiða af ríkisfé. En vissulega verður ekki hjá því komist að einhver greiðsluheimild sé fyrir hendi í byrjun næsta árs, og þar sem við verðum að vænta þess að þing komi fljótlega saman eftir nýár tel ég að heimild til nokkurra vikna ætti að nægja. Auk þessa þarf að sjálfsögðu að athuga hvaða mál eru hér til afgreiðslu og þola alls ekki frekari bið.

Við Alþb.-menn munum að sjálfsögðu greiða fyrir afgreiðslu mála hér á Alþ. eftir því sem brýn nauðsyn krefur. Að öðru leyti verður að fresta afgreiðslu mála fram á nýtt ár um leið og þingfundum er frestað. En ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni áðan, að ég tel eðlilegra undir þessum kringumstæðum að fresta þingfundum fremur en gert verði nú formlegt þinghlé. Á því er allmikill munur, eins og flestir munu þekkja.

Ljóst er að mikil óvissa ríkir nú í íslenskum stjórnmálum. Verðbólga er mikil og verður að gera átak til að draga úr henni með samræmdri áætlun til tveggja eða þriggja ára. Hins vegar vil ég að endingu eindregið vara við þeim hugmyndum, sem nú eru mjög á sveimi, að beita samdrætti í framkvæmdum og stórfelldri kjaraskerðingu í baráttu við verðbólgu, því að það væri sannarlega að fara úr öskunni í eldinn að bæta atvinnuleysi og miklum ófriði á vinnumarkaði ofan á það ástand sem fyrir er.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þessar umræður hafa tekið á sig dálítið sérstakan svip, einkum og sér í lagi vegna þess að þær hafa orðið nokkurs konar skýrsla hv. þm. Steingríms Hermannssonar um gang þeirra mála sem þjóðin bíður nú spennt eftir að fá að vita um, en það er: Hvernig endar stjórnarmyndunartilraun hans? Það var skilið við það mál hér í hálfkveðnum vísum, þannig að mér finnst ástæða til þess, þar sem við höfum enn nægan tíma, alla vega til kl. fjögur, að spyrja hv. þm. nokkurra spurninga í þeirri von að hann komi í þennan ræðustól og gefi frekari og ítarlegri svör við ýmsum áleitnum spurningum.

Spurningarnar eru til komnar vegna þeirra ummæla hans, að hann teldi litlar líkur á því að tækist að koma

saman vinstri stjórn og, eins og hann orðaði það, sumir segðu að allar líkur væru á því að það tækist ekki. Og hann bætti því við, að líkast til mundi hann skila málum af sér á morgun eða næsta dag. Annað var ekki að heyra á ummælum hv. þm.

Af þessu tilefni er ástæða til að spyrja um það, hver sé hinn raunverulegi ágreiningur í sundurgreindum liðum á milli þeirra þriggja flokka sem nú eru að gera tilraun til stjórnarmyndunar.

Í öðru lagi: Hvað hefur breyst frá því að hv. þm. Steingrímur Hermannsson hóf tilraunir á grundvelli kosningasigurs Framsfl., sem hann taldi að væri ávísun á vinstri stjórn? Hvað hefur breyst frá þeim tíma og til dagsins í dag?

Í þriðja lagi: Hvort er það Alþfl. eða Alþb. sem ekki vill vinstra samstarf? Það er ástæða til að spyrja um þetta og fá skýr svör, en ekki hálfkveðnar vísur.

Hv. þm. Ragnar Arnalds lýsti hér skoðunum sínum á þingræðinu, en í þeim kom fram að hann taldi ákaflega eðlilegt að minni hl. þings ætti meiri hl. í fjvn. Þessi skilningur er kannske til marks um það, hvernig hann og flokksmenn hans telja að þingið eigi að vera samansett í deildum eftir að búið er að kjósa það í almennum kosningum. Í Ed. tóku tveir þingflokkar sig saman og komu í veg fyrir hugsanlegan stjórnarmyndunarmöguleika milli Sjálfstfl. og Alþfl. með því að fá 10 menn saman í deildinni. (**Gripið fram í:** Þar lágu Danir í því!) Fulltrúi Dana hefur lokið máli sínu hérna. Hann kemur hér í ræðustól og gerir frekari grein fyrir þeim skoðunum. En við erum að ræða hér á Íslandi um mál sem kemur okkur Íslendingum verulega mikið við — um það hvort stjórnarmyndun er í burðarliðnum eða ekki, um það hvort sá maður, sem leiðir þær stjórnarmundunartilraunir, vill koma hér í ræðustól á hv. Alþ. og gera grein fyrir skoðunum sínum eða hvort hann ætlar engin svör að gefa og halda áfram að tala í hálfkveðnum vísum.

Ég ætla ekki að fara að gera að umtalsefni efnisatriði sem komu fram í ræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar, það voru allt gamalkunn atriði. Það var þó athyglisvert, og á það vil ég leggja áherslu, að heyra að hann taldi kjaraskerðingu í formi lægri kaupmáttar meðallauna vera óumflýjanlega á næsta ári. Síðan kom í ræðustól næstur á eftir hv. þm. Ragnar Arnalds og sagði að slíkt mundi aldrei koma til greina að áliti Alþb. Ber að skilja þetta svo, að það sé Alþb. sem hafi eyðilagt stjórnarmyndunartilraunir Steingríms Hermannssonar eða eru einhverjir aðrir maðkar í mysunni? Ég held að þjóðin vilji fá skýr svör um þetta, og ég skora á hv. þm. Steingrím Hermannsson að gera henni ljóst hvernig þessum málum er háttað á þessari stundu.

Efri deild, 4. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lántaka vegna framkvæmda á sviði orkumála, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Á fundi fyrrv. ríkisstj. 25. júní 1979 ákvað hæstv. þáv. ríkisstj. að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til að bregðast við fyrirsjáanlegum afleiðingum mikillar hækkunar á innfluttu eldsneyti. Hluti þessara aðgerða fólst í því að flýta opinberum framkvæmdum á sviði raforku- og hitaveituframkvæmda umfram það sem að var stefnt í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1979. Þetta var gert til þess m. a. að draga úr innflutningi olíuvara svo sem frekast var kostur og mæta þeim samdrætti með aukinni nýtingu innlendra orkugjafa.

Þáv. fjmrh. var með samþykkt þessari falið að afla viðbótarlánsfjár að upphæð 2 275 millj. kr. og samkv. samþykkt ríkisstj. skiptist ráðstöfun fjárins þannig:

1. Raflínulagnir á vegum RARIK 620 millj. kr.
2. Styrking dreifikerfa í sveitum 295 millj. kr.
3. Til aukins öryggisbúnaðar byggðalína 40 millj. kr.
4. Til ýmissa hitaveituframkvæmda 705 millj. kr.
5. Til jarðhitaveitna 250 millj. kr.
6. Til borunar holu í Bjarnarflagi, ef nauðsyn mundi krefjast, og til að mæta óvæntum verkefnum 365 millj. kr.

Alls 2 275 millj. kr.

Í samþykkt þessari var jafnframt ákveðið að ráðstafa fjáröfluninni til raflínulagna þannig, að 250 millj. kr. færu til lagningar línunnar Dalvík—Ólafsfjörður og til tengingar orkuveitusvæðis Skeiðsfossvirkjunar við aðalorkuveitusvæði landsmanna. Flýting framkvæmda nemur 240 millj. kr. lánsfjáröflun. Þá var einnig ákveðið að verja 90 millj. kr. til hönnunar og mælingar fyrir línu frá Hryggstekk í Skriðdal um Djúpavog til Hafnar í Hornafirði. Aðkallandi var að hraða línulögn til Hafnar og ljúka þannig samtengingu við landskerfið. Loks var í ákvörðun ríkisstj. ákveðið að 40 millj. kr. færu til lagningar línunnar Laxárvatn—Reykir, m. a. vegna dælustöðvar Hitaveitu Blönduóss.

Í allar framannefndar framkvæmdir var ráðist til þess að draga sem mest úr olíunotkun, sem hlaust af keyrslu dísilvéla til raforkuframleiðslu og við húshitun. Þá gerði styrking dreifikerfa í sveitum aukna rafhitun til sveita mögulega. Þá hafði ríkisstj. lagt áherslu á að leita að jarðvarma og virkja hann við ýmsa helstu þéttbýlisstaði. Til þess að hraða framkvæmdum víðs vegar um land ákvað hún að afla 705 millj. kr. viðbótarlánsfjár, og til þess að flýta fyrir nýtingu jarðvarma var ákveðið að útvega viðbótarfé til jarðhitaleitar að upphæð 250 millj. kr.

Þá var enn fremur unnið að borun í Bjarnarflagi til gufuöflunar fyrir Kísiliðjuna og var áformað að því verki lyki um miðjan júlímánuð, en samkv. samningum eru Jarðvarmaveitur ríkisins skuldbundnar til þess að sjá Kísiliðjunni fyrir gufuafli. Ákvörðun um frekari boranir í Bjarnarflagi átti hins vegar að taka þegar reynsla yrði fengin af framkvæmdum þeim sem þá stóðu yfir.

Ákveðið var að afla lánsfjárins, 2 275 millj. kr., á innlendum eða erlendum lánsmarkaði, en heimildar til lántöku yrði aflað með útgáfu sérstakra brbl. Þessi samþykkt ríkisstj. var tilkynnt af fjmrn. 11. júlí í sumar.

Frv. það, sem hér er lagt fram á þskj. 3 í þessari hv. d. er um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildar vegna þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir, og er til staðfestingar á brbl. um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimilda vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979 o. fl., sem sett voru þann 16. okt. 1979. Þau brbl. voru sett vegna þess að ekki var kostur á að fjalla um brbl. nr. 71 frá 10. júlí 1979 um sama efni, sem fyrrv.

ríkisstj. hafði sett, þar eð þing var rofið áður en tækifæri gæfist til þess.

Ein breyting hefur þó verið gerð á því frv., sem leitt var í lög um brbl. frá 16. okt. 1979, frá upphaflegum brbl. hæstv. ríkisstj. Sú breyting er fólgin í 7. gr. þessa frv., þ. e. 7. gr. brbl., en þar var ákveðið að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs væri heimilt að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands allt að 4.5 milljörðum kr. Þetta ákvæði var upphaflega í brbl. sem sett voru á s. l. hausti vegna hækkunar á söluskatti og í framhaldi af ákvörðun ríkisstj. um nýja tekjuöflun. Hins vegar þótti eðlilegra að taka þetta ákvæði úr þeim lögum og fella það inn í þetta frv. til laga um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimild vegna framkvæmda á sviði orkumála o. fl. Þetta er eina breytingin sem gerð hefur verið á þessum brbl. frá því að þau voru upphaflega sett og þar til þau voru endursett og endurútgefin 16. okt. 1979. Þessi breyting er, eins og ég segi, ekki efnisbreyting á því sem fyrrv. ríkisstj. hafði áður ákveðið með bráðabirgðalagasetningu, heldur aðeins verið að færa þarna tiltekna lántökuheimild yfir í frv. til l. um heimildir til viðbótarlántöku o. fl.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál, en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Tómas Árnason: Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. hefur greint frá er hér um að ræða frv. sem efnislega er samhljóða ákvörðunum sem þegar voru teknar af fyrrv. ríkisstj., og fer ekkert á milli mála að ég fylgi að sjálfsögðu því máli. Ég vildi aðeins í sambandi við 7. gr., sem fjallar um að fjmrh. sé fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands til að fjármagna tímabundinn mismun tekna og gjalda ríkissjóðs allt að 4 500 millj. kr., segja nokkur orð.

Þegar gerð var úttekt á stöðu ríkissjóðs á miðju seinasta ári var ljóst að af ýmsum ástæðum, sem ég skal ekki rekja við þetta tækifæri, ég geri það eflaust síðar meir, varð að styrkja stöðu ríkissjóðs á árinu annaðhvort með aukinni tekjuöflun eða með einhverju öðru móti. Sú leið, sem valin var, var eins og kunnugt er að ákveðið var að hækka söluskatt og tímabundið vörugjald.

Ég gerði tillögur um þetta strax í júlímánuði í ríkisstj., en það var ekki fyrr en um miðjan september sem samkomulag náðist um að hækka þessa skatta og þess vegna að sjálfsögðu liðinn talsvert langur tími af árinu, frá því um miðjan júlí til miðs september, sem hefði gefið tekjur ef þessi löggjöf hefði verið sett fyrr. Þess vegna var það að ríkissjóður varð af tekjum, af því að dróst að setja lögin um tvo mánuði, og í framhaldi af þessu var ákveðið að haga málum á þá leið að taka skammtímalán innanlands og þá fyrst og fremst hjá Seðlabankanum til þess að brúa bilið á milli útgjalda og tekna ríkissjóðs á þessu ári. Þetta skammtímalán að upphæð 4 500 millj. kr. var ákveðið að taka í des., og ég hygg að það sé þegar búið að gera það, og greiða það til baka á fyrstu mánuðum næsta árs af þessum nýju tekjustofnum, hækkuðum söluskatti og hækkuðu tímabundnu vörugjaldi.

Ég vildi aðeins upplýsa þetta í sambandi við þessa umr. til að skýra fyrir hv. þm. hvernig þetta er til komið. Þessi sérstaka skammtímalántaka, og þegar fjárlög voru undirbúin af minni hálfu og fyrrv. ríkisstj. fyrir næsta ár, að upphæð 4 500 millj. kr., greiðist af tekjum næsta árs og verður ekki til ráðstöfunar af tekjum þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Lántaka Bjargráðasjóðs, frv. (þskj. 5). — 1. umr.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta er 5. mál þessarar hv. d. á þskj. 5 og fjallar um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs og er til staðfestingar á brbl. þess efnis sem gefin voru út 9. nóv. 1979.

Eins og kemur fram í aðfaraorðum að þeirri brbl.-setningu var ástæða hennar sú, að ríkisstj. hafði falið Bjargráðasjóði að annast fyrirgreiðslu vegna tjóna af völdum hafíss og harðinda s. l. vor og vegna grasbrests og uppskerutjóns á liðnu sumri, enda er það í samræmi við hlutverk sjóðsins. Í því sambandi heimilaði ríkisstj. sjóðnum að taka lán allt að 850 millj. kr. Til tryggingar þeim lánum þurfti sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, en lagaheimild skorti til að veita slíka ábyrgð. Var því brýn nauðsyn að setja lög um slíka heimild, þar sem stóð fyrir dyrum að ganga frá umræddum lánveitingum. Fyrir því voru sett brbl. þau sem hér er leitað staðfestingar á. — Nokkur vafi þykir leika á að ábyrgðarheimildin, eins og hún er nú orðuð í brbl., sé nógu góð, þ. e. hvort heimildin nái til verðtryggðs eða gengisbundins láns, og vænti ég þess, að um það atriði verði nánar fjallað í þeirri n. sem fær þetta frv. til athugunar.

Ég tek það sérstaklega fram, að í þeirri n., sem gerði till. um þessa fjárhagslegu fyrirgreiðslu vegna tjóna af völdum hafíss og harðinda, sátu fulltrúar allra stjórnmálaflokka. Var það sameiginleg niðurstaða þeirra sem bjó á bak við þau brbl. sem sett voru þann 9. nóv. 1979, og býst ég því við að þetta frv. njóti stuðnings nokkuð almennt í þessari hv. d. og raunar í Alþingi öllu.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til l. um breyt. á lögum útflutningsgjald af sjávarafurðum og varðar sérstakan afslátt á útflutningsgjaldi í sambandi við síldarsöltun, þ. e. afslátt af síldartunnunum.

Núverandi útflutningsgjald er 5% af fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða og má heita að það sé almenn regla. Í eldri lögum um útflutningsgjald — fyrir breytingu á sjóðakerfi sjávarútvegsins 1976 — var heimild að draga frá fob-verðmæti saltsíldar ákveðna fjárhæð vegna umbúðakostnaðar og var þessi heimild t. d. notuð á árinu 1975. Við sjóðakerfisbreytinguna var þessi heimild felld niður, enda var útflutningsgjald þá lækkað verulega og

reynt að afnema sem flest sérákvæði.

Síldarsöltun hefur algjöra sérstöðu að því er varðar umbúðakostnað. Tunnurnar eru fluttar inn og síðan út aftur nokkrum mánuðum seinna og eru þá að meðaltali nær fjórðungur af því verðmæti sem útflutningsgjald er lagt á. Tunnurnar sjálfar eru nær fjórðungur af því verðmæti, sem útflutningsgjaldið er lagt á samkv. þessu kerfi. Í öðrum greinum fiskvinnslu er umbúðakostnaðurinn innan við 3% af tekjunum. Einnig má nefna að síldarsöltunin keppir að nokkru leyti við frystingu um hráefni og munar þar miklu um umbúðakostnaðinn. Það er að vísu munur sem ræðst af ríkjandi aðferðum við framleiðslu, geymslu og flutning vörunnar, og hlýtur í sjálfu sér að vera brýnt verkefni að reyna að draga úr þessum kostnaði síldarsöltunarinnar á næstu árum. Hins vegar virðist ekki ástæða til að þessi munur aukist við álagningu útflutningsgjaldsins eins og nú er.

Kostnaður við hverja tunnu er nú nálægt 9 þús. kr., en einnig þykir rétt að leyfa frádrátt vegna kostnaðar við sérstök hjálparefni, svo sem krydd og sykur, og verður frádráttur þá alls 10 100 kr. á hverja saltaða tunnu. Útflutningsgjald af hverri tunnu lækkar við þetta um 505 kr. og bætir það afkomu síldarsöltunar að sama skapi.

Á s. l. hausti var útlit fyrir að afkoma síldveiða og síldarsöltunar yrði erfið á síldarvertíðinni í ár, og kom það fram í erfiðleikum við verðlagningu á síld innan Verðlagsráðs sjávarútvegsins og yfirnefndar þess. Í viðræðum við aðila í Verðlagsráði bentu fulltrúar síldarsaltenda á hinn mikla umbúðakostnað greinarinnar í samanburði við aðrar fiskvinnslugreinar og að óeðlilegt væri að sá munur kæmi einnig fram í álagningu útflutningsgjaldsins. Allir aðilar í Verðlagsráði voru sammála um þetta.

Það er nauðsynlegt að greiða fyrir síldveiðum og síldarsöltun, sem verið hefur vaxandi grein innan sjávarútvegsins frá því að síldveiðar hófust að nýju árið 1975. Til þess að svo megi verða taldi ég rétt að beita mér fyrir því, að þessi breyting verði nú gerð til lækkunar á útflutningsgjaldi, og í því skyni er þetta frv. flutt.

Hér er gert ráð fyrir að frádráttur frá fob-verðmæti saltsíldar vegna kostnaðar við umbúðir og sérstök hjálparefni verði heimilaður með ákvæði til bráðabirgða við lögin um útflutningsgjald og eingöngu bundinn við framleiðslu á síldarvertíð 1979. Með þessum hætti væri ekki tekið upp sérákvæði í meginmáli laganna, en tekið tillit til sérstöðu síldarsöltunar að því er varðar umbúðakostnað í ljósi erfiðrar afkomu í ár. Áætla má að lækkun útflutningsgjalds nemi alls um 90 millj. kr.

Nú er að hefjast útflutningur á þeirri síld sem hefur verið söltuð á þessum vetri, og þess vegna tel ég ákaflega mikilvægt að þetta frv., sem ég vænti að samstaða geti verið um, nái fram að ganga fyrir jól svo að það þurfi ekki á nokkurn hátt að standa í vegi fyrir eðlilegri afgreiðslu málsins til síldarsaltenda þegar útflutningur þeirra fer nú að hefjast.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 30). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru í haust þegar þing hafði verið rofið og kosningar ákveðnar í tvo daga. Efni brbl. var þríþætt. Í fyrsta lagi var nauðsynlegt vegna hins stutta tíma, sem var til kjördaga, að lengja þann tíma sem að lögum var til að skila framboði. Rann framboðsfrestur þannig út tveimur vikum og þremur dögum fyrir kjördag í stað fjögurra vikna og þriggja daga. Jafnframt varð að fresta því, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla gæti hafist. Hófst hún 22 dögum fyrir kjördag í stað 28 daga, en tími kjörstjórnar til að úrskurða framboð styttist þannig um einn dag.

Í öðru lagi var rýmkaður réttur kjósanda til að greiða atkv. utan kjörfundar, ef kjósandi hafði ástæðu til að ætla að veður eða færð mundi hamla honum að sækja kjörfund á kjördegi.

Í þriðja lagi voru sett ákvæði um framkvæmd kosninga í tvo daga og heimild til þriðja dags. Ákvæði þessi voru samin eftir hliðstæðum ákvæðum um haustkosningar 1942, 1949 og 1959.

Ekki er ástæða til að hafa fleiri orð um efni brbl. Ekki er kunnugt að efni þeirra hafi sætt gagnrýni. Hér er um að ræða liðin atvik sem ekki verða aftur tekin. Kosningar hafa farið fram og þrátt fyrir hrakspár tókst framkvæmd þeirra eftir öllum atvikum vel. Samkvæmt stjórnarskránni ber að leggja mál þetta fyrir Alþ. til meðferðar. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tel að hér sé ekki aðeins um þarflaust mál að ræða, heldur einnig óheppilegt. Hér er um það að ræða að Alþ. úrskurði það nú löglegt sem hæpið var að löglegt væri þá framið var. Víst sætti það gagnrýni, að efnt skyldi til kosninga í svartasta skammdeginu. Brbl. voru sett eftir að Alþ. átti þess nokkurn kost að leggja blessun sína yfir, víta eða gagnrýna efni brbl., svo sem eðli málsins býður. Ég vildi gjarnan flytja rökstudda dagskrá varðandi mál þetta og vísa því frá og mæli eindregið með því, að sá háttur verði nú upp tekinn vegna þess að of seint er að sakast um orðinn hlut, að hv. d. stuðli að því, að alþm. fái gleymt þessu máli í tímans rás með eðlilegum hætti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 4. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 32). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það til l. um eftirlaun aldraðra, sem hér er til umr., er nú lagt fyrir Alþ. sem stjfrv. í þriðja sinn. Á 100. löggjafarþingi hafði það hlotið afgreiðslu í Ed. þingsins, en stöðvaðist í Nd. eftir afgreiðslu þar við tvær umr. Frv. var einnig lagt fram á 101. löggjafarþingi, en kom þá ekki til

umr. af alkunnum orsökum.

Hér er á ferðinni mikið sanngirnis- og réttlætismál, eins og ég veit að hv. þm. gera sér allir ljósa grein fyrir. Nú, þegar rutt hefur verið úr vegi þeim ágreiningsefnum, sem varða fjárhagsákvæði frv. og urðu framgangi þess til trafala á s. l. vori, treysti ég því, að eftirleikurinn verði auðveldur og greiður.

Ég fylgdi þessu frv. úr hlaði í fyrravetur með ítarlegri framsöguræðu um aðdraganda þess og efni. Mun tæpast þörf svo gagngerrar umfjöllunar nú, enda efni frv. sjálfsagt ljóst í hugum þeirra sem hér áttu sæti á s. l. vetri, en framsaga mín frá þeim tíma aðgengileg í Alþingistíðinum hinum, sem ekki sátu á Alþ. þá. Þó þykir mér hlýða að gera stuttlega grein fyrir helstu efnisatriðum.

Rétt er að víkja þá fyrst að því, til hve margra hin nýju lífeyrisréttindi ná samkv. frv. Áætlað hefur verið að um s. l. áramót hafi fjöldi fólks 70 ára og eldra verið nálægt 14 700 hér á landi. Af þeim hópi eru nú um 6000 taldir njóta verðtryggðs lífeyris með beinum eða óbeinum hætti á grundvelli laga frá 1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum og hliðstæðra ákvæða í lögum um Lífeyrissjóð bænda. Um það bil 2400 hafa slík réttindi í lífeyrissjóðum hins opinbera og bankamanna. Eftir standa þá um það bil 6300 manns sem njóta ýmist engra eða mjög óverulegra réttinda. Þar af er áætlað að með þessu nýja frv. öðlist um 4500 manns verðtryggð lífeyrisréttindi beint eða óbeint.

Spyrja má hverjir standi þá enn utan þessa kerfis. Það eru samkv. framansögðu um það bil 1800 manns sem skiptast einkum í tvo flokka. annars vegar er fólk á aldursbilinu 70—75 ára sem enn stundar vinnu. Þetta er töluvert fjölmennur hópur sem nýtur fullra réttinda samkv. frv., en frestar einungis töku lífeyrisins. Hins vegar er fólk sem hefur ekki haft neinar tekjur, hvorki launatekjur né aðrar atvinnutekjur s. l. 15 ár. Auðvitað má um það deila, hvort átt hefði að reyna að ná einnig til þessa síðari hóps. En þá er þess að gæta, að lífeyrissjóðsgreiðslum er einkum ætlað það hlutverk að jafna þá röskun sem verður á högum manna er þeir hafa aflað tekna sér til lífsviðurværis, en missa þeirra svo skyndilega við þegar starfsorkan glatast fyrir aldurs sakir eða vegna örorku. Slík röskun verður ekki á högum þeirra sem engra tekna hafa aflað. Auk þess er óhjákvæmilegt að hafa einhverja viðmiðun til að byggja á útreikning um réttindaávinning. Er örðugt að sjá hvernig þar er hægt að ganga lengra en svo að miða við atvinnutekjur. Töluverður hluti þessa fólks er á dvalarheimilum, hjúkrunarheimilum eða sjúkrahúsum og nýtur þar í gegn verulegs stuðnings.

Ég vík þá næst að fjárhæð lífeyrisins. Hún ræðst að mestu af því, hve hárra tekna viðkomandi aflaði síðustu 15 árin áður en taka lífeyrisins hófst. Byggt er á sérstökum stigaútreikningi, þar sem deilt er í atvinnutekjur lífeyrisþegans hvert ár með svonefndum grundvallarlaunum ársins. Grundvallarlaunin eru árslaun samkvæmt 2 taxta Dagsbrúnar miðað við fast dagvinnukaup í 52 vikur og með fullri starfsaldurshækkun. Hafi raunverulegar tekjur lífeyrisþegans verið jafnar þessum viðmiðunarlaunum, fær hann eitt stig fyrir hvert ár eða samtals 15 stig. Stigin eru síðan margfölduð með 1.8 og fæst þá það hlutfall grundvallarlaunanna sem viðkomandi fær greitt mánaðarlega í lífeyri. Þannig gefa 15 stig 27% af grundvallarlaunum, sem eru nú 243 354 kr., eða 65 706 kr. á mánuði. Ef lífeyrisþeginn heldur áfram að vinna eftir 70 ára aldur, reiknast honum stig áfram þar til hann er orðinn 75 ára. Séu laun hans áfram hin sömu og grundvallarlaunin bætir hann við sig 5 stigum og á þá rétt til lífeyris sem er 36% af þessum grundvallarlaunum eða um 87 600 kr. á mánuði. Þessar upphæðir geta síðan hækkað eða lækkað eftir því hvort tekjur lífeyrisþegans voru hærri eða lægri en grundvallarlaunin þau ár sem stigaútreikningurinn miðast við.

Mikilvægt er að þessar lífeyrisgreiðslur skerða ekki eftirlaunin frá almannatryggingum í þeim tilvikum, þegar viðkomandi hefur engar aðrar tekjur en lífeyri og eftirlaun. Heildarráðstöfunarfé getur því orðið eftir samþykkt frv., sé miðað við einstakling, ellilaun 77 142 kr. á mánuði, tekjutrygging 70 857 kr. á mánuði og lífeyrir samkv. frv. 66—88 þús. kr. á mánuði til viðbótar, svo að algengt dæmi sé tekið. Ég ítreka það, að hér er átt við einstakling. Ráðstöfunarfé er þá orðið um 214—236 þús. kr. á mánuði. Verður að ætla að með þessum greiðslum sé þjóðfélagið búið að rækja með dágóðum sóma, a. m. k. miðað við það sem verið hefur, þá grundvallarskyldu sína að tryggja afkomuöryggi þeirra sem glata starfsorku sinni vegna aldurs eða örorku.

Frv. tekur ekki eingöngu til ellilífeyris. Það veitir rétt til örorkulífeyris, þegar orkutap er metið 40% eða meira, og einnig til makalífeyris, þ. e. lífeyris til eftirlifandi maka þess sem rétt átti til lífeyrisgreiðslna samkv. frv. eða hefði getað öðlast slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu. Réttindaávinningur samkv. frv. byggist á því, hverjar atvinnutekjur lífeyrisþegans væru. Með atvinnutekjum er átt við hvers konar launagreiðslur, en auk þess arð eða gróða sem sjóðfélaga hlotnaðist af atvinnu sinni. Skiptir þá ekki máli hvort unnið var við eigin atvinnurekstur eða í þjónustu annarra. Hlunnindi eru reiknuð á skattmatsverði. Gert er ráð fyrir að setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð. Aðstoð við atvinnurekstur hjóna telst hins vegar ekki til atvinnu í þessu sambandi, ef hún er eingöngu færð sem frádráttarliður á skattframtali.

Sú spurning vaknar sjálfsagt hjá ýmsum, hvernig unnt sé að afla upplýsinga um atvinnutekjur fólks allt að 15 ár aftur í tímann. Þetta er leyst þannig, að farið er eftir iðgjöldum sem hlutaðeigandi kann að hafa greitt til lífeyrissjóðs. Að öðrum kosti er stuðst við upplýsingar skattstjóra. Þegar fara þarf lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þriggja bestu áranna sem upplýsingar eru til um. Með þessum hætti fæst þó ekki meira en eitt stig fyrir hvert ár.

Allur lífeyririnn samkv. frv. er verðtryggður og hækkar ársfjórðungslega í samræmi við hækkun kauptaxta í landinu.

Unnt verður að fá samtímis fleiri en eina tegund lífeyris. Þannig getur maður notið samtímis makalífeyris eða elli- og örorkulífeyris, þó aldrei hærri upphæðar en sem svarar til 20 stiga. Hins vegar fellur niður greiðsla örorkulífeyris þegar ellilífeyririnn tekur við.

Greiðslur, sem menn kunna að eiga tilkall til frá einhverjum lífeyrissjóði og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði, koma til frádráttar lífeyri samkv. þessu frv. Tilgangur þess er ekki að veita mönnum margfaldan rétt, heldur að tryggja ákveðin lágmarksréttindi.

Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn eða eitt samræmt lífeyriskerfi er auðvitað lokatakmarkið. Líta ber á þetta

frv. sem áfanga að því marki, vissulega stóran og mikilsverðan áfanga. En lokatakmarkinu verður tæplega náð fyrr en að 1—2 árum liðnum. Það er vandasamt verk og viðkvæmt, sem ekki má rasa að.

Ég ætla þá að víkja að fjárhagsákvæðum frv. Ágreiningsefnin varðandi þau voru þríþætt þegar frv. var til umræðu s. l. vor. Laut hið fyrsta að hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í fjármögnun hinna nýju lífeyrisgreiðslna. Var að þeirri tilhögun fundið nema til kæmu lagfæringar á tekjustofnun sveitarfélaga og það eins þótt fullgild rök standi til nokkurrar aðildar sveitarfélaganna að þessu máli. Úr þessu var bætt með þeim hætti, að Jöfnunarsjóði var fengin hlutdeild í þeirri hækkun söluskatts sem ákveðin var með brbl. nr. 73 frá 10. sept. 1979. Áætlað er að þessar nýju söluskattstekjur Jöfnunarsjóðs nemi um 800 millj. kr. á næsta ári, en útgjöld hans aukist hins vegar um 450 millj. vegna eftirlaunanna. Er þá reyndar við það miðað, að fram sé kominn allur kostnaður af hinum nýju lífeyrisréttindum. Í raun mun það hins vegar verða smám saman og á nokkuð löngum tíma. Þessar tölur um tekjur og útgjöld Jöfnunarsjóðs eru í báðum tilvikum miðaðar við kauplagsforsendur fjárlagafrv.

Í öðru lagi varð ágreiningur um þá tilhögun, að lífeyrissjóðir á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og vinnuveitenda greiddu 1% af iðgjaldatekjum sínum til að kosta hinar nýju lífeyrisgreiðslur. Það framlag svarar til um 150 millj. kr. á næsta ári. Andmæli komu fram hér í þinginu við þessa tilhögun, og henni var eindregið mótmælt í bréfi sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins aðrir en BSRB og fulltrúi Landssambands lífeyrissjóða sendu sameiginlega til formanns heilbr.- og trn. Ed. hinn 27. apríl s. l. Í því bréfi var m. a. vitnað til þess, að samkomulag það, sem þessir aðilar gerðu árið 1976 og endurnýjuðu ári síðar, um að leggja 4% iðgjaldatekna sinna í sameiginlegan sjóð til að standa undir verðbótum á lífeyri, væri sjóðunum þungur baggi og hefði óheppileg áhrif á stöðu þeirra til lengri tíma litið.

Einnig var á það bent, að verðtryggingin legðist mjög misþungt á hina einstöku sjóði, þannig að sumir þeirra þyrftu að kosta til hennar fast að þriðjungi allra iðgjaldatekna sinna á þessu ári. Var áréttuð nauðsyn þess, að meiri samhjálp kæmi til milli allra sjóðanna til að leysa þennan vanda. Í viðræðum við fulltrúa þessara aðila nú í haust varð svo samkomulag um það, að fallið yrði frá ráðgerðu framlagi þessara lífeyrissjóða til hinna nýju eftirlauna, þess í stað gengi tilsvarandi fjárhæð til sameiginlega sjóðsins til greiðslu lífeyrisuppbótarinnar til viðbótar þeim 4% sem sjóðirnir greiða þangað nú. Hefur fjárhagsákvæðum frv. verið breytt til samræmis við þetta samkomulag.

Þriðja og síðasta ágreiningsefnið varðandi fjárhagsákvæðin var loks sú aukna hlutdeild Atvinnuleysistryggingasjóðs í lífeyrisgreiðslunum sem gert var ráð fyrir í frv., en honum var ætlað að leggja fram jafnháa fjárhæð og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir, eða sem svarar 450 millj. kr. á næsta ári. Er þá enn miðað við kauplagsforsendur fjárlagafrv. Gert var ráð fyrir að þessar greiðslur kæmu til viðbótar þeim kostnaði, sem Atvinnuleysistryggingasjóður ber nú samkv. lögum nr. 63 frá 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Þessum auknu álögum á Atvinnuleysistryggingasjóð var mótmælt hér á Alþ., og í lífeyrisnefndinni hafa fulltrúar ASÍ, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og vinnuveitenda bent á, að hvorki samrýmast þessi útgjöld tilgangi sjóðsins né sé hann fær um það fjárhagslega að bæta þeim á sig. Er í því sambandi einkum vísað til þeirra miklu útgjalda sem sjóðurinn hefur nú af greiðslu fæðingarorlofs.

Það er engum vafa undirorpið, að sú staðhæfing er hárrétt, að Atvinnuleysistryggingasjóður sé þess ekki umkominn að bæta á sig nýjum byrðum. Útgjöld sjóðsins eru talin verða um 2509 millj. kr. á þessu ári, en þar af er fæðingarorlofið eitt sér um 800 millj. kr. eða stærsti einstaki útgjaldaliðurinn. Tekjur hans virðast hins vegar hafa verið stórlega ofáætlaðar í fjárlögum þessa árs. Endurskoðun þeirra bendir til að þær verði aðeins um 2732 millj., eða 223 millj. umfram útgjöld. Þá hafa hins vegar verið taldar til tekna innheimtar afborganir af lánum sjóðsins að fjárhæð 362 millj. Benda þessar áætlanir því til þess, að höfuðstóll hans gæti skerst á árinu um sem næst 139 millj. kr. Að vísu er höfuðstóll sjóðsins stór, var tæpir 8 milljarðar um s. l. áramót. Engu að síður er það mikið alvörumál, að á hann skuli ætla að ganga nú í ár þegar atvinnuástand hefur verið með allra besta móti. Er það skoðun mín, að ekki verði skotið á frest öllu lengur að létta fæðingarorlofinu algerlega af honum og þá samfara því að lögfestur verði réttur allra kvenna hér á landi til fæðingarorlofs, eins og Alþ. hefur margsinnis ályktað um, en það mál er nú til athugunar hjá ríkisstj. Enn ríkari verður þörfin fyrir að bæta stöðu sjóðsins þegar lokið verður endurskoðun löggjafarinnar um sjóðinn sjálfan, en hún er nú vel á veg komin. Er óhjákvæmilegt að sú endurskoðun leiði til verulegra breytinga og rýmkunar á bótaákvæðum hans.

Af því, sem ég hef nú sagt, má ljóst vera, að þörf er víðtækrar endurskoðunar á málefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs sem tengist tveimur stórverkefnum öðrum: endurskoðun laga um sjóðinn sjálfan og lögfestingu almenns fæðingarorlofs. Mjög er hins vegar brýnt að hraða afgreiðslu eftirlaunafrv. Hafa formenn þingflokkanna og forsetar deilda tekið vel í þau tilmæli mín að heimila nauðsynleg afbrigði til að frv. hljóti afgreiðslu fyrir jólafrí þingsins. Er ég ákaflega þakklátur fyrir þær vinsamlegu undirtektir. Það væri vissulega vegleg jólagjöf Alþingis til þessa réttindalitla fólks, ef frv. yrði að lögum í þessari viku.

Af því leiðir hins vegar það, að gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði verður við það að sitja að sinni, að ríkisstj. ábyrgist að af honum verði létt öðrum byrðum að sama skapi og útgjöld hans til eftirlauna aukast við samþykkt þessa frv., eins og áréttað er í aths. með frv. Fyrrv. ríkisstj. hafði einnig gert samþykktir sem gengu í sömu átt og reyndar lengra.

Ég vil að síðustu minna á að samhliða afgreiðslu þessa frv. er nauðsynlegt að koma á skylduaðild allra að lífeyrissjóðum. Hefur nú verið gengið frá frv. um það efni sem rætt hefur verið og samþykkt í 8 manna lífeyrisnefnd aðila vinnumarkaðarins. Mun ég leggja það fyrir strax er þing kemur saman aftur að loknu jólafríi. Jafnframt er þá að vænta af hálfu fjmrh. sérstaks frv. til l. um svonefndan biðreikning lífeyrisréttinda eða Almenna lífeyrissjóðinn, eins og til greina hefur komið að nefna hann, þar sem opnuð verður leið til lífeyrisaðildar fyrir alla þá sem ekki fá fullnægt tryggingaskyldu sinni með aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

Herra forseti. Ég legg að lokum til að frv. verði að

lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. um eftirlaun til aldraðra lá fyrir á 100. löggjafarþingi og fór í gegnum Ed. og til n. í Nd. Sú n. klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. n., fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl., afgreiddi nál. jákvætt og lagði áherslu á að greiðslubyrðum yrði létt af Atvinnuleysistryggingasjóði áður en ákvæði þessa frv. kæmu til framkvæmda. Ákvæði til að tryggja það var fellt inn í frv. í meðferð málsins í Ed., en í því ákvæði kom fram að lagt verði fram frv. sem létti greiðslubyrðar Atvinnuleysistryggingasjóðs og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna áður en frv. um eftirlaun kæmi til framkvæmdar.

Áður en ég held lengra vil ég minna á að þetta mál var samningsmál á milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar í samningunum 1977 og var öllum aðilum ljóst að undirbúningur að því máli tæki nokkurn tíma. Sú nefnd, sem starfaði að því, skilaði ekki áliti fyrr en önnur ríkisstj. var komin, fyrrv. hæstv. ríkisstj. Sú stjórn náði ekki samkomulagi sín á milli um hvernig ætti að afgreiða þetta mál. Samt var málið lagt hér fram á Alþ. og það fór í gegn í Ed. með atkv. flestra þm. með því að taka upp það ákvæði til bráðabirgða, að fyrir 1. jan. 1980 skuli ríkisstj. leggja fram frv. til l. sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna. Undir þetta nál. skrifa sex nm. í Ed. — einn nm. var fjarverandi endanlega afgreiðslu málsins — eða fulltrúar allra þeirra flokka sem þm. eiga á Alþ. Var því talið, þegar málið kom til 1. umr. í Nd. og hæstv. ráðh. fylgdi því úr hlaði, að þetta mál ætti tiltölulega greiða leið í gegnum þingið. Ég tók þá til máls á eftir ráðh. og ræddi þetta mál mjög ítarlega og efnislega og gerði þær aths. í sambandi við fjáröflunarhlið málsins sem ég hef aðeins minnst á eins og aðrir. Ég taldi mig fyrir mitt leyti geta fylgt frv. og afgreiðslu þess þannig að það yrði að lögum á vordögum 1979 og gæti tekið gildi 1. jan. 1980 og tíminn, sem liði fram að gildistöku laganna, yrði því ætlaður til þess að leggja fram frv. til að létta greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og sömuleiðis á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggja þeim nýja tekjustofna. Mér finnst ekki þessi lausn liggja svo ljós fyrir sem hæstv. ráðh. lætur í veðri vaka, og ég held að það hefði verið hyggilegra að afgreiða þetta frv. á s. l. vori, og mér er enn þá óskiljanlegt hvernig á því stóð, að fulltrúar Alþb. og fulltrúi Framsfl. í heilbr.- og trn. Nd. snerust öndverðir gegn afgreiðslu frv. á s. l. vori og vildu alls ekki lögfesta það fyrr en þessi ákvæði væru leyst um fjáröflun til sjóðsins. En nú þegar komið er að því og ætlast til að lögin taki gildi eftir örfáa daga, þá virðist allt vera í lagi og þá þarf engan undirbúning.

Ég spyr: Af hverju liggur ekki fyrir endurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingasjóð? Þegar ég var heilbr.- og trmrh. skipaði ég nefnd, fulltrúa launþega, vinnuveitenda og rn., undir forustu hæstaréttardómara til að endurskoða þessi lög. Ég sá einhvern tíma í blaðagrein, að núv. hæstv. ráðh. hafi leyst þessa nefnd frá störfum. Ég spyr nú í þessu sambandi: Hvernig stóð á því? Var einhverjum öðrum falin endurskoðun þessa lagafrv. og er að því komið að það verði lagt fram? Hér segir í aths. við þetta lagafrv., að staða Atvinnuleysistryggingasjóðs sé slík, að hann sé ekki fær um að bæta á sig frekari álögum, og að útgjöld þau, sem hér um ræðir, samrýmist ekki tilgangi sjóðsins. Ríkisstj. hefur á hinn bóginn talið eðlilegt að fjárhagur sjóðsins yrði styrktur með því að öðrum útgjöldum yrði létt af sjóðnum að sama skapi, og mun frv. þess efnis lagt fram á Alþ. innan skamms. Um hvað fjallar það frv.? Mér er forvitni á að vita um hvað frv. fjallar. Hver eru ákvæði þess? Þessi mál eru auðvitað svo skyld að ástæða er til þess að spyrja um það núna.

Ágreiningurinn um hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í lífeyrisgreiðslum samkv. till. þess frv., sem hæstv. ráðh. var að fylgja hér úr hlaði, hefur verið jafnaður, að því er hann segir, að ákveðið hefur verið að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái hlutdeild í þeirri hækkun söluskatts sem ákveðin var með brbl. Telja sveitarfélögin að með þeirri auknu hlutdeild hafi þau aðeins fengið fjármuni til þess að mæta auknum útgjöldum vegna þessa frv., en ekki uppbót á því, hvað þeirra tekjur hafa verið rýrðar að undanförnu með því að fella niður söluskatt af ákveðnum vörum, eins og allir vita? Ég sagði hér í fyrravor, að ég teldi að sveitarfélögin hefðu svo mikinn ávinning af þessu frv., að þau gætu einnig tekið á sig töluverð útgjöld, og vildi þar af leiðandi ekki taka nema að takmörkuðu leyti tillit til þeirra í þessum efnum. Mér finnst miður að þetta frv. skuli hafa dagað uppi með þeim hætti sem raun varð á í vor, vegna þess að hér er um samningsmál að ræða, og það er alveg sama þó að önnur ríkisstj. og meira að segja sú þriðja sé tekin við. Þá er samningur samningur þrátt fyrir það, og það ber að standa við samninga. En mér finnst málið bera ákaflega seint að. Það er tekið hér með miklum asa til umr. og ætlast til þess, að það sé afgreitt með þessum viðamiklu breytingum sem maður verður að fá frekari skýringar á. Ég er, eins og ég hef verið, ákveðinn stuðningsmaður lagasetningar um eftirlaun til aldraðra. Eins og ég vildi á s. l. vori lögfesta þetta frv., þá get ég auðvitað ekki annað en verið sjálfum mér samkvæmur með því að hraða sem föng eru á afgreiðslu þessa máls, þó að mér sé ljóst að því sé stefnt í allmikla tvísýnu, ef það á að vera tilbúið í þessari viku og fara í gegnum sex umr. og tvær n. í hv. Alþ. Eg mun ekki fyrir mitt leyti leggjast á málið, nema síður sé, en ýmsar skýringar á fjárhagshlið málsins óska ég eftir að fá.

Ég ætla ekki að tefja umr. hér í d., því að eins og ég sagði áðan vil ég á engan hátt bregða fæti fyrir málið, heldur reyna eins og hægt er að hraða afgreiðslu þess.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því frv., sem hér er lagt fram, og undirstrika það, að framsóknarmenn eru hlynntir samþykkt þess. Það hefur birst á ýmsa vegu. M. a. liggur það fyrir, að í fjárlagafrv. því, sem Tómas Árnason lagði fram hér í haust, var gert ráð fyrir 500 millj. vegna þessa, og jafnframt kom fram í stefnuræðu þáverandi forsrh., að hann væri hlynntur því, að þetta frv. næði fram að ganga. Það er því á misskilningi byggt hjá hv. 1. þm. Vestf., að framsóknarmenn hafi staðið eða standi gegn þessu frv.

Það er aftur á móti rétt, að um leið og þetta frv. kemst til framkvæmda þarf að gera hliðarráðstafanir, og kom bæði fram hjá ráðh. og einnig hv. 1. þm. Vestf. að svo væri. Og vissulega hefði verið æskilegt að þær hliðarráðstafanir lægju fyrir hér í frv.-formi til að auðvelda mönnum að átta sig á þeim. En engu að síður, þó að svo sé ekki, þá styður Framsfl. það að þetta frv. verði að lögum, og ég vona að það geti orðið að lögum fyrir áramót.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti, hv. deildarþm. Ég vil fyrir hönd míns flokks lýsa því yfir, að að mörgu leyti fögnum við þessu framkomna frv. um eftirlaun til aldraðra, en ég hlýt að gera tvær aths. við það sem fram kom í máli hæstv. heilbr.- og trmrh. áðan.

Í fyrsta lagi, ef ég misskildi ekki mál ráðh., kom það fram, að hann gerði ráð fyrir að þeir, sem koma til með að njóta þessara eftirlauna, fái jafnframt óskerta tekjutryggingu. Ef svo ætti að vera hlýtur að þurfa að gera breytingu á 19. gr. laga um almannatryggingar.

En það er kannske annað sem ég hef meiri áhyggjur af, eins og 1. þm. Vestf. kom reyndar inn á áðan, og það er fjármögnun þessara eftirlauna. Mig langar að gera lítillega grein fyrir hvernig útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs skiptust á árinu 1978, ef það mætti aðeins lýsa þeim erfiðleikum sem sjóðurinn hlyti að lenda í ef þetta yrði að lögum án þeirra hliðarráðstafana sem hér hefur verið talað um.

Árið 1978 varð hlutur atvinnuleysisbóta úr sjóðnum 27% af öllum útgjöldum sjóðsins, eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum voru 26%, kauptrygging 5%, en fæðingarorlof 36%. Þetta gerir samtals 94% af útgjöldum sjóðsins. Þá eru eftir smámunir eins og framlag til Kjararannsóknarnefndar o. fl. Er því afar erfitt að sjá hvernig sjóðurinn á hugsanlega að bæta á sig nýjum útgjöldum. Minna má á tilgang Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem byggir á samningi atvinnurekenda og launþega um að greiða sameiginlega í sjóð til þess að tryggja bætur ef ekki er hægt að útvega launþegum vinnu.

Mér er alveg ljóst, að hæstv. heilbr.- og trmrh. er einlægur í þeim vilja sínum að þetta frv. verði að lögum, og það erum við kannski öll. En ég hlýt að minna á það, að hann lofaði því beinlínis áðan, að tryggt yrði að almannatryggingar tækju við greiðslu fæðingarorlofs. Til þess að menn átti sig ofurlítið á stærð þess máls er rétt að upplýsa að 30. sept. á þessu ári var upphæðin, sem greidd hafði verið í fæðingarorlof úr Atvinnuleysistryggingasjóði, 515 millj. kr. og er áætluð um 750 millj. á þessu ári, svo að hér er um veruleg útgjöld að ræða. Og ef ég misskil ekki það sem stendur í framlögðu fjárlagafrv. fæ ég ekki séð að gert sé ráð fyrir þessum útgjöldum þar. Ég vona að það verði ekki talin óeðlileg tortryggni að óska eftir frekari upplýsingum um við hverju megi búast í því efni, hvort sé alveg öruggt að við sjáum fyrir endann á þessum útgjöldum á öðrum stað, þ. e. vegna fæðingarorlofs. Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni, að mér finnst þessar greiðslur ekki verkefni Atvinnuleysistryggingasjóðs. Eins og hv. 1. þm. Vestf. minntist á áðan, er ástæðan fyrir þeim mótmælum, sem fram komu hjá verkalýðshreyfingunni, auðvitað sú, að hreyfingin telur þetta ekki verkefni Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég held að það verði að koma skýrt fram. Og ég taldi skyldu mína að lýsa þeirri skoðun minni hér, þar sem ég á sæti í heilbr.- og trn. sem væntanlega fær málið til meðferðar. Ég mun að sjálfsögðu greiða því atkv. að málið verði sent til 2. umr. En ég óska eftir að hæstv. heilbr.- og trmrh. skýri fyrir okkur hversu öruggt það er, að þessir fjármunir komi í kassa Tryggingastofnunar ríkisins.

Það skal upplýst að lokum, að tekjuafgangur Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. rekstrarreikningi var að vísu 1.7 milljarðar á árinu 1978, en af því verður sjóðurinn að kaupa verðbréf skv. sérstökum lögum fyrir nær allt framlag ríkisins eða 1 milljarð.

Að öðru leyti fagna ég að sjálfsögðu þessu framkomna frv. og mun styðja það, ef fjármunir til þeirra greiðslna sem hér eru lagðar á Atvinnuleysistryggingasjóð, verða einhvern veginn tryggðir og helst verði þeir peningar fundnir annars staðar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er aðeins stutt aths. við þau orð sem hv. 5. þm. Vestf. lét falla hér áðan. Ég ætla ekki að tefja umræður um þetta frv., það kemur til nefndar sem ég á sæti í, en ég tel það engan misskilning sem ég sagði áðan. Ég sagði aldrei að Framsfl. hefði verið á móti þessu frv. Ég tók það einmitt greinilega fram, að það var samhljóða afgreiðsla í Ed. á þessu frv., af þingmönnum úr öllum flokkum. Ég hélt að þetta hefði verið ósköp auðskilið. Hins vegar gat ég um það, að þegar málið var komið á síðasta stig, afgreiðslu úr nefnd í seinni deild, vildu fulltrúar tveggja flokka vísa málinu til ríkisstj. og fulltrúi annars þessa flokks var nefndarmaður Framsfl. Þetta þýðir ekki að ég hafi sagt að Framsfl. sé á móti eftirlaunum til aldraðra, ég er alls ekki að gera honum upp þá skoðun.

Þetta vildi ég að kæmi fram. Ég vildi ekki láta það sjást í þingtíðindum að ég hefði ekki skilið gang mála á síðasta þingi og þyrfti leiðbeiningu frá þessum hv. þm. Þess vegna kom ég nú upp í ræðustólinn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Í sambandi við það mál, sem hér er til umræðu, þykir mér rétt að drepa á nokkur atriði.

Eins og fram hefur komið hér í umræðunum var þetta mál lagt fram síðustu daga Alþingis á s. l. vori og kom fyrir Ed. Það, sem vakti athygli okkar sem höfðum áhuga fyrir því að þetta mál fengi góða afgreiðslu gegnum Alþingi, var að þessu stjfrv. fylgdi strax í upphafi mjög mikið af mótmælum. Mótmælin voru fyrst og fremst frá lífeyrissjóðum launþega í landinu, sem vildu ekki fallast á þá skyldu sem upprunalega frv. lagði þeim á herðar, og enn fremur frá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Var því vandi á höndum að afgreiða á svo stuttum tíma svona mikilvægt mál, sem allir viðurkenndu, á þann veg að vel gæti farið.

Ed. reyndi að ná samstöðu um málið og það tókst, eins og hér hefur komið fram. En afgreiðslan var háð vissum ákvæðum sem fylgdu afgreiðslu þess frá Ed. til Nd. Og ákvæðin voru þau, að fyrir 1. jan. 1980 átti ríkisstj. að leggja fram frv. til l. sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggði þeim nýja tekjustofna. Þannig afgreiddi Ed. málið til Nd. Þá var stuttur tími til stefnu, og kemur fram í nefndarálitum bæði meiri og minni hluta Nd. í sambandi við málið, að ágreiningur var ekki um eðli málsins. Það var ekki um það að ræða, að einhverjir aðilar vildu málið feigt. Allir voru sammála um að þetta væri réttlætismál, mikið réttlætismál, sem yrði að ná fram að ganga í þjóðfélaginu, því að allir viðurkenna, að 3—4 þús. aðilar í landinu bíða eftir afgreiðslu þessa máls. En það, sem gerði þetta erfitt, var einmitt mótstaða fulltrúa ASÍ, lífeyrissjóða og Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem sáu fulla ástæðu til að benda á því, að unnt yrði að fjármagna þetta ágæta mál fyrir 1. jan. Og ég vil vekja athygli á því, sem hér hefur reyndar komið fram, að lögin áttu ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1980, þannig að tími var til að lagfæra þennan þátt, fjármögnunarþáttinn.

Ég ætla ekki að fara að rifja hér upp afgreiðslu á vorþingi. Sjálfsagt hafði minni hluti heilbr.- og trn. mikið til síns máls, enda er álit minni hluta nærri samhljóða áliti meiri hluta í málinu. Ég vil leyfa mér að lesa hér upp niðurlag nál. minni hlutans, en þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Minni hlutinn vill enn fremur bent á að við gerð kjarasamninganna 1977 varð loforð um eftirlaun aldraðra til þess að greiða fyrir samningum. En þegar slíkt frv. birtist er reikningurinn sendur til sjóða verkalýshreyfingarinnar. Minni hlutinn harmar að í aths. frv. skuli vera rangfærslur sem virðast settar þar í áróðursskyni, en ekki upplýsinga. Að lokum vill minni hlutinn leggja ríka áherslu á að sem fyrst verði unnið að undirbúningi að framkvæmd málsins og eðlilegri fjáröflun til þess. Í trausti þess, að svo verði gert, til þess að þetta mikla réttlætismál megi koma til framkvæmda, leggur minni hlutinn til að frv. verði vísað til ríkisstj."

Undir þetta skrifuðu Einar Ágústsson, sem var formaður n., Garðar Sigurðsson og Bjarnfríður Leósdóttir.

Ég ætla ekki að rekja þetta mál hér meira, en framhald þess var einfaldlega það, að hæstv. ráðh. skipaði þriggja manna nefnd til þess að tryggja að málið yrði undirbúið nægjanlega vel fyrir haustþingið svo að hægt yrði að ná samþykkt þess fyrir væntanlega gildistöku laganna 1. jan. n. k. Og það vildi svo til, að ég átti sæti í þessari nefnd ásamt Hrafni Jóhannssyni og aðstoðarmanni ráðh., Georg Tryggvasyni. Um þetta mál var fjallað í nefndinni og það, sem hér kemur fram í stjfrv. nú, er að nokkru leyti sá árangur sem náðist. Það náðist samkomulag við fulltrúa lífeyrissjóðanna í landinu. Og þannig er það að hluta til tryggt, að hægt verður að afgreiða málið.

Ég vil benda á það, sem hér hefur komið fram, að í fjárlagafrv. 1980 er gert ráð fyrir 500 millj. til þessa máls, og einnig er gert ráð fyrir því í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1980.

Ég harma það, að þetta mál var gert að vissu áróðursefni í kosningaslagnum sem nú er nýafstaðinn. Og það var leiðinlegt að þurfa að hlusta á það, að vissir aðilar gerðu sér leik að því að reyna að sverta ákveðna stjórnmálamenn og ákveðna flokka í svona sjálfsögðu máli sem allir eru sammála um. Málið er mjög mikilvægt, og ég tel að okkur sé sómi að því að reyna að finna skynsamlega fjáröflunarleið og tryggja það, að lögin verði meira en pappírsgagn, með því að leita samstöðu um að fjármagna svona mikilvægt mál.

Ég vil einnig taka undir það, sem kom fram hér hjá hv. 1. þm. Vestf., að það er alveg brýn nauðsyn að hraða endurskoðun laganna um Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er enn fremur brýn nauðsyn, að staðið verði við þá samþykkt, sem gerð var á síðasta Alþingi, að taka lögin um almannatryggingar til heildarendurskoðunar. Og einmitt í því sambandi bentum við framsóknarmenn, sem stóðum að þeirri þáltill. sem samþykkt var á síðasta Alþ., á mikilvægi þess, að almannatryggingalögin væru tekin til endurskoðunar í þeim tilgangi fyrst og fremst að þau tryggðu þá sem mest þurfa á samfélagslegri aðstoð að halda í þjóðfélaginu. Og við bentum þar m. a. á nauðsyn þess, að einmitt þessi þáttur [fæðingarorlofið] sem við teljum sjálfsagt öll að eigi að taka til allra fæðandi kvenna í landinu, yrði færður undir almannatryggingalögin. Þess vegna vil ég taka undir það, sem kom fram áðan, að það er brýn nauðsyn að endurskoðun þessara laga verði framkvæmd. Þá leysum við mörg mál í einu lagi í sambandi við samfélagslega aðstoð.

Ég vil svo enda þetta með því að endurtaka það, sem hér hefur komið fram, að við framsóknarmenn hér á Alþ. viljum stuðla að því, að þetta frv. verði að lögum nú á þessum dögum fyrir jólin, svo framarlega sem tæknilega er hægt að koma því við. Við munum þess vegna greiða götu þess hér á hv. Alþingi.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég er innilega sammála hv. 1. þm. Vestf. um að samningar eru samningar og þá ber að virða. Hann spurði hvað liði endurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingasjóð. Um það er þetta að segja:

Formaður nefndarinnar tilkynnti mér s. l. vetur — eða s. l. vor — að nefndin væri sigld í strand, ekkert útlit væri fyrir samkomulag og frekari nefndarstörf þýðingarlaus. Í framhaldi af því leysti ég nefndina upp, en fól formanni hennar að setja saman heillegt frv. til l., þar sem tekið væri tillit til sem allra flestra sjónarmiða sem komið hefðu fram í nefndinni. Síðan hafði ég hugsað mér að hafa samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og þá aðra aðila, sem málið snerti, og reyna sem sagt að fá sem allra víðtækast samstarf um þessa breytingu.

Um efni slíks frv. get ég ekki rætt nú. Þó get ég sagt það, að allir eru sammála um að fæingarorlofið eigi að fara út úr Atvinnuleysistryggingasjóði og yfir á almannatryggingar. Enn fremur eru allir sammála um að bætur sjóðsins verði endurskoðaðar þannig að þær verði verulega rýmkaðar.

Hv. 1. þm. Vestf. minntist einnig á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, hvort honum yrði nægilega bætt aukið álag sem af þessum lögum hlýst. Þátttakan í 2% aukningu söluskatts s. l. haust gerir talsvert betur en að mæta þeim auknu álögum sem nú er verið að leggja á sjóðinn. Hitt er rétt, að það er ekki búið að bæta honum upp að fullu það sem hann tapaði í sept. 1978 þegar söluskattur af matvælum var afnuminn. Það vantar nokkuð á að búið sé að bæta honum það upp, þannig að heildarútkoman er nokkur mínus hjá sjóðnum þó að mestur hluti tapsins hafi verið bættur.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir taldi að að óbreyttum lögum mundi fólk ekki njóta óskertrar tekjutryggingar. Í fyrra kom málið þannig út, að einstaklingur, sem hafði engar aðrar tekjur en þessi eftirlaun sem við erum að tala um hér, hefði haft óskerta tekjutryggingu. Lítils háttar skerðing var aftur á móti hjá hjónum ef þau höfðu bæði rétt í þessum sjóði. Nú er það rétt hjá hv. þm., að eins og tölurnar eru í dag mundi þetta fólk lenda uppi undir þakinu. En á það ber að líta, að þessi mörk, tekjutryggingarmörkin, bæði efri og neðri mörk, eru endurskoðuð, einu sinni á ári, og þau þarf nú að endurskoða og munu þá líklega hækka um nálægt 50%, þannig að þá kemst fólkið aftur undir þessi mörk ef um engar aðrar tekjur er að ræða.

Endurskoðun laga um almannatryggingar er í gangi, gengur kannski ekki nógu hratt. Það er flókið mál, en er í gangi, og líka þar er reiknað með að fæðingarorlofið verði fært frá Atvinnuleysistryggingasjóði yfir á almannatryggingar. Og reyndar er tilbúið frv., sem að því lýtur, og meginefni þess er að allar konur eigi rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs, sem megi að hluta til skipta milli eiginmanns og eiginkonu, og hafi fullar dagvinnutekjur fyrir það tímabil. Atvinnurekandinn á að greiða það, en fær endurgreitt hjá Tryggingastofnun

ríkisins sem nemur sjúkradagpeningum. Heimavinnandi konur eigi aftur á móti að fá sjúkradagpeningana eina.

Þetta er auðvitað mikið fjárhagsmál, ekki bara hjá ríkissjóði, heldur líka hjá atvinnurekendum, og þess vegna er verið að ræða það bæði við aðila vinnumarkaðarins og eins innan ríkisstj., þannig að ég get ekki fyllyrt hvernig það mál endar. En ég get þó fullyrt það, að allir eru sammála um að þessum auknu álögum á Atvinnuleysistryggingasjóð verði létt af honum. Fyrrv. ríkisstj. gaf út stefnu um það, bókaði það, að hún ætlaði sér að láta allt fæðingarorlofið fara út úr sjóðnum. Núv. ríkisstj. hefur aftur á móti fullyrt — eða fullyrðir í aths. með þessu frv. — að af honum verði létt jafnmiklu og á hann verði bætt. En eins og ég sagði í framsögu verður fæðingrorlofið — það er mitt mat — að fara út af sjóðnum, bæði til þess að auðvelda honum hans almennu störf og til þess að auðvelda honum að rýmka bætur.

Ég vil þakka öllum þeim þm., sem tekið hafa til máls, fyrir góða móttöku, frv., og ég vil endurtaka þakklæti mitt til þingflokksformanna og forseta Alþingis fyrir það, að þeir ætla sér að freista þess að koma málinu í gegn nú fyrir jólafrí.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Efri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 16, n. 45). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Iðnn. hefur tekið til meðferðar frv. það, sem hér er til umr., og haldið þrjá fundi til þess að ræða málið. Á fund n. komu iðnrh. og rafmagnsveitustjóri ríkisins til þess að ræða um frv. við okkur.

Þess vil ég geta, að á fund n. komu einnig bæjarstjóri og rafveitustjóri frá Siglufirði. Þeir lýstu fjárhagserfiðleikum hjá Rafveitu Siglufjarðar og óskuðu eftir að bætt yrði úr þeim vanda með því að veita Rafveitu Siglufjarðar hlutdeild í ráðstöfunarfé því sem verðjöfnunargjaldið gefur. Nm. töldu ekki fært að gera þetta að tillögu sinni. Hins vegar telja nm. ljóst, að Rafveita Siglufjarðar eigi við fjárhagserfiðleika að etja, og leggja til að stjórnvöld aðstoði við að leysa þann vanda með sérstökum aðgerðum.

Þá vil ég og geta þess, að n. barst bréf frá Sambandi ísl. rafveitna sem felur í sér mótmæli gegn verðjöfnunargjaldinu. Í þessu bréfi er þó tekið fram að það sé ljóst, að leysa þurfi fjárhagsvanda fyrirtækja þeirra sem gjaldsins njóta, þ. e. Rafmagnsveitna ríkisisn og Orkubús Vestfjarða. Og það er enn fremur tekið fram í bréfinu og vitnað til þess, sem stjórn Sambands ísl. rafveitna hefur sagt áður, að hún telji að leysa beri fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestjarða á annan hátt en með verðjöfnunargjaldi, m. a. með beinum framlögum úr ríkissjóði, eins og segir í bréfi þessu. Þá segir í bréfi þessu að Kristján Jónsson og Hafsteinn Davíðsson taki fram, að þeir teysti sér þó ekki til að mótmæla gjaldi þessu, þ. e. verðjöfnunargjaldinu, meðan ekki koma til aðrar lausnir á fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en þeir menn, sem þarna eru tilgreindir, eru fulltrúar Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í stjórn Sambands ísl. rafveitna.

Það varð niðurstða n., að hún mælir með samþykkt frv. Tveir nm. skrifa undir nál. með fyrirvara.

Þetta frv., sem hér um ræðir, er framlenging á lögum um verðjöfnunargjald af raforku. Hér er um að ræða 19% verðjöfnunargjald og að því verði skipt á milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða þannig að Rafmagnsveiturnar hljóti 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%. Þetta er óbreytt frá gildandi lögum.

Í frv. þessu segir að verðjöfnunargjaldinu skuli varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Þetta orðalag hefur verið í þessum lögum frá því að þau voru fyrst sett í þessu formi árið 1974. Það hefur verið litið svo á, að þetta orðalag rúmaði bæði það, að þetta fé, sem kemur inn fyrir verðjöfnunargjaldið, væri beinlínis notað til þess að lækka taxta viðkomandi orkufyritækja, og svo óbeinlínis — með því að bæta fjárhag þeirra — þá er að sjálfsögðu dregið úr fjármagnskostnaði þeirra og skapaður grundvöllur fyrir lægra orkuverð. Þessi skilningur hefur verið á framkvæmd þessara laga hingað til og það er tekið fram í grg. með þessu frv., en þar segir um þetta efni á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Gjaldið er nauðsynlegt til þess að bæta úr fjárhagsörðugleikum fyritækjanna og til þess að hamla gegn hinum mikla mun á raforkuverði í landinu sem bitnar mest á viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða."

Þetta mál, sem hér um ræðir, er, eins og allir vita og ég vék að áður, ekki nýtt. Sögu þess má rekja allt aftur til 1965, þegar með lögum var stofnað til sérstaks verðjöfnunargjalds til þess að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Í því formi, sem núgildandi lög eru og þetta frv. sem hér er lagt farm, hefur þetta mál verið síðan 1974, með lögunum sem þá voru sett, lög nr. 83 frá 1974. En lögin hafa verið framlengd óbreytt síðan með tveim undantekningum, þ. e. að í fyrra var sem kunnugt er verðjöfnunargjaldið hækkað úr 13% í 19%, og við stofnun Orkubús Vestfjarða, sem tók hluta af veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins í sínar hendur, var ákveðið að skipta fé því, sem verðjöfnunargjaldið gefur, á milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í réttu hlutfalli eða því sem næst við umsvif Rafmagnsveitna ríkisins eins og þau voru á Vestfjörðum, en út úr því dæmi kom að eðlilegt væri að Orkubúið fengi 20% af þessu fé og Rafmagnsveitur ríkisins 80%.

Það er augljóst, að þörf hefur verið fyrir þetta gjald allt frá þeim tíma að það var fyrst innleitt 1965. Og ég hygg að það leiki ekki nokkur vafi á því, að ekki sé nú minni þörf en áður á þessu gjaldi og þeirri aðstoð sem það gerir mögulega, nema síður sé.

Nú mætti halda hér langa tölu um þarfir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í þessu sambandi og nauðsyn þess að samþykkja frv. sem hér liggur fyrir.

En þetta mál er svo alkunnugt og raunar mikið rætt, að ég sé ekki ástæðu til þess nú að vera fjölorður um það.

Það orkar ekki tvímælis nú, að Rafmagnsveitur ríkisins þurfa á þeirri aðstoð að halda sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Ég get til upplýsingar getið þess, að talið er að vextir og afborganir af lánum Rafmagnsveitna ríkisins á árinu 1979 nemi um 330 millj. kr. Er áætlað af Rafmagnsveitum ríkisins að verðjöfnunargjaldið árið 1979 muni gefa rúmar 2000 millj. eða 2100 millj. kr. til Rafmagnsveitnanna. Með hliðsjón af þessu og þrátt fyrir þessa aðstoð er áætlað nú — eða það var byggt á áætlun sem gerð var í sept. s. l. og er ekki talið að hafi breyst neitt svo að orð sé á gerandi síðan — að rekstrarhalli Rafmgnsveitna ríkisins á árinu 1979 muni nema um 1000 millj. kr. Þessar fáu tölur bera þess glöggt merki, hver þörf Rafmagnsveitna ríkisins er fyrir þá aðstoð sem gert er ráð fyrir með þessu frv.

Ég vík þá aðeins nokkrum orðum að Orkubúi Vestfjarða. Aðalvandi Orkubús Vestfjarða í dag er fólginn í því, að Vesturlínu er ekki lokið og verður ekki lokið á þessu ári, eins og gert var ráð fyrir og raunar fyrirheit gefið um þegar Orkubú Vestfjarða var stofnað. Af þessum ástæðum verður Orkubúið að búa við það ástand að treysta svo mjög á framleiðslu rafmagns með dísilvélum, að talið er að töfin á Vesturlínu — miðað við það að Vesturlína tefjist um eitt ár frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir og það er öruggt nú að svo verður — kosti Orkubúið um 1000 millj. Þetta er nettóupphæð, því að það eru hartnær 1.5 milljarðar sem olíukaupin nema af þessum ástæðum, en frá dregst auðvitað kostnaðarverð á rafmagni sem keypt væri um byggðalínu. Er því af þessu, þó að ég nefni ekki fleira, augljóst hve mikil þörf Orkubúsins er nú á að fá aðstoð sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég hef aðeins í fáum orðum vikið að fjárhagsstöðu fyrirtækjanna sem hér um ræðir. En það þarf naumast að taka fram að enn sem áður skera þessi fyrirtæki sig úr öðrum orkufyrirtækjum á landinu fyrir það, hvað orkuverðið er hátt. Síðustu tölur í því efni sýna, ef tekið er rafmagn til heimilisnotkunar, að verðið í Reykjavík er 36.25 kr. á kwst., hjá Orkubúi Vestfjarða 51.08 kr. á kwst. og hjá Rafmagnsveitum ríkisins 55.68 kr. á kwst. Og ef við tökum taxta til húshitunar og berum saman við Reykjavík sem áður, þá er verðið 8.60 kr. í Reykjavík, 14.30 á Vestfjörðum og 10.05 kr. hjá RARIK. Taxti fyrir vélar er í Reykjavík 22.53 kr. á kwst., hjá Orkubúi Vestfjarða 38.78 kr. á kwst. og hjá Rafmagnsveitum ríkisins 34.03 kr. á kwst. Þetta eru síðustu tölur um þessi efni og sýna þær, eins og ég sagði, að það er óbreytt ástand, að Ragmagsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða skera sig úr í þessum efnum og hafa algera sérstöðu, eins og hefur verið allan þann tíma sem verðjöfnunargjaldið hefur staðið hvað varðar Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubúið síðan það var stofnað.

Ég sagði áðan að n. mælti með samþykkt þessa frv. Ég vil taka það fram, að í því felst ekki nein yfirlýsing af hálfu n. eða einstakra nm. um að það fyrirkomulag, sem nú er notað til verðjöfnunar, hljóti að vera það eina rétta og ekki komi til greina aðrar leiðir í þessu efni. Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða það mál hér frekar, enda kemur auðvitað ekki til greina að taka upp aðrar leiðir nú við afgreiðslu þessa máls, vegna þess að svo vandasamt mál verður ekki leyst á tveim dögum eða jafnvel þrem. Ef menn viðurkenna þörfina á þessari verðjöfnun, þá er nauðsynlegt að afgreiða frv. þetta fyrir jólaleyfi. Og ég vil ekki efast um það, að menn viðurkenni nauðsynina á þessari verðjöfnun. En með tilliti til þessa vil ég taka undir orð hæstv. iðnrh. sem hann viðhafði, þegar hann mælti fyrir frv. þessu við 1. umr., og skoraði á d. að hraða afgreiðslu málsins svo að það tækist að ljúka því í báðum deilum fyrir jólaleyfi.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Rafmagnsveitur ríkisins hafa löngum átt við mikinn fjárhagsvanda að stríða. Þau fjárhagsvandræði stafa fyrst og fremst af því, að Rafmagnsveitum ríkisins hefur frá upphafi verið ætlað það hlutverk m. a. að kosta raflagnir og rafveitur, sem ólíklegt var eða útilokað að gætu borið sig, og þær hafa því haft með höndum verulegt félagslegt verkefni án þess að á sama tíma hafi verið séð um að ætla þeim tekjur beint frá ríkinu til þess að standa undir þeim kostnaði. Hvað eftir annað hefur því þurft að grípa til ráðstafana til að létta skulum af Rafmagnsveitum ríkisins, greiða beinlínis úr ríkissjóði til Rafmagnsveitnanna eða afla þeim nýrra tekjustofna.

Eins og hv. frsm. gat um, var árið 1965 tekinn upp sérstakur tekjustofn sem var í gildi í 9 ár, en vorið 1974 var augljóst að nauðsynlegt var að breyta þeim tekjustofni, m. a. til þess að afla meiri tekna til handa Rafmagnsveitunum. Páv. iðnrh. lét semja frv. um verðjöfnunargjald í smásölu og var það lagt fyrir þingið vorið 1974, en náði þá ekki afgreiðslu, var flutt svo um sumarið 1974 að nýju af þeim sama hæstv. ráðh., og eftir stjórnarskiptin haustið 1974 féll það í hlut þess iðnrh., sem þá tók við, að flytja frv. og fá það lögfest. Síðan hefur þetta gjald verið framlengt á hverju ári því að frv. hefur verið ætlað að gilda aðeins um eitt ár í senn.

Það er auðvitað öllum ljóst og kemur fram í þessari sögu málsins, að menn hafa ekki viljað ákveða þetta gjald nema til eins árs í senn, að á því hafa verið og eru verulegir annmarkar. Í fyrsta lagi væri að margra — ég held flestra dómi æskilegra að afla Rafmagnsveitum ríkisins fjár með öðrum hætti en þessum, að leggja sérstakan skatt á alla rafmagnsnotendur. Í annan stað hefur þetta gjald sætt réttmætri gagnrýni vegna þess að það er hlutfallsgjald, viss prósenta, sem leggst á rafmagnsreikninga, og þýðir í framkvæmd að þeir, sem þurfa að búa við hæsta gjaldskrá fyrir rafmangsnotkun, verða um leið að borga mest í krónutölu í þetta gjald. Hins vegar hefur enn ekki tekist að leysa þessi vandamál þannig að annað kæmi í staðinn fyrir þetta gjald.

Á síðasta þingi var flutt frv. um að hækka gjaldið, sem þá hafði verið nokkur ár 13%, upp í 19%. Um þessa hækkun urðu miklar deilur. Ég ætla að menn hafi verið á einu máli um að óhjákvæmilegt væri að framlengja 13% gjaldið, en um þessa 6% viðbót varð ágreiningur. Við umr. í hv. Nd. lagði ég til að þessi hækkun yrði ekki samþykkt, heldur yrði sú upphæð sem þessi viðbót átti að skila, eða samsvarandi upphæð tekin beint inn í fjárlög, og lýsti því yfir fyrir hönd þm. Sjálfstfl. þá, að Sjálfstfl. væri reiðubúinn til að standa að lækkunartillögum um sömu upphæð á móti í fjárlögum. Þetta var 21. des. í fyrra, en þá voru fjárlög einmitt til meðferðar. Þessi till. náði ekki fram að ganga og stóðu mál nokkuð jafnt í Nd., en að lokum varð sú niðurstaðan, að hækkunin var samþykkt með litlum atkvæðamun.

Þegar þetta frv. liggur nú fyrir, um 19% gjald eða framlengingu þess, er að sjálfsögðu mikill vandi á höndum. Ljóst er að sú hugmynd, sem sett var fram fyrir

ári um að taka tilsvarandi upphæð inn í fjárlög, er ekki raunhæf nú sem stendur a. m. k., þar sem fjárlög eru nú ekki til meðferðar eins og þá og verða ekki afgeidd fyrr en einhvern tíma á næsta ári. Ég tel því ekki rétt að flytja þá till. nú eins og sakir standa.

Í umsögn, sem iðnn. barst í morgun frá Sambandi ísl. rafveitna, er ítrekað að Sambandið andmælir þessu gjaldi og telur að leysa beri fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða á annan hátt, m. a. með beinum framlögum úr ríkissjóði. M. a. er réttilega á það bent, að sú skipan getur í raun ekki staðist til lengdar að hið opinbera taki þannig í prósentugjöld af Rafmagnsveitunum samtals í kringum 40%, bæði verðjöfnunargjaldið, eins og það nú er, og söluskattinn. Þetta er ol þung byrði á rafmagnsnotkunina í landinu og verður að vinda bráðan bug að því að reyna að finna aðrar leiðir.

Við umr. málsins á þingi fyrir réttu ári komst þáv. hæstv. iðnrh. svo að orði, að iðnrn. mundi beita sér fyrir athugun á tekjuöflun og fleiri þáttum hjá Rafmagnsveitum ríkisins og þá m. a. huga að þeim tekjustofni sem hér er mælt með að á verði lagður til loka þessa árs, þ. e. verðjöfnunargjaldinu. Að mínu mati, sagði hæstv. ráðh., þarf ríkissjóður að gera ráð fyrir að leggja Rafmagnsveitunum til framlag árlega, a. m. k. fyrst um sinn, sem svari til félagslegra þátta í framkvæmd fyrirtækisins.

Ég vil láta þessar aths. koma fram og tel nauðsynlegt að þetta gjald verði hið fyrsta endurskoðað og þess freistað að finna aðrar leiðir til þess að leysa fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Þegar Orkubúið var stofnað var því beinlínis gefið fyrirheit um að það skyldi fá 20% af verðjöfnunargjaldinu, sem eðlilegt var þar sem Orkubúið tók við vissum þætti af starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins, þ. e. starfsemi þeirra á Vestfjörðum, og var metið hæfilegt að fimmtungur af gjaldinu gengi þá Orkubúsins.

Ég vil taka það fram, að þótt ég hafi verið andvígur hækkun gjaldsins og telji gjaldið allt of hátt, þá sé ég ekki aðrar leiðir til þess að leysa þessi mál en að framlengja að sinni þetta gjald. Með þeim fyrirvörum, sem ég hef tekið fram, hef ég skrifað undir það nál. sem hv. frsm. hefur nú lýst.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir fyrirvara þeim sem ég hafði á við undirritun nál., þar sem iðnn. Ed. leggur til að frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku verði samþ. Ég þreifaði fyrir mér um það í n., hvort hv. samnm. mínir í iðnn. gætu fallist á breytingu á efnisgrein frv. á þá lund, að á eftir orðunum „endurseld raforka" komi: verðjöfnunargjaldinu skal varið til að jafna verðmun á rafmagni milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða annars vegar og annarra rafmagnsveitna hins vegar — þannig að kveðið yrði á um það beinlínis í lagagreininni að til þess arna skyldi verðjöfnunargjaldinu varið, en á ekki til þess að ganga beinlínis inn í fjárhag þessara stofnana og verja ráðstöfunarfé þeirra með þeim hætti. Sem sagt, þarna var skákað í því skjóli, að nást mundu fram önnur fjárframlög til þess að bæta rekstrarstöðu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, svo sem við höfum raunar ástæðu til að ætla að þingvilji sé fyrir. Þá ástæðu getum við m. a. fundið í fjárlagafrv., þar sem fjallað er um Rafmagnsveitur ríkisins á bls. 221, en þar segir: „Á árinu 1980 mun ríkissjóður yfirtaka 600 000 þús. kr. lán sem RARIK tók samkv. lánsfjáráætlun 1979 til að bæta greiðslustöðu sína. Enn fremur er fyrirhugað að ríkissjóður yfirtaki 600 000 þús. kr. af skuldum RARIK á árinu 1981. Auk þessa er gert ráð fyrir framlagi til RARIK í fjárlagafrv. 1980 að upphæð 400 000 kr. Það sem liggur að baki framlaginu og að dregið er úr skuldabyrði RARIK eru ýmsar félagslegar framkvæmdir á vegum fyrirtækisins". Og enn fremur segir í næstu mgr. þar fyrir neðan: „Ríkisstj. samþykkir að frá og með árinu 1980 beri ríkissjóður allan kostnað af félagslegum framkvæmdum, sem Rafmagnsveitum ríkisins er falið að ráðast í og standa fyrir. Verði gert ráð fyrir slíku framlagi frá ríkissjóði í fjárlagafrv. fyrir árið 1980. Um mat á félagslegum þætti framkvæmda verði fjallað af fulltrúum frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og iðnrn."

Nú er það ljóst og það var okkur nm. ljóst af samtali okkar á nefndarfundi í morgun við hæstv. iðnrh. og einnig við rafmagnsveitustjóra ríkisins, að hvorugur þeirra telur á vísan að róa um það, að aflað verði í tæka tíð nauðsynlegra fjármuna til þess að gera hag Rafmagnsveitna ríkisins bærilegan, einnig það, að svo mikið er í húfi að við afgreiðum þetta frv. sem lög nú áður en þm. fara í jólafrí, að þar má engu til hætta. Ég vil aftur á móti undirstrika það sjónarmið mitt, að það sé ekki til heilla að verðjöfnunargjaldi af raforku sé í sífellu varið til annarra nota heldur en þeirra sem á er kveðið í hinum upphaflegu lögum með þessu heiti, eins og hefur verið gert æ síðan árlega, að þar er tjaldað til einnar nætur og raunverulega verið af takmarkaðri fyrirhyggju og litlum myndarskap að velta á undan sér vandamáli sem er þess eðlis að það verður ekki leyst nema með beinum fjárveitingum í því skyni.

Ég hefði kosið að flytja brtt. í þessa átt hér í Ed. við 2. umr. um málið, við þessa umr. Vegna tímaskortsins, vegna þess sem við okkur blasir um möguleika á töfum í Nd., hef ég þó ekki treyst mér til þess og raunar ekki við 3. umr. heldur. Ég vil aftur á móti að það komi fram þegar við þessa umr. af minni hálfu og af hálfu fyrrv. iðnrh., Hjörleifs Guttormssonar, að það er augljóst mál, að við hljótum að ætlast til þess að séð verði fyrir nauðþurftum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða á annan hátt en þennan og að verðjöfnunargjaldinu af raforku á að verja til þess að jafna þann mismun sem er á raforku annars vegar seldri frá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða og hins vegar frá öðrum rafmagnsveitum.

Vegna þess, eins og hv. formaður iðnn. greindi frá í framsöguræðu sinni, að þeir komu til okkar á nefndarfundinn, Siglfirðingarnir, og röktu fyrir okkur vandkvæði sín varðandi rekstur Rafmagnsveitu Siglufjarðar og Skeiðsfossvirkjunar, þá vil ég taka það fram, að ég tel nauðsynlegt, að jafnframt því sem gerðar verða sérstakar ráðstafanir til þess að gera rekstur Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða bærilegan verði vandkvæði þeirra Siglfirðinganna í sambandi við rekstur Skeiðsfossvirkjunar tekinn til ítarlegrar og mjög vingjarnlegrar athugunar, því að ljóst er að Rafmagnsveita Siglufjarðar er í mjög miklum vanda, þótt ég viðurkenni að umdeilanlegt kunni að vera að hann sé sprottinn af sömu rót og efnahagsvandi Rafmagnsveitu ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Vandinn er þar eigi að síður fyrir hendi, og ég tel að við hljótum að taka hann til sérstakrar velviljaðrar athugunar og athuga möguleika á því að hlaupa þar undir bagga einnig.

Tómas Árnason: Herra forseti. Við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á jafnrétti í orkumálum og að landsmenn búi í öllum aðalatriðum við sama orkuverð. Án þess að ég ætli að stofna til almennra umr. um þessi málefni, sem eru að mínu mati ein þau brýnustu málefni sem þarfnast úrlausnar eins og ástatt er, vildi ég koma þessu sjónarmiði á framfæri og enn fremur því, að Framsfl. mun leggja á það mikla áhreslu, að þessi mál í heild, ekki aðeins raforkuverðið og jöfnun þess, heldur einnig húshitunarmálin, verði tekin til heildarmeðferðar af ríkisstj. og Alþingi.

Þetta mál, sem hér er til umr., stefnir í þá átt að jafna raforkuverðið í landinu. Þess vegna erum við því að sjálfsögðu fylgjandi og munum greiða fyrir framgangi þess hér í þinginu nú fyrir jólaleyfi. Ég held að það sé rétt, að þessi upphæð sé áætluð á fjárl. að vera 2900 millj. kr., minnir mig vera, og greiðist úr ríkissjóði til Orkusjóðs og þaðan 80% til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða. Að sjálfsögðu kemur einnig til greina að verðjafna beint af fjárl. með öðrum hætti.

Þessi verðjöfnunaraðferð hefur sætt andmælum, eins og kunnugt er. Það hefur komið fram hér í umr. áður á Alþ. Í fyrravetur skiptist þingheimur nokkurn veginn í tvær fylkingar í þessu máli gagnvart þessari aðferð, þannig að það kemur vissulega til greina að finna aðrar aðferðir til að jafna raforkuverðið. Spurning er hvort ekki kæmi til álita að taka þetta mál og húshitunarmálin algerlega út úr fjárl. í heild, vegna þess að þau eru orðin svo brýn og vegna gerbyltingar í þeim málum á örfáum mánuðum, og taka þau þannig til meðferðar í heild sinni.

Það hefur einnig komið fram hér í umr., að Rafmagnsveitur ríkisins búa við mikinn fjárskort. Þær skulda geysimikið fé vegna starfsemi sinnar og aðstaða þeirra til þess að selja raforku á sambærilegu verði t. d. við Landsvirkjun er gersamlega fráleit eins og ástatt er, sérstaklega vegna þess þáttar í starfsemi Rafmagnsveitnanna sem er stundum kallaður félagslegar framkvæmdir, þ. e. línulagnir í dreifbýlinu. Þess vegna var það, að í fjárlagafrv. því, sem ég gekk frá og lagði fyrir Alþ. í haust, var gert ráð fyrir sérstöku framlagi á fjárl. til Rafmagnsveitna ríkisins, einum milljarði, sem sérstaklega var ætlaður til félagslegra framkvæmda. Einnig var gert ráð fyrir því, eins og kom fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., að skilgreint yrði, hvað væru félagslegar framkvæmdir, og leitað leiða til þess, að þær væru kostaðar á annan hátt en þann, að menn yrðu að greiða það beint í rafmagnsverðinu.

Það verður að játa, að það er minna svigrúm fyrir ríkissjóð í þessum efnum vegna þess að hann þarf að standa undir gífurlegum framlögum vegna fjármagnskostnaðar við Kröflu. Á næsta ári eru þessar fjárhæðir áætlaðar 3.9 milljarðar kr. og það er náttúrlega geysilega stór biti fyrir ríkissjóð að kyngja. Ef þau mál færast til betri vegar, sem við skulum öll vona, kann að skapast svigrúm til þess að sinna þessum málum fljótar en ella hefði verið unnt.

Ég vildi með þessum fáu orðum undirstrika það, að við í Framsfl. greiðum auðvitað fyrir málinu í gegnum þingið, en höfum mikinn áhuga á því, að þessi mál í heild, orkumálin, verði tekin upp af Alþ. og ríkisstj. hið allra fyrsta.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um verðjöfnunargjald af raforku, er ekki nýtt af nálinni og hefur verið til umfjöllunar í þessari hv. d. áður, eins og hefur þegar komið fram. Ég er þeirri hugsun sammála að ná sem mestum jöfnuði í þessum efnum meðal íbúa landsins alls. Ég er sammála því, að það verður á einhvern hátt að hamla gegn hinum mikla mun sem er á raforkuverðinu í landinu. Það er hins vegar spurning í mínum huga, hvort rétt sé að taka þetta jöfnunargjald sem prósentugjald af orkukaupendum eins og verið hefur nú um sinn og lagt til í þessu frv.

Rafveita Siglufjarðar hefur komið hér til umr. og var svo einnig þegar þetta mál var til umfjöllunar síðast í þessari hv. d. Siglfirðingar hafa að mínu mati hér nokkra sérstöðu. Þeir hafa byggt sitt orkuver sjálfir og eru ekki aðeins með dreifiveitu, heldur eiga þeir einnig og reka orkuöflunarveitu sem selur orku ekki aðeins til Siglfirðinga, heldur einnig í Fljót og til Ólafsfjarðar. Forsvarsmenn Rafveitu Siglufjarðar komu á fund iðnn. í gær, eins og hér hefur komið fram, og óskuðu þess að verða undanþegnir þessu jöfnunargjaldi, en um það náðist ekki samstaða í n. Hins vegar höfðu nm. skilning á fjárhagsvanda Rafveitu Siglufjarðar, sem er mikill, og vilja gera sitt til að leysa hann á sérstakan hátt eða með sérstökum aðgerðum, eins og hv. formaður iðnn., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, sagði í sínu máli þegar hann talaði fyrir þessu frv. Ég treysti því, að svo verði að staðið. Af þeirri ástæðu flyt ég ekki brtt. við þetta frv., en legg ríka áherslu á að á vanda þessarar rafveitu verði litið með fullum skilningi og velvilja og úr honum reynt að leysa.

Vegna þeirra aðstæðna, sem nú ríkja á Alþ., og þess nauma tíma, sem þm. hafa til umfjöllunar um þetta verðjöfnunargjald og önnur mál sem nauðsynlega þurfa að fá afgreiðslu fyrir n. k. áramót, er í sjálfu sér ekki miklu hægt að breyta, hvað þá að bylta. Það er hins vegar rík ástæða til að lögð verði mikil vinna í að athuga þessi mál í heild sinni og reynt að finna færari leið að því marki að ná auknum jöfnuði í þessum efnum.

Ég ætla ekki að segja fleira um þetta mál. Það, sem ég vildi segja, er margt og nokkuð af því komið fram hjá öðrum nm. Ég styð þetta frv. og mun greiða því atkv., en það er nauðsynlegt, eins og ég sagði áðan að leggja meiri vinnu í og ríkari áherslu á að finna farsælli leið að þessu annars ágæta marki.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. iðnn. fyrir röska og fljóta afgreiðslu á umræddu frv. og vil líka mega vona að það þakklæti nái einnig til hv. þd. Ég get á marga lund tekið undir þær aths. sem hér hafa verið fluttar fram, og alveg get ég tekið undir það, að þetta mál þurfi nánari og betri athugun en nú var unnt að gera, en þykist finna og er þakklátur að þd. skilji þá þrengslastöðu sem við erum í með afgreiðslu þessa máls. Eg endurtek það, að ég er þd. mjög þakklátur fyrir fljóta og góða afgreiðslu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., að loknum 5. fundi.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 16). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Öryggi á vinnustöðum, frv. (þskj. 18). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Það frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir Alþingi á s. l. vori og vísað til 2. umr. og félmn. þessarar hv. d. Eins og ég gat um í ræðu minni þegar ég fylgdi frv. þessu úr hlaði í þessari hv. d. í maí s. l., þá var í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1977 undirritað samkomulag milli Alþýðusambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar um að fara þess á leit við ríkisstj., að hún hlutaðist til um að skipuð yrði nefnd til að semja nýtt lagafrv. um aðbúnað, hollustuhætti og vinnuumhverfi verkafólks almennt. Í samkomulagi þessu var enn fremur tekið fram að í nýrri löggjöf um þetta efni yrði ákveðið: Að ein eftirlitsstofnun sjái um framkvæmd laganna í stað þeirra sem nú heyra undir ýmis rn. Að í lögunum verði ótvíræð ákvæði um skyldu eftirlitsstofnunar til að banna vinnu verkafólks á þeim vinnustöðum sem ekki eru búnir í samræmi við lög, reglugerðir eða fyrirmæli eftirlitsstofnunar. Að nefndin verði skipuð fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og sérfróðum mönnum í þessum málum. Að gerð verði sérstök könnun og úttekt á ástandi aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustöðum. Og loks að gert væri ráð fyrir að nefndin lyki störfum innan 12 mánaða.

Í júní 1977 gaf páv. ríkisstj. út yfirlýsingu þar sem staðfest er framangreint samkomulag aðila vinnumarkaðarins. Í framhaldi af þeirri ákvörðun ríkisstj. skipaði páv. félmrh. hinn 14. sept. 1977 nefnd til að semja frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Formaður var skipaður Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri, en ásamt honum voru skipaðir Bolli B. Thoroddsen hagræðingarráðunautur, Karl Steinar Guðnason, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og Guðjón Jónsson, formaður Málmiðnaðarsambands Íslands, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Barði Friðriksson hrl. og Geir Þorsteinsson verkfræðingur, tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, Júlíus Kr. Valdimarsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Friðgeir Grímsson öryggismálastjóri, tilnefndur af Öryggiseftirliti ríkisins, og Hrafn V. Friðriksson, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, tilnefndur af Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

Nefndin tók þegar til starfa og afhenti mér frv. það, sem hér liggur fyrir, hinn 20. apríl 1979. Standa að því átta af níu nm., sem hafa einróma orðið sammála um allar greinar frv. og aths. þær sem því fylgja. Einn nm., Hrafn V. Friðriksson, skilaði séráliti sem prentað er sem sérstakt fskj. með frv.

Þar sem ég gerði í alllöngu máli grein fyrir frv. þessu í ræðu minni á s. l. vori, er það var lagt fram, tel ég á þessu stigi óþarft að fara um það frekari orðum, en læt mér nægja að vísa til hennar svo og mjög ítarlegra aths. við frv. sem fyldgu frá nm. þeim er það sömdu og birtar eru hér aftur.

Ég vil þó víkja stuttlega að einu atriði. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m. a. að ríkisstj. hafi ákveðið að beita sér fyrir því, að næstu mánuði verði gerð sérstök athugun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum sem nái til ákveðins og takmarkaðs fjölda vinnustaða og skuli gerð í því skyni að knýja á um úrbætur á aðbúnaði og öryggi á vinnustöðum. Í skipunarbréfi er gert ráð fyrir því, að nefndin leggi á ráðin um þessa könnun og fylgist með henni og að hún skuli hafa niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar við undirbúning lagasetningar um þau mál sem hér er fjallað um. Nefndin lagði á það ríka áherslu frá byrjun, að framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar yrði hraðað, enda var í tillögum aðila vinnumarkaðarins frá 19. apríl 1977 gert ráð fyrir að nefndin lyki störfum innan 12 mánaða og úttekt vinnustaðanna yrði framkvæmd á 12 mánuðum. Hefði þessari tímaáætlun verið fylgt hefðu frv. og niðurstöður könnunarinnar legið fyrir samtímis fyrir árslok 1978. Þegar til kastanna kom reyndist mjög tímafrekt að koma athugun þessari af stað, enda þótt ákveðið hafi verið strax á fyrsta fundi nefndarinnar að aðilar vinnumarkaðarins kæmu sér saman um hvaða vinnustaði skyldi athuga og Heilbrigðiseftirlitið og Öryggiseftirlitið skyldu síðan sjá um framkvæmd hennar.

Á fundi í nefndinni 13. jan. 1978 var lagður fram sameiginlegur listi ASÍ og atvinnurekenda yfir 160—170 fyrirtæki víðs vegar um landið sem fyrrgreind könnun skyldi taka til. Af ýmsum ástæðum, sem ekki verða hér tíundaðar, komst könnun þessi bæði seint af stað og miðaði hægar áfram en vonir höfðu staðið til og það þrátt fyrir margítrekaðan eftirrekstur allra aðila vinnumarkaðarins í nefndinni. Nefndin hefur, eins og áður segir, lagt á ráðin um þessa könnun, bæði um ákvörðun úrtaks þeirra fyrirtækja, sem skoðuð skyldu, og hverra upplýsinga skyldi leitað um ástand varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þessara fyrirtækja. Nánari útfærsla og framkvæmd sjálfrar könnunarinnar hefur hins vegar verið, eins og áður segir, sameiginlega hjá Heilbrigðiseftiliti ríkisins og Öryggiseftirliti ríkisins. Úrvinnslu úr gögnum varðandi könnunina er ekki að fullu lokið, en þess verður að vænta, að endanlegar niðurstöður könnunarinnar liggi bráðlega fyrir.

Hinn 10. okt. s. l. ritaði ég nefnd þeirri, sem samdi frv. það er hér um ræðir, og fól henni m. a. að kynna sér niðurstöður umræddrar vinnustaðakönnunar og hvort líklegt mætti telja að þær gerðu það að verkum að gera þyrfti breytingar á frv. í núverandi mynd. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins hafa nú kynnt sér frumgögn könnunarinnar og þær niðurstöður sem nú þegar liggja fyrir.

Allir þeir átta nm., sem að frv. þessu standa, hafa tjáð mér að þeir telji að niðurstöður könnunarinnar muni ekki breyta neinu um gerð og efni frv., enda um rammalöggjöf að ræða. En þær munu hins vegar leiða glöggt í ljós að mjög brýna nauðsyn beri til að frv. þetta verði að lögum sem allra fyrst og ómissandi við samningu reglugerðar og reglna sem kveðið er á í frv. að settar skuli.

Herra forseti. Ég læt þessa framsögu nægja að sinni, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn. þessarar hv. deildar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér við þessa 1. umr. málsins að láta í ljós fylgi við þetta frv. Það geta ekki talist tíðindi, vegna þess að ég hef átt sæti í þeim ríkisstj. sem hafa sérstaklega átt aðild að því, að þetta frv. hefur verið saman tekið. En ég tel að hér sé á ferðinni stórt mál, um aðbúnað og hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hér er líka um allítarlegt frv. að ræða, og mér er kunnugt um að lögð hefur verið mikil vinna í það af hálfu þeirra aðila sem um málið hafa fjallað og frv. hafa samið. Og ég tel að þær breytingar, sem felast í þessu frv. frá núverandi skipulagi, séu til bóta.

En það er svo, að þetta mál er svo stórt og veigamikið að mínum dómi að það verðskuldar athygli og verðskuldar að það sé athugað rækilega. Það er ekki vonum fyrr, að átt hefur sér stað í þessu efni frumkvæði af hálfu verkalýðsfélaga eða aðila vinnumarkaðarins í sambandi við kjarasamninga. Ég tel að hér sé um ákaflega stórt atriði í kjörum og starfsskilyrðum verkamanna að tefla og raunar launþega allra. Það var sjálfsagt eðlilegt, þegar litið var á þessi mál í öndverðu og löggjöf sett um þau og þeirri löggjöf fylgt eftir í framkvæmd, að þá væru það fyrst og fremst öryggismálin sem urðu þar efst á blaði, og það hefur auðvitað verið gert mikið til þess að haga útbúnaði á vinnustöðum þannig, bæði í sambandi við vélar og annað, að reynt væri að afstýra slysum. Og ég hygg að það verði að segja, að verulegur árangur hafi náðst í því. En hitt er svo annað mál og ekki minna í sjálfu sér, aðbúnaðurinn á vinnustaðnum og hollustuhættirnir sem þar ríkja. Það er í mínum augum geysilega þýðingarmikið mál. Og þar er ekki aðeins um það að ræða að mínum dómi að afstýra hreint og beint atvinnusjúkdómum sem svo má kalla og geta vissulega átt sér stað í sambandi við ýmis verk og ýmiss konar vinnustaði, heldur hitt, að allur aðbúnaðurinn sé þannig að hægt sé að segja að starfsmennirnir, sem starfa á vinnustöðunum, búi við mannsæmandi starfsskilyrði.

Sú úttekt á vinnustöðum, sem stofnað var til og unnið hefur verið að, liggur að vísu ekki enn beinlínis fyrir. En það þarf í rauninni enga úttekt til þess, að þeir sem fara um vinnustaði, geti séð með eigin augum að aðbúnaðurinn á vinnustöðum er mjög misjafn, og það vantar mjög mikið á það að mínum dómi að nægilegur gaumur hafi verið gefinn að þessu efni. Bara með því að kynna sér þetta og fara um nokkra vinnustaði sér maður að sumir eru þar að kalla má til fyrirmyndar. Það sama verður ekki sagt um alla. (**StJ:** Hvað heimsótti hv. ræðumaður marga vinnustaði nú í kosningabaráttunni?) Ég heimsótti marga, en hef heimsótt þá áður, ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur víðs vegar um landið. Og þetta er alveg ljóst mál, að aðbúnaðurinn er ákaflega misjafn, og það verður að viðurkenna, að aðstaðan og möguleikarnir á að koma við æskilegum endurbótum í þessu efni eru misjafnir. Sums staðar er um að ræða gamalt húsnæði t. d. og húsnæði sem hefur e. t. v. verið alltaf dálítið áfátt, en hefur svo verið bætt við, og gefur auga leið að það getur verið erfiðara að koma á viðunandi aðbúnaði á slíkum vinnustöðum en ætti að vera á nýjum vinnustöðum. Ég álít að í sambandi við nýjar starfsstöðvar eigi beinlínis að setja ákveðin skilyrði í sambandi við hönnun þeirra, t. d. að séð sé sæmilega fyrir starfsskilyrðum starfsfólksins og aðstöðu, eins og drepið er á í því samkomulagi eða samþykkt sem gerð var á sínum tíma í sambandi við kjarasamningana 1977, að vel sé séð fyrir hreinlætisaðstöðu, böðum og aðstöðu mötuneytis, og margt og margt fleira. Ég held, þó að ekki sé hægt að tala um neina atvinnusjúkdóma endilega í sambandi við starf manna og líf á þessum vinnustöðum þar sem þeir eyða verulegum hluta ævi sinnar að þá sé þó aðbúnaðurinn þannig, að líðanin sé mjög mismunandi og hljóti að vera mjög mismunandi hjá þessum starfsmönnum. Og ég held að við séum að ýmsu leyti eftirbátar þeirra þjóða sem hafa komið þessum málum í það horf sem best þekkist og æskilegast er. Og ég held að í þessu sambandi sé ekki aðeins nauðsynlegt að líta á hreina atvinnusjúkdóma og það tjón sem stafar af þeim, heldur líka kannske á það tjón sem stafar af því að fólkið er e. t. v. ekki ánægt með þau starfsskilyrði sem það býr við. Það mundi e. t. v. borga sig fjárhagslega að gera eitthvað betur í þessu efni, það mundi skila árangri í starfi, skila betra og meira starfi. Þetta er að sjálfsögðu málefni sem mætti tala um langt mál. Ég ætla ekki að gera það hér að sinni. Ég hef aðeins viljað undirstrika þetta, að þó að þessum þætti málanna séu gerð allnokkur skil í þessu frv. og að öðru leyti opnað fyrir möguleika til að setja enn frekari reglur um þetta í framhaldi af þeirri rammalöggjöf, sem hér er um að tefla, þá er full ástæða til að halda áfram þessu verki, gefa þessu gaum og búa þannig að þessu fólki, að það geti unað allsæmilega við þau starfsskilyrði sem um er að tefla.

Svo að ég víki aftur að heimsóknum, þá er það t. d. alveg ljóst, ef maður miðar við fyrirtæki sem eru í sömu starfsgreinum, að þar er ákaflega mikill munur á í þessu efni, sumpart af eðlilegum ástæðum, þar sem í sumum tilfellum eru gömul fyrirtæki sem uppfylla ekki fyllstu skilyrði hvað húsnæði varðar, en hins vegar kannske alveg ný fyrirtæki þar sem mjög mikið tillit hefur verið tekið til þessa. Og þó mætti e. t. v. gera enn betur í þessu efni ef haft væri í huga alveg frá því fyrsta við uppbyggingu fyrirtækisins að þarna er þáttur sem þarf að sinna og telja með stofnkostnaði.

Eins og ég sagði, þá ætla ég ekki að tefja þessar umr. með því að tala langt mál. Ég vildi aðeins undirstrika það, að þó að þetta frv. verði að lögum þarf að halda áfram að athuga þessi mál og gera enn þá betur í þessum efnum en hér er þó gert ráð fyrir. En ég tel tvímælalaust að þessi ákvæði frv. horfi til bóta og það sé sjálfsagt að athuga þetta frv. Hins vegar er auðvitað eðlilegt, að n. fái málið til meðferðar og fái aðstöðu til að athuga það, því að e. t. v. má setja einhver frekari ákvæði í þessu frv. Og þetta er mál sem ekki skiptir sköpum hvort er afgreitt fyrir áramót eða ekki, enda á ég ekki von á að hæstv. félmrh. hafi gert ráð fyrir því. Það er nú því miður búið að dragast lengur, okkur sjálfsagt báðum til raunar, að ég hygg, því að ég hef einmitt, eins og hann mun kannast við, í fyrrv. ríkisstj. minnt nokkuð á þetta mál og viljað stuðla að því að það fengi afgreiðslu. Og það, að það fékk ekki afgreiðslu á þinginu í fyrra, stafaði ekki af þessum

smávægilega — vil ég segja — ágreiningi sem kemur fram í nefndinni, heldur var það bara þannig, að því var svo seint skilað frá nefndinni að það var þar af leiðandi lagt seint fram á Alþingi og þess vegna ekki hægt að vænta þess að það næði afgreiðslu á þinginu.

Ég tel það til bóta, sem er gert ráð fyrir, að fella saman stjórn þessara mála og setja undir eitt rn., og yfirleitt álít ég þessi ákvæði vera til bóta. Þó að það kunni að verða litið svo á, að með þessu séu nokkrar kvaðir lagðar á atvinnurekendur, þá er ég fyrir mitt leyti sannfærður um að það mun fljótt borga sig að hafa aðbúnað á vinnustöðum þannig að starfsfólkið verði ánægt, það geti gengið inn á vinnustaðinn, skipt þar um föt og haft þar aðstöðu til að neyta matar og fara í bað áður en það fer aftur út af vinnustaðnum, að ég tali nú ekki um það sem ætti í rauninni að fylgja í stærri fyrirtækjum, að þar væru æfingasalir svo að fólkið hefði aðstöðu til að stunda þar æfingar og leikfimi sér til heilsubótar. Það getur vel verið að þetta hljómi einkennilega í eyrum sumra, en ég er sannfærður um að hér er á ferðinni mjög stórt mál og þarf að sinna því og athuga það, og það má ekki láta staðar numið við þetta frv. Þó að það feli í sér að áfanga sé náð, þá verður að halda áfram á sömu braut.

Við þetta tækifæri vildi ég sem sagt aðeins lýsa því yfir, að ég fylgi þessu frv., en tel sjálfsagt að athuga hvort ekki er hægt e. t. v. að koma við einhverjum enn frekari breytingum til bóta.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það frv., sem liggur hér fyrir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, boðar byltingu á sviði aðbúnaðar og hollustuhátta og er mjög tímabært. Þetta frv. var lagt fyrir á síðasta Alþingi. Mikil vinna var lögð í frv. og margar athuganir gerðar. Felld voru saman ýmis lög og margar reglugerðir sem áttu að tryggja að þessi mál væru í sæmilegu horfi, og er von mín að þetta frv. fái afgreiðslu sem allra fyrst. Þá má í raun ekki bíða, svo eru þessi mál brýn.

Eins og hv. þm. Ólafur Jóhannesson greindi frá áðan, er ástandið í þessum málum mjög misjafnt. Reyndar kemur fram og í þeirri könnun sem fram fór hjá 170 fyrirtækjum sem aðilar vinnumarkaðarins tóku sig saman um að gera athugun á, að ástandið er mjög bágborið. Það er reyndar ekki rétt að niðurstöður liggi ekki fyrir. Þær liggja fyrir, en hafa ekki verið gefnar út því miður, og eru skýringar á því sem ástæðulaust er að nefna hér.

Ég vil minna á það, að verkalýðssamtökin hafa frá árdögum sett þá kröfu fram, að aðbúnaður verkafólks á vinnustöðum yrði bættur. Kröfurnar voru í upphafi ekki miklar, en mönnum hefur skilist æ betur, hversu mikils virði það er fyrir manneskjuna að lifa og starfa í umhverfi sem er henni samboðið.

Það er ýmislegt, sem áður hefur orðið til þess að aðbúnaður hefur batnað í hinum ýmsu greinum, ekki aðeins fyrir kröfur verkalýðssamtakanna, heldur og vegna þess að neytendur erlendis hafa gert kröfu um það, að umhverfi og innri aðbúnaður vinnustaða hér á Íslandi yrði betra eða snyrtilegra en áður var. Og ég vil minna á það, að í frystihúsum hér á Íslandi hefur aðstaða starfsfólksins og aðstaða til að taka við fiski verið bætt mjög verulega vegna krafna sem komu erlendis frá, en atvinnurekendur höfðu áður dregið að verða við.

Þá vil ég víkja að atvinnusjúkdómum. Í frv. er ákvæði um þá. Það hefur verið allmikil tregða hjá læknum hér á landi að skilgreina atvinnusjúkdóma, en þeir eru tvímælalaust fyrir hendi. Hygg ég að fyrirtæki eins og álverið megi nefna í þessu sambandi, og reyndar mætti nefna mörg önnur fyrirtæki. Sannleikurinn er sá, að aukin tækni og breytingar á atvinnuháttum hafa gert það að verkum, að mjög mikil nauðsyn er á að vera á verði. Það er ekki aðeins nokkurs virði að hafa snyrtilegt húsnæði, heldur þarf að gæta þess að loftræsting, efnasamsetning andrúmslofts o. fl. sé í lagi og meðferð hættulegra efna sé á þann veg, að ekki verði tjón af fyrir manninn er við það vinnur.

Ég vil vekja athygli á því, að í bráðabirgðaákvæðum frv. er gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands útvegi fjármagn er nemur 300 millj. kr. á ári, miðað við verðlag 1. jan. 1979, til lánveitinga til fyrirtækja sem þurfa að framkvæma endurbætur á vinnuaðstöðu starfsfólks eða til þess að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Í frv. segir og að tryggja skuli að lánsfé verði eingöngu notað til endurbóta á almennu starfsumhverfi starfsfólks hjá fyrirtækum sem eru í rekstri við gildistöku þessara laga, og fleiri ákvæði eru um þessi efni.

Það var alveg ótrúlegt, hversu góð samstaða tókst í nefndinni milli aðila vinnumarkaðarins, annars vegar manna frá verkalýðshreyfingunni og hins vegar frá vinnuveitendasamtökunum. Ég hygg að mönnum sé að verða það æ ljósara, hversu mikils virði það er að gera vel í þessum málum, og því varð að samkomulagi milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna vorið 1977 að gera þetta átak. Ríkisstj., sem samdi um þetta, gerði því miður sáralítið í þessum efnum annað en að skipa nefndina, en nefndina skorti fjármagn til að geta farið af stað, gera athuganir og vinna að frv. Það var ekki fyrr en núv. félmrh. tók við rn. að málin fóru að ganga, og veit ég að allir nm. eru honum mjög þakklátir fyrir hversu vel hann hefur unnið að þessum málum.

Ég legg áherslu á það, að reynt verði að hraða afgreiðslu frv. Það var lagt fyrir síðasta þing og þm. hafa vafalaust haft það til athugunar s. l. sumar. Það hefur verið rætt á hinum ýmsu samkomum verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda, og eru menn einhuga í því, að frv. verði samþ. svo til óbreytt, enda var svo mikil vinna í það lögð að ástæða er til að ætla að ekki þurfi mikilla breytinga við.

Það er talað um ágreining hér, þ. e. einn nm. skilar séráliti, sem reyndar er prentað með frv. Við hinir nm. gerum lítið úr þeim ágreiningi, enda kom hann á síðustu fundum nefndarinnar og varð ekki vart fyrr en þá, og teljum við ástæðulaust að gera mikið úr honum. Aðilar vinnumarkaðarins eru mjög andvígir fyrrgreindu séráliti.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er rétt, sem komið hefur fram í þessum umr., að það frv., sem hér er til umr., markar að verulegu leyti tímamót í meðferð aðbúnaðar og hollustumála á vinnustöðum. Í því eru fjölmörg ákvæði sem eru tvímælalaust til bóta. Það er einnig rétt, að skortur á mannsæmandi aðbúnaði, vinnuaðstöðu og öryggismálum á vinnustöðum hér á landi er meðal þeirra þátta sem einna helst skyggja á það velferðar- og réttindasamfélag sem við teljum þó að hér eigi að vera. Hins vegar held ég að nauðsynlegt sé að menn geri sér grein fyrir því, að þótt þetta frv. sé fyrir marga hluta sakir gott, þá er það ekki tilefni til þess einhliða lofs sem fulltrúar Alþfl., hæstv. ráðh. og hv. síðasti ræðumaður, hafa flutt hér í umr. Ég verð að segja eins og er, að mér

finnst dálítið hvimleið til lengdar þessi sífellda tilhneiging hæstv. ráðh. til að hæla sér nánast alfarið af margvíslegum réttindamálum launafólksins í landinu, sem vitað er að aðrir menn en hann hafa átt mestan hlut í að knýja fram og semja. Þetta á bæði við um þau frv., sem voru í félagsmálapakkanum margnefnda, og einnig um þetta frv. Mér hefði fundist manneskjulegra í alla staði að sá víðtæki hópur forustumanna í hreyfingum launafólks, sem fyrst og fremst er meginhöfundur að þessu frv., fengi að bera þann heiður, sem hann á fyrir þetta frumkvæði, og aðrir ráðh. einnig, þótt það hafi fallið í hlut félmrh. samkv. stjórnskipun að bera þessi mál inn á Alþingi.

Ég vil hins vegar segja það við þessa 1. umr., að ég hefði talið nauðsynlegra að fela verkalýðsfélögum og fulltrúum þeirra mun meiri rétt til íhlutunar í öryggis- og aðbúnaðarmálum á vinnustöðum en gert er í þessu frv. Þetta frv. er málamiðlunarsamkomulag milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks. Það ber greinilega með sér, að þarna er reynt að feta vissan meðalveg. Ég held t. d. að skoða þurfi sumar greinar frv. í n. með tilliti til þess að veita fulltrúum verkalýðsfélaganna möguleika á beinni aðild og beinna inngripi í þessi aðbúnaðarmál en gert er samkv. frv. Ég held einng að komið geti til greina að veita öryggistrúnaðarmönnunum sterkari rétt til stöðvunarvalds en gert er samkv. þessu frv. Ég held einnig að í þetta frv. skorti ákvæði sem taka sérstaklega til aðbúnaðar og hollustuhátta þess verkafólks sem við stundum nefnum farandverkafólk, þ. e. þess verkafólks sem í reynd býr á eða í tengslum við vinnustaði. Ýmislegt fleira mætti nefna varðandi þetta frv. sem getur horft til bóta og getur styrkt það enn frekar sem verulegan áfanga í réttindamálum launafólks. Ég tel hins vegar að sú umr. eigi betur heima í nefndum þingsins.

Vegna þeirrar miklu áherslu, sem hér var lögð á að afgreiða þetta frv. nánast óbreytt, og þeirra almennu orða, sem fallið hafa áður um einhliða ágæti þessa frv., vildi ég ekki láta þessa umr. fram hjá fara án þess að vekja athygli á því, að í mörgum ákvæðum þessa frv. mætti gera enn betur til réttindaaukningar fyrir launafólkið í landinu og til þess að veita betri tryggingu um aðbúnað og öryggi á vinnustöðum en gert er í þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., kl. 2. miðdegis.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, frv. (þskj. 42). — 1. umr.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem er 42. mál þessarar hv. d. og á þskj. 42, fjallar um að ríkisstj. verði heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1979, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld, sem talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkissins, annars vegar og hins vegar að fjmrh. sé fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að taka lán allt að 12 milljörðum kr. á árinu 1980 og verja andvirði þess í samráði við fjvn. til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum.

Það er augljóst hvers vegna frv. þetta er flutt. Það er vegna þess að ljóst er að ekki verður unnt að afgreiða fjárlög fyrir árið 1980 fyrir næstu áramót og því ber brýna nauðsyn til að veita ríkisstj. þær heimildir sem frv. þetta gerir ráð fyrir, þannig að ekki komi til greiðslustöðvunar hjá ríkissjóði þegar hinn 1. jan. n. k. Ef til slíkrar greiðslustöðvunar kæmi næði hún m. a. til allra samningsbundinna greiðslna ríkissjóðs, þ. á m. launa, auk allra venjulegra rekstrargjalda og annarra gjalda sem talist geta venjulegar fastar greiðslur ríkissjóðs.

Það er auðvitað alveg ljóst, að til þess má ekki koma að frá og með 1. jan. n. k. geti ríkissjóður ekki greitt slík gjöld, þ. á m. lögboðin gjöld og launakostnað. Því verður að fara þá leið nú, sem iðulega hefur verið farin á Alþ. áður, að samþykkja lög um bráðabirgðafjárgreiðslur til þess að ekki komi til greiðslustöðvunar af þessum sökum.

Ég vil aðeins taka það fram, að ég hef sent drög að þessu frv. fyrir nokkrum dögum til formanna þingflokkanna svo að þeir og þingflokkar þeirra gætu fengið ráðrúm til að kynna sér efni frv. Ég óskaði eftir því að fá að vita afstöðu þingflokkanna til frv. og hvort óskir væru um að einhverjum ákvæðum þess yrði breytt með einhverjum hætti.

Í umr. á Alþ. í gær lýstu formælendur allra flokka yfir að þeir mundu standa að samþykkt laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, eins og frv. það fjallar um sem hér er fram lagt. Hins vegar var ég ekki búinn að fá svör frá þingflokkunum um það, hvort þeir óskuðu eftir breytingum á þeim frumvarpstexta sem hér er lagður fram, svo að ég átti ekki annars kost en að leggja fram í gær og láta útbýta þessu frv. eins og það var í upphaflegri gerð, til þess að ekki kæmi til þess að leita þyrfti afbrigða við fyrstu afgreiðslu þess.

Ég vil hins vegar taka það fram, að ég er jafnreiðubúinn nú og ég var þegar ég ræddi við formenn þingflokkanna til að gera þær breytingar og fallast á þær breytingar á þessu frv. sem þingflokkar og fjh.- og viðskn.-menn telja eðlilegar. Mér er t. d. ekki fast í hendi að bráðabirgðafjárgreiðsluheimildin verði veitt til ótiltekins tíma eða þar til fjárlög hafa verið afgreidd eins og segir í frv., heldur get ég mætavel fallist á og stutt það, ef sú niðurstaða yrði í hv. fjh.- og viðskn., að veita aðeins bráðabirgðafjárgreiðsluheimild til tiltekins tíma. E. t. v. væri líka skynsamlegra að haga málum svo, því það væri þó alltént ákveðinn þrýstingur á Alþ. að afgreiða fjárlög innan þess tíma. Ef það tekst ekki er ávallt hægt að framlengja viðkomandi bráðabirgðafjárgreiðsluheimild með lagabreytingu.

Í 1. gr. frv. er eins og þar segir, leitað eftir heimild til að greiða öll venjuleg rekstrargjöld ríkissjóðs, en auk þess heimild til að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins. Samninga um fjárfestingar er ekki getið í fyrri lögum um bráðabirgðafjárgreiðslur, en skýringin er vafalaust sú, að þá hafi ekki verið jafnmikið um samninga við verktaka og nú er orðið. Hins vegar er að sjálfsögðu ljóst að ríkissjóður þarf að geta staðið við samninga sem gerðir hafa verið við verktaka, þannig að heim-

ild sé veitt til slíkra greiðslna með sama hætti og annarra óhjákvæmilegra greiðslna ríkissjóðs.

Í 2. gr. þessa frv. er síðan leitað eftir heimild til að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum á árinu 1980. Þessarar heimildar hefur hin síðari ár verið leitað við setningu fjárlaga og er hún samhljóða ákvæði í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1979.

Í 3. gr. er síðan leitað heimildar til að taka lán allt að 12 milljörðum kr. á árinu 1980 til þess að halda megi áfram verkefnum sem unnin eru fyrir lánsfé. Langveigamest af þessum verkefnum eru á sviði orkumála. T. d. verður að afla fjár til áframhaldandi framkvæmda við Vesturlínu, en sú framkvæmd nálgast nú lokastig og ef til stöðvunar á þeirri framkvæmd kæmi mundi ríkisstj. og Alþ. ekki geta staðið við þær skuldbindingar að lánan yrði tekin í notkun á næsta hausti. Hliðstæðu máli gegnir um ýmsar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Gjaldfallinn fjármagnskostnaður við byggðalínur er umtalsverður á fyrri hluta ársins 1980 og því nauðsynlegt að fjár verði aflað til að inna þær greiðslur af hendi.

Í lögum um heimild til lántöku fyrir árið 1979 fengu ýmsar stærstu hitaveitur landsins heimild til erlendrar lántöku til framkvæmda. Eigi þessar framkvæmdir að ganga með eðlilegum hætti á árinu 1980 er óhjákvæmilegt að afla nokkurs erlends lánsfjár.

Í þessu frv. er að því stefnt, að fjmrh. í samráði við fjvn. endurláni erlent lánsfé til þeirra hitaveituframkvæmda sem þegar eru hafnar, og ég legg áherslu á og vek athygli á að í frv. er beinlínis svo fyrir mælt, að þetta skuli gert í samráði við fjvn. Alþingis.

Ég get mönnum til fróðleiks upplýst hvaða framkvæmdir það eru sem hér um ræðir, sem ýmist eru þegar hafnar og þarf fram að halda eða afráðnar hafa verið af fráfarandi ríkisstj. og við fyrri afgreiðslu. Samkvæmt upplýsingum fjárlaga- og hagsýslustofnunar er hér um að ræða í A-hluta fjárlaga framkvæmdir í gangi sem hér segir: Vegna Þjóðarbókhlöðu 300 millj. kr., vegna vegagerðar 2500 millj. kr., vegna landshafna 75 millj. kr., vegna hafnargerðar á Grundartanga 100 millj. kr., vegna Járnblendiverksmiðju 195 millj. kr., og vegna Byggðasjóðs 2 milljarðar kr. Nýjar framkvæmdir, sem þegar hafa verið afráðnar og þarf að afla fjár til, eru: Vegagerð 2800 millj. kr., landshafnir 50 millj. kr., Landsvirkjun 263 millj. kr., Byggðasjóður 635 millj. kr. og Fiskveiðasjóður 900 millj. kr.

Í B-hluta eru ráðstafanir og framkvæmdir sem þegar eru í gangi:

Byggðasjóður 1300 millj. kr., Ríkisútvarp 250 millj. kr., framkvæmdir á vegum Rafmangsveitna ríkisins 2 milljarðar kr., vegna byggðalína 4 milljarðar 300 millj. kr., vegna Kröfluvirkjunar 1200 millj. kr., vegna dreifikerfis í sveitum 300 millj. kr., vegna sveitarafvæðingar 100 millj. kr., vegna jarðhitaveitna 400 millj. kr., vegna skuldagreiðslu vegna byggðalína 3 milljarðar 90 millj. kr., vegna hitaveitulána 500 millj. kr., vegna Pósts og síma 200 millj. kr., vegna jarðstöðvar 469 millj. kr. og vegna endurlána 34 millj. kr. Alls eru þetta 19.3 milljarðar kr. Vegna nýrra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru: Til Byggðasjóðs 1200 millj. kr., vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna 700 millj. kr., vegna Ríkisútvarps 250 millj. kr., vegna Rafmagnsveitna ríkisins 1000 millj. kr., vegna byggðalína 409 millj. kr., vegna dreifikerfis 400 millj. kr., vegna sveitarafvæðingar 115 millj. kr., vegna einkarafstöðva 20 millj. kr., vegna jarðhitaleitar 200 millj. kr. og vegna Pósts og síma 200 millj. kr. Auk þess eru framkvæmdir í gangi utan fjárlaga vegna hitaveitna upp á 4500 millj. kr., vegna Orkubús Vestfjarða 400 millj. kr. og til ýmissa aðila 250 millj. kr. Nýjar framkvæmdir fyrirsjáanlegar vegna hitaveitna eru 1800 millj. kr., vegna Orkubús Vestfjarða 346 millj. kr. og til ýmissa aðila 250 millj. kr. Samtals eru þessar lánsfjármögnuðu framkvæmdir upp á um 36 milljarða kr., sem áætlað er að skiptist þannig að innlend fjáröflun sé 13.8 milljarðar kr., en erlend lánsfjárþörf 22.2 milljarðar kr. Lagt er til að af þessu heildarfjármagni, um 36 milljörðum kr., verði veitt heimild í þessum brbl. til öflunar 12 milljarða kr. sem síðan sé ráðstafað í samráði við fjvn.

Þessar upplýsingar allar munu að sjálfsögðu liggja fyrir fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. sem og aðrar þær upplýsingar, er n. telur sig þurfa við afgreiðslu þessa frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að máli þessu verði að lokinni umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn., og vil vekja athygli n. á því, að út úr texta frv. hafa fallið tvö orð, sem skipta mjög verulegu máli, þ. e. niður hefur fallið heimild til þess að afla jafnvirðis 12 milljarða kr. í erlendri mynt. Það eru þessi orð „í erlendri mynt" sem hafa fallið út og ég mælist til þess, að úr því verði bætt hjá n. Þetta er í 3. gr. Þar stendur: „Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að 12 milljörðum kr." — „í erlendri mynt" á þarna að koma til viðbótar.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Frv. þetta, sem hæstv. fjmrh. hefur hér kynnt, mun koma til meðferðar í þeirri n. sem ég á sæti í. Ég vil taka það fram nú strax í upphafi, að við framsóknarmenn viljum standa að því að nauðsynleg starfsemi ríkissjóðs geti gengið með eðlilegum hætti og þar komi ekki til greiðslustöðvunar. Hitt vil ég taka skýrt fram, að við viljum að í 1. gr. frv. komi fram takmörkun um það, hvað þessi heimild gildi til langs tíma.

Ég er ekki á þessu stigi máls tilbúinn til að segja hver þessi tími eigi að vera, en fyrir okkur vakir að hann miðist við það, sem óhjákvæmilegt er til þess að greiðslur geti átt sér stað nú á næstunni, og síðan verði málið tekið fyrir að nýju ef ekki verður mynduð þingræðisleg ríkisstj. nú á næstunni.

Í öðru lagi vil ég segja það, að ég vildi gjarnan fá um það sundurliðaðar upplýsingar — og má vera að þær séu á þessu blaði sem hæstv. fjmrh. rétti mér — hvaða greiðslur það eru sem ríkissjóður þarf að inna af hendi nú á næstunni, þ. e. þessir 12 milljarðar. Ég vildi fá að vita nákvæmlega um hvaða framkvæmdir hér er að ræða, þannig að það liggi ljóst fyrir, þegar þessi heimild er samþ., til hvers hún er veitt og hvernig eigi að nota þessa peninga, að það sé í þær ákveðnu framkvæmdir og engar aðrar.

Í þriðja lagi fjallar þetta frv. um heimild fyrir fjmrh. til að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Ég vildi gjarnan fá upplýst með hverjum hætti hæstv. fjmrh. hyggst ganga frá þessu máli, hvort hann hyggst gera samning við Seðlabankann nú á næstunni um þennan yfirdrátt, eins og mun hafa tíðkast. Það hefur verið gert samkomulag við Seðlabankann um þessi mál og ég vildi gjarnan fá upplýst, hvort hæstv. fjmrh. hyggst ganga frá einhverju

slíku samkomulagi við Seðlabankann eða leita eftir samkomulagi við hann og með hverjum hætti það samkomulag eigi að vera.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Út af spurningu hv. 3. þm. Austurl. vil ég taka það fram að frv., sem hér um ræðir, er alfarið samið af embættismönnum fjmrn. í samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun og Seðlabanka Íslands. Ég hef aðeins óskað eftir því við þá, að þeir semdu frv. af þessu tagi, sem fæli í sér það sem þessir embættismenn væru sammála um að væri minnsta heimild sem hægt væri að veita ríkisstj. við slíkar aðstæður.

Varðandi þá 12 milljarða kr., sem talað er um í 3. gr. frv., þá byggist þessi lánsfjárþörf á mati fjárlaga- og hagsýslustofnunar og Seðlabanka Íslands á þeim greiðslum og þeim framkvæmdum sem þegar er búið að stofna til af fyrrv. ríkisstj., fyrrv. Alþ. og fyrrv. fjvn. og er með öllu óhjákvæmilegt að afla fjár til og er ekki nema þriðjungurinn af því fjármagni sem þessir aðilar, Seðlabankinn og fjárlaga- og hagsýslustofnun, telja augljóst að þurfi að afla á fyrstu mánuðum næsta árs.

Ég mun að sjálfsögðu óska eftir því við fjárlaga- og hagsýslustofnun og Seðlabanka, að fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. fái allar þær upplýsingar um þessar fjárgreiðslur sem eftir verður leitað. Það blað, sem ég las upp af hvernig áætlað er að þetta skiptist á einstaka liði, hef ég þegar afhent formanni hv. fjh.- og viðskn., eins og hann gat um áðan.

Eins og ég sagði, þá hef ég ekkert á móti því, að 1. gr. sé breytt og í staðinn fyrir að ótakmörkuð greiðsluheimild sé veitt, eins og þar er gert ráð fyrir, eða þar til fjárlög hafa verið samþ., sé settur þar einhver ákveðinn endapunktur þannig að heimildin sé ekki veitt nema til tiltekins tíma. Ég var, eins og ég sagði áðan, reiðubúinn að breyta frumvarpsdrögunum þannig strax, áður en ég hafði lagt frv. fyrir Alþingi, og óskaði raunar eftir að þingflokkarnir gerðu grein fyrir afstöðu sinni m. a. til þess máls. Sú afstaða lá ekki fyrir í gær þegar óhjákvæmilegt var að útbýta frv. hér í hv. d., og varð ég því að taka þann kost sem kemur fram í frv. En ég er fús til að standa að öllum þeim breytingum, sem þingflokkarnir og hv. fjh.- og viðskn. telja óhjákvæmilegt að gera í þessu efni, og tek undir það með formanni hv. n., að þó svo að þarna séu sett tímamörk, þá er í fyrsta lagi hægt að breyta þeim, ef þörf krefur, og í öðru lagi er e. t. v. æskilegt að setja mörkin, því þá verður þrýstingur á Alþ. og í hv. fjvn. að afgreiða fjárlög á tilsettum tíma.

Í þriðja lagi vil ég geta þess í sambandi við tímabundinn yfirdrátt ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands, að staðan er nú þannig að áætlun, sem gerð var um afkomu ríkissjóðs í ágústmánuði s. l., virðist ætla að standast og vonandi rúmlega það, þannig að á þeim mánuðum, sem liðið hafa af þessu hausti, hefur ekki aðeins tekist að varðveita þá stöðu ríkissjóðs, sem áætlun var um gerð um mánaðamótin ágúst—sept., þrátt fyrir ört vaxandi verðbólgu, heldur eru a. m. k. vonir um, þó ég vilji ekki fullyrða meira á þessu stigi málsins, að útkoma ríkissjóðs þessa síðustu tvo mánuði ársins verði hagkvæmari en ástæða þótti til að gera sér vonir um. Ýmsar ástæður liggja því að baki, sem ég ætla ekki að ræða hér, en e. t. v. gefst tækifæri til að ræða síðar. En það eru sem sé a. m. k. líkur á að þær ráðstafanir, sem fyrrv. ríkisstj. gerði til þess að skila hallalausum ríkisrekstri í árslok með álagningu nýrra skatta með brbl. og með yfirdráttarheimild eða réttara sagt samningum við Seðlabanka Íslands um skammtímalán fram á næsta ár, eða þær áætlanir og rúmlega það.

Í fjmrn. er nú verið að gera greiðsluáætlun um fyrstu mánuði næsta árs, þar sem leitast verður við að grípa aðeins til greiðslna út af óhjákvæmilegum kostnaði, og að sjálfsögðu verður leitað eftir samningum við Seðlabanka Íslands um tímabundinn yfirdrátt fyrstu mánuði ársins, eins og verður að gerast og ávallt hefur gerst. Seðlabankinn hefur ákveðnar hugmyndir um að reynt verði að mæta því með samningum við viðskiptabankana í meira mæli en gert hefur verið. En ég er reiðubúinn að hafa um þessi mál samráð við fulltrúa þingflokkanna hér á hinu háa Alþingi.

Ég vænti þess, að þessi svör mín skoðist fullnægjandi af hv. 3. þm. Austurl. og þeim öðrum þm. sem kynnu að hafa áhuga á að vita eitthvað meira um það, hvað verið er að vinna að þessum málum nú af hálfu ríkisstj.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel eðlilegt að Alþingi verði við þeirri sjálfsögðu beiðni sem hér er komin frá hæstv. fjmrh. og ríkisstj., að gerðar verði ráðstafanir til þess að ríkissjóður geti starfað með eðlilegum hætti á fyrstu dögum hins nýja árs, 1980. Ég tel hins vegar enga ástæðu til að hafa þetta ótímabundið og tel rétt að setja í 1. gr. frv. ákvæði um að þessar heimildir til greiðslna handa ríkisstj. yrðu bundnar fast settum tímamörkum.

Ég gæti ímyndað mér — án þess að ég hafi mótað mér á því endanlega skoðun og eftir er að ræða það í þingflokkum og fjh.- og viðskn. — að hér ætti að vera t. d. dagsetningin 31. jan. eða svo, að ríkisstj. hefði þessa heimild til 31. jan. 1980.

Mér sýnist að efnisákvæði 1. gr. séu í rauninni eðlileg að öðru leyti en því, að þarna þurfi að vera tímamörkun.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að fjmrh. verði heimilt á árinu 1980 að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinnar sveiflu í fjármálum ríkisins. Þarna held ég að tímamörkun ætti einnig að vera. Og ég vil í þessu sambandi óska eftir því, vegna mikilla umr., einkum af hálfu aðalaðstandenda núv. hæstv. ráðh., um að þeir hafi nú á tiltölulega mjög skömmum tíma bætt svo stöðu ríkissjóðs að þess eru engin dæmi í sögu Íslands frá því land byggðist, að fá um það upplýsingar hvort í rauninni sé nokkur þörf fyrir þessa yfirdráttarheimild í janúar. Ef þörf er fyrir hana, þá þýðir það að brestur hefur orðið í snilldinni núna í svartasta skammdeginu, og ef þörf er, hver er þá hugsanlega í janúarmánuði sú heimild sem hæstv. fjmrh. telur nauðsynlegt að fá til að draga yfir á reikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. (Gripið fram í.) Það gæti verið alveg óþarfi fyrir þá að fá þessa heimild, og þess vegna bar ég þessa spurningu fram. Það er rétt aths. hjá hv. 1. þm. Vestf.

Í 3. gr. er fjallað um lánsfjárheimild, erlent lán upp á 12 milljarða kr., og í grg. kemur fram að skv. fyrirliggjandi frumdrögum að lánsfjáráætlun vegna opinberra framkvæmda á vegum A- og B-hluta stofnana og sveitarfélaga má ætla að erlendar lántökur þeirra vegna þurfi að nema um 23 milljörðum kr. á árinu 1980 — öllu árinu 1980. Hér er hins vegar talan 12 milljarðar, og ég held að það sé alla vega ljóst, að ef hér yrði veitt tímabundin heimild ætti talan að vera miklu lægri en 12 milljarðar. Og spurning er hvort nokkur þörf er á að hafa þessa grein

hér fyrir janúarmánuð einan. Það kann að vera að það sé nauðsynlegt, og þá upplýsir hæstv. fjmrh. mig um það. En ég held að heimildartalan hljóti að geta verið allmiklu lægri fyrir þennan eina mánuð — eða segjum tvo ef veitt yrði og miðað við það sem endanlega afgreiðslu málsins hér á hv. Alþingi.

Allar byggjast þessar aths. mínar að sjálfsögðu á því, að Alþ. verði reiðubúið til að ganga í verkin strax eftir áramótin, þing komi tiltölulega mjög fljótt saman eftir áramót til að fjalla um þau mál sem hér verða vafalaust og greinilega óleyst þegar Alþ. stendur upp nú um helgina. Það verður væntanlega að hefja þinghald tiltölulega mjög snemma eða fyrr en venja er til í janúarmánuði, og ég geri ráð fyrir að allir hv. alþm. séu reiðubúnir til að leggja þar allt nauðsynlegt lið, þannig að mál geti gengið áfram með eðlilegum hætti á hinu nýja ári sem senn kemur.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. Hér er óskað eftir heimildum til lántöku erlendis frá upp á 12 þús. milljónir, og í 3. gr., sem er til skýringar á þessu, er rætt um að langveigamestu verkefni séu á sviði orkumála.

Ég fagna því að sjálfsögðu, að hér er það sett fram skýrum stöfum að Vesturlína er með í þessum framkvæmdum. Mér er ljóst að það verður að taka ákvörðun snemma á árinu um allar framkvæmdir, eigi að vinna skipulega að þeim, og þess vegna held ég að það sé rétt að fyrir liggi sú heildarupphæð sem hér er talað um, en ekki að verið sé að veita þetta í smáskömmtum.

Staðan í orkumálunum á Íslandi er mjög alvarleg. Talið er að það þurfi að keyra dísilstöðvar næsta vetur fyrir um 4 milljarða kr. Nú blasir það við, að valkostir okkar til að auka raforkuframleiðslu fyrir næsta haust eru harla fáir, og í ljósi þess vil ég fá skýlaus svör við því, hvort ríkisstj. hyggst verða við beiðni frá RARIK um boranir við Kröflu. Ég veit að það liggur fyrir ósk frá þeim þess efnis, að boraðar verði þar tvær nýjar holur, og ljóst er að eigi þær að komast í gagnið fyrir næsta haust er ótækt að bíða með ákvarðanatöku til þeirra hluta. Þetta mál varðar einnig uppbyggingu byggðalínanna, því að ef enginn stórvirkjun verður á þessu svæði verður að byggja byggðalínurnar upp á annan hátt gagnvart þéttivirkjum og er það mjög svo kostnaðarsöm framkvæmd, að talið er, og bara gagnvart Norðurlandi einu mun það auka kostnaðinn um 1½ milljarð.

Allmikið hefur verið deilt um Kröflu í sölum þingsins og ég ætla ekki að blanda mér í þær umr. En ég tel það algjört ábyrgðarleysi, eins og mál eru komin, ef við förum nú ekki að ráðum RARIK og þeirra sérfræðinga og borum við Kröflu í stað þess að bíða þar í úrræðaleysi eins og gert hefur verið nú seinustu mánuði.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Út af spurningu hv. 5. þm. Vestf. vitna ég í aths. með frv. til fjárlaga fyrir árið 1980, sem lagt var fram í upphafi þessa þinghalds. Þar segir á bls. 148 um þær breytingar, sem núv. ríkisstj. hefur gert á því fjárlfrv. sem lagt var fram í okt., um Kröfluvirkjun, með leyfi hæstv. forseta:

„Lánsfjáröflun er aukin um 450 millj. kr. og nemur alls 1200 millj. kr. Þessi breyting er gerð til þess að mögulegt verði að bora a. m. k. tvær holur í hlíðum Kröflu og ganga frá nauðsynlegum tengingum við virkjunina." — Síðar segir, með leyfi forseta: „Hitt er ljóst, að skoða verður framlög til borana við Kröflu sem hreint áhættufé."

Þetta er sem sé till. ríkisstj. eins og hún er fram borin í frv. til fjárl. Það er að sjálfsögðu með þessi mál eins og önnur, að það er Alþ. sem hefur síðasta orðið.

Mér er að sjálfsögðu mikil ánægja að því, að menn skuli vera ekki síður ánægðir en ég með það, að nú skuli það hafa gerst hvað eftir annað, sem ekki hefur gerst í heil fjögur ár, að ríkissjóður sé í plús í hlaupareikningum sínum í Seðlabanka Íslands. Skv. síðasta dagmiða frá ríkisbókhaldi erum við núna í plús um tæpa 3.7 milljarða, en því miður verð ég að hryggja þingheim með því, að við eigum ekki von á, hæstv. núv. ríkisstj., að geta haldið þessu forskoti til áramóta. Hins vegar skýrði ég frá því, að allar líkur bendi nú til þess, að sú áætlun um afkomu ríkissjóðs, sem gerð var í ágústmánuði s. l. — í lok ágústmánaðar, standist og vel það, þannig að þær ráðstafanir, sem gerðar voru fyrir þremur mánuðum til þess að tryggja — ja, eigum við að segja jafnvægi í ríkisfjármálunum það sem eftir var ársins, menn geta skoðað það hvernig sem þeir vilja, virðast ætla að standast, þrátt fyrir mjög aukinn verðbólguhraða, og vonandi rúmlega það, eftir því sem við best vitum nú.

Hver lánsfjárþörfin eða hver yfirdráttarþörf ríkissjóðs verður í janúarmánuði fer auðvitað m. a. eftir því, hvort hv. Alþ. fæst til að framlengja þau skattalög fyrrv. ríkisstj. sem eiga að falla úr gildi nú um áramótin, en fyrrv. ríkisstj. gerði ráð fyrir að þyrfti að framlengja á næsta ári og núv. ríkisstj. hefur leitað eftir samþykki Alþingis til að framlengd verði. Það segir sig auðvitað sjálft, að það fer mjög mikið eftir úrslitum þeirra mála hvernig fjárhagur ríkissjóðs verður í upphafi næsta árs. Hins vegar er alveg ljóst, að það mun fara nú eins og jafnan áður að ýmis útgjöld falla til greiðslu í upphafi næsta árs sem ekki koma tekjur jafnóðum inn fyrir, þannig að við verðum að gera ráð fyrir því, a. m. k. að einhverju leyti, að jafna þurfi þann halla með þeim úrræðum sem aðrar ríkisstj. hafa allar orðið að beita. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að í framtíðinni verði reynt að draga úr þessum árstíðabundnu sveiflum ríkissjóðs sem allra mest, vegna þess að reynslan hefur sýnt að ekki er hægt að treysta á — þó að fjárlög séu afgreidd greiðsluhallalaus, jafnvel með verulegum rekstrarafgangi — að hægt sé að vinna upp síðustu mánuði ársins það sem menn hafa tapað fyrstu mánuði ársins í hallarekstri ríkissjóðs.

Um hitt, hversu tímabundin þessi yfirdráttarheimild við Seðlabanka Íslands þarf að vera, vil ég ekki dæma. Um það dæmir hv. Alþ. og þá fyrsta kastið fjh.- og viðskn. Það er að sjálfsögðu alveg ljóst, að ef menn eru að hugleiða að binda bráðabirgðagreiðsluheimild við t. d. 31. jan., þá er gersamlega útilokað að binda yfirdráttarheimild við Seðlabankann við sama dag, sem mundi þýða það, að fyrir lok janúarmánaðar yrði ríkissjóður að vera hallalaus á viðskiptareikningum sínum í Seðlabankanum. Það gefur auðvitað auga leið, að það er ekki unnt nema með því einfalda móti, sem hvaða ríkisstj. sem er mundi þá verða að grípa til, þ. e. að greiða ekki úr ríkissjóði aðrar greiðslur en þær sem inn í hann koma, og þá yrðu það náttúrlega fjölmargar greiðslur, sem ríkisstj. ber lagaleg skylda til þess að inna af hendi, sem ekki yrði hægt að standa við. En það er að sjálfsögðu Alþingis að meta þær aðstæður.

Hvort þörf verði á þessu í janúarmánuði, það verður

náttúrlega hver og einn að meta fyrir sig, en það er hins vegar aldrei að vita hverjir á því þurfa að halda.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ekki ætla ég að gera hér að umræðuefni hvort ríkissjóður stendur það vel eða ekki, að hann þurfi ekki á þeim heimildum að halda í janúarmánuði, sem farið er fram á í frv. til l. sem nú liggur hér fyrir um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku árið 1980. En ég tel eðlilegt að verða við beiðni hæstv. fjmrh. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði. Ég tel einnig eðlilegt að slík heimild verði í gildi þar til fjárlög fyrir árið 1980 hafa verið samþykkt. Setji hv. Alþ. ákveðna dagsetningu á greiðsluheimildir til handa hæstv. fjmrh. eða ríkisstj. er Alþ. þar með að ákveða að fjárlög skuli samþykkja fyrir þá tilteknu datsetningu, eða að öðrum kosti, ef Alþ. treystir sér ekki til að standa við þá dagsetningu, þá er ekki um annað að ræða en að framlengja bráðabirgðaheimildina til handa hæstv. fjmrh. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, því að enginn hv. alþm. ætlast til að fjmrh. sitji prókúrulaus við ríkiskassann. Sem sagt, ég lýsi stuðningi mínum við þetta frv., þó svo að ég sjái út af fyrir sig ekkert á móti því að setja ákveðna dagsetningu ef meiri hl. Alþingis er fyrir því. En ég geri það ekki að neinu aðalatriði. Má segja að ég geti haft sömu orð um 3. greinina, sem fjallar um lántöku, en þar segir í aths.: „Heimildar til lántöku er leitað til þess að halda megi áfram þeim verkefnum sem þegar eru hafin. Langveigamest verkefni eru á sviði orkumála."

Ég auglýsi eftir þeim hv. alþm., — ég hugsa að það geti varla verið meira en einn eða tveir, — sem léti sér detta í hug að stöðva þær framkvæmdir sem þegar eru í gangi.

Og það segir áfram í aths. um þessa 3. gr.: „Í lögum um heimild til lántöku fyrir árið 1979 fengu nokkrar stærstu hitaveitur landsins heimild til erlendrar lántöku til framkvæmda." Eigi þessar framkvæmdir að ganga með eðlilegum hætti á árinu 1980 er óhjákvæmilegt að afla nokkurs erlends lánsfjár. Við erum allir sammála um að leggja mikla áherslu á að virkja jarðhita á sem flestum stöðum. Hvernig á að gera þetta öðruvísi en með þeim hætti sem til var ætlast í fjárlögum fyrir 1979? Ég skil það ekki og skil það síst af öllu að fyrrv. ráðh., sem hafa fjallað um þessi mál í ríkisstj., geri athugasemdir við þessa málsmeðferð.

Hér er líka farið varlega í sakirnar. Ég held að það sé reiknað með að lánsfjárþörfin verði í erlendum lántökum um 23 milljarðar. Það er undir helmingi af þeirri upphæð sem farið er fram á að tekin verði nú til þess að brúa það bil sem um er rætt, þannig að ég geri það ekki að neinu aðalatriði hvort hér verði sett ákveðin dagsetning eða ekki. Ég lít svo á, að ef ákveðin dagsetning verður sett sé Alþ. þar með að ákveða fyrir fram að fyrir þá dagsetningu skuli fjárlög vera samþ. Og ef hv. Alþ. treystir sér til að ganga frá samþykkt fjárlaga fyrir ákveðinn dag, þá eru starfshættir Alþingis á góðri leið með að breytast til hins betra.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil bara vegna síðustu orða hv. 3. þm. Reykv. taka það fram, að við erum að sjálfsögðu ekkert að agnúast út í þær framkvæmdir sem hér er ætlað að taka erlend lán til. Það er misskilningur. Það, sem ég var að segja áðan, var ósköp einfaldlega það, að ég vildi fá að vita hvaða framkvæmdir það eru sem erlendar lántökur þarf til á fyrsta hluta ársins 1980, einkum í janúar- og febrúarmánuði. Ef þær væru óverulegar eða takmarkaðar, þá mætti lækka þá tölu, sem hér um ræðir, í samræmi við það, ef hv. Alþ. kæmist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að hafa þessar greiðsluheimildir tímabundnar. Ég bjóst satt að segja ekki við því, að hv. 3. þm. Reykv. teldi nauðsyn bera til að misskilja orð mín á þann veg sem hann gerði áðan. En þar sem hann fann hjá sér þá nauðsyn, þá taldi ég óhjákvæmilegt að koma hér í ræðustólinn til að leiðrétta þann misskilning sem mér fannst gæta hjá honum.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, að mér varð á að gleyma að svara fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. áðan. Þessi áætlun um 12 milljarða lántökuþörf er gerð af Seðlabanka Íslands með tilliti til þeirra verkefna sem leitað hefur verið til hans með svo að haldið verði áfram tilteknum framkvæmdum. Svo ég nefni dæmi um framkvæmdir sem hér er átt við, þá er það Vesturlína, eins og ég nefndi dæmi um áðan, en efnispöntun vegna þeirra framkvæmda verður að fara fram mjög fljótlega, þannig að þeir verða að vita af því, sem leggja þá línu, hvort og hvenær þeir geta gengið frá þeirri efnispöntun og greiðslu.

Dæmi um aðrar framkvæmdir er Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar sem verður að fá sín mál útkljáð strax í upphafi næsta árs.

Ég las í framsöguræðu minni þann lista sem fjárlaga- og hagsýslustofnun og Seðlabanki Íslands hafa útbúið um þessar framkvæmdir, þar sem einmitt kemur fram það sem hv. 2. þm. Reykv. spurði um áðan, þ. e. hvaða framkvæmdir það eru sem hér er um að ræða, hvað af því er þegar búið að taka ákvörðun um og hvers af því er að áliti Seðlabanka Íslands algjörlega óhjákvæmilegt að hafist verði handa um að útvega fé til.

Þessar skýringar lét ég hv. formanni fjh.- og viðskn. í té áðan í fimm eintökum, og hv. 2. þm. Reykv. getur að sjálfsögðu fengið þær nú þegar. Ég hef líka getið þess, að að sjálfsögðu mun fjh.- og viðskn. fá allar frekari uplýsingar um þessi mál sem tiltækar eru.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 6). — 1. umr.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta er 6. mál. þessarar hv. d., flutt á þskj. 6 og fjallar um staðfestingu á brbl. frá 16. okt. 1979 um breyt. á lögum nr. 107 frá 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Þessi brbl., sem leitað er staðfestingar á og gefin voru út 16. okt. 1979, voru fyrst gefin út í septembermánuði s. l. af páv. hæstv. fjmrh. Eftir þingrofið, sem átti sér stað í október mánuði, eins og menn minnast, þurfti að endurútgefa þessi brbl. þar sem ekki gafst tækifæri til að fjalla um þau í þinginu áður en þingrofið fór fram.

Brbl. voru endurútgefin í óbreyttri mynd frá því sem þau höfðu fyrst verið gefin út í sept. að öðru leyti en því, að í upphaflega brbl.-textanum var gert ráð fyrir að heimila ríkisstj. að stofna til tímabundins samnings við Seðlabanka Íslanda um 4½ milljarðs kr. lán vegna

greiðsluvandkvæða ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Þótti eðlilegt, þegar þessi brbl. voru gefin út, að taka þá heimild út úr brbl. um sérstakt tímabundið vörugjald, enda átti sú heimild ekkert skylt við hið sérstaka tímabundna vörugjald, og setja hana inn í önnur brbl., um lántökuheimildir ríkisstj., en frv. til staðfestingar á þeim brbl. er nú til meðferðar í hv. Ed.

Eins og menn muna var ástæða upphaflegrar brbl.-setningar um sérstakt tímabundið vörugjald frá því í september mánuði s. l., sem frv. þetta er flutt til staðfestingar á, sú, að þá var fyrir séð fyrir alllöngu að ekki mundi takast að standa við áætlun fjárlaga um afkomu ríkissjóðs á því ári, og var talið af þáv. hæstv. fjmrh. að til þess að hægt væri að ná endum saman skorti nýjar tekjur, a. m. k. 7 milljarða kr. Samkomulag varð í ríkisstj. um að afla þess fjár með tvennum hætti. Annars vegar með nýrri tekjuöflun og hins vegar með því að ná samningum við Seðlabankann um tímabundið lán að upphæð 4½ milljarður sem greiðast ætti upp á þremur fyrstu mánuðum ársins 1980 og ætti að vera lokið að greiða 1. apríl það ár. Ein af þeim nýju tekjuöflunum, sem gengið var út frá í þessu sambandi, fólst í þeirri brbl.-setningu sem gerð var í september. s. l. um þetta sérstaka tímabundna vörugjald sem leitað er staðfestingar á hér. Breytingin, sem gerð var af hæstv. fyrrv. ríkisstj., felur í sér hækkun á vörugjaldi úr 18% í 24% og er þá átt við hið almenna vörugjald, en það er efnisatriði 1. gr. í frv. þessu.

Á ákvæðum laganna um sérstakt tímabundið vörugjald voru jafnframt gerðar þær breytingar að nokkrir vöruflokkar voru felldir úr hærri gjaldflokki, 30% vörugjaldi, aðrir alveg undanskildir vörugjaldi. Þar er um að ræða hljóðfæri ýmiss konar, sem vörugjaldi var alfarið aflétt af, og áhöld til íþróttaiðkana. Í 2. gr. þessa frv. er þannig fjallað um afnám vörugjalds af íþróttaáhöldum og í 3. gr. frv. er fjallað um afnám vörugjalds af tilteknum hljóðfærum.

4. gr. frv. er tæknileg útfærsla á því, hvernig þessum breytingum á sérstöku tímabundnu vörugjaldi verði fyrir komið.

Áætlaðar tekjur af vörugjaldshækkuninni og þeim vörugjaldsbreytingum, sem 2. og 3. gr. gera ráð fyrir, eru 310 millj. kr. á mánuði. Í fjárlagafrv. bæði hæstv. fyrrv. fjmrh. og fjárlagafrv. núv. ríkisstj. er gert ráð fyrir að þessi breyting á sérstöku tímabundnu vörugjaldi standi ekki aðeins til 1. apríl n. k., heldur til ársloka, en tekjur af þessu sérstaka tímabundna vörugjaldi til 1. apríl n. k. munu renna í það að greiða Seðlabanka Íslands afborgun af því láni sem hann veitti ríkissjóði með því samkomulagi sem við hann var gert í haust. — Til upplýsingar vil ég aðeins geta þess, að frá þeim lánssamningum hefur verið gengið við Seðlabanka Íslands.

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta er 7. mál þessarar hv. d., flutt á þskj. 7 og fjallar um staðfestingu á brbl. um breyt. á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Forsaga málsins er sú sama og ég lýsti varðandi það frv. sem var hér til umr. næst á undan. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. frá 16. okt. 1979, sem gefin voru út vegna þingrofsins þar eð ekki gafst tími til, áður en af þingrofi varð, að fjalla um og afgreiða brbl. frá því í sept. um sama efni. Tilefni þeirrar brbl.-setningar var það sama og ég greindi í ræðu minni með fyrra málinu, þ. e. a. s. að afla ríkissjóði tekna svo unnt væri að ná saman endum í ríkisrekstrinum. En eins og ég gat um í ræðu minni áðan var áætlað í sumar að þá skorti á tekjuöflun ríkissjóðs um 7 milljarða kr. til þess að hallarekstur yrði ekki á þessu ári.

Efnisatriði þessa frv. eru þau, að söluskattur var hækkaður úr 20 í 22%, þar af hinn almenni söluskattur úr 18 í 20%, eða um 2 stig. Sveitarfélögum var tryggður hluti hins hækka gjalds, sem er 8% af innheimtum söluskatti, þannig að sveitarfélögin fá þar með sinn hluta af alls 20 stigum af hinum 22 söluskattsstigum sem innheimt eru, þ. e. a. s. þau fá tekjur af hinum almenna 20% söluskatti, en ekki, eins og kunnugt er, af 2% söluskattsaukanum sem aukalega er innheimtur.

Í sept. s. l. voru áætlaðar tekjur af þessari söluskattsbreytingu 670 millj. kr. á mánuði, og er gert ráð fyrir að á fyrstu þremur mánuðum næsta árs, ársins 1980, renni tekjurnar af þessari söluskattshækkun til þess að greiða skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands að upphæð 4½ milljarður, sem stofnað var til í tengslum við þá ákvörðun hæstv. fyrrv. ríkisstj. að afla fjár með þeim hætti sem ég hef getið um, en bæði fyrrv. og núv. ríkisstj. gera ráð fyrir að innheimtu þessara tveggja viðbótarsöluskattsstiga verði haldið áfram til loka ársins 1980.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Við munum að sjálfsögðu taka þetta mál til meðferðar í fjh.- og viðskn. Nd. En ég vil taka fram að það eru meira en lítið furðuleg vinnubrögð að mínu mati hér á haustdögum, þegar Alþ. kom saman og þessi brbl. höfðu verið gefin út í sept., að Alþ. skyldi ekki afgreiða þetta mál. Ég held að það hafi aldrei gerst áður í íslenskri sögu að gefin hafi verið út brbl., Alþ. komið saman og í reynd hafnað þeim brbl. og ekki tekið á málinu, síðan sé þing rofið og ríkisstj. gefi út ný brbl. Ég vil leyfa mér að efast um að slík meðferð mála standist, og ég vil átelja slík vinnubrögð. Það hefði verið lágmarkskrafa að það Alþ., sem sat á haustdögum, hefði tekið á þeim málum sem gefin voru út með brbl. af fyrrv. ríkisstj. Þau brbl., sem gefin voru út síðar, eru að mínu mati ekki á ábyrgð Framsfl., þau eru á ábyrgð þeirrar stjórnar sem þá tók við með stuðningi Sjálfstfl.

Ég er ekki að segja með þessum orðum að ég muni ekki fyrir mitt leyti skoða þetta mál með velvilja, en ég lít svo á að þau brbl., sem gefin voru út, séu gefin út af þeirri stjórn sem mynduð var af Alþfl. með stuðningi Sjálfstfl. og mál þetta sé allt á ábyrgð þeirra flokka.

Forsrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það er rétt sem síðasti ræðumaður sagði, að meðferð þessa máls var með nokkuð óvenjulegum hætti. Það var ljóst, þegar

ákveðið var af meiri hl. Alþ. að þing skyldi rofið og efnt til kosninga, að gera þurfti sérstakar ráðstafanir varðandi nokkur brbl. sem þinginu gafst ekki tími til að afgreiða. Ástæðan fyrir því, að þingið gat ekki veitt sér tíma til að afgreiða þau brbl., var nauðsyn þess að kosningarnar yrðu haldnar svo snemma vetrar sem hægt var og eins og gert var. Um þetta mál var fjallað af færustu mönnum og þá aðferð sem notuð var við að gefa þessi brbl. út aftur svo að segja þegar í stað til þess að rjúfa ekki framkvæmd þeirra. Þetta eru skattheimtulög. Hefði verið mjög slæmt ef þau hefðu fallið úr gildi stuttan tíma. Slíkt hefði valdið raski í viðskiptum og verið óverjandi. Þess vegna var þessi leið valin. Því til staðfestingar, að hér er ekki um neina lögleysu að ræða, vil ég benda á að það voru handhafar forsetavalds sem gáfu lögin út, og einn þeirra er forseti Hæstaréttar, einn af viðurkenndustu lögfræðingum landsins. Ég held því að þetta standist, þó að auðvitað sé ekki æskilegt að þurfa að grípa til slíkra ráðstafana, en við þessar aðstæður var það óhjákvæmilegt. Hvaða pólitískar ályktanir menn draga um ábyrgð á þessum lögum skiptir í sjálfu sér ekki máli. Hitt er aðalatriðið, að þessi lög voru upphaflega undirbúin af fjmrh. sem Framsfl. átti, samþykkt af allri þáv. stjórn, og menn firra sig nú ekki ábyrgð með því að bregða sér á bak við formsatriði eins og hér er um að ræða.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar gaf út þau brbl. sem hér eru til umræðu lýsti Sjálfstfl. sig andvígan þeim. Sjálfstfl. ber ekki ábyrgð á þeim brbl. sem núv. ríkisstj. hefur gefið út. Það er rétt að það komi hér fram vegna ummæla hv. 3. þm. Austurl. Við munum að sjálfsögðu veita þinglega fyrirgreiðslu varðandi þessi mál og koma þeim til nefndar. Við munum óska þar eftir upplýsingum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að athuga þessi mál. En ég vildi láta koma skýrt fram að þessi brbl., sem eru nánast framhaldsbrbl. frá ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, eru með engum hætti á ábyrgð okkar sjálfstæðismanna.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég gleymdi aðeins að láta þess getið, að að sjálfsögðu geri ég það að till. minni að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Það, sem reynir á hér í Alþ. við afgeiðslu málsins, verður að sjálfsögðu hvaða afstöðu menn hafa til þeirra efnisatriða sem mál þetta fjallar um og hvort það hefur orðið nokkur breyting á afstöðu manna til efnisatriða málsins á þeim tíma sem liðið hefur frá því að þessi brbl. voru upphaflega sett.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Hækkun lægstu launa 1. des., frv. (þskj. 20). — 1. umr.

Forsrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Í nóvembermánuði s. l. varð ljóst að laun, sem voru lægri en 263 þús. kr. á mánuði fyrir dagvinnu, mundu að öllu óbreyttu hækka um 2% minna en hærri laun hinn 1. des. n. k., þar sem þá mundi koma til framkvæmda frádráttur frá verðbótum vegna viðskiptakjararýrnunar sem frestað hafði verið frá 1. júní s. l. með bráðabirgðaákvæðum í lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnhahagsmála o. fl. Viðskiptakjarafrádráttur þessi á lægstu laun var upphaflega ákveðinn þegar við því var búist að úr verðbólgu drægi á árinu. Sú varð ekki raunin og bar því brýna nauðsyn til að rétta hag þeirra sem lægst laun höfðu þegar greidd var verðbót 1. des. Til að ná þessu marki á sem einfaldastan hátt þurfti því að hækka lægstu launataxta um 2% frá og með 1. des. 1979. Þessum röksemdum til viðbótar vil ég bæta því við, að fram undan eru samningar um kaup og kjör nálega allra stétta í þjóðfélaginu. Var því mjög brýn nauðsyn á að skapa samræmi sem skorti á milli launataxta þeirra lægra og hinna hærra launuðu miðað við það mark sem ég nefndi áður, og stuðlar sú breyting, sem hér er um að ræða, að því marki.

Um mál þetta voru haldnir fundir með öllum þeim aðilum vinnumarkaðarins sem ríkisstj. ber að ráðgast við samkv. þeim lögum sem í gildi eru um þau samráð. Að því loknu voru 20. nóv. gefin út brbl. um 2% hækkun launa sem þá voru undir 263 þús. kr. á mánuði fyrir dagvinnu. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er á venjulegan hátt frv. um staðfestingu á þeim brbl.

Ég vil taka það fram bæði um þetta frv. og önnur frv. sem eru staðfesting á brbl., að afgreiðsla þeirra er ekki svo aðkallandi að henni þurfi að ljúka í þessari viku. Það er nægilegt samkv. stjórnskrá að Alþ. afgreiði slíkt frv. áður en því verður slitið, en það verður væntanlega ekki fyrr en einhvern tíma með vori. En úr því að tími gefst til er sjálfsagt að taka málin fyrir og koma þeim til n., þó ég telji rétt að taka þetta fram og ítreki þá ósk að þau mál verði jafnan látin ganga fyrir sem óhjákvæmilegt er að afgreiða fyrir næstu helgi.

Herra forseti. Að lokum legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., að loknum 5. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 46). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Þegar lög nr. 40 frá 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, voru samþ. á Alþingi var ljóst að skattlagning og framkvæmd innheimtu beinna skatta á árinu 1980 gæti ekki átt sér stað nema til kæmi ný lagasetning af hálfu Alþingis. Ástæða þess var sú, að samhliða frv. því sem síðar varð að lögum nr. 40 frá 1978 var flutt frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda. Voru ákvæði tekjuskattsfrv., sem síðar varð lög nr. 40 frá 1978, öll miðuð við það

greiðslukerfi. Staðgreiðslufrv. náði ekki fram þá á þinginu og er nú fullljóst að ekki verður af staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1980. Þegar af þessum ástæðum ber brýna nauðsyn til að breyta lögum nr. 40 frá 1978 og aðlaga ákvæði þeirra eftirágreiðslukerfi skatta. Slík aðlögun er annar meginþáttur í frv. því sem hér er til umr. Hinn meginþáttur frv. eru tillögur til endurbóta á þeim ákvæðum laga nr. 40 frá 1978 sem ætlað var að aðlaga skilgreiningu skattstofna verðbólgunni. Að því er þann þátt varðar má segja að í flestum efnum sé byggt á meginstefnumörkun þeirri sem fólst í lögum nr. 40 frá 1978, en þeirri hugsun, sem í þeim lögum fólst, er fundinn nýr farvegur að vissu leyti og sitthvað mótað á nokkuð annan hátt en þar var. Auk þessara tveggja meginefnisbreytinga hefur frv. að geyma allnokkuð af hreinum tæknilegum lagfæringum á texta laga nr. 40 frá 1978, eins og er reyndar augljóst hverjum þeim sem lítur yfir frv. það sem hér er til umr.

Verulegur hluti frv. þessa lýtur að breytingum á ákvæðum um skattlagningu atvinnurekstrar. Í 43. og 44. gr. laga nr. 40 frá 1978 er kveðið á um tekjufærslu rekstraraðila vegna rýrnunar skulda í verðbólgu. Þar voru teknar annars vegar allar skuldir rekstraraðila, en hins vegar skattalega óverðtryggðar eignir hans. Væru skuldirnar hærri og aðilinn því að hagnast á verðbólgunni, þar sem rýrnun á höfuðstól skuldanna varð meiri en rýrnun á verðmæti peningaverðseigna, var kveðið á um að sá hagnaður aðila af verðbólgunni skyldi færður upp í sérstakan mótreikning fyrninga er síðan skyldi færður til takmörkunar á gjöldum með tilteknum hætti. Með 22. gr. frv. þess, er hér liggur fyrir, eru gerðar tillögur til nokkurra breytinga á þessum ákvæðum. Eru tillögur þessar tvíþættar. Lúta þær annars vegar að því að taka tillit til verðbólgunnar í báðar áttir, ef svo má segja. Eldri ákvæði tóku einungis tillit til verðbólgunnar að þessu leyti ef atvinnurekstrinn var að hagnast á henni, þ. e. a. s. ef skuldir hans voru hærri en skattalega óverðtryggðar eignir. Með 22. gr. frv. þessa er gert ráð fyrir að einnig verði tekið tillit til verðbólgu í því tilviki er skattalegar eignir aðila, þ. e. a. s. peningaverðseignir hans, eru hærri en skuldir og hann því að tapa á verðbólgunni. Verður að telja eðlilegt að leiðrétting sem þessi eigi sér stað í báðar áttir. Hins vegar er gert ráð fyrir að mótreikningur fyrninga verði lagður niður og sá hagnaður, sem menn hafa af rýrnun höfuðstólsskulda í verðbólgunni, verði allur færður til tekna í einu lagi í stað þess að hlaða honum upp á mótreikning fyrninga.

Á móti þessu er svo gert ráð fyrir annars konar gjaldfærslu fjármagnskostnaðar en lög nr. 40 frá 1978 gera ráð fyrir. Er gerð tillaga um að gengismunur og verðbætur verði allar færðar til gjalda á því ári sem gengisbreyting á sér stað eða vísitölubreyting, í stað þess að lög nr. 40 frá 1978 gera ráð fyrir að gjaldfærsla dreifist á afborgunartíma skuldarinnar, og er ákvæðum um tekjufærslu fjármagnstekna breytt á hliðstæðan hátt.

Á móti beinni tekjufærslu á verðbólguhagnaði aðila af skuldarýrnuninni kemur þannig í mörgum tilvikum aukin gjaldfærsla fjármagnskostnaðar strax á því ári sem höfuðstóll viðkomandi skuldar breytist auk þess sem kveðið er á um heimild til sérstakra flýtifyrninga sem nemur 25% af tekjufærslunni. Ástæðan fyrir þessari heimild er sú, að bætt eignarstaða aðila, sem leiðir af rýrnun höfuðstóls skuldar í verðbólgu, þarf ekki nauðsynlega að skapa aukna greiðslugetu þegar á því ári sem rýrnun höfuðstólsins á sér stað. Þykir því nauðsynlegt að heimila vissa dreifingu á skattlagningunni yfir afborgunartíma skuldanna. Með þessari aðferð ætti að fást mun raunsannari mynd af raunverulegri afkomu fyrirtækja en fengist hefur með hefðbundnu uppgjöri eftir ákvæðum eldri skattalaga. Með þessu á hinn raunverulegi verðbólguhagnaður að koma til skattlagningar og ættu þessi breyttu ákvæði skattalaga að geta stuðlað að því að beina fjármagni í arðbæra fjárfestingu og hamla gegn fjárfestingu í steinsteypu og öðrum slíkum eignum sem gerð er eingöngu í því skyni að hagnast á verðbólgunni.

Í skattalögum hefur um nokkurt skeið verið heimilt að færa matsverð vörubirgða niður um 30%. Grein þessari var ætlað að vega á móti verðbreytingum vörubirgða og erfiðleikum fyrirtækja við að endurnýja vörubirgðir í verðbólgu. Með þeim ákvæðum, sem nú var lýst um tekju- og gjaldfærslu vegna verðbreytinga, eru forsendur þessarar niðurfærsluheimildar að verulegu leyti breyttar. Er því gert ráð fyrir að niðurfærsluheimildin verði skert verulega. Þar sem nokkur kostnaður og áhætta fylgir þó ávallt geymslu og eignarhaldi vörubirgða er talið eðlilegt að heimila niðurfærslu allt að 10%, en gert er ráð fyrir að þessi skerðing á niðurfærsluheimildinni sé gerð í áföngum á 4 árum þannig að hámark niðurfærsluheimildarinnar lækki um 5% á hverju ári.

Þá felast í frv. nokkur breytt ákvæði um fyrningar eigna í atvinnurekstri. Þeirri meginreglu að fyrna skuli að endurmetnu kostnaðarverði eða stofnverði er haldið. Hins vegar er kveðið á um skyldu til fyrninga, en samkv. núgildandi lögum er mönnum heimilt að velja fyrningarhlutföll allt að ákveðnu hámarki. Þykir eðlilegt að skattaðili geti ekki haft áhrif á endurmat eigna sinna með mismunandi vali fyrningarhlutfalla. Sérstaklega er hætta á að aðili velji að fyrna ekki ef rekstur gengur illa og um taprekstur er að ræða, en slík tilhneiging leiðir til þess að viðkomandi eignir verði ofmetnar og reikningsskilin gefi ranga mynd af hag fyrirtækjanna. Hér er kveðið á um skyldu til fyrninga, og eru þau fyrningarhlutföll, sem mönnum er skylt að beita, nokkru lægri samkv. frv. en hámark heimilaðra fyrningarhlutfalla var í lögum nr. 40 frá 1978.

Að því er atvinnurekstrinn varðar vil ég að lokum nefna þá breytingu sem felst í 35. gr. frv. og lýtur að því einsskiptisendurmati á fyrnanlegum eignum sem fara verður fram áður en hið árlega endurmat samkv. lögunum getur átt sér stað. Með þessari grein er ekki gerð tillaga um breytingu á endurmati á sjálfu stofnverði þeirra eigna sem aðilar hafa átt fyrir gildistöku laga nr. 40 frá 1978, en hins vegar er kveðið á um nokkuð breytta aðferð við endurmat á áður fengnum fyrningum. Í stað þess að framreikna raunverulega fengnar fyrningar með verðstuðli kaupárs eignanna er nú kveðið á um að þeim fyrningarhlutföllum, sem frv. fjallar um, sé raunverulega veitt á framreiknað verð eignanna og eftirstöðvar fyrningarverðs þannig fengnar út að vissu leyti án tillits til þeirra fyrninga sem raunverulega hafa verið notaðar á liðnum árum. Með þessum hætti er sneitt hjá því ofmati á fengnum fyrningum sem fólst í eldri aðferð, og ætti þessi aðferð að leiða til þess að ákvörðun söluhagnaðar á eignum, sem notaðar hafa verið í atvinnuekstri fyrir gildistöku nýju tekjuskattslaganna, verði sanngjarnari. Þá leiðir reglan almennt til þess að ófyrndur hluti endurmetins stofnverðs hækkar frá því sem áður var.

Þau vandamál, sem verðbólgan skapar varðandi

skattlagningu atvinnurekstrar, eru að mörgu leyti hliðstæð að því er varðar einstaklinga. Með lögum nr. 40 frá 1978 er ekki tekið tillit til áhrifa verðbólgu hjá einstaklingum nema að litlu leyti. Fengnir vextir eru í mörgum tilvikum taldir til tekna og skattlagðir, en greiddir vextir aftur á móti almennt frádráttarbærir. Vaxtahlutföll hafa hin síðari ár farið síhækkandi til þess að vega upp á móti verðbólgunni. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að eigendur fjárkrafna hafa orðið að sæta því að síhækkandi fjármagnstekjur þeirra hafa verið skattlagðar, enda þótt í reynd hafi bilið milli verðbólgustigs og vaxtatekna síst mjókkað og tap þeirra af því að eiga þessar kröfur því fremur aukist en hitt. Á sama hátt hafa skuldarar getað gjaldfært æ hærri vaxtafjárhæðir á sama tíma og hagnaður þeirra af lækkun höfuðstóls skuldanna hefur aukist í takt við vaxandi verðbólgu. Er fullljóst að ákvæði skattalaga hafa þannig verið verulegur þrándur í götu við framkvæmd þeirrar nýju vaxtastefnu sem verið er að innleiða í áföngum í þjóðfélaginu.

Með frv. þessu er lagt til að veruleg breyting verði gerð hér á. Fela tillögurnar í sér að vaxtatekjur verði ekki skattlagðar og að vaxtagjöld verði almennt ekki frádráttarbær. Frá þessari meginreglu um skerðingu frádráttarbærni vaxtagjalda einstaklinga er þó gerð sú mikilvæga undantekning, að vextir allt að 3 millj. kr. á ári af lánum sem tengd eru öflun íbúðarhúsnæðis til eigin nota með tilteknum hætti, hvort sem kostnaðurinn er í formi vaxtagjalda, verðbóta eða gengistaps. Ákvæði þessi, ef að lögum verða, hafa í för með sér nokkra breytingu á skattbyrði sparifjáreigendum til hagsbóta og skuldurum til íþyngingar. Ekki þarf að efast um réttmæti slíkrar breytingar við þær aðstæður sem við búum nú við. Varhugavert þykir hins vegar að gera breytingar á þessum þáttum þegar við skattlagningu á árinu 1980, þar sem vera kann að gjaldendur hafi að einhverju leyti tekið mið af gildandi ákvæðum laga nr. 40 frá 1978 um þetta efni við ákvarðanatöku um fjármál nú á þessu ári. Er því lagt til í 40. gr. frv., að ákvæði a-, b- og d-liðar 10. gr. og ákvæði 32. gr. frv. um breytta meðferð á vaxtatekjum og gjöldum komi ekki til framkvæmda fyrr en einu ári síðar, þ. e. a. s. við skattlagningu 1981. Þannig veitist mönnum nokkur aðlögunartími að hinum breyttu reglum í þessu efni. Af þessu leiðir að vegna álagningar skatta á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979 og eigna í lok þess árs skuli gilda ákvæði 32. gr. og 78. gr. laga nr. 40 frá 1978, eins og þau hljóða nú.

Þá er að geta þess, að ákvæði 2. mgr. 6. gr. frv. fela í sér breytingar á gildandi reglum um skattlagningu söluhagnaðar manna af sölu lausafjár sem ekki er notað í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi. Ég vil taka það fram í sambandi við frestun á gildistöku þeirra ákvæða, sem frv. gerir ráð fyrir að beitt verði við meðferð vaxtatekna og vaxtagjalda, að þó svo að lagt sé til að þessi meðferð komi ekki til framkvæmda fyrr en við skattlagningu 1981, m. a. til þess að menn geti betur skoðað áhrif hennar, legg ég mjög mikla áherslu á að út á þessa braut verði farið. Það mun m. a. hafa þau æskilegu áhrif á fasteignaviðskipti í þessu landi að mönnum yrði þá óhætt að láta það vera, sem nú er mjög gert, að krefjast mjög hárrar útborgunar við sölu á íbúðarhúsnæði til þess að tryggja sér að sleppa skaðlaust í verðbólgu. Miðað við þá breyttu skattmeðferð, sem frv. gerir ráð fyrir í þeim búningi sem það er nú að taki gildi við skattlagningu 1981, er sú þörf að krefjast mjög hárrar útborgunar í fasteignaviðskiptum til þess að tryggja raungildi andvirðisins ekki lengur fyrir hendi, þar sem verðbótaþátturinn í fasteignaveðunum, sem menn fá greidd, er ekki skattlagður sem tekjur, heldur kemur í stað þess að menn þurfi að krefjast mjög hárrar útborgunar. Slík breyting á meðferð vaxtaskattlagningar mundi mjög fljótlega hafa í för með sér mjög æskilegar og þarfar breytingar á fasteignamarkaði og mundi án efa auðvelda mörgum stórkostlega að komast yfir eigið húsnæði. Ég legg því mikla áherslu á að þó svo að lagt sé til að þetta ákvæði komi ekki til framkvæmda fyrr en við skattlagningu 1981 náist samstaða um það í þinginu að svo verði, vegna þess að þar yrði ekki aðeins um að ræða skatttæknilegt mál, sem ástæða er til að gera breytingar á, heldur ekki síður mikilvægt félagslegt mál sem mundi hafa í för með sér mjög heillavænleg áhrif á fasteignaviðskipti í landinu.

Samkv. 15. gr. laga nr. 40 frá 1978 er söluhagnaður af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna, ávallt skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Þar sem söluhagnaðurinn telst mismunur á söluverði og kaupverði upphækkuðu eftir verðbreytingarstuðli er hins vegar ljóst að sjaldnast verður um söluhagnað að ræða við sölu á eignum sem hafa tiltölulega skamman endingartíma. Afleiðingin af því að hafa þessa reglu almenna yrði því sú, að á almenning og skattyfirvöld yrði lögð allveruleg vinna, t. d. fyrir uppgjör og yfirferð vegna sölu einkabíla, án þess að um skattskyldan söluhagnað yrði að ræða nema í undantekningartilvikum. Slík skriffinnska án verulegs tilgangs er að sjálfsögðu óæskileg. Er því lagt til í 2. mgr. 6. gr. frv. að söluhagnaður manna af lausafé, sem ekki er notað í atvinnurekstri, sé skattfrjáls, nema sala þessara eigna falli undir atvinnurekstur skattaðila eða eignanna hafi verið aflað til að selja þær aftur með hagnaði. Er sönnunarbyrðin látin hvíla á gjaldanda, enda hætt við að reynt verði að misnota þessa hagræðingarreglu. Ljóst er að skattyfirvöld geta ekki gert mjög strangar kröfur til þessarar sönnunar, en atriði, sem hafa mundu veruleg áhrif á sönnunarmatið, væru t. d. fjöldi þeirra lausafjármuna, t. d. bifreiða, sem viðkomandi gjaldandi hefði selt á skattárinu og hinum næstu á undan, aðstæður við kaup og sölu þessara lausafjármuna, þau not sem gjaldandi hefði haft af hlutnum á eignarhaldstímanum o. s. frv.

Með lögum nr. 40 frá 1978 var gerð veruleg breyting á skipan ríkisskattanefndar, en samkv. þeim er gert ráð fyrir að í nefndinni eigi sæti þrír menn sem hafi það starf að aðalstarfi. Núgildandi skipan er sú, að í nefndinni eiga sæti þrír menn og þrír til vara. Ekki er gerð sú krafa að þeir hafi starfið að aðalstarfi. Í frv. er farið millileið. Gerð er sú krafa, að tveir menn hafi starfið að aðalstarfi, en fjórir ekki. Með því er tryggt að fleiri aðilar en hinir fastráðnu nm. komi sjónarmiðum á framfæri, og gætu slíkir menn komið í stað meðdómara sem oft eru kallaðir til hjá dómstólum. Breytingin gerir einnig ráð fyrir að nefndin geti starfað í tvennu lagi, sem tryggir hraðari afgreiðslu mála.

Eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar áðan skortir ákvæði um innheimtu skatta og ábyrgð á þeim í lög nr. 40 frá 1978. Skýringin á því er sú, eins og áður sagði, að samhliða frv. því, sem síðar varð að lögum nr. 40 frá 1978, var flutt frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda og voru innheimtuákvæði um tekju- og eignarskatt í því frv. Staðgreiðslufrv. dagaði uppi í meðförum þingsins, eins og kunnugt er, og því skortir í lögum nr. 40 1978

ákvæði um innheimtu skatta og skyld efni. Í frv. þessu er lagt til að úr þeirri vöntun verði bætt með því að bæta nýjum kafla inn í lögin sem fjallar um innheimtu skatta og skyld efni, sbr. 34. gr. frv. Sá kafli felur í raun ekki í sér neinar stórvægilegar breytingar á núverandi skipan þessara mála. Ég vil þó geta helstu breytinga sem kaflinn felur í sér.

Samkv. ákvæðum 110. gr. í hinum nýja kafla, sbr. 34. gr. frv., er lagt til að formi fyrirframinnheimtu verði breytt frá því sem nú er, en slík breyting er nauðsynleg vegna þeirrar breyttu álagningarframkvæmdar sem lög nr. 40 frá 1978 kveða á um. Í stað þess að ákveða fyrirframgreiðslu í heild sem tiltekinn hundraðshluta álagðra gjalda síðasta árs og skipta þeirri upphæð á fimm gjalddaga er gert ráð fyrir að fyrirframgreiðsla á hverjum gjalddaga fram að álagningu verði ákveðinn hundraðshluti af gjöldum fyrra árs. Að öðru leyti felast ekki í greininni verulegar breytingar á gildandi reglum, en ýmsar af þeim reglum, sem lagt er til í frv. að lögfestar verði, eru nú í reglugerð.

Þá er lagt til samkv. 2. mgr. 112. gr. í hinum nýja innheimtukafla frv., að skyldur ríkissjóðs til vaxtagreiðslna í þeim tilvikum, að skattar hafi verið ofgreiddir eða ofinnheimtir, verði verulega auknar. Í 46. gr. laga nr. 68 frá 1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60 frá 1973, er ákvæði þess efnis, að komi í ljós við álagningu að gjaldandi hafi með fyrirframgreiðslu sinni greitt meira en nemur heildarupphæð álagðra skatta skuli hann eiga rétt á ½% mánaðarvöxtum af ofgreiðslunni. Ákvæði um skyldu ríkissjóðs til greiðslu vaxta af ofborguðum sköttum er ekki að finna í eldri lögum. Hefur framkvæmdin verið sú, að vaxtakröfum hefur alfarið verið neitað ef upphafleg álagning er lækkuð eftir að greiðsla á sér stað. Með þessari grein í frv. er hins vegar lagt til að ríkissjóði verði nú gert skylt að greiða vexti af ofgreiddum sköttum án tillits til þess, hvort of há fyrirframgreiðsla eða röng frumálagning hefur orsakað ofgreiðsluna. Er kveðið á um að vextirnir skuli vera hinir sömu og eru af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma, en það eru hinir almennu vextir sem gilda í þjóðfélaginu.

Í 114. gr. í innheimtukafla frv. er kveðið á um ábyrgð á skattgreiðslum. Grein þessi er að mestu leyti efnislega óbreytt frá dreifðum ákvæðum í gildandi lögum. Í 1. málslið 1. mgr. er lagt til að hjón beri ábyrgð á sköttum hvors annars og geti innheimtumaður gengið að hvoru hjóna til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Þykir ekki verða komist hjá sameiginlegri ábyrgð hjóna þrátt fyrir takmarkaða sérsköttun. Eru ástæður þess bæði efnislegar og framkvæmdalegar. Sérsköttun samkv. lögum nr. 40 frá 1978 er aðeins takmörkuð. Tekjur af eignum eru alltaf skattlagðar hjá því hjóna sem hærri hefur launatekjur eða skyldar tekjur, án tillits til þess hvort hjóna á þær eignir sem tekjurnar gefa. Slíkar tekjur geta því hæglega verið skattlagðar hjá því hjóna sem ekki á eignirnar, og væri það ótæk niðurstaða að innheimtumaður geti ekki gengið að hinum raunverulega eiganda til greiðslu þessara skatta. Hið sama á við um eignarskattinn, en hann skiptist jafnt milli hjóna án tillits til þess, hvaða eignir hvort hjóna um sig telst eiga. Gagnkvæm ábyrgð hjóna ætti einnig að geta minnkað kostnað við innheimtu og einfaldað framkvæmdina mjög verulega.

Í 2. málsl. er kveðið á um rétt þess hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingja þess til endurgreiðslu úr hendi hins hjóna eða erfingja þess. Í ákvæðinu felst, að sín á milli skulu hjónin skipta tekjuskattsgreiðslum í hlutfalli milli skattskyldra tekna hvors um sig. Að því er eignarskattinn varðar skiptir ekki máli við þetta uppgjör hvort um hjúskapareign eða séreign er að ræða.

Í síðasta málsl. 2. mgr. er svo lagt til að stjórnarmenn ýmissa félaga, sjóða og stofnana séu ábyrgir fyrir skattgreiðslum þessara lögaðila.

Í 3. mgr. eru ákvæði um ábyrgð á skattgreiðslum af launum til erlendra aðila, en lög nr. 22 frá 1956 voru felld úr gildi með lögum nr. 40 frá 1978. Þar eru einnig ákvæði um ábyrgð á ýmsum greiðslum sem greiddar eru til aðila sem skattskyldir eru samkv. 3. gr. laga nr. 40 frá 1978.

Þá vil ég einnig geta þess, að frv. hefur ekki að geyma tillögur um breytingar á ákvæðum laga nr. 40 frá 1978 um skattstiga, persónuafslætti og barnabætur. Ástæðan fyrir því er auðvitað fyrst og fremst sú, að á þeim skamma tíma, sem verið hefur til stefnu, hefur ekki verið unnt að ná samkomulagi um þessi atriði milli stjórnmálaflokkanna þrátt fyrir tilraunir þar að lútandi. Má e. t. v. segja að eðlilegt sé að þetta hafi ekki tekist, þar sem hér er um mjög viðkvæmt pólitískt mál að ræða, sem ekki er ástæða til að ætla að flokkar þingsins geti orðið sammála um að hægt sé að afgreiða á þeim stutta tíma sem eftir lifir af starfstíma Alþingis nú fyrir jólin. Ég tel því ekki unnt að afgreiða þetta mjög mikilvæga mál á þeim skamma tíma sem er til stefnu fyrir jólaleyfi þm., þ. e. a. s. ákvæði um skattstiga, persónuafslætti og barnabætur. Í raun og veru kemur ekki mjög verulega að sök þó að afgreiðsla þessara atriða dragist eitthvað fram yfir áramótin, því í lögum nr. 40 frá 1978 eru ákvæði um þau efni sem vissulega er hægt að nota við álagningu gjaldársgjalda nú í janúar. Þessar tölur þarf hins vegar engu að síður að endurskoða sem allra fyrst og breyta í samræmi við almenna verðlagsþróun. Því er mjög brýnt að þegar í þingbyrjun eftir áramót verði gengið endanlega frá þessum atriðum. Þeir aðilar, sem þarna yrðu skattlagðir um gjaldársgjöld á fyrstu vikum næsta árs samkv. þeim reglum sem gilda í lögum nr. 40 frá 1978, eru ekki ýkjamargir. Ég gæti trúað að þeir væru ekki mikið fram yfir 2—3 tugi. Sú álagning gæti komið einhverjum spánskt fyrir sjónir, þannig að það gæti verið einkennileg skipting á milli aðila, en það ætti þó ekki út af fyrir sig að þurfa að koma í veg fyrir að hægt væri að nota áður nefnda álagningarstiga til að leggja á gjaldársgjöld um mjög skamman tíma í upphafi næsta árs. Hitt er hins vegar alveg ljóst, að áður en margar vikur líða af árinu 1980 er nauðsynlegt að gera þær breytingar um ákvörðun skattstiga, persónuafsláttar og barnabóta sem ég hef rætt um hér áður. Því er brýnt að þegar í þingbyrjun eftir áramótin verði a. m. k. tillögur gerðar um slíka ákvörðun og helst gengið endanlega frá. Ég mun í því sambandi annaðhvort fyrir þingfrestun nú um jólin eða strax að loknu jólaleyfi, ef þá verður ekki búið að mynda nýja ríkisstj., leggja fram tillögur í þessum efnum sem Alþ. fær þá til umfjöllunar.

Ég vil að lokum láta þess getið, að frv. það, sem hér er lagt fram, hafði verið fullunnið í fjmrn. þegar ég tók þar við embætti nú á haustdögum. Fyrrv. fjmrh. hafði falið tilteknum mönnum að vinna þetta frv. og var lokið við það að öllu eða mestu leyti. Frv. hafði hins vegar ekki verið rætt, hvorki í þáv. ríkisstj. né heldur í þingflokkum þáv. ríkisstj., þar með talinn þingflokkur hæstv. fyrrv. fjmrh. Hér var því aðeins um að ræða tæknilega vinnu

sem innt hafði verið af hendi að tilhlutan hæstv. ráðh., en enginn, hvorki þáv. ríkisstj., neinn þingflokkur hennar né heldur hæstv. fyrrv. fjmrh. sjálfur, var búinn að binda sig alfarið við.

Ég hafði þann hátt á eftir kosningar að senda umrætt frv. til allra þingflokka og óska eftir að þeir yfirfæru frv., kynntu sér efni þess og reynt yrði að ná samkomulagi hér í þinginu um að afgreiða a. m. k. þá þætti frv. sem mönnum þætti einsýnt að ekki yrði hjá komist að afgreiða. Þingflokkarnir hafa skoðað þetta frv. nú senn hvað líður í hálfan mánuð og notið til þess aðstoðar starfsmanna fjmrn. og þeirra manna úr eigin röðum sem hafa sérhæft sig í þessum málum. Það, sem ég hef næst komist um álit þingflokkanna við fyrstu sýn, er að þeir séu út af fyrir sig reiðubúnir í fyrsta lagi til þess að afgreiða það sem nauðsynlega þarf að afgreiða, t. d. svo að hægt sé að innheimta fyrirframgreiðslu tekjuskatts og eignarskatts á næsta ári, a. m. k. vonast maður til þess, en það er því sem næst innheimtukafli þessa frv. Í annan stað vona ég að þingflokkar geti orðið sammála um að afgreiða einnig þau atriði í þessu frv., sem eru til beinnar leiðréttingar á augljóslegum pennaglöpum í gildandi lögum, og einnig þau atriði í þessu frv., sem augsýnilega eru til þess að taka af tvímæli um fyrirmæli þeirra laga sem nú gilda. Ég vona einnig að þingflokkarnir nái samstöðu um að afgreiða þau efnisatriði í þessu frv. sem skerpa meiningu gildandi laga um að beita skattalögum sem tæki í baráttu gegn verðbólgunni, þar sem m. a. sé tekið tillit til þeirra atriða og þeirra áhrifa sem skattalög geta haft í því efni. Það verður hins vegar að sjálfsögðu að una því að gera um það samkomulag í hv. fjh.- og viðskn. á eins skömmum tíma og hægt er að afgreiða þaðan aðeins þau mál sem samkomulag getur orðið um og samstaða að ganga frá á þeim stutta tíma sem eftir lifir af þingstörfum.

Að lokum vil ég leggja áherslu á nauðsyn þess að frv. þetta, sem hér er fram lagt, fái skjóta afgreiðslu. Eins og ég hef lýst og frv. ber með sér felur það fyrst og fremst í sér nauðsynleg ákvæði um innheimtu skatta á næsta ári og ýmsar tæknilegar lagfæringar og úrbætur á lögum nr. 40 frá 1978. Lagasetning um þessi efni er mjög brýn nú fyrir áramótin af ýmsum ástæðum, og skal ég nefna nokkrar.

Í fyrsta lagi hefst þegar í byrjun næsta árs undirbúningur að innheimtu opinberra gjalda og engan tíma má missa ef innheimtan á ekki öll úr skorðum að ganga.

Í öðru lagi þarf að senda skattframtöl og önnur skattgögn til gjaldenda strax í byrjun næsta árs og þá er nauðsynlegt að öll ákvæði um skattstofnana sjálfa, sem eru ákvarðandi um gerð og form framtalseyðublaða, liggi fyrir.

Í þriðja lagi er reikningsárinu 1979 nú að verða lokið og uppgjörstími atvinnurekstrarins hefst. Ljóst er að lög nr. 40 frá 1978 hafa mjög verulegar breytingar í för með sér á allri reikningsskilagerð atvinnurekstrarins. Gert er ráð fyrir að endurmat fyrnanlegra eigna geti farið fram á árinu 1979 og er afar mikilvægt að allar reglur um þetta efni og önnur þau atriði, sem snúa að uppgjöri atvinnurekstrarins, liggi fyrir sem allra fyrst. Og eins og ég sagði áðan hefur mál þetta þegar verið kynnt fulltrúum frá öllum þingflokkunum að undanförnu, þannig að nokkur tími hefur gefist til skoðunar þess, þó mismikill sé.

Herra forseti. Ég læt þá máli mínu lokið og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Það er ósk mín, að n. beggja deilda hafi með sér samráð við afgreiðslu frv. og áhersla verði lögð á að afgreiðsla þeirra atriða þess, sem samkomulag getur náðst um, tefjist ekki.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil ekki tefja þingstörf með því að fara að fjalla í löngu máli um efnisatriði þessa frv. Ég vildi segja að þetta frv., sem nú er komið fram, er mjög aðkallandi að því leyti, að nú er að hefjast undirbúningur að álagningu skatta á næsta ári og þess vegna er mikilvægt að þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á þeim grundvelli sem lagt er á eftir, liggi sem fyrst fyrir. Þetta vissu menn mjög vel þegar þing var rofið og efnt til nýrra kosninga. Þetta var eitt af þeim málum sem vitað var um að var knýjandi nauðsyn að taka á, og þetta er mál sem Alþ. hefði þurft að hafa til meðferðar um nokkurt skeið. En nú er ljóst að stuttur tími er til umfjöllunar á þessu máli og er það miður.

Í sjálfu sér er nauðsynlegt að hæstv. ríkisstj. fari að gera sér glögga grein fyrir hvaða mál það eru sem alger nauðsyn er á að verði lokið fyrir jól, þannig að hægt sé að beina kröftunum fyrst og fremst að þeim málum, en þau þá látin bíða fram yfir áramót sem hægt er að láta bíða.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt, ef hægt væri, að afgreiða þetta frv. En hins vegar verð ég var við að enn er verið að flytja hér ýmis frv. og m. a. er eitt frv. komið á borð þm. sem snertir að nokkru þetta mál og ákvæði í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en það er frv. til l. um skattadóm og rannsókn skattsvikamála, sem fjallað er um að nokkru leyti í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eða nánar tilgreint í 108. gr. Mér er fullkomlega ljóst að það er ýmsum erfiðleikum háð fyrir Alþ. að ljúka þessu máli nú fyrir jól, en ef það reynist ekki unnt er nauðsynlegt að það verði gert strax eftir áramót. Margt bendir til að slíkt væri mögulegt, þó að það sé náttúrlega ekki æskilegt fyrir þá sem þurfa að styðjast við þessi lög við framtöl sín og undirbúning sinna mála.

Það má segja að frv. það, sem hér kemur fram, sé beint framhald af lögum nr. 40/1978. Um þau lög var veruleg samstaða hér á Alþingi, þ. e. a. s. þann grundvöll sem þar lá fyrir, skilgreiningu á tekjuhugtakinu og skilgreiningu á eignarhugtakinu. Mönnum var ljóst að gera þyrfti ýmsar lagfæringar. Ég vil aðeins vitna til þess sem m. a. ég sagði við framsögu meiri hl. fjh.- og viðskn. í Ed. Þar sagði ég m. a.: „En ég vil aðeins ítreka það, að ég tel nauðsynlegt að tíminn verði vel notaður í sumar til þess að fullkanna þessi atriði og athuga fleiri leiðir í þessum efnum“ — þ. e. a. s. meðferð á svokölluðum mótreikningi sem fjallað er um í 44. og 45. gr. laganna. Að þessu hefur verið unnið síðan, og má segja að meginhluti þessa frv. séu þær niðurstöður sem komu út úr þeim athugunum og menn töldu nauðsynlegt að breyta þannig að sæmileg skynsemi væri í. En það er rétt að menn athugi að hér er verið að fara út á brautir sem ekki hafa verið farnar í öðrum löndum, og því þarf ekki að koma á óvart þó að það taki tíma að finna bestu leiðir í þessum efnum, þ. e. a. s. hvernig eigi að aðlaga skattkerfið að okkar verðbólgutímum, hvernig eigi að aðlaga tekjuhugtakið og eignarhugtakið þeirri stöðu sem komin er upp í þjóðfélaginu þannig að öllu réttlæti sé fylgt, því að við vitum að það er fyrst og fremst verðbólgan sem hefur orðið þess valdandi að misrétti ríkir í skattamálum.

Í öðru lagi lá það fyrir vorið 1978 að ekki mundi verða unnt að koma á staðgreiðslukerfi skatta jafnvel þótt lögin um tekjuskatt og eignarskatt gerðu ráð fyrir því. Og ég vil einnig vitna til þess er ég sagði þá, en ég sagði m. a.:

„Í mínum huga er ljóst að ekki er raunhæft að stefna að því að taka upp slíkt kerfi" — þ. e. a. s. staðgreiðslukerfi skatta — „um næstu áramót, en þetta frv. heldur alveg gildi sínu þótt svo verði ekki, ef auðnast má að taka upp slíkt kerfi 1. jan. 1980."

Ég held að það hafi verið mistök, að gert skuli hafa verið ráð fyrir því í lögum nr. 40/1978 að staðgreiðslukerfi skatta væri komið á 1. jan. 1979. Við vissum þá að það var óraunhæft markmið. *Ég held að hyggilegra sé að setja sér raunhæf markmið og vinna því harðar að því að koma þeim fram.* Um það frv., sem lagt var fram vorið 1978, sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. að hafði dagað uppi hér á Alþ., — ég held að ekki sé rétt að segja að það hafi dagað hér uppi því að það var flutt á síðustu dögum þingsins og komst, að því er mig minnir, rétt til n., — um það hafði ekkert verið fjallað hjá hinum ýmsu hagsmunaaðilum í þjóðfélaginu. Alþ. verður því vart kennt um þótt það frv. hafi ekki verið lögfest. En síðan má segja að lítið hafi gerst í þeim málum og lítið hafi verið unnið að því að koma á staðgreiðslukerfi skatta, sem allir stjórnmálaflokkar hafa þó lýst yfir að stefna beri að. Væri því æskilegt að menn settu sér í þessum efnum sem öðrum nokkuð raunhæf markmið þannig að við gætum komið þeim fram á skynsamlegum tíma. En ég held að það megi vera fullljóst að jafnvel þótt *ákvörðun um staðgreiðslukerfi skatta yrði tekin í dag* væri þess vart að vænta að slíkt væri hægt fyrr en svona 1. jan. 1982. Það er mikið mál að framkvæma slíka breytingu. Aðrar þjóðir hafa farið út í slíka breytingu án mikils undirbúnings og út úr því hefur komið veruleg óreiða og vandræði í viðkomandi þjóðfélögum.

Það frv., sem hér er, er því að mínu mati eðlilegt framhald af því sem gert var og lögfest var vorið 1978. Þarf því fyrst og fremst að skoða það í því ljósi að hér er um lagfæringar að ræða á grundvelli, skattstofnum, sem verulegt samkomulag var um hér á Alþingi. Hitt er svo annað mál, að hér er á engan hátt fjallað um skattstiga og skattprósentu, en það var aftur á móti allverulegt deilumál vorið 1978, hvernig þau skatthlutföll skyldu vera, og eðlilegt að mismunandi sjónarmið ríki um það. Er að öllu leyti eðlilegt að slíkt bíði nýrrar ríkisstjórnar.

Það kemur fram í þessu frv. að þær breytingar, sem *gert er ráð fyrir að verði á meðferð vaxtagjalda* og vaxtatekna, komi ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu 1981, þ. e. a. s. fyrir tekjuárið 1980. Þetta hefur í för með sér að ekki þarf að gera breytingar á skattframtali einstaklinga sem búið er að gera uppkast að og tilbúið er til prentunar, þannig að jafnvel þótt ekki mundi nást að lögfesta þetta frv. fyrir áramót mundi það ekki hafa áhrif á skatteyðublað einstaklinga. Hins vegar kemur frv. til með að hafa mjög mikil áhrif á framtal atvinnurekstrarins, á endurmat eigna í atvinnurekstri og ýmislegt fleira er hann varðar. Ég tel því út af fyrir sig mögulegt að Alþ. fái heldur lengri tíma til meðferðar á þessu máli, en það er að vísu háð því að samstaða sé um það á Alþ. að þingið komi saman hið fyrsta eftir áramót. Ef það stendur ekki til, og það stendur e. t. v. til að Alþ. komi ekki saman fyrr en seinni hluta janúarmánaðar, er algerlega nauðsynlegt að lögfesta þær breytingar sem hér *er gert ráð fyrir. En þegar um svo viðamikið mál sem* þetta er að ræða tel ég mjög eðlilegt að Alþ. vilji taka sér nokkra daga til að skoða slíkt mál. Það er óneitanlega ekki góður svipur á því að afgreiða svo stórt mál með skjótum hætti því nú líður óðum að jólaleyfi. Vissulega væri því kostur að geta tekið sér aðeins lengri tíma til þess.

En við hljótum að standa frammi fyrir því á ýmsum sviðum þjóðlífsins, að þegar Alþ. starfar ekki að neinu leyti á haustmánuðum hefur það ýmsar afleiðingar í þjóðfélaginu. Menn hljóta að hafa gert sér grein fyrir því, þegar slík ákvörðun var tekin, hvaða afleiðingar það mundi hafa. Við stöndum m. a. frammi fyrir þeim í þessu *máli. Ég er ekki að segja að það séu nein rök fyrir því* að málinu eigi að fresta, en hins vegar, þó að ég sé fyrir mitt leyti tilbúinn að standa að afgreiðslu þessa máls fyrir jólaleyfi, hef ég verið — (Gripið fram í.) Hefur þetta mál verið í n. í tvö ár? (**Gripið fram í:** Ja, eitthvað í kringum það.) Ég veit ekki alveg um hvort það hefur verið í n. í tvö ár, en ég get ósköp vel skilið að aðrir telji að æskilegt sé að málið verði ekki afgreitt fyrr en fyrstu daga jánúarmánaðar.

Ég vil aðeins ítreka það, að ég vil ekki tefja þingstörf með því að fjalla í löngu máli um efnisatriði þessa máls og mun gera það síðar, þegar málið hefur hlotið meðferð í fjh.- og viðskn. Nd.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þetta frv. er komið til umr. með allsérkennilegum hætti, og við það óvenjulega, sem allir þekkja, bætist það nú að hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur umr. (*Gripið fram í.*) *Hann er horfinn úr* salnum og hv. þm. Karvel Pálmason, sem helst á að gæta fjmrh. að sjálfsögðu, fullyrðir að hann komi fljótlega. Það þykir okkur vænt um, hv. alþm. hér viðstöddum.

En kjarni þessa máls er auðvitað sá, án þess að ég fari að ræða það efnislega í einstökum atriðum nú, að hér er afar viðamikið frv. á ferðinni og er útilokað að ætlast til að Alþ. afgreiði þetta mál á þeim sólarhringum sem nú lifa eftir af störfum þingsins til jóla. Það er með öllu fráleitt að ætlast til þess að afgreiða þetta frv. í heild eins og það liggur fyrir.

Ég hef lýst þeirri skoðun minni í viðræðum við hæstv. fjmrh. að ég telji að það sé út af fyrir sig nauðsynlegt að glöggva sig á hvaða tæknileg atriði það eru sem óhjákvæmilegt er að afgreiða á þeim dögum sem eftir eru til jólaleyfis. Þau tæknilegu atriði þarf að taka út úr og fjalla um þau sérstaklega. Nauðsynlegt er að hv. fjh.- og *viðskn. fari mjög rækilega ofan í það, hvaða atriði er brýn* nauðsyn að afgreiða af tæknilegum ástæðum. En með öllu er fráleitt að ætlast til þess, að Alþ. geti á þeim skamma tíma, sem nú er eftir til jóla, afgreitt þetta frv. eins og það er í heild. Og ég vil bæta því við, að í þessu frv. eru auðvitað ekki bara pennaglöp, leiðréttingar eða tæknilegar lagfæringar. Það sjá allir, að í þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, eru pólitísk ákvörðunaratriði sem útilokað er að afgreiða með léttvægum hætti. Það verður sem sagt að fjalla ítarlega um þetta og verður að leita samráðs, og alþm. er skylt að kanna til hlítar hvaða afleiðingar einstakar greinar frv. hafa á það flókna kerfi hér í landinu sem kallað er skattakerfi. Ég veit að þeim mönnum er engin vorkunn að taka afstöðu til þessa máls sem hafa verið að ræða um þetta alllengi, eins og hv. síðasti ræðumaður, en okkur, sem komum nokkuð nýir að þessum þætti málanna, verður að gefast nokkur tími *til að ræða um málið og fjalla um það.*

Ég vil í þessu sambandi aðeins minna á að meðan síðasta ríkisstj. var að störfum setti hún á laggirnar skattanefnd. Í henni voru fulltrúar frá öllum þáverandi ríkisstj.-flokkum. Ég vil láta það koma fram hér að ítrekað fór ég þess á leit við fyrrv. hæstv. fjmrh., Tómas Árnason, að þessi nefnd yrði látin starfa áfram og af krafti eftir síðustu áramót. Það var ekki gert og m. a. vegna þeirrar neitunar er upp komin sú tímapressa, sem hér er um að ræða, og auðvitað líka vegna þess að flokkur hæstv. núv. ríkisstj. sá ástæðu til að rjúfa þingið á haustdögum, þegar þetta mál var óklárt eins og fjöldamörg önnur. Frammi fyrir þessum vanda stöndum við og afleiðingum hans. Auðvitað skulum við reyna að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að gera gott úr hlutunum, það er okkur skylt að gera. En ég legg á það áherslu, að með öllu er fráleitt að ætlast til þess að við afgreiðum mál af þessu tagi á þeim fáu sólarhringum sem eftir eru fram að jólaleyfi Alþingis.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér inn í heimiliserjur vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar. Hv. 2. þm. Reykv. gerði grein fyrir því, hvernig vinnubrögð þeirra voru í sambandi við skattamálin.

Ég get tekið undir það sem hv. 3. þm. Austurl. sagði varðandi frv. sem hér er fram komið sem framhald af lögum nr. 40/1978. Öllum var ljóst að það yrði að gera athugun á þeim lögum og koma fram lagfæringum og leiðréttingum, auk þess sem það frv., sem þá var flutt um staðgreiðslu, hefur enn ekki orðið að lögum og því skortir innheimtukafla í löggjöfina varðandi tekju- og eignarskatt.

Á okkur sjálfstæðismönnum mun ekki standa að liðka fyrir framgangi þessa máls, og við munum að sjálfsögðu athuga það með öðrum nm. Ég vildi láta koma hér skýrt fram, að ekki mun standa á okkur að hægt verði að koma við þeirri afgreiðslu á þessu máli sem þarf til þess að skattalög verði þannig úr garði gerð sem ætlast er til.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim þm., sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir við málaleitan minni.

Ég geri mér fyllilega ljóst, að menn hafa fengið mislangan tíma til að kynna sér málið, og held að það hafi verið rétt sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan, að mönnum er nokkur vandi á höndum. Þó er tíminn að sjálfsögðu mismikill, því sumir, sem um fjalla, hafa fengið nokkuð góðan tíma til að skoða frv. og sumir hafa raunar átt hlut að því að semja það. Hins vegar vil ég láta koma fram, að auðvitað er umdeilanlegt hvað af því, sem hér er lagt fram, er talin tæknileg nauðsyn á að afgreiða. Sumir gætu verið þeirrar skoðunar að raunar sé tæknileg nauðsyn á að afgreiða frv. allt, en um það verður að nást samstaða í hv. fjh.- og viðskn. Ég treysti því að samstaða náist þar um hvað menn telja óhjákvæmilegt að afgreiða af þessu frv.

Meginatriði málsins er að þarna er ekki stefnt að neinni kerfisbreytingu frá gildandi skattalögum sem koma eiga til framkvæmda nú um næstu áramót, heldur er fyrst og fremst, eins og tekið hefur verið hér fram, verið að styrkja þá framkvæmd sem mikil samstaða var um hér á þinginu þegar skattalög nr. 40 frá 1978 voru samþ. Tilgangur þess frv., sem hér er flutt, er fyrst og fremst að styrkja þá framkvæmd gildandi laga sem mikill stuðningur var við í þinginu þegar þau lög voru afgreidd á sínum tíma.

Ég ítreka svo þakkir mínar til þeirra þdm., sem hér hafa talað, og óska eindregið eftir því, að menn reyni að afgreiða fyrir áramótin það sem þeir sjálfir telja og samstaða verður áreiðanlega um í n. að sé eðlilegt og nauðsynlegt að afgreiða, bæði tæknilega og eins að svo miklu leyti sem menn eru reiðubúnir að afgreiða önnur atriði sem styrkja þá framkvæmd núgildandi skattalaga sem almenn samstaða er um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 16). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku.

Frv. þetta felur í sér framlengingu um eitt ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku og að gjaldinu sé skipt á sama hátt og ákveðið var í lögum nr. 6/1979 milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%. Gjaldið er nauðsynlegt til þess að bæta úr fjárhagsörðugleikum fyrirtækjanna og til þess að hamla gegn hinum mikla mun á raforkuverði í landinu sem bitnar mest á viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rétt er að taka fram, að við framlengingu laganna í fyrra var verðjöfnunargjaldið hækkað úr 13% í 19% og er lagt til í frv. þessu að jöfnunargjaldið sé óbreytt frá líðandi ári.

Verðjöfnunargjald af raforku hefur verið í lögum frá árinu 1974. Hafa lögin jafnan verið framlengd til eins árs í senn og er það, eins og fyrr sagði, enn lagt til. Árið 1977 voru gerðar þær breytingar á lögunum að verðjöfnunargjaldinu var skipt milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, þannig, eins og ég sagði áðan, að Rafmagnsveiturnar fengu 80% gjaldsins og Orkubúið 20%, en Orkubúið tók til starfa 1. jan. 1978.

Eins og alkunna er hafa Rafmagnsveitur ríkisins átt við stöðuga fjárhagsörðugleika að stríða. Verðjöfnunargjaldið hefur ekki nægt til þess að standa undir rekstrarhalla þeirra. Rafmagnsveiturnar hafa því einnig orðið að taka mjög óhagstæð lán og viðskiptavinir Rafmagnsveitnanna hafa orðið að standa undir þeim með gjaldskrárhækkunum fram yfir eðlilegar kostnaðarhækkanir. Þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið hefur ríkissjóður orðið að leggja fram til Rafmagnsveitnanna 600 millj. kr. framlag á þessu ári. Á þessu ári er gert ráð fyrir að rekstrarhalli RARIK verði 1400 millj. kr. þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið, en það nemur á árinu um 2600 millj., þar af til RARIK 2100 millj. kr. Á næsta ári er ráð fyrir gert að raforkuvinnsla í dísilrafstöðvum á orkuveitusvæði RARIK verði um 5% af heildarraforkuöflun. Á árinu 1980 er gjaldið áætlað 3400 millj. kr., þar af 2700 millj. kr. til RARIK.

Fjárhagsafkoma Orkubús Vestfjarða er einnig mjög slæm. Þannig er gert ráð fyrir 500 millj. kr. rekstrarhalla

árið 1980 þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið. Hér má geta þess, að á næsta ári er gert ráð fyrir að Orkubúið þurfi að framleiða 38% af orkunni með dísilvélum, með öllum þeim hækkunum sem því fylgja.

Svo sem greinilegt er af framansögðu er óhjákvæmilegt enn einu sinni að framlengja lögin um verðjöfnunargjaldið, og leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Ég vil í lokin geta þess, að ástæðan fyrir því, að við leggjum mikla áherslu á að hv. Alþ. geti afgreitt þetta mál nú fyrir jólafrí, er sú, að gjaldið fellur niður nú um áramótin og verði það ekki endurnýjað fyrir áramót er gjaldheimtan ekki fyrir hendi.

Hv. Ed. afgreiddi málið í dag, iðnn. hélt fund í morgun og deildin afgreiddi það síðan í tveimur umr. í dag. Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. Nd. geti orðið sammála um að hafa slíkan hraða á að málið fáist afgreitt fyrir jólafríið, eins og ég sagði áðan.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég er því samþykkur að frv. það, sem hér liggur fyrir og er til 1. umr., um verðjöfnunargjald af raforku, nái fram að ganga fyrir jól og verði lögfest þannig að tekjur af þessu gjaldi verði óskertar á næsta ári eins og til stendur og lagt er til í þessu frv.

Það er sannarlega afar brýnt að jafna þann mikla mun sem er á raforkuverði í landinu. Frv. þetta og lög um verðjöfnunargjald af raforku hafa miðast við að það væri kleift. Hins vegar hefur skort nokkuð á að lögin hafi náð tilgangi sínum á þeim árum sem þau hafa verið í gildi og framlengd frá ári til árs. Verðmunur á raforku á almennum taxta Rafmagnsveitnanna og Rafmagnsveitu Reykjavíkur hins vegar er nú eitthvað milli 53 og 54%. Það er að sjálfsögðu miklu meiri munur en svo, að við það sé unandi, þó að nokkuð hafi dregið úr þessum verðmun frá því sem var á árinu 1978. Þessi verðmunur á raforku er þó hreinir smámunir hjá þeim gífurlega verðmun sem er á upphitunarkostnaði í landinu, annars vegar á hinum svokölluðu olíusvæðum, þar sem menn þurfa að kynda hús sín með hinni dýru olíu, og hins vegar á hitaveitusvæðum, en þessi munur er a. m. k. fimmfaldur og það þótt tekið sé tillit til olíustyrks sem síðasta ríkisstj. hækkaði að raungildi nærri tvöfalt.

Um verðjöfnunargjald af raforku urðu miklar umr. hér í þinginu á síðasta vetri, ekki síst vegna þess að þá var lagt til að gjaldið yrði hækkað um 6%, eða úr 13% í 19%. Það var þá skilyrt að tekjur af þeirri viðbót færu alfarið í að draga úr verðmun á almennum töxtum, en gengju ekki í almennan rekstur Rafmagnsveitnanna, þar sem óvissa kynni að ríkja um að gjaldið yrði notað til þess að draga úr verðmun. Þessi hækkun verðjöfnunargjaldsins var liður í viðleitni síðustu ríkisstj. til að jafna raforkuverð, eins og tilskilið var í stjórnarsáttmála, en sú ríkisstj. hafði ýmis önnur áform til þess að ná fram því verðjöfnunarmarkmiði og þ. á m. að ná fram stofnun á einu raforkuöflunarfyrirtæki, nýrri landsvirkjun. Einnig var þá lagt til, og lá fyrir þegar frv. var flutt um verðjöfnunargjald af raforku í des. 1978, að sá háttur yrði upp tekinn að ríkissjóður legði Rafmagnsveitunum til eigið fjárframlag, en það hafði ekki gerst þá um langt árabil. Þegar ég mælti fyrir sams konar frv. í des. 1978 treysti ég því, að till. um 600 millj. kr. framlag úr ríkissjóði til Rafmagnsveitnanna næði fram að ganga. Upp kom í þáv. ríkisstj. nokkur ágreiningur um þetta mál, þar sem fram kom andstaða hjá þáv. fjmrh. við að taka þetta framlag inn að fullu á því ári, og það var ekki fyrr en við afgreiðslu lánsfjáráætlunar hér í þinginu, þegar komið var fram undir vor, að samþykkt var með meiri hl. atkv. að svo skyldi gert. Þetta ásamt hækkun verðjöfnunargjaldsins varð til þess að unnt var að draga úr þeim verðmun, sem ég gat um áðan, og lækka hann úr 88% í 53.5%.

Ástæðurnar fyrir bágri fjárhagsstöðu Rafmagnsveitnanna eru fleiri en ein. Hæstv. iðnrh. hefur hér getið um meginástæðuna, sem er sú, að Rafmagnsveitunum hefur á umliðnum árum verið gert að ráðast í óarðbærar framkvæmdir í stórum stíl og að fjármagna þær nær einvörðungu með óhagstæðum lánum. Ef ég man rétt, er gert ráð fyrir að vextir og afborganir af lánum Rafmagnsveitnanna nemi um 1½ milljarði kr. á næsta ári, og því hafa Rafmagnsveiturnar verið neyddar til þess af eiganda sínum, ríkissjóði, að afla tekna að hluta til með óhóflega háum gjaldskrám, auk árvissra erfiðleika varðandi fjármögnun þeirra framkvæmda sem þeim hefur af Alþ. verið gert að ráðast í. Auk þeirrar byrði, sem lögð er á viðskiptavini Rafmagnsveitnanna, hefur þetta leitt til að framkvæmdir, sem Rafmagnsveiturnar hafa staðið fyrir, hafa verið í óvissu. Þær hafa orðið kostnaðarsamari fyrir bragðið og af því leitt margháttað óhagræði.

Af hálfu Alþb. var í síðustu ríkisstj. lögð á það rík áhersla að snúið yrði við blaðinu varðandi fjármögnun Rafmagnsveitnanna. Tókst um það samkomulag í síðustu ríkisstj. við undirbúning fjárlaga á síðasta hausti að þarna yrði breytt verulega og róttækt um stefnu á þann hátt að ríkissjóður stæði frá og með árinu 1980 að fullu undir félagslegum framkvæmdum sem Alþ. ákveði hverju sinni að Rafmagnsveiturnar skyldu ráðast í.

Það var mat stjórnar Rafmagnsveitnanna að af þeim framkvæmdum, sem hún gerði till. um á s. l. vori að Rafmagnsveiturnar tækju að sér, væru um 60% félagslegs eðlis og mundi ekki skila arði. Þetta hefði þýtt, ef þessi stefna hefði náð fram að ganga, sem ég raunar vona að verði þrátt fyrir óvissu sem nú ríkir, að þá hefði ríkissjóður þurft að leggja Rafmagnsveitum ríkisins til um 2½ milljarð kr. af þeim 4000 millj. sem gert var ráð fyrir að varið yrði til framkvæmda á vegum Rafmagnsveitnanna.

Um það tókst sem sagt samkomulag í síðustu ríkisstj. að ríkissjóður tæki þetta á sig, en í fjárlagafrv. þáv. fjmrh., Tómasar Árnasonar, var þó aðeins gert ráð fyrir 1000 millj. kr. framlagi í þessu skyni, en jafnframt gert ráð fyrir að starfshópur fjárlaga- og hagsýslustofnunar, iðnrn. og Rafmagnsveitnanna færi yfir málin og legði mat á þetta nánar og gerði sínar till. til fjvn. og Alþ. til að framfylgja þessari stefnumörkun, sem ég gat um, og að hún endurspeglaðist í endanlegri fjárlagagerð fyrir árið 1980.

Ég vænti þess, að við þessa stefnumörkun verði staðið þegar um fjárlög verður fjallað og þau afgreidd. Óðruvísi er ekki hægt að snúa frá þeirri óheillaþróun, sem verið hefur í þessum málum, og tryggja viðskiptavinum Rafmagnsveitnanna sanngjarnt raforkuverð sem þeir eiga heimtingu á.

Það eru mér vonbrigði, að ég sé ekki betur en í því fjárlagafrv., sem hér var lagt á borð hv. þdm. fyrir nokkrum dögum, hafi framlag ríkissjóðs til Rafmagnsveitanna verði lækkað úr 1000 millj. kr. í 400 millj. kr. Ég les þetta út úr fjárlagafrv. og vænti að það verði

leiðrétt ef þarna er rangt með farið, því að þetta væri sannarlega veruleg öfugþróun. Og ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort ekki megi treysta því, að núv. ríkisstj. standi fast við þá stefnumörkun sem ráðh. Alþfl. stóðu að á s. l. hausti að fram skyldi ganga varðandi fjármögnun framkvæmda Rafmagnsveitnanna.

En í ljósi þeirrar óvissu, sem nú ríkir um þetta mál og ekki verður skorið úr fyrr en af nýrri ríkisstj. eða Alþ. með afgreiðslu fjárlagafrv., finnst mér að orðalag það, sem er í fyrirliggjandi frv., sé ekki nægilega skýrt þar sem talað er um, með leyfi hæstv. forseta, það sem segir í 1. gr.: „Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.“ Ég tel að hér sé um of óljóst orðalag að ræða og þurfi að kveða skýrt á um að þetta gjald verði notað einvörðungu í því skyni að jafna þann verðmun sem er á almennum töxtum hjá RARIK og raunar einnig hjá Orkubúi Vestfjarða.

Ég hef ekki í máli mínu fjallað sérstaklega um vanda Orkubús Vestfjarða. Hann er á margan hátt hliðstæður vanda RARIKs og ég get vísað til orða minna um erfiðleika þeirra varðandi þann vanda sem Orkubú Vestfjarða á nú við að etja. Hann er m. a. til kominn vegna þeirrar miklu framleiðslu á raforku með olíu sem þar fer fram og mun fara vaxandi uns tekist hefur að tengja Vesturlínu, tengja orkuveitusvæðið á Vestfjörðum við landskerfið. Er augljóst að Orkubú Vestfjarða á við vaxandi erfiðleika að etja.

Ég geri ráð fyrir að flytja í iðnn. þessarar hv. þd. brtt. um orðalagið í þessu frv. til að tekin verði af tvímæli um nýtingu á þessu verðjöfnunargjaldi. Ég treysti því, að það þurfi ekki að verða til að tefja framgang málsins í þessari d. né heldur afgreiðslu þess fyrir jól, vegna þess að það ætti að vera nokkuð sjálfsagt mál að þessu gjaldi yrði varið í því skyni að draga úr verðmismun. Ekki er þó hægt að treysta því á meðan ekki liggur ljóst fyrir hvaða stefna verður ofan á varðandi fjármögnun framkvæmda Rafmagnsveitnanna og úrlausn á þeim mikla vanda sem þær eiga við að etja, þeim mikla fjárhagsvanda sem þar blasir við og hæstv. iðnrh. mun þekkja mörgum öðrum betur.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Í tilefni af því frv., sem hér liggur fyrir, langar mig til að segja örfá orð og lýsa afstöðu minni til verðjöfnunargjaldsins.

Hér er gert ráð fyrir að sú hækkun verðjöfnunargjalds, sem samþykkt var á næstsíðasta Alþ., úr 13% í 19%, haldi áfram og gildi fyrir árið 1980. Þessi hækkun verðjöfnunargjalds var mikið deilumál og reyndar tvísýnt um úrslit þó að hún hafi á endanum verið samþykkt. Gjald þetta var upphaflega — og er reyndar enn — sett til að standa undir halla á RARIK og hefur farið smáhækkandi eftir því sem fjárhagsvandi RARIK hefur aukist. Þó hefur alltaf verið litið á þetta verðjöfnunargjald sem bráðabirgðaskatt. Hann hefur verið framlengdur frá ári til árs og oft a. m. k., ég segi ekki alltaf, hafa fylgt því yfirlýsingar um að nú eigi að taka fjárhag RARIK til endurskoðunar þannig að ekki sé lengur nauðsyn á að leggja sérstakan skatt á almenna raforkusölu í landinu til að standa undir þessum hallarekstri.

Ég læt það koma hér fram, að ég er andvígur þessu verðjöfnunargjaldi eins og það er byggt upp. Sú andstaða byggist á þeirri skoðun, að fjárhagsvanda RARIK eigi að leysa á annan hátt en með almennri skattlagningu á raforkusölu. Ég met mikils það hlutverk RARIK að dreifa orku um hinar dreifðu byggðir landsins. En við gerum okkur allir grein fyrir því, að vegna strjálbýlis og landshátta er vonlaust að margar þær framkvæmdir, sem RARIK leggur út í, geti staðið undir sér. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að undir þeim framkvæmdum, sem RARIK leggur í og flokkast til félagslegra framkvæmda, þ. e. a. s. eru ekki arðbærar, eigi að standa með óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði til RARIK. Það er óeðlilegt að halda áfram stöðugum lántökum til óarðbærra framkvæmda og hlaða þannig skuldum á skuldir ofan hjá RARIK. Ég tel að fjárhagsvanda RARIK eigi að leysa með því að greiða sundir hinar miklu skuldir fyrirtækisins, gera mun á skuldum vegna óarðbærra framkvæmda, þær skuldir eigi ríkissjóður að taka á sig, en RARIK síðan að standa undir öðrum skuldum og reka síðan fyrirtækið á þann hátt að það geti staðið undir sér, eins og ég tel að hljóti að vera markmið með öllum þeim fyrirtækjum sem eru eign ríkisins og hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstæðar tekjur. Ég hef trú á því, að með slíkri aðferð sé hægt að ná tiltölulega jöfnu raforkuverði um land allt og ekki síst þegar að því kemur, sem nú er skammt undan vegna samtengingar raforkukerfisins, að framleiðsla raforku með olíu muni nær hverfa nema í neyðartilvikum.

Það er mjög margt sem mælir gegn slíku gjaldi eins og verðjöfnunargjaldið er. Í fyrsta lagi er orðið verðjöfnunargjald ófugmæli, því að þeir neytendur, sem hæst raforkuverð greiða fyrir, greiða hæst verðjöfnunargjald, vegna þess að það er lagt sem prósenttala ofan á raforkuverðið. En að vísu má segja á móti að þær tekjur, sem gjaldið gefur, komi þá í veg fyrir frekari hækkanir hjá þeim sem hæstu gjöldin bera.

Í öðru lagi, og það tel ég kannske mikilvægasta þátt þessa máls, er skattheimta á raforkusölu hér á landi komin fram úr öllu hófi. Það er greiddur 22% söluskattur af raforkusölu og nú 19% verðjöfnunargjald, og slík skattlagning á raforkusölu þekkist hvergi annars staðar, a. m. k. ekki í þeim löndum sem ég hef aflað mér upplýsinga um. Slíkt gjald kemur mjög illa við atvinnuvegi þjóðarinnar, einkum iðnaðinn. Raforkukostnaður er mikill þáttur í rekstrarkostnaði margra iðnfyrirtækja, en slík skattlagning skerðir að sjálfsögðu samkeppnisaðstöðu iðnaðar okkar gagnvart iðnaði annarra landa sem íslenskur iðnaður þarf að keppa við.

Í þriðja lagi er hér um algeran neysluskatt að ræða. Allir þurfa rafmagn, bæði til heimilishalds og til annarra þarfa, og hann kemur því niður á öllum landsmönnum. Ég tel að það séu einnig rök gegn slíku gjaldi.

Í fjórða lagi vil ég benda á að okkur hér í Reykjavík hefur fundist einkennilegt, að í mjög mörg ár hafa verðlagsyfirvöld, sama raunar hvaða ríkisstjórnir hafa átt hlut að máli, reynt að halda niðri verðlagi á raforku hér í Reykjavík, synjað árum saman, hvað eftir annað eðlilegum hækkunarbeiðnum frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur með þeim afleiðingum að Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur verið knúin til að taka erlend lán sem aftur hafa leitt til þess að nú hvíla á því fyrirtæki þungir vextir og þungar afborganir af erlendum lánum og í rauninni er rafmagnsverð nú hér í Reykjavík hærra en vera þyrfti ef á hverjum tíma hefði verið farið eftir óskum Rafmagnsveitu Reykjavíkur um eðlilegar hækkanir. En okkur hefur fundist það einkennilegt, að á sama tíma sem verðlagi á raforku hefur verið haldið niðri á þennan hátt skuli hafa verið talið eðlilegt að leggja sérstakan skatt á þetta

rafmagnsverð til þess að jafna, eins og það er kallað, verðlagningu á raforku um landið.

Ég vil líka benda á að Samband ísl. rafveitna, en það eru samtök allra rafveitna sem starfa á landinu, hefur lýst sig algjörlega andvígt slíkri skattlagningu og sent um það mörg erindi til hv. Alþ. þegar þessi mál hafa verið hér til umræðu. Og ég vil enn fremur geta þess, að borgarstjórn Reykjavíkur og borgarráð hafa mjög eindregið lýst andstöðu sinni gegn þessu gjaldi og hafa þar allir borgarfulltrúar sameinast, hvar í flokki sem þeir standa.

Þó að þetta gjald hafi verið lagt á sem bráðabirgðaskattur frá ári til árs hafa málefni RARIK ekki verið tekin neinum tökum og menn alltaf staðið frammi fyrir því ár eftir ár, í lok hvers árs, að nauðsynlegt væri að framlengja gjaldið og jafnvel hækka til þess að leysa málefni RARIK. Ég ítreka því það sem ég sagði áðan, að ég er andvígur verðjöfnunargjaldi eins og þessu og get því ekki samþykkt það þegar það kemur til atkvgr. í þessari hv. d. Ég mun gera nánari grein fyrir afstöðu minni í iðnn.

Ég geri mér grein fyrir því, að það er viss ábyrgðarhluti að ætla sér að stöðva framgang þessa máls hér á hv. Alþ. nú í lok ársins, vegna þess að allt hefur verið látið reka á reiðanum, eins og ég gat um, varðandi málefni RARIK. Og hið sérkennilega pólitíska ástand sem hér ríkir, m. a. með þeim afleiðingum að engin fjárlög eru nú til afgreiðslu, gerir nokkuð viðurhlutamikið að þetta mál fái ekki einhverja afgreiðslu hér í þinginu. Ég minni á að fyrir ári, þegar þetta gjald var hér til umræðu, buðust allmargir þm. til að leysa málið á þann hátt að þær tekjur, sem hækkun verðjöfnunargjaldsins úr 13% í 19% mundi gefa, yrðu teknar af fjárlögum og samvinna tekin upp við þáv. hæstv. ríkisstj. um niðurskurð á fjárlögum á móti. En því boði var ekki tekið.

Ég vildi láta þessar aths. koma fram strax við 1. umr. um þetta mál, en mun nánar gera grein fyrir afstöðu minni í iðnn. þessarar hv. d. þegar málið kemur þangað.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Frv. um verðjöfnunargjald af raforku er árlegur viðburður hér á Alþ. eins og jólin og páskarnir, og þá hafa sumir farið af stað og lýst yfir að þeir séu mjög andvígir þessu gjaldi.

Mér fannst vænt um það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 6. þm. Reykv., að það gæti verið vafasamt hvort fyrirsögn þessa frv. væri rétt, þar sem rætt er um verðjöfnunargjald af raforku, því að auðvitað borga þeir, sem hæst rafmagnsverð borga, tiltölulega hærra verðjöfnunargjald. Að því leyti er þessi fyrirsögn frv. röng. Hins vegar njóta þau byggðarlög þess þar sem verðjöfnunargjaldið rennur til raforkuframkvæmda á vegum RARIK og Orkubús Vestfjarða, sem er tiltölulega ung stofnun, en var áður að verulegu leyti undir RARIK, auk sjálfstæðra rafmagnsveitna á Vestfjörðum.

Ég get alveg tekið undir að mjög æskilegt væri að taka upp nýjan hátt á því, hvernig eigi að gera þessum orkufyrirtækjum rekstur og framkvæmdir eðlilegar. En það hefur vafist fyrir allmörgum ríkisstj. að gera það, og með allri virðingu fyrir þeirri ríkisstj., sem nú situr og kölluð er starfsstjórn, held ég að þm. almennt geti ekki búist við því að núv. hæstv. iðnrh. hafi í því umróti öllu, sem verið hefur í landsmálum undanfarna mánuði, getað gert tillögur um gerbreytingu á þessum málum.

Menn tala um arðbærar og óarðbærar framkvæmdir. Það má að mínum dómi líta á það með ýmsu móti. Það má segja að lagning sveitalínu til örfárra bæja geti ekki talist arðbær framkvæmd í þröngri merkingu. En ef við höfum merkinguna víðtækari held ég að frá þjóðhagslegu sjónarmiði sé arðbært og eðlilegt fyrir þjóðfélagið að halda uppi byggð sem víðast um landið. Þess vegna tel ég að fyrirtæki eins og RARIK og Orkubú Vestfjarða geti ekki lagt það á notendur sína eina að standa undir slíkum framkvæmdum. Það er algerlega útilokað. Og ef það er skylda samfélagsins að láta sem flesta landsmenn njóta sem jafnastra og bestra kjara og umbóta hlýtur það að vera samfélagsins alls að standa undir þeim félagslegu umbótum sem slíkt hefur í för með sér. Það er gert með þessu verðjöfnunargjaldi. Það verður aldrei hægt að reka RARIK eða Orkubú Vestfjarða hallalaust, ef á að leggja á þessa aðila eina eða notendur rafmagns á þessum svæðum eina að standa undir öðrum félagslegum umbótum í sambandi við lagningu rafmagnslínu, því að það hlýtur alltaf að verða hlutverk og verkefni samfélagsins í heild. Því má auðvitað segja — og ég get að vissu leyti tekið undir orð hv. 6. þm. Reykv. — að á margan hátt sé eðlilegra að leysa þennan hluta þessa vanda með öðrum hætti, með beinum fjárframlögum á fjárlögum, en því sem snertir reksturinn, eðlilegan rekstur. verða auðvitað notendur á þessum svæðum að standa undir að verulegu leyti.

Ég kom í ræðustólinn til að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv., eins og ég hef gert áður. Á s. l. ári riðluðust flokkafylkingar í sambandi við svipað frv. um verðjöfnunargjald af raforku. Ég fyrir mitt leyti tel að þetta frv. sé ekki nema lítill hluti af þeim stóra og mikla vanda sem fram undan er, því að minnka þarf þann mikla aðstöðumun sem er á því að lifa lífinu í þessu landi. Þá minni ég á þann mikla aðstöðumun sem er varðandi kyndingarkostnað víða um land, annars vegar á hitaveitusvæðunum og hins vegar á þeim stöðum þar sem verður að kynda með olíu sem hefur margfaldast í verði, eins og allir vita, af ástæðum sem við ráðum ekki við og vitum um. Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel ekki réttlátt að búa við allt að sexfaldan kostnað víða á landinu til þess að hita upp híbýli sín samanborið við minnstan kostnað. Það er ekki vansalaust fyrir þessa virðulegu stofnun, Alþingi, að taka þau mál ekki föstum tökum. — Það virðist fátt vera tekið föstum tökum í þessari virðulegu stofnun nú þessa daga og haustdaga alla. En ég held fyrir mitt leyti að mál sé að linni þeim ósköpum og tekið verði til hendinni og leiðrétt jafnauðfundið og auðskilið ranglæti og ég hef hér nefnt.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu taka undir það, að þau mál, sem hér eru til umræðu, þarfnast ítarlegri umræðu og meira átaks en ætlast er til í þessu frv. Ég vil líka að það komi hér fram, að ég er algjörlega sammála um það, að vissir þættir í rafvæðingu landsins eru félagslegs eðlis og það er að minni hyggju sjálfsagt að ríkisvaldið taki þar til höndunum að verulegu leyti.

En ástæðan til þess, að ég mælist aftur eindregið til að hv. þd. láti þetta frv. fara nú í gegn án breytinga, er sá vandi sem er fram undan og tími hefur ekki unnist til að skoða á annan hátt, að verði þetta frv. ekki samþykkt nú fyrir áramótin er þetta gjald ekki til eftir áramót og RARIK kemst þá í nýjan og meiri vanda en það er statt í nú.

Varðandi þá brtt., sem hv. þm. Hjörleifur Guttorms-

son boðaði hér, vil ég benda hv. þm. á að frv. er að öllu leyti eins og frv. sem fyrrv. iðnrh., sem þá var hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, flutti í fyrra — að öllu leyti eins nema að ártalinu. Þá var talið nægilegt að kæmi fram í grg. til hvers gjaldið skyldi notað: „Gjaldið er nauðsynlegt til þess að bæta úr fjárhagsörðugleikum fyrirtækjanna og til þess að hamla gegn hinum mikla mun á raforkuverði í landinu, sem bitnar mest á viðskiptavinum RARIK og Orkubús Vestfjarða."

Eftir þessari grein, sem er að vísu í aths., hefur verið farið, og ég get lofað því, að á meðan ég sit í þeim stól, sem ég sit nú í, skuli þar verða hagað eins framkvæmdum með þetta gjald og var á s. l. ári. En fyrir eftirkomanda minn get ég náttúrlega ekki lofað þessu. Ég hygg að það megi þó treysta því, að ekki verði breytt um framkvæmd á málinu hver sem í iðnaðarráðherrastóli situr, því að þetta er fyrst og fremst komið undir framkvæmdum hjá RARIK.

Ég vil líka geta þess, að hv. þm. Stefán Jónsson hafði uppi ráðagerðir um að flytja svipaða brtt. við þetta frv. í Ed., en hætti við það eftir að hann var búinn að hlusta á röksemdir rafmagnsstjóra, Kristjáns Jónssonar, um að mikil nauðsyn væri að þetta mál gengi fram nú fyrir þinghlé. Ég leyfi mér að vænta þess, að við umhugsun geri nú hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hið sama.

Út af spurningum sem hann nefndi hér varðandi fjárlagafrv., bæði Tómasar Árnasonar og Sighvats Björgvinssonar, sem ég leyfi mér að kenna við þá fjmrh. fyrst og fremst, að framlagið hafi verið lækkað í síðara frv., þá held ég að ég megi fullyrða, þó ég taki þann vara á að ég get ekki staðfest það, en ég held ég megi fullyrða að þarna sé færsla á milli fjárlaga og lánsfjáráætlunar, það sé ekki hugsað að láta minna í þetta en var í fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar, en fjármagna það á annan hátt að hluta. Síðan kemur það að sjálfsögðu til skoðunar fjvn., hvort hún vill taka þarna meira inn í, og síst af öllu vildi ég hafa á móti því. En það skulu vera mín lokaorð að ég mælist mjög eindregið til þess, eins og staðan er með þetta frv., að hv. þd. gæti séð sér fært að afgreiða það óbreytt fyrir þinghlé.

Albert Guðmundsson: Virðulegi forseti. Það hefur verið mikið talað, ekki bara á Alþ., heldur víða um landið, um þann mismun sem er á olíuverði til upphitunar annars vegar og orkukostnaði úti um land, og hins vegar orkukostnaði hitaveitu og rafmagns hér á þéttbýlissvæðinu í Reykjavík, á Reykjanesi og á Suðurlandi. En af hverju er þessi mikli mismunur? Það er út af fyrir sig ljót saga.

Olíuhækkanir erlendis eiga að sjálfsögðu að koma á útsöluverð olíu og eldsneytis, en ríkissjóður á ekki að gera vandann sjálfan að tekjulind. Við erlendar hækkanir heldur prósentuálagning við innflutning og verðlagningu eldsneytisins eða orkunnar áfram, og ef olía eða innflutt orka hækkar um 10% bætast ekki 10% af innkaupsverðinu á útsöluverðið, heldur margfaldast það. Að skattleggja vandann, að gera vandann sjálfan að tekjulind fyrir ríkissjóð er eitt af því ljótasta sem ég þekki til í ríkisrekstrinum og eru þó margar tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs sem ég get illa sætt mig við. Svo þegar ríkisstj. hefur margfaldað þennan vanda með slíkri prósentuálagningu við innflutning á orkunni leggur hún á verðjöfnunargjald til að standa undir þeim kvöðum sem hún leggur sjálf á þá íbúa þessa lands sem þurfa á olíunni að halda. Það er þetta sem ég vil benda á að er bæði rangt og mér liggur við að segja lögboðinn þjófnaður, því að á sama tíma sem ríkið leyfir sér að seilast á þennan hátt í vasa þjóðfélagsþegnanna setur það önnur lög fyrir aðra innflytjendur, hina svokölluðu 30% reglu. Þá erum við komin að því, að löggjafinn er með sérlög fyrir sjálfan sig og önnur lög fyrir þegnana. Ef þetta er ekki umhugsunarefni fyrir hv. Alþingi, þá er mér brugðið.

Ég vil taka undir það, sem hefur komið hér fram, að auðvitað þarf að koma í veg fyrir hinn mikla aðstöðumun landshluta í orkumálum, en það þarf að gera á annan hátt en gert er. Þar þarf ríkið sjálft að ganga á undan og átta sig á því, hvað það er að fara með þeirri gríðarlegu álagningu sem það hefur leyft sér á innflutta orku eftir að hún hækkar kannske um 100—150% í innkaupi. Samt sem áður er haldið áfram að nota sömu prósentutölu við innflutning og álagningu og er það eitt af því ljótasta sem ég veit um í þessu olíumáli öllu saman. Ég ætla að biðja menn að hugsa vel um þennan þátt í olíuvandamáli og orkuvandamáli dreifbýlisins.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta mál, sem er oft búið að bera á góma á hv. Alþingi.

Auðvitað getum við tekið undir að þetta verðjöfnunargjald ætti að vera í annarri mynd til þess að það mætti kalla raunverulegt verðjöfnunargjald. Ég get vel tekið undir það, einmitt vegna þess að við, sem búum við það að borga hæsta raforkuverð í landinu, þ. e. a. s. notendur á orkusöluverði RARIK, greiðum vitanlega stærsta skerfinn af þessu verðjöfnunargjaldi, því miður.

Ég vil benda á að það er alveg rétt ábending, sem hér kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl., að það er örlítið annað í 1. gr. núna eins og hún kemur fyrir en var þegar Alþ. gekk frá verðjöfnunargjaldinu á s. l. vori. Það vantar inn í 1. gr. heimild til þess að nota gjaldið til meiri jöfnunar á raforkuverði en kemur fram í greininni. Það stendur hins vegar í aths. með lagafrv. Má e. t. v. segja að þar komi tilgangurinn fram umfram það sem kemur fram í greininni.

Ég vil taka undir það, sem kom áðan fram hjá hv. 1. þm. Vestf., að við hv. þm. þurfum auðvitað að taka til höndum til að lagfæra eitt stærsta búsetuvandamál hér á landi, þ. e. a. s. þennan mikla aðstöðumun sem fólk býr nú við sem þarf að nota olíu til húsahitunar við þær aðstæður sem eru í landinu nú. Þetta er heilög skylda okkar að leiðrétta, og við erum kjörnir á Alþ. til þess að leiðrétta það. Ég vona að okkur takist það á því þingi sem nú er hafið.

Ég ætla að segja ykkur lítið dæmi um þetta. Ég greiddi fyrir stuttu hitaveitureikning af fjögurra herbergja íbúð sem ég hef hér í Reykjavík. Reikningurinn var fyrir þrjátíu og þriggja daga notkun. Hann var 4517 kr. Þegar ég kom nokkrum dögum síðar heim til Ólafsvíkur lá á gólfinu hjá mér olíunóta frá Olíufélaginu fyrir 40 daga áfyllingu að upphæð 147 000 kr. Þetta er aðeins dæmi um hvað hér er um hrikalegt byggðavandamál að ræða fyrir þá íbúa landsins sem búa við lakari aðstöðu.

Ég vildi aðeins nota tækifærið til að koma þessu hér að, einmitt vegna þess að þetta var nefnt áðan og er vissulega umhugsunarefni þegar við hv. þm. erum að ræða um mál eins og jöfnun á orkuverði. Þess vegna er nauðsynlegt að menn hugsi málið djúpt. Og ég tek undir það, sem hér

hefur komið fram, að þetta mál verður að fá rétta meðferð hér á hv. Alþ., þó að við getum fallist á að eftir aðstæðum verðum við að framlengja það verðjöfnunargjald sem hér liggur fyrir frv. um framlengingu á.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð við þessa umræðu.

Ég hrökk allt í einu upp við það að vera kominn á framboðsfund í Vesturlandskjördæmi. Þessa sögu fengum við að heyra næstum því á hverjum fundi í síðustu kosningum. Það má vel vera að hún sé dagsönn. Ég skal ekki á þessum vettvangi draga það í efa. Þetta sýnir okkur vitanlega, þó að við drögum eitthvað frá, að hér er vandi á ferðum. Ég hygg að í þessum efnum séum við allir, hv. alþm., nokkuð miklir jafnaðarmenn — þ. e. a. s. við viljum jafna húshitunarkostnaðinn og viðurkennum að þetta er mikið byggðamál. Hitt er annað mál, að það eru kannske ekki allir sammála um hvernig á að lagfæra þetta. Það er hægt að gera með ýmsu móti. Þegar vitnað er í afstöðu manna til þessara mála verður hún ekki eingöngu skýrð mönnum í hag eða óhag eftir því hvernig atkv. féllu hér á næstsíðasta Alþ. um þessi efni. Þetta er miklu stærra mál en svo.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar á þessu stigi. Ljóst er að þessi mál eru öll mjög íhugunarverð. Ég dreg ekki í efa að við séum allir, hvar sem við erum búsettir á landinu, það miklir jafnaðarmenn að við viljum kryfja þessi mál rækilega til mergjar og finna á þeim þá lausn sem flestir geta við unað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til iðnn. með 28 shlj. atkv.

Sameinað þing, 5. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Viðskiptasamningur EFTA-landanna og Spánar, þáltill. (þskj. 2, n. 43). — Síðari umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda viðskiptasamning EFTA-landanna og Spánar sem frá er greint á þskj. 2. Í nál. frá utanrmn. á þskj. 43 kemur fram að allir nm. mæla einróma með samþykkt þessarar þáltill.

Ég tel svo einsætt að mæla skuli með samþykkt þessarar þáltill., að ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um málið, enda hefur verið gerð grein fyrir því í aths. við þáltill. svo og í framsögu við fyrri umr. N. varð sammála um að mæla með samþykkt þáltill.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 57).

Efri deild, 7. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 30). — Frh. 1 umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 7. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 47). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Svo sem kunnugt er voru ný lög um tekjuskatt og eignarskatt samþ. vorið 1978. Lög þessi eru nr. 40 frá 1978 og gengu í gildi 1. jan. 1979. Þau koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1980 á tekjur ársins 1979 og eignir í árslok 1979.

Með þessum lögum voru eldri tekjuskattslög afnumin. Í IV. kafla gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 frá 1972, er vísað um fjölmörg atriði til ákvæða í þágildandi lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 68 frá 1971, og skal það ekki tíundað nánar hér.

Tilgangur þess frv., sem nú er til umr., er að aðlaga ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga hinum nýju tekjuskattslögum, bæði að því er varðar hverjir séu útsvarsskyldir aðilar og hvaða tekjur mynda stofn til útsvars. Þá voru gerðar nokkrar efnis- og orðalagsbreytingar á gildandi ákvæðum um aðstöðugjald. Efnisbreytingar í frv. eru m. a. gerðar til að tryggja það, að aðstöðugjald verði lagt á sömu aðila og á sama stofn og verið hefur, þrátt fyrir þær breytingar sem leiða kann af gildistöku laga nr. 40 frá 1978. Sú breyting verður þó, að endurgjald samkv. 1. mgr. 1 tölul. 31. gr. þeirra laga verður nýr þáttur í aðstöðugjaldsstofni. Jafnframt eru í frv. þessu gerðar breytingar á nokkrum framkvæmdareglum gildandi laga. M. a. verður sú breyting, að hvort hjóna um sig verður sjálfstæður útsvarsskyldur aðili. Sama regla gildir um sambýlisfólk, sem fullnægir sömu skilyrðum og fullnægja þarf til að sambýlisfólk teljist sjálfstæðir tekjuskattsaðilar sem hjón. Börn innan 16 ára verða sjálfstæðir útsvarsskyldir aðilar af launatekjum sínum á sama hátt og til tekjuskatts.

Sú breyting verður frá fyrri lögum, að framtalsskyldar til útsvars verða allar tekjur samkv. II. kafla laga nr. 40 frá 1978. Eru þar með taldar ýmsar tekjur sem ekki teljast til útsvarsskyldra tekna samkv. gildandi lögum, en þær tekjur, sem þannig er ástatt um, eru leyfðar til frádráttar við ákvörðun útsvarsstofns, þannig að útsvarsskyldan þyngist ekki við þessa breytingu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. og leyfi mér því að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. þessarar hv. d. og 2. umr. Ég legg mikla áherslu á að þetta frv. verði að lögum

nú fyrir þinghlé, því að ella geta orðið erfiðleikar í sambandi við álagningu útsvars.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 9, n. 48 og 53). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um þetta mál á fundi sínum. Að vísu urðu þar ekki mjög ítarlegar umr. um málið, en um það hefur verið talað mikið áður og allir gera sér ljóst að þar sem þessu ári er alveg að ljúka er erfitt fyrir n. að breyta þessum brbl. og ekki annað að gera en að samþykkja frv., jafnvel þó að menn hafi misjafnar skoðanir á ýmsum atriðum málsins. Ég held að menn séu sammála um að nauðsynlegt sé að þetta frv. fái afgreiðslu, þó að ýmsir nm. hafi sitthvað við ýmis efnisatriði frv. að athuga.

Í stuttu máli sagt náðist ekki samkomulag í n. Meiri hl. skilar nál. á þskj. 48, en að því standa Garðar Sigurðsson, Karvel Pálmason, Steingrímur Hermannsson og Páll Pétursson, og nál. hljóðar einfaldlega svona:

„Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum 19. des., og mælir meiri hl. n. með samþykkt frv. óbreytts."

Frsm. minni hl.(Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kom í orðum frsm. meiri hl. n. varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Annars vegar standa fulltrúar meiri hl. í sjútvn., sem eru allir nánir aðstandendur ríkisstj. sálugu sem setti þessi brbl., og þeir standa nú yfir moldum hennar og mæla með samþykkt þessara brbl. óbreyttra, eins og hv. formaður n. sagði, en við fulltrúar Sjálfstfl. í n. höfum sitthvað við þessi brbl. að athuga.

Í fyrsta lagi skal ég koma að því, sem ég tel að við séum sammála um. Við urðum sammála um að leggja á fiskkaupanda að greiða útgerðarfyrirtækjum olíugjald sem nemur allt að 9% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins á hverjum tíma. Hins vegar höfum við ekki getað kynnt okkur framkvæmd þessara mála sem skyldi, enda liggur auðvitað svo mikið á að afgreiða þessi brbl. að til þess gafst ekki tími og n. var ekki nema örfáar mínútur með málið, en þessi lög eiga að renna út 31. des. 1979. Það væri í leiðinni fróðlegt — sjútvrh. er hérna — að heyra hvað ríkisstj. hugsar sér í sambandi við framhald olíugjaldsins, hvort ríkisstj. hugsar sér að halda áfram þeim óbreyttu 9% ofan á fiskverð, eins og Verðlagsráð ákveður á hverjum tíma, og hvort ríkisstj. hugsar sér að framkvæmd þessa máls verði með sama hætti og hún er nú.

Það má segja að ágreiningur sé í sjálfu sér ekki um 1. gr. frv., um sjálft olíugjaldið. Hins vegar er ágreiningur á milli okkar og fyrrv. ríkisstj.-flokka um að verja 550 millj. kr. af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 850 millj. kr. af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á tveimur fisktegundum, karfa og ufsa, á tímabilinu frá 15. maí til 31. des. Í fyrsta lagi viljum við sjálfstæðismenn ekki að þessara tekna sé aflað með þessum hætti, vegna þess að við álítum að í öðru tilfellinu hefði átt að verja þeim tekjum í annað, — sem ég skal koma síðar að — og í hinu tilfellinu, sem er Aflatryggingasjóður, þá á sá sjóður að safna fjármunum þegar vel aflast og vel árar, eins og nú hefur gerst, og eiga fjármuni til þess að verja þegar áföll koma. Hlutverk Aflatryggingasjóðs og tilgangur hans upprunalega og allt fram til síðasta árs hefur verið þessi. En þá er gripið til þess ráðs að taka af honum fé til þess að standa undir verðbótum á tilteknum fisktegundum. Þetta álítum við sjálfstæðismenn vera ranga stefnu, því að við viljum að Aflatryggingasjóður sé byggður upp þegar vel árar, eins og ég sagði áðan, þannig að hann geti sinnt því mikilvæga hlutverki sínu að bæta úr þegar í nauðir rekur, eins og oft á sér stað í okkar sveiflukennda atvinnurekstri sem sjávaútvegur er.

Um Tryggingasjóð fiskiskipa er það að segja, að hann var stofnaður á árinu 1961 og tók þá gildi 1. ágúst fjáröflun til hans. Hins vegar var honum lagt á herðar að taka við skuldbindingum frá 1. jan. 1961, sem þýddi það í upphafi að sjóðurinn var alltaf á eftir með sínar skuldbindingar, þannig að biðtími eftir greiðslum var frá 9 og upp í 12 mánuði oftast nær á þessum árum og allt fram til áranna 1974—1975. En við endurskoðun sjóðakerfisins var Tryggingasjóðurinn gerður upp, og ég beitti mér þá fyrir því, að tekjur til Tryggingasjóðsins væru það ríflegar að hann gæti umsvifalaust staðið undir skuldbindingum sínum og ekki þyrfti að bíða með að greiða iðgjöldin, eins og gerst hafði öll þessi ár. Í reynd var það svo, að sjóðurinn stóð við allar sínar skuldbindingar frá því að nýja útflutningsgjaldið var sett á árinu 1976, í ársbyrjun, og séð var jafnframt að það mundi verða nokkur afgangur af tekjum sjóðsins. Þá var ráð fyrir því gert og haft um það mjög náið samráð við útgerðina í landinu eða samtök hennar, að þeim afgangi yrði varið til Aldurslagasjóðs fiskiskipa, sem hefur það hlutverk að bæta útgerðarmönnum upp gömul úrelt skip, sem er þjóðhagslega rangt að halda áfram útgerð á. Þessi sjóður er ekki nógu öflugur — enda ungur að árum — þó að hann hafi fengið allt stofnfé bráðafúadeildar Samábyrgðar Islands og nokkrar árlegar tekjur með samþykki útvegsins, og því teljum við sjálfstæðismenn að þessa fjármuni hafi ekki átt að skerða eins og gert er ráð fyrir með þessum brbl. Þar með er alveg snúið við blaðinu, og fyrrv. ríkisstj. fleytti sér á s. l. ári áfram með þeim hætti, að eyða öllum tekjum Aflatryggingasjóðs að fullu og öllu og hirða ófrjálsri hendi afgang af Tryggingasjóði fiskiskipa, sem nota átti í þessum tilgangi, til þess að klóra sig fram úr því að verðbæta ákveðnar tegundir af fiski.

Nú spyr sennilega hæstv. sjútvrh. mig að því, hvernig ég vilji mæta þessum útgjöldum. Og þá vil ég svara honum því til, að ég tel að þegar svona er komið, að ákveðnir fiskstofnar eru ýmist fullnýttir eða ofveiddir og við þurfum að beina sókn í aðra stofna, svo sem hefur verið gert á undanförnum árum, þá séu það ekki einhverjir ákveðnir tveir sjóðir sjávarútvegsins sem á að hirða í því augnamiði. Það er sameiginleg skylda þjóðfélagsins í heild að leggja á gjöld til þess að standa undir slíku, ef þetta er talið réttlátt, sem ég tel, en ekki grípa til þeirra hundakúnsta að eyðileggja afkomu eins sjóðs, þannig að hann stendur eftir máttlaus ef útgerðin verður fyrir einhverju alvarlegu áfalli, og taka á þennan hátt tekjur frá þeim sjóði, sem ætlað var það mikilvæga hlut-

verk að reyna að taka úr umferð gömul og úrelt skip sem er ekki þjóðhagslega rétt að halda áfram útgerð á.

Þá kem ég að einu atriðinu enn sem við erum ósammála um, að í 2. gr. þessa frv. er talað um uppbætur á aðeins tvær tegundir. Það er aðeins talað um uppbót á ufsa og karfa á þessu tímabili. Ég minntist lítillega á það í ræðu minni við 1. umr. þessa máls, að stefnt væri að því að auka sóknina í fleiri tegundir afla en ufsa og karfa, t. d. grálúðu. Og ég spyr hæstv. sjútvrh. að því og hæstv. fyrrv. ríkisstj. þá í leiðinni — ekki hann eingöngu því að ríkisstj. ber öll ábyrgð á því: Hvernig stendur á því, að lögákveðið er með þessum brbl. að verðbæta aðeins ufsa og karfa, en sleppa grálúðu? Hvaða réttlæti er í því? Hvers vegna eiga þeir útgerðaraðilar og sjómenn, sem grálúðuveiðar stunda, enga verðuppbót að fá en aðeins þeir sem veiða ufsa og karfa.? Nú er ég algerlega sammála hæstv. ríkisstj. um það atriði, að uppbót sé veitt, bæði á ufsa og karfa, en um hitt er ég alveg ósammála henni, að sleppa grálúðunni, sem er þriðji stærsti fiskastofninn sem er verið að auka sókn í. Og ég vil endurtaka það, sem raunar kemur fram í nál., að 1. flokks ufsi hefur hækkað frá 1. júní 1977 til 1. júlí 1979 úr 56 kr. í 98 kr. eða um 76%, en uppbót á hann samkv. þessum brbl. er 25 kr., þannig að skiptaverð á honum fer upp í 123 kr., og þá er hækkunin á honum á þessu tímabili 120%. Karfi var í upphafi þess tímabils, sem ég nefndi, 46 kr. og hækkar í 70 kr. eða um 52%, en uppbót á hann er 21 kr. á kg, þannig að skiptaverð á karfa verður 91 kr. og hækkun á tímabilinu 98%. En þegar við lítum á grálúðuna, þá hefur hún hækkað á þessu tímabili úr 90 kr. í 117 kr. eða í rúm tvö ár um 30%. Ég hugsa að það sé hreinlega verið að stefna að því, að allir gefist upp að stunda þessar veiðar. Og það getur hver spurt sjálfan sig að því, hvort hann væri ánægður með að hafa fengið 30% hækkun í 25 mánuði. — Ég sé að formaður Verkamannasambands Íslands brosir. Ég held að hann geti verið mér sammála. Og hvers vegna eiga þá þeir, sem grálúðuveiðar stunda og gera út á grálúðu, að sætta sig við þetta? Og á minni grálúðunni, sem er 1—3 kg, hækkar verðið aðeins úr 60 kr. í 77 kr. eða um 28%.

Þetta er ekki mál Verðlagsráðs sjávarútvegsins, því að í 2. gr. brbl. eru því bara gefin fyrirmæli um að verja þessum fjármunum til uppbótar á tvær tegundir, karfa og ufsa, sem um er að ræða, svo að fyrrv. ríkisstj. hefur annaðhvort ekki vitað að grálúðuveiðar væru stundaðar eða hún hefur talið sjálfsagt að níðast algerlega á þeim sem þessar veiðar hafa stundað.

Þetta eru þær aths. sem ég vil gera við þessi brbl. Mér er alveg ljóst og okkur sjálfstæðismönnum, að þegar komið er að lokum þess tímabils sem þessi lög eiga að gilda, þá er auðvitað ekki um annað að ræða en staðfesta þau. Það er mér fyllilega ljóst. En hvort sem núv. hæstv. ríkisstj. verður langra lífdaga auðið eða ekki, þá væri fróðlegt að fá um það upplýsingar, hvað hún eða hæstv. sjútvrh. hugsar sér í þessum efnum þegar 1. jan. rennur upp. Ætlar hann að leggja til að þetta verði óbreytt og með hvaða hætti á þá að leita tekna til þess að verðbæta bæði karfa og ufsa? Eða ætlar hann að beita sér fyrir því, að leiðrétting verði gerð á þessu og grálúðan tekin með, því að ég tel það fullkomna skyldu að svo verði gert? Ég er því hlynntur, að uppbætur verði áfram greiddar á þessa fiskstofna og grálúðuna einnig til þess að hvetja menn til að veiða þessar fisktegundir og þá um leið að minnka sóknina í þorskstofninn.

Þessar athugasemdir vildi ég fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna færa fram. Og með tilliti til þess, að við erum andvígir þeim aðferðum og þeirri fjáröflun sem 2. gr. fjallar um, sjáum við okkur ekki fært að greiða atkv. með þessu frv. í heild, þó að við séum sammála því að olíugjaldið sé lagt á og innheimt þó að við kunnum e. t. v. síðar að hafa einhverjar athugasemdir fram að færa í sambandi við framkvæmd þess, sem ég hef þó ekki gert að umræðuefni og ætla ekki að gera á þessu stigi.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég veitti því athygli, sem ég reyndar átti von á, að menn eru sammála um meginatriði þessa máls, annars vegar nauðsyn þess að hafa olíugjald eins og verið hefur að undanförnu og hins vegar að greiða uppbætur á þær fisktegundir sem vannýttar geta talist, þannig að jöfnuð sé sókn í þá nytjafiskstofna sem við byggjum afkomu okkar á. Engu að síður komu fram fáeinar athugasemdir hjá hv. 1. þm. Vestf. varðandi þetta mál. Að því er varðar þá sjóði, sem tekjur hafa verið skertar hjá til að standa undir verðuppbótunum, er það mitt mat að ekki hafi verið gengið hættulega nærri þeim á þessu tímabili. Hitt er ljóst, að framhaldi málsins þarf að hyggja vel að, og ég trúi að menn komist að þeirri niðurstöðu að betra sé að hafa sjálfstæðan tekjustofn, sem standi undir þessum verðuppbótum, en að hnýta það við ákveðna sjóði sem fyrir eru í kerfinu. Og ég get tekið fyllilega undir þau sjónarmið, sem hv. 1. þm. Vestf. rakti hér um nauðsyn þess að halda áfram að gera útgerðaraðilum kleift að taka úr rekstri óhagkvæm og úrelt fiskiskip.

Um verðuppbætur á grálúðuna er það að segja, að kaupin gerðust með þeim hætti á eyrinni í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, að fyrir þetta tímabil voru ákveðnar uppbætur á karfa og ufsa, en ekki á grálúðu. Hlutverk ríkisstj. í þessum efnum var að sjá til þess, að fyrir hendi væri fé til að standa undir verðuppbótum af þessu tagi, en yfirnefndin tók ákvörðun um skiptingu á tegundir og það var gert samhljóða af öllum aðilum í yfirnefnd Verðlagsráðsins. En það er skoðun mín, að þegar þessi mál koma næst til umfjöllunar, sem er 1. jan. n. k., hljóti einmitt ábending hv. 1. þm. Vestf. áðan varðandi verðuppbætur á grálúðuna að koma til athugunar og ákvörðunar.

Hv. 1. þm. Vestf. spurðist fyrir um það, hvað væri framundan varðandi olíugjald og verðuppbætur af þessu tagi. Ég leyfi mér að vísa til þess sem ég sagði í framsögu minni fyrir þessu frv. fyrir nokkrum dögum í þessari hv. d., að þessi atriði bæði hljóta að koma til athugunar við næstu fiskverðsákvörðun. Það gildir um uppbótina, að það mál er svo nátengt fiskverðsákvörðuninni að það reynist líklega nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir á því sviði þegar línur fara að skýrast í þessum efnum. Og það sama gildir um olíugjaldið eða hliðstæðu þess. En það er hvorki staður né stund til að ganga frá neinu ákveðnu í þeim efnum núna. Það hlýtur að koma til umfjöllunar á hv. Alþingi þegar fiskverðsákvörðunin liggur fyrir og línur hafa skýrst í þeim efnum.

Ég vil að lokum láta í ljós ánægju mína með það, að hér skuli menn hafa tjáð sig sammála því meginefni sem um er að ræða, þeirri meginstefnu sem í þessu frv. felst, þó að menn geri að sjálfsögðu ýmsar athugasemdir við framkvæmdina og vilji garnan ganga betur frá hlutum næst.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, en ég vil þó leyfa mér að gera þá athugasemd við skoðun hans á þeirri tekjuöflun, sem þessi brbl. gera ráð fyrir til þess að standa undir verðbótum á karfa- og ufsaafla, að þar er annars vegar teflt á tæpt vað hvað snertir Aflatryggingasjóðinn, og segja má að það, sem skiptir máli í því sambandi, er að hann er ekki eins fær um að mæta stóráföllum.

Hitt atriðið, að taka tekjuafgang Tryggingasjóðs með þessum hætti, kemur auðvitað í veg fyrir að Aldurslagasjóður fiskiskipa geti notað þetta fjármagn til að taka fleiri úrelt skip úr umferð. Það hlýtur að liggja alveg ljóst fyrir, og mér heyrðist á hæstv. ráðh. að hann væri í meginatriðum sammála mér að þetta væri óæskileg tekjuöflun, og ég fagna því að við skulum ná saman í þeim efnum.

Varðandi það, að yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins hefði verið sammála um að bæta upp verð á aðeins tveimur fisktegundum, þá er það nú oft svo með þessar nefndir og ráð — þó að oftast séu valinkunnir sómamenn í þeim — að það þarf líka að athuga til hlítar hvort tillögur þeirra eru eðlilegar og sanngjarnar. Ég heyri það á hæstv. ráðh., að hann er mér algerlega sammála um að það hafi verið ósanngjarnt hvernig farið var á þessu ári með þá sem grálúðuveiðar hafa stundað. Ég skil mætavel, eins og allt er í pottinn búið í þessu þjóðfélagi, að mikil óvissa sé ríkjandi nú upp úr áramótunum varðandi fiskverð, og þá helst þar í hendur væntanlegt olíugjald og sömuleiðis verðbætur á aðrar fisktegundir. Ég skal ekki á þessu stigi fjölyrða frekar um það. Það eru mál sem skýrast nú um eða eftir hátíðarnar.

Frsm. meiri hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það er nú svo, að þegar allir tala um að þurfi að vernda þorskinn, þá hlýtur sókn fiskiflotans að beinast í aðrar tegundir. En þegar verð á þessum tegundum, sem talað er um að megi sækja í frekar en þorskinn, er svo lágt að bersýnilega er tap á slíkri útgerð, þá eru varla margar aðrar leiðir færar en að standa að því á svipaðan hátt og gert var, að verðbæta eitthvað þessar höfuðtegundir, fyrst og fremst karfann og svo ufsann. Spurningin var auðvitað sú, hvar átti að fá peninga í þetta. Það er eilífðarspurning hér að útvega fjármagn í það sem talið er nauðsynlegt. Og mér finnst það satt að segja dálítið „billegt" af hv. 1. þm. Vestf. að segja í nál. að þeir minnihlutamenn í n. telji að það hefði átt að útvega þessa peninga með öðrum hætti, og þar er punktur á eftir. Það er ekkert sagt hvar. Svona er auðvelt að tala. Við viljum ekki láta taka peningana svona, heldur hinsegin og það er ekkert sagt hvernig hinsegin. Þetta er að mínum dómi heldur ábyrgðarlítið tal.

Um hitt er ég aftur á móti sammála hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, nú sem oft áður, að það hefði mátt taka til athugunar hvort ekki væri ástæða til að greiða fyrir veiðum á öðrum fisktegundum. Hann nefndi grálúðuna og kannske af eðlilegum ástæðum. En það mætti einnig nefna aðrar fisktegundir sem lítið hefur verið sótt í og mætti sækja miklu meira í en gert hefur verið. En til þess að gera það þyrfti sérstakar ráðstafanir og jafnvel lagabreytingu, einkum ef menn hefðu í huga að nýta betur skarkola og þykkvalúru, svo að dæmi séu nefnd. Það þyrfti jafnvel að leyfa veiðar á þykkvalúrunni með veiðarfærum sem hefðu miklu smærri möskva en leyfilegt er, vegna þess hvernig sá fiskur hagar sér og hvernig hann smýgur þá möskva sem nú eru leyfðir. Og eins þyrfti að vera hægt að ná í kolann með því þá að breyta að einhverju leyti lögum um fiskveiðar í landhelgi. Á síðasta Fiskiþingi komu fram áskoranir um að verðbæta þessar tegundir, karfa og ufsa, og þá var það sem menn voru helst sammála um að verðbæta karfa allt árið og að verðbæta ufsann nema þegar hann er verðminnstur og tekur ekki lit í vinnslu, þ. e. alla mánuði nema mars og apríl, og síðan að reyna að fá verðuppbætur á grálúðu síðari hluta ársins, frá 1. júní og út árið. Þetta var það sem menn voru sammála um. Það eru nú þegar fengnir tekjustofnar í þessu skyni, nema náttúrlega fyrir grálúðuna sem kemur nýlega inn í dæmið, og það þarf að afla tekna til að hægt sé að verðbæta hana. Ef hv. þm. Matthías Bjarnson þekkir einhverjar patentlausnir til að finna peninga til þess, lausnir sem koma engum illa og kannske liggja á glámbekk, þá væri æskilegt að hann gæti bent á þær. Það eru auðvitað ýmsar leiðir til að ná í þessa aura og ég tel sjálfsagt að gera það. Það er mín skoðun.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjalla meira um það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði í þessu efni, en vil aðeins drepa á annað, sem mörgum okkar þótti þannig vaxið að kannske mætti finna einhverja betri leið til að reyna að bæta útgerðinni þessa geysilegu olíuhækkun, þessa hreinu sprengingu á olíuverði. Þessi hugmynd, að koma upp þessu kerfi með 12% olíugjaldi í stað rúml. 9, er auðvitað leið — og sú leið sem hefur verið notuð og hefur komið í góðar þarfir, það er rétt. Ég álít að við verðum að samþykkja þetta frv. ósköp einfaldlega vegna þess, að ef við gerum það ekki, þá veit ég ekki hvernig fer, því að það er verið að samþykkja að greiða þetta fyrir þann tíma sem liðinn er. Hins vegar er ég alls ekki viss um að þessi olíugjaldsleið eigi að vera til frambúðar. Það mætti hugsa það mál betur og kanna hvort einhverjar aðrar leiðir séu ekki færar, því að sannleikurinn er sá, að þessi aðferð, ein olíugjaldsprósenta á aflaverðmæti yfir allt landið fyrir öll veiðiskip, hvaða veiðar sem þau stunda og við hvaða skilyrði menn stunda sína útgerð, kemur ójafnt niður. Það er augljóst hverjum þeim sem eitthvað hefur kynnt sér sjávarútveg á Íslandi, að slík ein allsherjarregla kemur misjafnlega vel niður fyrir hinar ýmsu útgerðaraðferðir. Það er ekki sama hvort menn eru að veiða á netum og eyða lítilli olíu eða hvort þeir eru á togveiðum á bátum sem geta ekki nýtt svartolíu og fá náttúrlega miklu minna aflaverðmæti en togarar, sem þýðir það að olíukostnaður verður langtum hærri prósenta en nemur þessum 9%, jafnvel þreföld, og hefur heyrst um enn hærri prósentu af afla.

Ég veit að hér á Suðurlandi, hjá togbátunum sem þar stunda veiðar, er algengt að menn eru með olíukostnað upp á yfir 20% og jafnvel yfir 30%, þannig að þar vantar auðvitað mikið upp á að olíugjaldið dugi, enda er kannske ekki ástæða til þess að það nái yfir alla þessa kostnaðaraukningu. Annars staðar á landinu hagar þannig til, að ef menn gera t. d. út svartolíutogara á Vestfjörðum, sem þarf stutt að sækja og fiskar mikið, þá þýðir það einfaldlega að menn fá olíuna frítt og stinga svo afgangsaurum í vasann. Og heyrst hefur að menn hafi gert út skipin sín kannske heilan mánuð á frírri olíu, á afganginum á olíugjaldinu. Svona er aðstaðan misjöfn. Svo gildir eitthvað enn annað um loðnuflotann o. s. frv. Ein regla yfir svona margbreytilegt og misjafnt svið er

aldrei góð, og í sjávarútvegi getur hún eiginlega aldrei gengið. Þess vegna væri auðvitað æskilegast að finna einhverja þá leið sem kæmi svolítið jafnar niður, þannig að allir fengju greiddan álíka mikinn hluta af þeim umframkostnaði sem verður vegna olíuverðshækkana. Það er kannske vandasamt og jafnvel ekki hægt að finna slíkar reglur, en ég segi þetta til umhugsunar, vegna þess að þetta er mjög óréttlátt eins og það hefur verið. Ég lít svo á að þetta þurfi að taka til vandlegrar meðferðar og kanna hvort ekki sé hægt að greiða betur úr þessu en gert hefur verið, þannig að það fyrirkomulag, sem gilt hefur í þessu efni, þurfi ekki að standa til eilífðar. Og ég lýsi því yfir fyrir mína hönd, að með því að samþykkja þetta frv. með þessu lagi er ég ekki þar með að samþykkja að þessa aðferð eigi að nota í framtíðinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er varla að ég þori hér í stól eftir ræður allra þeirra sérfræðinga sem hér hafa talað um sjávarútvegsmál, hver öðrum færari sjálfsagt eftir röðinni sem þeir komu, og auk þess hef ég sjálfsagt ekki miklu við það að bæta sem hér hefur komið fram. Ég vil þó í tilefni þessara umr. fara örfáum orðum um þetta mál.

Ég get út af fyrir sig tekið undir margt af því sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði áðan. Ég lít t. d. svo á, að í sambandi við grálúðumálið hljóti að hafa átt sér stað hrein mistök. Það hefur verið vísað til þess, að Verðlagsráð hafi jafnað þessu á fisktegundir. Ég hygg að þeim athugasemdum hafi verið komið til Verðlagsráðs, þannig að því sé ljóst hvað hér er um að ræða, og ég vænti þess, að það verði tekið til greina nú á næstunni þegar um þessi mál verður fjallað innan tíðar.

Það er auðvitað út af fyrir sig líka rétt í sambandi við karfamálið, að þar er kominn æðimikill munur.

En aðeins örfá orð út af olíugjaldinu. Ég hef verið þeirrar skoðunar, frá því að það var á sett, að þar væri ekki farin sú rétta leið sem fara ætti til að mæta þeim skakkaföllum sem við urðum fyrir vegna olíuverðshækkunarinnar á sínum tíma. Hvort það hefur leitt til þess, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að menn á Vestfjörðum geti gert út frítt og meira en það, hafi hagnað, skal ég ekki um dæma, en ég vil benda hv. þm. á það, að öllum er frjálst að gera út fyrir vestan ef menn vilja koma þangað, ef það er þessum mun hagstæðara, En ég er sem sagt á því, að þarna hafi ekki verið valin rétta leiðin til að mæta þessum skakkaföllum og það þurfi gaumgæfilega að íhuga breytingu á meðferð þessa máls, ef gjaldinu verður áfram haldið, sem ég hygg að menn séu almennt sammála um að óbreyttu ástandi, að áfram verði haldið á þeirri braut að olíugjaldið í einhverju formi verði áfram. En ég tek undir það, að nauðsynlegt sé að finna raunhæfari leið til að bæta upp þau skakkaföll sem þarna hafa orðið og verða óhjákvæmilega að óbreyttum aðstæðum. Og ég vænti þess, að við frekari skoðun þessa máls verði tekið tillit til þessa.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess, að gerð verði breyting á þessum brbl. á þeim tíma sem þingið hefur til umráða áður en þau falla úr gildi. En mál þetta verður til skoðunar strax um eða upp úr áramótum og þá gefst væntanlega tækifæri til að lagfæra það sem miður hefur farið í framkvæmd málsins á liðnum tíma.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er gott sýnishorn af þeim skyndiaðgerðum sem alltaf er verið að gera vegna þess skipulagsleysis sem ríkir í sjávarútvegi, og vegna skorts á heildarstefnu sem þarf að eiga sér þar stað. Hér er búið að úthugsa nýtt millifærslukerfi milli fisktegunda, og í reynd er það svo, að hinar arðsamari fisktegundir eru látnar greiða útflutningsbætur með hinum. Í sjálfu sér er það skynsamlegt innan vissra marka. En ég er alveg sammála hv. 1. þm. Vestf. um það, að verði slíkt gert í framtíðinni þarf að ætla því sérstakan tekjustofn, og einnig hitt, að þá hlýtur að verða skilyrði að þeir, sem standa að ákvörðuninni um dreifingu fjármagnsins, hafi meiri yfirsýn yfir landið en þeir sem samþykktu þær aðgerðir sem hér hafa verið lagðar til, því að satt best að segja verður maður ekki var við annað en hér sé verið að framkvæma það sem oft hefur verið gert áður, að það er verið að taka frá hinum dreifðari byggðum og færa til þessa svæðis hér við suðvesturhornið.

Hitt vekur einnig undrun, þegar maður horfir á þær hækkanir sem hér hafa orðið, að hinar verðbættu fisktegundir hafa hækkað allt upp í 120% á sama tíma og þorskurinn hefur hækkað mun minna. Þetta vekur vissulega undrun. Ég minnist þess á sínum tíma varðandi olíusjóð, sem myndaður var, að með honum voru færð til hundruð milljóna. Það voru eitthvað um þrír milljarðar sem fóru þar í gegn þegar hann var á hátindi sinnar frægðar, og þetta millifærslukerfi byggðist allt á því að ýta þeim, sem stóðu upp úr, örlítið niður til að fleyta þeim sem voru komnir niður fyrir yfirborðið. Það er tómt mál að tala um að olíuverðshækkanir séu eitthvert skyndifyrirbrigði sem sennilegt sé að muni hverfa á morgun. Olíuverðshækkanir eru fyrirsjáanleg þróun og þær eru ekki komnar enn á hátind. Það er álit allra þeirra sérfræðinga sem um þessi mál hafa fjallað. Og allar aðgerðir, sem eru miðaðar við að þetta sé eins og hver önnur óáran sem muni mjög fljótlega hverfa, eru fyrst og fremst barnalegar. Þess vegna held ég að það sé tími til kominn að farið verði í það að kanna m. a., hvaða veiðiaðferðir skila mestum fiski á land með minnstri olíunotkun. Það er eitt af því sem þarf að athuga. Og það getur bókstaflega unnið gegn efnahagslegri uppbyggingu að mínu viti ef við reynum ekki að taka mið af þessari þróun, en stefnum alltaf fyrst og fremst að því einu að færa hlutina til eins og þessi þróun hafi aldrei átt sér stað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 8. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., að loknum 7. fundi.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 9). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 54). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta og þessari hv. d. fyrir að fallast á að þetta mál verði tekið á dagskrá.

Á árinu 1979 var lagt á og innheimt sjúkratryggingagjald, sem svo er nefnt, samkv. lögum nr. 115 frá 1978. Þótt gjald þetta beri nafn sjúkratrygginga rennur það beint og óskipt í ríkissjóð og er fært teknamegin á ríkisreikninginn. Á árinu 1980 er áætlað að gjald þetta nemi 6 milljörðum 950 millj. kr. eða ríflega 14% allra tekjuskatta ársins.

Frv. það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir óbreyttri skattheimtu að þessu leyti frá því sem er á yfirstandandi ári. Það er efnislega shlj. lögum nr. 115 frá 1978, með þeim breytingum þó sem leiðir af gildistöku nýrra laga um tekju- og eignarskatt, nr. 40 frá 1978, svo og með hækkuðum skattleysismörkum hjá elli- og örorkulífeyrisþegum og hækkuðu skattþrepi. Þannig hækka skattleysismörk hjá elli- og örorkulífeyrisþegum um tæplega 45% og skattþrepið milli 1.5% gjalds og 2% gjalds hækkar um liðlega 30%, en þess ber að gæta í því sambandi, að nú er lagt á hjón sem tvo einstaklinga í samræmi við núgildandi skattalög.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. þessarar hv. d. Ég legg þunga áherslu á að það er nauðsynlegt með þetta mál eins og önnur skattamál að afgreiða það fyrir þinghlé.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Efri deild, 8. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 3.25 síðdegis.

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 4, n. 55 og 56). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um álag á ferðagjaldeyri. N. klofnaði í meiri og minni hl. og hefur skilað tveimur álitum í samræmi við það.

Þetta frv. er í tveimur greinum. 1. gr. fjallar um það, að á árinu 1980 skuli leggja 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið rennur í ríkissjóð og skal innheimt í gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjmrh. setur.

2. gr. er um gildistímann. Lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1980.

Þetta er í raun og veru framlenging á gjaldi sem lagt var á á seinasta ári. Það mun upphaflega hafa verið lagt á haustið 1978 og var liður í þeim efnahagsráðstöfunum, sem þáv. ríkisstj. beitti sér fyrir, og mun upphaflega hafa verið sett með brbl., ef ég man það rétt.

Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. N. hefur fjallað um frv. á fundi sínum í dag og meiri hl. hennar mælir með samþykkt frv. óbreytts. Meiri hl. skipa Ólafur Ragnar Grímsson, Eiður Guðnason, Tómas Árnason og Guðmundur Bjarnason.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Minni hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði fellt. Við sjáum ekki ástæðu til að leggja sérstakt gjald á ferðagjaldeyri, sérstaklega ekki eins og nú er komið hag manna. Það er raunar svo, að tekjulægra fólk getur naumast lengur ferðast. Sumum óx kannske í augum hve mikil ferðalög voru hér fyrir 1—2 árum, og kannske hefur verið réttlætanlegt á þeim tíma að leggja þetta gjald á. En eftir allar kjaraskerðingar vinstri stjórnarinnar er auðvitað alveg ljóst, að það er einungis efnaðra fólk sem getur ferðast, sérstaklega þegar slíkt gjald sem þetta er á lagt. Og þegar þjóðin á það nú enn yfir höfði sér, að kannske komi önnur ný vinstri stjórn sem vafalaust mundi halda kjaraskerðingunni áfram, þá held ég að ekki sé tímabært að lögfesta þetta.

Að vísu var því skotið hér að mér áðan, að svo væri nú komið að lágtekjufólk gæti hvort sem er ekki ferðast þótt það fengi gjaldeyri á réttu verði — það kann að vera rétt — og þetta fólk yrði að borga há gjöld af öllum mögulegum innflutningi. En það réttlætir samt ekki að mínum dómi eða okkar að leggja þetta gjald á og þess vegna leggjum við til að frv. verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:6 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:4 atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 9). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 20 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það liggur hér fyrir frv. til staðfestingar á brbl. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa og verðuppbót á vannýttar fisktegundir. Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um þetta mál.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að enginn atvinnugrein hefur orðið jafnóþyrmilega fyrir barðinu á hinni gífurlegu olíuverðshækkun í ár og sjávarútvegurinn. Í ársbyrjun var gasolíuverð til fiskiskipa 57.50 kr. hver lítri og svartolíuverð 39 þús. kr. hvert tonn. Í okt. s. l., þegar þau brbl. voru sett sem hér eru til staðfestingar, var gasolíuverðið komið í 142 kr. og svartolíuverðið í 89 300 kr. og frekari hækkun hefur nú reyndar átt sér stað. Olíukostnaðurinn var þegar í ársbyrjun þungbær fyrir útveginn þannig að þessi verðhækkun á olíu gerbreytir rekstrargrundvelli fiskveiða.

Fyrsta verðhækkunaraldan skall yfir í mars s. l. og var þá tekið upp tímabundið 2.5% olíugjald til fiskiskipa utan hlutaskipta. Óvissa var þá mikil um olíuverð, eins og reyndar er enn. Talið var skynsamlegast að snúast við áhrifum olíuverðshækkunarinnar þannig að tekið væri mið af þeirri nauðsyn sem er á því að hvetja til olíusparnaðar, en fara ekki út á þá braut að greiða niður olíuverðið. Hins vegar var nauðsynlegt að auka hlut útgerðarinnar í tekjum af fiskveiðunum til þess að útgerðin gæti staðið undir auknum olíukostnaði. Hlutaskiptaákvæði kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna gera það hins vegar að verkum, að ekki er unnt að mæta kostnaðarauka af þessu tagi með hækkun almenns fiskverðs án þess að hlutur sjómanna breytist um leið. Forustumenn sjómanna lýstu því hins vegar yfir á s. l. vetri, að sjómenn vildu ekki hagnast á því áfalli sem olíuverðshækkunin er fyrir þjóðina, og var haft samráð við sjómannasamtökin þegar olíugjaldið var tekið upp í mars.

Þegar kom fram á vorið hafði olíuverð enn hækkað verulega frá því sem var í mars og var því nauðsynlegt að hækka olíugjaldið í 7% frá 15. maí. Olíuverð hækkaði síðan enn um mitt árið og frá 20. júlí var olíugjaldið utan skipta hækkað í 12%, en þar að auki kom þá til 3% olíugjald til skipta, enda höfðu laun launþega í landinu almennt hækkað um 3% í júní.

Hinn 28. sept. s. l. varð samkomulag í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins um nýtt fiskverð er gilti frá 1. okt. Ákvörðunin fól í sér að skiptaverð til sjómanna hækkaði um 9.2%. Það var forsenda fyrir þessari ákvörðun, að olíugjald til fiskiskipa, sem verið hafði 15%, yrði 9% frá 1. okt., jafnframt því sem 3% olíugjaldið frá því í júlí, sem kom til skipta, var fellt inn í fiskverðið. Var um þessa lausn algert samkomulag allra hagsmunaaðila í yfirnefndinni. Það er þessi breyting á olíugjaldi sem var síðan gerð með brbl. nr. 88 16. okt. s. l., enda hafði þing þá verið rofið. Ákvæðinu um 9% olíugjald er ætlað að gilda til 31. des. í ár eða jafnlengi og fiskverðsákvörðunin frá 1. okt. s. l. Frá áramótum á síðan að ákveða nýtt fiskverð, sem nú er til umfjöllunar í yfirnefnd Verðlagsráðs, og verður þá nauðsynlegt að taka þessi mál öll til athugunar í ljósi aðstæðna, eins og þær verða þá metnar.

Við ákvörðun fiskverðs frá 1. júní s. l., sem einnig var tekin með samkomulagi allra aðila í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, var reiknað með því, að greidd yrði sérstök verðuppbót á ufsaverð og karfaverð úr sjóðum sjávarútvegsins, en áður höfðu farið fram viðræður ríkisstj. og aðila í Verðlagsráði um slíkar ráðstafanir. Í brbl. nr. 69 frá 11. júní s. l. var síðan heimilað að verja 500 millj. af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 700 millj. kr. af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa og ufsa fyrir tímabilið frá 15. maí til 31. des. á þessu ári. Afkoman á karfa- og ufsaveiðum var mun lakari en afkoma á þorskveiðum, ekki síst eftir olíuverðshækkanir, en um leið var nauðsynlegt að hvetja til aukinnar sóknar til veiða á karfa og ufsa til þess að draga úr sókn í þorskstofninn. Af þessum ástæðum voru gerðar þær ráðstafanir sem hér um ræðir, og má telja að þær hafi átt drjúgan þátt í því að karfa- og ufsaafli hefur aukist mjög á þessu ári.

Við fiskverðsákvörðunina frá 1. okt. var ljóst að rýmka þyrfti nokkuð um heimild til ráðstöfunar fjár úr Tryggingasjóði og Aflatryggingasjóði til greiðslu uppbótar á karfa og ufsa. Var því með brbl. nr. 88 16. okt. gerð sú breyting, að heimilað skyldi að verja 550 millj. kr. af tekjum Tryggingasjóðs og 850 millj. af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þessara verðuppbóta á árinu. Jafnframt var þá einnig ljóst að tekjur af útflutningsgjaldi yrðu í ár ívið meiri en reiknað var með í júní s. l.

Eins og ég gat um áðan gilda ákvæðin um karfa- og ufsauppbót til loka þessa árs. Þetta er því eitt þeirra atriða sem huga þarf að við fiskverðsákvörðun nú um áramót. Þessi mál öll eru svo nátengd fiskverðsákvörðuninni, að nauðsynlegt kann að reynast að gera á þessu sviði sérstakar ráðstafanir þegar línur skýrast í þeim efnum. En víst er að verðjöfnun á milli tegunda hlýtur að koma til greina sem eitt af þeim tækjum sem nota má til þess að beina sókn frá þeim tegundum, sem ofnýttar eru, til hinna, sem fremur eru taldar þola aukna sókn. Sama gildir um olíugjaldið eða hliðstæðu þess. Afar ólíklegt virðist að unnt sé að leysa það mál með óbreyttum hlutaskiptasamningum nema þá fyrir atbeina löggjafans.

Það, sem nú liggur fyrir, er að staðfesta brbl. nr. 88 1979, en framhald málsins hlýtur að ráðast í tengslum við fiskverðsákvörðun sem stendur raunar brátt fyrir dyrum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er ljóst að sú hækkun á olíuvörum, sem öllum landsmönnum er kunn, hefur skapað margvíslegan vanda í þessu þjóðfélagi, og er nauðsynlegt að sá vandi sé leystur á þann hátt að allrar sanngirni sé gætt og þær aðferðir, sem farnar eru til lausnar þessum vanda, hafi ekki í för með sér að einstakir aðilar hagnist um of eða fái í sinn hlut umframtekjur í samanburði við þann kostnaðarauka sem olíuhækkunin veldur.

Ég er þeirrar skoðunar, að sú aðferð, sem hér er farin í 1. gr. um 9% olíugjald miðað við fiskverð, feli í sér verulega mismunun og geri það að verkum að ýmsir, jafnvel mjög margir aðilar fari mun betur út úr þessu heldur en nemur olíuhækkuninni, þannig að þessi aðferð geti beinlínis haft í för með sér hagnað, ef svo má orða það, á olíuvandanum fyrir einstaka aðila. Ég vil þess

vegna óska þess við hæstv. sjútvrh., að hann greini frá því þegar þetta mál kemur hér til 2. umr., og beina því til þeirrar n., sem þetta mál fær til meðferðar, að aflað verði upplýsinga um hvernig þessar breytingar, hækkanir á olíugjaldinu miðað við fiskverð annars vegar og hækkandi olíukostnað hins vegar, hafa komið niður á mismunandi útgerðarstöðum eða útgerð eftir landshlutum og eftir mismunandi legu til þeirra miða sem viðkomandi útgerðaraðilar sækja aðallega á, þannig að það yrðu veittar upplýsingar um tegundir útgerðaryfirtækja eftir landshlutum, t. d. nokkur á meginfiskvinnslustöðum Vestfjarða, önnur á Norðurlandi, þriðju á Austurlandi og svo á Suðvesturlandi, svo að hægt sé að bera rækilega saman hvernig þessi aðferð kemur niður eftir aðstöðu manna og ljóst megi vera að sú aðferð, sem hæstv. ráðh. hefur beitt sér fyrir bæði hér og áður, hafi í för með sér þær sanngirnisniðurstöður sem við hljótum allir væntanlega að vera sammála um að eigi að einkenna þær lausnir sem fundnar eru á þeim vanda sem hækkanir á olíuverði skapa. Ég vil sem sagt eindregið óska eftir því, að slíkra upplýsinga verði aflað og hæstv. ráðh. eða sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, láti d. þær í té áður en endanleg afstaða er tekin til málsins.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er sjálfsagt að hjálpa til við að afla þeirra upplýsinga sem d. óskar eða nefnd. Ég tel eðlilegt að það komi þá til umfjöllunar í n. En ég held að sérstök ástæða sé til að benda á að við viðfangsefni eins og þetta sé rétt að hafa í huga að aðferðin sé þannig, að hún stuðli að olíusparnaði. Þetta var það grundvallaratriði sem menn höfðu í huga. Þess vegna er það áreiðanlega mjög varasöm leið, sem farin var hér áður fyrr, að greiða niður olíuna og stofna olíusjóð. Sú aðferð stuðlar ekki að því að menn ástundi sparnað í olíunotkun.

Það, sem gert er með þessu olíugjaldi eins og það er nú, er, eins og deildinni er kunnugt, það að hlutur útgerðarinnar í aflaverðmætinu er aukinn með þessum hætti til þess að unnt sé að standa undir þeim kostnaði sem af olíuverðsbreytingunum hefur leitt. Það er ekki um það að ræða, að hér sé neinn sjóður eða neitt af því tagi, heldur er hér fyrst og fremst um að ræða breytingu á hlut útgerðarinnar í þeim tekjum sem af fiskveiðunum fást.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 9. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., að loknum 8. fundi.

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 4). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:5 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 9. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 5.35 síðdegis.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, frv. (þskj. 42, n. 61, 62). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980. N. hefur rætt efni þess og leitað upplýsinga og í því skyni komu fulltrúar fjmrn. á fund nefndarinnar. N. leggur til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 62.

Þær breytingar eru þess eðlis, að við 1. gr. frv. sé bætt, en hún orðaðist þannig: „Þar til fjárlög fyrir árið 1980 taka gildi er ríkisstj. heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða“ o. s. frv. Þar komi inn: „Þó ekki lengur en til 15. febr.,“ þ. e. a. s. nefndin leggur til að þessi greiðsluheimild til handa ríkisstj. vari ekki lengur en til 15. febr., og væntanlega verður þá að taka til endurskoðunar hvort sé nauðsynlegt að framlengja heimildina ef fjárlög hafa þá ekki verið samþykkt.

Í öðru lagi leggur n. til að breyting verði gerð á 3. gr. frv., en greinin hljóðaði þannig:

„Fjmrh. f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að 12 milljörðum kr. á árinu 1980 og verja andvirði þess í samráði við fjvn.“ o. s. frv.

Þar komi: „Fjmrh. f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 12 000 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1980 og verja andvirði þess að fengnu samþykki fjvn.“

N. telur eðlilegt, eins og nú er málum komið, að fjvn. taki þessa ráðstöfun til meðferðar og fari engin ráðstöfun fram nema að fengnu samþykki fjvn.

Á nefndarfundi í morgun var upplýst að þau mál, sem einkum þyrfti fjármagn til í jan. og febr., væru þessi: Til vegagerðar 1500 millj., vegna Grundartanga 100 millj., vegna Landsvirkjunar 263 millj., vegna járnblendiverksmiðju 195 millj., eða samtals í A-hluta 2058 millj. Í B-hluta: Byggðasjóður 1000 millj., Lánasjóður ísl. námsmanna 700 millj., Ríkisútvarp 250 millj., Rafmagnsveitur ríkisins 1000 millj., byggðalína 1500 millj., dreifikerfi 100 millj., byggðalína, skuldir, 1200 millj., Póstur og sími 400 millj., jarðstöð 468 millj. og endurlán 34 millj., eða samtals í A- og B-hluta 8711 millj. Þar að auki hitaveitur 1500 millj., Orkubú Vestfjarða 250 millj., ýmislegt 139 millj. eða samtals 10 600 millj.

N. hefur út af fyrir sig ekki gert neina athugun á eða lagt neitt mat á hvaða nauðsyn væri hér á, en það verður að sjálfsögðu verkefni fjvn. og fjmrn. og fjmrh. að fjalla um það. En í þessu skyni er talið nauðsynlegt að taka 12

milljarða lán, m. a. vegna þess að talið er hagstætt að hæfileg fjárhæð í þessu skyni sé u. þ. b. 30 millj. dollara, t. d. upp á lántöku erlendis, og sú lántaka sé a. m. k. vegna fyrstu tveggja mánaða ársins. Það er náttúrlega mikilvægt að þessi lántaka sé sem hagkvæmust fyrir þjóðarbúið.

Varðandi ríkissjóð var upplýst í n. nú í morgun, að gerð hefur verið greiðsluáætlun fyrir ríkissjóð í jan. og febr. Þar er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði í janúarmánuði 19 milljarðar og 97 millj. kr., en gjöld 26 milljarðar og 525 millj. eða rekstrarhalli í janúarmánuði 7 milljarðar 428 millj., en í febrúarmánuði verði tekjur 22 milljarðar og 5 millj. kr. og gjöld 27 milljarðar og 876 millj. eða rekstrarhalli 5 milljarðar 871 millj. Það er því ljóst að til þess að mæta rekstrarhalla fyrstu tvo mánuðina mun ríkissjóður þurfa að stofna til viðskiptaskuldar við Seðlabankann. Er veitt heimild til þess í 2. gr. frv. að ríkissjóður stofni til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum eins og áður, en þannig er háttað á þessum árstíma að óhjákvæmilegt er að stofna til slíkra skulda.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, að gera frekari grein fyrir máli þessu, en vil aðeins ítreka að n. leggur til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem ég hef nú þegar gert grein fyrir.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Eins og kom fram þegar ég mælti fyrir frv. því sem hér er komið til 2. umr., var ég frá upphafi fús til að fallast á breytingar eins og þær sem gerðar hafa verið á frv. í hv. fjh.- og viðskn. og er mjög sáttur við niðurstöður n. Vera má að Alþ. það sem kemur saman að loknu jólaleyfi þurfi að taka málið upp að nýju, ef ekki reynist unnt að afgreiða fjárlög fyrir 15. febr., og verið getur að þá þurfi að framlengja bráðabirgðafjárgreiðsluheimildina til ríkisstj. eitthvað lengur, en þetta er þó alla vega til að ýta á að Alþ. og fjvn. hraði störfum sínum eftir föngum.

Ég vil aðeins láta það koma fram í sambandi við þá breytingu sem gerð er á 3. gr., að e. t. v. væri ástæða til fyrir hv. fjvn., sem er fjölmenn og skipuð mönnum víðs vegar að af landinu, að taka til athugunar á fundi sínum hvort hægt væri að fallast á að undirnefnd fjvn. fengi umboð n. til að samþykkja fyrir hönd n. framkvæmdir á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja og endurlán til samtaka á þeirra vegum, sem eru skilyrði fyrir því að fjmrn. geti veitt umbeðna fyrirgreiðslu, vegna þess að mér er kunnugt um að mjög fljótlega um og eftir áramót, jafnvel á milli jóla og nýárs, þarf að svara ýmsum aðilum, t. d. bæði Orkubúi Vestfjarða, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og fleiri aðilum sem þurfa að fá tafarlaus svör við því hvort þeim sé heimilt að stofna til lántöku eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. Þá getur verið torvelt að kalla saman fjvn. alla, sem eins og kunnugt er er skipuð 9 mönnum víðs vegar að af landinu.

Ég vil því beina því til formanns fjvn. og til fjvn., hvort hún gæti ekki á fundi sínum tekið til athugunar að veita undirnefnd fjvn. þá heimild, sem hér er gert ráð fyrir, til þess að samþykkja fyrir hönd fjvn. slíkar fyrirgreiðslur. Ég held að ekki væri gott ef það kæmi upp að svara þyrfti erindum af þessu tagi, sem brýn nauðsyn væri að svara, og það væri ekki hægt af þeirri einföldu ástæðu að torvelt væri að ná saman þeirri nefnd sem verður að samþykkja slík erindi til þess að við beiðninni sé hægt að verða. Ég vil því gjarnan beina því til fjvn., hvort hún geti fallist á að undirnefndin hafi umboð til slíks frá fjvn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil að það komi strax fram vegna þessarar óskar hæstv. fjmrh., að mér sýnist vera fullkomið álitamál hvort rétt sé að undirnefnd fjvn. fái af hendi n. það umboð sem hann var að minnast á. Það, sem við gerum ráð fyrir í þeirri brtt. sem hv. fjh.- og viðskn. gerir, er að fjvn. öll fari yfir þessi atriði. Ég vil að það sé mjög skýrt af minni hálfu a. m. k. að ég tel ekkert sjálfgefið að hv. fjvn. eigi að veita þessu valdi til undirnefndar sinnar.

ATKVGR.

Brtt. 62 (ný 1. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 62,2 (ný 3. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 32, n. 60, 51). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 60 frá heilbr.- og trn. um eftirlaun til aldraðra.

Í fjárhagsákvæði 3. tölul. 25. gr. frv. er ákvæði um að Atvinnuleysistryggingasjóður standi undir hluta kostnaðar vegna II. kafla frv., en í grg. með frv. um eftirlaun til aldraðra segir að öðrum útgjöldum verði létt af sjóðnum að sama skapi og muni frv. þess efnis lagt fram á Alþ. innan skamms. Í n. voru skiptar skoðanir um að þessi aths. í grg. tryggði að ekki yrðu lagðar auknar byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóð. Samstaða náðist þó í n. um að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 25. gr. skal ríkissjóður standa undir hluta Atvinnuleysistryggingasjóðs af greiðslu eftirlauna samkv. II. kafla laga þessara, þar til lög hafa verið sett, sem létta af sjóðnum skyldu hans til greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi."

Með ákvæði þessu er ótvírætt tekinn af allur vafi um að ekki verði lagðar neinar auknar byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóð, en í ákvæðinu felst að létt verði af sjóðnum fæðingarorlofi, sem verið hefur þar mjög þungur baggi, áður en fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs komi til samkv. II. kafla laga um eftirlaun til aldraðra. Ætla má að kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári vegna fæðingarorlofs verði um 1000—1200 millj. kr., en áætlaður kostnaður hans vegna eftirlauna aldraðra um 450 millj. Er hér því um verulega minni kostnað að ræða fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð.

Heilbr.- og trn. leggur áherslu á að afgreiðslu frv. verði hraðað og þetta mikilvæga réttindamál verði að lögum nú fyrir þinghlé.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil gera örstutta grein fyrir ástæðunni til þess, að ég dreg til baka brtt. mína sem var lögð fram í dag við frv. um eftirlaun til aldraðra.

Það var ljóst í heilbr.- og trn. Nd. að öflug andstaða var gegn álögum þeim á Atvinnuleysistryggingasjóð sem upphaflega frv. gerði ráð fyrir. Þegar till. mín kom fram lýstu hv. þm. Sjálfstfl. sig samþykka henni. Nú hefur hins vegar verið lagt fram ákvæði til bráðabirgða sem efnislega er í samræmi við till. mína, svo að við Alþb.-menn munum styðja frv. eins og það nú liggur fyrir með hinu nýja ákvæði til bráðabirgða. Þetta ákvæði léttir umræddum álögum af Atvinnuleysistryggingasjóði og gengur raunar lengra. Það gefur fyrirheit um að atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi fari nú loksins út úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Við getum því vel við þetta unað.

Ég þakka fyrir það tillit sem tekið hefur verið til skoðana okkar.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með skjót og vel unnin störf heilbr.- og trn. og þakka henni fyrir. Ég er mjög ánægður með þessa niðurstöðu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Vegna þess, sem komið hefur fram í þessum stuttu umr. að þessu sinni, og vegna þess, sem fram kom við 1. umr. málsins, sé ég ástæðu til að fara nokkrum orðum um þetta mál og þó sérstaklega til að leiðrétta hv. 8. landsk. þm. vegna þeirra orða sem féllu í ræðu hennar um að undir till. hennar hafi sjálfstæðismenn tekið í heilbr.- og trn. Að sjálfsögðu var tekið undir hana, vegna þess að hún var í beinu samræmi við þær aths. sem hér höfðu komið fram við 1. umr. málsins. Sú till. var jafnframt í beinu samræmi við það sem fram hafði komið í aths. stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs strax á s. l. vori, en þá átti fulltrúi Sjálfstfl. fulla aðild að þeirri samþykkt.

Þegar boðað var til fundar til að kjósa formann og varaformann í heilbr.- og trn. og það hafði verið gert var þetta mál tekið fyrir. Þá kom strax fram till. frá nýkjörnum formanni n., þar sem var harla óljóst loforð um að viðkomandi ráðh. eða núv. ríkisstj. mundi beita sér fyrir mjög ótiltekinni fyrirgreiðslu ríkissjóðs til að standa undir hugsanlegum kostnaði sem lenti á Atvinnuleysistryggingasjóði, eða eitthvað á þá leið var þetta orðað af munni formanns, sem var ekki hægt að gera betur þá því að formaðurinn hafði ekki með sér skriflega till. á þeirri stundu. En þá benti ég strax á að að sjálfsögðu væri rétt að við tækjum okkur tíma til þess að athuga skoðanir og álit stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs á málinu svo og þeirra aðila sem málið varðaði, sem eru að sjálfsögðu samningsaðilarnir sem stóðu að því að samkomulag um eftirlaun aldraðra var gert á sínum tíma. Þetta samkomulag var gert á tímum ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. og fór þá strax til athugunar. Að vísu var búinn að vera mikill undanfari að því innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að það, sem þá gerðist í þessum málum, hafi e. t. v. verið eitt með fyrstu jákvæðu sporunum í þá átt á vegum fólksins sem hefur í samningum og af fé sínu knúið fram þessa þýðingarmiklu lífeyrissjóði, — verið fyrsta vitlega sporið sem stigið hafi verið á þeirra eigin vegum þegar menn buðust til að stuðla að því að þeim, sem væru út undan í þjóðfélaginu, undanskildir þessum tryggingum, væri hjálpað til að ná til þeirra. Það er því allkaldranalegt að hugsa til þess, að ríkisstj. eftir ríkisstj. skuli vefja málinu um höfuð sér ítrekað, og er ég ekki að undanskilja neina ríkisstj. í því efni, það skuli komið þannig fram að það sjálfsagða mál nái ekki fram, þegar þeir aðilar, sem kannske síst skyldi, bjóðast til að leggja hluta af eigin fé til að koma á móti þessum kostnaði sem fjölmargir í þjóðfélagi okkar hafa af fé skattborgaranna og hafa haft um langan tíma. Þetta er, eins og ég segi og vil endurtaka, fyrsta sporið til þess að öll þjóðin geti búið við verðtryggðan lífeyri í ellinni. En það er eins og oft áður með blessað gamla fólkið okkar, að það er talað stundum og oftast mikið um allt sem þurfi að gera fyrir það, en þegar kemur að því að standa við það virðist vera nokkru þyngra að ná því fram.

Ég bað um frest í gær á nefndarfundinum fram eftir degi vegna þess að boðaður hafði verið fundur í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og ég vildi sannfærast um það þar, hvort nokkur breyting hefði orðið á afstöðu í stjórn sjóðsins, en á s. l. vori mótmælti stjórnin, sem er þingkjörin að hluta, en skipuð fulltrúum Alþýðusambands og vinnuveitenda að hinum hlutanum, mjög harðlega því að þessi baggi væri lagður á sjóðinn til viðbótar því sem áður hefur verið á hann lagt, sérstaklega þó að lagður væri á hann sá baggi að koma til móts við og greiða fyrir fólk sem aldrei hefur borgað krónu til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Að sjálfsögðu mun sjóðurinn, vegna þess að um það var gert samkomulag af stórum hluta þeirra sem að honum standa á sínum tíma, standa við að greiða með því fólki sem fellur undir I. kafla þessa frv. til l. um eftirlaun til aldraðra. Stjórnin mótmælti hins vegar algerlega að taka á sig nýjar kvaðir og taldi og telur enn að nauðsynlegt sé, eins og reyndar var fyrirheit um strax í byrjun þegar hinum þýðingarmikla áfanga var náð um fæðingarorlof verkakvenna, að þeim kvöðum yrði smám saman létt af Atvinnuleysistryggingasjóði, hann væri aðeins þarna að létta undir þangað til öllum konum á Íslandi væri tryggður sá réttur, en þeim bagga yrði létt af sjóðnum og sú kvöð féll síðan á almannatryggingar. Það hefur ekki enn verið gert. Það var eitt af grundvallarskilyrðum stjórnar sjóðsins, að til þess að rétta við slæman fjárhag hans væri þessum bagga létt af honum. Ég mun koma betur að því síðar í máli mínu.

Á fundi í stjórn sjóðsins í gær var því lýst yfir af öllum stjórnarmönnum, að þeir hefðu ekki breytt um skoðun í þessu máli, og vitnuðu til yfirlýsingar hæstv. ráðh. um að fæðingarorlofinu yrði létt af sjóðnum á næstunni. En þegar frv. kom fram og þegar formaður heilbr.- og trn. mælti með því að við samþykktum það eins og það kemur fyrir, þ. á m. 3. tölul. 25. gr., og það með mjög lauslegri till. þess efnis að greiðslur komi ekki til úr Atvinnuleysistryggingasjóði nema samsvarandi léttir fáist á fæðingarorlofi sem greitt er úr sjóðnum, töldum við sjálfstæðismenn að þetta gæti ekki verið þannig. Þá lagði hv. 8. landsk. þm. till. um að hlutur Atvinnuleysistryggingasjóðs yrði greiddur alfarið úr ríkissjóði. Ég taldi rétt, og á það féllust meðnm. mínir, fulltrúar Sjálfstfl., að sú till. væri raunhæfari og hún væri í samræmi við það samkomulag sem gert hefði verið á milli aðila og við aðila og að við yrðum að koma á móti þeim sjónarmiðum sem kæmu fram frá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, hafandi í huga fjárhagsstöðu sjóðsins sem hefur auðvitað á undanförnum árum farið mjög versnandi vegna pinkla og bagga sem í sífellu er verið að leggja á þann sjóð. En það hefur verið mjög hátt í huga mjög margra hv. þm. og ráðamanna á undanförnum árum, að þessi sjóður væri ótæmandi og hægt væri að ganga í hann hvenær sem væri

þegar eitthvað þyrfti að gera til að bæta um í hinum ýmsu þáttum félagsmála hér á landi. Þessu fordæmi hefur kannske aldrei verið tryggilega fylgt síðustu misserin, þegar kaupskapurinn hefur verið hvað mestur með hin áunnu félagslegu réttindi verkafólks, sem hafa gengið kaupum og sölum yfir búðarborð stjórnmálaflokkanna að undanförnu, en það verður bara ekki í sambandi við þetta mál, því að ekki er hægt að leggja meira á sjóðinn, eins og ég sagði áðan.

Það hefur oft verið vitnað til þess um borð í íslenska flotanum, að fyrstu fréttir, sem skipshöfn heyrir, heyrist oft frá matsveininum. Við heyrðum það á fundi í fyrradag í hv. d., og voru það upplýsingar frá einum starfsmanni Tryggingastofnunar ríkisins, að fyrir lægju gögn um að búið væri að ofáætla tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir árið 1979 um upphæð sem næmi 1.4 milljörðum. Þetta var upplýst áður en löglega kjörin stjórn sjóðsins fékk nokkuð um þetta að vita, en þetta kom fram á fundi í gær. Það vakti satt að segja undrun stjórnarmanna, að þeir höfðu ekki fengið að vita um þetta áður og til viðbótar skyldi einmitt standa þannig á að þessi fjórðungshækkun tekna í áætlun fram yfir það, sem fyrir var séð að mati starfsmanna Tryggingastofnunarinnar, skyldi allt í einu liggja fyrir þegar átti að reyna að fá Alþingi Íslendinga til að samþykkja frv. til l. á þennan veg. Ég tel að það sé skylda, ef einhvern tíma hefur verið siðferðileg skylda hjá rannsóknarmönnum Alþingis, að athuga hvaðan slík áætlanagerð er upprunnin og hvort hún kannske hafi orðið til þess að fá Alþingi Íslendinga til að leggja nýja bagga á Atvinnuleysistryggingasjóð. Það hefur, guði sé lof, nú komið í ljós að þetta mun ekki vera nema rúmur milljarður, en það mun einmitt nægja fyrir þeim nýju böggum sem með frv. óbreyttu átti að leggja á sjóðinn.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa mörg fleiri orð um þetta, vegna þess að við höfum tekið þá ákvörðun að tefja ekki mál sem hér eru lögð fram. Hins vegar vil ég aðeins undirstrika að þessi mál, eftirlaun aldraðra, hafa verið áhugamál sjálfstæðismanna og okkur kappsmál að þau næðu fram að ganga. Það sýnist auðvitað sitt hverjum um hvaðan á að afla tekna fyrir nauðsynlegum útgjöldum, svo staðið verði undir slíkum tryggingum. Ég tel að verkalýðshreyfingin og reyndar vinnuveitendur líka hafi komið vel og drengilega á móti með samkomulagi sínu og með gerð sinni og það sé siðferðileg skylda Alþingis að koma eins á móti því fólki sem á hvergi höfði sínu að halla. En það er ekki hægt að ætlast til þess, að þeir sjóðir, sem kannske verða til eftir langa og stranga kaupgjaldsbaráttu, geti borið uppi öll félagsleg vandamál ákveðinna sviða sem upp koma í þjóðfélaginu. Á ég þá að sjálfsögðu við það fólk sem þarna kemur til viðbótar og fellur undir II. kafla þessa frv. Það er auðvitað skylda ríkissjóðs og sveitarfélaganna, sem í mörgum tilfellum hafa notið teknanna af arðbærri vinnu þessa fólks á liðnum áratugum og kannske haft það í vinnu hjá sér jafnframt, alla vega margt að koma vel á móti á efri árum og leggjast á árina með til þess að þetta geti orðið.

Ég rakti þann fund, sem var í n. í gærmorgun, en síðdegis var aftur fundur og þá vitnaði formaður nefndarinnar til samkomulags sem hafði verið gert 27. sept. í ríkisstj. Ekki batnaði málið þá að mínu mati, því að þá var vitnað til bókunar ríkisstj. sem hafði verið samþykkt í sambandi við þetta mál. Bókunin er þannig, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. samþykkir að beita sér fyrir því, að frv. til l. um eftirlaun aldraðra verði samþykkt sem lög á haustþinginu og taki gildi frá og með næstu áramótum. Í því sambandi mun ríkisstj. beita sér fyrir því að greiðslum fæðingarorlofs verði létt af Atvinnuleysistryggingasjóði og færðar yfir á almannatryggingar, enda er það einróma tillaga þeirrar nefndar, sem annars vegar hefur unnið að endurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingasjóð og hins vegar að endurskoðun laga um almannatryggingar.“

Þetta er auðvitað alveg jafnloðið og ekkert út úr því að hafa, enda er það bókað aðeins nokkrum klukkustundum áður en þeir, sem vitna til þessa máls núna, kveiktu í þeim tundurþræði sem sprengdi sömu ríkisstj. í loft upp. Ég fæ því ekki séð hvernig hægt er að vitna til slíkra hluta fyrir okkur, sem utan stóðu þar, og fá okkur til að gera slíka samþykkt frá slíkri ríkisstj. að einhverju heilögu orði fyrir okkur eða þingheim til að fara eftir.

Ég sé svo ekki ástæðu til, hverra forseti, að hafa fleiri orð um þetta. Ég vildi aðeins láta þessi orð koma hér fram vegna þess að ég er stjórnarmaður í Atvinnuleysistryggingasjóði. Það er hins vegar annað mál, að fullkomin ástæða er til að fá hér fram, þótt ég sé ekki að óska eftir því við hæstv. ráðh. núna, þær till. sem uppi eru um breytingar eða fyrirhugaðar breytingar, sem verða lagðar fyrir þingið, á Atvinnuleysistryggingasjóði. Áður var Atvinnuleysistryggingasjóði fært að tryggja innheimtu sína hjá sveitarfélögunum með því að skuldajafna með lánum sem sjóðurinn gat um langt árabil lánað sveitarfélögum, einstaklingum og öðrum atvinnurekstri. Meðan það var hægt var skuldajafnað og gerð krafa til þess að sveitarfélögin stæðu við framlag sitt. Nú er slíkt úr sögunni og nú er svo komið að það standa ekki aðeins milljónatugir, heldur jafnvel hundruð millj. úti sem vangreitt framlag frá sveitarfélögunum. Við þetta verður auðvitað ekki unað þegar það er haft í huga að útgerðin, sem víða berst í bökkum, og reyndar allur atvinnurekstur verður að greiða sitt framlag mánaðarlega til sjóðsins. Samkv. fyrirmælum um greiðslur opinberra aðila eiga sveitarfélögin að greiða framlag sitt eftir að manntalsgjöld hafa verið ákveðin, — mig minnir að ákvæðin séu eitthvað á þá leið, — en þetta er dregið vegna þess að það eru engin ákvæði um dráttarvexti og ekkert aðhald um innheimtuna, eins og þegar lánveitingar voru frá sjóðnum. Og það merkilega við þá skrá, sem liggur fyrir um skuldara, er að þau sveitarfélög, sem virðast búa við mestu atvinnuna og hafa mestu veltuna heima fyrir og fá mest úr sjóðnum, ekki í atvinnuleysisbætur, heldur í fæðingarstyrki, — það er mikið og fjörugt athafnalíf á þessum stöðum, — eru skuldugust við Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég held að þegar ráðh. gefur þinginu skýrslu um þetta og vonandi leggur fram frv. um breytingar sem nauðsynlegar eru orðnar, og margir eru einnig sammála um ákveðnar breytingar sem ættu að geta gengið fyrir sig og komist í gagnið, þá verði það óruggglega fróðlegt fyrir þingheim að fá yfirlit yfir hvernig þessi mál standa hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Ég vil svo aðeins árétta það sem kemur að sjálfsögðu fram í nál., að við fulltrúar Sjálfstfl. erum sammála því og mælum með að þetta frv. gangi í gegn með þeirri breytingu sem hv. formaður n. lýsti áðan.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla efnislega um þetta mál við þessa umr., ekki síst vegna þess að hv. síðasti ræðumaður gerði málinu mjög

góð skil og í þeim anda sem ég hefði vel getað hugsað mér að tala sjálfur. En þannig stendur á um þetta mál, að það var notað mikið í kosningabaráttunni af Alþfl.-mönnum að við Alþb.-menn og einkum ég persónulega hefðum stöðvað þetta mál í þinginu í fyrra. Það kom einnig fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf. við fyrri umr. að ég hefði komið í veg fyrir að þetta mál kæmist í gegn á næstsíðasta þingi, í vor, með því að leggja til að því yrði vísað til ríkisstj.

Sannleikurinn um afgreiðslu málsins á síðasta vori er að fundur var haldinn í heilbr.- og trn. síðasta þingdaginn, sama daginn og þingi var slitið, þá um morguninn, og þá skiluðum við á sama tíma nál., ég fyrir hönd minni hl. og, að því er mig minnir, hv. þm. Vilmundur Gylfason fyrir hina. (**MB:** Nei.) Það hefur þá kannske verið hinn Vilmundurinn þarna, hv. þm. Matthías Bjarnason. Ég sé nú ekki mikinn mun á því. (**Gripið fram í:** Eruð þið ekki báðir ættaðir að vestan?) Jú, en það eru nú fleiri. — En þannig fór, að þessum álitum var skilað mjög fljótt eftir að fundi lauk og þetta mál var ekki einu sinni tekið fyrir á fundinum, og er ekki við neinn að sakast um það, ósköp einfaldlega vegna þess að ekkert tóm var til og enginn tími til og ekkert ráðrúm til að afgreiða eitt einasta mál á þeim fundi sem ekki hafði hlotið fullnaðarumr., ekki einu sinni svo ágætt mál sem frv. um Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hæstv. fyrrv. menntmrh. reyndi að hnoða áfram á síðustu mínútunum. Sem betur fór tókst að stöðva það.

Till. um ákvæði til bráðabirgða, sem fylgir nú afgreiðslu þessa frv. og gerir kleift að hægt er að afgeiða málið án sundurþykkis í þinginu, sýnir í fyrsta lagi að það var slæm hugmynd í upphafi að leggja byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóð þegar lögum um fæingarorlof var böðlað í gegnum þingið af hv. 1. flm. þess máls. En þessi till. sýnir líka að málið var alls ekki nægilega vel undirbúið á þinginu í fyrra og það var ekki heldur nægilega vel unnið. Á því voru þeir gallar sem urðu til þess að komið hafa hér fram dylgjur frá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og fleiri. En þessi till. sýnir einnig að það var réttmætt af minni hálfu að skila þessu nál. eins og það leit út við afgreiðslu málsins á s. l. vori.

Herra forseti. Ég vil ekki verða til að tefja afgreiðslu þessa máls að þessu sinni fremur en í fyrra. En að lokum vil ég segja að ég fagna því að þetta mál skuli fá hér afgreiðslu. Það er mikið jafnréttis- og nauðsynjamál fyrir það fólk sem nýtur góðs af. Ég vil lýsa sérstaklega ánægju minni yfir að þetta skuli ganga svona vel, og ég mun styðja frv. að sjálfsögðu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mjög þessar umr.

Síðasti ræðumaður virðist hafa haft samviskubit eftir frammistöðuna í vor í sambandi við þetta mál. Þeir voru tveir sem vildu vísa því til ríkisstj., fulltrúar Alþb. og Framsfl. Þetta mál var þó búið að fá mjög ítarlega meðferð í Ed. og ná samkomulagi þar um málið, og víðtækt samkomulag var um afgreiðslu málsins líka í Nd., þar sem fulltrúar Sjáflstfl. og Alþfl. mæltu með afgreiðslu málsins. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm., að tími var orðinn naumur vegna þess að n. klofnaði um afgreiðslu málsins. Ef n. hefði skilað samhljóða áliti er ég alveg hárviss um að forseti d. hefði tekið málið fyrir og það verið afgreitt við 2. og 3. umr. og orðið að lögum. En síðan hefur engin breyting orðið á frá því sem við lögðum til í meiri hl. nefndarinnar.

Ég ætla ekki að fara að karpa við þennan hv. þm. um þetta atriði, en ég gleðst þó yfir hverjum einum syndara sem iðrast og vill bæta ráð sitt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. vegna þeirra orða sem féllu hjá hv. 4. þm. Suðurl. varðandi fæðingarorlofið, því hafi verið böðlað hér í gegn, að mér skilst, með mikilli frekju og hávaða. Svo var alls ekki. Það hlaut sína þinglegu meðferð og gekk venjulega leið eins og þingmál gera. Mér sýnist að það séu miklu frekar önnur og nýrri mál sem falla undir þessa skilgreiningu hv. þm. en þetta mál, sem er orðið nokkuð langt síðan hér var í þingsal til umræðu, fæðingarorlofið, þó að það sé náttúrlega alltaf ferskt í huga hv. þm. vegna þess að umbjóðendur hans a. m. k. þurfa á því að halda.

En ég vil aðeins með örfáum orðum benda á að það er nokkuð ólíkt þarna um að vera og það er ólíkt aðhafst í sambandi við þessi tvö frv. Annars vegar er fæðingarorlofið. Þar er um að ræða konur sem eiga aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði. Það hefur verið greitt fyrir þær í þennan sjóð vegna aðildar þeirra að viðkomandi stéttarfélögum. Þær eru að leita í eigið tryggingarfé, þótt ég viðurkenni fúslega að sú trygging eigi ekki að vera til langframa undir atvinnuleysistryggingum. Þetta mál sem nú er fjallað um, á heima undir almannatryggingalögunum, ætti að vera þar ef við værum menn til þess að taka á því hér á Alþingi Íslendinga, og við eigum auðvitað að láta verða af því fyrr eða síðar. Það, sem hér skeður og greinir í milli, er að með frv. um eftirlaun aldraðra er verið að blanda óskyldu fólki saman við og verið að færa það undir Atvinnuleysistryggingasjóð þegar hann er vanbúinn að mæta skylduútgjöldum sínum, hvað þá nýjum.

Ég man eftir því að ég var meðflm. að frv. um fæðingarorlof, að vísu aftarlega á listanum, en ég varaði þá við að sjóðurinn mundi ekki þola nema mjög skamman tíma það álag sem þar væri að skapast. En ég hafði vissulega þá trú, að með þessu værum við að brjótast út úr þeim vítahring sem við erum í raun í enn þá, nema þetta er eina sporið sem við höfum reynt að stíga til þess að komast út úr honum, í sambandi við fæðingarorlof fyrir þær fjölmörgu konur sem ekki njóta þess, en eins og kunnugt er nutu þess ekki áður aðrar en þær sem hafa verið í þjónustu hins opinbera, sveitarfélaga og ríkis.

Ég tel að brugðið hafi til hins verra, og á ekki aðeins við þá ríkisstj. sem átti þátt í að þetta samkomulag var gert, heldur líka næstu ríkisstj. sem tók við, sem var ríkisstj. hinna vinnandi stétta, vinstri stjórnin, sem var sprengd í loft upp í þingbyrjun í haust, og verður kannske enn þá verra þegar haft er í huga að næsta vinstri sjtórn leggur hið sama til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
7—11 gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
12—20 gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
21—22 gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
23—24 gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 51 tekin aftur.
25. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 60 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 16, n. 58 og 59). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Iðnn. Nd. hefur komið saman og fjallað um frv. þetta um verðjöfnunargjald af raforku. Nm. urðu ekki sammála um afstöðu til málsins, en meiri hl. n. hefur þá afstöðu sem fram kemur í nál. á þskj. 59.

Um málið vil ég aðeins segja þetta:

Öfugmæli er að kalla gjald þetta verðjöfnunargjald, þar sem það er prósentugjald og greiða þeir hæst sem fyrir greiða hæst raforkuverð. Gjald þetta kemur sérstaklega illa við samkeppnisiðnað og rýrir samkeppnisaðstöðu hans gagnvart innflutningi, en skattlagning á raforku er þegar orðin ærin.

Við verðjöfnun raforku tala menn gjarnan um viðmiðun við taxta Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Sá samanburður er ekki raunhæfur. Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hefur lengi verið haldið niðri vegna áhrifa hennar á framfærsluvísitölu. Þetta veldur því að Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur um árabil átt í erfiðleikum vegna erlendra lána sem tekin hafa verið vegna rekstrar. Að halda þannig niðri raforkuverði Rafmagnsveitu Reykjavíkur veldur auknum mun í raforkuverði í landinu og síðan er sá munur notaður sem réttlæting fyrir skattheimtu. Jafnframt vil ég benda á mótmæli borgarstjórnar Reykjavíkur gegn þessu gjaldi og mótmæli Sambands ísl. rafveitna.

Frá Sambandi ísl. rafveitna hefur borist bréf til iðnn. Ed., sem ég vil, með leyfi forseta, lesa svo að hv. þm. sé kunnugt um efni þess. En það hljóðar svo:

„Iðnn. Ed. Alþingis. Hr. Þorv. Garðar Kristjánsson, formaður. — Verðjöfnunargjald af raforku.

Stjórn Sambands ísl. rafveitna vekur athygli á því, að nú hefur enn einu sinni verið lagt fyrir Alþingi frv. um framlenginu á lögum um verðjöfnunargjald af raforku. Snemma á þessu ári var gjald þetta stórhækkað, úr 13% í 19%. Urðu þá miklar umr. á Alþingi um málið og virtist veruleg andstaða ríkja gegn því og ekki síst hækkun gjaldsins. Í niðurlagi framsögu sinnar fyrir málinu 5. febr. s. l. sagði þáv. iðnrh., Hjörleifur Guttormsson:

„Ég vil að endingu geta þess, að iðnrn. mun á þessu ári beita sér fyrir athugun á tekjuöflun og fleiri þáttum hjá Rafmagnsveitum ríkisins og þá m. a. huga að þeim tekjustofni sem hér er mælt með að á verði lagður til loka þessa árs. Að mínu mati þarf ríkissjóður að gera ráð fyrir að leggja Rafmagnsveitunum til eigendaframlag árlega, a. m. k. fyrst um sinn, sem svari til félagslegra þátta í framkvæmd fyrirtækisins."

Ljóst var að leysa þurfti fjárhagsvanda fyrirtækja þeirra sem gjaldsins njóta. Töldu þm., eins og jafnan áður, að lengri tíma þyrfti til undirbúnings þessa máls og voru því lögin látin gilda til 31. des. 1979.

Svo sem stjórnin hefur áður bent á, telur hún að leysa beri fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða á annan hátt, m. a. með beinum framlögum úr ríkissjóði. Þar sem þessi þunga skattheimta er lögð á í prósentum kemur hún harðast niður á þeim sem búa við hæst raforkuverð fyrir. Eiga önnur raforkufyrirtæki við mikinn fjárhagsvanda að etja, sem tæplega verður leystur með frekari hækkun á gjaldskrám. Má í því sambandi benda á Rafmagnsveitu Siglufjarðar, sem í vor óskaði eftir að fá verðjöfnunargjald í sinn hlut, þótt ekki væri nema þann hluta þess sem notendum hennar er gert að greiða.

Kristján Jónsson og Hafsteinn Davíðsson taka fram, að þeir treysta sér þó ekki til að mótmæla gjaldi þessu meðan ekki koma til aðrar lausnir á fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samband ísl. rafveitna.
F. h. stjórnar
Örlygur Þórðarson framkvæmdarstjóri"

Ég vil þá lesa nál. meiri hl. iðnn. Nd., með leyfi forseta, sem fram kemur á þskj. 59:

„Við undirritaðir nm. erum andvígir verðjöfnunargjaldi af raforku eins og það hefur verið á lagt og tillaga er gerð um að áfram verði. Teljum við skattheimtu af raforkusölu orðna meiri en góðu hófi gegnir, en slík skattheimta kemur ekki síst illa við íslenskan iðnað. Raforkukostnaður er mikill þáttur í rekstrarkostnaði margra iðnfyrirtækja. Þessi mikla skattlagning skerðir samkeppninsaðstöðu þeirra gagnvart iðnaði annarra lands, sem íslenskur iðnaður þarf að keppa við.

Ýmis fleiri rök mæla gegn verðjöfnunargjaldinu, sem nánari grein verður gerð fyrir í umr., en benda má á, að Samband ísl. rafveitna hefur eindregið lagst gegn þessu gjaldi svo og borgarstjórn Reykjavíkur.

Við teljum að vanda Rafmagnsveitna ríkisins eigi að leysa á annan hátt en með slíku gjaldi. Eðlilegt er að skilja á milli félagslegra framkvæmda RARIK og arðbærra framkvæmda og að ríkissjóður standi undir fyrrnefndu framkvæmdunum með óafturkræfum framlögum. Á sama hátt þarf að greiða úr miklum og þungbærum skuldum fyritækisins. Með slíkum aðgerðum mætti tryggja æskilega jöfnun á raforkuverði og koma í veg fyrir hallarekstur fyrirtækisins.

Vegna hinna sérstöku aðstæðna í íslenskum stjórnmálum í dag, sem m. a. hafa í för með sér óvissu um afgreiðslu fjárl., viljum við ekki hefta framgang þessa máls að þessu sinni, enda yrði fjárhag RARIK og Orkubús Vestfjarða með því stefnt í óvissu. Við munum því ekki greiða atkv. gegn frv.

Alþingi, 20. des. 1979."

Og undir þetta nál. rita Birgir Ísl. Gunnarsson, Jósef H. Þorgeirsson, Friðrik Sophusson, Guðmundur G. Þórarinsson.

Frsm minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. iðnn. sem liggur fyrir á þskj. 58, og ég vil byrja á því að lesa þetta nál. sem er ekki margort, með leyfi forseta:

„Minni hl. n. er efnislega samþykkur frv. og mælir með samþykkt þess. Hins vegar leggur minni hl. áherslu á að hluti af tekjum af verðjöfnunargjaldinu verði notaður til að ná fram verðjöfnun frá því sem nú er á töxtum til heimilsnotkunar og iðnaðar hjá þeim aðilum, er gjaldsins njóta, og telur eðlilegt markmið, að þessir taxtar verði í mesta lagi 20% hærri en hjá Rafmangsveitu

Reykjavíkur síðari helming ársins 1980.

Þá vill minni hl. ítreka það sjónarmið, sem samstaða varð um í fyrrv. ríkisstj. við undirbúning fjárl. fyrir árið 1980, að frá og með því ári beri ríkisstjóður allan kostnað af félagslegum framkvæmdum, sem Rafmagnsveitum ríkisins er falið að ráðast í og standa fyrir. Slík stefnubreyting í reynd varðandi fjármál Rafmagnsveitnanna ætti að auðvelda að ná fram eðlilegri verðjöfnun á raforku í landinu og gera kleift að endurskoða þau ákvæði um verðjöfnunargjald, sem gilt hafa frá árinu 1974 og enn er þörf fyrir."

Og með mér standa að þessu nál. hv. þm. Páll Pétursson og Karvel Pálmson.

Ég tók til máls í umr. um þetta mál í gær hér í hv. þd. og gat þess, að ég hygðist flytja brtt. við frv. eins og það liggur fyrir. Að athuguðu máli féll ég frá þessu, sérstaklega til þess að tryggt væri að mál þetta næði fram að ganga fyrir jólahlé og yrði lögfest. En það atriði, sem ég hafði þar í huga og gerði raunar að umræðuefni í gær, var einmitt það sem fram kemur í áliti minni hl. í 1. efnislið, að tryggt yrði að hluti verðjöfnunargjaldsins yrði notaður til að draga úr núverandi verðmun hjá gjaldendum Rafmagnsveitnanna og Orkubús Vestfjarða annars vegar og þorra af rafveitum sveitarfélaga hins vegar. Þessi munur er nú nálægt 55%.

Vegna orða hv. frsm. meiri hl. áðan, Guðmundar G. Þórarinssonar, um að það væri ekki raunhæft að taka Rafmagnsveitu Reykjavíkur þarna inn í dæmið, vil ég geta þess að hún sker sig á engan hátt úr hvað snertir gjaldskrár annarra rafveitna sveitarfélaga, nema jafnvel síður sé, því að sumar rafveitur sveitarfélaga hafa jafnvel enn þá lægri gjaldskrá en Rafmagnsveita Reykjavíkur. Hitt er svo annað mál, að það hefur ekki verið orðið við óskum Rafmagnsveitu Reykjavíkur um hækkanir á gjaldskrá oft og tíðum, og það hefur eflaust bakað því fyrirtæki eins og fleiri þjónustustofnunum erfiðleika og þær þurft að leysa sín mál með öðrum hætti en þær hefðu kosið.

Ég tel að raunhæft markmið sé að draga úr verðmun, eins og fram kemur í nál. minni hl. iðnn. Ég leitaði mér upplýsinga um það hjá rafmagnsveitustjóra ríkisins í morgun, hvað það þýddi í reynd ef stefnt væri að því að munur á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur yrði 20% allt árið 1980. Þær upplýsingar komu fram, að til þess að það mætti takast þyrfti að verja sem svaraði 45% af verðjöfnunargjaldinu til þessa. Þetta sýnir okkur ljóslega að drjúgur hluti gjaldsins fer í að hamla gegn verðhækkunarþörf sem ella kæmi til hjá Rafmagnsveitum ríkisins og auðvitað einnig hjá Orkubúi Vestfjarða.

Það er auðvitað ekki alls kostar rétt, sem hefur komið fram hér í umr. og raunar oft áður, að ég trúi, hér á þinginu, að heiti gjaldsins sé ekki réttnefni. Það er vissulega umdeilanlegt. Þó er alveg ljóst að innheimta gjaldsins á liðnum árum hefur dregið úr frekari hækkunarþörf á gjaldskrám þeirra sem gjaldsins hafa notið og að því leyti stuðlað að því að hamla gegn auknu misrétti í þessum efnum.

En þau ákvæði, sem sett voru inn í frv. í fyrra að minni till., þegar það var hækkað úr 13% í 19%, að tekjum af hækkuninni yrði eingöngu varið til að draga úr verðmismun, urðu til þess að markvisst var að því unnið og það tókst að minnka þann mun að nokkru marki eða úr 88% í milli 53 og 54%, eins og munurinn er nú.

Alþt. 1979. B. (102. löggjafarþing).

Það var vikið að því af hv. 12. þm. Reykv. áðan að verðjöfnunargjaldið kæmi illa við íslenskan iðnað og samkeppnisaðstöðu hans. Það má til sanns vegar færa. Ég tek undir það sjónarmið, að þetta er íþyngjandi fyrir samkeppnisiðnað okkar, og vil geta þess hér, að ég skipaði sem iðnrh. fyrr á þessu ári nefnd til þess að fara yfir verðlagningu á orku til almenns iðnaðar í landinu. Ég veit ekki annað en sú nefnd sé að störfum. Þá hafði ég einnig í huga þetta gjald og gjaldskrár sem iðnaður okkar býr við og þarfnast endurskoðunar.

Það kemur fram í nál. meiri og minni hl. svipað viðhorf um hvaða leið beri að velja til þess að brjótast út úr þeim erfiðleikum sem Rafmagnsveitur ríkisins búa við og þá einnig Orkubú Vestfjarða, sem svipað stendur á fyrir og Rafmagnsveitunum, til þess að unnt verði að koma fjárhag þessara fyrirtækja á sæmilega heilbrigðan grundvöll. Það er að tryggja að þær framkvæmdir, sem félagslegar eru kallaðar og skila ekki arði út frá sjónarmiðum þessara fyrirtækja, verði fjármagnaðar með beinum framlögum frá eigendum sínum og þannig verði hægt að draga úr þörfinni fyrir lántöku, sem hefur reynst afar þungur baggi hjá Rafmagnsveitunum og fyrir Orkubú Vestfjarða auðvitað einnig á undanförnum árum og leitt þar til árvissra erfiðleika og hallarekstrar.

Ég tel að það skipti afar miklu máli við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár, að við þá stefnumörkun verði staðið sem samkomulag varð um í fyrrv. ríkisstj. í sambandi við framlög til Rafmagnsveitnanna, og þarf auðvitað að líta einnig á málefni Orkubúsins í þessu samhengi og þannig að það verði hægt að tryggja þá verðjöfnun sem við gerum að umtalsefni í áliti minni hl. og teldum eðlilegt spor í átt til sanngjarnrar verðjöfnunar. Þó má auðvitað um það deila hvort nákvæmlega sama gjald af raforku eigi að gilda um allt land, en ég hygg að menn geti verið sammála um að sá verðmunur, sem við nú búum við að þessu leyti og þá enn frekar varðandi upphitunarkostnað, sé með öllu óviðunandi.

Ég er út af fyrir sig ánægður með, að það er mun minni andstaða gegn lögfestingu þessa gjalds og framlengingu þess um eitt ár nú í hv. þd. en var á þingingu í fyrra, og met það við þá aðila sem eru óánægðir — sumpart af skiljanlegum ástæðum — með þessa gjaldtöku, að þeir skuli ekki ætla að standa gegn framgangi þessa máls hér nú. Ég vænti að það verði samþykkt þó að meiri hl. iðnn. treysti sér ekki að greiða því atkv. sitt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði í gær við 1. umr. þessa máls, að ég væri með þessu frv. óbreyttu, og það er í samræmi við þá skoðun sem ég hef haft á undanförnum árum, að fylgja málinu á meðan ekki er fundin önnur réttlátari og eðlilegri lausn á því. En það, sem kom mér til að standa hér upp, er orðalag í áliti minni hl. iðnn. þar sem hann vill ítreka það sjónarmið, sem samstaða varð um í fyrrv. ríkisstj. við undirbúning fjárl. fyrir árið 1980, að frá og með því ári beri ríkissjóður allan kostnað af félagslegum framkvæmdum sem Rafmagnsveitum ríkisins er falið að ráðast í og standa fyrir, og segir síðan að slík stefnubreyting í reynd varðandi fjármál Rafmagnsveitanna ætti að auðvelda að ná fram eðlilegri verðjöfnun á raforku í landinu, gera kleift að endurskoða ákvæði um verðjöfnunargjaldið. Ég fagna þessari samþykkt og þessari skoðun. En mér finnst vanta inn í þessa

samþykkt Orkubú Vestfjarða, sem nýtur um 20% af verðjöfnunargjaldinu. Það verður einnig að standa undir félagslegum framkvæmdum, svo að ef samþykkt ríkisstj. er með þeim hætti sem kemur fram í áliti minni hl. iðnn. er ég ekki alls kostar ánægður með að landsmönnum sé gert mishátt undir höfði. Ég er ekkert að fara fram á meiri fríðindi fyrir þá stofnun en aðrar, en þetta kemur ekki í ljós í áliti minni hl. iðnn.

Hins vegar fagna ég því sem kemur fram í áliti meiri hl. iðnn., að þeir segja að eðlilegt sé að skilja á milli félagslegra framkvæmda RARIK og arðbærra framkvæmda og að ríkissjóður standi undir fyrrnefndum framkvæmdum með óafturkræfum framlögum. Þeir benda einnig á, að með því að hefta framgang þessa máls að þessu sinni yrði fjárhag RARIK og Orkubús Vestfjarða, eins og frsm. meiri hl. tók fram, stefnt í óvissu. Mér finnst að hér eigi hið sama að gilda í báðum tilfellum, um RARIK og Orkubú Vestfjarða.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en á meðan ekki liggur fyrir betri lausn á þessum málum styð ég verðjöfnunargjaldið heils hugar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 10. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., að loknum 9. fundi.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 65 (sbr. 32)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, frv. (þskj. 64). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 16, n. 58 og 59). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Þetta er 4. mál. hv. Ed. og er þaðan komið, fjallar um að í fjárlagafrv. fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir óbreyttri innheimtu gjalds á ferðalög til útlanda frá því sem verið hefur á árinu 1979. Gjald á ferðalög til útlanda á hins vegar samkv. gildandi ákvæðum í lögum nr. 121 frá 1978, um kjaramál, að falla úr gildi í árslok 1979. Ef tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir 1980 á að standast er því nauðsynlegt að leggja þetta frv. fram, þar sem gildandi ákvæði um gjald á ferðalög til útlanda er tímabundið.

Samkv. frv. verður gjaldið óbreytt frá því sem verið hefur og gildir til ársloka 1980. Á árinu 1979 er gjaldið talið skila 1450 millj. kr. í ríkissjóð, en í fjárlagafrv. fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu verði um 1900 millj. kr.— Það var líka gert ráð fyrir í fjárlagafrv. því, sem lagt var fram á hv. Alþ. í okt. s. l., að þetta gjald yrði innheimt.

Ed. hefur engar aths. gert við frv. þetta og samþ. það óbreytt. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 54, n. 66). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. um breyt. á lögum um almannatryggingar. N. hefur fjallað um frv., en um er að ræða að sjúkratryggingariðgjald verði lagt á með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 115/1978 á árinu 1979. Frv. er efnislega shlj. lögum nr. 115/1978 að öðru leyti en því sem leiðir af gildistöku nýrra laga um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 40/1978.

N. mælir með samþykkt frv., en Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Jósef H. Þorgeirsson og Guðrún Helgadóttir skrifa undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, GS, HÁ, IGuðn, IGísl, JS, MHM, ÓÞÞ, PP, SighB, SV, StH, SteinG, VG, ÞJ, AS.

EH, FÞ, GJG, HBI, JÞ, MB, ÓE, PS, RA, SvG greiddu ekki atkv.

14. þm. (BÍG, FrS, GeirH, GGP, GHelg, HG, JE, KP, MÁM, PJ, SkA, ÞS, AG, ÁG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þetta eru miklir peningar, gjaldið heldur ógeðfellt, en það er vont að standa að því að rífa svona mikla peninga út úr almannatryggingakerfinu nú á síðustu stundu, og þrátt fyrir það, sem ég nefndi fyrst, segi ég já.

2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Efri deild, 10. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 5.30 síðdegis.

Forseti (Helgi Seljan): Það hefur mót von okkar ekki borist neitt nýtt eða rekið neitt nýtt á fjörur d., en við eigum von á að það verði núna í Nd. afgreidd 1—2 mál til okkar í Ed., og við eigum það mikið eftir enn að ég sé mig til knúinn að fresta þessum fundi þangað til kl. 9 í kvöld, halda kvöldfund í þeirri von að Nd. verði afkastasöm og skili a. m. k. til okkar tveim málum til þess að við getum tekið þau fyrir og vísað þeim til nefndar. Ég hef ekki von um að annað verði á dagskrá en þau mál sem eru í Nd. núna. Ég tek það fram, að ég er ekki ánægður að vera að boða til þessa kvöldfundar, óvitandi um hvort Nd. verður búin að afgreiða þau mál, sem við þurfum á að halda til þess að fundurinn nái tilgangi sínum, en við verðum að treysta á hv. Nd. og ég fresta því fundi til kl. 9 í kvöld. — [Fundarhlé.]

Forseti tók síðar eina dagskrármálið af dagskrá.

Efri deild, 11. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., að loknum 10. fundi.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 65 (sbr. 32)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég mun ekki fara mörgum orðum um þetta frv. að þessu sinni. Bæði er að tíminn er mjög takmarkaður og eins hitt, að ég fylgdi frv. úr hlaði í þessari hv. d. á s. l. vori með ítarlegri framsögu um aðdraganda þess og efni.

Þetta frv. er mjög stórt spor í þá átt að koma samræmdu verðtryggðu lífeyrisréttindakerfi á fyrir alla landsmenn, sem er auðvitað lokamarkmiðið í þessum efnum. Um það bil 4500 manns munu njóta góðs af lögum þessum og munu greiðslur gjarnan verða á bilinu 60—90 þús. kr. á mánuði hafi viðkomandi unnið verkamannavinnu eða sambærilega vinnu í 15 ár eða lengur, og kemur það til viðbótar bótum frá almannatryggingum eins og þær eru í dag. Þannig fær einstaklingur, sem engar tekjur hefur aðrar en bætur almannatrygginga og bætur samkv. þessu frv., gjarnan 215—235 þús. kr. á mánuði og hjón liðlega 100 þús. kr. meira miðað við núverandi verðlag.

Enginn ágreiningur hefur komið fram hér á hinu háa Alþingi um útgjaldahlið frv., um bæturnar. Hins vegar kom á s. l. vori fram ágreiningur um sumar greinar tekjuanna. Í fyrsta lagi þótti frv. íþyngja Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um of. Þessu var mætt með því að veita Jöfnunarsjóði aðild að 2% hækkun söluskatts s. l. haust. Þetta eykur tekjur hans um 800 millj. kr. á ári, en hlutur hans í fjármögnun þessa frv. verður um 450 millj. kr., hvort tveggja á áætluðu verðlagi næsta árs.

Hins er svo rétt að geta, að tekjur Jöfnunarsjóðs voru talsvert skertar haustið 1978 þegar söluskattur var felldur niður af matvörum, og hefur sú tekjurýrnun ekki verið að fullu bætt enn þá.

Í öðru lagi var á það deilt, að lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og vinnuveitenda var ætlað að taka á sig 100 millj. kr. viðbótarbyrði á verðlagi þessa árs til að kosta þessa nýju lífeyrisgreiðslu. Frá þessu var fallið og framlag ríkissjóðs hækkað að sama skapi.

Í þriðja lagi var ágreiningur um aukna hlutdeild Atvinnuleysistryggingasjóðs í fjármögnun eftirlaunakerfisins, en honum var ætlað að bæta við sig 450 millj. kr. í þessu skyni miðað við verðlag næsta árs. Staða Atvinnuleysistryggingasjóðs er langt frá því nægilega góð þótt þetta bætist ekki við. Hins vegar var og er ætlunin að losa hann við greiðslur fæðingarorlofs sem á þessu ári nema nálægt 800 millj. kr., og það er líklega nálægt 1200 millj. kr. á verðlagi næsta árs. Þetta hefur enn ekki verið gert og er afstaða heilbr.- og trn. Nd. því skiljanleg, en hún leggur til að ekki verði bætt frekari kvöðum á Atvinnuleysistryggingasjóð í þessum efnum fyrr en hann hefur verið losaður við fæðingarorlofið, og er ég fyllilega sammála þeirri afgreiðslu nefndarinnar.

Herra forseti. Ég þakka formönnum þingflokkanna og ég þakka deildarforsetum fyrir að þeir hafa beitt sér fyrir því að frv. verði afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir jólahléið. Er það verðug jólagjöf Alþingis til þessa réttindalitla fólks.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og trn. þessarar hv. d. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 18 shlj. atkv.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, frv. (þskj. 64). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði er komið frá Nd. og var 42. mál þeirrar deildar, á þskj. 42. Astæðan fyrir flutningi þess er augljós, en þar sem ljóst er að ekki verður unnt að afgreiða fjárlög fyrir árið 1980 um næstu áramót ber brýna nauðsyn til að veita ríkisstj. þær heimildir sem frv. gerir ráð fyrir,

þannig að ekki komi til greiðslustöðvunar hjá ríkissjóði þegar hinn 1. jan. n. k. Ef til slíkrar greiðslustöðvunar kæmi næði hún til allra samningsbundinna greiðslna ríkissjóðs, þ. á m. launa, auk allra venjulegra rekstrargjalda og annarra gjalda sem talist geta venjulegar fastar greiðslur ríkissjóðs. Af þessum sökum er frv. þetta lagt fram og leitað heimilda til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði.

Tvær breytingar voru gerðar á frv. í meðförum Nd. Eins og frv. var lagt fram í upphaflegri gerð, var gert ráð fyrir að bráðabirgðafjárgreiðsluheimild yrði veitt þangað til fjárlög yrðu samþykkt, en ég tók það sérstaklega fram, þegar ég mælti fyrir frv. í Nd. Alþingis, að ég hefði sent drög frv., á meðan það var í smíðum, til þingflokkanna og óskað eftir afstöðu þingflokkanna til efnis þess og lýst mig reiðubúinn að gera hverjar þær breytingar á frv. sem þingflokkarnir teldu eðlilegar og nauðsynlegar. Ég vissi að þetta hafði verið eitt af því sem rætt var, hvort ætti að gera þessa heimild tímabundna og þá við hvaða tíma ætti að miða. Þegar nauðsynlegt var orðið að leggja frv. fram á hinu háa Alþingi höfðu hins vegar ekki borist svör frá þingflokkunum og því tók ég það ráð að leggja frv. fram í upphaflegri mynd, eins og það var samið í fjmrn, en lýsti yfir að ég mundi að sjálfsögðu fúslega fallast á allar þær breytingar, þ. á m. tímatakmörkun á bráðabirgðafjárgreiðsluheimildinni, sem nm. í hv. fjh.- og viðskn. Nd. gætu orðið ásáttir um. Í þeirri n. var fallist á að takmarka bráðabirgðafjárgreiðsluheimildina við 15. febr., og hefur það þann ótvíræða kost, að slík takmörkun hlýtur að ýta á eftir því að hv. Alþ. og fjvn. ljúki fjárlagavinnunni og fjárlagagerð sem allra fyrst, það er að sjálfsögðu ljóst, að ef það tekst ekki fyrir 15. febr., þá verður Alþ. að búa sig undir að veita þeirri ríkisstj., sem þá verður í landinu, hver sem hún verður, viðbótarfrest til bráðabirgðafjárgreiðsluheimilda.

Í öðru lagi gerði Nd. þær breytingar á frv. frá upphaflegri gerð þess, að í 3. gr. frv. hafði fallið niður úr heimildarákvæðum, sem þar eru, að fjmrh. væri heimilt að taka lán allt að 12 þús. millj. kr. í erlendri mynt. Sú breyting var sem sé gerð í meðförum d. að taka þessi orð inn í frv., að þessi lántaka væri heimil í erlendum gjaldeyri. Í öðru lagi var sú breyting gerð, að í stað þess, eins og sagði í gr., að verja ætti andvirði þessa fjár í samráði við fjvn. til framkvæmda o. s. frv., var sagt að fjmrh. hefði heimild til að verja andvirði þess að fengnu samþykki fjvn. Ég fellst að sjálfsögðu á þessa breytingu líka og styð hana, en hef óskað eftir því við formann fjvn., að hann athugi hvort möguleikar séu á því að halda fund í fjvn. og að nefndin feli t. d. undirnefnd sinni að fara með þetta umboð fyrir nefndarinnar hönd frá því að þingi verður frestað núna rétt fyrir jólin og þangað til þing kemur aftur saman, hvenær sem það verður eftir áramót, af þeirri einföldu ástæðu að mér er kunnugt um að nokkrar óskir munu berast milli jóla og nýárs um slíkar fyrirgreiðslur frá einstökum aðilum, t. d. Orkubúi Vestfjarða og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Nauðsynlegt er að geta svarað slíkum beiðnum sem allra fyrst. En það getur reynst ómögulegt að kalla alla fjvn. saman á svo stuttum tíma í jólaleyfi þm., og því óska ég eftir að fjvn. kanni þann möguleika, hvort hún gæti veitt t. d. undirnefnd sinni umboð til að samþykkja slíkar fyrirgreiðslur á þeim tíma sem þing situr ekki og þm. eru í jólaleyfi. Þetta er að sjálfsögðu háð ákvörðunarvaldi fjvn. sjálfrar, en þessum tilmælum hef ég sem sé komið á framfæri við n. og formann hennar.

Fjh.- og viðskn. Nd. fékk ýmsar upplýsingar til þess að meta m. a. þá lánsfjárþörf, sem rætt er um í 3. gr., og þá þörf fyrir tímabundinn yfirdrátt, sem rætt er um í 2. gr. Ég mun að sjálfsögðu sjá til þess, að hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. fái allar þær upplýsingar, sem hún kynni að óska eftir, og aðrar þær upplýsingar, sem hún kynni eftir að leita, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. þessu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 12. fundur.

Föstudaginn 21. des., kl. 2 miðdegis.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 65 (sbr. 32), n. 69). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. það sem hér liggur fyrir um eftirlaun til aldraðra og hefur skilað um það nál. á þskj. 69. Eins og það ber með sér mælir nefndin einróma með samþykkt frv. í þeim búningi sem það kom í frá hv. Nd. Vænti ég að þar með sé það tryggt, að þetta frv. nái heilu og höldnu í höfn og verði að lögum fyrir þessi áramót, eins og áformað hefur verið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
12.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
23.—25. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, frv. (þskj. 64, n. 70). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980 eins og það kom frá Nd. N. hefur skilað áliti á þskj. 70 og er sammála um að mæla með samþykkt frv.

Það er e. t. v. rétt að geta þess í leiðinni, að þegar þetta

mál kom til umr. hér í þessari d. í gærkvöld, varpaði fjmrh. fram hugmynd í sambandi við 3. gr. frv., en þar segir: „Fjmrh. f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 12 000 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1980 og verja andvirði þess að fengnu samþykki fjvn. til framkvæmda“ o. s. frv. Fjmrh. varpaði fram þeirri hugmynd, hvort hér mundi ekki nægja samþykki undirnefndar fjvn. í stað þess að samþykki fjvn. væri áskilið, þannig að ekki þyrfti í þinghléinu nú milli hátíðanna að kalla alla fjvn. saman. Um þetta var rætt á fundi fjh.- og viðskn. í gærkvöld og voru menn þar á einu máli um að breyta þessu ekki, heldur láta þetta standa óbreytt. Um undirnefnd fjvn., þótt starfað hafi lengi og eftir föstum reglum og í föstu formi, eru engin ákvæði í neinum lögum, heldur starfar hún samkv. venju. Því þótti nefndarmönnum nokkurt fljótræði að gera það í mikilli skyndingu að veita þessari undirnefnd, þótt góð og gild sé, stöðu í lögum og að lögum. Þess vegna verður sá háttur hafður á, ef til kasta fjvn. kemur í þinghléi, að öll nefndin verður að sjálfsögðu kölluð saman til þess að fjalla um þau mál sem hún kann að þurfa að skera úr skv. þessari 3. gr., veita samþykki eða synja. En fjh.- og viðskn. mælir sem sagt með samþykkt þessa frv. óbreytts.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ummælum forseta er hæstv. fjmrh. önnum kafinn í umræðum utan dagskrár í Nd. og mikil nauðsyn á að hraða afgreiðslu mála. Hér hefur verið dreift í d. á þskj. 72 brtt. frá hæstv. ráðh. við þetta frv., þar sem kveðið er á um að ákvæði til bráðabirgða bætist við frv. Eru efnisþættir þessa ákvæðis þeir, að erlendum ríkisborgurum og ríkisfangslausum mönnum verði gert skylt að gera full skil á þinggjöldum sínum og útsvari fyrir brottför af landinu og atvinnurekendur þeirra gerðir ábyrgir fyrir því að slíkt skuli gert.

Þetta ákvæði til bráðabirgða er til komið vegna þess, að frv., sem liggur fyrir Nd. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt, er til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. þeirra d. og samkomulag hefur orðið um að fresta afgreiðslu þess máls þar til þing kemur saman að nýju eftir áramót, en talið var nauðsynlegt að hafa í lögum ákvæði af því tagi, sem er birt á þskj. 72, til að eðlilegar innheimtur á gjöldum erlendra ríkisborgara geti átt sér stað á þeim tíma sem líður frá fyrsta degi næsta árs og þar til nýtt frv. um tekju- og eignarskatt verður að lögum.

Ég hef kynnt þessa brtt. fyrir meðnm. mínum í hv. fjh.- og viðskn. þessarar d., og þeir eru allir sammála um að þetta ákvæði verði samþ. Vil ég leggja til við hv. d. að brtt. á þskj. 72 verði samþ.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 72, sem var of seint fram komin, samþ. með 15 shlj. atkv.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því, þar sem þarna er kominn nýr efnisliður, hvort fyrirsögn frv. þyrfti þá ekki að breytast um leið, þannig að þar stæði: „bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980 o. fl.“

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 74) samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 72 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. að viðbættri brtt. 74 samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 13. fundur.

Föstudaginn 21. des., að loknum 12. fundi.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 65 (sbr. 32)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 77).

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, frv. (þskj. 75). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Nd.

Efri deild, 14. fundur.

Föstudaginn 21. des., að loknum 13. fundi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 29, n. 73). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur komið saman og fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

N. mælir einróma með því, að þetta frv. verði samþ., og er nál. undirritað af Stefáni Guðmundssyni, Geir Gunnarssyni, Guðmundi Karlssyni, Agli Jónssyni, Lárusi Jónssyni, Guðmundi Bjarnasyni og Karli Steinari Guðnasyni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Efri deild, 15. fundur.

Föstudaginn 21. des., að loknum 14. fundi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 29). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þinghlé.

Forseti (Helgi Seljan): Þar sem ég tel sennilegast að þetta verði síðasti fundur þd. fyrir þinghlé, jólaleyfi, vil ég leyfa mér að þakka hv. þdm. fyrir góða samvinnu þessa daga sem við höfum unað hér saman. Ég óska hv. þdm. gleðilegrar jólahátíðar og farsæls komandi árs. Ég flyt sömu óskir til skrifstofustjóra Alþingis og til starfsfólks þess alls. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess, að við hittumst öll heil á næsta ári.

Ólafur Jóhannesson: Ég vil leyfa mér að þakka forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í garð okkar þdm. Ég vil enn fremur þakka honum fyrir gott samstarf og góða fundarstjórn á þeim stutta tíma, sem af er þingtímans, og vænti að svo muni áfram verða. Ég vil jafnframt óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og góðs og farsæls nýs árs og læt í ljós þá von, að við megum sjá hann heilan og glaðan að jólaleyfi loknu. Ég veit að ég mæli þessi orð fyrir munn allra hv. þdm., en vil biðja þá að taka undir þau með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Helgi Seljan): Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir hans hlýju orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og einnig hv. þdm. fyrir að taka undir orð hans. — Fundi er slitið.

Neðri deild, 11. fundur.

Föstudaginn 21. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hef óskað eftir og tel mig knúinn til að taka hér til máls utan dagskrár og vil beina orðum mínum til hæstv. fjmrh., þó að þau málefni, sem ég hér geri að umræðuefni, heyri e. t. v. einnig undir önnur rn. En hér er um að ræða greiðslur úr ríkissjóði, og vona ég að ekki verði talið óeðlilegt að ég beini orðum mínum til hæstv. fjmrh. fyrst og fremst.

Hér er um að ræða niðurgreiðslur á vöruverði og greiðslu útflutningsbóta vegna útfluttra landbúnaðarvara. Mér er tjáð að greiðsluskylda ríkissjóðs vegna niðurgreiðslna nú í desembermánuði sé rúmir 1.7 milljarðar. Allir hv. alþm. vita hvers konar greiðslur er um að ræða. Þetta er hluti af verði búvara sem seldar voru í nóvembermánuði s. l. Vinnslustöðvar landbúnaðarins fá afurðalán hver hjá sínum viðskiptabanka eins og kunnugt er. Seðlabankinn endurkaupir svo lánin að $^2/_3$ hlutum. Um hver mánaðamót skilar hver vinnslustöð birgðaskýrslu til banka síns, og ef um minnkun á birgðum er að ræða verður hún að standa bankanum skil á andvirði hinnar seldu vöru síðari hluta mánaðarins á eftir. Í þessu tilfelli kemur þessi upphæð, sem um er að ræða nú, til greiðslu til bankans 27. þ. m. vegna nóvembersölunnar.

En með hverju eiga vinnslustöðvarnar að greiða þar sem þær hafa ekki fengið nema hluta af verði þeirrar vöru, sem veðsett var og þær þurfa að standa skil á, sem eins og áður segir er 1.7 milljarðar kr.? Nú er mér tjáð að samkv. greiðsluáætlun ríkissjóðs eigi ekki að inna þessa greiðslu af hendi fyrr en 8. jan. n. k. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvort það sé rétt, að fyrirhugað sé að inna þessa greiðslu ekki af hendi nú fyrir áramót. Ríkið gengur nú mjög hart eftir að allir standi í skilum, og ef út af ber, þá lætur það alla, sem ekki standa í skilum, borga dráttarvexti, sem eru nú 4.5% á mánuði, og gerir engan mun á þótt ríkið sjálft skuldi sama aðila stórfé sem er gjaldfallið. En sá er munurinn, að ríkið neitar að greiða vexti, hvað þá dráttarvexti, vegna sinna vanskila.

Einnig eru nú ógreiddar útflutningsbætur vegna útfluttra búvara að upphæð 1 milljarður 477 millj. kr. Þessar greiðslur, sem ríkið á að standa skil á, eru því samtals 3.1 milljarður. Það munar um minna, ekki síst í árferði eins og nú hefur gengið yfir landbúnaðinn. Hinn 28. des. 1978 var gerð samþykkt á ríkisstjórnarfundi um að inna greiðslur af hendi vegna útflutningsbóta jafnóðum og fyrir lægju reikningar þeirra vegna. Fjárlög fyrir yfirstandandi ár voru gerð með tilliti til þessarar samþykktar. Á sama ríkisstjórnarfundi var samþykkt að greiða úr ríkissjóði geymslu- og vaxtakostnað vegna birgða jafnóðum og þessar greiðslur falla til. Ég veit ekki betur en það hafi verið farið eftir þessum samþykktum að öllu leyti af fyrrv. ríkisstj., þ. e. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort þessar 1477 millj. vegna útflutningsbóta verði ekki greiddar Framleiðsluráði nú fyrir áramót samkv. þessari samþykkt.

Á sama fundi var, eins og ég sagði áðan, tekin ákvörðun um geymslu- og vaxtakostnaðinn, og ég vil líka spyrja að því, hvort þær greiðslur verði ekki inntar af hendi á sama hátt og gert var af fyrrv. fjmrh., Tómasi Árnasyni.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Hæstv. forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt er verðlagsár vegna framleiðslu búvöru annað en fjárhagsár ríkissjóðs og sú tilhögun hefur ávallt verið höfð, að í fjárl. eru áætlaðar útflutningsbætur vegna verðlagsárs frá 1. sept. næsta ár á undan og til sama tíma á fjárhagsári ríkissjóðs. Samkv. nýjustu áætlun Hagstofu Íslands nemur leyfilegt hámark verðábyrgðar ríkissjóðs vegna útflutnings landbúnaðarafurða á verðlagsárinu 1978—1979 alls 5 621 803 300

kr. Til greiðslu á þessari verðábyrgð voru samþykktar í fjárl. 5337 millj. kr. og hefur öll sú fjárhæð verið greidd. Þar að auki hefur verið greidd aukafjárveiting sem fyrrv. ríkisstj. samþykkti, að upphæð 189 millj. kr., en þar af voru 125.2 millj. kr. eftirstöðvar frá verðlagsárinu 1977—1978 og þá upphæð ber því ekki að skoða sem greiðslu vegna framleiðslu verðlagsársins 1978—1979. Þar að auki voru greiddar í lok ársins 1978 fyrir fram upp í útflutningsbætur á árinu 1979 802 millj. kr. Samtals hafa því á þessu ári þegar verið greiddar útflutningsbætur úr ríkissjóði vegna verðlagsársins 1978—1979 að upphæð 6202 millj. kr. eða 581 millj. kr. umfram það 10% hámark sem lög leyfa. Það er því ekki rétt, að á skorti að ríkissjóður hafi greitt löglegar verðábyrgðir vegna útfluttra landbúnaðarafurða, þvert á móti hefur þegar verið greidd úr ríkissjóði 581 millj. kr. umfram það sem lög raunverulega leyfa.

Ég vil aðeins taka það fram í þessu sambandi, að það hefur oft gerst að uppgjör vegna útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir hefur verið dregið fram yfir áramót, þannig að það eru mörg fordæmi fyrir því, að lokagreiðsla á verðábyrgðarfé hafi ekki verið innt af hendi fyrr en eftir áramót á því fjárhagsári sem ábyrgðin átti til að falla á. Núv. ríkisstj. gerði hins vegar þá samþykkt í nóvembermánuði, þegar vantaði enn röskar 380 millj. kr. upp á að hámark verðábyrgðarinnar yrði greitt, að lokið yrði greiðslu á þessu fé fyrir 15. des. s. l., og hefur verið við það staðið, því að eins og ég sagði í máli mínu áðan hefur full verðábyrgð vegna framleiðslu verðlagsársins 1978—1979 þegar verið greidd og raunar 581 millj. kr. fram yfir lögleg mörk í því sambandi.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði einnig að það hefði verið samþ. 28. des. 1978 í fyrrv. ríkisstj., að auk þessara greiðslna, sem ríkissjóði ber lögum samkv. að greiða, skyldi á árinu 1978 og framvegis verða greidd fyrirframgreiðsla á útflutningsbótum vegna framleiðslu næsta verðlagsárs, þ. e. að til ættu að falla fyrir árslok 1979 í þessu tilviki útflutningsbætur vegna framleiðslu fjögurra fyrstu mánaða verðlagsársins 1979—1980, þannig að við þá fjárhæð, sem ég hef hér nefnt að ríkissjóður hefur greitt og rúmlega það, ætti að bætast á þessu ári fyrirframgreiðsla vegna framleiðslu verðlagsársins 1979—1980, fjóra fyrstu mánuðina.

Hinn 28. des. 1978 var svofelld bókun gerð á fundi ríkisstj., með leyfi hæstv. forseta:

„Landbrh. lagði fram till. um fyrirkomulag á greiðslum vegna landbúnaðarafurða, dags. 28. des. 1978, ásamt drögum um fyrsta áfanga nál. um afurða- og rekstrarlán í landbúnaði. Engin aths. var gerð, og mun landbrh. vinna að framgangi málsins í samráði við fjmrh. og Seðlabanka Íslands."

Það er ekki bókað þessi till. hafi verið samþ., heldur að ríkisstj. hafi enga aths. við hana gert og að landbrh. muni vinna að framgangi málsins í samráði við fjmrh. Menn geta svo að sjálfsögðu haft sína skoðun á því, hvort þetta telst vera samþykki ríkisstj. eða ekki. En látum það liggja milli hluta vegna orðalags till. sem upp var borin. Hún hljóðar svo, 1. tölul. hennar:

„Fullgildir verðábyrgðarreikningar til ríkissjóðs vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum verði greiddir mánaðarlega óháð verðlagsári landbúnaðarafurða, þótt heildarupphæð sé gerð upp í lok hvers verðlagsárs." Þetta er 1. mgr. 1. tölul. — 2. mgr. 1. tölul. hljóðar svo: „Samkv. því verði á fjárl. gert ráð fyrir upphæð til greiðslu útflutningsbóta vegna útflutnings á síðustu átta mánuðum fyrra verðlagsárs og fjórum fyrstu mánuðum nýs verðlagsárs."

Það eru sem sé í þessari till. öll tvímæli tekin af um það, að til þess að 1. mgr. till. verði framkvæmd verði á fjárl. að gera ráð fyrir upphæð til greiðslu útflutningsbóta vegna hennar. 2. mgr. 1. tölul. tekur þannig af öll tvímæli um að til þess að hún verði framkvæmd verði að vera búið að ákvarða til þess fé á fjárl., þannig að menn þurfi ekki að deila um hvort þarna hafi verið gerð samþykkt í ríkisstj. eða ekki, því að þó samþykktin hafi verið gerð liggur þetta ljóst fyrir. Það liggur líka ljóst fyrir að ekkert viðbótarfé var veitt til þessarar samþykktar á árinu 1979, og ég fæ ekki heldur séð að hún hafi verið höfð í huga við samningu fjárlagafrv. þess sem lagt var fram í októbermánuði s. l., þannig að hvorki fjárlög yfirstandandi árs né fjárlagafrv., sem lagt var fram í októbermánuði s. l., gerðu ráð fyrir að við 1. mgr. 1. gr. till. væri staðið. Það er því samdóma álit núv. ríkisstj. og fjmrn., að ekki sé heimild fyrir þessum greiðslum, það skorti heimild til þess að greiða megi úr ríkissjóði útflutningsuppbætur vegna framleiðslu verðlagsársins 1979—1980, eins og um hefur verið rætt. Og að sjálfsögðu greiði ég ekki fé úr ríkissjóði í heimildarleysi.

Þá er spurt í þriðja lagi um niðurgreiðslur, en til niðurgreiðslna á vöruverði voru leyfðar í fjárl. alls 18 903 millj. kr. Samþykktar aukafjárveitingar hafa numið 300 millj. kr., þannig að samþykktir og heimildir liggja fyrir um greiðslu 19 milljarða 203 millj. kr. í niðurgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1979. Hins vegar hafa verið greiddir 20 milljarðar 924 millj. í þessu skyni eða 1721 millj. umfram það sem fjárlög og samþykktar aukafjárveitingaheimildir leyfa. Ljóst var að sá dráttur, sem varð á að samræma niðurgreiðslureglur fjárlagaforsendum, mundi hafa í för með sér auknar niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Áætlað var að um það bil 1400 millj. kr. mundu bætast við af þessum sökum. Nú þegar hafa verið greiddar 1721 millj. kr. í þessu skyni í stað þeirra 1400 millj. kr. sem áætlaðar voru, eins og ég sagði áðan, og nú fyrir örfáum dögum voru lagðir fram í fjmrn. reikningar fyrir öðrum 1700 millj. kr. til viðbótar, þannig að með því yrði farið langt fram yfir leyfileg mörk, eins og Alþ. hefur afgreitt þau, til niðurgreiðslna á árinu 1979. Það er því ljóst, að fé fyrir síðast nefnda reikningnum er ekki til í ríkissjóði, það er ekki heimild til þess að greiða hann og sá reikningur verður því ekki greiddur fyrr en eftir áramót.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð um það sem hér er nú til umr. Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að halda því fram, að í æðimörg ár, eða eins mörg og ég gat skoðað þegar ég gegndi embætti landbrh., hafa útflutningsbætur fyrir liðið framleiðsluár landbúnaðarins verið gerðar upp fyrir áramót. Ef ég man rétt er aðeins um að ræða eitt ár — ég hygg árið 1975 frekar en 1976 — þar sem þessar útflutningsbætur voru gerðar upp með víxli sem féll strax eftir áramótin. Ég hygg því, að það sé misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að svo hafi ekki áður verið gert. Staðreyndin er vitanlega sú, að á fjárl. hefur aldrei, svo lengi sem ég þekki til, verið nægilegt fjármagn til að standa við lögboðna skyldu samkv. framleiðsluráðslögunum að greiða 10% útflutningsbætur, og öll árin hefur því orðið að fara fram úr fjárveitingu með tilvísun til þessarar lögboðnu skyldu.

Út af fyrir sig skiptir ekki máli, hvort um er að ræða liðið framleiðsluár landbúnaðarins eða nýhafið framleiðsluár landbúnaðarins.

Það er því miður svo, að fjárhagsár ríkisins eða almanaksárið fer ekki saman við framleiðsluár landbúnaðarins. Þetta hefur ár eftir ár valdið miklum vandræðum, því að upp hafa safnast skuldir við útflytjendur vegna þeirra fjögurra mánaða sem af framleiðsluári landbúnaðarins líða áður en ný fjárlög eru samþ. Þetta veldur m. a. því að greiðslur úr ríkissjóði verða mjög miklar á nýju ári, og við höfum verið að tala um að við þurfum að jafna sveiflur í greiðslum ríkissjóðs. Það er mikill halli á greiðslum ríkissjóðs í upphafi ársins. Því voru allir menn sammála um það, þegar þessi mál voru rædd, að það væri bæði frá sjónarmiði ríkissjóðs og sjónarmiði framleiðenda og útflytjenda ákaflega mikilvægt að þessar greiðslur yrðu jafnari yfir árið. Það var með tilliti til þessa hvors tveggja sem ég lagði fram þær till. sem hér voru nefndar áðan og eru reyndar í fleiri liðum. Þar er einnig samþykkt í öðrum lið að greiða áfallinn kostnað við vaxta- og geymslukostnað mánaðarlega, en geyma það ekki fram eftir ári eins og oft hafði tíðkast.

Strax eftir samþykkt þessara till. 28. des. hófst framkvæmd þeirra í anda þessarar samþykktar. Þá var þegar greitt úr ríkissjóði verulega áfallinn útflutningsbótakostnaður, og síðan var allan tímann greiddur jafnt og þétt vaxta- og geymslukostnaður eins og þar er gert ráð fyrir. Fjárlög ársins í ár taka ekki fram út af fyrir sig að þessi fjárhæð til útflutningsbóta sé vegna ákveðins verðlagsárs. Hún er vegna útflutningsbóta, og þar vantar á alveg ljóslega til þess að standa við þessa samþykkt, og því ekki um annað að ræða, ef ríkissjóður vill standa við lögbundna skyldu, en að greiða það með lántöku.

Ég vil jafnframt upplýsa það, að í þessu sambandi fóru fram viðræður við Seðlabankann um þetta mál. Mönnum er að sjálfsögðu ljóst að verulegur hluti af því fé, sem þarna er um að ræða í útflutningsbætur, rennur til baka inn í Seðlabankann því að hann hefur veitt þessi afurðalán. Því töldu seðlabankastjórar ekki mikið mál að veita ríkissjóði yfirdrátt til greiðslu á útflutningsbótum þegar þetta kemur aftur inn í bankann, eins og ég var að segja. Þetta mál hygg ég því að sé miklu auðleystara en menn láta hér liggja að.

Ég vil jafnframt að lokum taka fram að ríkissjóður má ekki horfa fram hjá þeim stórkostlega vanda sem hann veldur í atvinnulífinu með því að draga slíka greiðslu, með öllum þeim vanskilum sem þá hrúgast upp lið af lið í gegnum þetta kerfi. Ég hygg að sá skaði sé miklu meiri en hinn, að staða ríkissjóðs við Seðlabankann kunni að líta eitthvað betur út við einhver ákveðin tímamörk í almanakinu. Menn verða að horfa fram hjá því og skoða staðreyndirnar. Ég verð því að segja, að ég harma mjög að ekki hefur verið fylgt þessari samþykkt sem gerð var 28. des. í fyrra. Menn segja að þar séu engar aths. gerðar, en mín reynsla í ríkisstj., þó stutt væri, var sú, að þegar ekki voru gerðar aths. við till. voru þær ekki bornar upp til samþykktar og litið á það sem samþykkt á till., og ég hygg að mikill meiri hluti af samþykktum þeirra ríkisstj., sem ég átti sæti í, væru ekki samþykktir ef svo væri litið á málið sem kom fram áðan hjá hæstv. fjmrh. — Ég vil sem sagt ljúka máli mínu með því að lýsa furðu minni á að þessi ákveðna viljayfirlýsing fyrrv. ríkisstj. hefur ekki verið framkvæmd.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. er ekki í salnum. (**Forseti:** Hann kemur eftir augnablik.) Ég hefði talið viðeigandi að hann væri hér inni undir þessum umr.

Ég verð að segja það, að ég harma mjög svör hæstv. fjmrh. Þessi greiðsluskil eru einsdæmi í sambandi við niðurgreiðslur á vöruverði og sennilega líka einsdæmi í sambandi við útflutningsbótagreiðslur. Ég man ekki betur en hæstv. fjmrh. væri að stæra sig af því hér á Alþ., hvað greiðslustaða ríkissjóðs við Seðlabankann væri góð. Það er auðvitað hægt að sýna góða greiðslustöðu með því að inna ekki þær greiðslur af hendi sem ríkissjóður á að greiða og er skuldbundinn til að gera, eins og í þessu tilviki, það er ekki hægt að flokka þetta undir annað en greiðslusvik. Ráðh. ber því við, að það séu ekki greiðsluheimildir fyrir þessu, og það er eins og það hafi komið fjmrh. á óvart, að það kæmi reikningur fyrir nóvembermánuð. Gerði hæstv. ríkisstj. eða fjmrn. sér ekki grein fyrir því, að seldar hefðu verið einhverjar vörur í nóvembermánuði eins og aðra mánuði ársins? Þetta er furðulegt.

Ég vil nú skora á hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. að endurskoða afstöðu sína til þessa máls, eins og ástatt er í þessum málum. Ef fjmrh. hefur talið að hér skorti greiðsluheimildir, hvers vegna fór hann þá ekki fram á það við hv. Alþ. að fá slíka heimild? Ég vil ekki trúa því, að hann hefði ekki fengið hana. Ég sé að ábyrgðarmaður hæstv. ríkisstj., formaður Sjálfstfl., er hér í salnum og ég trúi því ekki, að hann mundi ekki hafa skrifað upp á það eins og aðrir. (**GeirH:** Vegna hvers gekk fráfarandi ríkisstj. ekki betur frá þessu máli?) Það var gengið alveg frá þessum málum, það er ekki það sem er um að ræða. (**Gripið fram í:** Heldur hvað?) Ég harma svör ráðh. og ég vil endurtaka áskorun mína, að þingi sé ekki frestað óðruvísi en að gengið sé frá þessum málum, því að hér er um að ræða alger vandræði hjá fjöldamörgum fyrirtækjum, og það hefur líka áhrif á greiðslustöðu einstaklinga ef þau lenda í vanskilum fyrir þessi áramót. Og eins og ég sagði áðan, ríkið gengur hart eftir því, að menn borgi dráttarvexti af þessum greiðslum, og það er ekki að mínu mati sæmandi að ganga ekki frá þessum málum á annan hátt en hér hefur verið upplýst.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að mér er það alveg ljóst, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði áðan, að það eru erfiðleikar hjá bæði einstaklingum og fyrirtækjum. En spurningin er, hvað eru lögboðnar greiðslur í þessu sambandi og hvað ekki? Ég tel að ríkisstj. verði í þessu sambandi að taka mið af því, hvaða greiðslur hún hefur heimild til að greiða og á að greiða samkv. lögum og hverjar ekki. Eftir því sem starfsmenn fjmrn. upplýsa mig um hefur þegar verið lokið við að greiða allar þær greiðslur sem heimildir eru til að greiða og lög bjóða að greiddar skuli. Ef það kemur í ljós að eitthvað er ofsagt í þeim fræðum, þá mun ég að sjálfsögðu sjá til þess, að við lögboðnar greiðslur verði staðið. Það fé, sem okkur hv. þm. greinir á um, segir fjmrn. — og ég er sammála því þangað til ég fæ betri upplýsingar — að séu ekki lögboðnar greiðslur, heldur greiðslur umfram lögboðnar heimildir. Ég hef ekki lögbókina hjá mér, en mig minnir að segi í lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, að verðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra landbúnaðarafurða skuli nema allt að

10% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar á viðkomandi verðlagsári. Þetta hefur ávallt verið framkvæmt þannig, eins og ég lýsti áðan, að gerð hefur verið áætlun um það í upphafi árs, hversu mikið heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar mundi verða og síðan áætluð í fjárlagaafgreiðslu 10% af þeirri upphæð, og sú áætlun hefur verið notuð til þess að styðjast við. Þessi áætlun um heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar hefur síðan verið endurskoðuð og verðábyrgðin þá leiðrétt.

Eins og ég sagði áðan nemur síðasta endurskoðun Hagstofunnar á samanlögðu heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarins á því verðlagsári, sem lögin segja fyrir um að verðábyrgð ríkissjóðs skuli greidd á, alls 5337 millj. kr. Og samkv. upplýsingum fjmrn. hefur sú upphæð þegar verið greidd úr ríkissjóði og rúmlega það. Það hefur hins vegar gerst oft áður, samkv. upplýsingum þessara sömu embættismanna, að endanlegt uppgjör á slíkri ábyrgð hafi ekki farið fram fyrr en eftir áramót. En slíkt uppgjör, slík endanleg greiðsla hefur nú þegar farið fram samkv. þeim upplýsingum sem mér voru gefnar. Sé það rangt, sé eitthvað eftir af þeirri greiðslu sem lögboðið er að ríkissjóður skuli greiða í þessu sambandi, þá verður það auðvitað greitt fyrir áramót, þannig að hvorki embættismenn fjmrn. né ég hafa gert neina tilraun til þess að stöðva eða tefja þær greiðslur sem ríkissjóður á að borga samkv. lögum í þessu sambandi. Hins vegar gerðist það í fyrra í fyrsta skipti, að á því ári var ákveðið að standa að greiðslum umfram þetta, að taka raunverulega upp flýtigreiðslu á útflutningsuppbótum, þ. e. að greiða útflutningsuppbætur af framleiðslu fyrstu fjögurra mánaða verðlagsársins, sem ekki áttu að falla í gjalddaga og ekki var lögboðið að greiða fyrr en eftir áramót. Þarna er um að ræða flýtigreiðslu á útflutningsbótum vegna landbúnaðarafurða.

Sú till., sem hæstv. þáv. landbrh. flutti 28. des. 1978, var um það, að þessi háttur yrði upp tekinn. Það finnst ekkert í bókun ríkisstj. um að þessi till. hafi verið samþ. Það stendur aðeins að engin aths. hafi verið gerð og að landbrh. muni vinna að framgangi málsins í samráði við fjmrh. En við skulum ekki deila um það, hvort þetta er samþykki eða ekki. Meginatriði málsins er það, að í sjálfri till. — sem við getum skoðað sem samþykkta — stendur að samkv. þessu verði sérstaklega gert ráð fyrir því við fjárlagagerð, að fé sé fyrir hendi til þess að greiða megi þessa flýtigreiðslu sem er umfram það sem verðábyrgð í lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins segir. Það er alveg ljóst, að fyrir því var ekki gert ráð við fjárlagaafgreiðslu á síðasta Alþ. né heldur var því spáð í fjárlagafrv., sem lagt var fram á Alþ. í okt., að þetta ætti að gera vegna framleiðslu næsta árs. Í yfirstandandi fjárl. og einnig í því fjárlagafrv. var aðeins miðað við að greiða útflutningsbætur vegna framleiðslu viðkomandi verðlagsárs og ekkert fram yfir það, þannig að eigi þessi samþykkt, sem menn ræða um frá 28. des., að gilda, þá yrði samkv. henni að gera ráð fyrir því í fjárl. að svo færi. Það hefur hins vegar ekki verið gert og það er talið afdráttarlaust taka af öll tvímæli um það, að mögulegt sé að veita þetta fé úr ríkissjóði án samþykkis Alþingis, þannig að enn held ég að það sé alveg ljóst, að allar þær greiðslur, sem lögboðnar eru vegna verðábyrgðar á útflutningi landbúnaðarafurða á þessu ári, hafi verið greiddar og rúmlega það. En ég tek það aftur fram, að ef það reynist ekki rétt, ég þarf að skoða málið nánar en mér hefur gefist tími til, mun ég að sjálfsögðu láta greiða það sem á vantar, vegna þess að við höfum ekki í fjmrn. neitað að greiða lögboðin framlög og á slíkum greiðslum hefur ekki staðið. En við höfum hins vegar verið mjög aðhaldssamir um útgjöld úr ríkissjóði sem ekki eru lagalegar heimildir fyrir.

Í öðru lagi er löngu búið að ljúka þeim skilum á niðurgreiðslum, sem Alþ. samþykkti við fjárlagaafgreiðslu á s. l. vetri, svo og öllum þeim greiðslum á aukafjárveitingum, sem fyrrv. ríkisstj. hefur samþykkt. Samanlögð fjárhæð aukafjárveitinga og heimilda Alþingis til niðurgreiðslna nemur 19.2 milljörðum kr. Þegar hafa verið greiddir 20.9 milljarðar kr. eða allveruleg fjárhæð fram yfir það sem nemur heimild Alþingis í fjárl. og samþykktum aukafjárveitingum af hálfu ríkisstj. Til viðbótar hafa hins vegar verið lagðir fram reikningar nú fyrir nokkrum dögum upp á 1700 millj. kr. Það er 1700 millj. kr. meira en þegar hefur verið greitt, sem er 1400 millj. kr. meira en nemur heimildum, sem Alþ. hefur veitt, og heimildum, sem samþykktar hafa verið af ríkisstj. Ég tel að mig skorti heimild til þess að greiða slíkt fé úr ríkissjóði, enda ekki lögbundið. Ég tel að mig skorti heimild til þess að greiða það fé nema til komi annað af tvennu: að Alþ. samþykki slíka heimild ellegar þá að ríkisstj. samþykki slíka aukafjárveitingu.

Hitt er aftur á móti alveg ljóst, að þegar mönnum er úthlutað ákveðinni fjárhæð á fjárl., sem ekki er bundin við einhverja tiltekna prósentutölu, ekki lögbundið framlag, þá verða menn auðvitað að miða sínar athafnir við að þeir fái þetta fé til ráðstöfunar sem Alþ. ákvarðar, en ekki einhverja aðra miklu hærri upphæð. Ég tel því að bæði fyrrv. og núv. ríkisstj. hafi allríflega gert með því að taka á sig ábyrgð á því að fara 1800 millj. kr. samtals fram úr fjárl., fram úr þeim heimildum sem Alþ. veitir ríkisstj. til fjárframlaga í fjárl. Ég tel að það liggi alveg ljóst fyrir, og ég tel það mjög varhugavert á þessum verðbólgutímum, þegar menn eru að reyna með öllum ráðum að hamla gegn stórfelldum hallarekstri á ríkissjóði, sem hlýtur að hafa í för með sér stórhækkaða skattbyrði á allan almenning í landinu, — þá tel ég mjög varhugavert af stjórnvöldum að fara í greiðslum úr ríkissjóði mörgum milljörðum fram yfir það sem Alþ. heimilar, ekki síst þegar um er að ræða framlög sem ekki eru ákvörðuð af öðrum lögum og er ætlast til af Alþ., þegar fjárlög eru samþykkt, að ríkisstj. standi við og greiði hvorki krónu minna né krónu meira.

Forseti (Alexander Stefánsson): Ég vil ítreka þá ósk, sem ég bar fram í upphafi, að umr. um þetta efni utan dagskrár verði sem allra stystar, og vonast til að þeir, sem eiga eftir að tala, taki tillit til þess.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við ósk forseta um að verða mjög stuttorður, þó að tilefni hafi gefist til, bæði frá hendi ráðh. og fyrirspyrjanda, að tala nokkuð langt mál um þetta.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort eigi að leggja til grundvallar fjárveitingu samkv. fjárl. vegna niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta eða hvort eigi að standa við samþykktir um niðurgreiðslu á einingu, eins og ákveðið var að gera í ríkisstj. og lagt er til grundvallar fjárlagafrv.

Í fjárlagafrv., sem Tómas Árnason lagði fram fyrir kosningar, fylgir sundurliðuð áætlun um niðurgreiðslur á

vöruverði. M. a. er áætlað að sölumagn dilkakjöts 8900 tonn og niðurgreiðsla á einingu miðað við júlí er 669 kr. Ársútgjöld vegna niðurgreiðslu á dilkakjöti eru áætluð 5820 millj. Ber þá að líta svo á, að þegar búið er að selja 8900 tonn af dilkakjöti sé niðurgreiðslum hætt samkv. þessum skilningi núv. hæstv. fjmrh.? Þetta er þá alveg nýr skilningur. Hér er farið eftir þeim niðurgreiðslum á einingu sem ákveðnar eru við gerð fjárl. eða af ríkjandi ríkisstj., og við það verður auðvitað að standa. Annars er komið í bakið á þessari atvinnugrein og þeim sem hér hafa hagsmuna að gæta.

Í fjárlagafrv. núv. fjmrh. eru niðurgreiðslur lækkaðar frá frv. fyrrv. fjmrh. sem nemur 2020 millj. eða úr 23 000 millj. í 20 980 millj. og skýringin, sem gefin er á því í fjárlagafrv., er að fyrirhugaðar hækkanir niðurgreiðslna á árinu 1980 eru felldar niður. Í þeirri miklu verðbólgu, sem hér er, eru þessar niðurgreiðslur felldar niður. Nú er ég ekki að gagnrýna það, að niðurgreiðslur séu lækkaðar. Ég hef talið að að mörgu leyti hafi verið gengið allt of langt í þeim efnum. En ég tel að á meðan niðurgreiðslur eru í gildi og þær eru ákveðnar á einingu beri ríkissjóði að standa við þær, en ekki sé hægt að segja, þegar komið er í ákveðið magn: Hingað og ekki lengra, nú stoppum við.

Út af því, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði — og beindi þá orðum sínum til formanns Sjálfstfl., hann væri ábyrgðarmaður þessarar ríkisstj. — vil ég nú leyfa mér fyrir hönd Sjálfstfl. alls að lýsa því yfir, að Sjálfstfl. ber enga ábyrgð á þessari ríkisstj., veitir henni ekki hlutleysi og því síður stuðning. Ábyrgðarmaður þessarar ríkisstj. er forseti Íslands. Hún situr á hans ábyrgð, og það hélt ég að jafnkunnugur maður þingmálum og hv. 2. þm. Norðurl. e. vissi. Hins vegar eru gælur miklar á milli þess flokks, sem nú situr í ríkisstj., og flokks hv. þm., því það hefur ekki verið hægt að koma hnífnum þar á milli síðustu vikurnar eins og allir vita. Formaður Framsfl. hefur verið sitt á hvað til vinstri eða hægri við þessa kratahlið undanfarnar vikur, og hágrátandi kom hann fram í hádegissjónvarpi í dag, þar sem hann telur að það séu blikur á lofti að þetta kærleiksheimili geti haldið áfram. (**Gripið fram í:** Hver grætur næst?)

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég ætla ekki í þeim fáu orðum, sem ég segi hér við þessa umr., að blanda mér í deilur stuðningsmanna ríkisstj. sem sprakk í haust. Ég held þeir þurfi að gera upp sín mál um það, hvernig þeir hafa gengið frá málum til fjárlagaafgreiðslu og til afgreiðslu og útborgunar fyrir fjmrh. Ég ætla ekki að blanda mér í það.

Hitt er vitanlegt öllum, sem hafa litið til landbúnaðarins á þessu ári, að þar eru erfiðleikar fyrir dyrum hjá fjölda bænda og það svo, að Framleiðsluráð hefur orðið að leggja þann skatt á bændur að þeir fái ekki borgað fyrir framleiðslu s. l. árs svo að nemur milljörðum kr. Það hefur þegar verið innheimt, eins og kunnugt er. Ég er ekki að áfellast Framleiðsluráð fyrir þetta, þetta var þess eina vörn, fyrst og fremst vegna þess að ég tel og get fært á það sönnur að fyrrv. ríkisstj. vann slælega að þessum málum fyrir landbúnaðinn og því er komið sem komið er.

Ég segi, að það hafi verið unnið slælega að þessum málum, og styð það þeim rökum að á s. l. sumri, mig minnir að það væri 5. júní, skipaði fyrrv. landbrh. nefnd sem var skipuð fulltrúum frá öllum þingflokkunum og frá Stéttarsambandi bænda og frá Búnaðarfélagi Íslands. Hún átti að gera till. um hvernig komið yrði til móts við bændur í þeim erfiðleikum, sem stöfuðu frá vöntun útflutningsbóta, og erfiðleikum með sölu búvörunnar. Meiri hl. þessarar nefndar, sem í voru fulltrúar þriggja flokka, Framsfl., Sjálfstfl. og Alþb., komst að þeirri niðurstöðu, að hún lagði til að ríkisstj. legði fram fé til að bæta bændum það tjón, sem þeir hefðu orðið fyrir, að upphæð 3 milljarðar kr. Þessum till. skilaði meiri hl. nefndarinnar til ríkisstj. eða til landbrh. 28. júlí í sumar. En það merkilega gerðist, að ég veit ekki til að þetta nál. og þessar till. nefndarinnar hafi neins staðar verið lagðar fram til þess að koma þeim áfram. Ég veit með fullri vissu að þær voru ekki lagðar fyrir aðalfund Stéttarsambands bænda, því að hann sat ég og veit það þess vegna. Bændur gerðu því enga samþykkt um þessar till. sem nefndin hafði gert. Ég veit ekki til að landbrh. hafi heldur lagt þessar till. fram í ríkisstj., og tel ég það ámælisvert. Ég tel að það, að ekki var farið að þessum tillögum, hafi leitt til þess öngþveitis í fjármálum hjá mörgum bóndanum, sem nú er kunnugt um, og það hafi orðið til þess að magna það öngþveiti.

Vegna tilmæla forseta mun ég ekki lengja mál mitt að þessu sinni, en ástæða væri til þess við annað og betra tækifæri að kafa betur ofan í þessi mál.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég verð auðvitað við tilmælum forseta um að segja aðeins örfá orð.

Í fyrsta lagi vil ég segja það út af því sem hv. þm. Steinþór Gestsson sagði áðan, að landbrh. gat um þetta í sinni ræðu á Stéttarsambandsfundi bænda, formaðurinn einnig, og ég gaf þar þá yfirlýsingu, að ef það hefðist ekki fram í ríkisstj. að semja um að útvega fjármagn til að endurgreiða bændum verðjöfnunargjaldið, þá yrði frv. lagt fram í byrjun þingsins. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þetta mál hér, vegna þess að ég má aðeins segja hér örfá orð.

Út af ummælum hæstv. fjmrh. vil ég benda á það, að hann upplýsti hér áðan að hann hefði án heimildar greitt 1700 millj. í niðurgreiðslur. Hví getur hann ekki borgað annað eins og hann hefur getað greitt þetta? Ég vil bara spyrja ráðh. Ég held nefnilega að hann hafi verið skyldugur til að borga hvort tveggja, og ég vil taka undir það sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði í því efni, get stytt mál mitt, bara vitnað í ummæli hans að því leyti til. Hins vegar ætla ég að ræða um það á næsta ári, hver ber ábyrgð á þeirri ríkisstj. sem nú situr og hvernig hún er tilkomin.

Ég vil svo taka það enn fram og skora á hæstv. ríkisstj. að sjá um það, að vinnslustöðvarnar fái þessar greiðslur í hendur nú fyrir áramót. Þær hafa allar gert ráðstafanir samkv. því að þær fái þetta. Ef það gerist ekki verða þær í vanskilum við ríkissjóð, við sína viðskiptabanka o. s. frv. Ég held að þessar umr. hafi hlotið að opna augu ríkisstj. fyrir því, að ef niðurgreiðslurnar verða ekki inntar af hendi séu það ekkert annað en greiðslusvik blátt áfram. Og það er mjög illt ef ríkið gengur þannig á undan, og það er erfitt a. m. k. að rukka sömu aðila um gjöld og jafnvel söluskatt, en halda fyrir þeim fjármagninu sem ríkið hefur lofað að inna af hendi fyrir þá.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér þykir leitt að þurfa að tefja fundinn með aths., en hún skal vera mjög stutt.

Ég verð að lýsa furðu minni á því sem kom fram hjá 2. þm. Suðurl. áðan. Ég veit að hann talar þar þvert um hug sinn, því að hann veit betur. Ég veit að honum er kunnugt

um að í þeirri nefnd, sem hann sat í, var ekki samkomulag um hvernig ætti að mæta vanda bænda. (**SteinG:** Það var meiri hl.) Það var meiri hl., en fulltrúi eins stjórnarflokksins lagðist þar gegn. Ég vil upplýsa hv. þm. um að tillögum nefndarinnar var samstundis dreift innan ríkisstj. Hins vegar var ekki samkomulag um málið innan ríkisstj. og ekki því unnt að leggja fram tillögur um þessa fjáröflun sem ríkisstj.-mál. Ég vek athygli á að þetta mál hefur þegar komið fram á Alþ. og það reyndar tvisvar, bæði á stutta þinginu í haust og aftur nú, og ég geri fastlega ráð fyrir að innan Alþ. sé meiri hl. fyrir því. Ég tel einungis spilla fyrir framgangi þessa mikilvæga máls þegar svona málflutningur og dylgjur eru hafðar hér í frammi.

Ég vil einnig segja við hv. þm., að hann getur litið sér nær ef hann vill leita að erfiðleikum bænda, t. d. til þess dags þegar meiri hl. þm. gekk út.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mikið, en ég tel rétt að segja örfá orð vegna þess sem hér hefur fram komið.

Mér sýnist að í sambandi við þær greiðslur, sem hér eru til umr., sé fyrst og fremst spurning um vilja, en ekki spurning um lagaheimildir. Ég vil staðfesta það, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði áðan frá 28. des. 1978 í sambandi við gerðir ríkisstj., að sú tiltekna gerð, sem hér var vitnað til og samþ., þar sem tveimur ráðh. var falið að ráða fram úr greiðslum vegna útflutningsuppbóta og niðurgreiðslna sem þá voru umfram heimildir, var að vilja ríkisstj. Þannig var haldið á málum í sambandi við bókanir á gerðum ríkisstj., að ef ekki komu fram aths. var á það litið sem samþykki. Ég get staðfest að þarna var um ríkisstj.- samþykkt að ræða, og ég tel að hæstv. fjmrh. þyrfti ekki að leita langt til að fá staðfestingu á því hjá eigin flokksmönnum.

Ég tel það vera ábyrgðarhluta hjá hæstv. fjmrh. að ætla nú að fara að taka upp nýja háttu í sambandi við greiðslur til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna niðurgreiðslna, sem ég tel ótvírætt að inna beri af hendi miðað við einingarverð sem samþ. hefur verið og gengið hefur verið út frá. Og ég vil hér bætast í hóp þeirra sem skora á núv. hæstv. ríkisstj. að standa við þessar greiðslur varðandi það verðlagsár sem nú er hafið, bæði vegna niðurgreiðslna og eins vegna útflutningsuppbóta.

Eins og hér hefur komið fram er við margháttaða erfiðleika að etja hjá bændum landsins á þessu ári, og það er ekki rétt að leggja nú til jólahalds með það á samviskunni að breyta fyrirkomulaginu. Ég tel að hæstv. ríkisstj. eigi ekki að bæta þar við og auka á erfiðleika.

Ég held að menn verði að horfa fram hjá strengustu lagakrókum þegar um efni sem þetta er að ræða. Mér sýnist líka að staðfest hafi verið í þessum umr. að hæstv. fjmrh. hafi gert það í ýmsum tilvikum. Ég treysti því, að hann endurskoði þá afstöðu sem hér hefur komið fram af hans hálfu varðandi þetta.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins í dag var frá því greint að komin væri upp sú staða að ekki mundi verða flogið t. d. til Ísafjarðar næstu daga, vegna fjárskorts bæði að því er varðaði kaup á eldsneyti á flugvélar svo og, að mér skildist, vegna fjárskorts til þess að hreinsa flugbrautir þar vestra. Að vísu var sagt í þessari frétt að veðurguðirnir væru nú þannig skapi farnir í dag að þeir leyfðu ekki flug á Ísafjörð, en það hefði engu breytt, vegna fjárskorts mundi ekki verða flogið þangað nú.

Ég tel þetta mikið alvörumál og tel ástæðu til að fá um það upplýsingar hér á Alþ. hvort sú staða er komin upp sem hér var frá skýrt.

Nú er það svo, og ég vænti þess að þm. almennt viti um það, a. m. k. ættu þeir að þekkja það margir hverjir, að t. d. var í síðustu viku ekki flogið til Ísafjarðar í 4 daga vegna óhagstæðs veðurfars. Það kæmi því illa við þennan landshluta ef til viðbótar því kæmi svo stöðvun af manna völdum, vegna þess að ekki hefði verið séð fyrir því að fé væri fyrir hendi til að greiða nauðsynlega aðstöðu vegna flugsins. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvað sé hæft í þeim fregnum sem birtar voru í Ríkisútvarpinu í dag um að flug gæti ekki farið fram með eðlilegum hætti til Ísafjarðar og hugsanlega fleiri staða vegna þess að það vantaði fjármagn til að greiða nauðsynlega þjónustu sem fluginu er samfara.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil nú óska eftir því að hæstv. samgrh. verði inni, því að ég ætlaði að beina fsp. minni til hans. Það getur vel verið að sambandið á milli hv. þm., sem var að tala áðan, og fjmrh. sé orðið svo bágborið að þeir þurfi að tala saman úr ræðustól á Alþingi. Ég veit það ekki, það er þeirra mál, og ég kæri mig kollóttan um það. En ég vil spyrja hæstv. samgrh., sem flugmál heyra undir, hvernig á því standi að slíkar fréttir koma og hvort þær hafi við rök að styðjast. Þó að Ísafjörður sé mér kærari en flestir eða allir aðrir staðir, af eðlilegum ástæðum, held ég að það væri alveg sama hvaða staður það væri á landinu, ef fréttir bærust um að þangað væri ekki hægt að fljúga vegna þess að ekki væri hægt að halda gangandi þeim tækjum sem þarf til að halda flugvöllum opnum og annast þjónustu við flugvélar. Við vitum sennilega öll að kerfið er ómanneskjulegt í alla staði. En þó að einhver málaflokkur eða tiltekinn hluti málaflokks fari fram úr þeim áætlunum sem fjmrn. setur getur slíkt ekki gengið út yfir þessa starfsemi, það verður samgrn. eða hvert rn. um sig að sjá um og hafa um samvinnu við fjmrn. Vafalaust er það hér á bak við að þessi starfsemi er komin fram úr áætlun, það þarf ég í raun og veru ekki að spyrja um. En hitt er meira atriði og skiptir öllu máli, að slíkt sem þetta komi ekki fram fyrr og því sé kippt í lag. Ég ætlast til þess af hæstv. samgrh. En ef hann nýtur ekki stuðnings fjmrh. við að kippa því í lag treysti ég ríkisstj. í heild, þó að ég hafi afskaplega takmarkaða trú á henni, að leysa þetta mál svo að haldið verði uppi þjónustu á flugvöllum landsins. — Ég vona að það sé ekki svo komið að ekki megi ganga svo langt að skulda í Seðlabankanum um áramótin og því séu samgöngur stöðvaðar í landinu rétt fyrir jólin.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt, eins og við þekkjum allir sem höfum rætt þetta mál a. m. k. til þessa úr þessum ræðustól, að ekki sé flogið frá Reykjavík til Ísafjarðar. Við höfum oft þurft að sæta því, og m. a. er skemmst að minnast kosningabaráttu okkar þremenninganna þar sem við lentum iðulega í slíku. En mér kom á óvart að frétta að ástæðan væri sú, að það skorti fjármuni.

Mér var sagt í morgun, að því hefði verið lýst yfir af

hálfu Flugfélags Íslands við farþega að ekki væri flugfært til Ísafjarðar vegna veðurs og þó svo flugfært væri mundi ekki vera hægt að fljúga og yrði ekki um neitt flug að ræða fyrir jólin vegna þess að fé vantaði til að hreinsa snjó af flugbrautum og til að hægt væri að viðhafa þann öryggisbúnað sem þarf að viðhafa í sambandi við athugun á lendingarskilyrðum. Þetta kom mér ákaflega á óvart, vegna þess að ég vissi ekki betur en flugmálastjórn ætti allháa fjárveitingu ónotaða frá því sem upphaflega var ráð fyrir gert á fjárlögum og engar óskir höfðu borist fjmrn. um aukafjárveitingar til eins eða neins í sambandi við þessa hluti. Ég spurðist fyrir um það í samgrn., hvort einhver beiðni lægi þar eða það hefði haft einhverjar fréttir af þessu, og svarið var nei. Þeir komu af fjöllum alveg eins og við fjmrn.

Athuganir, sem við höfum gert á þessu máli, virðast benda til þess að þarna sé um að ræða stirðleika hjá flugmálastjórn. Ástæðan fyrir því, að þessi frétt hefur verið gefin út, mun víst vera sú, að starfsmaður flugmálastjórnar á Ísafirði hefur þurft að nota fjárfestingarfé — fé sem átti að nota til framkvæmda við flugvöllinn — til að kosta rekstur tækjanna sem á flugvellinum eru, og staðan hjá honum mun hafa verið orðin sú í gær eða í dag að hann hafi ekki lengur átt fyrir olíu á þau tæki, sem eiga að ryðja snjó af flugbrautinni, og ekki heldur á þau tæki, sem eiga að prófa bremsuskilyrðin. Ég vil ekkert um það fullyrða hver er ástæðan fyrir samskiptaörðugleikum milli þessa ágæta og valinkunna starfsmanns og flugmálastjórnar, en mér er sagt að svona sé þetta.

Ég vil aðeins láta það koma fram, að hér er ekki um fjárskort að ræða. Flugmálastjórn á mjög verulegt fé ónotað af fjárveitingu sinni, sem ekki hefur verið leitað eftir og flugmálastjórn getur hvenær sem er sótt í fjmrn. og til ríkisféhirðis um leið og hún óskar eftir að fá það fé afhent.

Ég vil enn fremur taka það fram, að engin erindi hafa borist, hvorki fjmrn. né samgrn., um þetta mál. Hvorugt rn. hafði minnstu hugmynd um málið fyrr en fólk frá Ísafirði bar sig upp um þetta tiltekna mál. Fjmrn. og samgrn. munu hafa samvinnu um að leysa það eftir öðrum leiðum ef ekki tekst að leysa það eftir hinum eðlilegu leiðum í gegnum flugmálastjórn. En sem sé, ég vil endilega taka það fram og leggja á það áherslu, að ástæðan fyrir töfum þessum er ekki fjárskortur, ástæðan er ekki sú að samgrn. hafi ekki sinnt beiðni um fjárveitingu eða aukafjáröflun í þessu skyni. Engin slík beiðni hefur borist samgrn. Ástæðan er ekki heldur sú, að fjmrn. hafi tafið greiðslur. Þvert á móti á flugmálastjórn mjög verulegar greiðslur ónotaðar, sem hún getur sótt í fjmrn. Fjárskortur ætti því ekki að þurfa að tefja að hægt sé að halda uppi eðlilegri flugstarfsemi í landinu og ferðum til Ísafjarðar og annarra staða.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 1. þm. Vestf. vil ég segja til viðbótar við það sem hæstv. fjmrh. sagði, að það var ekki fyrr en kl. eitt í dag að samgrn. vissi um þessa erfiðleika. Flugmálastjóri var á fundi hjá mér kl. hálfeitt og hafði ekki hugmynd um þá. Þarna er því um að ræða sambandsleysi. Vitanlega er ég sammála hv. 1. þm. Vestf. um að slíkt megi ekki koma fyrir, hvorki nú né síðar, að flug stöðvist, allra síst má það koma fyrir rétt fyrir jólin. Að öðru leyti vísa ég í það sem hæstv. fjmrh. sagði. Þetta mál fær auðvitað skjóta lausn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fagna því sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. og eru alveg nýjar upplýsingar fyrir mig eftir að hafa verið í flugráði í talsvert langan tíma, að flugmálastjórn eða flugráð hafi aðgang að peningum í ríkissjóði nú og ég þurfi ekki annað en hringja til flugmálastjóra, sem ég var að tala við rétt áðan um önnur mál, og biðja hann í guðanna bænum að flýta sér niður í Arnarhvol og sækja það fé sem hann telur sig þurfa, m. a. til að fullnægja því verkefni sem nú virðist vera óleysanlegt á Ísafirði, en kannske á öðrum stöðum líka. Hingað til hefur gengið svo til, að flugráð hefur fengið minna en helming af því fé sem sérstök nefnd taldi nauðsynlegt til að viðhalda flugsamgöngum, hvað þá það fé sem sú sama nefnd taldi þurfa til að endurbæta, breyta og gera aðgengilegri flugvelli úti á landi.

Ég vil mótmæla því, að hér geti verið um stirðleika starfsmanna flugmálastjórnar á Ísafirði að ræða. Ég geri það með tilliti til þeirra orða sem hafa fallið um starfsmenn flugmálastjórnar á Ísafirði á fundum flugráðs, svo öruggur er ég um að þær upplýsingar geta tæplega verið réttar. Þessir starfsmenn eru ekki hér til að bera af sér það orð að flugvellir lokist vegna stirðleika þeirra, en mér þótti rétt sem flugráðsmanni að taka þetta fram.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að oft hefur hvarflað að okkur, sem í flugráði sitjum, að ríkisvaldið ætlist beinlínis til þess að flugmálin hér á landi verði áfram rekin á þann hátt sem þau voru rekin af brautryðjendum. Menn verði sem sagt sjálfir að vinna fyrir ekki neitt það sem þarf að gera, og ef það kostar eitthvert fé verði þeir annaðhvort að leggja út fyrir því sjálfir eða þá að fara í einhvers konar söfnun, kannske happdrætti eins og íþróttafélögin verða að gera. Þannig er ástandið í flugmálum hér.

Ég ætla nú að fara beint úr ræðustól og hringja í flugmálastjóra og segja honum að það hljóti að vera einhver misskilningur að okkur vanti peninga, því að fjmrh. hafi fullyrt fyrir nokkrum mínútum að ekki þurfi annað en fara niður í Arnarhvol og sækja þangað fé sem flugráð á þegar í stað aðgang að. Síðan skal ég óska eftir því að hann komi þeim peningum áleiðis til Ísafjarðar, ef þeir gætu orðið til þess að þm. Vestfjarða kæmust heim um jólin.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Áður en hv. þm. Albert Guðmundsson fer í símann vil ég geta komið upplýsingum á framfæri til hv. þm.

Í fyrsta lagi hefur hann annaðhvort misheyrt eða misskilið, ef hann telur að ég hafi sagt hér að atburðir á Ísafjarðarflugvelli stafi af stirðleika starfsmanns flugmálastjórnar þar. Ég sagði það aldrei. Þvert á móti sagði ég að mér virtist af þeim upplýsingum sem ég hefði fengið, að ástæðan væri einhver stirðleiki í kerfi flugmálastjórnar, vegna þess að þessi ágæti starfsmaður hefur neyðst til að nota fé, sem hann átti að hafa í fjárfestingarframkvæmdir, til þess að greiða rekstrarkostnað, borga með olíu og aðrar slíkar vörur, af þeim sökum að ekki hafi gengið nógu greiðlega að koma til hans því fé sem hann átti og á rétt á að fá til þeirrar starfsemi sem fer fram á flugvellinum. Þetta er að sjálfsögðu ekki starfsmanninum að kenna, þvert á móti, heldur hefur hann reynt að mæta þessum örðugleikum með því eina ráði sem hann á tiltækt, þ. e. a. s. að nota það fé, sem ætlað var til fjárfestingar á flugvellinum, til þess að greiða

rekstrarkostnað. Þetta eru þær upplýsingar sem mér eru gefnar, og hv. þm. Albert Guðmundsson ætti að geta gengið sjálfur úr skugga um það.

Í öðru lagi, hv. þm., áður en þú gengur úr salnum, væri gott að kynna sér það, að í hverjum mánuði eru ríkisstofnunum sendar upplýsingar um stöðu þeirra við ríkissjóð og hvað þær hafa notað af þeim fjárveitingum sem Alþ. hefur samþ. til þeirra. Ég verð að harma ef það getur gerst, að forustumenn ríkisstofnana viti ekki hvernig staða stofnana þeirra er hjá ríkissjóði. Mér finnst það ansi hart ef fjmrn. á að fara að hnippa í menn, sérstaklega forstöðumenn ríkisstofnana, til að segja þeim frá því að þeir séu ekki búnir að nota þá fjárupphæð sem Alþ. hefur ákveðið að heimila þeim m. a. til rekstrar stofnana sinna. Það er ekki verkefni fjmrn. eða ríkisstj. að standa þannig vaktirnar fyrir forstöðumenn ríkisstofnana. Það eina, sem ég upplýsti og vona að hv. alþm. Albert Guðmundsson hafi tekið eftir, og finnst ástæðulaust að hv. þm. hlaupi í símann til þess að ræða við flugmálastjóra áður en hann heyrir þá skýringu mína, er að eins og sakir standa á flugmálastjórn allverulega ónotaða fjárveitingu í ríkissjóði af því fé sem Alþ. áætlaði til flugmálastjórnar á fjárl. Það verður hins vegar að sjálfsögðu að vera viðfangsefni flugmálastjórnar hvað við þetta fé er gert. Það kemur mér mjög spánskt fyrir sjónir ef flugmálastjórn og flugráð veit ekki af þessu, því að slíkar upplýsingar eiga þeir aðilar að fá mánaðarlega frá fjmrn. Hafi þessir aðilar ekki vitneskju um þetta er vonandi við aðra að sakast en fjmrn.

Ég vil sem sé láta það koma fram, að ástæðan fyrir töfum á Ísafjarðarflugi í morgun er ekki fjárþröng flugmálastjórnar. Flugmálastjórn á enn eftir allverulegt fé ónotað af fjárveitingu sinni. Ætli það sé ekki best að hv. þm. spyrji kollega sína í flugráði eða starfsmenn að því? Ætli þeir ættu ekki að vita það manna best? Það er stutt síðan þeir fengu mánaðarlegt uppgjör sitt þannig að þeir ættu að geta vitað það með einföldum samanburði. Þetta hefur ekki heldur gerst vegna þess að fjmrn. hafi neitað greiðslum né heldur vegna þess að samgrn. hafi dregið að senda aukafjárveitingarbeiðni um þessi mál. Það hefur ekki þurft á neinu slíku að halda vegna þess að fé er fyrir hendi í ríkissjóði sem flugmálastjórn á heimtingu á að fá. Ég fullyrði a. m. k. að það fé nægi í mjög langan tíma á mjög margar bifreiðar af því tagi sem hér er um að ræða.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Ég þakka hæstv. fjmrh. og samgrh. líka fyrir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram vegna þessa. Ég lít svo á að hér með sé málið leyst, ef fjármunir eru fyrir hendi og ekkert þarf að gera nema nálgast þá.

En þarna fer eitthvað milli mála. Ég varð á undan hv. þm. Albert Guðmundssyni. Ég talaði við flugmálastjóra áðan, — áður en málið kom hér á dagskrá. Ég varð á undan flugráðsmanninum sjálfum að afla mér upplýsinga. Flugmálastjóri segir að það, sem upp hafi komið vestra, sé vegna fjárskorts, búið sé að nota þær heimildir sem þeir töldu sig hafa. Ég tel að nauðsynlegt sé að þetta komi hér fram og í áframhaldi af því verði upplýst hvað rétt er í málinu, því að ég tel nauðsynlegt í þessu máli sem öðrum að hið rétta sjái dagsins ljós. — En ég vænti þess sem sagt að þetta mál sé hér með úr sögunni í ljósi þeirra upplýsinga sem komið hafa fram.

Aðeins örfá orð að lokum. Ég veit að hv. 1. þm. Vestf. er kærleiksríkur maður á margan hátt og hann ann jafnt sínum flokksbræðrum og systrum mikils kærleika og hinum sem utan þess flokks standa. En aðeins svona undir jólafríið beini ég því til hans að hann eyði öllum áhyggjum sínum, a. m. k. yfir jólahelgina, varðandi það að stirður samgangur sé milli okkar krata eins og málum er háttað í dag. Hann þarf, að ég hygg, á því að halda að beina frekari kærleikskröftum að því að bæta samganginn innan eigin vébanda og herbúða. Hann getur firrt sig því að hafa áhyggjur af okkur hinum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef engar áhyggjur af samgönguerfiðleikum í krataflokknum og engar áhyggjur heldur af því, í hvaða flokki hv. þm. lendir eftir áramótin. Ég geri ekki ráð fyrir að hann muni standa lengi við í sama flokki, því að það er flug sem aldrei bregst.

Ég ætla svo að snúa mér aftur að alvarlegri hlið þessa máls. Ég tel að hér rekist hvað á annars horn. Fjmrh. segir að nógir peningar séu til, flugmálastjóri segir að engir peningar séu til, samgrn. veit ekkert um það, það hefur engin beiðni komið um aukafjárveitingu. En sannleikur málsins er sá, að þarna vantar peninga til að greiða nauðsynlegustu hluti svo að halda megi uppi þjónustu. Það er höfuðatriði málsins að eyða og koma í veg fyrir samgönguerfiðleika innan flugmálastjórnarinnar. Það á ekki við aðra flugvelli. En það er fyrsta skilyrðið að þeim sé rutt úr vegi, að góðar og greiðar samgöngur verði innan flugmálastjórnarinnar og til samgrn. Ég vænti þess, að hæstv. samgrh. kynni sér til hlítar þetta mál, því að svona á ekki að geta komið fyrir, — ég veit að hann er mér alveg sammála um það, — og gefi svo okkur, sem hér spyrjum um þetta, skýrslu um hvernig á þessu stóð og hvað hafi verið í vegi. Læt ég svo útrætt um það.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Fyrir svona stundarfjórðungi var þetta mál við það sama á Ísafirði. Það, sem skiptir máli, er að sjálfsögðu hvernig málið stendur þar, en ekki hvað menn gera sér til skemmtunar hér í þinginu. Ég ætla fjmrh. og samgrh. báða það ábyrga að þeir geri sér grein fyrir því, að ekki er nema um örfáa daga að ræða í þessu sambandi og þetta mál þolir ekki bið til kvölds. Það er með Ísafjarðarflugvöll eins og fleiri flugvelli á þessu landi, að ekki er alltaf hægt að fljúga á þá, jafnvel þó að þeir séu auðir. Hins vegar þykir mér að í þessum ræðustól hafi komið fram það mikið af dylgjum í sambandi við þetta mál, að ekki verði undan því skotist að beina þeim ákveðnu tilmælum til samgrh. að hann gefi skýrslu um hver var hin raunverulega ástæða fyrir því, að ekki var mokað af vellinum, ef hún er ekki sú sem fram hefur komið, þ. e. a. s. fjármagnsskortur.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð því miður að hryggja hæstv. ráðh. með því, að ég hef ekki náð símasambandi við flugmálastjóra. Hann er eflaust að ræða þetta mál. Hann er staddur í skrifstofu Flugleiða. En mér þykir vænt um að hv. 6. landsk. þm. hefur náð sambandi við flugmálastjóra á undan mér og fengið það staðfest, sem ég hélt fram áðan, að það væri skortur á peningum hjá flugmálastjórn. Ég vona að ráðh. trúi flokksbróður sínum betur en mér, þó að hann sé ekki búinn að vera samstarfsmaður hans mjög lengi.

Að sjálfsögðu standa málin illa á Ísafirði og við getum

allir verið vissir um að þetta er ekkert gamanmál og síst af öllu rætt hér sem gamanmál, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Ástandið í flugmálum er mjög alvarlegt um land allt. Þetta er eitt sýnishorn af því, hvað það getur komið sér illa fyrir sveitarfélögin og landshlutana þegar flugvellir lokast vegna skorts á peningum, eins og hér á sér stað að mati flugmálastjórnar.

Ég vil ítreka, til þess að það sé rétt með farið, að ég óska eftir að fá staðfest að flugmálastjóri geti farið til ríkisféhirðis og sótt fé og þá hvað mikið. Hæstv. fjmrh. sagði að það mundi nægja til þess verkefnis, sem lægi fyrir á Ísafirði, og miklu meira, en gat ekki um upphæðina.

Hvað það snertir að ég hafi ekki vitað um þetta mál, þá var ég ekki við útvarp í hádeginu. Mér skilst að þessi frétt hafi fyrst komið fram í hádeginu. Það var ekki vitað um þetta í gær þegar flugráðsfundur var haldinn. Það er nú svo, að þótt ég sé flugráðsmaður veit ég ekki fyrir fram hvenær flugmál koma hér á dagskrá yfirleitt, hvað þá þegar þau skella á utan dagskrár. Hefðum við haft tækifæri til þess að afla okkur upplýsinga og fá þá skriflega skýrslu frá flugmálastjóra um þessi mál hefði ég að sjálfsögðu verið betur búinn í þessum umr.

En flugmálin eru í lamasessi, það vantar fé. Ég bið ykkur um að taka þá meira mark á óskum flugmálastjórnar við gerð fjárlaga nú en þið hafið hingað til gert, hv. alþm.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Hæstv. forseti. Það eru aðeins nokkrar setningar.

Það er ákaflega ákjósanlegt fyrir ríkisstofnanir, sem hafa sértekjur, að þeim sé ljóst hverjar þær tekjur eru. Ég held að það standi öðrum nær en mér að fræða hv. þm. Albert Guðmundsson um það. En ef hann liti á þær tekjur sem flugmálastjórn hefur frá ICAO, Alþjóðaflugmálastofnuninni, og áttaði sig á því, að þær tekjur eru greiddar í erlendum gjaldeyri, spyrðist síðan fyrir um hvað gengisbreytingar á þeim gjaldeyristekjum hefðu haft mikinn tekjuauka fyrir flugmálastjórn í för með sér, væri hann e. t. v. svolítið nær um það hvaða fé flugráð hefur til ráðstöfunar, sem honum virðist ekki vera ljóst. Það er líka ánægjulegt þegar ríkisstofnanir eru svo vel settar að þær gera sér ekki ljóst hversu mikla peninga þær hafa undir höndum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég var að sleppa símanum eftir viðtal við Agnar Kofoed-Hansen. Hann tjáir mér að þeir hafi fengið allt sitt rekstrarfé og allt sitt framkvæmdafé sem um hafi verið að ræða, búið sé að semja við bankastofnanir á Egilsstöðum gagnvart opnun flugvallarins þar, hins vegar sé óvíst með alla aðra flugvelli, vegna þess að þeir hafi verið að safna skuldum að undanförnu. Jafnframt sagði hann að það væri ekkert sambandsleysi innan stofnunarinnar við starfsmenn, hann hefði seinast í gær átt samtal í tengslum við þetta.

Ég vænti þess, að í ljósi þess, sem hér er sagt, verði tekið á þessu máli. Það liggur alveg ljóst fyrir að fjármagnsskortur veldur því að brugðist hefur að halda flugvellinum á Ísafirði opnum.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 16). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 78).

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 4, n. 67 og 71). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um álag á ferðagjaldeyri, 4. mál Ed. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, þ. e. a. s. fulltrúar Framsfl., Alþb. og Alþfl. í hv. n., en minni hl., fulltrúar Sjálfstfl. í hv. þn., leggur til að frv. verði fellt.

Hér er um að ræða 10% álag á ferðagjaldeyri sem lagt var á samkv. lögum um kjaramál, nr. 121/1978, en var tímabundið, náði aðeins til ársloka 1979. Í áætlunum er gert ráð fyrir, að ríkissjóður þurfi á þessum tekjum að halda fyrir næsta ár, og þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. flutt það frv. sem hér liggur fyrir.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 71 erum við hv. 3. þm. Reykv. andvígir þessu frv. eins og öðrum skattaálagningarfrv. fyrri vinstri stjórnar sem núv. hæstv. ríkisstj. er að framlengja.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁG, GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, KP, MHM, ÓÞÞ, PP, SighB, SV, SvG, VG, ÞS, AS.

nei: BÍG, FÞ, FrS, GGÞ, HBl, JÞ, MB, MÁM, ÓE, PS, SteinG, AG.

ÞJ greiddi ekki atkv.

7 þm. (BGr, EH, GeirH, PJ, RA, SkA, StH) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 54). — 3. umr.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Hæstv. forseti. Eins og kunnugt er er stefnt að því að þing komi saman aftur 8. jan., m. a. til þess að ljúka umfjöllun um tvö frv. varðandi skattamál sem fyrir hafa verið lögð í deildum þingsins, frv. um tekjuskatt og frv. varðandi útsvör o. fl. Svo háttar til með þetta mál að því þyrfti að breyta ef samþ. yrði það frv. um tekjustofna sveitarfélaga sem hér er til meðferðar. Ég sé því ekki ástæðu til að afgreiða nú

það mál sem hér er til meðferðar, tel eðlilegast að það yrði athugað jafnhliða því sem gengið yrði til þess verks strax eftir áramótin að fjalla um þau tvö frv. sem ég nefndi áðan. Ég óska því eftir að sú n., sem með málið hefur að gera heilbr.- og trn. þessarar hv. d., búi sig undir að vinna að því fljótlega eftir nýárið að samræma frv., sem hér er til umr., afgreiðslu frv. um tekjustofna sveitarfélaga sem er til meðferðar á hinu háa Alþingi. Ég tel ekki ástæðu til að þetta mál gangi til atkvgr. við 3. umr. fyrir jól.

Umr. frestað.

Neðri deild, 12. fundur.

Föstudaginn 21. des., að loknum 11. fundi.

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 4). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 79).

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, frv. (þskj. 75). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 80).

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Of skammt liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum og varðar sérstakan frádrátt fyrir síldartunnur o. fl.

Núverandi útflutningsgjald er 5% af fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða og það er nær almenn regla. Í eldri lögum um útflutningsgjald, þ. e. a. s. fyrir breytingu á sjóðakerfi sjávarútvegsins 1976, var heimilt að draga frá fob-verðmæti saltsíldar ákveðna fjárhæð vegna umbúðakostnaðar. Var sú heimild t. d. notuð á árinu 1975. Við sjóðakerfisbreytinguna var þessi heimild felld niður, enda var útflutningsgjald þá lækkað verulega og reynt að afnema sem flest sérákvæði og gera regluna almenna.

Síldarsöltun hefur algjöra sérstöðu er varðar umbúðakostnað. Tunnurnar eru fluttar inn og síðan út aftur nokkrum mánuðum seinna og eru þá að meðaltali nær fjórðungur af því verðmæti sem útflutningsgjald er lagt á. Í öðrum greinum fiskvinnslu er umbúðakostnaður innan við 3% af söluverði. — Einnig má nefna að síldarsöltunin keppir að nokkru leyti við frystingu um hráefni og munar þar miklu um umbúðakostnaðinn. Það er að vísu munur sem ræðst af ríkjandi aðferðum við framleiðslu, geymslu og flutning vörunnar, og hlýtur að vera brýnt verkefni að reyna að draga úr þessum kostnaði síldarsöltunarinnar á næstu árum. Hins vegar virðist ekki ástæða til að þessi munur aukist við álagningu útflutningsgjalds.

Kostnaður við hverja tunnu er nú nálægt 9000 kr., en einnig þykir rétt að leyfa frádrátt vegna kostnaðar við sérstök hjálparefni, svo sem krydd og sykur. Verður frádráttur þá alls 10 100 kr. fyrir hverja tunnu. Útflutningsgjald af hverri tunnu lækkar við þetta um 505 kr. og bætir það afkomu síldarsöltunar að sama skapi.

Á s. l. hausti var útlit fyrir að afkoma síldveiða og síldarsöltunar yrði erfið á síldarvertíð í ár og kom það fram í erfiðleikum á verðlagningu síldar innan Verðlagsráðs sjávarútvegsins og yfirnefndar þess. Í viðræðum við aðila í Verðlagsráði bentu fulltrúar síldarsaltenda á hinn mikla umbúðakostnað greinarinnar í samanburði við aðrar fiskvinnslugreinar, eins og ég hef hér rakið, og að óeðlilegt væri að sá munur kæmi einnig fram í álagningu útflutningsgjalds. Voru allir aðilar í Verðlagsráði sammála um þetta.

Nauðsynlegt er að greiða fyrir síldveiðum og síldarsöltun, sem verið hefur vaxandi grein innan sjávarútvegsins frá því að síldveiðar hófust á nýári 1975. Til þess að svo megi áfram verða taldi ég rétt að beita mér fyrir því, að þessi breyting yrði nú gerð til lækkunar á útflutningsgjaldi, og í því skyni er þetta frv. flutt.

Hér er gert ráð fyrir að frádráttur frá fob-verðmæti saltsíldar vegna kostnaðar við umbúðir og sérstök hjálparefni verði heimilaður með ákvæði til bráðabirgða við lög um útflutningsgjald og eingöngu bundin við framleiðslu á síldarvertíð ársins 1979. Með þessu er ekki tekið upp sérákvæði í meginmáli laganna, en tekið tillit til sérstöðu síldarsöltunar að því er varðar umbúðakostnað í ljósi erfiðrar afkomu í ár.

Það má áætla að lækkun útflutningsgjalds nemi alls rúmlega 90 millj. kr.

Ég legg áherslu á að þetta frv. verði afgreitt héðan fyrir jólahlé, vegna þess að síldarsaltendur eru nú að hefja útflutning á afurðum sínum og því eðlilegt að þetta mál verði afgreitt núna í þinginu. Leyfi ég mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 13. fundur.

Föstudaginn 21. des., kl. 4.50 síðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 29, n. 76). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. deildar hefur tekið til athugunar frv. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum og komist að þeirri niðurstöðu að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Neðri deild, 14. fundur.

Föstudaginn 21. des., að loknum 13. fundi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 29). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 81).

Þinghlé.

Forseti (Alexander Stefánsson): Þar sem þetta er síðasti fundur í Nd. fyrir jólaleyfi leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. gott samstarf og sérstakt umburðarlyndi í minn garð sem forseta. Einnig flyt ég skrifurum deildarinnar og 2. varaforseta svo og skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þingsins bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu þessarar deildar. Ég óska hv. alþm. og starfsfólki þingsins gleðilegra jóla og góðs og farsæls komandi árs og ég vona sannarlega að við megum öll hittast heil til starfa á nýju ári.

Ragnar Arnalds: Ég vil fyrir hönd þdm. þakka forseta fyrir hlýleg orð og góðar kveðjur okkur til handa. Kjörinn forseti deildarinnar er fjarstaddur, en 1. varaforseti hefur einkum gegnt störfum í hans stað. Ég vil þakka honum fyrir ágæta fundarstjórn og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla. Ég vænti þess, að við hittumst öll heil á húfi að loknu jólaleyfi, og bið hv. þm. að rísa úr sætum og taka undir orð mín. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Alexander Stefánsson): Ég vil þakka hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og öllum hv. þdm. fyrir að taka undir þær óskir. Ég endurtek: Gleðileg jól. — Fundinum er slitið.

Sameinað þing, 6. fundur.

Föstudaginn 21. des., að loknum deildafundum.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Þinghlé.

Forseti (Jón Helgason): Nú verður gert hlé á fundum Alþingis um sinn. Forsetar hafa ákveðið að þetta fundarhlé verði til 8. jan. n. k., nema nauðsyn beri til að kveðja til funda fyrr.

Ég óska hv. alþm. gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég þakka hæstv. ráðh., alþm. og starfsliði þingsins ánægjulegt samstarf á árinu. Ég óska utanbæjarþingmönnum farsællar heimferðar og góðrar heimkomu og vona að við megum öll hittast heil þegar fundir þingsins hefjast á ný eftir nýárið.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Í nafni alþm. þakka ég hæstv. forseta Sþ. hlý orð og góðar óskir í garð okkar þm. Fyrir hönd okkar þm. þakka ég hæstv. forseta réttláta og góða fundarstjórn og samstarf allt við þm., um leið og ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári. Ég bið þm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hv. 3. þm. Reykn. fyrir hlýjar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. alþm. fyrir að taka undir þær óskir. Ég endurtek svo árnaðaróskir mínar til þingheims. — Fundinum er slitið.

Sameinað þing, 7. fundur.

Þriðjudaginn 8. jan., kl. 2 miðdegis.

Þinghlé.

Forseti (Jón Helgason): Ég leyfi mér að óska hv. alþm. og starfsliði Alþingis gleðilegs árs og þakka því fyrir liðið ár, um leið og ég býð menn velkomna til starfa og vil láta í ljós þá ósk og von, að starf okkar megi verða farsælt á þessu nýbyrjaða ári.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Eftirfarandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 8. jan. 1980.

Formaður þingflokks Framsfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Ólafs Þ. Þórðarsonar, 5. þm. Vestf., sem vegna anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér samkv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sigurgeir Bóasson skrifstofustjóri í Bolungarvík, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram rannsókn kjörbréfs í sameinuðu þingi.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd.“

Ég vil biðja kjörbréfanefnd að athuga kjörbréf Sigurgeirs Bóassonar, þar sem hann hefur ekki tekið sæti á þessu þingi, og gef hlé í 8 mínútur. Fundinum er frestað. — (Fundarhlé.)

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið á fund og kannað kjörbréf Sigurgeirs Bóassonar skrifstofustjóra í Bolungarvík, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, en þess er óskað að hann taki sæti á Alþingi nú í forföllum Ólafs Þ. Þórðarsonar, 5. þm. Vestf., sem getur ekki komið til þings vegna anna heima fyrir.

Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréfið og leggur einróma til að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþykkt með 46 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Sigurgeir Bóasson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Jón Helgason): Sigurgeir Bóasson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Bifreiðakostnaður öryrkja, fsp. (þskj. 37). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um ráðstafanir vegna bifreiðakostnaðar öryrkja. Fsp. er svo hljóðandi:

„Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstj. undirbúið vegna þeirra öryrkja, sem þurfa nauðsynlega á bifreiðum að halda, en hafa nú orðið fyrir sívaxandi rekstrarkostnaði bifreiðanna með hækkandi bensínverði?“

Á undanförnum misserum hefur gengið hér yfir mjög veruleg hækkun á innfluttu eldsneyti af öllu tagi, ákaflega tilfinnanleg og alvarleg fyrir okkar þjóðarbú, sem hefur komið illa við víða og þó alveg sérstaklega, vil ég segja, við þá sem af mjög brýnum ástæðum, félagslegum og atvinnulegum, þurfa á bifreiðum að halda, eins og um er að ræða í tilviki öryrkja.

Í síðustu ríkisstj. var alloft fjallað um þetta mál af vinstri stjórninni, sem svo var nefnd. M. a. var það rætt á fundum hennar í janúar og febrúar á árinu 1979, þegar fyrstu hækkanirnar voru að koma fram á bensíni. Ég beindi þá þeirri ósk til þáv. og núv. hæstv. trmrh., að á þessum málum yrði tekið. Hann tók því ákaflega vel, svo og allir samstarfsráðherrar mínir þá, og í von um að áfram hafi verið unnið að málinu í heilbr.- og trmrn., er fsp. mín fram borin nú.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Við athugun á því máli, sem hér er spurt um, hafa komið í ljós ýmis þau atriði sem krefjast nánari og víðtækari skoðunar en í fyrstu virtist. Ljóst er að heitið öryrki segir ekki allt um hag og efnahagslega stöðu sjúklings, enda njóta öryrkjar í dag mjög mismunandi aðstoðar samfélagsins. Hér skulu nokkur dæmi nefnd:

1. Hjá Tryggingastofnun ríkisins eru öryrkjar flokkaðir í þrjá aðalflokka eftir líkamlegu ástandi þeirra, 75%, 65% og 50% öryrkjar, og fá fjárhagslegar bætur í samræmi við þessa flokkun.

2. Tryggingastofnunin hefur enn fremur skv. gildandi heimildarákvæðum í lögum reynt að styrkja hreyfihamlaða öryrkja fjárhagslega til bílakaupa, og eru nú t. d. 236 slík lán í gangi, mismunandi há eftir mati tryggingaráðs og reglum sem ráðið hefur sett sér um þessi efni.

3. Nokkur hópur öryrkja hefur fengið tolla- og eftirgjöf á bifreiðum á grundvelli læknisvottorða, og hefur slík eftirgjöf gjalda verið á vegum fjmrn. eftir mati sérstakrar nefndar sem úthlutar þessum eftirgjöfum tolla og gjalda.

Sjálfsagt njóta nokkrir umræddra öryrkja fyrirgreiðslu á fleiri en einum stað í framangreindri upptalningu, t. d. tollaeftirgjafar samfara bifreiðakaupaláni. Þá munu vera dæmi um að öryrkjar í föstum störfum njóti einnig styrkja til rekstrar bifreiða. Þegar bornar eru saman bætur þær sem öryrkjar eiga rétt á hjá Tryggingastofnun ríkisins, þ. e. örorkulífeyrir með tekjutryggingu, og ellilífeyrir ellilífeyrisþega, kemst maður ekki hjá því að spyrja sig hvort hækkað bensínverð komi ekki við fleiri bótaþega en öryrkja og hvort ekki þurfi t. d. að athuga stöðu sumra ellilífeyrisþega.

Af þessu má ljóst vera að opinber aðstoð til bifreiðarekstrar öryrkja vegna hækkunar á verði bensíns er ekki auðveld ef jafnréttis á að gæta í slíkri aðstoð. Hér liggur því fyrir mjög viðkvæmt, en brýnt mál til úrlausnar, og

hvergi nærri auðvelt. Í gildandi lögum er aðeins til ein heimild, sem hugsanleg er til úrlausnar, þ. e. 3. mgr. 19. gr. almannatryggingalaga. Heimild þessi hefur aðeins verið notuð í neyðartilfellum, eins og til lyfjakaupa og hliðstæðra hluta með afar takmörkuðu fé.

Hver sem niðurstaðan verður í þessum efnum er ljóst að aðstoð við öryrkja og/eða aðra bótaþega mun kosta umtalsverðar fjárhæðir, sem gera verður ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Því er nauðsynlegt að fá fram sem nákvæmasta áætlun þeirrar fjárhæðar. Marktæk áætlun verður hins vegar vart gerð nema vitað sé með nokkru öryggi hve fjölmennur sá hópur fólks er, sem aðstoðar á að njóta, og hve háa upphæð á að veita í umræddа aðstoð hverjum bótaþega.

Svo sem kunnugt er starfar nú milliþn. að endurskoðun laga um almannatryggingar. Hlé varð á störfum nefndarinnar eftir stjórnarskiptin síðustu. Nefndin er skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka auk þriggja embættismanna. Með bréfi heilbr.- og trmrn., dags. 3. þ. m., hefur nefndinni verið falið að taka til meðferðar framangreint mál. Lögð er áhersla á að nefndin ljúki störfum hið fyrsta. Hugsanlegt er að nefndin taki þetta atriði fyrir sérstaklega og láti það hafa forgang og hefur reyndar verið um það beðið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Langt er nú orðið um liðið síðan hæstv. félmrh. tók að fjalla um þetta mál, ef það hefur verið árla í tíð fyrrv. ríkisstj., og hefði verið hægt um vik að komast að því fyrr, hversu margir þeir gjörfatlaðir eru sem brýnust er nauðsyn að aðstoða til þess að kaupa bensín á bílinn sinn. Upplýsingar um það liggja fyrir nokkurn veginn. Þetta munu vera í kringum 250 manns. Vitaskuld hefur bensínhækkun komið niður á fleiri mönnum en öryrkjum. Það liggur í augum uppi. Það þarf ekki að tilgreina sérstaklega gamalt fólk. Það kemur niður á öllum þeim sem þurfa að nota farartæki. Hitt er ljóst mál, að við erum með ákveðinn, tilgreindan hóp manna, sem þannig er ástatt fyrir að þeir komast ekki húsa milli fótgangandi af eigin rammleik. Þeir verða að nota bíl til þess að komast á milli húsa, til þess að komast í vinnu sína, til þess að komast hvað sem er með einhverjum hætti. Það er fólkið, sem hér er um að ræða, sem bensínhækkunin brennur hvað heitast á. Og það væri hægt strax á morgun að fá upplýsingar um hversu margir þeir gjörfötluðu menn eru sem hér er um að ræða. Það lítur bara út fyrir að um þetta mál hafi ekkert verið fjallað.

Það er alveg rétt, að þessu máli hefur verið vísað til endurskoðunarnefndarinnar um tryggingalöggjöfina. Hún fær þetta mál til meðferðar. Hlé varð á störfum hennar þegar fyrrv. ríkisstj. fór frá, af skiljanlegum ástæðum. En ég vil fullyrða það, að vandi þessa fólks, þessa gjörfatlaða fólks, er slíkur að það er alveg ástæðulaust að láta það bíða eftir nýrri lagasetningu, með hvaða hætti á að aðstoða þetta fólk. Það er hægt að gera það með miklu skjótari hætti, og kemur sér enginn hæstv. ráðh. né hæstv. ríkisstj. í heild undan því að viðurkenna annaðhvort hreinan og kláran trassaskap ellegar það sem enn þá verra er í þessu sambandi: hjartakal, — ásökun um hjartakal í sambandi við þetta mál, að hafa dregið það svo lengi.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann gaf áðan. Ég geri mér alveg ljóst, að það hefur á ýmsan hátt verið erfitt að taka á þessu máli. Þetta er flókið mál, en viðkvæmt og krefst þess að þær reglur, sem ákveðnar kunna að vera, séu vel undirbúnar og gerðar í góðu samráði við þá aðila sem hér eiga helst hagsmuna að gæta.

Ég fagna því, ef svo er, að endurskoðunarnefnd almannatryggingalaganna hefur verið beðin um að láta þetta mál hafa forgang. En ég vil leyfa mér að fullyrða það, miðað við þær undirtektir sem þetta mál fékk hér í lauslegri umræðu á Alþ. á s. l. vetri, að málið á verulegan stuðning hér á hv. Alþingi. Ég fullyrði að yfirgnæfandi meiri hluti alþm. er reiðubúinn að styðja aðgerðir í þessum efnum. Og það hefur oft komið fram, bæði í þessari umræðu í fyrra og eins á öðrum vettvangi.

Ég vil aðeins í þessu sambandi láta þess getið, að eins og hv. alþm. vita eru veitt um 400 leyfi fyrir öryrkjabifreiðum á ári núna, voru 350 og þar áður 300. Það er miðað við eftirgjöf á tollum og leyfisgjaldi af hverri bifreið upp á 1 millj. kr. Þetta þýðir að ríkissjóður gefur eftir um 450 millj. kr. á ári vegna þessara ákvæða í lögunum að meðtalinni þeirri eftirgjöf sem veitt er sérstaklega út á 25 bifreiðar, sem mun vera um 2 millj. kr. á ári á hverja bifreið. Þetta eru samtals um 450 millj. Ég tel líklegt að í gangi hér á götum landsins séu eitthvað liðlega 2000 öryrkjabifreiðar. Og mér sýnist að miðað við skatttekjur ríkissjóðs af bensíni á þessar bifreiðar megi gera ráð fyrir að hver bíll skili um 200 þús. kr. í bensínskatta á ári. Það þýðir m. ö. o. að a hverju einu ári sem líður, og nú nýlega er eitt liðið í aldanna skaut, keyra þessir bílar inn skatta fyrir okkur, samfélagið, upp á 400—450 millj. kr., þannig að eftirgjöfin í tollum og leyfisgjöldum skilar sér nokkurn veginn nákvæmlega í innkeyrslu á bensínsköttum af þessum öryrkjabifreiðum. Þetta eru nokkuð fróðlegar tölur, og þær ættu að vera okkur hvatning til að taka myndarlega á þessu máli. Jafnvel þó að það sé flókið og viðkvæmt, þá er okkur skylt að taka á því og það strax. Það er ástæðulaust að draga það mjög lengi að mínu mati.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Takmörkun ræðutíma um fsp. leyfir ekki að farið sé út í almennar umr. um það sérstaka og í rauninni mjög mikla vandamál sem hér er um að ræða. Ég vil því aðeins láta nægja að taka undir það og leggja á það áherslu, að þessu sérstaka vandamáli séu gerð skjót og viðhlítandi skil. Ég álít að annað sé ekki sæmandi. Ég er alveg viss um það, eins og hv. síðasti ræðumaður, að hér á Alþ. er traustur meiri hluti fyrir því að leiðrétta stöðu þeirra manna, sem hér um ræðir, að þessu leyti. Ég held að Alþ. megi ekki sóma síns vegna láta langan tíma líða án þess að þessu máli sé sinnt. Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að um þessi mál var fjallað í fyrrv. ríkisstj., og þau mættu þar, er mér óhætt að segja, mjög eindregnum velvilja.

Ég hef að sjálfsögðu ekkert við þá málsmeðferð að athuga, sem hæstv. félmrh. hefur gert grein fyrir, að þessu sé vísað til þeirrar almennu nefndar sem fjallar um endurskoðun á tryggingalöggjöfinni, en þó með því eindregna skilyrði, að henni sé þá falið að láta þetta sérstaka mál hafa forgang, þannig að það þurfi ekki að tefjast vegna hinnar almennu athugunar á ýmsum atriðum í sambandi við tryggingalöggjöfina.

Ég er sannfærður um það, að ef talin er hæpin lagaheimild í þessu efni, þá er ekkert auðveldara en að koma

fram slíkri lagabreytingu á Alþ. og fá nægilega lagastoð á skömmum tíma. Ég vænti þess, að hæstv. félmrh. beiti sér fyrir því.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Vegna þess sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að það væri hægt að finna þetta út strax, þetta væru um 250 bílar vil ég segja það, að sumir eigendur þessara bíla eru ekki lágtekjumenn. Sem betur fer hafa nokkrir þeirra ágætistekjur, þannig að það er ekki mjög auðvelt að finna út úr þessu.

Brigsl um hjartakal finnst mér varla svaravert, alla vega hefði sá ágæti þm. þá getað komið með till. — hann á sæti í tryggingaráði — um breytingu í þessum efnum. (Gripið fram í.) Ég veit ekki betur en rn. og tryggingaráð séu alltaf í hálfgerðu stríði, þar sem rn. er miklu frjálslyndara og vill ganga lengra til hagsbóta fyrir bótaþega en tryggingaráð, því miður.

Ég er sammála því, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykv., að það er verulegur stuðningur fyrir þessu máli í þinginu. Og ég er sammála því líka, að þetta verður að hafa forgang.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið. Ég fagna því ákaflega, að þm., að því er virðist allra stjórnmálaflokka, sýnast ætla að standa við þau loforð, sem þeir gáfu skömmu fyrir kosningar, að sinna nú alvarlega málefnum öryrkja. Varðandi þessa einu fsp. held ég að tiltölulega auðvelt sé að kippa bensíngreiðslum í lag án allrar lagasetningar. Hvað varðar styrk vegna þeirrar miklu hækkunar, sem orðið hefur á bensíni, er möguleiki á því með reglugerð að beita heimildarákvæði, sem er, eins og ráðherra benti á, í 19. gr. almannatryggingalaga. En ég get ekki látið hjá líða að geta þess í sambandi við þetta, svo að hv. þm. viti raunverulega um hvað hér er verið að tala, að þær tekjur, sem öryrkjar hafa nú — menn sem eru með öllu óvinnufærir, þ. e. geta einungis unnið fjórðung þess sem þeir ættu að geta, hefðu þeir haldið heilsu, — og þeir eiga að lifa af í dag, eru 147 þús. kr. á mánuði, þ. e. lífeyrir og tekjutrygging. Búi maðurinn einn getur greiðslan farið upp í 170 þús. kr. Það segir sig sjálft, að þegar húsaleiga fyrir litla tveggja herbergja íbúð að upphæð 60 þús kr. er greidd, þá er ekki mikið eftir til þess að reka bifreið. Ástandið er nú þannig, að fjölmargir öryrkjar eru uppgefnir á að reyna, að reka bifreið. Ég vil jafnframt benda á, að vistmenn Sjálfsbjargarhússins, þar sem menn áttu upphaflega að geta lifað nokkurn veginn eins og aðrir borgarar í sínum þar til gerðu íbúðum, hafa hins vegar 17 þús. kr. á mánuði til þess að lifa af og af því eiga þeir einnig að reka bifreið.

Ég held að við komumst ekki hjá því að fara fram á að hraðað verði störfum endurskoðunarnefndar um almannatryggingar. Ég hygg að þar sé afskaplega margt sem er orðið mjög þurfandi fyrir endurskoðun. En ég mundi með mikilli gleði vilja óska eftir því, að þm. allra flokka tækju sig nú saman og reyndu að leysa þessi mál varðandi bensínkostnaðinn, og raunar vinna að því í endurskoðunarnefndinni að hraða verulega þeim endurbótum sem gera þarf á löggjöfinni. Ég vil jafnframt vekja á því athygli, og ég held að það eigi við öll mál hins háa Alþingis, að það er mjög æskilegt að ræða þessi mál við tryggingaráð og ekki síður starfsmenn Tryggingastofnunar. Ég held að það sé býsna oft, sem framkvæma má hluti á einfaldari og ódýrari hátt, ef starfsmenn viðkomandi framkvæmdaaðila eru hafðir með í ráðum, þegar lög eru sett.

Sameinað þing, 8. fundur.

Þriðjudaginn 8. jan., að loknum 7. fundi.

Útibú frá Veiðimálastofnun, þáltill. (þskj. 11). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, þáltill. (þskj. 12). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp, þáltill. (þskj. 13). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tekjuskipting og launakjör, þáltill. (þskj. 14). Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Málefni hreyfihamlaðra, þáltill. (þskj. 15). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Iðnaður á Vesturlandi, þáltill. (þskj. 27). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Grasköglaverksmiðjur, þáltill. (þskj. 28). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kaup og sala á fasteignum, þáltill. (þskj. 35). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samvinnufélagalög, (þskj. 36). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Dalabyggðaráætlun, þáltill. (þskj. 38). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aldurshámark starfsmanna ríkisins, þáltill. (þskj. 50). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 9. jan., kl. 2. miðdegis.

Þinghlé.

Forseti (Helgi Seljan): Þar sem þetta er fyrsti fundur þd. á þessu nýbyrjaða ári vil ég leyfa mér að óska hv. þdm. gifturíks árs og farsældar í störfum öllum.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 17). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem hér er til 1. umr., er flutt sem stjfrv. núv. ríkisstj. Ég vænti þó í reynd mun viðtækari samstöðu um efni þess hér í þinginu, því frv. er samið og fellt inn í ramma, sem fyrrv. ríkisstj. samþykkti og kynnti í sept. s. l. sem stefnumótun sína í húsnæðislánamálum. Sú stefnumótun er til glöggvunar birt í heild sem fskj. I með frv. Ég vænti því stuðnings þeirra flokka, sem stóðu að þessari stefnumótun, við meginefni frv. og það eins þótt nokkuð sviptivindasamt hafi verið á þjóðmálasviðinu síðan.

Alvarleg og málefnaleg afstaða í svo þýðingarmiklu máli sem þessu er ekki og má aldrei verða nein dægurfluga. Jafnframt er þess að gæta, að fyrir nýliðnar kosningar kynnti Sjálfstfl. stefnu í húsnæðislánamálum sem mér virtist ganga í svipaða átt og frv. þetta í ýmsum veigamiklum atriðum. Ég tel því rétt að það verði athugað, hvort og þá með hvaða hætti sé unnt að ná sem viðtækastri samstöðu allra stjórnmálaflokka um þetta mál.

Lögfesting nýrrar og í ýmsum atriðum gjörbreyttrar stefnu í lánveitingum hins opinbera til húsnæðismála er stórmál, ekki síður í félagslegum skilningi en fjárhagslegum. Því er mikils um vert að sem mest eindrægni ríki meðal allra stjórnmálaflokka um efni hennar og framkvæmd.

Mér er það ljóst, að athugun þingsins á máli sem þessu hlýtur að verða ítarleg og taka af þeim sökum nokkurn tíma. Ég leyfi mér þó að lýsa þeirri von minni, að þeirri umfjöllun verði hraðað svo sem mikilvægi málsins frekast leyfir.

Í almennum athugasemdum við frv. er því lýst, hvernig staðið hefur verið að gerð þess og undirbúningi. Fer ég því fljótt yfir þá sögu, en vil þó undirstrika að sú vinna var í senn fjölþætt og ítarleg, líklega óvenjulega ítarleg.

Við mótun tillagna frv. um skipulag lánamála og tilhögun lánveitinga hefur verið gerð ítarleg athugun og samanburður á skipan þeirra mála í nálægum löndum, einkum á Norðurlöndum, en þess þó jafnframt gætt að laga till. að aðstæðum hér á landi. Almenna fyrirmynd frv. þessa er því ekki að finna í húsnæðislöggjöf neinnar annarrar þjóðar, en hins vegar ýmsar einstakar hliðstæður.

Veigamikill þáttur undirbúningsvinnunnar var athugun á fjárstreymi íbúðarlánakerfisins og framreikningur þess. Mjög hefur verið til þeirra útreikninga vandað, enda augljóst að lögfesting nýrrar stefnu, í íbúðarlánamálum varðar mikla fjármuni og hlýtur því að tengjast stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum, félags- og atvinnumálum sem og markmiðum á sviði fjárfestingar og lánamála. Til þess ber því brýna nauðsyn, að mönnum séu sem allra ljósastar hinar fjárhagslegu afleiðingar slíkrar lagagerðar.

Athuganirnar hafa verið unnar í tölvu með flóknum reikniforritum, sem gerð voru sérstaklega vegna þessa verks, en ætla verður að geti framvegis orðið húsnæðismálastjórn og raunar einnig stjórnum ýmissa annarra fjárfestingarlánasjóða mikilsvert hjálpartæki.

Þrátt fyrir þetta hlýt ég að undirstrika það, að töflur og aðra útreikninga, sem fylgja frv., ber að meta með hæfilegri aðgát. Hér er auðvitað sjaldnast um einfaldar reikniformúlur að ræða né algildar niðurstöður. Við ákvörðun forsendna þessara útreikninga hafa risið ýmis álitamál, sem þurft hefur að vega og meta. Þessar forsendur eru víðast tilgreindar og skýrðar, en niðurstöðurnar verður að sjálfsögðu að skoða með hliðsjón af því.

Auk almennra athugana á fjárstreymi íbúðarlánakerfisins hafa jafnframt verið ítarlega könnuð áhrif lánskjaranna, þ. e. lánstíma, vaxta og verðtryggingar annars vegar, á getu byggingarsjóðanna til að mæta útlánamarkmiðum frv. og hins vegar á greiðslubyrði lántakenda. Við ákvörðun hvers einstaks þáttar lánskjaranna hefur því verið unnt að gæta í senn tveggja meginsjónarmiða: að ávöxtun sjóðanna og útlánageta væri tryggð og að greiðslugetu hins almenna lántakanda væri ekki ofboðið.

Áður en ég vík að einstökum köflum frv. þykir mér rétt að vekja athygli á niðurstöðum, sem fengust af athugun þeirra útlánakjara sem gilt hafa um opinber húsnæðislán nokkur síðustu árin. Þessar niðurstöður eru raktar á bls. 18 og 19 í almennum athugasemdum með frv. og bornar þar saman við lánskjör annarra fjárfestingarlánasjóða. Einsýnt virðist að sú hlutfallslega verðtrygging lánanna, sem tekin var upp árið 1974 og gilti fram á mitt síðasta ár, hefur skilað óvæntum niðurstöðum. Lánskjörin hafa í raun verið miklum mun þyngri en menn uggði og að var stefnt. Ástæða þessa er einkum sú, að vextir reiknast hverju sinni ofan á uppfærslu verðtryggða hluta lánsins. Hann vex stöðugt að hlutfalli, en óverðtryggði hlutinn rýrnar að sama skapi. Leiðir þetta ekki aðeins til hárrar raunávöxtunar, þegar miðað er við lánstímann í heild, heldur einnig til mjög misþungrar greiðslubyrði af lánunum og því þyngri kjara sem lánin eru lengri. Þannig sýndi það sig, að þau kjör, sem ákveðin voru fyrir nýbyggingarlán húsnæðismálstjórnar í maí 1978, jafngiltu frá um það bil 5.1% til 7% meðalraunávöxtun og voru því við núv. verðlagsaðstæður orðin ein þau þyngstu sem þekktust hjá fjárfestingar-

lánasjóðum. Þetta sést glöggt á Töflu 1 á bls. 19 í frv.

Þessar athuganir og hinar óvæntu niðurstöður þeirra árétta öðru fremur nauðsyn þess, að ákvarðanir í þessum efnum séu vandlega undirbúnar og reistar á ítarlegum útreikningum. Af niðurstöðum þessum leiddi að strax á síðasta ári var lánareglum húsnæðismálastjórnar breytt þannig, að tekin var upp full verðtrygging og vextir til bráðabirgða ákveðnir 2% á ári, en hafðir breytanlegir. Fela þessi nýju lánskjör í sér verulega tilslökun frá eldri kjörum, húsbyggjendum í vil, andstætt því sem ýmsir munu halda, bæði betri kjör og jafnari.

Þá þykir mér ástæða til að vekja sérstaka athygli á niðurstöðum athugana á heildarfjárþörf íbúðarlánakerfisins, eins og ætla má að hún verði samkv. þeim till. sem gerðar eru í frv. Þær athuganir og forsendur þeirra eru raktar og skýrðar á bls. 31—36. Enkum er Tafla 10 athyglisverð, en þar er leitast við að sýna fram á árlega viðbótarfjárþörf alls lánakerfisins fram til ársins 1990, skiptingu hennar milli beinna framlaga og lánsfjáröflunar, sem þó er engan veginn bindandi, og áhrif þess hvernig lánveitingar skiptast milli almenna og félagslega lánakerfisins. Taflan sýnir einnig hvernig aukning beinna framlaga skiptist milli ríkis og sveitarfélaga miðað við gefnar forsendur.

Við athugun skýrir taflan sig sjálf og leiðir að mínu mati í ljós, að þótt stefnt sé með frv. að verulegri aukningu útlána, þá eru þau markmið þó engan veginn óframkvæmanleg né ofviða fjárhagsgetu sveitarfélaga eða ríkissjóðs. Þó kemur til álita að tímabundinni þörf lánakerfisins fyrir aukin framlög verði mætt með því t. d. að nýta um sinn í auknum mæli þá skattstofna sem Byggingarsjóður ríkisins hefur nú tekjur af. Taflan nær aðeins fram til ársins 1990 og sýnir því ekki, að upp frá því dregur mjög hratt úr framlagaþörfinni, en sjóðirnir rísa í vaxandi mæli undir útlánum með eigin fjármunamyndun.

Markmið frv. er að 80% lánshlutfalli verði náð fyrir almenn nýbyggingarlán á eigi lengri tíma en 10 árum. Ýmis fleiri dæmi hafa þó verið reiknuð. Þannig sýndu athuganir, að ef ná ætti þessu markmiði á 6 árum þyrfti að auka árlegt fjárstreymi til sjóðsins um 3—6 milljarða á árunum 1980—1985 til viðbótar þeirri fjáröflun sem taflan sýnir. Þó var þar reiknað með að allri þessari viðbótarþörf væri mætt með óafturkræfum framlögum og miðað við verðlag síðasta árs. Því virðist einsýnt að slíku markmiði verði ekki náð án mjög verulegrar viðbótartekjuöflunar og röskunar á heildarfjárfestingu, sem er langt umfram raunhæfnismörk.

Að þessu leyti ber að skoða frv. og markmið frv. sem málamiðlun þess, sem æskilegt er, og þess, sem raunhæft er. Mikilvægt er að gera sér ljósa grein fyrir þeim forsendum, sem byggt er á varðandi aukningu lánsfjáröflunar til byggingarsjóðanna. Er beinlínis byggt á því, að fjármagn lífeyrissjóðanna beinist í mjög auknum mæli til byggingarsjóðanna til endurlána fyrir íbúðarbyggingar. Það hlýtur að teljast eðlilegt þegar haft er í huga að lífeyrissjóðirnir hafa undanfarin ár verið önnur aðaluppspretta lánsfjár til íbúðarbygginga. En úr þörfinni fyrir lánveitingar þeirra mun draga samtímis því og að sama skapi og lánveitingar opinberu veðlánasjóðanna aukast. Að þessu leyti miðar frv. að því, að veita því fjármagni, sem nú er til ráðstöfunar til húsnæðislána, í einn heildstæðan farveg. Ætti þessi tilhögun einnig að þjóna hagsmunum lífeyrissjóðanna sjálfra með ýmsum hætti. Þannig yrði þeim tryggð leið til verðtryggðrar ávöxtunar þeirrar sjóðssöfnunar, sem er umfram lífeyrisgreiðslur þeirra. Ávöxtun þeirra verður að líkindum betri og tryggari en með einstökum lánveitingum til sjóðsfélaga, auk þess sem þessi tilhögun veitir almenningi eðlilegri aðgang að sparnaði þeirra en nú er, en slíkt samrýmist einmitt þeirri stefnu sem uppi er í málefnum lífeyrissjóðanna.

Annað mikilvægt atriði eru kjör þess lánsfjár sem Byggingarsjóðnum er aflað. Gefur auga leið að sjóðirnir geta aldrei náð að byggjast upp og rísa undir þeim markmiðum sem að er stefnt, ef verja þarf tekjum þeirra til greiðslu vaxtamunar að einhverju verulegu marki. Lánsfjár Byggingarsjóðs ríkisins er nú aflað frá skyldusparendum, Atvinnuleysistryggingasjóði og lífeyrissjóðum. Í VI. kafla frv. er stefnt að því, að ávöxtun skyldusparnaðar verði hin sama og á útlánum sjóðsins, nema hvað lánstíminn er að sjálfsögðu annar. Lán sín hjá Atvinnuleysistryggingasjóði tekur Byggingarsjóður með sömu kjörum og gilda á útlánum hans, einnig að því er lánstímann varðar. Hins vegar hafa vextir af lánsfé frá lífeyrissjóðunum verið 4% auk fullrar verðtryggingar og lánstíminn styttri eða 15 ár. Er því ljóst að stefna verður að breytingum og samræmingu þessara kjara.

Að því er varðar Byggingarsjóð verkamanna hefur þar verið vitnað sérstaklega og sýnt í Töflu 5, að nafnvextir af lánum til hans mega ekki vera þyngri en 2% auk fullrar verðtryggingar og lánstími a. m. k. 21 ár.

Það er því alveg ljóst, að framkvæmd fjárhagsákvæða þessa frv. byggist á því, að samkomulag takist við lífeyrissjóðina um sömu kjör eða áþekk og nú gilda á útlánum þeirra til sjóðsfélaga sinna. Vænti ég þess staðfastlega, að um þessi mál náist samstaða.

Ég ætla þessu næst að víkja að efni hinna einstöku kafla frv. Ég mun reyna að stikla þar á stærstu atriðunum, enda er efni frv. ítarlega skýrt í athugasemdum með því svo og með drögum að reglugerðum, sem eru fskj. II og III. Það er nokkur nýlunda að láta fylgja lagafrv. slík reglugerðardrög. Ég tel þó að slíkt sé til bóta, einkum við setningu svonefndra rammalaga, þar sem hentugra er að útfæra nánar í reglugerðum ýmis framkvæmdaatriði sem eru eðli máls samkvæmt undirorpin tíðari breytingum en meginefni lagatextans. Ég ætla að þessi drög geti þannig í ýmsum tilvikum varpað nokkru ljósi á þá hugsun, sem að baki lagaákvæðanna býr, og auðveldað umr. um þau.

Þótt reglugerðin sæti ekki þinglegri umfjöllun samkv. stjórnskipan okkar, þá fæ ég ekki séð að það geti verið til annars en góðs fyrir þann ráðh., sem setur að lokum þessar reglugerðir, ef hann hefur átt þess kost að kynnast viðhorfum hv. þm. til þessara draga og hlýða á ábendingar um efni þeirra.

Í I. kafla er fjallað um hlutverk Húsnæðismálastofnunar ríkisins og skipulag hennar. Nýmæli þessa kafla eru þau helst, að komið er á með formlegum hætti deildaskiptingu innan Húsnæðismálastofnunar og að bókhald hennar, annað en lánabókhald, er flutt til ríkisbókhaldsins. Niður fellur tilnefning veðdeildar Landsbanka Íslands á einum manni í stjórn stofnunarinnar og fækkar þeim því um einn. Þá er kjörtímabili stjórnarinnar breytt þannig, að hana skuli kjósa að afstöðnum hverjum almennum þingkosningum, en ekki á fjögurra ára fresti eins og nú er. Verkefnum stjórnar stofnunarinnar er hnikað lítillega til og hún leyst undan því að

þurfa, a. m. k. að formi til, að fjalla um og ártia hverja einstaka lánveitingu. Forstöðumenn einstakra deilda stofnunarinnar fá starfsstöðu framkvæmdastjóra, sem er í samræmi við sjálfstæða stöðu stofnunarinnar og verkefnaskiptingu innan hennar. Loks má geta þess nýmælis, að tæknideild er gert að vinna samkv. staðfestri gjaldskrá og er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði með sölu á þjónustu sinni.

Í II. kafla eru ákvæði um Byggingarsjóð ríkisins og hinar almennu útlánareglur. Helstu breytingar frá gildandi lögum að því er framkvæmdaatriði varðar eru þær, að sjóðurinn verður varðveittur í Seðlabanka Íslands í stað veðdeildar Landsbankans. Þá er gert ráð fyrir því, að niður falli það flókna fyrirkomulag sem gilt hefur um afgreiðslu lána, þar sem veðdeildin hefur að formi til verið lánveitandi gagnvart húsbyggjendum, en Byggingarsjóður ríkisins síðan lánveitandi gagnvart veðdeild. Lagt er til að Byggingarsjóður veiti lánin beint til lántakenda, en veðdeildin annist afgreiðslu þeirra og innheimtu fyrir hönd sjóðsins. Þóknun til veðdeildar fyrir þá vinnu verði greidd samkv. samningi og með hliðsjón af fjölda afgreiðslna, en ekki með sérstöku álagi á þá vexti sem skuldabréfin bera, eins og nú er. Tekin er upp heimild til að fela almennum innlánsstofnunum afgreiðslu og innheimtu lánanna í því skyni að færa þjónustuna við lántakanda nær honum. Er það mál nú í athugun. Skipan þeirra ákvæða, sem fjalla um útlánaflokkana, er sú, að í lögunum eru flestar helstu meginreglur um lánshæfni, missi lánsréttar og meðferð lánsumsókna. Ákvæðin eru síðan útfærð mun ítarlegar í reglugerð og þar kveðið nánar á um framkvæmdina. Er slík skipan hentugust með tilliti til endurskoðunar þessara reglna, eins og áður segir.

Loks er þess nýmælis að geta, að sækja skal um lán til nýbyggingar áður en framkvæmdir hefjast. Er slíkt til bóta fyrir húsbyggjanda, sem þannig fær tóm til að bæta úr ágöllum á umsókn eða fyrirhugaðri framkvæmd, sem ella hefði getað svipt hann lánsrétti. Eins varðar það miklu fyrir húsnæðismálastjórn að fá sem fyrst vitneskju um framkvæmdir vegna áætlana um lánsfjárþörf.

Ég vík þá að sjálfum útlánaflokkunum sem verða níu talsins samkv. frv. Eru þeir taldir upp í 10. gr., en útfærðir í meginatriðum í næstu 19 greinum þar á eftir. Fyrsti flokkurinn og sá veigamesti eru lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum, hin svonefndu nýbyggingalán. Þetta er sá útlánaflokkurinn sem mestu fé er árlega varið til úr Byggingarsjóði ríkisins, sá þeirra sem býður upp á mest svigrúm til stefnumótunar í húsnæðismálum og hagstjórnar og því jafnframt sá flokkur útlán þar sem flest og afdrifaríkust álitamál rísa. Ég hlýt því að tileinka honum rúman tíma í framsögu minni.

Mér þykir hæfa að geta í byrjun helstu tímamóta í þróun almennra veðlána til húsbyggjenda hér á landi. Við það verður þó að sitja tímans vegna að stikla þar aðeins á hinu allra stærsta.

Húsnæðislán koma fyrst til kasta Alþingis árið 1881, er þar var lagt fram frv. um stofnun lánsfélags fyrir eigendur fasteigna á Íslandi, eins og það nefndist. Var það fellt eftir miklar deilur við 3. umr. í Ed. Á næstu árum bar þessi mál alloft á góma í Alþ., enda fann þjóðin sárt til þess, hve tilfinnanlega hana skorti fjármagn, hið nauðsynlega afl til þeirrar framfarasóknar sem þá var að hefjast á öllum sviðum þjóðmálanna.

Árið 1897 samþykkti Nd. Alþingis þál., þar sem skorað var á stjórnina að leggja fram frv. til l. um lánsstofnun eða lánsfélag fyrir jarðeignir og húseignir í landinu, sem veitt gæti veðlán um sem lengst árabil og með sem vægustum vaxtakjörum. Fól landshöfðingi Páli Briem amtmanni í Norður- og austuramtinu samningu slíks frv. og var það samþykkt á Alþ. árið 1899 sem lög um veðdeild Landsbanka Íslands.

Veðdeildin tók síðan til starfa hinn 20. júlí árið 1900 og veitti sama dag sitt fyrsta lán til byggingar hússins Bergstaðastræti 3 í Reykjavík. Lánið nam 1300 kr. og var veitt til 25 ára með 4½% vöxtum auk ½% tilleggs til varasjóðs. Fasteignaveðlán koma síðan margsinnis til umfjöllunar á Alþ. næstu áratugina. Árið 1911 var flutt frv. um sérstakan fasteignaveðbanka Íslands, sem aldrei kom þó til meðferðar, og 10 árum síðar, árið 1921, voru samþykkt lög um stofnun ríkisveðbanka Íslands. Þau komu þá heldur aldrei til framkvæmda. Má því segja að stjórn og framkvæmd þessara mála hafi alfarið hvílt á herðum veðdeildar Landsbankans allt til ársins 1955, er lög nr. 55 frá 20. maí það ár voru sett og komið á fót sérstakri húsnæðismálstjórn sem heyrði undir félmrn. og fór ásamt veðdeildinni með yfirstjórn nýs almenns veðlánakerfis til íbúðabygginga.

Árið 1952 hafði raunar verið komið á sérstakri lánadeild smáíbúða, sem var reikningslega felld inn í veðdeildina árið 1956. Var veðdeildin allan þann tíma rekin sem sjálfstæð stofnun með eigið bókhald og óháð bankanum þó hún væri formlega undir yfirstjórn hans. Með lögum frá 1. júní 1957 var svo Húsnæðismálastofnun ríkisins komið á fót til að hafa með höndum yfirumsjón með lánsfjáröflun og lánveitingum til íbúðabygginga í landinu. Var þá jafnframt stofnaður sérstakur sjóður til að annast almennar lánveitingar til íbúðabygginga, Byggingarsjóður ríkisins, þó að áfram væri þannig að fjáröflun staðið að formi til að veðdeild Landsbanka Íslands annaðist útgáfu og sölu sérstakra bankavaxtabréfa sem ríkissjóður bar einfalda ábyrgð á.

Með lögum frá 1962 fékk Stofnlánadeild landbúnaðarins það hlutverk að lána til íbúðabygginga í sveitum, en á síðasta ári tóku Húsnæðismálastofnun ríkisins og Byggingarsjóður við því hlutverki. Fjölmargar breytingar hafa orðið á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins síðan árið 1957, þó varla teljist þær hafa markað sérstök tímamót í sögu almennra veðlána til íbúðabygginga hér á landi.

Eitt mikilvægasta atriðið við ákvörðun nýbyggingarlána eru að sjálfsögðu þær reglur sem ákvarða lánsfjárhæðina hverju sinni. Lengst af hafa verið í lögum hér á landi ákvæði sem tengdu upphæð lánsins byggingarkostnaði eða öllu heldur matsverði þeirrar eignar sem lánið var veitt til. Þannig mátti lánsfjárhæðin skv. fyrstu veðdeildarlögunum nema allt að helmingi af virðingarverði fasteignarinnar. Ég hygg að þetta hlutfall hafi haldist óbreytt lengst af allt til stofnunar húsnæðismálastjórnar árið 1955, en þó með ýmsum afbrigðum, svo sem um hámarkslán að krónutölu, og skv. einum lánaflokknum, þeim 16. sem tók til starfa í febr. 1947, námu lánin fastri krónutölu á rúmmetra í íbúðarhúsum úr steini, víst 55 kr. á rúmmetra það ár.

Árið 1955 tóku gildi þær reglur að lána mætti allt að 2/3 hluta virðingarverðs, þó ekki hærri fjárhæð en 100 þús. kr. Það er svo loks með lögum nr. 19 frá 1965 að hámarkslánsfjárupphæð er ákveðin í krónutölu 280 þús., en tekið fram að hún mætti þó aldrei verða umfram 3/4

af virðingarverði fasteignar. Gilda þau mörk raunar enn í dag.

Auðvitað hafði það þó oftlega verið svo áður, að hámark láns í krónum talið hafði verið sett svo neðarlega að viðmiðun við hlutfall matsverðs skipti ekki máli í raun. Árið 1968, með lögum nr. 8, var ráðherra heimilað að hækka lánin, sem þá voru 280 þús., árlega í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Með lögum nr. 30. frá 1970 var lánsfjárhæðin ákveðin 600 þús. og húsnæðismálastjórn heimilað að hækka hana í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu á tveggja ára fresti að fengnu samþykki ráðh. Loks voru lánin hækkuð í 800 þús. með lögum nr. 58 frá 1973 og heimiluð árleg hækkun skv. breytingum á byggingarvísitölu með samþykki ráðh. Gildir sú tilhögun enn, en lánsfjárhæðin nam sem kunnugt er 5.4 millj. kr. á síðasta ári og fer sennilega á þessu ári upp í rúmar 8 millj.

Af þessu stutta yfirliti yfir þær reglur, sem gilt hafa hér á landi til ákvörðunar á fjárhæð íbúðarlána, sést að í þessu efni verða nokkur þáttaskil árið 1965. Þá höfðu allt frá aldamótum gilt reglur sem tengdu lánsfjárhæðina við byggingarkostnað eða matsverð þeirrar eignar sem lánað var til. Síðan þá hefur lánsfjárhæðin hins vegar verið tilgreind í lögum sem ákveðin upphæð í krónum talið og því í raun hin sama fyrir allar nýbyggingar. Svo kann að virðast við fyrstu sýn að með slíkri tilhögun sé fyllsta jafnræðis gætt. Þannig er þetta þó auðvitað alls ekki í raun. Fjölskylduaðstæður fólks eru afar mismunandi og raunveruleg húsnæðisþörf þess að sama skapi breytileg. Fyrirgreiðsla hins opinbera sem hlutfall af nauðsynlegri fjárfestingu í íbúðarhúsnæði er því ákaflega mismikil og því meiri sem húsnæðisþörfin er minni. Þó er ljóst að aðstaða einstaklings og barnlausra hjóna til eigin fjármögnunar er allajafna betri en hinna, sem eiga fyrir mörgum að sjá. Það lætur því nærri, að segja megi að á fyrirgreiðslu hins opinbera við húsbyggjendur séu nú að þessu leyti öfug formerki. Þegar litið er yfir umræður um frv. frá 1965 hér á hv. Alþ. kemur líka greinilega í ljós, að tilgangur breytingarinnar var sá einn að tryggja það að takmarkað ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs nægði fyrir ákveðnum lágmarksfjölda lánveitinga á ári hverju, þá miðað við 750 lán. Átti breytingin hins vegar ekkert skylt við það, að sú tilhögun þætti æskileg að veita öllum jafnhátt lán. Þetta var aðeins afleiðing af skiptingu ráðstöfunarfjárins í tiltekinn fjölda lánveitinga, sem var hið eiginlega markmið breytingarinnar.

Fyrirkomulag húsnæðismálalána á öðrum Norðurlöndum er alls staðar með öðrum hætti en hér gildir nú.

Í Danmörku eru veitt almenn byggingarlán til allra tegunda húsbygginga, sem nema jafnaðarlega 40% af raunvirði íbúðarinnar. Auk þess eru veitt sérstök skilyrt byggingarlán til nýbygginga og geta þau numið 80% af byggingarkostnaði.

Í Noregi veitir Húsbankinn almenn lán til húsbyggjenda í þéttbýli. Lánin eru breytileg eftir íbúðargerðum og geta numið allt að 85% af sérstökum viðmiðunargrunni, sem bankinn ákveður í samræmi við byggingarkostnað hverju sinni. Í reynd mun húsnæðislán þar nema röskum 60% af heildarbyggingarkostnaði.

Í Svíþjóð nema lánin einnig hlutfalli af sérstökum viðmiðunargrundvelli, sem stjórnvöld ákveða fyrir hverja tegund íbúða og er sem næst raunverulegum byggingarkostnaði. Sérstakir íbúðasjóðir, sem eru í eigu viðskiptabanka og sparisjóða, lána allt að 70% byggingarkostnaðar, en auk þess lánar ríkið til viðbótar lán sem eru breytileg með tilliti til tegundar íbúðar og tekna umsækjanda, en nema til einstaklinga allt að 15% byggingarkostnaðarins.

Í Finnlandi eru lánin tengd byggingarkostnaði, og geta ríkislánin þar numið 60% kostnaðarins að meðtölum sérstökum viðbótarlánum sem eru breytileg eftir tekjum, en einkum veitt láglaunafólki. Auk þess veita bankar og sparisjóðir almenn byggingarlán.

Frv. það, sem hér er til umræðu, miðar að áþekkri skipan mála, að fjárhæð nýbyggingarlána verði tiltekið og stighækkandi hlutfall af byggingarkostnaði íbúðar þar sem stærð og gerð svarar til eðlilegrar húsnæðisþarfar hvers umsækjanda. Skilgreining þess, hvað sé eðlileg húsnæðisþörf ólíkra fjölskyldustærða, er auðvitað ekki einfalt mál. Þann vanda verður þó að takast á við og leysa, því hlutfallsleg fjármögnun af hálfu hins opinbera á kostnaði alls þess, sem mönnum gæti hugkvæmst að byggja, kemur auðvitað ekki til greina. Til þess skortir í senn fjárhagslegar forsendur og skynsamlegar ástæður. Því er sú leið valin í 32. gr. frv. að fela tæknideild Húsnæðismálastofnunar gerð nokkurs konar forskriftar að fjórum gerðum íbúða, sem henti ólíkum fjölskyldustærðum, og áætla reglulega eðlilegan meðaltalsbyggingarkostnað þeirra í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Lánsréttur hvers íbúðarbyggjanda er síðan hlutfall þessa áætlaða byggingarkostnaðar íbúðar af þeim stærðarflokki sem svarar til fjölskyldustærðar hans, — íbúðar sem skal vera hagkvæm, en vönduð að allri gerð.

Þótt í greininni sé talað um hönnun staðalíbúða er ekki átt við það, að með þeim eigi að setja öllu húsnæði einhver mörk að því er útlit eða skipulag varðar. Hygg ég að Íslendingseðlinu þætti sér gróflega misboðið með slíku. Mönnum verður að sjálfsögðu frjálst að ráða gerð, útliti og öðru fyrirkomulagi síns húsnæðis. Með hönnun er þarna átti við það eitt, að vissar grundvallarforsendur verður að gefa sér og setja um reglur varðandi stærð og gerð hverrar staðalíbúðar, eins og þær eru nefndar, áður en unnt er að áætla byggingarkostnað þeirra. Nánari ákvæði eru um þessa skipan í 6. og 7. gr reglugerðardraganna fyrir almennu veðláni.

Ég bið þm. að afsaka það að í fyrstu línu 3. málsgr. 32. gr. hefur misritast að staðalíbúðir skuli vera þrjár. Þarna á að standa fjórar, eins og glöggt kemur fram í reglugerðardrögunum. Þarf að leiðrétta þetta.

Ég ætla þá næst að víkja að öðru mikilvægu atriði sem nýbyggingarláni varðar. Það er afstaða til þess, með hvaða hætti stjórnvöld vilja beita útlánareglum opinberu veðlánasjóðanna til að hafa áhrif á þróun byggingarstarfseminnar í landinu. Það er auðvitað alveg ljóst, að með ströngum og ítarlegum lánshæfnisskilyrðum, svo sem um hönnun og tæknilega útfærslu, reglum, sem skerða eða fella niður lánsrétt ef vikið er frá tilteknum forskriftum um lausnir sem ætla má að séu þjóðhagslega hagkvæmastar, má að einhverju leyti stýra þróun byggingariðnaðrins og beina honum inn á ákveðnar brautir. Ekki er ósennilegt að með þessum hætti mætti örva framfarir og hagkvæmni að vissu marki og stuðla að lækkun byggingarkostnaðar. Á hitt er einnig að líta, að slíku kerfi gæti hætt til að verða viðamikið og flókið, hefði jafnvel tilhneigingu til að verða ósveigjanlegt og hlyti a. m. k. að binda mjög hendur manna og takmarka ákvörðunarrétt þeirra. Í frv. er ekki farið að marki út á

þessa braut. Til viðbótar því aðhaldi, sem sjálfkrafa leiðir af þeirri tilhögun að veita aðeins lán út á hóflegan og eðlilegan byggingarkostnað, en láta menn sjálfa um að fjármagna sín „flottheit", er lánsrétturinn aðeins bundinn ákveðnum stærðarmörkum. Stærðarmörk staðalíbúðanna verða miðuð við íbúðir í sambýlishúsum, en í einbýlis-, rað- og parhúsum mega þær vera allt að 20% stærri. Frá þessum mörkum má síðan víkja þannig að byggt sé allt að 20% stærra en sem þeim nemur. Fari stærðin hins vegar fram úr þeim mörkum glatast lánsrétturinn. Svo tekið sé eitthvert dæmi til skýringar, má gefa sér þá forsendu að grunnflatarmál íbúðar í sambýlishúsi skv. 3. staðli, þ. e. fyrir 5—6 manna fjölskyldu, sé 120 m². Sú fjölskylda heldur þá lánsrétti sínum óskertum þótt hún byggi í sambýlishúsi íbúð sem er allt að 144 m² að stærð. Í einbýlis-, rað- og parhúsi mætti sama fjölskylda hins vegar byggja allt að 172.8 m² áður en lánsréttur glatast. Mörkin eru höfð vel rúm, án þess þó að þjóðfélagið afsali sér rétti sínum til að taka þá afstöðu gagnvart þeim, sem vilja fjárfesta í húsnæði langt umfram allar eðlilegar þarfir venjulegs fólks, að slíkt sé honum að vísu heimilt, en það verði að vera án þátttöku samfélagsins.

Í gildandi lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins er almennt og mjög víðtækt ákvæði sem heimilar að setja í reglugerð ákvæði sem tryggi að við lánveitingar til einstaklinga sé farið eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl., enn fremur skuli þar ákveða hámarksstærðir þess húsnæðis sem veita má lán til. Í framkvæmd hafa málin hins vegar þróast svo hér, að aðeins stærðarmörkin ein skipta einhverju máli við ákvörðun lánsréttar. Fram til ársins 1977 giltu ákveðin stærðarmörk fyrir hverja fjölskyldustærð og varðaði það missi lánsréttinda ef byggt var umfram það. Það ár var þessum reglum hins vegnar breytt verulega, á þann veg að sé byggt umfram tilskilin stærðarmörk skerðist lánið að tiltölu. Þannig má 2—5 manna fjölskylda byggja 135 m² íbúð í einbýlishúsi á einni hæð og frá því marki eru heimiluð frávik allt að 5 m². Sé frávikið umfram 5 m² skerðist lánið um 5% og síðan áfram um 5% fyrir hverja 5 m² uns frávikið er orðið 25 m² frá stærðarmörkum. Eftir það skerðist lánið um 10% fyrir hverja 5 m² sem við bætast. Þessar reglur eru nokkuð flóknar, en munu þó hafa reynst allvel, nema hvað rými í kjöllurum húsa veldur sífelldum deilum.

Á Norðurlöndum eru þessar reglur víða enn flóknari, einkum í Noregi, þar sem frávik frá tilgreindri stærð einstakra herbergja getur varðað skerðingu eða missi lánsréttarins og aðeins má nota tilgreint byggingarefni í ákveðnum hlutum íbúða.

Í Svíþjóð eru sett mörk bæði varðandi stærð húsnæðis og byggingarkostnað og fellur réttur til ríkislánsins niður ef umframkostnaður frá viðmiðunarmörkum er verulegur.

Í Finnlandi getur lánsréttur skerst um helming við ákveðin frávik frá stærðar- og kostnaðarmörkum.

Um nauðsyn á gildi þessara reglna má sjálfsagt endalaust deila. Ég hef þó kosið að leggja þetta frv. fram með einföldum reglum að þessu leyti. Aðeins er lánað hlutfall eðlilegs og hóflegs kostnaðar. Umframkostnað ber húsbyggjandi sjálfur, en geldur hans ekki að öðru leyti. Stærðarmörkin eru sveigjanleg og rúm. Sé hins vegar farið út fyrir hæstu mörk fellur lánsrétturinn niður. Hvort hér sé höndlaður einhver stórisannleikur skal ósagt látið. Hitt er einsýnt, að það er ætíð mikill kostur að hafa slíkar reglur einfaldar og skýrar þannig að á þeim þurfi hinum almenna manni ekki að verða fótaskortur.

Áður en ég hverf alveg frá nýbyggingarlánunum þykir mér rétt að víkja að tveimur atriðum til viðbótar sem miklu varða og geta verið nokkur álitamál. Hið fyrra er spurningin um það, hversu oft einn og sami maður eða sama fjölskylda skuli eiga rétt á láni úr veðlánakerfi hins opinbera. Í frv. er gert ráð fyrir að sama regla gildi um nýbyggingarlán, sem eru veitt úr Byggingarsjóði ríkisins, og um lán til kaupa á eldra húsnæði. Frumbyggjar eða þeir, sem eignast sína fyrstu íbúð, skulu ætíð sitja fyrir um lán. Að öðru leyti skulu allir eiga rétt á að fá tvisvar lán til að eignast eigin íbúð, byggja eða kaupa tvisvar nýja íbúð, kaupa tvisvar eldri íbúð eða kaupa einu sinni eldri íbúð og byggja þá eða kaupa líka einu sinni nýja íbúð. Einu gildir hvort nýbyggingarlánið var veitt úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna. Raunar skal ekki óheimilt að veita sama aðila oftar slík lán, ef sérstakar aðstæður hans mæla með því og fjárhagsgeta sjóðsins leyfir. En heimilt er að hafna slíkum lánsumsóknum eða skerða lánveitingar. Það skal fúslega játað, að hér koma ýmsar fleiri leiðir til álita. Vel má hugsa sér að veita lán oftar, en skerða það hlutfallslega hverju sinni. Skerðinguna þyrfti þá að byggja á einhverjum ákveðnum forsendum, svo sem athugun á meðaleignarhaldstíma fólks á íbúðum sínum, þannig að samræmi væri milli eiginfjármyndunar eiganda í íbúð sinni, sem einkum ræðst af eignartímanum, og þeirrar skerðingar sem honum væri gert að þola á lánsréttindum. Ég hygg þó að slíkar reglur væru býsna vandmeðfarnar og gætu reynst afar misgóðar.

Önnur aðferð, sem gæti virst nærtæk, er að takmarka lánveitingar alfarið við þá sem ekki eiga íbúð fyrir. En einnig það er vandkvæðum bundið þegar betur er að gáð. Íslendingar eignast afar oft sitt íbúðarhúsnæði í tveimur áföngum, fyrst lítla íbúð, gjarnan í fjölbýlishúsi, en síðan, þegar fjölskyldan stækkar og ásmegin vex, frambúðarhúsnæði af hentugri stærð. Þá er það síður en svo neinn einhlítur mælikvarði á efni fólks að eiga eigið húsnæði. Raungildi slíkrar eignar getur verið næstum hvað sem er, en er auk þess iðulega vanmetið. Það ræðst af því m. a. hver eignin er og hvar hún er, hvort ráðstöfun hennar er háð einhverjum takmörkunum, en ekki síst af því, hve mikil lán hvíla á henni og með hvaða kjörum. Ýmis fleiri álitamál rísa.

Þegar allt þetta er virt og metið má ljóst vera, að bæði formlega og efnislega orkar það mjög tvímælis að tengja lánsrétt því, hvort umsækjandi á fyrir eða hefur átt eigið húsnæði eða aðrar tilsvarandi eignir, eða láta það atriði eitt sér valda skerðingu á lánsréttinum. Mér er það raunar ljóst að vissir annmarkar eru einnig á þeirri tilhögun sem frv. byggir á. Sá ótvíræði kostur er þó við hana að framkvæmd hennar er einföld og getur tæpast orkað tvímælis. Afstaða til eldri lánveitinga væri ekki vandamál samkvæmt ákvæði 1 til bráðabirgða, sem veitir einfaldlega öllum eldri lántakendum rétt til eins láns samkvæmt hinum nýju reglum. Þá er það kostur, að skerðingarákvæði frv. veitir svigrúm til að meta einstök tilvik og sérstakar aðstæður fólks. Mestu mun þó skipta, að þegar öllum er orðið ljóst að endurgreiða verður raungildi lánanna, að þau skapa mönnum ekki verðbólgugróða, hljóta þeir að takmarka sjálfir í vaxandi mæli umsóknir sínar við raunverulega lánsfjárþörf í stað þess að sækja

sjálfkrafa um hæsta mögulegt lán, svo sem löngum hefur tíðkast.

Ég vík þá loks að útborgunarreglum lánanna, þó eðli máls samkvæmt séu þær fremur reglugerðar- en löggjafaratriði. En mikilvægi þeirra er óumdeilanlegt. Löngum hefur nokkuð verið deilt á þessar reglur. Lánin hafa, sem kunnugt er, komið til greiðslu í þremur jöfnum hlutum síðan á árinu 1975, en áður í tveimur hlutum. Að því hefur verið stefnt, einkum síðustu árin, að fyrsti hluti þeirra kæmi til greiðslu um þremur mánuðum eftir að húsnæðið var fokhelt, sem er þó aðeins starfsregla, annar hlutinn 6 mánuðum síðar og þriðji hlutinn svo um 6 mánuðum þar á eftir, en þau tímamörk voru sett inn sem viðmiðun í reglugerð árið 1975. Ekki hefur þó nærri alltaf tekist að haga útborgun samkvæmt þessu og því oft verið mun lengra á milli greiðsludaga.

Það er augljóst, að þessi tilhögun við útborgun lánanna hefur valdið húsbyggjendum margvíslegum erfiðleikum, tafið framkvæmdir og tekið upp tíma og fé við öflun skammtímafyrirgreiðslu. Einkum hafa þessar reglur þó oft verið þungar í skauti hinum stærri byggingarfyrirtækjum, sem búa yfir tækni til að byggja tiltölulega hratt, svo og framleiðendum staðlaðra hús eða húshluta, sem sumir hverjir ná að afhenda húsin fullbúin eða því sem næst löngu áður en fyrsti hluti húsnæðislánsins kemur til greiðslu. Þessum reglum er nú ráðgert að breyta verulega og eru um það efni ítarleg fyrirmæli í drögum að reglugerð fyrir almenn veðlán Byggingarsjóðs ríkisins. Vísa ég þar til fskj. II með frv.

Samkv. 4. gr. reglugerðarinnar er að því stefnt, að fyrsti hluti nýbyggingarlánsins nemi allt að 10% af byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar, sem markar lánsrétt viðkomandi húsbyggjanda, og komi til greiðslu eigi síðar en þremur mánuðum eftir úttekt jarðvegsgrunns, enda hafi botnplata þá verið steypt. Annar hlutinn er 30% byggingarkostnaðar og kemur til greiðslu eigi síðar en 6 mánuðum eftir úttekt á ystu klæðningu þaks og klæðningu veggja, ef um timburhús er að ræða. Síðasti hlutinn er 40% byggingarkostnaðarins og kemur til greiðslu 6 mánuðum eftir að húsnæðið er tilbúið undir tréverk og málningu að innan. Þessar reglur taka mið af þeim byggingarstigum sem eru úttektarskyld samkv. hinni nýju byggingarreglugerð, nr. 292 og 298 frá síðasta ári. Meðan lánin hafa enn ekki náð því hlutfalli kostnaðarverðs, sem að er stefnt, verður hver einstök lánsútborgun að sama skapi lægri. Með þessum reglum er útborgun lánsfjárins tengd mun betur raunverulegri verkframvindu en nú er. Þá ætti sú tilhögun að veita formlegt lánsloforð fyrir fyrsta hluta lánsins, sem er framseljanlegt, t. d. til banka eða sparisjóðs, að auðvelda öllum bráðabirgðafyrirgreiðslu frá þeim stofnunum. Jafnframt er þó fyrir því séð, að ætíð sé nægileg trygging fyrir hendi og hagsmunum sjóðsins sé ekki teflt í tvísýnu.

Önnur afleiðing þessa fyrirkomulags og ekki síður afdrifarík er sú, að hver einstök lánveiting ræðst af kostnaðarverði staðalíbúðar á þeim tíma er útborgun lánsins fer fram. Þetta kostnaðarverð er endurskoðað til samræmis við breytingu byggingarkostnaðar á þriggja mánaða fresti. Af þessu leiðir að verðbólgan vinnur ekki gegn hagsmunum húsbyggjandans og rýrir lánsfé hans með þeim hætti sem nú er. Samkvæmt gildandi reglum fær húsbyggjandinn lán af þeirri fjárhæð sem gildir þegar umsókn hans barst Húsnæðismálastofnun. Það hefur síðan engin áhrif á lánsfjárhæðina þó hlutar hennar komi ekki til greiðslu fyrr en t. d. hálfu öðru eða tveimur árum síðar, þegar verðlag er gjörbreytt orðið. Þetta kemur einnig til móts við þarfir byggingarfyrirtækja og húseiningaverksmiðja. Auk þess verður að ætla að framkvæmdalán samkvæmt 9. tölul. 10. gr., sem nánar eru skýrð í 29. gr. frv. og enn ítarlegar í 16. og 17. gr. reglugerðarinnar, muni geta létt þessum fyrirtækjum róðurinn.

Þarna er að vísu gert ráð fyrir veigamikilli aðild innlánsstofnana sem veiti skammtímafyrirgreiðslu út á ákveðin tiltekin lánsloforð. Slík skammtímafyrirgreiðsla við einstök fyrirtæki er eðlilegra viðfangsefni banka og annarra innlánsstofnana en veðlánakerfis hins opinbera til íbúðarbyggjenda. — Þess má geta til fróðleiks, að í Noregi greiðir Húsbankinn ekki eyri út af sínum lánum fyrr en byggingu er alveg lokið. Í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi tíðkast einnig slíkt samspil bankakerfisins og hins opinbera íbúðarlánasjóðs. Á byggingartímanum veita bankar skammtímalán, sem íbúðalánasjóðirnir breyta síðan í langtímalán að hluta eða öllu leyti þegar framkvæmdum er lokið.

Það er ekki úr vegi að víkja nú að því hlutverki sem innlánsstofnanirnar, þ. e. bankar og sparisjóðir, mundu einkum gegna samkv. frv. í fjármögnun íbúðabygginga og íbúðakaupa. Hlutdeild þessara stofnana í fjármálamyndun í íbúðarhúsnæði hefur löngum verið ærin og afar mikilvæg. Lætur nærri að um eða yfir helmingur af útlánum sparisjóða renni beint til íbúðabygginga, mest í formi meðallangra lána, nú síðast einkum vaxtaaukalána. Bein lán bankanna til íbúðarhúsabygginga hafa hins vegar lengst af verið meira í formi skammtímafyrirgreiðslu, einkum stuttra víxillána, sem þó hafa oft verið framlengd eða jafnvel breytt í föst lán. Auk þess keyptu þessir aðilar áður fyrr vaxtabréf veðdeildarinnar fyrir verulegar fjárhæðir. Samkv. opinberum hagskýrslum mun hlutdeild innlánsstofnana í heildarfjármunamyndun í íbúðarhúsnæði hafa numið um 12% árið 1977 og nær 15% árið 1978. Svarar það til rúmlega 5 milljarða kr. á verðlagi þess árs, þ. e. a. s. 1978 og er þá miðað við útlánaaukningu þessara stofnana á árinu, þannig að heildarfjárhæð veittra lána er töluvert hærri.

Þótt nauðsynlegt sé að gera vissa fyrirvara við þá lánaflokkun sem hér er byggt á, er þó ljóst að um mikla fjármuni er hér að tefla. Samkv. frv. yrðu meginviðfangsefni innlánsstofnana á sviði íbúðarlánamála væntanlega þessi:

1. Að veita einstaklingum bráðabirgðalán til nýbygginga út á lánsloforð Húsnæðismálastofnunar.
2. Að fjármagna einnig til skamms tíma framkvæmdir á vegum byggingarfyrirtækja og framleiðenda staðlaðra húsa eða húshluta, einnig gegn framvísun fyrrgreindra lánsloforða frá veðlánakerfinu.
3. Að veita lán til kaupa á eldra húsnæði þeim aðilum sem eiga fyrir íbúðir eða aðrar tilsvarandi eignir.
4. Að fjármagna á framkvæmdatímanum endurbætur og endurnýjun eldra húsnæðis og meiri háttar viðbygginga við það, svo og þann endurbótakostnað sem sérstaklega er lánað til vegna orkusparandi áhrifa hans.

Hér er að sjálfsögðu gengið út frá þeim aðstæðum sem eru langtímamarkmið þessa frv., þeim mörkum milli verkefna veðlánakerfisins og almennra innlánsstofnana sem mundu þróast og skýrast á nokkru árabili.

Sé litið yfir byggingarstarfsemina hér á landi frá aldamótum blasa við sjónum okkar nokkrar staðreyndir.

Byggingartími hefur hér jafnan verið lengri í samanburði við nálægar þjóðir, íbúðir fremur stórar og fjárfesting í íbúðum tiltölulega hátt hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu og af bruttófjárfestingu í fastafjármunum.

Þá er það einkennandi fyrir þetta tímabil, að tiltölulega miklar sveiflur hafa verið á því, hve mikið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði. Hafa þær sveiflur lengst af haldist í hendur við ýmsar ytri aðstæður og afkomu þjóðarbúsins á hverjum tíma. Byggingarstarfsemin hefur því síður en svo stuðlað að jafnvægi í verðlags- og atvinnumálum. Þvert á móti, hún virðist fremur hafa ýtt undir og aukið á slíkar sveiflur.

Auðvitað er gott eitt um það að segja, að þjóðin eignist rúmgóðan og vandaðan húsakost. Það er eðlileg afleiðing af okkar stríðu og umhleypingasömu veðráttu og tiltölulega löngu inniveru. Húsnæðið er mikilvægur og verðmætur þáttur í almennri menningu okkar og verður, er til lengdar lætur, mikilvægt þjóðarverðmæti. Þá er það viðurkennt, að hin mikla og almenna eign fólks í eigin húsnæði hefur öðru fremur orðið brjóstvörn þess gegn ágangi óðaverðbólgu síðustu áratuga. En einmitt vegna þessa *mikilvægis er þeim mun brýnna að stjórnvöld móti* skynsamlega húsnæðislánastefnu til langs tíma, — stefnu sem vinnur gegn þeim agnúum sem enn eru á byggingarstarfseminni: löngum byggingartíma, kostnaðarsömum framkvæmdum og sveiflum í framkvæmdamagni. Allt á þetta að einhverju leyti rætur að rekja til þess að fjármögnun opinbera veðlánakerfisins hefur verið handahófskennd og ómarkviss, útlánakjörin lengst af óraunhæf og fyrirgreiðsla við íbúðabyggjendur bæði seinvirk og ónóg í senn.

Það væri sannarlega verðugt verkefni og eftirminnilegt, ef núverandi löggjafarþing minntist átta áratuga afmælis opinberra veðlána til íbúðabygginga, sem er 12. jan. 1980, og þess stórhug, sem Alþ. þá sýndi, er þjóðin var rétt að vakna af aldalangri fátækt og umkomuleysi, með því að leggja nú hornstein að nýrri og djarfhuga stefnu í húsnæðislánamálum, — stefnu sem gerði okkur mögulegt að byggja upp á tiltölulega fáum árum öfluga og sjálfbjarga íbúðarlánasjóði sem veitt gætu húsbyggjendum á viðráðanlegum kjörum fullnægjandi fyrirgreiðslu og sambærilega við það sem tíðkast í *nágrannalöndum okkar, — stefnu sem gerði ungu fólki* kleift að láta rætast hinn íslenska draum um eigið húsnæði án þess að bestu árum ævinnar sé kastað á glæ í þrotlausu striti og fjárhagslegum áhyggjum, sem oft hafa bitnað óbætanlega bæði á börnum húsbyggjenda og heimilislífi þeirra. Slíka stefnu tel ég frv. þetta marka hvað varðar lán til byggingar eða til kaupa á nýju húsnæði.

Mér hefur orðið tíðrætt um nýbyggingarlánin, enda eru þau langmikilvægust allra útlánaflokkanna, eins og áður segir. Til þeirra runnu á síðasta ári um 6.2 milljarðar kr. eða sem næst 43% af heildarútlánum Byggingarsjóðs ríkisins, og eru framkvæmdalán og lán til leigu- og söluíbúða á vegum sveitarfélaga þá ekki meðtalin. Auk þess eru breytingar samkv. frv. þessu líklega mestar og róttækastar innan þessa flokks.

Ég vík þá að næsta lánaflokki, þ. e. lánum til kaupa á eldra húsnæði. Hann á sér ekki langa hefð í sögu húsnæðismála hér á landi. Til hans var stofnað með lögum nr. 30 frá 1970 og heimilað að verja til þessara lána ákveðinni fjárhæð árlega, upphaflega 50 millj. kr., en nánari reglur um úthlutun, lánstíma o. fl. skyldu settar í reglugerð. Það var síðan gert með reglugerð nr. 204 frá 1970 og þar ákveðið að lánin mættu nema allt að hálfri fjárhæð hámarksláns til nýbygginga. Með lögum nr. 72 frá 1972 var heildarlánsheimildin hækkuð í 80 millj. kr. og í 160 millj. kr. með lögum nr. 23 frá 1975. Þetta hámark var síðan afnumið með lögum nr. 38 frá 1976, en ákveðið að húsnæðismálastjórn skyldi árlega gera tillögur til ráðh. um heildarlánsfjárhæðina.

Þessi lánaflokkur er nú orðinn annar stærsti útlánaflokkur Byggingarsjóðs ríkisins. Til hans var á síðasta ári varið um fjórðungi alls ráðstöfunarfjár sjóðsins. Mér býður í grun, að fæsta hafi órað fyrir þeirri þróun þegar lánsheimildin var upphaflega lögfest. Hún virðist nánast hafa dottið inn í lögin eins og af himnum ofan, var tæpast á hana minnst í umr. um frv. hér á hv. Alþ. Frsm. gat hennar sem nýmælis án frekari aths. Mér hefur virst, *að næst því að taka til hennar efnislega afstöðu hafi sá* þm. komist, sem sagði að þetta væri út af fyrir sig nauðsynjamál, en fann hins vegar að því að fjármagn til útlána í nýtt húsnæði skertist að sama skapi. Svo virðist að þróun þessara mála síðan beri nokkurt svipmót hinnar *losaralegu tilurðar, boltinn hafi nánast oltið undan hall*anum og hlaðið utan á sig án þess að honum væri nema að litlu leyti mörkuð fastmótuð stefna eða tilgangurinn með ferð hans tilgreindur: hver væru hin þjóðfélagslegu markmið með þessum lánum, hvernig þeim væri best fyrir komið, hvaða áhrif þau hafi í raun haft á nýtingu eldra húsnæðis, á verð fasteigna og kröfur um útborgun í fasteignaviðskiptum. Þó varðar það mestu, að til þessara lánveitinga hefur aldrei verið aflað sérstakra tekna. Þær hafa því haft víðtæk og afdrifarík áhrif á útlánagetu Byggingarsjóðs til annarra verkefna, — áhrif sem nauðsynlegt er að íhuga og bera saman við þann ávinning sem af þeim kann að hafa orðið.

Áður en lengra er haldið ætla ég að gera nánari grein fyrir því, hvernig þessi lán hafa þróast og vaxið. Árið 1971, fyrsta heila árið sem lán þessi voru veitt, var fjöldi þeirra 450. Árið 1974 voru lánveitingar enn aðeins *rí*flega 400 talsins. Árið 1976 voru þær hins vegar orðnar 783, árið 1978 1897 og í fyrra urðu þær 2363. Heildarfjárhæð lánveitinganna hefur verið sem hér segir á verðlagi hvers árs:

Árið	1971	75.5	millj. kr.
—	1974	84.4	— —
—	1976	261.6	— —
—	1978	1532.0	— —
—	1979	3800.0	— —

Árið 1971 voru lán þessi 9.2% af heildarlánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins, en á síðasta ári um fjórðungur, eins og áður segir.

Um fjárhæð lánanna gilda að formi til enn þau ákvæði í reglugerðinni frá 1970, að þau megi nema allt að helmingi nýbyggingarláns. Sú heimild var notuð að fullu árið 1972, en síðan ekki aftur fyrr en árið 1978, en náði þá til þeirra einna, sem ekki áttu íbúð fyrir. Á síðasta ári giltu sömu reglur. Sá, sem var að eignast íbúð í fyrsta skipti, fékk allt að 2.7 millj. kr. að láni, en aðrir mest 1.5 millj. Í raun var meðalfjárhæð lánanna þó rúmar 1600 þús. kr. Þó hefur meðalfjárhæð þessara lána líklega aldrei verið hærri sem hlutfall af nýbyggingarlánum, eða 29.6%. Árið 1971 var þetta hlutfall reyndar 28%, en hefur lengst af verið mun lægra, t. d. aðeins 15.8% árið 1977.

Um markmiðið með þessum lánum þarf ekki að fara mörgum orðum. Þeim er ætlað að stuðla að bættri og

aukinni nýtingu þess húsnæðis, sem þegar er til í landinu. Þjóðfélagslegt mikilvægi þess er óumdeilanlegt ekki síst þegar inn í þá mynd kemur jafnframt nýting allrar þeirrar gífurlegu fjárfestingar, sem lagt hefur verið í, einkum af hálfu ríkis og sveitarfélaga, til aðstöðusköpunar í eldri íbúðahverfum og uppbyggingar á hinni margþættu opinberu þjónustu. Álitamál geta hins vegar risið þegar kemur að því að meta hve miklum árangri gildandi útlánareglur hafa skilað okkur. Það er skoðun mín, að sá árangur sé minni en efni standa til og því valdi rangar útlánareglur. Að vísu eru ekki handbærar neinar öruggar upplýsingar um bein áhrif þessara lánveitinga á nýtingu eldra húsnæðis. Ákveðnar og að mínum dómi marktækar vísbendingar má þó fá úr Árbók Reykjavíkurborgar, sem hefur að geyma tiltölulega vönduð yfirlit um þróun byggingarstarfseminnar í borginni. Þannig bjuggu að meðaltali aðeins um 2.3 íbúar í hverri íbúð í eldri hverfum borgarinnar í árslok 1977, en um 3.3 íbúar að meðaltali í nýrri hverfunum. Þó er hlutfallslega mun meira af íbúum í eldri hverfunum í einbýlis- og tvíbýlishúsum, eða tæp 30% í Vesturbæ, en aðeins 16.4% í Breiðholti. Sambærilegar tölur um íbúafjölda á íbúð eru víða miklum mun hærri í nágrannabyggðarlögunum eða um 3.6 á Seltjarnarnesi, 4.1 í Garðabæ og 5.5 í Mosfellssveit. Tilsvarandi samanburður við árslok 1978 sýnir að þetta ástand fer enn versnandi. Þannig minnkaði nýting íbúðarhúsnæðis á árunum 1978 úr 2.42 íbúum á íbúð í Vesturbæ í 2.36, úr 2.33 í 2.27 í Austurbæ. Tilsvarandi meðaltalstölur fyrir borgina alla eru 2.84 í árslok 1977, en 2.75 í árslok 1978. Þetta hlutfall var fyrir 10 árum 3.5 íbúar á íbúð. Forðast ber að draga af þessum tölum of almennar ályktanir um einstaka af mörgum áhrifaþáttum, sem þarna verka vafalaust saman. Þó hljóta þær að veita líkur fyrir því, að lánveitingar opinbera veðlánakerfisins til kaupa á eldra húsnæði hafi ekki náð tilgangi sínum þrátt fyrir stórfellda aukningu heildarlánsfjárhæðarinnar. Ég held að skýringin sé sú, að lánsfénu sé dreift í of marga staði. Fjárhæð einstakra lána er að vísu nægilega há til að íbúðarkaupendur telji ómaksins vert að sækja um þau hafi þeir á annað borð áhuga að kaupa eldra húsnæði. Hún er hins vegar ekki nægilega há til þess að hafa úrslitaáhrif á þá ákvörun. Á síðasta ári var meðallánsfjárhæðin aðeins rúmlega 1600 þús. kr., eins og áður segir. Svarar það til um 8.5% af meðalútborgun í fjögurra herbergja íbúð í Reykjavík á þriðja ársfjórðungi síðasta árs.

Af þeim ástæðum, sem ég hef nú skýrt, er í frv. mörkuð sú stefna að áskilja þeim forgangsrétt til lána sem eru að eignast íbúð í fyrsta skipti, en veita þeim jafnframt fyrirgreiðslu sem er sambærileg við þá sem íbúðabyggjendur njóta. Markmiðið er sem sagt að gefa þeim, sem eru að eignast sína fyrstu íbúð, raunhæft val á milli þess að gera það með nýbyggingu eða kaupum á eldri íbúð, að því er opinbera lánafyrirgreiðslu varðar. Á það er hins vegar að líta, að til þessa útlánaflokks eru ætlaðir takmarkaðir fjármunir, sama fjárhæð að raungildi og á síðasta ári að viðbættri aukningu sem svarar til vaxtar á þjóðartekjum. Hækkandi lán í hlutfalli af umframfjárþörf til samræmis við hækkun lánahlutfalls til nýbyggingar mun því með tímanum valda því, að draga verður úr útlánum til kaupenda á eldra húsnæði sem eiga eða áttu íbúðir fyrir. Gagnvart þeim verður að treysta á banka og sparisjóði, eins og áður er vikið að, enda dregur þá samtímis og að sama skapi úr þörfinni fyrir lán þessara stofnana til nýbygginga, svo og þeirra sem eignast sínar fyrstu íbúðir í eldra húsnæði. Í því sambandi vil ég minna á það, að raungildi innlána hjá bönkum og sparisjóðum virðist nú fara vaxandi. Reglur þessar eru þó oft ekki hafðar fortakslausar, heldur svigrúm til mats á sérstökum aðstæðum. Ekki eru tök á að binda lánsréttinn hér við ákveðnar stærðir þess húsnæðis sem keypt er, því að fyrirkomulag og nýting eldra húsnæðis er víða með allt öðrum hætti en nú tíðkast. Hins vegar er sá varnagli settur í reglugerð, að ekki skal miða lánveitingu við hærra kaupgjald en svarar byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar sem gildir til viðmiðunar fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu. Þá eru í reglugerð sett nánari ákvæði um það, með hvaða hætti skuli beitt heimild laganna til skerðingar á lánsréttindum. Til að mæta sveiflum, sem geta orðið á fjölda nýbyggingar- og íbúðakaupalána milli ára, er í 31. gr. sett heimild til flutnings ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Þess skal að lokum getið, að Finnar munu einir hinna Norðurlandaþjóðanna veita lán sem þessi úr opinbera veðlánakerfinu. Gilda um þau flóknar reglur, svo sem um forgangsröðun af hálfu sveitarfélaga og tillit til félagslegra sjónarmiða.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir tveimur fyrstu útlánaflokkum almennu veðlánanna samkv. 10. gr. frv., en jafnframt þeim langmikilvægustu. Fer ég því fljótt yfir sögu varðandi þá sjö flokka sem enn eru ótaldir.

Þriðji útlánaflokkurinn fjallar um lán til dvalarheimila fyrir aldraða og til dagvistunarstofnana fyrir börn. Helstu meginreglur um þennan lánaflokk eru síðan í 16., 17. og 18. gr. frv. og frekari útfærsla í 12. gr. reglugerðar. Takmarkaðar heimildir til lánveitinga af þessu tagi hafa um nokkurt skeið verið í lögum um Húsnæðismálastofnun. Þannig er í lögum nr. 30 frá 1970 heimild til að veita lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og skipulagsskyldum kauptúnum. Á grundvelli þeirra hafa verið veitt lán til byggingar leiguíbúða fyrir aldraða og öryrkja, einkum þó eftir árið 1974.

Árið 1976 var tekin upp heimild til að veita lán til endurbóta á húsnæði aldraðra. Hafa þau lán lotið sömu reglum og lán til kaupa á eldra húsnæði, en verið takmörkuð við ellilífeyrisþega, þ. e. þá sem náð hafa 67 ára aldri. Í lögunum frá því í fyrravetur var síðan heimilað að veita lán til byggingar vistheimila aldraðra og dagvistunarstofnana fyrir börn. Ég held, að útlánareglur frv. skýri sig að mestu sjálfar, og fjalla því ekki nánar um þær að sinni.

Í 4. lið 10. gr. eru heimilaðar lánveitingar til meiri háttar viðbygginga svo og til endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði. Tilgangur þeirra er að sjálfsögðu einkum sá að stuðla að bættu viðhaldi og betri nýtingu þess húsnæðis sem til er í landinu. Eru þar höfð í huga jöfnum höndum fjárhagssjónarmið og það, að mörg eldri hús hafa sögulegt og menningarlegt gildi sem skylt er að varðveita þegar kostur er. Lán til viðbygginga hafa verið veitt úr Byggingarsjóði ríkisins frá stofnun hans, en hins vegar ekki almenn lán til viðhalds eða endurbóta. Slík lán hafa ekki verið veitt fyrr en húsnæðið var hreinlega orðið heilsuspillandi og þá til að útrýma því. Veðdeildin mun hins vegar hafa veitt slík viðhaldslán að einhverju marki á sínum tíma. Ég hygg að þessi lánaflokkur þarfnist ekki sérstakrar skýringar.

Fimmti útlánaflokkurinn eru lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Fyrstu heimildir til slíkra lána

munu hafa verið í II. kafla laga um húsnæðismálastjórn, nr. 55 frá 1955. Fjallað er um þessi lán í sérstökum kafla gildandi laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, en þau eru sem kunnugt er að stofni til frá árinu 1970. Slíkt verður þó að teljast ofrausn því að mikilvægi þessa lánaflokks gefur naumast tilefni til slíks. Þær reglur hafa gilt um þessi lán, að veitt hefur verið til þeirra sérstök fjárveiting á fjárlögum, sem sífellt hefur rýrnað eins og slíkar fjárveitingar gjarnan gera. Féð hefur verið lánað gegn jafnháu framlagi eða láni hlutaðeigandi sveitarfélags.

Frv. gerir ráð fyrir gerbreyttri skipan þessara mála, svo sem nánar er lýst í 21. og 22. gr. Lánin verði tvenns konar: Annars vegar venjuleg nýbyggingarlán, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn tekur til byggingar íbúða sem síðan eru seldar því fólki sem áður bjó í hinu heilsuspillandi húsnæði. Einnig á sveitarstjórn völ á láni samkv. III. kafla frv., en það nemur 90% af byggingarkostnaði íbúðar sem síðan skal leigð fyrri íbúum hins heilsuspillandi húsnæðis. Ætla verður að þýðing þessa lánaflokks aukist nokkuð á nýjan leik, þar sem almenna veðlánakerfið hefur nú tekið við því hlutverki að lána til íbúðabygginga í sveitum, en þar er áreiðanlega víða þörf mikilla endurbóta íbúðarhúsnæðis.

Sjötti flokkurinn er sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir. Koma þau í staðinn fyrir, en eru jafnframt mun rýmri en þau ákvæði í gildandi lögum sem hafa heimilað sérstök lán til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Til þeirra lána var stofnað árið 1972 og hafa gilt um þau sambærilegar reglur og um lán til kaupa á eldra húsnæði. Um þau lán hefur þó skort ákvæði í reglugerð. Ég held að þetta sé þarft mál og gott.

Sjöundi útlánaflokkurinn eru lán til orkusparandi breytinga á húsnæði. Eru þau nýmæli hér á landi, en hafa hins vegar tíðkast um nokkurt skeið á hinum Norðurlöndunum. Þessi lán ættu að geta orðið mikilsvert framlag að því marki að koma við jöfnun á upphitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis, sem er nauðsynja- og réttlætismál. Ætla verður að framan af færu þessi lán einkum til að bæta einangrun húsa utan hitaveitusvæða. Má í því sambandi tilfæra þær niðurstöður úr áliti orkusparnaðarnefndar, sem starfaði á vegum iðnrn. s. l. haust, að kostnaður við að einangra 120 m² þak með 20 cm glerull sé um 700 þús. kr., en beinn olíusparnaður af slíkri breytingu geti á ári munið um 350 þús. kr. miðað við núv. olíuverð. Áætlar nefndin að a. m. k. 2000 þök séu nú óeinangruð í húsum á olíukyntum svæðum. Gert er ráð fyrir að árlega verði varið ákveðinni fjárhæð til þessara lána á fjárlögum. Er þar vissulega til mikils að vinna, ef 1400 millj. kr. fjárfesting gæti skilað þjóðarbúinu aftur árlega um 700 millj. kr. í hreinum gjaldeyrissparnaði. Ég held að útlánareglurnar, sem eru í 25. og 26. gr. frv., skýri sig að mestu sjálfar, svo og ákvæði 11. gr. reglugerðardraganna.

Áttundi lánaflokkurinn fjallar um lán til tækninýjunga í byggingariðnaði. Svo sjálfsagt sem það nú er að styrkja öfluglega rannsóknir á og tilraunir með tækninýjungar, sem leitt geta til lækkunar á byggingarkostnaði, hafa aldrei verið í lögum um Húsnæðismálastofnun heimildir til að veita lán til þeirra mála. Hins vegar hefur það frá byrjun verið talið til verkefna Húsnæðismálastofnunar að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, og á grundvelli svo hæpinna heimilda hefur stofnunin stundum veitt lán eða styrki í þessu skyni. Ákvæðin um þessi lán eru af skiljanlegum ástæðum höfð mjög rúm og lagt í vald stjórnar stofnunarinnar að ákveða lánsfjárhæð og lánstíma hverju sinni. Framkvæmd þessara lánveitinga er ítarlega skýrð í 15. gr. reglugerðardraganna.

Níundi og síðasti útlánaflokkurinn eru svo lán til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði. Ég hef áður vikið að því, hvernig ætlað er að tilhögun þeirra lána verði. Ég vil aðeins ítreka það, að eðlilegast er að lánastofnanir sjái fyrirtækjum í byggingariðnaði fyrir rekstrarfé, eins og almennt gerist í öðrum atvinnugreinum, þó hitt sé til bóta og sjálfsagt að almenna veðlánakerfið greiði fyrir því að slík fyrirgreiðsla fáist með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv.

Ég hef áður gert ítarlega grein fyrir útlánareglum sjóðsins, sem eru settar í einu lagi fyrir alla lánaflokka í 30. gr., svo og þeim fjárstreymisathugunum sem þar er byggt á. Ákvæði 32. gr. hef ég einnig skýrt ítarlega áður. Læt ég því að sinni lokið umfjöllun um II. kafla frv.

Vík ég þá næst að III. kafla þess, sem fjallar um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar. Mun ég fara þar mun fljótar yfir sögu, því að ákvæði hans eru flest ítarleg og skýr og ekki um slíkar grundvallarbreytingar að ræða þar sem í almennum veðlánum. Bygging íbúða á félagslegum grundvelli á sér alllangan aldur hér á landi. Að baki slíkum framkvæmdum býr það sjónarmið, sem hlotið hefur almenna viðurkenningu, að það sé þjóðfélagsleg nauðsyn og sjálfsagt réttlætismál, að samfélagið veiti þeim þegnum sínum, sem lakasta aðstöðu hafa, aðstoð til að eignast eða fá til afnota húsnæði sem standist lágmarkskröfur um stærð, búnað og hollustuhætti. Það er því mjög að vonum, að verkalýðssamtökin hafa látið húsnæðismál meira til sín taka en nokkurn annan þátt þjóðmála, ef bein kaup- og kjaraatriði eru ein undanskilin. Framan af voru það einkum hinir pólitísku fulltrúar verkalýðsflokkanna sem sóttu þessi mál á Alþ., en í seinni tíð hafa þau dregist sífellt meir og meir inn í gerð almennra kjarasamninga í landinu.

Löggjöf um byggingu verkamannabústaða hér á landi átti hálfrar aldar afmæli á síðasta ári. Saga þeirra er vissulega heillandi og fróðleg. Hún er saga baráttu fyrir umbótum í húsnæðismálum, en jafnframt er hún í hnptskurn saga þess ótrúlega árangurs sem þjóðin öll hefur náð í sókn sinni til betra mannlífs og bættra lífskjara á örfáum síðustu áratugum. Hér er hvorki staður né stund til að rekja hana, en helstu tímamóta vil ég þó geta.

Fyrstu lög um verkamannabústaði voru afgreidd frá Alþ. 18. maí 1929. Fróðlegt er að sjá að á þessum tíma voru enn á landinu fleiri torfbæir en steinsteypuhús, eða 3665 á móti 3294 steinsteypuhúsum. Timburhús voru þó flest eða 6595. Strax á næsta ári eftir setningu verkamannabústaðalaganna voru stofnuð byggingarfélög verkamanna á Akureyri, Siglufirði, Patreksfirði, Flateyri og í Reykjavík. Fyrst var hafist handa um byggingarframkvæmdir á Akureyri og í Reykjavík. Samkv. þessum lögum voru stofnaðir byggingarsjóðir verkamanna í öllum þeim byggðarlögum, þar sem byggingarfélög verkamanna voru stofnuð. Höfðu þeir eigin stjórnir og fengu tekjur frá ríki og sveitarfélögum. Eftirtektarvert er, að samkv. lögunum skyldu byggingarsjóðirnir veita lán sem næmu allt að 85% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Var það gert í reynd í fyrsta byggingarflokki í Reykjavík, en eftir það námu lánin hæst 80% af byggingarkostnaði. Árið 1935 var sú breyting gerð, að stofnaður var einn heildarsjóður, Byggingarsjóður verkamanna, og til hans lagðir byggingarsjóðir verkamanna í

hinum einstöku byggðarlögum sem jafnframt hættu störfum sem slíkir. Í maí 1939 voru gefin út brbl. og ákveðið að stjórn hvers byggingarfélags verkamanna skyldi skipuð fimm mönnum, þar sem formaður er skipaður af ráðh., og aðeins eitt byggingarfélag verkamanna í hverju byggðarlagi gæti notið lána úr Byggingarsjóði verkamanna. Varð það til þess, að Byggingarfélag alþýðu í Reykjavík hætti framkvæmdum við byggingu verkamannabústaða, en í þess stað var stofnað Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík sem hafði þær framkvæmdir með höndum allt þar til núgildandi lög voru sett í maí 1970. Á grundvelli þessarar lagasetningar voru byggðar samtals 1748 íbúðir víðs vegar í landinu. Er gildi þeirra byggingarframkvæmda ómetanlegt.

Þegar kom fram á sjöunda áratuginn varð ljóst, að verkaefni Byggingarsjóðs verkamanna voru orðin honum ofvaxin. Fékk hann ekki einn við ráðið að veita hin háu lán til íbúðabygginga á vegum verkamannabústaðakerfisins. Af því leiddi að framkvæmdir gengu hægt og sífellt dró úr verkamannabústaðabyggingum. Hefur þetta ástand vafalaust átt sinn þátt í þeirri breytingu sem varð á þróun mála með júní- og júlíyfirlýsingunum 1964 og 1965. Með þeim er brotið blað í sögu íbúðabygginga fyrir launafólk, auk þess sem þær höfðu mjög mikla þýðingu fyrir þróun fjármögnunar og lánamála hins almenna lánakerfis á þessum árum og síðar. Skal nú að þeim vikið.

Fyrri hluta árs 1964 fóru fram umfangsmiklar viðræður um kjaramál innan Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og þáv. ríkisstj. Í þeim var af hálfu ASÍ lögð mikil áhersla á úrbætur í húsnæðismálum. Lauk þeim með samkomulagi þessara aðila í fjórum liðum og fjallaði einn þeirra um húsnæðismál. Samkv. honum skuldbatt ríkisstj. sig til að afla stóraukins fjár til aukningar á lánveitingum Húsnæðismálastofnunar til íbúðabygginga, sem dregist höfðu mjög á langinn. Ákveðið var að koma á kerfisbreytingu íbúðalána frá og með 1965 á þann veg, að tryggt væri fjármagn til að veita lán til ákveðins fjölda íbúða á ári. Skyldi við það miðað, að tryggð væri bygging 1500 íbúða á ári, en síðan færi talan smáhækkandi í samræmi við áætlanir um þörf fyrir nýjar íbúðir. Þá var jafnframt ákveðið, að Húsnæðismálastofnun skyldi veita efnalitlum félagsmönnum verkalýðsfélaganna sérstök aukalán. Í samkomulagi þessu var bundið fastmælum, að ríkisstj. beitti sér fyrir öflun lánsfjár til byggingar verkamannabústaða. Forsendur fyrir því, að þetta gæti gerst, voru m. a. þær, að lagður var á launagreiðendur almennur 1% launaskattur, er rann til Byggingarsjóðs ríkisins, og að ríkisframlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs gengi árlega til kaupa á íbúðalánabréfum hins almenna veðlánakerfis. Komið skyldi á nýju kerfi íbúðalána fyrir lífeyrissjóði til samræmis við þær reglur sem gilda um lán húsnæðismálastjórnar, eins og það var orðað.

Óhætt er að fullyrða að útbætur þær, sem fengust með samkomulagi þessu, voru mjög mikilvægar. Þó var nú skammt stórra högga á milli. Vorið 1965 voru kjaramál enn til meðferðar. Verkalýðssamtökin lögðu þá aftur mikla áherslu á úrbætur í húsnæðismálum. Lögðu þau fram tillögur í húsnæðismálum, um lagfæringu á lánakjörum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, skipulegt átak í byggingarmálum með fjöldaframleiðslu hagkvæmra íbúða fyrir láglaunafólk árin 1966—1970 og endurskoðun laga um verkamannabústaði og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Leiddu viðræður um tillögurnar til þess, að í júlíbyrjun 1965 gaf ríkisstj. út yfirlýsingu sem nefnd hefur verið júlíyfirlýsingin 1965. Í fyrsta lagi var ákveðið að hækka fjárhæðir byggingarlána hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, og náði sú ákvörðun yfir tímabilið 1964—1970. Í öðru lagi var ákveðið, að ríkisstj. og Reykjavíkurborg skyldu í samvinnu við verkalýðssamtökin hefjast handa um byggingu hagkvæmra og ódýrra íbúða í fjölbýlishúsum. Stefnt var að því að nota fjöldaframleiðsluaðferðir og að byggðar væru ekki færri en 250 íbúðir á ári frá og með árinu 1966 og fram til ársins 1970. Af þessum 250 íbúðum voru 200 ætlaðar til sölu til láglaunafólks í verkalýðsfélögunum, en 50 skyldi ráðstafað af Reykjavíkurborg, m. a. til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Íbúðirnar voru seldar með áhvílandi láni frá Byggingarsjóði ríkisins, er nam 80% af byggingarkostnaði þeirra, til 33 ára. Yfirumsjón með framkvæmdum þessum var í höndum nefndar, sem kölluð var Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar.

Loks fjallar yfirlýsingin um það, að unnið skyldi að því af hálfu ríkis og sveitarfélaga að tryggja láglaunafólki húsnæði sem ekki kosti það meira en hóflegan hluta árstekna. Í þessu skyni var hafin endurskoðun laga um verkamannabústaði og gildandi lagaákvæða um opinbera aðstoð til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Meginmarkmið þeirrar endurskoðunar var endurreisn verkamannabústaðakerfisins, og verður ekki annað sagt en hún hafi náðst með setningu hinna nýju laga í maí 1970. Með þeim lögum, sem gilda enn, voru ýmsar breytingar gerðar. Í fyrsta lagi voru nú verkamannabústaðalögin felld inn í hina almennu húsnæðismálalöggjöf, en höfðu áður verið sérstök lög. Í öðru lagi var ákveðið að Byggingarsjóður ríkisins skyldi veita venjuleg byggingarlán til allra íbúða í verkamannabústöðum, hafði ekki verið svo áður. Jafnframt skyldi Byggingarsjóður verkamanna veita til viðbótar lán út á hverja íbúð, þannig að samtals næmu lán beggja sjóðanna 80% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Þá var einnig ákveðið að leggja niður starfsemi byggingarfélaga verkamanna sem framkvæmdaaðila, en í stað þeirra myndaðar framkvæmdanefndir sem bera heitið stjórnir verkamannabústaða. Hafa þær síðan haft með höndum alla stjórn á framkvæmdum við byggingu verkamannabústaða hver í sínu byggðarlagi.

Hallað hefur undan fæti fyrir verkamannabústaðakerfinu frá því að lögin um byggingu 1000 leiguíbúða á vegum sveitarfélaga voru sett í apríl 1973. Samkv. þeim voru veitt lán úr Byggingarsjóði ríkisins sem nema 80% byggingarkostnaðar við gerð hverrar þessara íbúða. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess, að áhugi bæjar- og sveitarstjórna hefur víðast beinst að byggingu leiguíbúða. Samkv. verkamannabústaðalögunum ber bæjar- og sveitarstjórnum að leggja fram umtalsvert fjármagn í Byggingarsjóð verkamanna óski þær eftir byggingu verkamannabústaða. Þetta hefur leitt til þess, að flestar sveitarstjórnir hafa kippt að sér höndinni um slíkar byggingarframkvæmdir á síðustu árum.

Er þá komið að þeim þætti sem nefna mætti undanfara III. kafla þessa frv., en það er yfirlýsing þáv. ríkisstj. um húsnæðismál frá 26. febr. 1974. Er sú saga rakin og skýrð í aths. með frv. og verður því ekki endurtekin hér.

Þó allur texti verkamannabústaðalaganna sé endursaminn í þessu frv. og skipan hans með ýmsum hætti breytt, má segja að í megindráttum sé þó byggt á sömu grundvallarhugmyndum og í gildandi lögum. Sérstakur veðlánasjóður, Byggingarsjóður verkamanna, sem lýtur

stjórn húsnæðismálastjórnar, fjármagnar framkvæmdirnar. Aðilar eru áfram hinir sömu: ríki, sveitarfélög og stéttarfélög, þótt hlutur hinna síðast töldu sé aukinn til muna. Sömu reglur eða áþekkar eru um framkvæmdaganginn, réttindi og skuldbindingar íbúðakaupenda, og markmiðið er að sjálfsögðu enn hið sama. En þótt meginstefnan sé þannig óbreytt er þó fjölmörgu vikið til, ekki síst þegar nálgast það markmið endurskoðunarinnar að efna fyrirheit sem stjórnvöld hafa ítrekað gefið samtökum launafólks um aðgerðir og úrbætur í þessum málum.

Ég gerði í upphafi framsögu minnar ítarlega grein fyrir fjárstreymi innan veðlánakerfisins alls og ræði það því ekki nánar hér. Þó verð ég að árétta mikilvægi þeirrar samstöðu og samvinnu stjórnvalda og samtaka launafólks um framkvæmd frv. sem fjárhagsákvæði þessa kafla byggjast á. Öflug aðild þeirra lífeyrissjóða, sem launþegasamtökin hafa komið sér upp, er beinlínis forsenda þess, að markmiðum frv. verði náð.

Vík ég þá að einstökum ákvæðum frv. Í 33. gr. er það skilgreint, hvað séu félagslegar íbúðabyggingar. Þar er nýmæli að ætla leiguíbúðum svo mikinn hlut í lausn á húsnæðismálum láglaunafólks og annarra þeirra sem þarfnast af félagslegum ástæðum sérstakrar fyrirgreiðslu og aðstoðar af opinberri hálfu. Verkamannabústaðir hafa ætíð verið byggðir sem eignaríbúðir, skilyrtar að vísu. Þeim framkvæmdum, sem nú eru í gangi um bygginga 1000 leigu- og söluíbúða á vegum sveitarfélaga samkv. lögum nr. 58 frá 1973, er ekki markaður slíkur félagslegur tilgangur.

Á fjáröflun til Byggingarsjóðsins eru gerðar fjórar breytingar sem skýrðar eru í aths. við 34. gr. Heldur er dregið úr kostnaðaraðild sveitarfélaganna, enda gefur fjárhagsafkoma þeirra flestra tilefni til slíks. Þá er það nýmæli, svo undarlegt sem það má nú virðast, að kveða skýrt á um ráðstöfun eiginfjármyndunar sjóðsins. Í gildandi lögum eru engin slík ákvæði og hafa afborganir og vextir af eigin fé hans því safnast upp á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands, og nema þær nú líklega um eða yfir 700 millj. kr. Í 34. gr. er svo lögfest það meginatriði yfirlýsinga fyrrv. ríkisstj. frá 1974 og 1976, að miða skuli fjáröflun til Byggingarsjóðsins við það, að hann geti fjármagnað a. m. k. 1/3 hluta af árlegri íbúðarþörf landsmanna.

Um áhrif þess, hvernig framkvæmdir og lánveitingar skiptast á almenna og félagslega veðmálakerfið, vísa ég til þeirrar töflu, sem er á bls. 35 í frv., svo og þeirra ályktana sem raktar eru og skýrðar á bls. 36.

Samkv. 36. gr. skal Byggingarsjóður verkamanna starfa innan Húsnæðismálastofnunar ríkisins og lúta stjórn húsnæðismálastjórnar, eins og er samkv. gildandi lögum. Sú tilhögun gilti raunar einnig fyrir 1970, á meðan sjóðurinn hafði sérstaka stjórn, að hún var kosin af Alþingi. Þó skipaði ráðh. einn stjórnarmann samkv. lögum nr. 3 frá 1935 og þar til brbl. voru sett í maí 1939. Á árabilinu 1929—1935, meðan sérstakir sjóðir störfuðu í hverju byggðarlagi, var skipan stjórnanna hins vegar með öðrum hætti. Til álita hefur komið og mikið verið um það rætt við undirbúning þessa frv., að samtökum launafólks væri tryggð bein aðild að sjóðsstjórninni, einkum þó fulltrúum Alþýðusambands Íslands. Að mínum dómi standa til þess ýmis rök, bæði sögulegs eðlis, en ekki þó síður hin veigamikla aðild þessara samtaka og lífeyrissjóða þeirra að fjármögnun veðlánakerfisins og framkvæmdum innan þess. Hins vegar náðist ekki samstaða um þessa breytingu í þeirri nefnd sem vann að undirbúningi sameiginlegrar stefnumótunar fyrrv. ríkisstj. í húsnæðislánamálum, og sá ágreiningur var ekki heldur leystur í ríkisstj. Fyrir breytingunni er því sennilega ekki meirihlutavilji hér á Alþ. og hef ég því kosið að leggja frv. fram með þeirri skipan sem lýst er í 36. gr., og ber að líta á það sem málamiðlun.

Í samræmi við þau markmið um framkvæmdamagn innan félagslega íbúðabyggingakerfisins, sem áður er lýst, eru í 37. og 38. gr. mun ákveðnari fyrirmæli um skipan framkvæmdastjórna og hlutverk þeirra en áður hefur verið í lögum um verkamannabústaði. Skylt er að skipa framkvæmdastjórnir í öllum kaupstöðum og kauptúnahreppum, og á þeim stjórnum hvílir afdráttarlaus frumkvæðisskylda í húsnæðismálum.

Samkv. 41. gr. eru stærðarmörk íbúða í verkamannabústöðum rýmkuð nokkuð, eða úr 100 í 110 m² samkv. mælingarreglum húsnæðismálastjórnar.

Ítarleg fyrirmæli um undirbúning framkvæmda og tilhögun þeirra eru í 40.—44. gr.

Í 45. gr. eru svo veigamikil ákvæði um það, hvaða skilyrði menn þurfi að uppfylla til að eiga rétt á íbúðum í verkamannabústöðum, eins og nú háttar með ákvörðun viðmiðunartekna eftir 14. gr. reglugerðar nr. 272 frá 1970. Samkv. reglugerðinni er hámarksfjárhæð meðalárstekna þrjú síðustu árin áður en íbúð er keypt 220 þús. kr. fyrir hjón og 20 þús. kr. fyrir barn. Þessar tölur eru miðaðar við árin 1967, 1968 og 1969 og þær á að reikna fram með vísitölu samkv. 5. mgr. 5. gr laga nr. 30 frá 1970. Á árinu 1979 eru þessar fjárhæðir 1 millj. 783 þús. kr. fyrir hjón og 163 þús. kr. fyrir hvert barn. Framreikningur viðmiðunartekna hefur undanfarin ár nánast fylgt vísitölu Dagsbrúnarkaups, án þess þó að áhrif vinnutímastyttingar og ýmissa annarra sérstakra þátta á taxta og tekjur hafi verið meðtalin. Vísitala viðmiðunartekna hefur af þessum ástæðum hækkað tæplega fimmtungi minna en kauptaxtar Dagsbrúnar. Jafnframt hafa tekjur vaxið töluvert örar en taxtar á þessu árabili.

Ein möguleg viðmiðun fyrir ákvörðun nýrra fjárhæða nú er að færa fjárhæðirnar í reglugerðinni upp með tekjum til að leiðrétta þá skekkju sem mismunandi breytingar tekna og taxta hafa valdið. Niðurstöður slíkra reikninga eru fjárhæðirnar 2 millj. 321 þús. kr. fyrir hjón og 211 þús. kr. fyrir hvert barn, og er þá miðað við breytingar á atvinnutekjum kvæntra verkamanna — tekjur eiginkonu og barna eru þá ekki meðtaldar — frá meðaltali áranna 1967—1969 til meðaltals áranna 1976—1978. Sé um hjón með tvö börn að ræða verður heildarfjárhæðin 2 millj. 743 þús. kr. Er það 10% hærri tala en meðalatvinnutekjur kvæntra verkamanna árin 1976—1978, en það hlutfall er hið sama og var í upphafi. Þessar fjárhæðir má einnig bera saman við tölur um meðaltekjur og tekjudreifingu á árinu 1977, sem sýna heildarfjölskyldutekjur kvæntra karla á kauplagi ársins 1977, og miðað við að meðalbarnafjöldi á framteljanda sé um það bil 1.5 yrði talan 2 millj. 430 þús. kr. Það er um 18—21% lægri fjárhæð en meðalbrúttótekjur ófaglærðra samkv. athugun Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar á tekjum ársins 1977. Samkv. tekjudreifingartölum þess árs má ætla, að tæplega 30% ófaglærðra kvæntra karla sé neðan þessara tekjumarka og tæpur fjórðungur allra kvæntra karla.

Þessi aðferð nær ekki því marki sem að er stefnt í frv., að Byggingarsjóður verkamanna eigi að fjármagna þriðjunginn af íbúðaþörf landsmanna. Með hliðsjón af

tekjudreifingartölum ársins 1977 má ætlast á um, hvaða tekjur tryggðu að þriðjungur allra kvæntra karla ætti kost á láni úr sjóðnum. Sú tala er á bilinu 2.5—3 millj. kr. á árinu 1977, sennilega um 2 millj. 750 þús. kr. Samkv. tekjudreifingartölunum má ætla að 40% allra ófaglærðra séu undir þessu marki árið 1977 og um þriðjungur allra ófaglærðra og iðnaðarmanna, ef saman eru taldir. Sé þessi tala færð til meðaltals áranna 1976—1978 yrði fjárhæðin 2 millj. 970 þús. kr. Meðalbarnafjöldi á framteljanda er um 1.5, þannig að væri miðað við fjárhæðir á hjón og barn og gildandi hlutföll, ættu fjárhæðirnar e. t. v. að vera 2.6 millj. kr. fyrir hjón og 230 þús. kr. fyrir barn. Er þessi kostur valinn í frv.

Í 45. gr. eru auk þess reistar skorður við því, að þeir, sem hærri tekjur hafa, öðlist rétt til íbúða vegna þess eins að þeir hafa ekki stundað vinnu eitt eða fleiri af viðmiðunarárunum. Hefur skort tilfinnanlega ákvæði um þetta í gildandi lögum.

Ég vík þá næst að útlánakjörunum, en um þau er fjallað í 50. gr. Mjög hefur verið um það rætt að setja í lögin fastar reglur sem tryggðu að árleg greiðslubyrði af lánunum væri aldrei umfram ákveðið hlutfall af dagvinnutekjum verkafólks. Nefnd sú, sem fyrrv. félmrh. skipaði 14. sept. 1977 til að endurskoða lögin um byggingu verkamannabústaða, gerði till. um að miða endurgreiðsluhámarkið við 20% af ársmeðaltali dagvinnutekna samkv. almennum töxtum verkamanna, iðnverkafólks, verslunar- og skrifstofufólks hinn 1. jan. það ár sem endurgreiðslan fer fram. Þar var einnig lagt til að aðild að félagslega lánakerfinu væri bundin við þá sem hafa dagvinnutekjur sem eru innan við 30% umfram þessar meðaltekjur viðmiðunarhópanna. Þó að hliðstæðar reglur sé að finna í löggjöf um félagsleg íbúðarlán á Norðurlöndum, varð þó niðurstaðan sú, að hér á landi væri slík viðmiðun ýmsum vandkvæðum bundin. Kemur þar margt til. Það er t. d. óljóst, hve stór hluti þjóðarinnar fellur innan þessara marka og hvernig hann skiptist milli einstakra hópa launafólks. Slíkir útreikningar eru sennilega óframkvæmanlegir, vegna þess að hvergi er í launastatistik greint á milli dagvinnutekna og annarra tekna. Þá er það engan veginn einsýnt, hvað telja skuli yfirvinnutekjur, hvort til þeirra skuli t. d. telja ýmsar álagsgreiðslur, uppmælingagreiðslur, bónusgreiðslur, staðar- eða fjarlægðaruppbætur o. s. frv. Viðmiðun við dagvinnutekjur útilokar sjálfkrafa ýmsa starfshópa sem geta átt allan sama rétt til aðildar og hinir sem taka laun eftir föstum töxtum. Þar má nefna alla sjómenn, sem hafa kauptryggingu og aflahlut, vaktavinnufólk, þá sem hafa tekjur af atvinnustarfsemi, skáld og listamenn o. s. frv. Laun eru nú orðið greidd á svo mörgum sviðum samkv. annarri viðmiðun en töxtum dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu að slík viðmiðun dugar ekki lengur.

Loks er það með öllu óljóst, hver áhrif ýmsum öðrum tekjum væri ætlað að hafa, svo sem makatekjum, arði, leigutekjum og þess háttar. Fleiri vandkvæði eru tengd slíkri viðmiðun, en ég rek það þó ekki frekar. Þó vil ég að lokum minna á þá reynslu sem fengist hefur af viðmiðun við vísitölu kauptaxta í gildandi lögum. Þessar viðmiðunartekjur höfðu, eins og áður segir, hækkað um 20% minna um s. l. áramót en raunverulegt kaup samkv. Dagsbrúnartöxtum. Það, sem hér skiptir meginmáli, er auðvitað að útlánakjörin séu ákveðin þannig og fram á það sýnt með öruggum útreikningum, að þau ofbjóði ekki greiðslugetu þess fólks sem lánin eiga að þjóna. Þetta er ítarlega skýrt í útreikningum í Töflu 6 á bls. 29 í frv. Sést þar að árleg greiðslubyrði þessara lána er aðeins 12.16% af meðaltalslaunum kvæntra verkamanna. Er þá miðað við lán til byggingar miðlungsstórrar íbúðar og raunverulegar fjölskyldutekjur, en ekki taxtakaup, en beinir skattar hafa áður verið dregnir frá þessum tekjum. Svarar þetta til 36 þús. kr. meðalhúsaleigu á mánuði á árinu 1978.

Ég fer nú að ljúka umfjöllun minni um III. kafla frv. 54.—62. gr. fjalla um byggingu og ráðstöfun þeirra leiguíbúða sem sveitarfélög kjósa að byggja innan félagslega íbúðalánakerfisins. Ég held að þessi ákvæði þarfnist ekki sérstakrar skýringar umfram það sem er að finna í aths. með frv. og fylgigögnum þess. Þó vil ég vekja athygli á því, að samkv. 25. gr. reglugerðardraganna á fskj. III er til þess ætlast, að einn þeirra hópa, sem njóta forleiguréttar að þessum íbúðum, sé ungt fólk fyrstu hjúskaparárin. Mun það rúm og nýstárleg skýring félagslegra aðstæðna.

Ég ítreka að lokum það sem ég áður sagði um efni þessa kafla, en hann miðar að efndum þeirra fyrirheita, sem áður hafa verið gefin af tveimur fyrrv. ríkisstj., og svarar í meginatriðum til þeirra tillagna sem voru einróma samþykktar á kjaramálaráðstefnu ASÍ í ársbyrjun 1977.

Í IV. kafla frv. eru ákvæði um kaupskyldu og forkaupsrétt sveitarfélaga að þeim íbúðum sem byggðar kunna að verða á félagslegum grunni samkv. frv. þessu. Er með þeim reynt að tryggja að íbúðirnar haldi áfram að þjóna því félagslega hlutverki sem þeim var markað í upphafi, þótt eigendaskipti verði að þeim síðar. Ákvæði hafa lengst af verið í lögum um forkaupsrétt sveitarfélaga að íbúðum í verkamannabústöðum. Hafa þau notast misjafnlega. Skylda til að beita þessum heimildum er hins vegar nýmæli, en framkvæmanlegt þar sem sveitarstjórnum er jafnframt tryggt nauðsynlegt fjármagn.

Í V. kafla er fjallað um verkefni tæknideildar Húsnæðismálastofnunar, en áður var frá því greint hvernig henni er ætlað að starfa rekstrarlega. Í raun er hér ekki um að ræða stórfelldar breytingar á verkefnum deildarinnar frá því sem nú er. Afmörkun þeirra er þó mun gleggri og ákvæðin um skiptingu hennar í tækni- og þjónustuskor eru nýmæli. Rök til þeirrar tilhögunar eru rakin og skýrð í aths. með frv.

Loks er í VI. kafla fjallað um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabyggingar. Veigamesta nýmælið þar eru þær reglur sem lúta að ávöxtun skyldusparnaðarins. Gildandi reglur eru samdar við allt aðrar verðlagsforsendur en við nú búum við og eru fjarri því að skila eigendum þessa fjár sanngjarnri ávöxtun þess. Er því brýnt að úr því sé bætt. Þá eru og í kaflanum opnaðar heimildir til breytinga á innheimtukerfi skyldusparnaðarins sem nú er í senn bæði seinvirkt og flókið.

Ekki er þörf sérstakrar umfjöllunar um ýmis ákvæði í VII. kafla eða ákvæði til bráðabirgða. Þó vek ég athygli á því bráðabirgðaákvæði, sem er tölusett nr. 2, en þar er húsnæðismálastjórn falið að hlutast til um það í samráði við veðdeild Landsbanka Íslands, að þeim aðilum, sem fengið hafa lán með hlutfallslegri verðtryggingu á árunum 1974—1978, verði gefinn kostur á skuldabréfaskiptum. Er það bæði til þess hugsað, að fyrri lántekendur geti notið góðs af þeirri jöfnun greiðslubyrðarinnar sem leiðir af hinum nýju lánareglum, en einnig að létt verði lánskjör þeirra, sem greiða 9.75% ársvexti auk 60% verðtryggingar, en þessi kjör jafngilda, eins og áður segir, frá ríflega 5% til um það bil 7% raunvaxta og

hljóta því að reynast hinum almenna húsbyggjanda um of þungbær.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Þessi framsaga mín hefur orðið nokkuð löng, enda eru slíkar breytingar á húsnæðislöggjöf okkar sem felast í þessu frv. ákaflega mikilvægt mál og vandmeðfarið. Ég hef sleppt ýmsu í ræðu minni, sem æskilegt hefði verið að fjalla nánar um, og farið lauslegar yfir annað, en efni kunna að standa til. Úr því verður þó væntanlega unnt að bæta við síðari umr. hér í þessari hv. deild.

Ég legg til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og félmn. þessarar hv. deildar.

Umr. frestað.

Neðri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 9. jan., kl. 2 miðdegis.

Þinghlé.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil leyfa mér að bjóða hv. þdm. velkomna til starfa og óska þeim góðs árs.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands var lagt fram á 99. og 100. löggjafarþingi og er enn lagt fram á þessu þingi. Frv. það, sem lagt var fram á 99. löggjafarþingi, hafði mætt mikilli mótspyrnu Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Aðallega voru það þrjú atriði, sem starfsmannafélagið taldi þurfa breytinga við, sem sé ákvæði 6. gr., þar sem sagði að ráða mætti allt að 65 hljóðfæraleikara til fastra starfa við hljómsveitina, og enn fremur ákvæði 3. gr., 4. gr. og 10. gr. En þar var gert ráð fyrir að Þjóðleikhúsið skyldi verða rekstrar- og stjórnunaraðili. Þá var fundið að því að tengsl yfirstjórnar og verkefnavalsnefndar, sem gert var ráð fyrir í frv., voru nánast eins og verið hafði undanfarna tvo áratugi, en sú tilhögun þótti ekki hafa gefið góða raun.

Skipuð var nefnd 31. ágúst 1978 til að endurskoða frv. og skilaði hún nýju frv. 3. apríl 1979. Frv. það sem nú liggur fyrir, er að mestu óbreytt eins og nefndin skilaði því.

Stefnt er að því, að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði sjálfstæð stofnun sem njóti fjárstuðnings ríkissjóðs og sveitarfélaga í nágrenni Reykjavíkur svo og Reykjavíkurborgar. Þá er gert ráð fyrir að Sinfóníuhljómsveit Íslands geri viðskiptasamning við Ríkisútvarp, Þjóðleikhús og fleiri aðila um viðskipti, t. d. vegna flutnings söngleikja, við listdanssýningar o. fl. Rekstrarform hljómsveitarinnar þarf að miða við sjálfstæðan og skipulegan rekstur til þess að best verði þjónað því hlutverki sem sinfóníuhljómsveitum er ætlað að gegna.

Rétt er að taka fram, að eftirfarandi breytingar voru gerðar á frv. eftir að nefndin skilaði því:

Gert er ráð fyrir að formaður stjórnar hljómsveitarinnar hafi tónlistarmenntun, sbr. 4. gr., einnig að heimilt sé að ráða tónskáld til starfa fyrir hljómsveitina, sbr. 4 mgr. 6 gr. Benda má á að hliðstæðu er að finna í lögum um Þjóðleikhús, þ. e. að ráða leikritahöfund í takmarkaðan tíma.

Frv. gerir ráð fyrir að stofn- og rekstrarkostnaður Sinfóníuhljómsveitarinnar skiptist með nokkuð öðrum hætti en nú er. Þó er munurinn ekki verulegur. Hlutdeild ríkissjóðs er nú 50.6%, en verður 50%. Hlutdeild Ríkisútvarpsins er nú 28%, en verður 25%. Borgarsjóður Reykjavíkur leggur nú fram 21.4%, en samkv. frv. 25%, og bætast þá nágrannasveitarfélög Reykjavíkur við þá aðila sem að rekstrinum standa.

Þegar þetta frv. var lagt fyrir Alþingi s. l. vor af þáv. hæstv. menntmrh., Ragnari Arnalds, tóku margir hv. alþm. til máls og voru allir á einu máli um það, að nauðsynlegt væri að setja lög um starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þá kom einnig fram að með þessu frv. hefði tekist að vinna samstöðu þeirra aðila sem áður höfðu lýst nokkurri óánægju. Í grg. fyrrgreindra frv. er forsaga þessa máls rakin ítarlega og mun ég því ekki gera það nánar hér.

Það má svo að lokum ítreka, að vitaskuld er að því mikill menningarauki, að með þjóð, sem ekki telur nema rúmlega 220 þús. manns, skuli starfa sjálfstæð sinfóníuhljómsveit, og er það auðvitað öllu menningarlífi hér til hins mesta sóma. Á það má svo minna að lokum, að í febr. n. k. á Sinfóníuhljómsveitin 30 ára afmæli. Ég vil því mælast til þess, ef menn hafa ekki þeim mun meira efnislega við þetta frv. að athuga, að það fái hraða afgreiðslu hér.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil fagna því, að hér er fram komið frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Frv. um sveitina hefur verið lagt fram tvisvar áður hér á Alþ., en ekki hlotið afgreiðslu. Ég vil jafnframt vekja athygli á og árétta það sem hæstv. menntmrh. sagði, að það er mikil nauðsyn að afgreiða frv. á þessu þingi, þar sem framtíð Sinfóníuhljómsveitarinnar er ella í nokkurri óvissu, e. t. v. meiri óvissu nú en oft áður, eins og ég skal greina nokkru nánar frá.

Um Sinfóníuhljómsveitina eru engin lög, en kostnaðarskipting við rekstur sveitarinnar nú byggist á óformlegu samkomulagi sem gert var á sínum tíma á milli ríkis, borgarsjóðs og Ríkisútvarps og greiðir ríkissjóður nú 50.6%, borgarsjóður 21.4% og Ríkisútvarp 28%. Það eru engir samningar um þessa kostnaðarskiptingu, og því er hér nánast um munnlegt samkomulag að ræða, en á sínum tíma þegar hljómsveitin átti í verulegum erfiðleikum, gerðist Reykjavíkurborg aðili að hljómsveitinni og stuðlaði þar með að framtíð hennar. En í borgarstjórn Reykjavíkur hefur undanfarin ár verið vaxandi óánægja með þessa kostnaðarskiptingu. Ég held að enginn ágreiningur hafi verið um það í borgarstjórn, að óeðlilegt væri að eitt sveitarfélag hér á höfuðborgarsvæðinu greiddi jafnríflegan hluta af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar og raun ber vitni um. Það þarf ekki annað en fara á sinfóníutónleika til þess að sjá að íbúar Seltjarnarness, Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar kunna ekki síður að meta störf hljómsveitarinnar en Reykvíkingar, og því er óeðlilegt að Reykjavík ein sé rekstraraðili. Hitt kann að valda meiri ágreiningi í borgarstjórn, hversu langt skuli ganga til að tryggja eðlilega starfsemi sveitarinnar. Á undanförnum árum hafa verið fluttar ýmsar till. í borgarstjórn, sem ganga mismunandi langt, allt frá því að takmarka mun meir en nú er útgjöld borgarinnar til sveitarinnar og að því marki að fella með öllu niður framlög borgarsjóðs. En hitt get ég fullyrt, að

enginn í borgarstjórn mælir þó núverandi fyrirkomulagi bót.

Annað, sem valdið hefur verulegri óánægju, eru þeir miklu bakreikningar sem ávallt hafa borist. Fjárframlög í fjárhagsáætlun borgarinnar hafa verið miðuð við fjárlög, en þær tölur hafa ávallt reynst mjög óraunhæfar og í uppgjöri við ríkissjóð hafa því komið fram ári seinna stórir bakreikningar sem borgarsjóður hefur þurft að greiða.

Allar þessar umr. í borgarstjórn undanfarin ár leiddu til þess, að á s. l. vetri, eða nánar til tekið 12. jan. 1979, var menntmrn. ritað bréf þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg vilji ekki lengur una því, að hún greiði eitt sveitarfélaga til hljómsveitarinnar. „Hefur því verið ákveðið að miða framlög til hljómsveitarinnar á árinu 1979 við þær kostnaðarreglur, sem gilt hefðu, ef áðurnefnt lagafrv. hefði náð fram að ganga," eins og segir orðrétt í bréfinu, þ. e. í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 1979, og í þeim till., sem nú liggja fyrir fyrir árið 1980, er ekki gert ráð fyrir hærra framlagi til sveitarinnar en verið hefði ef frv., sem lagt var fram á Alþ. í maí s. l. og á Alþ. þar áður, hefði náð fram að ganga. Af þessu má sjá, að núverandi grundvöllur hljómsveitarinnar er mjög farinn að riðlast. Þess vegna ber brýna nauðsyn til að afgreiða málið á þessu þingi þannig að Sinfóníuhljómsveitin fái lög og þar með eðlilegan grundvöll til að standa á.

Ég vil gera eina aths. við frv. eins og það liggur fyrir. Í 3. gr. er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg sé greiðsluaðili framlags þeirra sveitarfélaga sem eigi að greiða til hljómsveitarinnar, en framlagið skiptist síðan í hlutfalli við íbúatölu þeirra. Þetta er óeðlilegt ákvæði. Það er óeðlilegt að Reykjavík, þó stærst sé þessara sveitarfélaga, innheimti gjaldið hjá öðrum og skili því í ríkissjóð. Hitt mun eðlilegra, að þessi sveitarfélög greiði hvert fyrir sig sinn hlut beint í ríkissjóð, enda hefur ríkið í sambandi við uppgjör milli sveitarfélaga, t. d. í gegnum Jöfnunarsjóð, öll tök á því að ná þessum greiðslum inn.

Ég hef bent á að framtíð Sinfóníuhljómsveitarinnar er í nokkurri hættu, ef frv. eins og þetta verður ekki samþ. hér á hv. Alþ., en það er mín skoðun, að framtíð þessarar sveitar megi ekki stofna í hættu. Sinfóníuhljómsveit Íslands myndar grundvöll að tónlistarlífi í landinu. Hljómsveitin er svo snar þáttur í því, að hér sé lifað tónmenningarlífi, að legðist hún niður, þá hyrfi fleira með sem menn sjá ekki í fljótu bragði. Þess vegna verður að ganga í það af fullri alvöru að setja hljómsveitinni lög og tryggja framtíð hennar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er nú á dagskrá hv. þd., á þskj. 23, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, er langt frá því að vera gallalaust að mínum dómi. Samþykki hv. Alþ. að frv. verði að lögum, er Alþ. að ráðstafa með lagaboði útsvarstekjum sveitarfélaga hér á höfuðborgarsvæðinu. Í 3. gr. kemur fram hvaða aðilum er samkv. þessu frv. ætlað að greiða bæði stofn- og rekstrarkostnað Sinfóníuhljómsveitarinnar. Segir, með leyfi forseta, í 3. gr.:

„Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa eftirtaldir aðilar og greiða þeir stofn- og rekstrarkostnað hennar í eftirgreindum hlutföllum: a) Ríkissjóður 50%. b) Ríkisútvarp 25%. c) Borgarsjóður Reykjavíkur, bæjarsjóður Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Seltjarnarness 25%. Reykjavíkurborg er greiðsluaðili framlags þessara sveitarfélaga til hljómsveitarinnar, en framlag skiptist í hlutfalli við íbúatölu þeirra."

Ég sé ekki ástæðu til að lesa þessa grein frekar. Samkv. henni er Reykjavíkurborg eða borgarsjóði gert að ábyrgjast greiðsluframlag hinna sveitarfélaganna til hljómsveitarinnar í því hlutfalli sem þar segir, og er þá miðað við höfðatölu íbúa hvers sveitarfélags um sig. Ég held að allir réttsýnir menn hljóti að viðurkenna óréttlætið sem felst í þessari till. gagnvart borgarsjóði Reykjavíkur. Frjáls ákvörðun sveitarstjórna við gerð fjárhagsáætlana hverju sinni hlýtur að skoðast eðlileg málsmeðferð. Fjarstýring hv. Alþingis á fjármálum sveitarstjórna hlýtur að teljast hættuleg — ég vil segja: stórhættuleg sjálfstæði þeirra.

Það kemur fram í grg. með frv. þessu, að á borgarstjórn Reykjavíkur hafi hingað til legið sú kvöð að greiða 21.4% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar. Það er rangt. Á milli umr. hef ég leitað upplýsinga hjá borgaryfirvöldum. Ég sit sjálfur í borgarráði. Það hefur komið fram við athugun, að engin slík kvöð hvílir á Reykjavíkurborg um þetta ákveðna framlag. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur sjálf ákveðið samkv. samkomulagi við ríkisstj. framlag sitt til Sinfóníuhljómsveitarinnar við gerð fjárhagsáætlana hverju sinni. Á s. l. ári nam framlag borgarsjóðs til Sinfóníuhljómsveitarinnar um 70 millj. kr. Enginn borgarráðsmaður er reiðubúinn til að hækka það framlag, þótt raddir heyrist innan borgarráðs um að greiða verðbætur á þetta framlag fyrir árið 1979, en það er langt frá því að samstaða sé um það. Allir borgarfulltrúar, hvar í flokki stjórnmála sem þeir eru, eru á móti því að Alþ. lögbindi í prósentutölu framlag borgarsjóðs til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Ég vil að lokum ítreka að hingað til hefur borgarstjórn Reykjavíkur tekið þátt í að greiða niður rekstrarkostnað. En þetta frv. til l., sem hér liggur nú fyrir, gerir ráð fyrir að lögbinda þá kvöð á þau sveitarfélög, sem þar eru upp talin, að til viðbótar við þátttöku í rekstri hljómsveitarinnar skuli þau einnig standa undir stofnkostnaði við hana, sem þýðir náttúrlega aukin fjárframlög þessara sveitarfélaga frá því sem verið hefur. Ég vil vara við þessu. Það er ómögulegt að segja hver stofnkostnaður getur orðið, hvort þar er um hljóðfærakaup að ræða eða þá byggingu á einhvers konar samkomuhúsi eða söngleikahúsi sem vantar hérna á höfuðborgarsvæðið. Það fer þá einvörðungu eftir ákvörðun stjórnar Sinfóníuhljómsveitarinnar hver stofnkostnaður verður hverju sinni.

Ég vil vara við þessu frv. eins og það liggur hér fyrir. Ég tel að við þurfum að viðhalda hér blómlegu menningarlífi á þessu sviði eins og á öðrum, en við verðum að halda því innan þess ramma sem þjóðfélagið og þá sérstaklega sveitarstjórnir hér á höfuðborgarsvæðinu hafa fjárhagslega getu til, úr því að það á að leggja þessa kvöð alfarið á þær sveitarstjórnir sem upp eru taldar í frv., sem sagt að kostnaðinum sé haldið innan þess ramma sem okkar fjárhagslega geta leyfir. Ég veit ekki hver rekstrarkostnaður Sinfóníuhljómsveitarinnar er í ár, þ. e. árið 1979. En mér er óhætt að fullyrða að hann skiptir nokkrum hundruðum millj. og hefur farið ört vaxandi undanfarin tiltölulega fá ár, t. d. síðustu 3—5 árin. Ég vil vara við samþykkt þessa frv. eins og það liggur hér fyrir.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég tel eðlilegt að sett séu lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands, ef sú stofnun á að starfa áfram í þjóðfélaginu á annað borð. Þessi stofnun

hefur starfað til þessa án þess að um hana væru sérstök lög, og það ástand er í sjálfu sér ekki þess eðlis að rétt sé að mæla með því að svo verði framvegis.

Í aths. með frv. er rakin að nokkru forsaga þessa frv., en ekki nema að nokkrum hluta. Þar er þess getið, að frv. sé samið af nefnd sem skipuð hafi verið hinn 31. ágúst 1978, en áður hafi starfað nefnd sem skipuð var af fyrri menntmrh. Í þeirri nefnd átti ég sæti sem fulltrúi fjvn. Alþingis, en nefndin starfaði þá undir forustu Birgis Thorlacius ráðuneytisstjóra í menntmrn. Sú nefnd klofnaði í afstöðu til þessa máls og er þess hvergi getið í aths. með þessu frv.

Ég var annar þeirra tveggja nm. sem skipuðu minni hl. í þeirri nefnd. Hinn var þáv. skrifstofustjóri fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn., Örn Marinósson. Það, sem ágreiningi olli, var vitaskuld það sem snerti fjármál þessarar stofnunar. Í fjárlagafrv. því, er nú liggur fyrir Alþ., er gert ráð fyrir að ríkissjóður verji til Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árinu 1980 216.3 millj. kr. Auk þess eru framlög, sem ætlast er til að komi frá Reykjavíkurborg og Ríkisútvarpi, eftir þeim hlutföllum sem hér hefur verið greint frá.

Það, sem við Örn Marinósson gerðum að ágreiningsefni á sínum tíma, var tala fastráðinna hljóðfæraleikara við hljómsveitina, en í þessu frv. er gert ráð fyrir að þeir verði að lágmarki 65. Á þeirri tíð hygg ég að ég muni rétt að hljómfæraleikarar við hljómsveitina hafi verið 59 og áður höfðu þeir verið færri. Nú er það vitaskuld svo, — enda þótt ég sé hvergi nærri neinn sérfræðingur eða hafi mikla þekkingu á tónlistarflutningi, — að tónverk eru þess eðlis, að þau þarfnast misjafnlega margra hljóðfæraleikara í flutningi. Eðlilegt er að þegar lög eru sett um þessa stofnun sé tala starfsmanna, sem lögbundin er, höfð nokkuð í lágmarki, síðan séu veittar heimildir af Alþ. hverju sinni með fjárlagaafgreiðslu til að lausráða starfsmenn í einstökum tilvikum vegna flutnings tónverka sem krefjast fleiri starfsmanna. Ég held að enn séu í fullu gildi þær aths. sem leiddu til þess að við Örn Marinósson klufum nefndina um þetta mál á sínni tíð. Ég vil því láta þessa getið hér við 1. umr. þessa máls og beina því til þeirrar hv. n., menntmn. þessarar hv. d., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún athugi einnig fjármálalega og kostnaðarlega hlið þessa máls. Hún gæti þá kynnt sér þau gögn, sem lágu fyrir við starf þeirrar nefndar sem var undir forustu Birgis Thorlacius á sínum tíma, og athugað hvort hún sér ástæðu til að taka eitthvert mið af þeim röksemdum sem fram komu í áliti okkar minnihlutamanna þar.

Það er títt að alþm. tali um að spara þurfi í útgjöldum ríkisins. Það er ákaflega vinsælt að segja slíkt á kosningafundum eða öðrum fundum þegar rætt er við fólkið í landinu. En því miður gætir þessa ekki nærri því eins staðfastlega þegar fjallað er um einstök þingmál sem krefjast nýrra og vaxandi útgjalda ríkissjóðs. Þess vegna er einnig skylt og rétt að hafa þennan þátt málsins í huga þegar mál af þessu tagi er afgreitt.

Að þessum orðum loknum vil ég aðeins endurtaka það sem ég sagði í upphafi, að eðlilegt er að lög séu sett um þessa stofnun, og það er ekki við hæfi að stofnanir, hvort sem þær sinna listflutningi eða öðrum viðfangsefnum í þjóðfélaginu, starfi árum og jafnvel áratugum saman án þess að hafa til þess lagalegan grundvöll. Þess vegna er tímabært og jafnvel meira en tímabært að lög um þetta efni verði sett.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er ástæðulaust að lengja þessar umr. mjög þar sem þetta mál hefur oft áður verið hér til umræðu. Mátti raunar engu muna á s. l. vori að tækist að afgreiða málið þá. Þá hafði málið fengið fullnaðarafgreiðslu úr Ed. Alþingis og hafði gengið í gegnum 1. umr. og til n. sem skilað hafði áliti hér í Nd. En á lokastigi málsins vannst ekki tími til að afgreiða það, þar sem komið var fram á seinasta þingdag. Mér er nær að halda að málið hefði náð fram að ganga ef við hefðum haft svo sem einn eða tvo tíma til umráða til þingstarfa. En það fór sem fór, og nú er málið komið fram á nýjan leik. Ég ætla að vonast til að málið verði afgreitt fljótlega. Ég tel að það sé búið að vera hér svo lengi í þingsölum að ástæðulaust sé að framgangur þess tefjist meir en orðið er. Það er orðið mjög brýnt að lagagrundvöllur fáist undir starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem hefur starfað mjög lengi án þess að slíkur grundvöllur væri fyrir hendi.

Vissulega hafa ýmis ágreiningsmál verið uppi um starfsemina. Eitt ágreiningsmálið varðar fjölda hljóðfæraleikaranna sem fastráðnir skulu teljast. Annað ágreiningsmálið snertir tengsl og samband hljómsveitarinnar við Þjóðleikhúsið.

Varðandi fjölda hljóðfæraleikara er það nú svo, að um það náðist samkomulag við undirbúning málsins milli fulltrúa menntmrn., fulltrúa fjmrn. og fulltrúa Sinfóníuhljómsveitar að rétt væri að miða við töluna 65 stöðuígildi. Ég held að sú tala sé fengin að vandlega yfirlögðu ráði. Ég vil leyfa mér að fullyrða að það séu ákveðin takmörk sett fyrir því um hversu fámennan hóp getur verið að ræða ef hljómsveitin á að starfa sem fullgild sinfóníuhljómsveit. Annaðhvort rekum við hljómsveit sem stendur undir nafni eða ekki. Það hefur verið samstaða um að þessi hljómsveit skyldi starfrækt í þjóðfélagi okkar, að því er mikill menningarauki og þarf ekki frekar að fjölyrða um það. En ég vil sem sagt mjög vara við því, ef þm. hugsa sér að fara að skera niður áður nefnda tölu af skammsýnum sparnaðarástæðum. Eins og ég hef hér sagt: Annaðhvort rekum við hljómsveit, sem stendur undir því nafni, eða ekki.

Í þessu frv. eru ýmis nýmæli í sambandi við starfsemi hljómsveitarinnar sem náðist ágæt samstaða um. Vissulega er það rétt, að í aths. við frv. er ekki rakin saga þess langt aftur í tímann eða getið um þær deilur sem hér stóðu áður fyrr. Ég veit ekki hvort það væri út af fyrir sig til mikilla bóta að rifja þær upp þegar samstaða hefur náðst um flest atriði þeirra deilna. En ég vil sem sagt að endingu skora mjög eindregið á menntmn. d. og þm. alla að styðja þetta mál og tryggja framgang frv. óbreytts.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þetta frv. Þegar þetta mál var til umr. í Ed. á 100. löggjafarþingi lýsti ég yfir stuðningi við frv. og álit mitt, sem þar kom fram, hefur ekkert breyst. Ég tel að það sé ekki annað sæmandi þessari þjóð, fyrst við á annað borð viljum hafa menningarlegt tákn eins og Sinfóníuhljómsveit er, Þjóðleikhús o. s. frv., en að gera það á þann hátt að slíkt standi undir nafni. Mér finnst þess vegna að við getum ekki farið að tala um það hér hvort hljóðfæraleikarar eigi að vera 59 eða 65, heldur eingöngu það sem talið er nauðsynlegt lágmark í þessu tilfelli. Ég vil sem sagt endurtaka, að mér finnst ástæðulaust annað en við afgreiðum þetta mál þannig að það

verði til í landinu löggjöf um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Ég vil alveg sérstaklega vekja athygli á þeim þætti í starfi Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem kemur raunar fram í aths. með frv. og ég tel mikils virði, og það er starfsemi eins og t. d. barnatónleikar, skólatónleikar, fjölskyldutónleikar og tónleikaferðir út um landið. Mér finnst að farið hafi vaxandi áhugi á tónlistarmálum yfirleitt úti um landið, og sérstaklega í sambandi við lög um tónlistarskóla, sem tiltölulega stutt er síðan sett voru, hefur slík starfsemi aukist um landið. Ég þori að fullyrða, að sá þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem hefur farið vaxandi ár frá ári, að fara tónleikaferðir út um landið hefur ákaflega mikið menningarlegt gildi. Ég vil undirstrika það, að ákaflega mikilvægt er að sú starfsemi, sem ég nefndi hér áður umfram það sem er fastur liður í starfsemi hljómsveitarinnar, fari frekar vaxandi en hitt.

Ég vil svo að lokum taka undir það sem hér hefur komið fram, að ég tel að sjálfsagt sé að Alþ. afgreiði þetta mál og samþykki lög um Sinfóníuhljómsveitina eins og hér hefur verið lagt til.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er ekki margt sem ég ætla að tala um í sambandi við þetta frv., enda hef ég á undanförnum þingum, má segja, eða þegar þetta mál hefur borið á góma lýst afstöðu minni til þess og lýst því, að mikið nauðsynjamál sé að setja lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég er sem sagt stuðningsmaður þess, að þetta frv. nái fram að ganga eða að lög verði sett um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Hitt er annað, að áður en þetta mál fer til n., og því mun trúlega verða vísað til þeirrar n. sem ég á sæti í, sé ég ástæðu til að minnast á ákvæði 3. gr. sem hér hafa komið til umr. Sérstaklega minni ég á c-lið 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir að borgarsjóður Reykjavíkur og bæjarsjóðir nágrannabæjanna greiði 25% af kostnaðinum við rekstur hljómsveitarinnar. Svo eru e. t. v. fleiri atriði sem þar koma fram, sem mætti gera aths. við, en ég ætla reyndar ekki að gera.

En ég vil minnast á í þessu sambandi og spyrja hæstv. ráðh. hvort fyrir liggi samkomulag sem hægt sé að byggja á löggjöf um þetta efni. Það er síður en svo að ég sjái eftir því að bæjarsjóðir Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness og Reykjavíkur, þessir sveitarsjóðir, greiði til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Það er síður en svo að ég sjái eftir því, ég tel mjög æskilegt að þeir geri það. Hins vegar vil ég að ekki sé um að villast að þeir bæjarsjóðir, sem hér um ræðir, og borgarsjóður Reykjavíkur hafi raunverulega gengist undir slíka kvöð þannig að Alþ. eða ráðh., sem fer með þessi mál, eigi ekki einhver eftirmál, já, reyndar að þingið eigi ekki eftirmál í þessu sambandi. Ég spyr um þetta einmitt vegna þess að ég á sæti í þeirri n. sem kemur til með að fjalla um málið, og ég er ákaflega hræddur um að þetta geti orðið til þess e. t. v., — ég er kannske með hrakspár, — en ég óttast að svo gæti farið, að málið tefðist eitthvað í n., ef það er reyndin að ekki sé nægilegt samkomulag við bæjarstjórnir þeirra kaupstaða, sem þarna ræðir um, auk borgarstjórnar Reykjavíkur.

Að öðru leyti vil ég endurtaka að ég er stuðningsmaður frv. og þess anda sem þar kemur fram og hef ekkert út á það að setja sérstaklega, en leyfi mér samt að gera þessa aths. því að ég held að þar sé um að tefla mjög mikilvægt atriði um framgang málsins hér í þinginu og um framtíð þess yfirleitt.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e. er því til að svara, að í frv., sem lagt var fyrir 99. löggjafarþingið árið 1977, var með sama hætti gert ráð fyrir 25% þátttöku Reykjavíkur og nágrannabyggðarlaganna þar í kring. Á þeim tíma var samkomulag um þetta, og nefndin, sem skipuð var til að endurskoða frv. í ágúst 1978, leit svo á að þátttaka nefndra sveitarfélaga hefði verið ákveðin. Eins og ljóst varð í sambandi við umr. um þetta mál á síðasta ári, hafa a. m. k. tiltekin sveitarfélög ekki fallist á þá málsmeðferð. Við töldum engu að síður rétt að leggja frv. fram í núverandi mynd og freista þess að lausn fyndist í þn. þegar málið kæmi til hennar. Menntmrn. er fyrir sitt leyti vitaskuld reiðubúið að taka þátt í að kynna slíka lausn ef það má til góðs horfa. En ég vil taka undir það með hv. þm., að hér er um ákaflega viðkvæma hluti að ræða og ég mundi auðvitað harma ef þetta yrði til þess að málið dagaði eina ferðina enn uppi, því að eins og komið hefur fram hjá öllum þeim, sem um málið hafa fjallað, er hér um nauðsynjamál að ræða. Ég treysti því, að hv. menntmn. í samvinnu við sveitarfélög og í samvinnu við rn., ef á þarf að halda, muni finna þá lausn á þessu sem viðunandi er fyrir alla aðila.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessu máli.

Ég skal ekki draga í efa að menningarauki sé að Sinfóníuhljómsveitinni og flutningi verka hennar, þó að ég sé sjálfur enginn sérstakur aðdáandi slíkra verka. En ég vil aðeins minna menn á að ekki er síður menningarauki að ýmissi annarri starfsemi í landinu og henni þarf jafnframt að sinna og ekki síður að mínu viti en því sem hér um ræðir.

Það er rétt sem hv. þm. Pálmi Jónsson kom inn á áðan, menn eru alltaf að tala um að spara og það megi spara í ríkisútgjöldum. En hvar ætla menn að byrja? Hvar á að byrja á að spara? Er þetta eitt af því sem alls ekki má spara? Er um tómt mál að tala að gæta megi aðhalds í fjármálum í sambandi við Sinfóníuhljómsveitina? Ef svo er, að þetta sé það nauðsynlegasta sem alls ekki megi taka tillit til í sparnaði, segi ég fyrir mitt leyti: Þá er hvergi hægt að spara ef það sjónarmið á að ráða. Ég er ekki með þessum orðum að mæla á móti því að eðlilegt sé að Sinfóníuhljómsveit sé starfandi í landinu.

Það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni, að ekki síðast þegar rætt var um þetta mál, ég þori ekki að segja um það, en þá næstsíðast þegar var rætt um það, þá var ágreiningur um fjölda hljóðfæraleikara, sem var auðvitað ágreiningur um hvað hlutirnir ættu kosta, hvað ætti að borga fyrir þá.

Ég sé að í aths. með þessu frv. er sagt einhvers staðar, að „nefndin varð sammála um að ákvæði 6. gr., sem tiltók fjölda hljóðfæraleikara sem ráða mætti til fastra starfa, væri óeðlilegt, auk þess yrði það þess valdandi að ef til stæði einhvern tíma í framtíðinni," segja þeir, „að bæta þó ekki væri nema einum hljóðfæraleikara við hljómsveitina þyrfti til þess lagabreytingu." — Mér er sagt að ekki alls fyrir löngu hafi hljóðfæraleikarar í Sinfóníuhljómsveitinni verið 48. Tiltölulega skömmu síðar voru þeir 59, og mér skilst að nú séu þeir 65. Mér er sagt það. (**Gripið fram í:** Verðbólgan.) Verðbólgan, segir einhver. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh., ég veit að hann veit það, hver sé tala hljóðfæraleikara núna í Sinfóníu-

hljómsveitinni, og þá er ég auðvitað að tala um fastráðna því að ég geri ráð fyrir að menn séu að tala um það hér.

Verði frv. samþykkt svona er augljóst að á hinn veginn þarf einnig lagabreytingu. Ef mönnum dytti einhvern tíma í hug að fara að spara og fækka hljóðfæraleikurunum úr 65 þyrfti líka lagabreytingu til að fara niður á við. Ég sé ekki að það sé neitt eðlilegra að lagabreytingu þurfi til að spara en til þess að auka kostnaðinn. Mér finnst miklu eðlilegra að lagabreytingu þurfi til að auka kostnað við eitthvert tiltekið fyrirtæki en það þurfi að breyta lögum ef mönnum dytti allt í einu í hug að fara að spara.

Ég ætla sem sagt ekki að mæla gegn frv., en ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að ég sé ekkert sérstakt sem mælir með því og ég veit ekki hvaða vísindalegur útreikningur liggur að baki því, að nákvæmlega 65 hljóðfæraleikara þurfi, og hvaða tónlistarverk sé t. d. lagt að baki þeirri tölu. Hér er kannske spurt af fáfræði, ég veit það ekki, en ég sé ekki að það sé alfarið rétta talan sem menn eru hér að tala um.

Fyrrv. menntmrh., Ragnar Arnalds, sagði áðan að um þetta hefði verið alger eining í nefndinni sem útbjó frv. Út af fyrir sig er slíkt ekki óskiljanlegt, því að mér skilst að þá hafi verið búið að útiloka þá aðila sem áttu að sjá um aðhaldið að fjármagninu, þ. e. a. s. hagsýslu- og fjvn.-fulltrúana. Það voru þeir sem fyrst og fremst gerðu aths. í hinni nefndinni, vegna þess að þeir áttu að gæta buddunnar í sambandi við útgjöldin.

Ég endurtek sem sagt, að ef þetta er það málefni sem mönnum sýnist alfarið útilokað að spara tilkostnað við þætti mér gaman að fá að heyra hvaða mál það eru sem sömu einstaklingar telja að megi nú allt í einu fara að spara fé til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Lögfræðiaðstoð, frv. (þskj. 40). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. það um lögfræðiaðstoð, sem hér liggur fyrir, er þannig til komið að í samstarfsyfirlýsingu þeirra flokka, sem stóðu að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar 1978—1979, var lýst yfir að ríkisstj. mundi beita sér fyrir greiðari aðgangi almennings að dómstólum, svo sem lögfræðilegri aðstoð, án endurgjalds.

Hinn 24. okt. 1978 var skipaður starfshópur til þess að huga að lagareglum um ókeypis lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum með bréfi dags. 27. apríl 1979, og var lagafrv. það, sem fylgdi, lagt fyrir Alþ. í þinglok á s. l. vori, en kom þá ekki til umr. Þáltill. höfðu alþm. Svava Jakobsdóttir og Ragnar Arnalds komið fram með á löggjafarþinginu 1974—1975 um þetta sama efni og var þeirri till. vísað til ríkisstj. Fór fram gagnaöflun í framhaldi af till. þeirra.

Í grg. þessa frv. er skýrt frá fyrirkomulagi lögfræðiaðstoðar í ýmsum löndum og vil ég vísa til þeirra upplýsinga.

Engar lagareglur hafa verið hér á landi til þessa um lögfræðiaðstoð fyrir efnalitla. Hefur starfshópurinn fyrst og fremst mótað tillögur sínar eftir lagareglum í Danmörku og Noregi um þetta efni, en þó með séraðstæður hér á landi í huga. Það er lauslegt mat starfshópsins að reglur frv. um efnahagslega viðmiðun og rétt til að njóta aðstoðar samkv. því muni veita þann rétt u. þ. b. 4/5 hlutum einstaklinga, en líðlega helmingi giftra aðila eða í sambúð.

Reglur frv. um þá málaflokka, sem aðstoðin nær yfir, eru raktar í 1. gr. frv. Svo sem upptalning greinarinnar ber með sér nær aðstoðin til allra þeirra sviða þar sem helst koma til ágreiningsefni og til greina kemur að leggja þurfi fyrir dómstóla. Hafa verður í huga að hér er um að ræða algera nýjung í íslenskum rétti, sem brýn þörf er að vísu á, en óhjákvæmilegt er að láta reynsluna skera úr um hvort reglur, sem hér er gerð till. um, leysi nægilega úr þeirri þörf sem þeim er ætlað að leysa. Að öðru leyti vil ég vísa til frv.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Skattadómur, frv. (þskj. 41). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Skattadóm og rannsókn skattsvikamála.

Í 1. gr. þessa frv. segir að setja skuli á stofn sérstakan sakadóm fyrir landið allt og nefnist hann Skattadómur. Aðsetur dómsins skal vera í Reykjavík eða næsta nágrenni.

Í 2. gr. þessa frv. segir:

„Hlutverk Skattadóms er að rannsaka fyrir dómi og dæma í málum sem höfðuð eru af ríkissaksóknara til refsingar vegna brota á skattalögum og brota, sem tengjast skattsvikum, svo sem brotum gegn bókhaldslögum og gjaldeyrislögum.

Leiki vafi á hvort aðalþáttur brots teljist skattsvik eða annars konar brot ákveður ríkissaksóknari hvort mál skuli höfðað fyrir Skattadómi eða öðrum dómstólum."

Í 6. gr. frv. segir:

„Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins skal setja á stofn sérstaka deild, er annist hvarvetna á landinu rannsókn á brotum þeim, sem getið er í 2. gr. laga þessara. Fela skal forstöðu deildarinnar sérstökum deildarstjóra, sem lokið hefur lögfræðiprófi og aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála. Rannsóknarlögreglustjóra ríkisins er heimilt að fela deild þessari rannsókn annarra mála á skyldum sviðum eftir því sem aðstæður leyfa."

Í þessum greinum er rakið meginefni þessa frv. En í aths. við lagafrv. þetta segir:

„Frv. þetta er samið í dómsmrn. Með frv. er ætlunin að ná þeim markmiðum að gera alla meðferð skattsvikamála fljótvirkari og skilvirkari, svo og að kveða skýrt á um það hver skuli fara með rannsókn slíkra mála.

Sú leið hefur verið valin að láta óbreytt standa það hlutverk skattrannsóknastjóra að annast almennt skatteftirlit og rannsókn á skattkröfuþætti mála. Komið verði hins vegar á sérstakri deild hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem annist rannsókn skattsvika og brota, sem þeim tengjast. Embætti ríkissaksóknara fari sem áður með ákæruvald í slíkum málum. Setja skal á stofn sér-

stakan sakadóm í skattamálum — skattadóm — sem dæmi í þeim refsimálum, sem ríkissaksóknari höfðar vegna brota á skattalögum og brota, sem þeim tengjast, svo sem brotum gegn bókhaldslögum og lögum um meðferð erlends gjaldeyris. Umdæmi skattadóms skal vera allt landið samkv. frv."

Þá er það rakið, að meðal ókosta sérstaks sakadóms á sviði skattamála megi telja að valdmörk geti orðið óskýr ef sami maður er grunaður um mörg mismunandi brot, bæði skyld og óskyld skattsvikabrotum. Reynt er að ráða bót á þessu með því að fela Skattadómi dómsmeðferð þeirra brota sem telja má afleidd, svo sem skjalafals, brot gegn bókhaldslögum og gjaldeyrislögum. Aðaláhersla verði lögð á skattalagabrotið, enda geta viðurlög við broti gegn lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, varðað allt að 6 ára fangelsi samkv. 107. gr. laganna. Telji ríkissaksóknari aðalþátt brotastarfsemi vera annan en skattlagabrot, getur hann höfðað mál fyrir hinum almenna sakadómi.

Þá segir í aths. með lagafrv. þessu: „Óhjákvæmilegt er að leggja sem allra fyrst fram frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt til samræmingar við ákvæði þessa frv."

Þá eru á þskj. raktar aths. við einstakar greinar frv. og vísa ég til þeirra.

Þá vil ég segja að lokum að umræður um þennan málaflokk hafa verið allverulegar að undanförnu. Það er sennilega óþarfi að tíunda eða rekja þær, en þó er vert að undirstrika enn einu sinni að á þessum áratug, þegar verðbólga hefur verið svo mikil sem raun ber vitni og allir auðvitað þekkja, er það talið í öðrum samfélögum, og á þá væntanlega einnig við hér, að brot af því tagi, sem þessu frv. er ætlað að ná til, hafi eflaust aukist mjög verulega og sett mark sitt á samfélagið. Ég hygg að löngu sé orðið tímabært að snúast gegn slíku þannig, að með þau brot sé eins farið og önnur brot og að hér séu verulega lagfærðar veigamiklar skekkjur í samfélagi okkar.

Það skal svo sagt að lokum, að sumarið 1978 urðu allverulegar umr. um þessi mál og hvort rétt væri að fara svo að setja upp slíka sérdómstóla. Um það eru skiptar skoðanir meðal löglærðra manna. Á síðasta þingi var flutt frv. um sérstakan skattadómstól, sem sniðið var eftir lögum um fíkniefnadómstól, sem er sá sérdómstóll hér sem afkastamikill hefur verið. Það frv. náði ekki fram að ganga, en hins vegar var á vegum fjmrn. og dómsmrn. settur upp starfshópur sem vann mjög vel að grundvallartillögugerð um þessi efni. Við stjórnarskiptin s. l. haust var því verki haldið áfram og það frv., sem hér liggur fyrir, er niðurstaðan af þeirri þróun.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., en kemur ekki fram í aths. við frv. þetta, var skipaður starfshópur á s. l. sumri til að kanna þetta mikilvæga mál. Það gerði ég ásamt páv. fjmrh. Sá starfshópur skilaði áliti. Það kom ekki fram í ræðu hæstv. ráðh. Í áliti starfshópsins koma fram ýmsar leiðir til þess að styrkja meðferð skattamála í dómkerfinu, en niðurstaða starfshópsins varð sú að ekki bæri að setja á fót einn sérstakan dómstól. Að vísu var einn maður í starfshópnum heldur á þeirri skoðun að það bæri að gera, en meiri hl. hans taldi það ekki rétt og mælti með því að sérstök deild við Sakadóm Reykjavíkur yrði sett á fót, sérhæfð í meðferð skattamála.

Í framhaldi af ábendingum starfshópsins skipuðum við menn til viðbótar til að undirbúa málið og fyrir lá tilbúið frv. um sérstaka deild við Sakadóm Reykjavíkur. Í því frv., sem nú er flutt, er sú breyting gerð að sérstakur dómstóll er settur á fót, en öðru sýnist mér haldið, eins og t. d. að Rannsóknarlögregla ríkisins hafi meðferð rannsóknar skattsvikamála með höndum.

Þarna er að sjálfsögðu um tvær leiðir að ræða, sem ber að skoða, og þær hafa sína kosti og sína ókosti báðar. Í aths. við þetta frv. kemur m. a. fram sá ókostur við sérstakan dómstól, að iðulega er erfitt að greina á milli skattsvikamála og tengdra mála sem ekki heyra undir skattsvik, eins og t. d. bókhaldsmála og fleira þess háttar. Hér er farin sú leið að fela skattadómstóli að fara með þau mál einnig þegar þau, eins og þar segir, eru talin afleidd mál. Var ein meginástæðan fyrir því, að lagst var gegn sérstökum dómstól. Menn töldu ekki fært að skilja þetta í sundur. Oft er ákaflega erfitt að greina á milli. Ef menn kvarta undan því nú að skattamál fái ekki þá meðferð í dómkerfinu sem vera ber, hlýtur sú spurning að vakna hvort slík mál, eins og bókhaldsmál, sem eru ákaflega viðamikil og oft erfið í meðferð, fái þá meðferð hjá skattadómi sem vera ber. Því var það niðurstaðan að halda þessu saman, en hafa sérhæfða deild við Sakadóm sem færi með skattsvikamál.

Einnig réð nokkru að það er að sjálfsögðu dýrara að setja á fót sérstakan dómstól með öllu því sem er í kringum slíka stofnun. Menn töldu því hagkvæmara til að ná þeim markmiðum, sem að er stefnt, að hafa sérstaka deild.

Ég vil að þetta komi fram hér nú, því að ég tel sjálfsagt að n., sem fær þetta mál, skoði báðar leiðirnar. Reyndar teldi ég eðlilegt — og má vel vera að það verði gert — að flytja hitt málið svo að það fái einnig meðferð á þingi.

Ég vil segja að lokum að iðulega hefur verið að því fundið að skattamál hafi fengið slaka eða hæga meðferð í hinu venjulega dómkerfi. Undir það get ég tekið að ýmsu leyti. Staðreyndin er sú, að aðeins hefur verið vísað til dómstólanna 10 málum á allmörgum árum, ég held á einum 7—8 árum ef ég man rétt. Það hefur að vísu verið sagt að sum þeirra hafi týnst þar, en það er misskilningur, það hafa þau ekki. Sættir hafa náðst í sumum þessara mála. En staðreyndin er vitanlega sú, að yfirgnæfandi hluti skattsvikamála er afgreiddur í skattsektanefnd og fer ekki áfram til dómkerfisins. Skattgreiðenda er vitanlega frjálst að vísa málinu áfram, en menn hafa ekki kosið að gera það, heldur hafa sæst á það sem skattsektanefnd og ríkisskattanefnd hafa ákveðið. Það er yfirleitt skattgreiðendanna að ákveða hvort slíkum úrskurði er vísað áfram eða ekki, og það hafa menn yfirleitt ekki gert. Spurningin er sú, hvort meira verði um að menn vísi málinu til dómstólanna þótt sérstakur dómstóll sé á fót settur. Því verður varla svarað í þessum umr. Vitanlega mundi málið fá skjótari meðferð. En verða þá nægilega mörg mál til að réttlæta sérstakan dómstól? Með sérstakri deild við sakadóm getur sá dómari, sem með skattsvikamál fer, að sjálfsögðu farið með önnur mál, sem fyrir sakadóm koma, og nýtist því betur, en þar er mikil þörf á viðbótarstarfskröftum.

Ég vil láta þetta koma hér fram, eins og ég sagði áðan, og tel nauðsynlegt að þetta mikilvæga mál verði skoðað frá þessum sjónarhornum öllum í þeirri n. sem fær málið til meðferðar.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég missti því miður af framsögu hæstv. dómsrh. í þessu máli, en ég vil þó vekja athygli á því, að í því skattalagafrv., sem lagt hefur verið fyrir Alþ. og er hér til meðferðar, vantar tengingu við þennan þátt mála. Í því skattalagafrv., sem hafði verið samið af fyrrv. fjmrh., var í 38. gr. gerð brtt. við 108. gr. skattalaga nr. 40 frá 1978, en það er grein sem fjallar um málsmeðferð og fyrningu. Þar kemur fram að ríkisskattanefnd skuli úrskurða sektir samkv. 107. gr., en sú grein fjallar um refsingar, en skattsektanefnd hefur áður fjallað um slík mál. Nú er í reynd búið að leggja skattsektanefnd niður og hin nýja ríkisskattanefnd, hvenær sem hún verður skipuð, skal taka við starfi skattsektanefndar, og ríkisskattanefnd er náttúrlega að vissu leyti sérdómstóll í skattamálum. En sú grein, sem hafði verið samin á grundvelli þess starfs sem hér hefur verið vitnað til, hljóðar þannig:

„Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir samkv. 107. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar samkv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndina þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir."

Síðan kemur, sem er breyting á gildandi lögum:

„Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknastjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunauts, ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af ríkisskattanefnd samkv. 1. mgr. Mál út af brotum þessum gegn skattalöggjöf skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á."

Mismunurinn milli þess, sem lagt er til annars vegar í því frv., sem hér liggur fyrir, og hins vegar þess, sem lagt var til í brtt. sem hafði verið samin á grundvelli álits þessa starfshóps, er fyrst og fremst sá, að settur skal á stofn sérstakur dómari og sérstakur dómstóll í skattamálum. Það getur að vísu verið réttlætanlegt í mörgum tilfellum að gera svo, en okkur verður að vera ljóst hvort fyrst og fremst hefur skort að til væru menn til að dæma í viðkomandi málum. Ég efast um að svo hafi verið. Það hefur verið skattadómari fyrr á Íslandi. Ég skal ekki fullyrða hvenær hann starfaði, en það er eins og mig minni að það hafi verið á árunum 1945—1952. Sá skattadómari fékk tvö mál til meðferðar. Það er ekki mikið gagn að því að setja upp dómstól sem fær 2—3 mál til meðferðar. Aðalatriðið er að sjálfsögðu að málin gangi eðlilegan gang, hljóti rannsókn og í þeim sé ákært eftir því sem tilefni gefst til. Slík mál geta vissulega verið flókin og erfið vegna þess að farið er með þau að hætti opinberra mála, þar sem sönnunarbyrðin er mjög rík í löggjöf okkar. Hins vegar eru flest mál samkv. skattalögum leyst í sambandi við sektir og alls konar viðurlög, og það er nú svo, að viðurlög og sektarheimildir eru mjög ríkar í skattalöggjöf okkar. Það er t. d. 25% álag ef menn telja ekki fram tekjur af vangá, og það eru heimildir til þess að tífalda skatt. Síðan segir í 107. gr.: „Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti varðar brot auk sektar varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum." — Út af fyrir sig vantar því ekki lagagreinar um refsingar að þessu leyti. En það, sem skiptir mestu máli í skattalögum okkar, er að þar sé ríkt og lifandi aðhald og þar sé starfandi mannafli sem hafi slíkt aðhald með höndum, því að aðalatriðið er að koma í veg fyrir að skattsvik geti átt sér stað. Það verður alltaf mesta vandamál í skattalöggjöf okkar og skattamálum okkar að koma á það miklu aðhaldi að skattsvik geti helst ekki átt sér stað. Að sjálfsögðu verða menn að meta hvað hægt er að leggja mikla fjármuni til slíks. Ég er þeirrar skoðunar að slíkt aðhald eigi að vera mjög sterkt og það eigi að vera mikið aðhald og skattalögreglan hafi það aðhaldshlutverk, en að mínu mati á ekki að flytja þangað dómsvald á neinn hátt, og það er ekki heldur gert ráð fyrir því í þessu frv.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu vegna þess að fyrir n. liggur frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem liggur mjög mikið á og er rekið mjög hart á eftir. Það verður að koma einhver tenging í sambandi við þessi mál, þannig að það geti legið fyrir í okkar n. og þar verði tekin afstaða til þess, hvort n. flytji brtt. svipaða því, sem ég hef hér gert grein fyrir og hefur verið samin, eða hvort skuli bíða eftir því að þessi mál verði leyst með þeim hætti sem hæstv. dómsmrh. leggur hér til, sem er að vísu mjög svipað, en aðeins sá munur að þar er gert ráð fyrir sérstökum dómstól sem kostar töluvert fé. Allt kostar þetta peninga, hvort sem það er gert þannig eða með öðrum hætti. En þar kemur upp ný stofnun sem hlýtur þó að verða dýrari en að hafa sérstakan mann t. d. við sakadóm sem gæti einnig sinnt einhverjum öðrum málum, þannig að hann væri ekki eingöngu bundinn við þessi mál, heldur gæti sinnt þeim fyrst og fremst, en sinnt einnig öðrum málum.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er runnið upp nýtt ár og blessaðir starfshóparnir láta ljós sitt skína og skila af sér störfum á ýmsum sviðum. Það má ekki lengur minnast á nefndir. Varla ætla ég að starfshópar þeir, sem minnst er á í hinum ýmsu málaflokkum, vinni án endurgjalds, því allt kostar þetta peninga eins og hv. síðasti ræðumaður drap á. (Gripið fram í.) Já, einmitt það. Það hefur líklega verið undantekning.

Hér er fjallað um frv. til l. um Skattadóm og rannsókn skattsvikamála. Það er sannarlega fullt tilefni til þess að hugleiða þessi mál af alvöru, og það er margt sem getur farið úrskeiðis í þessum efnum. Vitanlega fer þetta frv. til n. og rækilegrar athugunar eins og önnur þingmál og er ekki ástæða til að fjölyrða mikið um það á þessu stigi. Það var þó aðallega ein aths. sem ég ætlaði að gera.

Hv. síðasti ræðumaður gat þess, að í raun og veru væri til sérdómstóll í skattamálum þar sem væri um að ræða ríkisskattanefnd, og má þetta til sanns vegar færa. Á hinn bóginn verður það að segjast eins og er, að því miður hefur aldrei tekist að gera ríkisskattanefndina nógu hraðvirka í störfum, — því miður, segi ég, því að þetta er að mörgu leyti mjög eðlileg málsmeðferð svo langt sem hún nær.

En hér er rætt um sérstakan skattadóm, og það er sú viðleitni sem ég vil vekja athygli á. Menn hafa mismunandi mikinn áhuga á hinum ýmsu málaflokkum, og þá kemur sú hugmynd fram að vilja setja á stofn sérdómstóla um alla skapaða hluti. Ég vil alveg ákveðið láta þá skoðun í ljós, að slíkt er röng stefna. Venjulega gerist það, þegar settur er á stofn sérdómstóll, að það er á kostnað annarra verka sem vinna þarf. Það er sú eina

aths. sem ég vil gera á þessu stigi mála, — sú almenna aths. að ég álít það algerlega ranga stefnu að setja á stofn sérdómstóla um eitt og annað. Það á fyrst og fremst að hlynna að hinum almennu dómstólum.

Það er oft kvartað undan því, að málsmeðferð sé hæg og það gangi ekkert hjá embættum landsins og héraðsdómurum. Það er venjulega vegna þess að þeir eru of liðfáir og ekki nógu vel að þeim búið. Þess vegna á að hlynna að hinu almenna dómstólakerfi þannig að þeir aðilar, sem þar starfa, séu vandanum vaxnir, geti tekist á við málin og afgreitt þau á hæfilega löngum tíma.

Það var einnig verið að tala hér rétt áðan um að veita fólki aðstoð til þess að leita til dómstóla, og þá á náttúrlega ríkissjóður að greiða 3/4 af þeim kostnaði sem þar af leiðir. Það eru ýmsar hugleiðingar um sparnað á nýju ári líka! En ég vil benda á að dómstólarnar, héraðsdómararnir, hafa á ýmsum sviðum því hlutverki að gegna að leiðbeina fólki endurgjaldslaust, nema hvað þeir þiggja auðvitað sín ákveðnu laun fyrir starf sitt. Ég tel a. m. k. þar sem ég þekki til úti um land, að hver sem þarf á slíkum upplýsingum að halda geti komist æðilangt með því einu að ræða við héraðsdómara sinn og starfsmenn hans um það sem gera þarf. Og meira að segja getur hann flutt mál sitt sjálfur. Þá er héraðsdómari skyldur til að leiðbeina honum, eins og nánar segir í lögum.

Þessa aths. vildi ég láta koma fram nú þegar við 1. umr. málsins.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Að því er varðar það, hvort settir skuli upp sérdómstólar eða stuðst við hið almenna dómstólakerfi, þá er auðvitað vitað að um þetta allt eru mjög skiptar skoðanir. Þó hygg ég að rétt sé að leggja áherslu á og undirstrika að einn sérdómstóll hér, sem settur var upp vegna sérstakra aðstæðna og breyttra þjóðfélagshátta, þá á ég við fíkniefnadómstólinn, hafi skilað bæði góðu verki og að sá dómstóll út af fyrir sig sé nokkur undirstrikun þess, að við vissar kringumstæður geti verið rétt að fara þá leið, þó svo það skuli jafnframt sagt og viðurkennt að hér á auðvitað að vera um undantekningarmál að ræða. En ég endurtek, að ég hygg að fíkniefnadómstóllinn og hvernig við þann dómstól hefur verið unnið sé nokkur sönnun þess að sérdómstólar geti átt rétt á sér.

Í annan stað, að því er varðar skattbrotamál, sem hér hafa verið allnokkur, er eftirtektarvert að það gengur fram af munni hvers einasta ræðumanns hér að þeir viðurkenna að þau séu mikið vandamál í samfélaginu: Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að einhvern veginn hafi það verið svo á undanförnum árum, að þegar á hafi reynt hafi ekki verið pólitískur vilji fyrir því að snúast gegn skattsvikum. Menn hafa farið um það almennum orðum, ég hygg að margar ríkisstj. hafi haft það í stjórnarsáttmálum sínum, að nú skuli snúist gegn skattalagabrotum og eitthvað gert í því skyni. En samt hefur ekkert gerst. Þetta ástand hefur verið óbreytt árum saman. Það er rétt að skattsektamál hafa farið til skattsektanefndar, en hún á vitanlega ekkert skylt við dómstól m. a. af þeim ástæðum að hún starfar alfarið fyrir luktum dyrum. Þar erum við kannske komnir að einum viðkvæmasta þætti þessa máls. Það eru ákaflega lítil tengsl á milli þeirrar starfsemi og borgaranna. Mér er ljóst að það er viðkvæmt mál, hversu opið þetta á að vera, en engu að síður er vert að vekja athygli á þessu.

Hér var á það minnst af hv. þm. Steingrími Hermannssyni, að á 10 árum hefðu ekki nema tæplega 10 mál af þessu tagi gengið til dómstólakerfisins. Og samkv. skýrslu, sem skattrannsóknastjóri tók saman í ágúst, upplýsti hann að nokkur þessara mála, þ. á m. mál frá 1972, fundust ekki, mál frá 1973 fannst ekki, annað mál frá 1973 fannst ekki. Auðvitað er hér ekki um nein stórmál að ræða, það skal undirstrikað og því bætt við, að í þessari sömu skýrslu kemur fram að af þessum tæplega 10 málum á 10 árum hefur dómur gengið aðeins í einu einasta þeirra. Þetta hygg ég að gefi nokkra lýsingu á því, hverjum vettlingatökum hefur verið á þessum málum tekið hér og hversu veikgeðja afstaða hefur verið tekin til mála af þessu tagi. Ég held að það sé meiri háttar réttlætismál að afstöðubreyting verði í þessum efnum og menn komist ekki upp með að skammta sér tekjur, að ráða tekjum sínum án þess að með því sé haft eftirlit.

Ég vil eindregið taka undir það með hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að það er auðvitað fyrst og fremst spurning um vilja og með hvaða hætti við viljum koma þessum málum fyrir. Ég held að í reynd sé ekkert ósamkomulag um að það á að ganga eðlilega frá þessum málum. Þau eiga að ganga eðlilega fram. Fyrir brot á að koma refsing. Það gildir um þennan málaflokk eins og alla aðra. Ég veit og viðurkenni að það geta verið skiptar skoðanir um aðferðina, þó að það sé orðið löngu tímabært að raunverulega sé tekið af skarið í þessum efnum og fyrir því skapist raunverulegur pólitískur vilji, því að skattbrot eru röng, þau á ekki að líða og fyrir þau á að refsa eins og ákveðið er ef þau eiga sér stað.

Ég undirstrika að lokum, að ég tel að það sé sjálfur kjarni málsins að slíkan vilja hafi raunverulega skort. Ég held að það eigi að breytast. Því frv., sem hér er til umr., er ætlað að stuðla að slíkri breytingu.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að ég tel að í núgildandi lögum séu mjög víðtækar heimildir og mjög víðtæk ákvæði um refsingar gegn skattalagabrotum. Á hv. Alþ. hefur því verið tekið á þeim málum af mikilli alvöru. Við búum við skattalög sem eru tiltölulega ný, nr. 40 frá 1978, og um refsingar er fjallað í 107. gr. þeirra laga. Það er út af fyrir sig, held ég, nokkuð upplýsandi fyrir alla að ég lesi þá grein en hún hljóðar þannig:

„Skýri skattaðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt skal hann greiða sekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin. Einnig má, að fullnægðum sömu saknæmisskilyrðum, sekta skattaðila, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem áætluð reyndist of lág, ef skattur er reiknaður að nýju samkv. 2. mgr. 96. gr. Álag samkv. 106. gr. "— sem er allt að 25% —„ dregst frá sektarfjárhæð" — enda hefur það þá verið komið til áður.

„Skýri framteljandi rangt eða villandi frá einhverjum atriðum er varða framtal hans, má gera honum sekt allt að 1 millj. kr., enda þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur" — sem sagt aðeins hafi verið um villandi upplýsingar að ræða.

„Verði brot samkv. 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal úr búinu greiða sekt allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu sekt allt að 500 þús. kr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi

lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi skattframtöl annarra aðila" — ég tek það fram: annarra aðila „eða gegnir ekki skyldu sinni samkv. 92. gr., skal greiða sekt allt að jafnhárri þeirri fjárhæð er undan skyldi dregin með upplýsingunum eða vanrækt var að gefa upplýsingar um." — Sem sagt ef aðili fullnægir ekki upplýsingaskyldu í sambandi við lög þessi, t. d. gefur ekki upp laun eða á annan hátt. „Sömu sekt skal sá sæta sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda. Að öðru leyti skal hver sá sem vísvitandi vanrækir skyldu sína samkv. ákvæðum 91. og 94. gr. greiða sekt allt að 1 millj. kr."

Síðan kemur: „Sektir samkv. lögum þessum geta eigi orðið hærri en 20 millj. kr. Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi."

Þetta er meginhluti þessarar greinar. Út af fyrir sig held ég því að menn geti verið sammála um að ekki hefur á það skort að löggjafinn hafi sett reglur um sektir og refsingar sem skipta gífurlegu máli. Um allt þetta mál skal hin nýja ríkisskattanefnd fjalla. Ríkisskattanefnd, sem er með nýju formi og átti að taka til starfa um s. l. áramót, hefur ekki enn verið skipuð, vegna þess, eftir því sem mér skilst, að í frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt er lögð til lítils háttar breyting á þeirri skipan mála, en ríkisskattanefndin skal um þetta fjalla. Og ég vil leggja á það áherslu, að þetta þarf að athuga í réttu samhengi, þ. e. a. s. hvort ljóst sé að ríkisskattanefnd skuli hafa sama hlutverk áfram, því að gert var ráð fyrir því að mál út af brotum, sem koma til meðferðar dómstóla, skyldu rekin að hætti opinberra mála. En hitt er svo annað mál, að oft og tíðum hefur skort á að við hefðum nægilegan mannafla til að gegna þessum málum í eftirliti okkar.

Ég held að það skorti ekki löggjöf um þessi mál, en framkvæmd þeirra hefur oft og tíðum ekki verið nægilega sterk. Menn skyldu vara sig nokkuð á því að leggja of mikla áherslu á löggjafaratriði, en minni á framkvæmd þeirra laga sem fyrir eru. Ég held að menn hafi oft brennt sig á því í þessu landi að það vantar peninga á ýmsum sviðum til að framkvæma þau lög sem Alþ. hefur sett. Ég tel að það ætti að vera almennt sjónarmið að réttara væri að leggja það fjármagn í að gera það, sem menn ákváðu með þeim lögum, heldur en setja ný lög sem menn hafa ekki heldur peninga til að framfylgja, þannig að ekki verði svigrúm til að framkvæma neitt af þeim annars góðu verkum sem menn ætla sér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 9. fundur.

Fimmtudaginn 10. jan., kl. 2 miðdegis.

Kosning þriggja manna í flugráð og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1983, skv. lögum nr.119/1950, um stjórn flugmála.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Albert Guðmundsson alþm. (A),
Steingrímur Hermannsson alþm. (B),
Skúli Alexandersson alþm. (C).

Varamenn:
Guðmundur Guðmundsson slökkviliðsstjóri (A),
Ragnar Karlsson flugvirki (B),
Vilhelm Júlíusson verkstjóri (C).

Kosning framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs Íslands til 6 ára, frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1985.

Einn maður var tilnefndur. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:
Sigurður J. Briem deildarstjóri.

Kosning fimm manna í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1982, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. lögum nr. 37/1967 um breyt. á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Fram komu fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Þorsteinn Gíslason skipstjóri (A),
Jón Kjartansson forstjóri (B),
Sigurður Hlöðversson tæknifræðingur (C),
Einar Ingvarsson bankafulltrúi (A),
Hallsteinn Friðþjófsson, Seyðisfirði (D).

Varamenn:
Markús Kristinsson verksmiðjustjóri (A),
Björgvin Jónsson framkvæmdastjóri (B),
Hjálmar Níelsson vélgæslumaður (C),
Þorbergur Þórarinsson framkvæmdastjóri (A),
Geir Gunnlaugsson prófessor (D).

Kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1982, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 54 2. maí 1968, um breyt. á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Guðmundur Karlsson alþm. (A),
Kristmann Jónsson útgerðarmaður (B),
Birgir Finnsson fyrrv. alþm. (C).

Varamenn:

Unnsteinn Guðmundsson skrifstofustjóri (A),
Þorleifur Björgvinsson framkvæmdastjóri (B),
Haukur Þorvaldsson netagerðarmeistari (C).

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Matthías Á. Mathiesen alþm. (A),
Ólafur Jóhannesson alþm. (B),
Stefán Jónsson alþm. (C),
Sverrir Hermannsson alþm. (A),
Árni Gunnarsson alþm. (D),
Páll Pétursson alþm. (B).

Varamenn:
Geir Hallgrímsson alþm. (A),
Halldór Ásgrímsson alþm. (B),
Hjörleifur Guttormsson alþm. (C),
Gunnar Thoroddsen alþm. (A),
Eiður Guðnason alþm. (D),
Davíð Aðalsteinsson alþm. (B).

Jöfnun húshitunarkostnaðar, þáltill. (þskj. 63). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðstoð við fiskflutninga milli Þorlákshafnar, Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, þáltill. (þskj. 84). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 86). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Jón Helgason): Þrír hv. alþm. hafa óskað eftir að hefja umr. utan dagskrár um sitt hvert málefni. Ég vildi mælast til þess að ræðumenn miði ræðutíma sinn við það sem þingsköp kveða á um umr. um fyrirspurnir.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég tek til máls utan dagskrár, eru þær upplýsingar sem hæstv. fjmrh. hefur látið frá sér fara í fjölmiðlum um stöðu ríkissjóðs um s. l. áramót. Ég er ekki að draga í efa að hæstv. ráðh. hafi þá eftir bestu vitund skýrt satt og rétt frá, heldur vil ég leyfa mér að gera aths. við það, að á sama tíma og greiðslustaða ríkissjóðs er sögð svo hagstæð, að 6 milljarða innistæða sé í Seðlabankanum um áramótin, eru vangreiddar gjaldfallnar skuldir ríkissjóðs við sveitarfélögin vegna lögbundinna greiðslna í skólarekstri a. m. k. yfir 200 millj. auk endurgreiðslna á launum tónlistarskólakennara um 52 millj.

Komið hafa fram aths. frá sveitarfélögum og fræðslustjórum vegna þessa máls og ætti engan að undra, sem til þekkir og veit að sveitarfélögin hafa takmarkaða tekjustofna og ekki aðgang að sjóðum til að sækja fjármagn í þegar greiðslur, sem þau eiga kröfur á og hefðu átt að berast undir venjulegum kringumstæðum úr ríkissjóði fyrir áramót, eru ekki inntar af hendi. Ég vil leyfa mér að benda á að samskipti ríkis og sveitarfélaga í skólamálum eru vandmeðfarin og viðkvæm og ekki hvað síst varðandi fjármálin, enda eru þau einn stærsti málaflokkurinn í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þó hefur færst til betri vegar í þeim samskiptum eftir að grunnskólalögin voru sett 1974, en með þeim var sýnd vitleitni til meiri valddreifingar með því að færa heim í héruð ýmis mál, sem menntmrn. fjallaði áður eitt um, og þá fyrst og fremst með stofnun embætta fræðslustjóranna, sem samkv. lögunum eru embættismenn ríkisins og heyra beint undir ráðuneytisstjóra menntmrn., en eru þó staðsettir í hinum ýmsu fræðsluumdæmum. Fræðslustjórarnir úrskurða um greiðsluþátttöku ríkissjóðs innan ramma laga og reglugerða og gera menntmrn. grein fyrir niðurstöðum. Að undanförnu hafa staðfestar greiðslubeiðnir þeirra orðið fyrir óvenjulegum töfum á leiðinni til fjmrn. Fæst væntanlega skýring á því hver ástæðan er. En sé hún sú, að verið sé að salta reikninga vegna þess að fjárveiting sé uppurin, bar að gera ráðstafanir til að ríkissjóður gæti staðið við lögbundnar skuldbindingar sínar í stað þess að velta byrðinni yfir á sveitarfélögin með því að taka sér vaxtalaust lán hjá þeim og valda þeim erfiðleikum vegna vanskila.

Það hefur verið ágæt regla undanfarin ár um fyrirkomulag á greiðslum úr ríkissjóði, þannig að staðfest greiðslubeiðni frá fræðslustjóra hefur ekki þurft að tefjast í kerfinu nema 8—13 daga, eftir því á hvaða vikudegi hún barst inn. Þannig hafa sveitarfélögin getað miðað greiðsluáætlanir sínar við þessa reglu þar til nú í des., að allt hefur farið úr böndunum og staðfestar greiðslubeiðnir allar götur frá því í nóvemberlok fengust ekki greiddar fyrir áramót. Ég hef í höndunum tölur frá nokkrum fræðsluumdæmum máli mínu til staðfestingar, og vil ég leyfa mér að lesa þær, með leyfi hæstv. forseta:

Í Reykjanesumdæmi er heildarskuld ríkissjóðs 31. des. 1979 við sveitarfélögin, og þá er ég eingöngu að tala um kvótagreiðslur og akstur vegna skólabarna, samtals rúmar 64 millj. kr. Þar af voru innsendar staðfestar greiðslubeiðnir 10. des. eða fyrr upp á rúmar 49 millj. Í Vesturlandsumdæmi var heildarskuldin 31. des. rúmar 48 millj. og þar af voru innsendar staðfestar greiðslubeiðnir 10. des. eða fyrr upp á rúmar 24 millj. Í Norðurlandsumdæmi vestra var skuldin rúm 21 millj. og innsend fyrir 3. des. Í Norðurlandsumdæmi eystra var innsend greiðslubeiðni fyrir 7. des. upp á tæpar 92 millj. Því miður hefur mér ekki unnist tími til að afla upplýsinga frá hinum fjórum fræðsluumdæmunum og bendi á að hér er aðeins um helming fræðsluumdæmanna að ræða. Af þessum greiðslubeiðnum, sem ég nú hef nefnt, hefðu a.

m. k. 186 millj. átt að greiðast fyrir áramót. Þarna vil ég einnig benda á að ef með væru teknar allar aðrar skuldir ríkissjóðs við sveitarfélögin mætti sjálfsagt bæta 1 milljarði við þær 200 millj. sem ég nefndi. Að auki bætast svo við tónlistarskólarnir með sínar 52 millj.

Herra forseti. Ég vil ítreka að gerðar verði ráðstafanir til að koma þessum málum í sómasamlegt horf, þannig að ríkissjóður gangi á undan með góðu fordæmi og standi við skuldbindingar, sem hann hefur sett sig í með lagaboðum og reglugerðum, og geri ekki starfsmönnum sínum heima í héruðum og sveitarfélögunum erfiðara fyrir en ástæða er til.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Mér er sérstök ánægja að því að fara nokkrum orðum um ríkisfjármálin í tilefni af þeirri fsp. sem hér hefur komið fram. Miðað við það furðulega moldviðri sem þyrlað hefur verið upp í þessum málum á undanförnum dögum, er satt að segja ekki vanþörf á því, þó að aðeins séu örfáir dagar þangað til gefst kostur á að ræða málið nánar því væntanlega verður nauðsynlegt að taka ríkisfjármálin til umr. á hinu háa Alþingi í næstu viku.

Ég vænti þess, að þær fréttir, sem frá fjmrn. hafa komið og gefa vísbendingu um afkomu ríkissjóðs á árinu 1979 miðað við bráðabirgðatölur, séu flestum þm. ánægjuefni, en ekki harms. Svo ætti að vera um alla þá sem hafa einhverja trú á því, að jafnvægi í ríkisbúskap sé mikilvægt fyrir efnahagsmál þjóðfélagsins. Vænti ég þess fastlega að a. m. k. þeir, sem hafa trú á því að það sé til góðs að ríkissjóður geti staðið skikkanlega, séu frekar ánægðir með þessar fréttir en hitt.

Sú hefur verið skoðun okkar Alþfl.-manna, og alls ekki okkar Alþfl.-manna einna, síður en svo, að jafnvægi í ríkisbúskap sé einn af mikilvægustu þáttum í þjóðarbúskapnum og forsenda fyrir því, að hægt sé að ná tökum á efnahagsmálum og verðbólgumálum í heild. Hins vegar hefur það vægast sagt gengið illa, þó svo margir flokkar þingsins hafi mikinn áhuga á því. Ég tek það sérstaklega fram, að sama sjónarmið og við höfum haft í þessum efnum hafa fjölmargir aðrir. Vil ég þá gjarnan nefna fyrrv. hæstv. fjmrh., sem ég held að þekki það manna best og sé manna fúsastur til að lýsa því yfir, hversu mikil nauðsyn sé á að tryggja jafnvægi í ríkisrekstrinum. Ég tek sérstaklega fram, að hann vann að því í síðustu ríkisstj., eftir því sem ég kynntist, bæði vel og röggsamlega, þó svo að sjónarmið hans hafi ekki alls staðar í þeirri hæstv. ríkisstj. haft fylgi.

Það, sem við Alþfl.-menn gerðum til þess að ná betri tökum á ríkisfjármálunum á þeim skamma tíma sem við höfðum til ráðstöfunar, var í fyrsta lagi að við reyndum að framfylgja ákvæðum laga um stjórn efnahagsmála o. fl., sem sett voru á Alþ. s. l. vor, þess efnis að spara skyldi í ríkisrekstrinum, skera niður útgjöld um 1000 millj. kr. Slíkt hefði verið auðveldara að framkvæma ef tekist hefði að ná því fram fyrir framkvæmdatímabilið, en ekki eftir að framkvæmdatímabili var lokið, eins og staðreyndin var þegar við komum að þessu máli. Okkur tókst hins vegar á örfáum dögum að ná fram niðurskurði í samræmi við þessi lagafyrirmæli um 500 millj. kr. Var það álit fjárlaga- og hagsýslustofnunar, að ekki væri þá unnt að framkvæma frekari niðurskurð miðað við þann stutta tíma sem eftir lifði af árinu. Í öðru lagi reyndum við að beita frekara aðhaldi við afgreiðslu umframfjárveitingabeiðna. Og í þriðja lagi lögðum við fyrir innheimtumenn ríkissjóðs að skila daglega innheimtum sínum þannig að það yrði engin bið á því að skattgjöld, sem þegnarnir greiddu, kæmust rakleiðis til ríkisins án ónauðsynlegra tafa á þeirri leið.

Mér dettur ekki í hug að halda að þessar aðgerðir einar geti áorkað því að breyting hefur orðið til hins betra í ríkisfjármálunum á síðustu mánuðum ársins, en vissulega mun enginn halda því fram að þær hafi engan þátt átt í því. Hvað svo sem því líður, og ég ætla síst að draga úr hlut fyrrv. fjmrh. og fyrrv. ríkisstj. í því máli, gerðist það 31. okt., eins og menn sjálfsagt muna, að ríkissjóður átti þá í fyrsta skipti í 4 ár inneign á hlaupareikningum sínum í Seðlabanka Íslands. Það var ekki búið að þurrka út skuld ríkissjóðs við Seðlabankann, síður en svo, heldur gerðist það í fyrsta skipti í 4 ár að ríkissjóður átti inneign á hlaupareikningum við Seðlabanka Íslands. Slíkt hafði ekki gerst neinn dag 4 árin þar á undan. (**Gripið fram í**: Það var bara ein mínúta.)

Menn töluðu um að þetta hefði gerst í eina mínútu, þetta hefði gerst eina nótt. Eitt dagblaðanna skrifaði í forustugrein, að þetta hefði verið gert með því að fjmrn. hefði breytt yfirdráttarskuld á hlaupareikningi við Seðlabanka Íslands í fast lán, og skrifaði leiðara um talnafalsanir fjmrh. Ég heimilaði ritstjóra viðkomandi blaðs að afla sér þeirra upplýsinga sem hann lysti um þetta hjá ríkisbókara og í fjmrn. Það varð til þess að daginn eftir birti þetta blað leiðréttingu, þar sem sagði að það væri ekki rétt að breyting á yfirdráttarskuld í fast lán hefði átt sér stað í valdatíð núv. fjmrh., það hefði gerst í júnímánuði í sumar, sem sé nokkrum mánuðum áður en núv. ríkisstj. tók við völdum og nokkrum mánuðum áður en þessi niðurstaða hafði verið fengin. Hins vegar sá blaðið enga ástæðu til að breyta leiðara sínum eða draga til baka fullyrðingarnar um falsanir sem ég hefði notað í því sambandi. Önnur blöð fullyrtu, sjálfsagt samkv. upplýsingum sem hv. þm., sem hér greip fram í, kannast við að hin hagkvæma staða hefði aðeins verið eina nótt, því að daginn eftir, 1. nóv., hefði ríkissjóður þurft að greiða 6 milljarða kr. í launakostnað og þá þegar hefði hallinn á hlaupareikningum ríkissjóðs við Seðlabankann numið 5 milljörðum kr. Ekkert blaðanna, sem þessar upplýsingar birti og lagði síðan út af þeim í leiðurum, hafði hins vegar fyrir því að spyrjast fyrir um það í fjmrn. hvort þetta væri svo.

Staðreyndin er sú, að þetta var rangt. Það er rétt, að við þurftum að greiða í upphafi nóvembermánaðar 6 milljarða kr. í launagreiðslur, en þegar 5. nóv. var skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands komin niður í 2.7 milljarða kr., var sem sé um helmingi lægri en blöðin fullyrtu samkv. fenginni heimild, sem þau vildu ekki gefa upp og lögðu síðan út af í leiðurum sínum. Þessi niðurstaða var vissulega vísbending um jákvæða þróun, en ekki flugeldasýning, eins og t. d. hv. þm., sem greip fram í áðan og ræddi um mínútumál, vildi halda fram. Hin hagstæða staða hjá ríkissjóði, inneign í hlaupareikningum hjá Seðlabanka Íslands sem varð í fyrsta skipti í 4 ár, 31. okt., varði ekki aðeins þann eina dag eða þá einu nótt. Þetta gerðist aftur alla dagana í lok nóvembermánaðar, 27., 28., 29. og 30. nóv., og alveg frá 3. des. til desemberloka, að þremur dögum undanteknum. Meginhluta tveggja síðustu mánaða ársins hélst þessi staða, sem í fyrsta sinn í 4 ár kom upp 31. okt. Vissulega held ég því að menn geti séð af þessu að sú vísbending, sem staða ríkissjóðs á hlaupareikningum í Seðlabanka

Íslands 31. okt. gaf til kynna, var marktæk. Hún hafði í för með sér að nær allan desembermánuð og meginhlutann af seinni helmingi nóvember var ríkissjóður hagstæður og átti verulegt fjármagn inni á hlaupareikningum sínum við Seðlabanka Íslands. Þetta gefur einnig tiltekna vísbendingu um afkomu ríkissjóðs á árinu 1979, sem ég vona að sé ekki harmtíðindi fyrir hv. þm., a. m. k. ekki þá sem einhvern áhuga hafa á að ríkisreksturinn sé heldur jákvæðari en neikvæðari.

Menn hafa dregið í efa, m. a. hv. þm. sem gerði fsp. áðan, að þær upplýsingar, sem ég hef gefið í bráðabirgðayfirliti um afkomu ríkissjóðs í árslok 1979, væru réttar. Ég vil aðeins taka fram í því sambandi, að þarna verður auðvitað að miða við eitthvað, hafa einhvern samanburð.

Hinn 12. júlí 1979 var gerð áætlun um afkomu ríkissjóðs til ársloka 1979. Á grundvelli þeirrar áætlunar um afkomu ríkissjóðs var m. a. gripið til þeirra ráðstafana af hæstv. þáv. ríkisstj. að gera ráð fyrir að leggja með brbl. á hækkað vörugjald og hækkaðan söluskatt til þess að afla aukinna tekna í ríkissjóð, og samið var við Seðlabanka Íslands um að hann veitti ríkissjóði bráðabirgðalán að upphæð 4.5 milljarða kr., sem ætti að endurgreiða á fyrstu þremur mánuðum ársins 1980. Samkv. greiðsluáætlun, sem gerð var 12. júlí 1979, var áætlað að staðan við Seðlabankann á árinu breyttist úr 26 milljörðum 358 millj. kr. eins og hún var við upphaf ársins, fyrst til hækkunar um 4 milljarða, síðan til hækkunar um 4.5 milljarða og yrði þannig 34 milljarðar 858 þús., lækkaði síðan um 5.1 milljarð þannig að niðurstaðan yrði tæplega 30 milljarðar kr. og hefði þannig skuldaaukning átt sér stað hjá ríkissjóði í Seðlabankanum um 3.7 milljarða kr. eða um það bil. Þetta var áætlunin sem hæstv. fyrrv. fjmrh. lagði til grundvallar tillögum þeim sem hann flutti í fyrrv. ríkisstj. um hækkun á sköttum með brbl. Í lok septembermánaðar var áætlað að skuldaaukning ríkissjóðs á árinu gæti orðið allmiklu meiri. Menn voru að tala um að það, sem ríkissjóður mundi skulda í árslokin hjá Seðlabanka, lægi einhvers staðar á milli 30 og 32 milljarða kr., en skuldin við upphaf ársins var 26.3 milljarðar kr., eins og ég sagði áðan. Samkv. tölum frá Seðlabanka Íslands og ríkisbókhaldi frá því á fyrstu dögum þessa mánaðar um stöðu ríkissjóðs við Seðlabankann í lok árs 1979 er staðan hins vegar sem hér segir:

Á hlaupareikningum ríkissjóðs er þá inneign upp á 6024 millj. kr. Ríkissjóðsvíxlar nema 4000 millj. kr., ógengisbundin verðbréf 21.8 milljörðum, umrætt bráðabirgðalán hjá ríkissjóði, sem á að greiðast upp á fyrstu þremur mánuðum ársins 1981, 4.5 milljörðum. Samtals eru þetta 24 milljarðar 357 millj. kr. Við þetta er síðan lagður verðbótaþáttur lána að upphæð 2 milljarðar 322 millj. kr. Heildarskuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands samkv. bráðabirgðatölum er sem sé 26 milljarðar 679 millj. kr. Ég bið menn að hafa þessa tölu í huga miðað við áætlunina sem gerð var 12. júlí s. l., þar sem gert var ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum myndu verða tæplega 30 milljarðar kr. í árslok. Samkv. þessu yfirliti eru þær 26.6 milljarðar, og samkv. grófri áætlun, sem gerð var í septemberlok, var ráð fyrir því gert að skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands mundi nema milli 30 og 32 milljörðum. Þarna er því nokkurra milljarða kr. munur á þeim áætlunum, sem gerðar voru fyrst í júlí, en síðan í sept., á afkomu samkv. bráðabirgðatölum, til hagsbóta fyrir ríkissjóð.

Ef við berum saman þróunina frá upphafi árs 1979 til loka árs 1979 og nefnum sambærilegar tölur fyrir s. l. ár er samanburðurinn þessi: Frá ársbyrjun til ársloka 1978 uxu skuldir ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands um 11.4 milljarða kr. Frá upphafi árs 1979 til loka árs 1979 uxu skuldir ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands um 321 millj. kr. samkv. bráðabirgðatölum. 31. des. 1978 skuldaði ríkissjóður á hlaupareikningum sínum við Seðlabanka Íslands 9385 millj. kr. 31. des. 1979 átti ríkissjóður inni á hlaupareikningum sínum 6024 millj. kr. Ég vil taka það fram, að menn skyldu hafa jafnframt í huga að trúlega er sú krónutala, sem nefnd er í lok ársins 1979, milli 40 og 50% verðminni en sú krónutala sem nefnd var í árslokin 1978. Ég vil svo taka fram að endingu að hér er um bráðabirgðatölur að ræða, endanlegt uppgjör hefur ekki farið fram og fer ekki fram fyrr en í lok þessa mánaðar.

Hins vegar held ég að öllum sé ljóst, sem fylgjast með ríkisbúskapnum og þekkja til ríkisrekstrarins, að þessar bráðabirgðatölur gefa vísbendingu um mun jákvæðari þróun ríkisfjármálanna á síðasta ársfjórðungi 1979 en jafnvel bjartsýnustu menn þorðu að gera sér vonir um. Ég vil einnig taka fram, að ekkert hefur komið í ljós við athuganir fjmrn. og stofana þess nú sem bendir til þess að þarna hafi átt sér stað skuldasöfnun hjá ríkinu, þ. e. að skýringin á þessu sé sú, að ríkissjóður skuldi viðskiptamönnum sínum umfram það sem eðlilegt er að gert sé í árslok.

Þetta ætla ég að láta nægja að sinni um afkomu ríkissjóðs eftir þeim bráðabirgðatölum sem eru handbærar nú.

Ég tek það enn og aftur fram, að hér er um bráðabirgðatölur að ræða. Endanlegt uppgjör fer fram innan hálfs mánaðar. Þá þarf ekki lengur um þessar tölur að deila, þá liggja þær fyrir. En ég held að það hljóti að vera alveg ljóst, þó svo að þessar bráðabirgðatölur kunni eitthvað að breytast, að þróunin tvo síðustu mánuði ársins hefur ótvírætt verið í jákvæða átt og er ótvírætt hægt að túlka hana þannig að menn geti átt von á betri afkomu ríkissjóðs á árinu 1979 en bjartsýnustu menn þorðu að gera sér vonir um í júlí og í sept. á því ári.

Þá ætla ég að víkja að þeim umr. sem verið hafa í fjölmiðlum upp á síðkastið, þar sem reynt hefur verið að skýra hina hagstæðu stöðu ríkissjóðs, sem er jákvæðari upp á nokkra milljarða kr. en gert var ráð fyrir, með því að ríkissjóður skuldaði nokkra milljónatugi til einstakra skóla; hvort ríkissjóður hafi sýnt hagstæðari útkomu með því að skulda einum skóla hér 600 þús. kr., öðrum skóla þar 1 millj. o. s. frv. Ég vek athygli á því, að hér erum við annars vegar að tala um nokkur hundruð þús. kr., en hins vegar um nokkra milljarða kr. Samanburðurinn verður því harla broslegur, svo að ekki sé meira sagt.

Áður en ég vík að því vil ég þó gjarnan láta þess getið, hvernig með þessi mál hefur verið farið af fjölmiðlum og hve sumir fjölmiðlar virðast gera sér far um að forðast að afla sér upplýsinga um þau mál sem þeir eru að fjalla um, þó að þær upplýsingar séu á reiðum höndum. Á baksíðu Þjóðviljans í dag er rætt við Björn Friðfinnsson fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, þar sem haft er eftir honum, að fjmrh. hefði snuðað borgina um milljarð kr. í des., og látið að því liggja að þarna sé a. m. k. fundin að hluta til skýringin á því, hvernig á því standi að þróunin í ríkisfjármálum virðist hafa verið jákvæðari seinni hluta ársins en menn gerðu sér vonir um áður. Þetta er svo

furðulegur fréttaflutningur að það tekur ekki nokkru tali og ég ætla ekki að fara öðrum orðum um hann en Björn Friðfinnsson gerir sjálfur í bréfi sem hann sendi fjölmiðlum og mér í morgun. Bréfið hljóðar svo:

„Reykjavík, 10. janúar 1980.

Í Þjóðviljanum í dag er ekki rétt farið með efni símtals við Einar Örn Stefánsson blaðamann um viðskiptastöðu ríkissjóðs gagnvart borgarsjóði um síðustu áramót. Í símtalinu svaraði ég spurningum blaðamannsins á þann veg, að það væri einkum þrennt sem hefði raskað áætlunum okkar varðandi stöðuna við ríkissjóð um áramót.

Í fyrsta lagi var framlag Jöfnunarsjóðs úrskurðað lægra en fyrri áætlanir Reykjavíkurborgar sýndu eða 28 þús. á íbúa í stað 30—31 þús., og sagði ég blaðamanni að við hefðum ekki fengið skýringu á því. Næmi mismunurinn allt að 180 millj. kr. fyrir borgarsjóð.“ — Mér hefur ekki unnist tími til að fá skýringar á þessu, en ég tek það fram, að hér er engin breyting á ferðinni sem gerð hefur verið að tilhlutan fjmrn., hvorki í des. né nóv., heldur um það að ræða að Reykjavíkurborg á von á því að framlag Jöfnunarsjóðs sé úrskurðað hærra en raunin varð á, og ég hef óskað eftir því að fá skýringar á þessu.

Síðan segir Björn Friðfinnsson:

„Í öðru lagi hafði ríkissjóður ekki greitt okkur vegna launakostnaðar tónskóla miðað við fyrri greiðsluvenjur tæplega 40 millj. kr.“

Að því er mér er tjáð í menntmrn. nemur skuld ríkissjóðs við Reykjavíkurborg vegna tónlistarskóla ekki 40 millj. kr. í árslok, eins og fjármálastjórinn segir, heldur 17 millj. kr. Skýring getur hugsanlega verið að hluti af þessari upphæð gjaldfalli ekki fyrr en í jan., en þessi kostnaður er eins og kunnugt er ekki greiddur og gjaldfellur ekki fyrr en sveitarfélagið hefur lagt út fyrir honum.

„Í þriðja lagi hafði Tryggingastofnun ríkisins ekki getað sýnt okkur sömu lipurð og undanfarin ár að greiða okkur fyrir áramót eitthvað upp í desemberreikninga sjúkrastofnana borgarinnar, þótt þeir gjaldfalli í janúar.“

Þarna hafði sem sagt fjármálastjóri Reykjavíkurborgar óskað eftir að Tryggingastofnun ríkisins sýndi borginni þá lipurð að greiða borginni fé sem Tryggingastofnunin átti ekki að greiða fyrr en í janúar. Hér var ekki um 1 milljarð að ræða samkv. munnlegu samtali við fjármálastjóra í morgun, heldur 150 millj. kr.

Síðar segir fjármálastjóri:

„Fullyrðingar um að ríkissjóður hafi snuðað borgina um milljarð kr. eru ekki frá mér komnar né heldur hugleiðingar um fallega reikninga Reykjavíkurborgar.

Loks er þess að geta, að ég bað blaðamanninn að hringja í mig síðar um daginn og lesa það fyrir mig sem hann hafði eftir mér haft. Blaðamaður lofaði því. Hann hlýtur að hafa hringt eitthvað annað.“

Þetta er dæmi um hvernig blöð, eins og Þjóðviljinn í þessu tilviki, leika sér að því að ljúga upp á saklausa menn, bera þá fyrir fréttum sem blaðið flytur, til þess að reyna að koma á núv. hæstv. ríkisstj., fjmrh. hennar, fjmrn. og embættismenn í fjármálakerfinu óorði af því að vera að hlunnfara borgarstofnanir um milljarð kr., eins og Þjóðviljinn gerir í þessu dæmi. Ég held að allir heiðvirðir blaðamenn hljóti að leiðrétta svona mistök, sem þeim vilja á verða og geta á orðið, því ég vona að hér sé um mistök Þjóðviljans að ræða, en ekki að hann sé vísvitandi að gefa lesendum sínum rangar upplýsingar og vísvitandi að leiða þar mann til vitnis sem í skriflegri yfirlýsingu neitar að hafa rætt á þessum grundvelli við Þjóðviljann og samkv. upplýsingum bæði fjmrn., fjármáladeildar borgarinnar og Tryggingastofnunar væri að fara rangt með hefði verið rétt eftir honum haft.

Svo að ég víki að því sem ég var beinlínis spurður að, um skólakostnað, ætla ég fyrst að taka fram að öll laun, sem til hafa fallið vegna grunnskóla, voru greidd fyrir áramót, öll föst laun kennara, öll yfirvinna og öll stundakennaralaun. Það er því rangt, sem sagði í frétt í Ríkisútvarpinu fyrir þremur dögum, að ríkissjóður skuldi kennurum á grunnskólastigi laun sem átti að greiða þeim fyrir desemberlok. Það er rangt. Það hafa öll laun verið greidd, föst laun, yfirvinnulaun og stundakennaralaun, öll laun sem greidd eru samkv. stundaskrá.

Í öðru lagi er annar kostnaður, sem til fellur vegna grunnskóla, en þar er um að ræða kostnað sem sveitarfélögin greiða, en ríkissjóður endurgreiðir síðan með eftirágreiðslu þegar reikningum hefur verið framvísað. Þessi kostnaður er eins og annar kostnaður áætlaður í fjárlögum. Menntmrn. hefur þann hátt á, að það framreiknar miðað við vísitölu og verðbætur þann kostnað sem hér um ræðir, og síðan eiga fræðslustjórarnir í hverju umdæmi að sjá um að framsenda og uppáskrifa reikninga og sjá til þess, að fyrirmæli og áætlanir Alþ., sem á bak við búa, séu haldin. Allur kostnaður, allir reikningar, sem bárust til fjmrn. fyrir 12. des. s. l. og fjölluðu um kröfur sveitarfélaga um endurgreiðslu á reikningum vegna skólakostnaðar, hafa verið greiddir. Sú regla hefur ríkt í fjmrn. um langan tíma, og henni var fylgt nú eins og áður, að krefjast þess að reikningum, sem yrðu greiddir fyrir áramót, ætti að skila rn. fyrir tiltekinn tíma í des., svo að hægt væri að ganga frá þeim til greiðslu fyrir árslok. Ríkisstofnunum og öðrum slíkum aðilum var tilkynnt þetta nú eins og áður og miðað var við að reikningar væru komnir inn fyrir 12. des. Í fjmrn. var engu að síður tekin sú ákvörðun að taka einnig við til greiðslu reikningum sem bærust á þeim degi, þannig að fresturinn til að skila reikningum var framlengdur um einn dag eða allt til 13. des. Allir reikningar, sem fjmrn. fékk, allar kröfur um endurgreiðslur á reikningum vegna greiðslu sveitarfélaganna á skólakostnaði vegna grunnskóla, sem bárust á tilteknum tíma, voru greiddar fyrir áramót, að undanteknum örfáum reikningum vegna tónlistarfræðslu sem hafði farið mjög verulega fram úr áætlunartölu fjárlaga framreiknað. Eftir 12. des. bárust fjmrn. nokkrir reikningar til viðbótar og tilraun var gerð til að afgreiða þá einnig fyrir árslok. En ástæðan fyrir því, að það var ekki unnt, var einfaldlega sú, að milli jóla og nýárs voru að þessu sinni aðeins tveir vinnudagar, sem varð til þess að ekki var hægt að ljúka greiðslu þeirra reikninga, sem bárust eftir skilafrest, fyrr en nokkrir dagar voru liðnir af janúarmánuði.

Þetta er það sem gert er á hverju ári, og gerðist núna eins og oftast eða alltaf áður. Þannig hafa allir reikningar í þessu sambandi, sem komið höfðu til fjmrn. fyrir tilsettan tíma, verið greiddir. Hins vegar, eins og ég sagði áðan, ganga þessir reikningar fyrst frá fræðslustjórum í umdæmunum til fjármáladeildar menntmrn., sem framsendir þá síðan til afgreiðslu í fjmrn. Ég er með í höndunum fréttatilkynningu frá menntmrn. sem út var send í dag. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Vegna yfirlýsinga í fjölmiðlum um reikningsskil ríkissjóðs vegna rekstrarkostnaðar skóla vill rn. taka

fram eftirfarandi:

Almennir grunnskólar eru reknir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Kostnaður við skólahaldið skiptist milli þessara aðila í samræmi við ákvæði í lögum og reglugerðum. Í stórum dráttum er skipting kostnaðar með þeim hætti, að ríkissjóður greiðir beint mestan hluta launakostnaðar vegna kennslu, en sveitarfélög annast ýmsan annan rekstur. Ríkissjóður endurgreiðir síðan sveitarfélögum ýmsa kostnaðarliði við skólahaldið, ýmist mánaðarlega eða eftir á, við uppgjör rekstrarreiknings einu sinni á ári. Þar sem ríkissjóði ber að endurgreiða samkv. lögum á grundvelli reikninga sveitarfélaga hlýtur ríkissjóður eðli málsins samkv. oftast að vera í nokkurri skuld við sveitarfélögin, þótt þær skuldir séu ekki í öllum tilfellum gjaldfallnar.

Menntmrn. hefur reynt, eftir því sem kostur er, jafnt á þessu ári sem undanfarin ár að hraða sem mest öllum greiðslum til sveitarfélaga. Rn. hefur m. a. beitt sér fyrir því, að yfirvinna kennara samkv. stundaskrá og laun stundakennara eru nú greidd jafnóðum og beint frá fjmrn. í stað þess að sveitarfélög þurftu áður að leggja út þann kostnað og bíða síðan eftir endurgreiðslu ríkissjóðs. Hér er um greiðslur að ræða sem í des. námu um 276.8 millj. kr., sem ríkissjóður greiðir áður en þær eru gjaldfallnar samkv. lögum. Þetta fyrirkomulag var tekið upp s. l. haust í öllum fræðsluumdæmum eftir að það hafði verið reynt í tveimur umdæmum áður."

M. ö. o.: í desembermánuði greiðir ríkissjóður, sem honum ber samkv. lögum ekki að greiða fyrr en í jan., fyrir sveitarfélögin 276.8 millj. kr., sem er nokkru hærri upphæð en hv. fyrirspyrjandi sagði að ríkissjóður skuldaði sveitarfélögum vegna eftirágreiðslu fyrir gjaldfallinn kostnað vegna grunnskólakerfisins. Þetta eru greiðslur sem sveitarfélögin hefðu að réttu lagi átt að inna af hendi í desembermánuði og ekki getað krafið ríkissjóð um samkv. grunnskólalögunum fyrr en í janúar. Ríkissjóður greiddi þetta hins vegar beint til kennara án þess að millifæra það til sveitarfélaganna í desember. Með þessum hætti urðu greiðslur til kennara greiðari og hraðari en ella hefði orðið og byrðinni létt af sveitarfélögunum. Og það, sem ríkissjóður hefur greitt í þessu sambandi fyrir sveitarfélögin í desembermánuði, nemur hærri fjárhæð en hv. fyrirspyrjandi sagði áðan að ríkissjóður skuldaði sveitarfélögunum vegna eftirágreiðslukröfu. Tók þó hv. fyrirspyrjandi sérstaklega fram í ræðu sinni að stór hluti af þeirri fjárhæð, sem fyrirspyrjandi nefndi, gjaldfélli raunar ekki fyrr en eftir áramótin. Ég er því hræddur um að ef dæmið væri upp gert á þeim eina grundvelli, hvað ríkissjóður hefði greitt fyrir sveitarfélögin í des. vegna skólakostnaðar og hvað sveitarfélögin eiga inni hjá ríkissjóði, mundu þeir reikningar halla heldur betur á sveitarfélögin.

Síðan segir í frétt menntmrn.:

„Greiðsla ríkissjóðs vegna kostnaðar við grunnskóla sem og annar kostnaður ríkisins er ákveðinn af Alþ. í fjárlögum ár hvert. Alþ. ákvað við gerð fjárlaga ársins 1979 talsverða lækkun á tillögum rn. um framlög til rekstrar grunnskóla. Þrátt fyrir að reynt var að koma á ýmsum sparnaði og aðhaldsaðgerðum, sem fólu í sér m. a. fækkun kennslustunda, takmörkun yfirvinnu o. fl., fóru greiðslur ríkissjóðs vegna rekstrar grunnskóla um 630 millj. kr. fram úr verðbættum fjárveitingum fjárlaga." — Rekstrarkostnaður grunnskóla fór þannig 630 millj. kr. fram úr framreiknuðum fjárveitingum Alþ., uppfærðum til verðlags. — „Greiðslustaða hinna ýmsu fræðsluumdæma," segir menntmrn. síðan, „er hins vegar mjög misjöfn eða frá því að vera innan fjárlaga til þess að fara tæpar 250 millj. fram úr verðbættum framlögum."

Ég vil aðeins taka fram, að mér er fullkunnugt um það t. d. í einu fræðsluumdæmi, sem hélt sig innan fyrirmæla Alþ. um annan kostnað vegna grunnskólarekstrar, sem sveitarfélögin greiða og eiga endurgreiðslukröfu á til ríkissjóðs, að í skólum þar var að undirlagi fræðsluyfirvalda staðið gegn því að farið yrði í aukavinnugreiðslum fram úr þeim mörkum sem Alþ. ákvað í því skyni. Og niðurstaðan hefur orðið sú, að ekki var farið fram yfir þær heimildir, framreiknaðar og uppfærðar, til núverandi verðlags, sem Alþ. gaf. Hins vegar hafa önnur sveitarfélög farið þarna langt fram yfir, vegna þess að þar hefur verið heimilaður meiri aukavinnukostnaður en Alþ. gerði ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Í sumum tilvikum hefur þarna að magni til í jafnvirðiskrónum verið farið 10% fram yfir þær heimildir sem Alþ. hafði veitt. Ég tel að það sé skylda bæði fjmrn., fjmrh., menntmrn. og þeirra, sem með þessi mál fara í menntmrn., að reyna að stemma stigu við slíku. Ég vil taka það fram, að fjármáladeild menntmrn. hefur staðið sig mjög vel þar, og ber a. m. k. okkur alþm., sem förum með fjárveitingavaldið, að þakka þeim fyrir verk þeirra í því sambandi að reyna að halda útgjöldum vegna skóla innan við það sem Alþ. hefur ákveðið, vegna þess að ef einstaklingar, sem fara með ríkisins fé, geta ávísað sjálfir á ríkissjóð með þeim hætti að fara eins og þeir vilja fram úr þeim fjárlögum sem Alþ. afgreiðir þá er náttúrlega tilgangslaust fyrir Alþ. að vera að fara með fjárveitingavald. Þá er valdið annarra en okkar hv. alþm.

Síðan segir í fréttatilkynningu rn.:

„Aðhaldsaðgerðir rn. á öðrum sviðum gerðu það að verkum að greiðslustaða rn. í heild veitti svigrúm meginhluta ársins til að endurgreiða skólakostnað grunnskóla tafarlaust. Þessi staða raskaðist síðustu 2—3 mánuði, m. a. vegna þess að greiðslum vegna stundakennslu og yfirvinnu var hraðað. Varð því þessa mánuði að taka upp þann hátt að nýju að greiða sveitarfélögum mánuði eftir á. Afgreiðsla reikninga var með þeim hætti, að þeir reikningar, sem bárust rn. fyrir 20. nóv., voru afgreiddir um mánaðamót nóv.—des., en þeir reikningar, sem bárust eftir þann tíma og fram í miðjan des., voru afgreiddir til greiðslu um áramót. Undantekningar voru að sjálfsögðu frá þessari reglu, þar sem þannig stóð á, að greiðslur voru innan marka fjárlaga, og í þeim tilvikum er fræðslustjórar upplýstu að sveitarsjóðir stæðu sérstaklega illa fjárhagslega, þá var greitt strax."

Þetta var sem sé ekkert vandamál hjá þeim fræðsluumdæmum sem héldu sig innan þeirra marka sem Alþ. uppálagði þeim. Þetta var ekki heldur vandamál gagnvart þeim sveitarfélögum sem að áliti fræðslustjóra höfðu að vísu farið fram úr, en voru mjög illa stæð. Hins vegar tók fjármáladeild menntmrn. þá ákvörðun að veita aðhald í þeim fræðsluumdæmum sem höfðu farið mjög verulega fram úr þeim heimildum sem Alþ. veitti til fjárgreiðslna í þessu sambandi. Það er tvímælalaust skoðun mín, að ekki hafi aðeins verið rétt af menntmrn., heldur bókstaflega skylda þeirra manna þar, sem með þessi mál fara að gera það. Ef alþm. vilja afsala sér fjárveitingavaldinu í þessum efnum, skulu þeir gera það umbúðalaust, en ekki með því að atyrða embættismenn ríkisins fyrir að gera það sem þeim ber til þess að reyna

að halda þannig á málum að ákvarðanir Alþ. um fjárútgjöld úr ríkissjóði verði ekki sniðgengnar.

„Sú vinnuaðferð," segir síðan hjá menntmrn., sem hér var viðhöfð af hálfu menntmrn. beindist að því að jafna greiðslustreymið milli ríkissjóðs og sveitarfélaga án þess að auka skuldir ríkissjóðs við sveitarfélög þegar á heildina er litið, jafnhliða því sem reynt var að tryggja að ekki yrði farið fram úr heildarfjárveitingum til menntamála.

Við hvort tveggja var staðið. Greiðslustaða ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögum vegna rekstrar grunnskóla er síst lakari um þessi áramót en verið hefur undanfarin ár."

Menntmrn. fullyrðir í fréttatilkynningu sinni, að það sé rangt sem haldið sé fram, að rn. og fjmrn. hafi vísvitandi stefnt að því að bæta greiðslustöðu ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögum með því að safna ógreiddum reikningum sveitarfélaga vegna grunnskólakostnaðar, en greiða þá ekki. Menntmrn. fullyrðir þvert á móti að greiðslustaða ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögum vegna rekstrar grunnskóla sé síst lakari um áramótin síðustu en verið hefur. Sama kemur fram í yfirlýsingu frá ríkisbókara, sem ég er með í höndunum. Ríkisbókari segir einnig í yfirlýsingu sinni frá því, að ætla megi að skuldaaukning ríkissjóðs á árinu 1979 vegna grunnskóla sé mjög óveruleg. — Menntmrn. segir að hún sé engin. Ríkisbókari segist ætla að hún sé mjög óveruleg. Það moldviðri, sem verið er að þyrla upp núna, er því á rangindum byggt og leiðir til rangrar og villandi niðurstöðu.

Spurningin er því sú, hvort sveitarfélög hafi skaðast á þessum viðskiptum. Svo er ekki. Sveitarfélögin hafa hagnast á þeirri breytingu sem gerð var í haust, þegar ríkissjóður fór að greiða milliliðalaust og beint til kennara yfirvinnu- og stundavinnugreiðslur. Þau hafa ekki skaðast á því, þvert á móti hafa þau hagnast á því, og það, sem ríkissjóður hefur lagt fram í því sambandi, er meira fé en nemur kröfu sveitarfélaga á hendur honum vegna endurgreiðslu á þeim reikningum sem gjaldfallnir kunna að hafa talist fyrir áramót, en þessar ástæður lágu fyrir því, eins og ég sagði áðan, að menntmrn. framsendi ekki aths.laust. Hins vegar er mér alveg ljóst hvað einstök sveitarfélög varðar, þó svona sé staðið að þegar á heildina er litið, að þau geta verið verr sett í þessu sambandi núna en áður, þó að staðan í heild sé svona.

Mér er líka kunnugt um, svo að það séu lokaorð mín í þessu sambandi, að í tilteknu fræðsluumdæmi, þar sem vandræðin eru hvað verst, hefur það gerst að ekkert sveitarfélag fékk fyrir áramót endurgreiddan framlagðan kostnað vegna grunnskóla. En líka er til skýring á því. Fyrstu greiðslur sveitarfélaga vegna grunnskóla fara fram í septembermánuði. Þeir reikningar eru í flestöllum tilvikum framsendir menntmrn. og síðan fjmrn. til endurgreiðslu mánuðinn á eftir, þ. e. a. s. í októbermánuði. En í hinu tiltekna fræðsluumdæmi barst enginn reikningur frá fræðslustjóra fyrr en um mánaðamótin nóv.—des. Enginn reikningur, sem greiddur var af sveitarfélögum í septembermánuði vegna grunnskóla, var þannig sendur menntmrn. og fjmrn. fyrr en í lok nóvembermánaðar. Enginn reikningur, sem greiddur var af sveitarfélögum í októbermánuði, var heldur sendur fyrr. Þetta er ekki sú venja sem fræðslustjórar viðhafa í þessu sambandi, því að þeir senda jafnan reikningana nokkurn veginn jafnóðum og þeir berast. Það gerðist hins vegar ekki í þessu tilviki. Þess vegna hafa sveitarfélög í hinu tiltekna fræðsluumdæmi lent í því að fá ekki endurgreiðslur fyrir áramót. En það er hvorki vegna þess að fjmrn. hafi tafið greiðslur þeirra reikninga né heldur menntmrn., heldur vegna hins, að fræðslustjóri umdæmisins framsendi ekki þessa reikninga fyrr en um mánaðamótin nóv.—des. Ég hef óskað eftir því við fjármáladeild menntmrn. að það gangi úr skugga um hvað veldur.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns gera þá aths. varðandi þau ræðuhöld sem farið hafa fram utan dagskrár, eftir að forseti óskaði sérstaklega að menn héldu sér að þingsköpum, að hæstv. fjmrh. hefur haldið ræðu um ríkisfjármálin sem hefur tekið góðan hálftíma. (**Gripið fram í:** 50 mínútur), 50 mínútur, sögðu þeir sem höfðu tímaúrið sitt í lagi. Því frekar er ég að gera því skóna að mér dugi ekki sá tími sem þingsköp ætla, því að vissulega er mjög margt í ræðu hæstv. fjmrh. sem gefur tilefni til þess að hér yrðu umr. um fjármál ríkisins í nokkuð langan tíma.

Tilefni þessarar umr. utan dagskrár eru fregnir í ríkisfjölmiðlum um stöðu sveitarfélaga og kröfu þeirra á ríkissjóð, sem hv. 4. landsk. þm., Salome Þorkelsdóttir, gerði að umræðuefni í upphafi fundar. Ég hef ekki í hyggju að koma þar við í ræðu minni nú, ég þekki málið ekki nægjanlega vel, en ég held að það sé nýmæli að ríkisfjölmiðlarnir séu dag eftir dag, eftir að hæstv. fjmrh. hefur látið í sér heyra, með leiðréttingar hinna ýmsu sveitarfélaga og stofnana við það sem frá honum hefur farið.

Vinnubrögð hæstv. ráðh. í sambandi við yfirlýsingar hans um stöðu ríkissjóðs hafa verið töluvert sérkennileg. Hann vék að því áðan að menn væru að vefengja upplýsingar úr rn. Ég hef ekki séð nein skjöl komin frá fjmrn. Ég hef hins vegar heyrt hæstv. fjmrh. segja ýmislegt og ég hef lesið í Alþýðublaðinu tölur um stöðu ríkissjóðs, en ég taldi ekki meðan ég gegndi fjmrh.-starfinu að það væri fréttamiðill fjmrn.

Þessi vinnubrögð hæstv. ráðh. minna mann dálítið á ævintýri sem allir þekkja, þ. e. a. s. um nýju fötin keisarans. Hann hafði ekki verið lengi í ráðherrastól þegar hann vildi sýna alþjóð hvernig Alþfl. hagaði ríkisfjármálunum þegar hann væri tekinn við þeim. Októbermánuður — eða sá hluti hans a. m. k. sem hæstv. fjmrh. réð ríkjum í fjmrn. — var með þeim hætti að þar fengu menn nánast ekki greidda reikninga. Menn héldu jafnvel að staða ríkissjóðs væri orðin mjög slæm. Forveri núv. fjmrh. var farinn að fá samúð, og menn veltu fyrir sér hvort ferill hans hefði endað svo, að ekki væri til ein einasta króna og ekki nokkur leið að greiða nokkurn reikning allan mánuðinn eftir að hann var farinn. En viti menn, það kom fljótt í ljós hver var ætlun hæstv. fjmrh., því að 31. okt. eða 1. nóv. kom hann í fjölmiðla og sagði: Jæja, í fyrsta skipti í fjögur ár hefur ríkissjóður átt inni á viðskiptareikningi sínum í Seðlabankanum.

En það snaraðist fljótt um á skepnunni, því að þegar komið var fram yfir miðnætti ... (Gripið fram í.) Ágætur, já. Hv. 4. þm. Norðurl. e. áttar sig kannske ekki á því, að ég var að tala um ríkissjóð. Hann vill e. t. v. heldur tala um fjmrh. sem slíkan. Það verður að vera hans mál. En strax í upphafi nóvembermánaðar var ríkissjóður kominn í margra milljarða kr. skuld á viðskiptareikningi sínum í Seðlabankanum. Nú biðu menn spenntir. Kosningar nálguðust. Hvernig skyldu nú mánaðamótin 30. nóv.—1. des. koma út? Jú, það var

innistæða á viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Ég lét þá gera athugun á hvort ríkissjóður hefði staðið við allar skuldbindingar sínar og þær upplýsingar, sem ég fékk, voru að tæpir 2 milljarðar kr. væru ógreiddir sem gjaldaáætlun fjmrn. hafði gert ráð fyrir. En til þess að fá þá stöðu að gjaldaáætlunin, sem gerð var í upphafi ársins, í tíð fyrrv. fjmrh., sýndi sig vera rétta, þ. e. a. s. sýndi innistæðu á viðskiptareikningi upp á 2.1 milljarð, frestaði núv. hæstv. fjmrh. greiðslum sem námu nákvæmlega sömu upphæð, þ. á m. greiðslum til Byggðasjóðs, og ég veit að báðir „kommissararnir" sem nefndir hafa verið, m. a. er fyrrv. hæstv. fjmrh. annar framkvæmdastjórinn, geta að sjálfsögðu staðfest þetta. Það voru líka hundruð millj. ekki greiddar til annarra sjóða. Það, sem hér var um að ræða, var því að greiðslur voru dregnar fram yfir mánaðamótin til þess að hægt væri að sýna þessa mjög svo góðu stöðu.

Nú liðu kosningar og nálgaðist næstu mánaðamót. Það voru áramót. Mönnum datt í hug að nú væri leiknum lokið og hæstv. fjmrh. léti sér þetta nægja, hann færi úr nýju fötunum keisarans. Nei, þá gerist það enn á ný að hæstv. fjmrh. kemur fyrir alþjóð og skýrir frá hver sé staða ríkissjóðs um þessi áramót. Og það er Alþýðublaðið sem er látið flytja boðskapinn eftir að ráðh. treysti sér ekki í fjölmiðlum til þess að segja hver hafi orðið skuldaaukning ríkisins í Seðlabankanum á árinu 1979. Ég hef ekki séð neina fréttatilkynningu frá fjmrn. Ég vonaðist eftir að hæstv. ráðh. héldi þeirri reglu, sem þar hefur verið tíðkuð um nokkur ár, að gefa út hlutlausa fréttatilkynningu og þm. fengju þá að sjá, hver væri raunveruleg staða ríkissjóðs við Seðlabankann, og síðar yrði gefin út skýrsla til Alþ. byggð á bráðabirgðatölum ríkisbókhalds, eins og upp var tekið á árinu 1976 um ríkisfjármálin árið 1975. Nei, hæstv. ráðh. kom í fjölmiðla til þess að gera enn grein fyrir því, hversu vel hann hefði stjórnað fjármálunum í þá 2½ mánuð sem hann hefði setið í ráðherrastólnum, og gerði grein fyrir hver væri skuldastaðan við Seðlabankann: nú ætti ríkissjóður inni um áramótin 6 milljarða, skuldin hefði ekkert aukist að ráði og allir reikningar greiddir sem ríkissjóði bar að greiða.

Við skulum fara yfir þetta dæmi. Ég aflaði mér í morgun upplýsinga í Seðlabankanum um stöðu ríkissjóðs þar 31. des., og ég fæ aðrar tölur en hæstv.fjmrh. kom með áðan.

Skuldabréfalán ríkissjóðs við Seðlabankann eru 26.1 milljarður kr. Reikningslán, sem á að greiðast 20. mars, er 4 milljarðar. Skammtímalán samkv. brbl., sem á að greiðast 1. mars, 1. maí og 1. júlí, er 4.5 milljarðar. Og síðan eru ríkisvíxlar í eigu innlánsstofnana 300 millj. Á móti þessu eru á viðskiptareikningi ríkissjóðs 6 milljarðar. Útkoman úr þessu dæmi er 28.3 milljarðar.

Hæstv. fjmrh. las upp áðan töluna 26.7 milljarðar. Það er sú tala sem Alþýðublaðið gaf upp. Mér er alveg ljóst í hverju þessi talnaleikur er fólginn.

Á s. l. ári voru gerðar breytingar á lánum ríkissjóðs við Seðlabankann. Lánunum var breytt úr gengistryggðum lánum í lán með verðbótagreiðslum. Gengistryggðu lánin hafa verið og eru samkv. bókhaldi færð upp um hver áramót miðað við það gengi sem þá gildir. Verðbótaþátt viðkomandi skuldabréfa ber að færa upp nákvæmlega með sama hætti, enda gerir Seðlabankinn það í þessari tölu. Hæstv. fjmrh. er ekki á því að þetta eigi að gerast, enda sýnir hann dæmi sitt miklu betra með því að fara í bókhaldsleik.

Reikningslán upp á 4 milljarða á ríkissjóður að greiða á þessu ári, eftir rúma tvo mánuði. Þar að auki á hann að borga þriðjunginn af skammtímaláninu, sem er 4.5 milljarðar, þannig að greiðsla hans á árinu 1980 er upp á 5.5 milljarða á fyrstu mánuðum þess árs. Við getum gert okkur grein fyrir því, hvernig ríkissjóður hefur bolmagn á þeim mánuðum til að greiða lánin sem tekin voru árið 1978 vegna rekstrarhalla ríkissjóðs þá.

Til þess að sýna betri stöðu ríkissjóðs kemur í ljós að reikningar eru ekki greiddir, að kröfur stofnana á ríkissjóð eru ekki greiddar svo nemur milljörðum kr. Þar ber hæst Tryggingastofnun ríkisins, en mér er tjáð að ríkið skuldi Tryggingastofnun ríkisins tæpa 5 milljarða, og skuldaaukningin á þessu ári er upp á 2.5 milljarða. Það er ósköp auðvelt að bæta stöðuna við Seðlabankann með því að skulda Tryggingastofnun ríkisins. Við skulum líka átta okkur á að lánin við Seðlabankann jukust ekki bara um 300 millj., eins og ráðh. vildi láta líta út áðan, heldur um 2.2 milljarða. Hér er um að ræða upphæð sem nemur 4.7 milljörðum kr. Nú erum við að heyra um allar þær greiðslur sem ríkissjóður skuldar sveitarfélögunum. Mér er einnig ljóst að Olíusjóður á inni stórar upphæðir frá árinu 1979 og olíufélögin voru látin taka lán til þess að létta á greiðslum hans á s. l. ári. Allt er þetta gert til þess að láta stöðuna líta betur út um áramót en efni standa til.

Ef við tökum stöðu ríkissjóðs samanborið við fjárlögin sem samþ. voru, kemur í ljós það sem við í stjórnarandstöðunni á s. l. ári sögðum þegar þau fjárlög voru samþ., að um óraunhæf fjárlög væri að ræða. Það þýðir lítið fyrir hæstv. fjmrh. að koma upp nú og fjargviðrast yfir því, að ríkissjóður hafi ekki peninga til að greiða það sem honum bar að greiða. Hann hefði átt að standa að því með stjórnarandstöðunni í desembermánuði 1978 að afgreiða raunhæf fjárlög svo að fjmrh. gæti staðið við þær skuldbindingar sem lög gera ráð fyrir.

Við margbentum á það úr þessum ræðustól, fleiri en einn, fleiri en tveir, að það skorti um 10 milljarða og yfir 10 milljarða til þess að um væri að ræða raunhæf fjárlög. Fjárl. voru látin skila, ef ég man rétt, 7.5 milljörðum í greiðsluafgang. Það átti að nota 5 milljarða til þess að borga niður lán í Seðlabankanum og greiðsluafgangurinn átti að nema 2.5 milljörðum. Í staðinn fyrir þetta, þ. e. a. s. greiðsluafgang upp á 7.5 milljarða, aukast skuldirnar við Seðlabankann um 2.2 milljarða. Ef ég kann að leggja saman er hér um að ræða tæpa 10 milljarða. Auk þess nemur skuldaaukningin við Tryggingastofnun ríkisins 2.5 milljörðum. Hér erum við því komnir með 12.5 milljarða, og síðan koma þær skuldir sem hér hefur verið vikið að og voru tilefni þessara umr. utan dagskrár, ásamt öðrum skuldum sem ríkissjóður hefur ekki getað staðið við. Staða ríkissjóðs er því um 15 milljörðum lakari en gert var ráð fyrir við setningu fjárlaga.

Það hefði vissulega verið fagnaðarefni ef hæstv. fjmrh. hefði getað komið hér og gert grein fyrir mun betri stöðu ríkissjóðs en hún hefur oft verið áður. Ég veit að ég hefði fagnað því, og ég veit að hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. hæstv. fjmrh., hefði fagnað því líka. Annað mál er að koma upp í ræðustól og vera steinhissa á því að mönnum finnist slíkur málflutningur sem hæstv. fjmrh. hefur viðhaft frá því að hann tók við ekki fagnaðarefni. Hann er steinhissa á að það skuli ekki vera fagnaðarefni alþm. að hæstv. fjmrh. gangi fram fyrir skjöldu í því að hagræða tölum vísvitandi og blekkja til þess að sýna að hans dómi betri

árangur í eigin störfum.

Ég held að með því, sem ég hef sagt, hafi ég getað gert mönnum grein fyrir hver í raun og veru er staða ríkissjóðs. Það staðfestir, eins og ég sagði áðan, það sem við sjálfstæðismenn sögðum þegar fjárlög voru sett í desembermánuði 1978. Það hefur allt gengið fram eftir því sem þar var á bent. Ég held að menn ættu heldur að draga af því lærdóm, hvernig þeir stóðu að málum, fremur en koma hér upp í ræðustólinn eins og strúturinn og stinga höfðinu í sandinn.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort Alþ. megi ekki búast við að á næstunni verði gefin út af fjmrn. óhlutdræg fréttatilkynning um stöðu ríkissjóðs 31. des., eins og gert hefur verið, og þá hefur það verið staða ríkissjóðs eins og hún hefur verið við Seðlabankann. Síðan er spurt: Má ekki gera ráð fyrir að fjmrh. gefi Alþ. skýrslu um þróun ríkisfjármála árið 1979, — hlutlausa skýrslu byggða á bráðabirgðatölum ríkisbókhaldsins þegar þær verða til? Eða er ætlunin sú upplýsingamiðlun og allur tilbúningur hennar, sem hæstv. fjmrh. hefur stundað að undanförnu, verði sú upplýsingamiðlun sem Alþ. og þjóðin á að fá á næstu dögum? Og þá er spurt: Er þetta sú upplýsingamiðlun hins opinbera sem Alþfl. hefur talið að þyrfti að koma? Við höfum stundum heyrt þá tala fyrir því að auka þurfi upplýsingamiðlun og opna stjórnkerfið. Spurningin er: Er það þetta sem við eigum við að búa og fá kannske framan í okkur þegar við spyrjum: Óviðkomandi bannaður aðgangur?

Forseti (Jón Helgason): Vegna orða hv. 1. þm. Reykn. í upphafi ræðu hans vil ég taka það fram, að eins og hv. alþm. er kunnugt hefur ræðutími utan dagskrár ekki verið takmarkaður að undanförnu. Þar sem mér virtist að erindi hv. 4. landsk. þm. væri fyrst og fremst fsp., fannst mér eðlilegt að um þetta mál væri miðað við ræðutíma skriflegra fsp. En þar sem slíkt fyrirkomulag er ekki í samræmi við venju, sem hefur verið hér að undanförnu en mér finnst þó að eðlilegt væri að um þetta gilti, þá ætlaði ég ekki að ganga lengra að þessu sinni en beina þessum tilmælum til hv. alþm. og vekja athygli á þeim. En ég tel að að þessu beri að stefna.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er kostulega sem þessa umr. ber að, og til að fjalla um hina kostulegu ræðu hæstv. fjmrh., sem hann flutti á nokkrum mínútum áðan, þyrfti að tala langt mál. Ég mun þó verða við ósk forseta og vera stuttorður.

Mér finnst eðlilegt að hæstv. fjmrh. sé ofurlítið raupsamur og grobbinn í vanmætti sínum. En það er ótrúlegt að jafnréttorður maður og hæstv. ráðh. er skuli láta það henda sig að fara jafnónákvæmt með staðreyndir og hann hefur gert í þessu máli. Það er til fyrirmyndar hjá fjmrh. að sýna aðhald og aðgát í meðferð ríkissjóðs, en góð staða ríkissjóðs að þessu sinni er, eins og rækilega hefur komið fram í þessum umr., fengin með því að borga ekki áfallnar skuldir. Og í Prédikaranum segir að hinn óguðlegi taki lán, en borgi það ekki.

Það voru milli 1400 og 1500 millj. ógreiddar í útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir vegna verðábyrgðar á 10% búvöruframleiðslunnar. Þetta stóð inni um áramót og lögum samkv. átti náttúrlega að greiða það. Ráðh. skaut sér á bak við það, að áætlunartalan í fjárlögum hafi ekki verið nógu há, þrátt fyrir að venjan hafi verið að láta gilda framleiðslumagnið.

Það stappar nærri forherðingu hvernig hæstv. ráðh. hefur kastað steinum að fjárhaldsmönnum skóla og námsstjórum í landinu í þeim umr. sem orðið hafa um málið. Þetta er nú búið að vera framhaldssaga í nokkra daga í útvarpinu. Venjulega hafa námsstjórar og fjárhaldsmenn skóla haft hádegisfréttatímann. Þá hefur hæstv. ráðh. sperrt eyrun og svo hefur hann fengið kvöldfréttatímann til að svara fyrir sig.

Það hefur borið hér á góma hvernig þessi mál standa í Norðurlandskjördæmi vestra. Af því að þar var ekki farið ítarlega yfir sögu langar mig til að gera það ofurlítið nánar en gert var í upphafsræðu fyrirspyrjanda.

Raunveruleg skuld ríkissjóðs við skóla í Norðurlandskjördæmi vestra um áramót var í kringum 60 millj. Þar af voru 30 millj. vegna áfallins kostnaðar í nóv. og þær átti alveg tvímælalaust að greiða í des. Greiðslubeiðnir fyrir 21 millj. af þessum 30 millj. frá nóv. voru sendar af stað frá Blönduósi 3. des., þ. e. a. s. fyrsta virkan vinnudag í desembermánuði, og greiðslubeiðni fyrir þær 9 millj., sem eftir stóðu, fyrir miðjan mánuðinn, nokkrum dögum seinna. Afrit af þessum greiðslubeiðnum voru send beint til oddvita og fjárhaldsmanna skóla. Þeir geta náttúrlega sem hægast sannað mál fræðslustjórans.

Það eru að vísu komnir af stað, líklega í gær eða fyrradag, peningar fyrir þessar beiðnir sem áttu að koma alveg tvímælalaust fyrir áramót. Þeir eru farnir af stað héðan úr Reykjavík, gerðu það líklega í gær eða fyrradag. En þar fyrir utan stendur svo náttúrlega desemberkostnaður.

Ráðh. er að hæla sér af úrbótum sem hann lætur í skína að hann hafi verið að gera á greiðslum til kennara. Það er nú ekki aldeilis að hæstv. ráðh. geti hælt sér af því. Þetta fyrirkomulag hefur líklega verið í sumum fræðsluumdæmum upp undir tvö ár. Ég hygg að ég fari rétt með að það hafi fyrst verið tekið upp í Reykjanesfræðsluumdæmi fyrir svona tveim árum, svo um svipað leyti í Reykjavík. Dreifbýlið fékk jafnrétti, en það var ekki fyrir neina forgöngu hæstv. fjmrh. Eyðublöðin að þessu, vinnuskýrsluеyðublöð kennaranna, voru prentuð í sumar og fræðslustjórarnir höfðu knúið á um þetta í langan tíma.

Sökin er e. t. v. ekki alfarið hjá fjmrh. eða í fjmrn. um þann óhæfilega drátt sem orðið hefur. Greiðslubeiðnirnar þurfa að ganga um garða í menntmrn. líka. En ég ætla ekkert að blanda mér í það hvort greiðslubeiðnirnar hafi stoppað hjá Heródesi eða Pílatusi. Fyrir mér er sami rassinn undir þeim báðum. Hv. síðasti ræðumaður, Matthías A, Mathiesen, líkti þessu við nýju fötin keisarans. Hann átti von á því að hæstv. fjmrh. færi úr nýju fötum keisarans. Ég hygg að það mundi verða allt of sárt fyrir hæstv. ráðh. að fara úr nýju fötunum keisarans, og guð forði okkur frá því að sjá hann þannig. Ég vildi hins vegar mælast til þess við hæstv. ráðh. að hann hyldi nekt sína.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Einnig ég mun reyna að verða við sanngjörnum fyrirmælum um að takmarka ræðutíma minn.

Ég ætla mér ekki þá dul að fara að ræða greiðslustöðu ríkissjóðs nú um þessi áramót. Ég vil vegna eðlislegrar sanngirni reyna að trúa því, að hæstv. fjmrh. kunni e. t. v. að vera ekki líkt því eins ósannsögull og flestir virðast

halda. Ég mun trúa því, að hann hafi haft það rétt eftir sem flokksbróðir hans Björn Friðfinnsson sagði við hann prívat og persónulega í símtali í dag varðandi greiðslustöðu ríkissjóðs gagnvart Reykjavíkurborg, aðeins vekja athygli á því, að e. t. v. kunni ástæðan fyrir því, að Tryggingastofnun ríkisins gat ekki hlaupið undir bagga með borgarsjóði, að vera sú, að það er satt, hvað sem öðru líður, að ríkissjóður skuldar Tryggingastofnun ríkisins rösklega 4.5 milljarða og þessi skuld kunni að valda einhverju um skort á sjálfsagðri greiðasemi af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins við borgarsjóð Reykjavíkur.

Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst vegna þess að það mál, sem reifað var hér af hv. 4. landsk. þm., Salome Þorkelsdóttur, snertir mjög mikið fræðsluskrifstofu í kjördæmi mínu, Norðurl. e., þar sem ríkissjóður skuldaði, að vísu í gegnum sveitarsjóði, 91.9 millj. kr., fyrst og fremst í vinnulaun. Það er gersamlega ómögulegt fyrir hæstv. fjmrh. að tala sig burt frá þeim skuldum, þær eru vottfestar og reikningar, sem hér er um að ræða, löglegir. Hér er um að ræða skuld við 27 sveitarfélög sem sent hafa inn reikninga á tilsettum tíma, í tæka tíð, og í sumum tilfellum er þar um að ræða allan kostnað skólanna frá upphafi skólaársins, þannig að í þeim tilfellum hefur þó tæpast verið farið fram yfir fjárveitingar sem ætlaðar voru á fjárlögum.

Ég tel það ákaflega ómaklegt — og ég vil trúa því að hæstv. ráðh. hafi gert það óvart — að sneiða að fræðslustjórum og fjárhaldsmönnum skóla í hinum ýmsu kjördæmum fyrir óvarlega meðferð fjár, þar sem þeir hafi farið fram yfir fjárveitingar á fjárl. Hæstv. fjmrh. hefur sjálfur starfað í fjvn. og honum er fullkunnugt um með hvaða hætti kostnaðaráætlanir eru gerðar. Þar er ekki eingöngu um að ræða störf fræðslustjóranna eða fjárhaldsmanna skólanna, heldur fara þessar áætlanir í gegnum hendurnar á skólayfirvöldum og fræðsluyfirvöldum, sem gera þær breytingar sem þau telja eðlilegt og nauðsynlegt til þess að hægt sé að framfylgja lögum sem hv. alþm. hafa samþ. um fyrirkomulag fræðslustarfsemi og rekstur þessara skóla. Síðan kemur til fyrirbæri sem hagsýsla heitir og breytir stundum þessum niðurstöðum án rökstuðnings, án þess að gefa nokkur fyrirmæli um hvaða lögum á þá ekki að framfylgja, hvaða starfsmenn það eru sem ekki eiga að fá laun sín greidd, því að það er ætlast til þess að störf þeirra séu af hendi leyst.

Það má vel vera, það hefur frést, að í einu fræðsluumdæminu, á Vestfjörðum, hafi allir reikningar verið greiddir fyrir áramótin, enginn þeirra frystur. Hæstv. ráðh. gefur þá skýringu að ekki hafi verið farið fram yfir fjárveitingu. En þá vil ég biðja hæstv. fjmrh. eða — ef hann skyldi bresta til þess viskuna og náðina að geta veitt þær upplýsingar — þá hæstv. menntmrh. að upplýsa okkur með hvaða hætti þeir Vestfirðingar hafa getað innt af hendi þessi nauðsynlegu störf miklu ódýrar en þau hafa verið leyst af hendi annars staðar. Ég vænti þess, að ástæðan sé ekki sú, að þeir þar vestra hafi skorið við nögl sér nauðsynlegar fjárveitingar til eðlilegrar fræðslu eða kristilegs uppeldis.

En hvað sem því líður vil ég fara fram á það við hæstv. fjmrh., að hann sjái til þess nú þegar, að inntar verði af hendi nauðsynlegar greiðslur til þess að ekki verði að loka skólum á grunnskólastigi í Norðurl. e., og huga e. t. v. að því, hvort fjárhaldsmenn einstakra skóla, sem hafa orðið að taka yfirdráttarlán með 4% vöxtum á mánuði til þess að halda skólunum gangandi, til þess að inna af hendi launagreiðslur, borga drengskaparskuldir, þeir fái tjón sitt og sveitarfélaga bætt af hálfu þess aðila þar sem ríkissjóður er, sem gjarnan gengur nokkuð strangt eftir greiðslum dráttarvaxta, þó honum séu þeir aftur á móti fremur í hendi fastir við þá sem hafa orðið að eiga sitt inni hjá honum.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Svo sem fram hefur komið er reglan sú samkv. grunnskólalögunum frá 1974, að sveitarfélög eiga að greiða fyrir fasta yfirvinnu og stundakennslu í sambandi við grunnskóla, en ríkisvaldið greiðir eftir á þessa reikninga mánuði síðar. Að því er til menntmrn. tekur og menntamála varðar er það svo, eins og hér hefur raunar komið fram og eins og fram kemur í fréttatilkynningu sem rn. sendi út um þetta mál um hádegisbilið í dag, að að undanförnu hafa greiðslur sem þessar verið greiddar beint og án þess að til greiðslu frá sveitarfélögum kæmi. Eins og raunar kom fram hjá hæstv. fjmrh. námu slíkar greiðslur í desembermánuði tæpum 277 millj. kr., sem sagt þetta eru greiðslur sem ríkissjóður greiðir áður en þær eru gjaldfallnar samkv. lögum. Hins vegar hefur það farið svo, að þessi staða raskaðist nokkuð síðustu 2—3 mánuði ársins, m. a. vegna þess að greiðslum vegna stundakennslu og yfirvinnu var hraðað og á þessum mánuðum varð þess vegna að taka upp þann hátt að nýju að greiða sveitarfélögunum eftir á.

Ég vil aðeins undirstrika það, sem hér hefur raunar fram komið, að allar slíkar beiðnir, sem inn komu til fjármáladeildar menntmrn. fyrir 20. nóv., voru afgreiddar fyrir mánaðamótin nóv.—des. Beiðnir af sama tagi, sem komu á bilinu 20. nóv. — 13. des., voru afgreiddar frá rn. og til greiðslu fyrir áramót. En svo sem hér hefur enn fremur verið upplýst hagaði svo til, að það voru aðeins tveir vinnudagar milli jóla og nýárs, svo að þessar greiðslur voru inntar af hendi þegar í stað eftir áramót. Ég hygg að það hafi verið á þriðjudaginn var, 8. jan., sem þær voru endanlega afgreiddar.

Að því er varðar það sérstaka embætti, fræðsluembættið í Norðurl. e., var það svo, að þar höfðu safnast upp beiðnir fyrir eina 3—4 mánuði og þær komu ekki til rn. fyrr en um mánaðamótin nóv.—des. Þær voru afgreiddar eftir þeim reglum sem hér hefur verið lýst. Það er rétt, að orðið hefur nokkurra daga dráttur á nokkurri upphæð þarna, en á móti kemur að t. d. í desembermánuði voru nær 277 millj. kr. greiddar beint og án milligöngu sveitarfélaga. Ég held því að hér sé ekki um að ræða það stórmál sem úr þessu hefur verið gert.

Allt um það hefur nú verið lesin fréttatilkynning frá menntmrn. um þetta mál. Rn. er þar með orðið aðili að þessu fréttaskeytastríði.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. fjmrh. sé ég ekki betur en ég og aðrir gamlir sveitarstjórnarmenn þurfum að fara í læri til hæstv. ráðh., þar sem kenningar hans varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga eru nokkuð sem ég og sjálfsagt margir aðrir fáum alls ekki skilið.

Það virðist að í þessum umr. hafi ekki fengist skýringar á einu atriði í sambandi við samskipti ríkis og sveitarfélaga sem mjög hefur verið spurt um einmitt núna síðustu daga ársins, þ. e. hvers vegna áætlun um framlag úr

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga breyttist skyndilega síðustu dagana fyrir jól. Það hafði verið sett fram í öllum bréfum og erindum til sveitarfélaganna um þetta mál, bæði frá félmrn. og Þjóðhagsstofnun, áætlun um ársframlag úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga sem yrði 30 þús. kr. á hvern íbúa. Skyndilega rétt fyrir jólin, þegar sveitarfélögin áttu að fá síðustu greiðslur eða lokagreiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, var þessi upphæð allt í einu orðin 28 þús. á íbúa. Þarna er um að ræða stórkostlegar fjárhæðir sem sveitarfélögin voru búin að byggja afkomu sína og áætlanir á og búin að gera greiðsluáætlanir og skuldbindingar við aðra í þjóðfélaginu um að standa í skilum á þeim grundvelli. Þetta mál hefur ekki komið hér til umr., en mér þótti rétt að láta það blandast inn í þær umr. sem hér hafa farið fram um fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga.

Mér þótti það furðuleg fullyrðing og ég undrast þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að endurtaka enn hér að öll laun og yfirvinna hafi verið greidd sveitarfélögum fyrir áramót, allir reikningar greiddir sem borist höfðu fyrir 12. des. 1979. Eru fræðslustjórar í landinu að fara með rangt mál, og vita sveitarstjórnarmenn ekki hvað eru fjármál sveitarfélaga? Ég spyr. Það kom nefnilega fram hjá hæstv. menntmrh. áðan önnur skýring á málinu, sem hæstv. fjmrh. hefði átt að vera búinn að kynna sér. Hann sagði einfaldlega að reglum hefði verið breytt nú í lokin, þannig að sveitarfélögin fengju ekki greiðslu fyrr en eftir á. Hafði menntmrn. tilkynnt fræðslustjórum eða sveitarstjórnarmönnum um þá ákvörðun að breyta þessum reglum? Ég held ekki.

Í sambandi við þessi mál vil ég segja það, að ég mun beita mér fyrir því, að Samband ísl. sveitarfélaga láti gera nákvæma úttekt á fjárhagsstöðu sveitarfélaga gagnvart ríkissjóði til birtingar. Mér finnst að slíkt sé nauðsynlegt, ekki síst þar sem hér hefur verið fullyrt að sú staða væri síst lakari en áður. Hún er þó ekki nógu góð, því að alla tíð hefur hún verið slök, það get ég vottað.

Ég vil fagna því sérstaklega að umr. skuli hafa farið fram um samskipti ríkis og sveitarfélaga varðandi greiðslu skólakostnaðar. Það var tímabært. Þessi mál hafa í áraraðir verið þung í skauti sveitarfélögunum í landinu, sem hafa oftast orðið að bera stórar fjárhagslegar byrðar af skólakostnaði, þar sem ríkið hefur ávallt — ég undirstrika: hefur ávallt verið á eftir með greiðslu síns hluta. Það dróst jafnvel fram á mitt næsta ár. Var það því mikill höfuðverkur sveitarstjórnarmanna að standa vikum saman í útistöðum við fjármáladeild menntmrn. og fjmrn. að fá greiðslu fyrir hlut ríkisins sem sveitarsjóðir voru búnir að greiða fyrir fram. En með lögunum um grunnskóla, sérstaklega að því er varðar fræðslustjóraumdæmin, breyttist þetta verulega til batnaðar. Fræðslunefndir kjördæmanna, fræðsluskrifstofur og fræðslustjórar hafa tekið þessi mál fastari tökum, og með aðstoð sveitarstjórnarmanna hefur verið unnið skipulega að því að byggja upp nýtt kerfi þar sem fjármálaþáttur grunnskóla færist heim í héruðin til fræðsluskrifstofanna undir umsjón fræðslustjóranna að verulegu leyti.

Ég tel tvímælalaust að stofnun fræðslustjóraembætta og fræðsluskrifstofa í landshlutunum í beinum tengslum við landshlutasamtök sveitarfélaga sé mjög þýðingarmikið spor í dreifingu valds og verði tvímælalaust til að efla sjálfstæði sveitarfélaga í landinu ef rétt verður á haldið. En frumatriðið í þessu máli er að ríkissjóður sjái til þess, að fjármagn í þessar breytingar sé í fullu samræmi við verkefnið og greitt sé á réttum tíma. Það er aðalatriðið. Á því veltur framtíð skipulags fræðslumála úti um landið. Það verður að tryggja að svo verði, á það vil ég leggja höfuðáherslu. Það er óþolandi ástand að reikningshaldarar skóla, t. d. þeir sem sjá um sameiginlegan rekstur heimavistarskóla, skólaakstur o. fl., skuli þurfa að útvega á eigin reikning stórar fjárhæðir til að hægt sé að standa í skilum vegna vangreiðslu ríkissjóðs, eins og mýmörg dæmi eru um og væri hægt að tíunda hér. Ég verð því að endurtaka það, að ég lýsi furðu minni á yfirlýsingu hæstv. fjmrh. í fjölmiðlum varðandi greiðsluskil á reikningum vegna skólakostnaðar, þar sem augljóst er að ríkissjóður mun skulda sveitarfélögum um þessi áramót — ég þori að fullyrða á annan milljarð kr. Og ég vil benda hæstv. ráðh á að það er ekkert smámál í þessu tilfelli fyrir lítil sveitarfélög eða þá sem stjórna litlum sveitarfélögum þó upphæðin sé jafnvel ekki nema 1—5 millj., en hann viðhafði þau ummæli áðan að þarna væri um smáupphæðir að ræða. Þetta eru stórkostleg vandamál í litlum sveitarfélögum sem ekki verður við unað.

Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í það sem varðar Vesturland í þessu máli. Ég veit með vissu og það eru öruggar heimildir fyrir því, að ríkissjóður skuldaði fræðsluumdæmi Vesturlands 47 millj. við síðustu áramót aðeins í sambandi við beinan skólakostnað.

En að lokum vil ég segja það, að ég treysti því, að sú þróun verði í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, bæði hvað varðar þessi mál og önnur sameiginleg verkefni í sambandi við ýmsa opinbera þætti ríkis og sveitarfélaga, að slík samskipti verði svo traust að það styrki stöðu sveitarfélaga og byggðajafnvægi í landinu.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þessar umr. um ríkisfjármálin á árinu 1979 eru að mínu mati kannske ekki tímabærar að því er snertir niðurstöðu þeirra, vegna þess að ekki liggja enn þá fyrir nándar nærri nægar upplýsingar til þess að menn geti gert sér grein fyrir hver raunverulega hafi orðið þróun ríkisfjármála á árinu 1979 eða niðurstaða þeirra.

Ég er ákaflega ánægður yfir því, satt að segja, að hæstv. fjmrh. hefur rökstutt sína skoðun mjög rösklega um að í ríkisfjármálum hafi nánast allt verið blúndulagt þegar ég lét af embætti. Ég get ekki annað en glaðst yfir því. En eins og ég sagði áður eru þó ekki öll kurl komin til grafar í þessum efnum og ekki hægt að ræða með neinni vissu enn þá hvernig niðurstaðan hefur orðið.

Ég fer rétt með það í samræmi við upplýsingar, sem ég hef fengið í fjmrn. og raunar hefur verið upplýst um, að heildarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann hafi verið í árslok 1979 um 26.6 milljarðar kr., en í ársbyrjun 1979 26.3 milljarðar, þannig að þarna hafi bæst við 300 millj. kr. í skuld. Þess ber að gæta í sambandi við þetta, að enn þá er ekki búið að færa upp erlendar skuldir ríkissjóðs og fjöldamargt fleira í tengslum við ríkisfjármálin hefur ekki verið gert upp enn þá þannig að menn geti gert sér fyllilega heildarmynd af niðurstöðu þeirra. Ég þykist þó sjá að útkoman hafi verið heldur hagstæðari, nokkru hagstæðari en gert var ráð fyrir t. d. í haust þegar gerðar voru sérstakar ráðstafanir til þess að bæta stöðu ríkissjóðs með útgáfu brbl. um hækkun söluskatts og vörugjalds. Þetta virðist vera nokkuð ljóst.

Ég vildi fyrst beina nokkrum orðum til hv. þm. Matt-

híasar Á. Mathiesens varðandi ríkisfjármálin. Mér finnst hann vera heldur fljótur á sér að dæma um niðurstöður ríkisfjármálanna fyrir árið 1979 af sömu ástæðu, að ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um þau enn þá. Allar fullyrðingar hans í því efni eru því getgátur, að talsverðu leyti a. m. k. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. haldi þeirri venju, sem verið hefur um nokkurt árabil, að gefa Alþ. skýrslu um þróun ríkisfjármála fyrir seinasta ár, þannig að hægt verði að ræða þau mál hér á hv. Alþ. í ljósi þeirra upplýsinga sem þar verður að finna. Þess vegna veit ég ekki hvort ég fer út í það að ræða við hv. þm. Matthías Á. Mathiesen um ríkisfjármálin. Ég hef þó örlitla tilhneigingu til þess að bera saman árið 1975, sem var fyrsta árið sem hann fór með ríkisfjármálin heilt ár, og árið 1979, sem var ekki að fullu í minni embættistíð, en mætti segja að ég bæri þó nokkuð mikla ábyrgð á, og er ég ekkert að skorast undan þeirri ábyrgð, vegna þess að í raun og veru hefur ekkert gerst í sambandi við ríkisfjármálin sem neinu munar um niðurstöðuna frá þeim grundvelli sem lagður var í minni fjmrh.-tíð, eins og kunnugt er. En hver sem niðurstaðan verður á ríkisfjármálunum árið 1979 er ég alveg viss um að hún verður miklu hagstæðari en var á árinu 1975, því að þá var rekstrarhalli á fjárlögum ríkisins 7.5 milljarðar. (**Gripið fram í:** Nei, greiðsluhalli.) Rekstrarhalli, það var rekstrarhalli. (**Gripið fram í:** Nei.) Jú, ég held að við þurfum ekki að deila um þetta, hv. þm. og ég. Þetta liggur fyrir. Það var þannig, ef ég man rétt, að tekjurnar voru tæpir 50 milljarðar, en útgjöldin um 57 milljarðar 1975. Rekstrarhallinn var þannig um 7.5 milljarðar, sem mundi samsvara a. m. k. 35 milljörðum miðað við núverandi verðlag.

Auðvitað var lagður grundvöllur að ríkisfjármálunum með afgreiðslu fjárl. fyrir jól 1978 og tekjuöflunarfrv. sem þá voru afgreidd upphaflega. Síðan kom það til, sem gerð var grein fyrir á síðasta ári, að þróun ríkisfjármála var óhagstæð eins og þróun efnahagsmála yfirleitt á seinasta ári. Ekki þarf að fara í neinar grafgötur með það. Margar ástæður ollu því. Ein af ástæðunum var olíukreppan, kannske sú stærsta, því að hún setti í raun og veru úr skorðum allar áætlanir sem gerðar höfðu verið í efnahagsmálum, atvinnumálum, ríkisfjármálum og peningamálum. Það hefur stundum verið sagt, að ríkissjóður hafi grætt á olíukreppunni vegna þess að hann hafi fengið miklu meiri tekjur inn vegan tolla af bensíni og olíuvörum. En auðvitað er ekki öll sagan sögð með þessu, vegna þess að það fé, sem varð að greiða úr landi vegna hækkaðs verðs á olíuvörum, var ekki notað til að flytja inn til landsins alls konar vörur sem hefðu gefið ríkissjóði verulegar tekjur. Sú fullyrðing, að ríkissjóður hafi grætt á þessu, er því mjög vafasöm. Ég skal ekki fullyrða neitt í þeim efnum. Það gæti verið að ríkissjóður hefði hagnast eitthvað á þessu. Þó minnir mig að það hafi verið talið sáralítið þegar menn reyndu að leggja mat á hvaða vörur það hefðu orðið sem hefðu verið fluttar til landsins í staðinn fyrir þær fúlgur sem þurfti að greiða úr landi vegna hækkunar á olíuvörunum.

Ýmsar ráðstafanir voru gerðar, sem ég skal ekki rekja við þetta tækifæri, — ég geri það kannske síðar, gerði það raunar á hinu stutta Alþ. í haust, — sem olli því hve ríkisfjármálin voru óhagstæð eða þróun þeirra á seinasta ári. En fyrst og fremst réð þó verðbólgan þar mestu og raunar fleira sem þar kom til. En röskun ríkisfjármálanna, sem leiðir af miklu meiri verðbólgu en menn gera ráð fyrir þegar fjárlög eru afgreidd, hefur margvíslegar afleiðingar. Hún hefur þær afleiðingar að ríkið þarf meiri tekjur en ella hefði verið, vegna þess að kaupgjald hækkar og innflutningur er meiri, umsetning í þjóðfélaginu er meiri o. s. frv., en einnig hitt, sem venjulega vegur þyngra, að öll útgjöld aukast að miklum mun. Þetta raskar öllum ríkisfjármálum og gerir það að verkum að útilokað er annað en að afgreiða ýmis mál og ýmsar aukafjárveitingar til þess að koma í veg fyrir glundroða í sambandi við t. d. ýmsar framkvæmdir sem samið hefur verið um og menn eru bundnir við á þeim grundvelli sem áður var, en breytist með hækkandi verðlagi. Þannig á sér stað viss glundroði í sambandi við það að standa nákvæmlega við fjárlög sem Alþ. samþykkir, m. a. af þessum ástæðum. Laun hækka meira en gert hefur verið ráð fyrir o. s. frv.

Um miðjan septembermánuð voru gefin út brbl. um hækkun á söluskatti og vörugjaldi sem gáfu ríkissjóði í tekjur á þessu ári, að ég ætla, um 3 milljarða kr. til viðbótar við það sem áður var. Ákveðið var að þessi lög kvæðu á um að framlengja hækkun á söluskatti og vörugjaldi allt árið 1980. Jafnframt var ákveðið að taka í desembermánuði, til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs, bráðabirgðalán að upphæð 4.5 milljarðar kr. og greiða það upp á fyrstu mánuðum þessa árs með auknum tekjum af hinum hækkuðu tekjustofnum. Þetta mun hafa verið gert og greiðslustaða ríkissjóðs af þessum sökum stórlega batnað.

Þegar verið var að ganga frá þessum málum í fyrrasumar varð illu heilli verulegur dráttur á því að samþykkja brbl. en þau voru samt að lokum samþ. af fyrrv. ríkisstj. og lögð fram hér á Alþ. í haust. Þau urðu ekki afgreidd á Alþ. í haust, eins og menn muna, heldur féllu þau úr gildi. Þessi lög voru svo gefin út á nýjan leik sem brbl. af núv. hæstv. ríkisstj. Ég hef haft tilhneigingu til þess að álíta að Sjálfstfl. bæri ábyrgð á þessari auknu tekjuöflun þrátt fyrir yfirlýsingar um lækkun skatta, vegna þess að hann hleypti fótunum undir núv. hæstv. ríkisstj., eins og kunnugt er. Þannig tel ég að Sjálfstfl. beri fulla ábyrgð á þeim skattahækkunum sem þarna áttu sér stað — fulla ábyrgð. (**MÁM:** Þetta er misskilningur hjá ræðumanni.) Þetta er enginn misskilningur, því að Sjálfstfl. mótmælti þessu aldrei, ekki svo að ég yrði var við. En það er nú annað mál.

Þegar gengið var frá þessum málum í septembermánuði var áætlað að það mundi skorta á um 4.5 milljarða kr. á síðasta ári til þess að endarnir næðu saman rekstrarlega. Þess vegna var þannig að farið að taka bráðabirgðalán, sem yrði greitt á fyrstu mánuðum þessa árs og ekki blandað saman við tekjuöflun og tekjuáætlanir ríkissjóðs á þessu ári að öðru leyti.

Það, sem gerst hefur í tíð núv. hæstv. ríkisstj. í sambandi við ríkisfjármálin, er að minni hyggju aðallega tvennt. Það er í fyrsta lagi að gerð var breyting varðandi innheimtu. (Gripið fram í.) Það var gerð sú breyting á varðandi innheimtu á tekjum ríkissjóðs, að í stað þess að innheimtumenn eða innheimtuaðilar skiluðu ríkissjóði fé tvisvar í viku var ákveðið að gera það á hverjum degi. Ein stór stofnun var þó undanþegin í þessu efni, þar sem var tollstjóraembættið, sem hefur ávallt skilað ríkissjóði jafnóðum á hverjum degi tekjum sínum. Þetta hefur auðvitað engin áhrif á heildarútkomu ársins 1979, ekki nokkur, vegna þess að það hefur ætíð verið svo, að skrapað hefur verið upp allt sem menn hafa getað skrapað í ríkissjóð fyrir áramót og hefur þess vegna engin áhrif

á heildarniðurstöðu ríkissjóðs eða fjármála ríkisins á s. l. ári.

Í öðru lagi var skorið niður um 500 millj. af útgjöldum ríkisins. Lögum samkv. átti að skera niður 1 milljarð. Samkv. lögum nr. 13 frá 1969, um stjórn efnahagsmála o. fl., var beinlínis lögbundið að skera niður 1 milljarð. Ég gerði ráðstafanir til þess strax í marsmánuði með bréfi til hinna ýmsu fagráðuneyta að þau gerðu tillögur til fjmrn. um hvað skyldi skera niður. Það verður að segja þá sögu alveg eins og hún gekk fyrir sig, að það komu frekar litlar tillögur til rn. út af þessu. Þess vegna hafði ég í undirbúningi tillögur til ríkisstj. um niðurskurð að upphæð 1 milljarður. En það vannst ekki tími til að vinna úr því máli vegna stjórnarskiptanna. Hæstv. fjmrh. hefur skýrt frá því, að ríkisstj. hafi ekki treyst sér til að skera niður nema 500 millj. kr. vegna þess hversu mjög hafi verið liðið á árið þegar hún kom til valda. Ég skal ekki leggja dóm á það. En ég fæ ekki séð að það hafi í raun og veru neitt það gerst í sambandi við ríkisfjármálin síðari hluta ársins sem hefur breitt þeirri niðurstöðu sem ætla má að hefði orðið á árinu þó að fyrrv. ríkisstj. hefði setið áfram.

Ég vil t. d. upplýsa það, að í júnímánuði, eða nánar tiltekið 13. júní 1979, gerði fjmrn. samning við Seðlabankann um greiðsluáætlun ríkissjóðs og þar með um fyrirgreiðslu af hálfu Seðlabankans til ríkissjóðs vegna framkvæmdar fjárlaga ársins 1979. Samkv. þeirri greiðsluáætlun var gert ráð fyrir að í janúarmánuði þyrfti Seðlabankinn að lána ríkissjóði 5.5 milljarða kr., í febrúar 8.2 milljarða, í mars 11.6, í apríl 15.4 milljarða, í maí 13.9 í júnímánuði 14.6 í júlímánuði 14.7, í ágúst 9.8, í sept. 8 milljarða, í okt. 6 milljarða, í nóv. 700 millj. og þetta væri svo komið niður í 0 í desemberlok. Þannig var um þetta samið og þá er miðað við stöðuna eins og hún er í lok hvers mánaðar. Það er engin ný saga að fjármál ríkisins ganga þannig, að fyrri hluta ársins og sérstaklega á miðju ári er mikið af útgjöldum, en aftur tiltölulega minna af tekjum. Síðari hluta árins snýst þetta við, útgjöldin verða hlutfallslega minni og tekjurnar margfalt meiri. Þess fer alveg sérstaklega að gæta í okt., nóv. og desembermánuði. Eins og sést af þessari greiðsluáætlun er gert ráð fyrir að lánin minnki í okt., nóv. og hverfi alveg í des. Það er því engin ný bóla þó að umskipti verði í þessum efnum einmitt á þessum tíma, heldur er það eðlilegt og hefur jafnan verið svo.

Varðandi einstök atriði í þessum efnum er af mörgu að taka. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen sagði að skuld ríkissjóðs við Tryggingastofnun ríkisins hefði numið rúmum 5 milljörðum kr. í árslok 1979. Ég held að ég muni það örugglega rétt, að þessi skuld hafi verið 4.7 milljarðar við árslok 1978. (**MÁM:** 2.5.) Ja, það verður að athuga það. Ég held að ég fari nokkuð rétt með þetta og ég held að ég þori að láta það fara inn í þingtíðindi, að hún hafi verið 4.7 milljarðar. Um þetta er ítarleg skýrsla til í fjmrn. sem hægt er að fletta upp í. Ég mun hafa sagt á Alþ. í fyrra að skuld þessi hafi verið um 5 milljarðar, sennilega oftar en einu sinni. Ég held að hún hafi verið 4.7 milljarðar kr. Ég skal ekkert fullyrða um samanburð eða við árslok 1978—1979 og nú við árslok 1979—1980. Ég skal ekkert um það fullyrða vegna þess að ég veit ekkert um það. En ég veit að þessi skuld var veruleg við áramótin 1978—1979.

Ég vil endurtaka að það eru hreinar ágiskanir hjá hv. þm. um stöðu ríkissjóðs eins og hún var við síðustu áramót. Það kemur allt saman í ljós þegar skýrsla berst frá ráðh. um þessi mál og verður sjálfsagt innan tíðar send þm. þannig að þeir geti rætt það nánar, e. t. v. í tengslum við væntanlega fjárlagaræðu sem ekki hefur verið boðað hvenær verður flutt. Mér finnst þessar umr. vera ótímabærar að því er snertir niðurstöðu fjármála ríkisins á síðasta ári. Hins vegar er fullkomlega eðlilegt að komi fram fsp. sú sem hv. fyrirspyrjandi lagði hér fram að gefnu tilefni um upplýsingar sem hæstv. fjmrh. hefur gefið í fjölmiðlum. Það er eðlilegt.

Ég verð að segja eins og er, að ég er nú hálfhræddur um að hæstv. fjmrh. hafi kallað á kröfugerð frá ýmsum með fréttaflutningi sínum. Sveitarstjórnarmenn munu nú fylgja málinu eftir og reyna að fá borgað allt sem þeir eiga að fá borgað. Það væri hræsni að halda því fram að ekki hafi einhvern tíma verið pottur brotinn í þessum efnum fyrr, enda kom það fram hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni sem þekkir þessi mál gjörla því að hann hefur starfað í sveitarstjórnamálum um langa hríð. En ég vona að það fáist tækifæri til þess að kryfja ríkisfjármálin 1979 til mergjar hér á Alþ. þegar upplýsingar liggja fyrir um þau. Ég skal ekki spá neinu, en ég held þó að niðurstaðan sé heldur betri en menn gerðu ráð fyrir í sept. og það stafi af því að tekjurnar hafi orðið meiri en menn áætluðu.

Ég get vel játað að ég óskaði eftir því við þá, sem áætluðu tekjur ríkissjóðs, að þegar um matsatriði væri að ræða reyndu þeir að meta varlega því að aldrei sakar að hafa borð fyrir báru í þessum málum. Því miður hefur það stundum viljað brenna við að menn hafi ekki séð fyrir þróunina og útkoman orðið lakari en menn höfðu haft ásstæðu til að ætla þegar áætlanir voru gerðar.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um málið nú, en tel að það orki tvímælis að fjmrh. gefi út ýmiss konar fréttatilkynningar um fjármál ríkisins fyrr en allar stærðir liggja fyrir, þannig að menn þurfi ekki að fara í neinar grafgötur um það, hver útkoman hafi orðið og hver þróun ríkisfjármálanna hafi orðið á s. l. ári.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. og reyndar einnig hæstv. menntmrh. fyrir þær fróðlegu upplýsingar sem þeir hafa veitt hér í dag.

Ég sé ekki ástæðu til að tína upp í smáatriðum það sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., en vil undirstrika að allt, sem ég sagði í ræðu minni áðan, stendur óhaggað. Eins og mig grunaði var þarna samspil á milli rn. Það var hins vegar menntmrn. sem stöðvaði greiðslurnar í stað fjmrn. að þessu sinni.

Það er misskilningur hæstv. fjmrh., að ég hafi dregið í efa réttmæti fréttaflutnings hans, eins og hann sagði. Þvert á móti sagðist ég ekki draga hann í efa, en vildi hins vegar mótmæla því, að á sama tíma og þessar fréttir kæmu fram væru þessi umræddu vanskil við sveitarfélögin sem hefði mátt leysa. Hitt fannst mér miður, að hlusta á ummæli og aðdróttanir hæstv. fjmrh. í garð starfsmanna — trúnaðarmanna — menntmrn. heima í héruðum, fræðslustjóranna, þegar hann gefur í skyn að þeir fari illa með og sói fjármunum ríkisins án heimildar. Einnig var miður að hlusta á hann bera á borð það skilningsleysi að telja það broslega stöðu að hér væru sveitarfélögin að tala um milljónir eða jafnvel hundruð þúsunda þegar ríkissjóður væri að glíma við milljarða. Þessi orð gefa tilefni til að draga þá ályktun að hæstv. fjmrh. hafi ekki sett sig inn í stöðu hinna einstöku sveitarfélaga. Nokkur hundruð þús. kr. eða nokkrar millj. geta

orðið þeim hlutfallslega jafnþung byrði og milljarðarnir ríkissjóði. Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. ráðh. hefði viljað standa frammi fyrir því, að sveitarfélögin hefðu orðið að hætta að aka börnum á milli heimilis og skóla víða úti um landsbyggðina vegna vanskila ríkissjóðs af þeim sökum. Einn stærsti liðurinn í þeim tölum, sem ég nefndi, er einmitt vegna skólaakstursins.

Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. sem hafa lagt gott til þessara mála í umr., því að ég tel að þessar umr. hafi verið góð lexía fyrir hv. þm. um dæmigerð vandamál í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þegar ekki fara saman stjórnun og fjármálaleg ábyrgð.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég mun ekki hafa langt mál út af þessu máli en mér fannst að ræða hæstv. fjmrh. væri í raun og veru miklar umbúðir utan um litlar upplýsingar. Fjmrh. ræddi um greiðslustöðu ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögunum, enda hófst þessi umr. eingöngu út af vandamálum sveitarfélaganna, og hefði verið eðlilegt, eins og hæstv. forseti gat um í upphafi, að rætt hefði verið að þessu sinni eingöngu um það mál, en ekki að eyða tíma og fara út í allt aðra sálma.

Það fór ekki milli mála við hvað hæstv. fjmrh. átti þegar hann var að ræða um ákveðið fræðsluumdæmi, því að a. m. k. leit hann oftar en einu sinni til mín í því sambandi, og tók ég það þannig að þar væri um Norðurl. e. að ræða. Ég hef ekki fylgst með þessu tilkynningastríði svo mjög, ég er stundum upptekinn við símann og annað þannig að ég hef ekki fylgst með því, en ég held að upphafið hafi verið að haft hafi verið eftir einhverjum sveitarstjórnarmönnum eða forráðamönnum skóla í Norður-Þingeyjarsýslu um stöðuna þar og síðan hafi þetta smáaukist. En staða þeirra um áramótin, hinna fátæku hreppa á Norðausturlandi sem hafa orðið fyrir mestum áföllum vegna veðurfars, var 16.4 millj. kr. hjá ríkissjóði. T. d. skuldar ríkið fámennum hreppi eins og Öxarfjarðarhreppi 6 milj.

Hæstv. fjmrh. segir að allir reikningar hafi verið greiddir sem hafi komið. Hæstv. menntmrh. viðurkennir að þeir hafi verið stöðvaðir í rn. Ég held að þeir hefðu átt að reyna að koma sér saman um vinnubrögð, og e. t. v. er það skýringin að bremsan hafi átt að vera þannig, enda er mér sagt af sumum mönnum, sem fóru að grennslast um þessar greiðslur, að þeim hafi verið sagt að gefin hafi verið út tilkynning eða sagt hafi verið af vissum mönnum að ekki yrðu borgaðar neinar beiðnir sem kæmu a. m. k. eftir 22. nóv. Ég aflaði mér þeirra upplýsinga út af þessu stríði, hvernig staðan væri í mínu kjördæmi. Beiðnirnar fara allar 22. og 23. nóv. nema ein. En síðan gerist það, að sum sveitarfélögin fá greiðslu upp í þessa reikninga, þ. e. a. s. þau sem hafa sérstaklega borið sig illa, en ég fullyrði það a. m. k., að sum þeirra stóðu ekkert verr að vígi en mörg hinna sem ekkert fengu.

Ég held að þessi umr. hafi verið þörf, og ég held að hún ætti líka að leiða meiri athygli þm. að fræðsluskrifstofunum úti um land og hvernig að þeim er búið. Hæstv. fjmrh. var sérstaklega að benda á fræðsluumdæmið í Norðurl. e. Ef ætti að fara samkv. lögum ættu stjórnendur þess að fá rúmar 21 millj. til þess að inna þau störf af hendi sem löggjöfin ætlar þeim. En þannig er skorið niður að það er ekki helmingur sem þeir fá. Ég tek það eiginlega sem mjög mikla viðurkenningu, sem hæstv. ráðherra lét falla um fræðslustjórann í Norðurl. e., þó að hann hafi kannske ætlað að hafa það á annan veg, að hann hafi reynt að ganga eins langt og hægt væri til þess að gera skyldu sína í sambandi við það sem fræðsluskrifstofurnar eiga að inna af hendi. Það er óviðunandi að sumir fræðslustjórarnir þurfi jafnvel að taka víxla sjálfir til þess að geta borgað fyrir jól því starfsliði sem þeir hafa, vegna þess að ríkið stendur ekki í skilum og borgar ekki það sem það á að borga. Þetta hefur verið gert, ekki í einu, heldur í fleiri umdæmum.

Ég held og ég veit það raunar — ég þekki marga menn í embættum fræðslustjóra að verulegur tími fer í að reyna að rukka bæði sveitarfélögin og ríkið. Þannig er t. d. í Norðurl. e. og þar er um mjög mörg sveitarfélög að ræða. Ég held að það ætti að koma málum þannig fyrir, að ríkið blátt áfram borgaði allt saman og tæki það af jöfnunargjaldinu til að létta þessum störfum af fræðslustjórunum. Sveitarfélögin eiga t. d. ekki gott með að borga fræðsluskrifstofunum fyrir áramót, þegar ríkið heldur stórum upphæðum fyrir þeim, eins og hefur gerst nú og kannske áður.

Hv. þm. Tómas Árnason gaf í skyn að það mundi áður hafa verið þverbrestur í þessum málum. Það kann að vera. En ef þessi umr. yrði þó til þess að þetta yrði allt endurmetið og komið reglu á þau mál, þá er vel.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég held að út af fyrir sig sé ekkert óeðlilegt eða óæskilegt þó svo nokkuð almenn umr. hafi orðið hér um ríkisfjármálin, vegna þess m. a. að þessi fsp. og umr. um þessi samskipti ríkisins og sveitarfélaganna hefur orðið til vegna frétta um bráðabirgðatölur um afkomu ríkissjóðs. Það er ekkert óeðlilegt og ekkert óæskilegt að nokkur umr. hafi orðið um ríkisfjármálin í tengslum við fsp. En ég ætla ekki að halda henni áfram, enda væntanlega ekki mjög langt þangað til tækifæri gefst til að taka það mál sérstaklega fyrir, heldur svara í örfáum orðum eða koma með ábendingar í sambandi við það sem menn hafa sagt.

Í fyrsta lagi er það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 2. þm. Norðurl. e. Það er alveg rétt, að fræðsluskrifstofurnar eiga í allverulegum fjárhagsörðugleikum, m. a. og einkum og sér í lagi sakir þess að sveitarfélögin eða öllu heldur landshlutasamtökin leggja í mörgum tilvikum fræðsluskrifstofunum ekki til það fé sem grunnskólalögin mæla fyrir um að landshlutasamtökin skuli gera. Mér er vel kunnugt um að mjög víða veldur þetta erfiðleikum í rekstri fræðsluskrifstofanna. Þarna hefur ríkið hlaupið undir bagga, bæði beint og óbeint, og greitt til viðbótar við þann kostnað, sem það á að leggja fræðsluskrifunum til hluta af því sem sveitarfélögin hefðu átt að leggja fram.

Við munum það, sem sátum á þingi þegar þessi mál voru til umr., að það, sem torveldar að hægt sé að framfylgja þeim atriðum grunnskólalaganna að sveitarfélög leggi fræðsluskrifstofum til fé, var að ekki fékkst samþ. frv. til l. um réttarstöðu landshlutasamtakanna, þar sem m. a. var ráð fyrir því gert að landshlutasamtökin fengju vald til að innheimta hjá sveitarfélögunum fjárhæðir sem landshlutasamtökunum var í öðrum lögum, eins og grunnskólalögunum, gert skylt að greiða. Þarna hefur myndast sá hnútur að landshlutasamtökin eru samkv. grunnskólalögunum skyldug til að leggja fræðsluskrifstofunum til fé, en hins vegar eru landshlutasamtökin ekki aðilar að lögum og hafa ekki vald til þess að innheimta það fé hjá sveitarfélögunum. Því hafa fræðsluskrifstofurnar orðið fjárvana. Vandi fræðsluskrifstof-

anna er því ekki fyrst og fremst að þær skorti meira fé frá ríkissjóði, þó að auðvitað gætu þessar skrifstofur notað aukið fjármagn þaðan, heldur fyrst og fremst að sveitarfélögin hafa í flestum tilvikum, ef ekki öllum, ekki greitt fræðsluskrifstofunum það sem grunnskólalögin gera ráð fyrir að þau greiði og sá vandi hefur komið á ríkissjóð. Þannig er það ríkissjóður sem þarna reynir að hlaupa undir bagga með fræðsluskrifstofunum, vegna þess að sveitarfélögin leggja ekki fram það framlag sem grunnskólalög gera ráð fyrir.

Í öðru lagi minntist hv. þm. á stöðu hinna fátækari hreppa í Norðurl. e. Það er alveg rétt, að einstök sveitarfélög hafa átt í nokkrum erfiðleikum út af samskiptum við ríkisvaldið um skólakostnað, þó svo að staða sveitarfélaganna í heild gagnvart ríkinu sé ekki verri í þessu sambandi samkv. frásögn menntmrn. en hún var um s. l. áramót. Eftir þær breytingar, sem gerðar voru í haust, ætti ríkissjóður raunverulega inni hjá sveitarfélögum, ef skuldajafnað væri, vegna þess að hann hefur greitt fyrir sveitarfélögin yfirvinnu og stundakennslu í desember sem gjaldféll ekki á ríkissjóð fyrr en í janúar, en sveitarfélögin áttu að greiða í desember. Ef þarna væri skuldajafnað mundi ekki staðan vera sú, að sveitarfélögin ættu inni hjá ríkissjóði vegna skólakostnaðar, heldur þvert á móti þannig, að ríkissjóður ætti inni hjá sveitarfélögunum. T. d. get ég upplýst að samkv. frásögn launadeildar í morgun hefur ríkissjóður í desembermánuði greitt fyrir Reykjanesumdæmi slíkan kostnað, sem ekki ætti að greiðast fyrr en í janúar, að upphæð tæpar 54 millj., 53 712 863. Þetta er samkv. bréfi til mín frá Guðmundi Karli Jónssyni deildarstjóra launadeildar, dagsettu 10. jan. 1980, en það er yfirlit sem unnið hefur verið í launadeild um stundakennslu og yfirvinnu sem ríkissjóður hefur greitt fyrir sveitarfélög í Reykjanesumdæmi í desembermánuði, sem ekki hefði gjaldfallið fyrr en 1. janúar að réttu lagi. Hins vegar telja sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi að þau eigi þarna kröfu á ríkissjóð, sem hafi verið gjaldfallin og hafi átt að greiðast að upphæð um 40 millj. kr. Menn sjá því að ef þarna yrði gert upp og skuldajafnað ætti ríkissjóður inni hjá sveitarfélögum í umdæminu rúmlega 13 millj. kr. En við skulum láta það liggja á milli hluta. En í heildina held ég sem sé, að ef þetta mál yrði gert upp milli sveitarfélaga almennt og ríkissjóðs væri ekki hallað á sveitarfélögin.

En hitt er rétt, sem hv. þm. sagði, að einstök sveitarfélög eiga þarna í erfiðleikum. Menntmrh. hefur reynt að koma til móts við þau með því að heimila nokkru örari greiðslur til þeirra. En vandinn er sá í Norðurl. e., eins og hefur komið fram, að sum af sveitarfélögunum hefðu átt undir öllum eðlilegum kringumstæðum að vera búin að fá nokkuð af kostnaði sínum endurgreitt, vegna þess að sá kostnaður gjaldféll vegna t. d. september- og októbermánaðar. Hvað önnur fræðsluumdæmi varðar hafa þau þegar fengið endurgreiðslur á kostnaði sem féll í gjalddaga á þeim tíma. Ástæðurnar fyrir því, að sveitarfélögin í Norðurl. e. hafa lent illa út úr þessu, verr en mörg önnur, er einfaldlega sú, eins og hæstv. menntmrh. tók fram áðan, að engir reikningar bárust menntmrn. um endurgreiðslur til þessara sveitarfélaga fyrr en alveg í mánaðarlokin í nóvember, rétt um mánaðamótin nóvember-desember. Ég ætla ekki að ræða hvers vegna þetta gerðist ekki fyrr, hvort það var vegna þess að sveitarfélögin skiluðu ekki reikningum sínum fyrr eða hvort það var vegna þess að fræðslustjórinn skilaði ekki af sér fyrr, en staðreyndin er engu að síður að engar greiðslubeiðnir bárust úr þessu fræðsluumdæmi um endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna kostnaðar, sem sveitarfélögin hefðu innt af hendi í september, október og nóvember, fyrr en í lok nóvembermánaðar s. l. Þá fyrst komu fyrstu greiðslubeiðnirnar.

Hv. þm. 4. landsk. þm. talaði í þessu sambandi um að ég hefði farið árásarorðum um trúnaðarmenn fræðslukerfisins í fræðsluumdæmunum. Það er ekki rétt. Ég er aðeins að benda á þær upplýsingar sem mér eru gefnar. Þetta eru þær upplýsingar sem mér eru gefnar af menntmrn. Hæstv. menntmrh. hefur staðfest að í þessu tilviki bárust engir reikningar fyrr en í lok nóvembermánaðar. Það er öðru máli að gegna í öðrum fræðsluumdæmum. Ég er aðeins að tala um þær upplýsingar sem ég hef frá þessu tiltekna fræðsluumdæmi.

Hitt er svo alveg ljóst, svo að ég víki að því sem hv. þm. Páll Pétursson sagði áðan, að þegar ákveðið er í samræmi við reglur fyrri ára að beiðnir um greiðslur verði að hafa borist ríkissjóði fyrir 12. des. og fyrst er verið að senda reikninga utan af landsbyggðinni 3. des. og síðar og þeir reikningar fara fyrst til menntmrn., þar þarf að yfirfara þá og koma þeim síðan til fjmrn. og þessu á að vera lokið fyrir 12. des.,þá er auðvitað alveg ljóst að orðið getur af mjög eðlilegum ástæðum erfitt að veita þessum reikningum viðtöku, koma þeim til skila til menntmrn., yfirfara þá og ljúka við að koma þeim í greiðslubeiðni til fjmrn. fyrir 12. des., svo maður tali ekki um ef reikningarnir eru sendir frá fræðsluumdæmunum síðar.

Ég sagði alls ekki að vandi sveitarfélaganna í þessu sambandi væri hlægilegur, þó að hann skipti aðeins nokkrum hundruðum þúsunda eða kannske fáum millj., síður en svo. Ég skil ósköp vel vanda sveitarfélaganna og íbúa þeirra í því sambandi. Ég sagði hins vegar að það gæti verið broslegt að ætla að skýra óvænta og hagstæðari niðurstöður í ríkisfjármálunum, sem næmi nokkrum milljörðum kr., með því að ríkissjóður hefði ekki greitt reikninga til þessa skóla upp á 600 þús. og hins skólans upp á 1 millj. kr. Þarna erum við auðvitað að tala um gersamlega ólíkar stærðir. Ég er hins vegar ekki að gera lítið úr því, að auðvitað getur slíkt skapað skólum, einstaklingum og sveitarfélögum talsverðan vanda.

Hv. þm. Tómas Árnason sagði áðan að ekki væri búið að færa upp við bráðabirgðauppgjörið hjá Seðlabanka Íslands gengisbreytingar vegna erlendra skulda á árinu. Það er ekki rétt. Það er búið, eins og hv. þm. raunar tók fram við mig rétt áðan þegar hann hafði kynnt sér ögn málið þannig að sú aths. hefur ekki við rök að styðjast, eins og ég býst við að hv. þm. sé fús til að viðurkenna.

Hv. þm. Alexander Stefánsson spurði, hvers vegna hafi verið gripið til þess ráðs nokkrum dögum fyrir áramót að breyta áætlunum um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaganna, lækka mjög þær greiðslur miðað við framlag á íbúa. Ég get engu svarað því, því þetta er ekki mál fjmrn. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og áætlanir um greiðslur úr honum eru ekki mál sem fjmrn. hefur með höndum. Það eina, sem fjmrn. gerir í því sambandi, er að rn. stendur Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skil á hluta af tollum og söluskatti, eins og lög mæla fyrir og eins og hann hefur verið innheimtur til loka nóvembermánaðar. Þannig er þetta gert og þannig var þetta gert nú eins og ætíð áður. En áætlanirnar um greiðslur úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga koma hvergi

við í fjmrn., svo að hv. þm., sem er reyndur sveitarstjórnarmaður og ætti raunar að vera þetta ljóst, ætti að beina spurningu sinni til annarra en fjmrh. eða fjmrn.

Eins og ég kom að áðan, er það eina, sem gerst hefur í samskiptum ríkisins og sveitarfélaganna í sambandi við skólakostnað til breytinga á þessu hausti frá því sem áður hefur verið, og þar á meðal í nóvember og desembermánuði að ríkissjóður hefur ákveðið það, sem hann er ekki skyldugur til að gera, að greiða jafnharðan fyrir sveitarfélögin alla yfirvinnu- og stundakennslureikninga sem sveitarfélögunum ber að greiða samkv. grunnskólalögum og geta ekki krafist endurgreiðslu úr ríkissjóði á fyrr en síðar. Þetta er eina breytingin sem gerð hefur verið í fjmrn. á samskiptum sveitarfélaganna og ríkisvaldsins út af skólakostnaði nú í haust. Hún er tvímælalaust til bóta fyrir sveitarfélögin, vegna þess að þá þurfa þau ekki að leggja þetta fé út og krefja síðan ríkisvaldið um endurgreiðslu, heldur greiðir ríkissjóður það beint. Er þar tvímælalaust um hagsbót að ræða.

Til þess að sýna enn betur fram á, að hér er ekki um nein nýmæli að ræða sem neikvæð geti talist, vil ég gefa upplýsingar konmar frá ríkisbókara um hvernig staðan í þessu sambandi var í árslok 1978: Þá nam skuld ríkissjóðs vegna grunnskóla 354 millj. kr. Þessa skuld mætti, til að fá út svipaða fjárhæð og nú, færa upp til verðlags um ca. 50% eða meir. Meginhluti þessarar fjárhæðar kom fram eftir miðjan desember 1978 og fram á árið 1979 og var því ekki grundvöllur til greiðslu úr ríkissjóði 1978, segir ríkisbókari. Ástæðan er sú, að endanlegar kröfur sveitarfélaga fyrir milligöngu fræðslustjóranna vegna hvers árs berast ekki fyrr en á fyrstu mánuðum ársins eftir. Þær koma þá fyrst til bókunar og afgreiðslu og slíkar kröfur eru færðar til gjalda í ríkisreikning á árinu á undan, þá jafnframt sem skuld ríkisins. Ríkisbókari tekur þarna líka fram og minnir á að skil á endanlegu uppgjöri sveitarfélaganna og kröfum vegna skólakostnaðar hafa ávallt verið mun seinna á ferðinni en skilafrestur ríkisbókhalds hefur verið og að jafnaði hefur uppgjör skólakostnaðar verið síðasti þáttur í uppgjöri A-hluta ríkisreiknings hvers árs. Ríkisbókari bætir við og segir, að í sumum tilvikum hafi jafnvel þurft að áætla gjaldatölu vegna skólanna og fræðsluskrifstofa, vegna þess að fræðslustjórar hafi sumir hverjir ekki skilað uppgjöri fyrir skrifstofur sínar í því formi sem ætlast hefur verið til þannig að sjá mætti heildargjöld þeirra og skiptingu milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Enn fremur minnir ríkisbókari á, að sveitarfélög hafi sum hver ekki greitt á réttum tíma framlög sín til fræðsluskrifstofu. Ríkisbókari endar aths. sínar á því að ætla að skuldaraukning ríkissjóðs á árinu 1979 vegna grunnskóla sé mjög óveruleg, en menntmrn. fullyrðir að hún sé engin.

Þessi umr. er öll um að safnað hafi verið stórskuld hjá ríkissjóði, ógreiddum reikningum vegna skólakostnaðar sveitarfélaga sem séu gjaldfallnir. Menn þurfa ekki að hafa mín orð fyrir því að svo sé ekki. Menn hafa hér álit ríkisbókara, menn hafa álit menntmrn. og menn fá að sjá innan fárra daga hver verður niðurstaða í bráðabirgðauppgjöri sem nú stendur yfir. Það er með öllu ástæðulaust að halda áfram að tönnlast á að svona hljóti þetta að vera, svona verði þetta að vera, það verði að hafa gerst að við höfum stórlega skert hlut sveitarfélaga frá því sem viðgengist hafi. Það þýðir ekkert að halda áfram að tönnlast á slíku dag eftir dag eftir að fyrir liggur álit allra þeirra hlutlausu embættismanna sem ég hef hér vitnað í og hafa um málið fjallað.

Ég endurtek, að samkv. yfirlýsingum bæði ríkisbókara og menntmrn. hefur þetta ekki gerst og hugmyndir um það og fullyrðingar, að þarna hafi verið um að ræða mikla skuldasöfnun og miklar vangreiðslur, eru ekki á rökum reistar. Menn þurfa ekki að hafa mín orð fyrir því. Ég er með þetta skriflegt frá ríkisbókara og líka skriflegt í fréttatilkynningu frá menntmrn. Ef menn vilja endilega deila við þá háu herra, hina hlutlausu embættismenn sem menn eru alltaf að biðja um úttektir frá, er rétt að þeir geri það. En ég er furðu lostinn ef menn halda áfram að tönnlast á þessu sama eftir þetta.

Það eina, sem gerst hefur á þessu hausti í samskiptum ríkis og sveitarfélaga vegna grunnskóla og ekki verið áður, er að reglum hefur verið breytt til hagræðis fyrir sveitarfélögin. Sveitarfélögin hafa haft beinan fjárhagslegan hag af þeirri einu breytingu frá venjum og reglum sem gilt hafa á undanförnum árum. Ég nenni hreinlega ekki að elta ólar við fullyrðingar um hið gagnstæða, ef ekki er tekið mark á því sem ríkisbókari lætur frá sér fara um þetta mál, ef ekki er tekið mark á því sem menntmrn. lætur frá sér fara um þessi mál, ef ekki er tekið mark á þeim talnalegu upplýsingum sem fjmrn. lætur frá sér fara um þessi mál. Það er alveg tilgangslaust að vera að elta ólar við slíkt.

Hv. þm. Stefán Jónsson og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen bentu báðir á það, sem rétt er, að segja má að ríkissjóður skuldi Tryggingastofnun ríkisins bókhaldslega eitthvert fé. Meginatriði málsins í samskiptum Tryggingastofnunar ríkisins og ríkissjóðs er það, hvort til greiðslustöðvunar hafi komið hjá Tryggingastofnun, hvort Tryggingastofnun ríkisins getur ekki staðið í skilum með lögboðnar greiðslur. Það er meginatriði málsins. Halda má fram að ríkissjóður skuldi Tryggingastofnun ríkisins allmikið fé. En menn skyldu líka gæta að því, hvernig sú skuld er til komin. Hún er að öllum meginstofni til frá árinu 1971. Þá myndast þessi skuld við það að sú ríkisstjórn, sem þá tekur við völdum, tekur þá ákvörðun að hækka bótagreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins án þess að útvega Tryggingastofnuninni fé á móti. Þetta á að vera á vitorði allra fjvn.-manna að minnsta kosti. Sú ákvörðun þáv. ríkisstj. að ákveða að hækka mjög verulega bótagreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins, t. d. ellilífeyri, án þess að sjá til þess að fé kæmi á móti, varð til þess að skapa það vandamál sem menn hafa velt á undan sér frá ári til árs síðan og hefur hlaðið utan á sig síðan, vegna þess að engin ríkisstjórn hefur tekið á málinu. Þetta hefur orðið til þess að þessi skuld, eins og menn kalla það, hefur skapast. Ég veit að bæði núv. og fyrrv. heilbr.- og trmrh. mundu staðfesta þetta. Ég veit að hv. þm. Matthías Bjarnason mundi staðfesta það, ég tala nú ekki um hæstv. núv. heilbrrh., að það vandamál, sem hér er um að tala, skapaðist á árinu 1971 fyrir tilverknað páv. ríkisstj., þegar útgreiðslur voru stórauknar hjá Tryggingastofnun án þess að fyrir fé væri séð.

Hvers vegna ekki hafi orðið um að ræða greiðslustöðvun til fræðsluumdæmisins á Vestfjörðum. Svarið er ákaflega einfalt. Það var ekki um neinar greiðslustöðvanir að ræða til þeirra fræðsluumdæma í landinu, og þau voru fleiri en Vestfirðir, sem voru innan fjárlagatölunnar framreiknaðrar í vísitölu. (Gripið fram í.) Menntmrn. hafði engin afskipti af því önnur en þau að greiða alla slíka reikninga. Vandamálið skapaðist fyrst og fremst hjá þeim fræðsluumdæmum sem fóru mjög verulega fram úr

því fjármagni uppfærðu til verðlags sem Alþ., menntmrn., og fjvn. og fjmrn. áætluðu til þessa tiltekna kostnaðar. (**Gripið fram í:** Hver voru hin umdæmin?) Mig minnir að það hafi verið Reykjavík, — ég er ekki alveg viss, mig minnir að það hafi verið Reykjavík líka. En það voru Vestfirðir og a. m. k. eitt eða tvö önnur umdæmi. Ástæðan er sú, það get ég upplýst menn um hér, mér er mjög vel kunnugt um það því að svo vel vill til að ég þekki nokkuð til skólamála í mínu kjördæmi, að þarna voru málin unnin þannig bæði af fræðsluyfirvöldum á stöðunum og skólastjórunum, að t. d. vinna kennara vegna félagsstarfa o. fl. í skólunum var við heimildir miðuð, leyfilegur vinnutími var við fjárveitinguna miðaður, og yfirvöld skólabarna heimiluðu ekki meiri aukavinnu í þessu sambandi en nam því fé sem Alþ. hafði úthlutað til verkefnisins.

Ég held að það hljóti að vera krafa allra þeirra, sem með fjárveitingavaldið fara, að þannig sé reynt að halda á málunum, a. m. k. þekki ég það af setu minni í fjvn., að þetta er sú krafa sem fjvn. gerir til allra forstöðumanna ríkisstofnana sem þangað koma. Krafa hennar er að þeir miði áform sín, eftir því sem þeir mögulega geta, við það fjármagn og þá vinnu sem fjárveitingavaldið hefur talið hæfilegt. Eg tel mjög varhugavert ef handhafar fjárveitingavaldsins, alþm., hafa öndverða skoðun, því að þá eru þeir raunverulega að halda því fram að fjárveitingavaldið eigi ekki að vera í höndum þm., heldur í höndum allt annarra manna í þjóðfélginu. Þetta held ég að sé mjög varasamt og mjög vafasamt. Ástæðan fyrir því, að fræðsluumdæmi fara mjög verulega fram úr verðbættum kostnaðartölum í þessu sambandi, er að skólar í umdæminu hafa greitt meira í hvers konar launakostnað og annan kostnað, sem eftirágreiddur er, en fjárveitingavaldið hefur mælt fyrir um, og þá er það viðfangsefni og verkefni fjármáladeildar menntmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnunar, fjmrn. og fjvn. Alþingis að reyna að ná tökum á slíkum málum.

Ég held að menn verði að skilja að alþm. megi ekki hegða sér í þessu sambandi eins og óábyrgir þrýstihópar, vegna þess að það er eitt af verkefnum þeirra að úthluta fé í fjárlögum til að sinna þeim þörfum, sem alþm. sjálfir telja að beri að sinna, og afla fjár til þeirra þarfa. Alþm. hljóta einni að krefjast þess, að eftir þeim vilja sé a. m. k. reynt að fara eftir því sem menn framast orka. Það er a. m. k. ekki æskilegt að mjög mikill mismunur geti orðið á milli stofnana eða fræðsluumdæma, þannig að embættismönnum t. d. og starfsmönnum ríkisins, sem eru mjög aðhaldssamir og reyna að fara eftir fyrirmælum Alþ., sé beinlínis refsað fyrir það með því að sagt sé við þá: Þakka ykkur fyrir. Þetta var gott. En næsta manni, sem e. t. v. hugsar ekki eins mikið um slíka hluti, sé leyft að fara fram úr þeim fjárveitingum, sem Alþ. ætlar til hans, eins og honum dettur í hug. Það er ekki æskileg málsmeðferð.

Ég veit að það er rætt mikið og fullyrt að ríkissjóður hafi ekki borgað áfallnar skuldir, en hins vegar er minna um að þær skuldir séu nefndar, nema það sem hér hefur komið fram um nokkra tugi millj. vegna vangreidds kostnaðar við grunnskóla, sem ég hef þegar svarað. Aðeins ein ábending hefur komið fram í þessum umræðum í því sambandi sem ég vil sérstaklega minnast á. Það er að ríkissjóður skuldi frá fyrra ári 14—15 hundruð millj. kr. vegna útfluttra landbúnaðarafurða. Þetta er algjörlega rangt. Ríkissjóður hefur lokið greiðslum vegna útfluttra landbúnaðarafurða á s. l. ári upp í topp. Það hefur oft gerst að endanlegu uppgjöri hafi verið frestað fram yfir áramót, en það var ekki gert nú. Ríkissjóður borgaði uppbætur á úttfluttar landbúnaðarafurðir, fjárhæð sem nemur 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar á verðlagsárinu frá 1. sept. 1978 til ágústloka 1979, eins og lög mæla fyrir um. Það fé, sem menn eru að tala um, er vegna verðábyrgðar á framleiðslu verðlagsársins frá 1. sept. 1979 til ágústloka 1980, það er útflutningsábyrgð sem gjaldfellur ekki fyrr en á árinu 1980. Að greiða á árinu 1979 hluta af þeirri ábyrgð, sem gjaldfellur á árinu 1980, er að greiða flýtigreiðslu, hraða greiðslum á útflutningsuppbótum umfram það sem fjárlög og lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. mæla fyrir um. Það er rétt, að slíkt var ekki gert nú, enda skorti til þess heimild í fjárlögum.

Ég ítreka það svo að lokum, að allt það, sem ég hef sagt hér í sambandi við skipti sveitarfélaga og ríkissjóðs, hef ég beint eftir fjmrn. og stofnunum í tengslum við fjmrn. og menntmrn. sem um þessi mál fjalla. Ég held að það sé mjög varasamt að fullyrða sýknt og heilagt að þær upplýsingar séu rangar, þær séu ekki réttar og byggðar á rangindum, öðruvísi en að afla sér haldbetri upplýsinga frá aðilum sem betur vita.

Að lokum nokkur atriði í sambandi við það sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., sagði í ræðu sinni áðan.

Hv. þm. sagði m. a. að ég hefði haldið áfram þeim ævintýraleik að ná hagstæðari stöðu í lok hvers mánaðar til þess að geta velt mér upp úr því, en allt hefði verið komið um koll aftur næsta dag. Ef það væri rétt hjá hæstv. fyrrv. fjmrh., að ég hefði ætlað mér í blöðin og fjölmiðlana alla þá daga sem staða ríkissjóðs á hlaupareikningum í Seðlabankanum væri hagstæð, þá er ég hræddur um að fáa daga eftir miðjan nóv. og des. hefðu blöðin losnað við mig. Ég hefði verið þar nokkurn veginn fastagestur, svipað og leiðari, vegna þess að svo til allan þennan tíma, meginhluta desembermánaðar að 4 dögum undanskildum, og svo til alla síðustu 10 dagana í nóvembermánuði var staðan slík. Hefði ég ætlað að notfæra mér það í hvert skipti til auglýsingar hefði ég verið fastagestur í útvarpi og sjónvarpi og blöðum alla þá daga. Aðeins var um að ræða vísbendingu, eins og ég segi, um það, eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. sagði áðan úr þessum ræðustól, að afkoma ríkissjóðs á árinu 1979 mundi reynast hagstæðari en bjartsýnustu vonir höfðu gert ráð fyrir. Það staðfesti hæstv. fyrrv. fjmrh. áðan.

Um það, að staða ríkisstjóðs við Seðlabankann hafi ekki verið rétt gerð upp í fjmrn. í bráðabirgðaupplýsingunum sem ég gaf, vil ég taka fram í fyrsta lagi: Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen sagðist hafa aflað annarra upplýsinga í Seðlabankanum um þetta efni en hafa komið fram hér. Ég man eftir því, að hv. þm. sagði, þegar hann var ráðh. fjármála fyrir nokkrum árum, að hlutverk Seðlabanka væri ekki að gefa upplýsingar um ríkissfjármálin, heldur væri það viðfangsefni fjmrn. Var fjmrh. allra manna harðastur í þeirri afstöðu sinni. En látum það nú vera. Rétt er sú ábending hans, að af þeim lánum, sem ríkissjóður hefur tekið hjá Seðlabankanum, hafi ekki verið tekin ákvörðun um hvernig færa skuli verðbætur, nema hvað færðar voru verðbætur vegna þess láns sem greitt var í desember, eins og sýnt var í þeim upplýsingum sem ég kom með. Ég vil taka fram í þessu sambandi að í umræðu er milli fjmrn. og Seðlabankans, hvernig með þetta mál skuli fara. Það hefur ekki verið

tekin endanleg ákvörðun. Ég býst við að Seðlabankinn muni ekki heldur vilja, ef á reyndi, fullyrða annað en það væri rétt. Um það hefur ekki verið tekin ákvörðun, hvernig áfallnir vextir og verðbætur verða færð nú um áramótin.

Það er rétt hjá hv. þm., að til þessa hefur gengissig jafnan verið fært upp sem skuldaaukning, og það hefur verið gert nú eins og ávallt áður. Hins vegar hafa áfallnar verðbætur á spariskírteinum ekki verið færðar til skuldar, og fyrrv. fjmrh. hljóta allir við það að kannast, og áfallnir vextir hafa ekki heldur verið færðir til gjalda fyrr en þeir hafa verið greiddir. Ég get tekið undir með hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen að vel getur komið til greina að færa áfallnar verðbætur til skuldar um áramót, og það er nú til athugunar og til viðræðu við Seðlabankann. En ef það er gert ætti jafnframt að færa verðbætur af spariskírteinum til skuldar og alla áfallna vexti. Það verður að stíga þetta skref allt í einu lagi.

Að öðru leyti vil ég fátt um þetta segja. Við eigum væntanlega eftir að ræða málið nánar þegar haldbetri bráðabirgðatölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1979 verða gefnar. Að sjálfsögðu verða gefnar upplýsingar um þróun ríkisfjármála á árinu 1979. Í samræmi við ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl. frá því á síðasta þingi hefur ríkisendurskoðun með höndum að fylgjast með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis. Ríkisendurskoðun hefur þegar gert sína fyrstu skýrslu um þetta verkefni sitt, þó svo að ekki sé búið að fá í fast form hvernig sú starfsemi ríkisendurskoðunar eigi að vera og það sé nú til skoðunar í rn. Þessari fyrstu skýrslu hefur ríkisendurskoðun þegar komið á framfæri við fjvn.-menn.

Ég ætla að láta þetta verða lokaorð mín um ríkisfjármál almennt, því að tími mun gefast til að ræða þau nánar síðar. En meira í gamni en í alvöru held ég eftir bókhaldsuppfærslu hv. þm. Matthísar Á. Mathiesen áðan að dæma, þar sem hann bjó til eina 12 milljarða kr. viðbótarskuld ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, að ef ríkissjóður væri framtalsskyldur og skattskyldur, þá mundi ég a. m. k. skoða hug minn um það að biðja hv. þm. að telja fram fyrir hann.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég hafði nú hreint ekki gert ráð fyrir því að þurfa að koma hér upp aftur. En vegna ummæla hæstv. fjmrh. varðandi Reykjanesumdæmi, að það hefði skuldað ríkissjóði 54 millj. um síðustu áramót, vegna þess að gert hefði verið eitthvert nýtt góðverk með því að leggja fram í des. fé sem því ekki bar, þá vil ég upplýsa hæstv. fjmrh. um að þessi regla hefur verið í gildi í Reykjanesumdæmi frá því janúarbyrjun 1978, þ. e. í tvö ár. Þetta er því engin nýlunda sem hefði átt að koma á óvart, að ríkissjóður legði fram þetta fé í des. nú eins og hann gerði áður varðandi Reykjanesumdæmi. Ég tek það fram vegna þess að það var einmitt Reykjanesumdæmi sem hafði frumkvæði um að koma þessu á, að sjá um þessar endurgreiðslur á yfirvinnu kennara beint í gegnum ríkissjóð. Ég vil taka undir það, að þessi ráðstöfun var tvímælalaust til bóta og henni var vel fagnað af þeim sveitarfélögum sem fengu þessa fyrirgreiðslu á sínum tíma, og ég er viss um að það er gert enn, því að það er sjálfsagt að þakka það sem vel er gert, ekki síst þegar verið er að gagnrýna annað sem miður fer.

Ég tel mig einnig knúna til þess að nefna hér tölur, vegna þess að hæstv. ráðh. fullyrðir einu sinni enn, að engir reikningar hafi verið komnir inn vegna Reykjanesumdæmis eða ógreiddir um áramótin: Greiðslubeiðnum framvísað 29. nóv. 1979, þar af kvótagreiðslur, upphæð 6 847 268 kr. Akstur, upphæð 32 485 599 kr., eða samtals rúmar 39 millj. Fyrir 10. des. voru lagðar inn greiðslubeiðnir vegna kvótagreiðslna upp á rúmar 3 millj. og vegna aksturs upp á rúmar 6 millj., eða samtals 10 millj. Og síðan fyrir 31. des. upp á samtals tæpar 15 millj., sem að sjálfsögðu var ekki gert ráð fyrir að yrðu greiddar fyrir áramót. Þetta eru staðreyndir sem verða ekki hraktar. Ef ríkisbókhaldið eða hæstv. fjmrh. hefur ekki fengið upplýsingar um þetta, þá verður hann að biðja ágæta starfsmenn í menntmrn. að leita betur í möppunum, því að einhvers staðar liggja gögnin.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Í fyrsta lagi út af því sem hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. fjmrh., sagði. Hann vék hér að árinu 1975. Það var alveg rétt sem hann fór með, það var misminni hjá mér, og skal ævinlega hafa það sem sannara reynist. Ég held að ef við bærum saman afkomu þjóðarbúsins 1975 og 1979 og það yrði tekið með inn í reikninginn, þá stæðist það fullkomlega þann samanburð sem því miður — og ég endurtek: því miður á sennilega eftir að koma út úr því dæmi sem menn hafa verið að ræða um hér núna, þ. e. ríkissjóðsdæminu 1979.

Varðandi það, sem hæstv. fjmrh. sagði, furða ég mig á því, með tilliti til þess lærdóms sem ég hef fengið í bókfærslu, að það geti verið samkomulagsatriði Seðlabanka Íslands og ríkissjóðs, hvort verðbótaþáttur á lánum, sem ríkissjóður hefur fengið hjá Seðlabankanum, sé færður upp um áramót og efnahagsreikningar annars vegar Seðlabankans og hins vegar ríkissjóðs gerðir þannig upp. Hér er ekki um neitt samkomulag að ræða. Hér gilda einfaldar reglur um bókhald. Ég spyr: Ef ríkissjóður og Seðlabanki Íslands ætla ekki að fara eftir þeim einföldu reglum sem gilda um bókhald, hvað þá um alla hina? Eftir höfðinu dansa limirnir.

Svo kom hæstv. fjmrh. hér upp og sagði að ég hefði fundið 12 milljarða skuld. Hann var í sama orðinu að tala um að það væri búið að færa upp gengisbreytingar á lánum ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, og hann vitnaði í hæstv. fyrrv. fjmrh. Ég trúi ekki öðru en hæstv. fjmrh. viti að lánin í Seðlabankanum eru ekki gengistryggð, heldur með verðbótaþætti. Og það er einmitt verðbótaþátturinn sem á að færa upp. Það er búið að færa hann upp á láninu sem var borgað í desember. Og á láninu, sem ekki er borgað af á þessu ári, á að færa hann upp líka. En gengisbreyting er ekki til þar. Menn vita nánast ekki hvað þeir eru að tala um.

Þegar ég kem hér og segi: Staða ríkissjóðs er lakari árið 1979 — og miða við þær tölur sem ég hef eftir hæstv. fjmrh., þá erum við ekki að tala um skuld í Seðlabankanum nema að því leyti sem hún hefur aukist um 2.2 milljarða. En við skulum lesa fjárl. sem giltu fyrir árið 1979. Það var gert ráð fyrir 5 milljarða niðurgreiðslu. Og þar var gert ráð fyrir greiðsluafgangi upp á 2.5 milljarða. Greiðsluafgangurinn er ekki til. Niðurgreiðslan í Seðlabankanum hefur ekki heldur átt sér stað. Þetta er 7.5 milljörðum lakari staða en gert var ráð fyrir, og þar við bætast þessir 2.2 milljarðar, sem eru aukin lán í Seðlabankanum. Síðan fengum við upplýsingar um það, — og höfum heyrt það frá hæstv. heilbrmrh., — að skuldin hjá Tryggingastofnuninni væri um 5 milljarða. Þær upplýs-

ingar, sem ég hef, eru að skuldin hafi verið í upphafi ársins 2.5 milljarðar. Ef við bætum þessu við kemur hin talan út. Staða ríkissjóðs er lakari sem þessu nemur, en ekki um það að ræða, að skuldasöfnun við Seðlabankann hafi aukist um þetta. Hún er bara einn þátturinn af því.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að beina fsp. til hæstv. dómsmrh. um embættaveitingar hans og þeirrar bráðabirgðaríkisstjórnar, sem nú situr, með sérstöku tilliti til þess, að ég tel nauðsynlegt að hæstv. dómsmrh. skýri fyrir þingheimi þær röksemdir sem liggja að baki veitingu hans á tilteknu embætti: Hvers vegna hann hefur með þeirri veitingu gjörsamlega gengið á bak fyrri yfirlýsingum sínum um baráttu gegn spillingu, baráttu gegn rotnuðu kerfi, og hefur nú tekið upp nákvæmlega sömu vinnubrögð sem hann fordæmdi áður með hvað sterkustum orðum hjá þeirri ríkisstj. sem hér sat 1974—1978. Hvers vegna hæstv. dómsmrh. hefur þannig gerst liðsauki við spillingaröflin í landinu. Hvers vegna hann hefur kosið, þrátt fyrir allar sínar yfirlýsingar hér á Alþ. áður, að ganga inn í bandalag gamla samtryggingakerfisins.

Ég veit að ég þarf ekki að rifja það upp fyrir þeim þm., sem sátu hér á næstsíðasta þingi, — því að síðasta þing var stutt og hæstv. dómsmrh. var þar hljóðlátur eins og hann hefur reyndar verið að mestu leyti á þessu þingi það sem af er, — en á því þingi, sem þar var áður, voru höfð hér í þingsölum stór orð um nauðsyn baráttu gegn spillingu, um nauðsyn þess, að ekki væri lengur hyglað flokkspólitískum gæðingum, og nauðsyn þess, að flokkspólitískar embættaveitingar yrðu lagðar af, því að slíkt kerfi væri „algjörlega óþolandi", svo notað sé orðalag hæstv. dómsmrh. sjálfs. Hann boðaði einnig samkvæmt eigin orðum rækilegan uppskurð á stjórnkerfinu eða — svo vitnað sé í hæstv. ráðh. — „það skúringarstarf þarf víða að vinna."

Nú hafa orðið tímamót hjá þessum hæstv. ráðh., því að eftir að núv. ríkisstj. baðst lausnar skipaði hann í embætti Finn Torfa Stefánsson. Samkvæmt þeim yfirlýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf þegar hann var þingmaður, er slík embættaveiting gjörsamlega óþolandi og óverjandi.

Mig langar þess vegna að fara hér nokkrum orðum um og beina fyrirspurnum til hæstv. dómsmrh. varðandi þennan gjörning og í því sambandi spyrja sérstaklega um það, hvers vegna hæstv. bráðabirgðaríkisstjórn Alþfl. hefur nú tekið að framkvæma embættaveitingar sem talsmenn flokksins fordæmdu hörðum orðum hjá bráðabirgðaríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar fyrir rúmu ári, 1978, hvort hæstv. bráðabirgðaríkisstjórn, Alþfl. ætli að halda áfram, meðan hún situr sem bráðabirgðaríkisstjórn, að skipa gæðinga sína í embætti á sama grundvelli og talsmenn flokksins fordæmdu sem heitast þegar baráttan gegn spillingunni stóð sem hæst. Það er ástæða til að ætla að svo verði, vegna þess að í dag auglýsir hæstv. félmrh. lausa stöðu skrifstofustjóra Tryggingastofnunar ríkisins sem jafnframt eigi að gegna aðstoðarforstjórastarfi í þeirri stofnun, eins og ég mun koma að á eftir.

Hæstv. ríkisstj. baðst lausnar 4. des. En 28 des. veitti hæstv. dómsmrh. Finni Torfa Stefánssyni, nýföllnum þm. Alþfl. og væntanlega einnig frambjóðanda flokksins í næstu þingkosningum, embætti umboðsmanns í dómsmrn. eða umboðsfulltrúa. Þessi embættisveiting, eftir að hæstv. ráðh. var búinn að biðjast lausnar, olli mér satt að segja mikilli undrun, vegna þess að mér var í fersku minni sá harði dómur sem hæstv. ráðh. felldi, þá nýkjörinn þm., í júlímánuði 1978 um veitingu Geirs Hallgrímssonar, þá bráðabirgðaforsætisráðherra, á embætti húsameistara ríkisins.

Hinn 7. júlí 1978, nokkrum vikum eftir að hæstv. ráðh. var orðinn þm. í kjölfar „stærsta kosningasigurs í sögu lýðveldisins og tímamóta í baráttunni gegn spillingunni", eins og það var orðað hér í þingsölum og víðar, skrifaði hann grein út af þessari embættisveitingu í Dagblaðið undir fyrirsögninni: „Hneykslanleg embættisveiting." Í þessari grein segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Í útvarpsfréttum á miðvikudagskvöld kom hneykslanleg frétt." Síðan er það nánar rakið og sagt að greinarhöfundur, núv. hæstv. dómsmrh., ætli sér ekki að setja neitt út á þann einstakling sem embættið fékk, hann þekki það mál ekki, en hann fer hins vegar að deila harðlega á þann hæstv. ráðh. sem embættið veitti og sat þá í nákvæmlega sömu stöðu og hæstv. dómsmrh. sat sjálfur er hann veitti Finni Torfa Stefánssyni það embætti sem hann hefur nýlega hlotið. En í greininni segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Það er auðvitað óþolandi, ef ríkisstjórn, sem hefur beðið ósigur og í kjölfar þess síðan beðist lausnar, situr við það að troða gæðingum í embætti á meðan verið er að velta fyrir sér með hverjum hætti sé hægt að stjórna landinu." Síðan kemur í greininni stefnuyfirlýsing þm. og Alþfl. um uppskurð í stjórnsýslunni. Nú þurfi heldur betur að taka til hendinni og uppræta vinnubrögð gamla tímans, eins og segir orðrétt í greininni, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta skúringarstarf þarf víða að vinna. Báknið verður að taka í gegn og gera þarf hvort tveggja í senn, gera það heilbrigðara og opnara, og að þessu verður að vinna af öllum mætti." Lokakafli þessarar greinar ber hins vegar heitið: „Ögrun gamla tímans." Og þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Það er auðvitað ögrun þegar ríkisstjórn, sem hefur beðist lausnar og stjórnar einungis sem bráðabirgðastjórn, heldur áfram að útdeila gæðingum sínum bitlingum. Ráðh. átti hins vegar ekki að veita þetta embætti. Það átti ný stjórn að gera, hver sem hún verður og hvernig sem hún er saman sett."

Nú hefur það gerst, eftir að hæstv. dómsmrh. hefur beðist lausnar, að hann hefur tekið sér fyrir hendur að gera nákvæmlega það sama sem hann svo harðlega gagnrýndi þáverandi hæstv. forsrh. fyrir, og kannske enn frekar, vegna þess að samkvæmt öllum mælikvörðum á það, hvað sé gæðingur eða hvað sé flokksgæðingur, þá er hv. fyrrv. þm. Finnur Torfi Stefánsson tvímælalaust miklu meiri flokksgæðingur og gæðingur en sá einstaklingur sem skipaður var í embætti húsameistara ríkisins.

Í tilefni af þessari embættisveitingu og í ljósi þeirrar miklu sögu, sem hér hefur orðið í þjóðmálum á undanförnum tveimur árum, baráttu hæstv. dómsmrh. gegn spillingunni og stefnuskrá Alþfl. í þeim efnum, en kannske einkum og sér í lagi með tilliti til þess, að við getum átt von á því að hæstv. ráðherrar haldi áfram þessari iðju sem þeir sjálfir töldu óþolandi og ögrun frá gömlum tíma, þ. e. að útdeila embættum sitjandi í bráðabirgðaríkisstjórn eftir að hafa beðist lausnar, þá hef ég kvatt mér hér hljóðs til þess að gefa hæstv. ráðh. tækifæri

til þess að skýra fyrir þingheimi þau hamskipti, sem nú hafa orðið á honum, og til þess að fá yfirlýsingar um það frá hæstv. ráðh., hvers vegna hann hefur nú gengið á bak sinna fyrri yfirlýsinga, hvort hæstv. ráðherrar Alþfl. ætli að halda áfram að útdeila embættum til gæðinga sinna, eins og auglýsing hæstv. félmrh. gefur fyllilega tilefni til að ætla, því það vita allir, sem þekkja sögu Tryggingastofnunarinnar, að hún hefur löngum verið Alþýðuflokksráðherrum hjartfólgin. En þær spurningar, sem ég vil bera fram til hæstv. dómsmrh., eru þessar:

1. Hvers vegna hefur hæstv. ráðh. nú framkvæmt embættisathöfn sem hann áður taldi „hneykslí" skv. eigin orðum?

2. Hvers vegna „ögrar" hann nú þjóðinni og þinginu, svo að notuð séu hans eigin orð, með því að halda áfram „að útdeila gæðingum sínum bitlingum" eftir að ríkisstj. hefur beðist lausnar?

3. Ef ný ríkisstj. átti 1978 að veita embætti húsameistara ríkisins, en ekki bráðabirgðaríkisstjórn sem þá sat, hvers vegna hefur bráðabirgðaríkisstjórn Alþfl. nú rétt til þess að veita það embætti sem hér er til umræðu?

4. Fyrst það var „óþolandi" og ríkisstjórn sem hafði beðið ósigur — og Alþfl. og ríkisstjórn hans beið tvímælalaust ósigur í síðustu kosningum — var ekki fær til þess að dómi hæstv. dómsmrh. að veita embætti húsameistara ríkisins 1978, hvers vegna hefur hann nú, í nákvæmlega sömu sporum og Geir Hallgrímsson þá, tekið að sér útdeila nýföllnum þm. Alþfl. embætti eftir að ráðh. hefur beðist lausnar?

5. Hvað hafði Finnur Torfi Stefánsson fram yfir aðra umsækjendur annað en það að vera flokksgæðingur hæstv. ráðh. og þurfa á embætti að halda sem nýfallinn þm. Alþfl.?

6. Hvers vegna var umsókn Finns Torfa Stefánssonar tekin gild, en hún barst ráðuneytinu ekki fyrr en 19. des., eða fimm dögum eftir að umsóknarfrestur rann út? (**Gripið fram í:** Þeir hafa gleymt að rífa af dagatalinu.) Það getur vel verið.

7. Ætlar ríkisstj. Alþfl. að skipa í fleiri embætti meðan hún situr sem bráðabirgðastjórn og halda áfram að framkvæma það sem fulltrúar þessa baráttuflokks gegn spillingunni töldu hneyksli hjá öðrum flokkum?

Ég vil í því sambandi vekja athygli á því, að daginn eftir að ríkisstj. baðst lausnar var annar flokksgæðingur Alþfl., Óskar Hallgrímsson, skipaður í embætti af hæstv. félmrh. Eins og ég hef þegar vikið að er greinilegt, að stefnt er að því að skipa nýjan skrifstofustjóra í Tryggingastofnuninni sem jafnframt, samkv. þeirri auglýsingu sem birt var í dagblöðunum í dag, á að gegna starfi aðstoðarforstjóra stofnunarinnar. Það embætti hefur ekki verið til, en nú virðist sem félmrh. telji að nýskipaður forstjóri stofnunarinnar, fyrrv. ráðh. Alþfl. og þm., þurfi sérstaklega á aðstoðarforstjóra að halda. Þeir, sem þekkja til hjá Tryggingastofnun, vita að innan stofnunarinnar var gerð tilfærsla fyrir nokkru, þar sem búið var til nýtt embætti yfirmanns Atvinnuleysistryggingasjóðs og núv. skrifstofustjóri settur í það embætti án þess að það væri auglýst, til þess að losa þetta embætti skrifstofustjóra Tryggingastofnunarinnar. Sagt er, án þess að ég skuli neitt segja um hvað hæft er í því, að aðstoðarmaður hæstv. félmrh., Georg Tryggvason, sæki í það embætti skrifstofustjóra Tryggingastofnunarinnar sem hér er verið að auglýsa, þannig að hér er á ferðinni greinilega tilraun ríkisstj., sem beðist hefur lausnar, til þess að reyna ekki aðeins að skipa menn í embætti, heldur breyta skipan embætta innan jafnveigamikillar stofnunar og Tryggingastofnunarinnar í þágu flokkspólitískra hagsmuna.

Í síðasta lagi vil ég svo spyrja hæstv. dómsmrh. hvers vegna dómsmrh. hefur nú með þessum verknaði, sem hann greinilega fordæmdi áður, gengið inn í það gamla samtryggingarkerfi stjórnmálaflokkanna sem hann hafði sem stærst orð um áður. Ég held að ekkert eitt hafi verið eins mikið tákn þessa gamla samtryggingarkerfis hér áður fyrr og einmitt aðgerðir ráðh. — og það ráðh. sem sagt hafa af sér — til þess að tryggja föllnum þm. úr eigin flokki feit embætti. Það er vissulega harmsaga, sem við, sem horfðum á baráttuna gegn spillingunni áður fyrr, getum vitnað um, að þessi hæstv. ráðh. skuli á þennan hátt hafa gerst liðsauki spillingaraflanna í þessu landi.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Áður fyrr datt hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni stundum ýmislegt í hug. Honum datt það sjálfum í hug og mikið af því voru frumlegar hugmyndir. Þannig er, að um þetta mál hefur þegar komið fram fsp. frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni, sundurliðuð og þar spurt í smáatriðum, sem mér skilst að eigi að taka fyrir á þriðjudaginn kemur. Hv. þm. Ólafur Ragnar hefur stolið glæpnum af hv. þm. Pétri Sigurðssyni. Frumlegt getur það satt að segja varla talist.

Til þess embættis, sem hér um ræðir, var stofnað ásamt öðrum nýjungum sem gerðar voru till. um og tilraunir með í dómsmrn. þegar ég settist þar inn upp úr miðjum októbermánuði. Hér er um að ræða stöðu sem auglýst var með mánaðarfyrirvara, og til þessarar stöðu var stofnað áður en til kosninga kom. Hún á ekkert skylt við hugmyndir eða tilraunir til að útvega föllnum gæðingum í þingkosningum embætti, eins og hér var látið að liggja. Það var sem sagt mánaðar umsóknarfrestur, og þegar sá umsóknarfrestur rann út höfðu borist sex umsóknir. Þær voru frá Gunnlaugi Þórðarsyni, Hafsteini Einarssyni, Páli Skúlasyni, Birni Baldurssyni, Þorsteini L. Jónssyni og Finni Torfa Stefánssyni. Ég tel mig hafa lagt á það hæfnismat, sem ekki er hægt að vefengja, þegar ég tók um það ákvörðun að veita Finni Torfa Stefánssyni þetta embætti, þó svo að hann sé flokksbróðir minn. Nú vil ég hins vegar segja það — og þar er munurinn á þessari embættisveitingu og þeirri sem ég skrifaði um í júlímánuði 1978 og hv. þm. fjallaði um hér áðan — að við Finn Torfa var gerður ráðningarsamningur. Embættið var auglýst frá og með 1. jan. og það varð þess vegna að veita á þeim tíma. En vegna þess að hann er flokksbróðir minn og skoðanabróðir, þá er í þeim ráðningarsamningi búið svo um hnútana að viðkomandi er einasta ráðinn í eitt ár. Það er því næsta ráðh. í sjálfsvald sett að skipta um mann eða leggja starfið niður hafi hann aðrar hugmyndir þar um. Á þessu er grundvallarmunur, að um æviráðningu var að ræða í því tilfelli, sem hv. þm. nefndi, en um það er ekki að ræða hér. Hér er um að ræða tilraunastarf sem ég vil lýsa nokkru nánar. Ég dreg enga dul á það, að mér var ljóst að slík ákvörðun kann að orka tvímælis, þegar um flokksbræður er að ræða, og slíkt leggur okkur öllum, sem hér erum inni, oft tiltekinn vanda á herðar. En spyrja má líka: Eiga menn að líða fyrir það að vera flokksbræður annarra? Spurningin getur verið sú. Spurningin getur líka verið um það, hvort um misnotkun sé að ræða. Við hljótum að treysta á okkar eigin dómgreind í hvert eitt einasta sinn sem við tökum

slíka ákvörðun.

Árum saman hafa verið umr. hér á hv. Alþ. um embætti svokallaðs umboðsmanns Alþingis. Þessu starfi er ætlað að vera þjónustustarf við borgarana og því er ætlað að vera óháð í þeim skilningi, að borgararnir geti til þessa umboðsmanns leitað, ef þeir telja af stjórnvaldsstofnunum á rétti sínum troðið. Þessu starfi er ætlað að vera leiðbeinandi um rangala kerfisins, og því er ætlað að vera með þessum hætti þjónusta við borgarana. Þó að umr. hafi staðið um þetta að ég hygg á tíunda ár, með *hléum að vísu, hér á hv. Alþ.*, þá hefur þetta enn ekki komið til framkvæmda. Hér var að vísu flutt um slíkt embætti ítarlegt frv. 1972, en það varð ekki útrætt. Það, sem hér er um að ræða, er að gerð er tilraun, innan þeirra marka sem leyfileg eru, til þess að fikra sig í átt að þessu starfi. Auðvitað eru samfara þessu tilteknir erfiðleikar. Hér er um að ræða starfsmann í rn. Fyrst í stað verður hann ekki svo óháður sem æskilegt væri, en engu að síður er það hugmyndin. Og ég hygg að reynsla fyrstu 10 daga í sambandi við þetta starf sýni, hversu mikið borgararnir hafa til þessa embættis leitað, að slíkt starf hefur verið nauðsynlegt.

Mín von og minn draumur er sá — ef fleiri þm. væru *um það sammála — að þetta starf þróist yfir í það að* verða starf umboðsmanns Alþingis, sem verði þá flutt úr rn. og hingað í því skyni að tryggja algert sjálfstæði þess, að tryggja að það sé ekki undir þrýstingi neins staðar frá. Ég viðurkenni ágalla á starfinu eins og það hefur nú verið mótað. En það var sannfæring mín engu að síður, að þetta væri tilraunarinnar virði, og mér sýnist reynsla þessara fyrstu daga ætla að sanna það. (**Gripið fram í:** Segðu okkur frá reynslunni.) Reynslan er sú, að það hafa sennilega á fimmta tug borgara leitað til þessa embættis og fengið úrlausn. Því hef ég kynnst á þeim vikum, sem ég hef setið í þessu rn., hvað almennir borgarar í þessu landi eru oft lítt vitandi um réttarstöðu sína og um það, *með hverjum hætti þeir geti fengið sín mál tekin fyrir*, hvar þau eru niður komin í dómskerfinu, o. s. frv. Þetta er nú reynsla eftir að hafa fylgst með þessu starfi þessa örfáu daga og ég er sannfærður um að þegar upp verður staðið að ári liðnu, þá verður það skoðun okkar, að þessu formi megi e. t. v. breyta og þá væntanlega í þá veru sem ég hef hér lýst, en að starfið sé skynsamlegt og veiti borgurunum góða þjónustu. Það er þessi reynsla sem ég er að tala um.

Ég vil svo enn endurtaka það, að gerður er ráðningarsamningur við þann einstakling sem hlut á að máli. Sá ráðningarsamningur stendur einasta í eitt ár, m. a. vegna þeirrar óvissu, sem hér er í stjórnmálalífinu, og vegna þess að ég taldi það skynsamlega að staðið, þar sem um flokksbróður minn er að ræða. Starfið á að standa til tveggja ára. Við vorum sammála um að hafa þetta svo, þar sem svona væri í pottinn búið.

Mér er ljóst að embættisveitingum fylgja ævinlega vissir erfiðleikar. Enginn vill láta mann líða fyrir að vera skoðanabróðir. En á hinn bóginn geta embættisveitingar farið út í öfgar, eins og ég heyri að hv. þm. telur að orðið hafi í þessu tilfelli.

Þau ummæli hv. þm., að hér sé verið að skipa pólitíska gæðing, þýða væntanlega það, að hv. þm. óttast að viðkomandi einstaklingur muni misnota stöðuna í pólitísku skyni. Það held ég að sé ofætlun. Þetta held ég að eigi sér ekki stað í þessu tilfelli. Sjálfur hef ég verið menntaskólakennari í nokkur ár. Því fylgir t. d. að kenna stjórnmálasögu 20. aldar. Ég er flokksbundinn í Alþfl. og hef verið þm. nú á annað ár. Ég tel að mér hafi reynst fært að rugla því ekki saman, blanda því ekki saman, misnota ekki stöðu mína sem kennari, þó að ég jafnframt taki þátt í stjórnmálum. Mér segir svo hugur um, að þetta gildi um okkur fleiri. Mér skilst að t. d. hv. þm., sem tók til máls, hafi verið prófessor í stjórnmálafræðum, sem eru að einhverju leyti skyld þeim umr. sem oft fara hér fram, og ég treysti honum fullkomlega til að sýna meiri dómgreind í kennslustofu en hann sýnir oft hér í ræðustól, og er raunar viss um að hann gerir það. Þetta er nokkuð sem við verðum að búa við. Og ég dreg enga dul á að ég ber fyllsta traust til Finns Torfa Stefánssonar, sem ég réð í þetta embætti, vegna þess að ég taldi hann hæfastan af þeim umsækjendum, sem hér var um að ræða, og lagði á það kalt mat. En við gerðum ráðningarsamning sem stendur til eins árs. Það er ekki verið að æviráða mann á jötuna, heldur er svona að þessu staðið.

Hv. þm. bar fram átta spurningar sem mér sýnist að séu efnislega keimlíkar. Ég hygg að þeim hafi verið svarað hér.

Hann spyr fyrst: Hvers vegna er það nú gert sem áður var hneyksli? Ég endurtek það, hvernig að þessari ráðningu hefur verið staðið, og á því og hinu, sem hv. þm. ræddi um, er grundvallarmunur.

Hann spyr í öðru lagi: Hvers vegna ögrar hann þjóðinni og þinginu? Ég held að í þessum efnum sé ekki um ögrun að ræða, hvorki við þjóð né þing, af þeim ástæðum sem hér hefur verið lýst.

Hann spyr í þriðja lagi: Ef þetta var rangt 1978, af hverju er það rétt nú? Ég hef lýst því, að á þessu er grundvallarmunur hvernig að er staðið.

Fjórða spurning sýndist mér vera sama og sú þriðja.

Í fimmta lagi spurði hann: Hvað hafði Finnur Torfi Stefánsson fram yfir aðra umsækjendur? Finnur Torfi Stefánsson, sem embættið hlaut, hafði áður en hann gerðist þm. 1978 um nokkurra ára skeið rekið lögfræðiskrifstofu hér í borg og m. a. verið lögfræðingur fyrir verkalýðsfélög og sinnt erindum félagsmanna þar. Að sumu leyti er þar um skyld erindi og efni að ræða, og ég taldi að þessi reynsla m. a. gerði hann fullkomlega hæfan í þetta embætti. Ef hv. þm. er þeirrar skoðunar, að annar hafi verið hæfari, þá er ég auðvitað fullkomlega tilbúinn til að hlýða á rök hans um það.

Í sjötta lagi spyr hann: Af hverju barst hans umsókn rn. 19. des., þegar umsóknarfrestur var til 15. des.? (**Gripið fram í:** Það er vegna póstsamgangna.) Nei, það er ekki vegna póstsamgangna. Hér er um að ræða afgreiðslustimpil, þ. e. stimpil um það, hvenær bréfið er lagt inn í afgreiðsluna. En bréf koma með ýmsum hætti til starfsmanna rn. eða til mín persónulega, og þetta bréf barst einum eða tveimur dögum fyrir tilskilinn tíma til mín persónulega. Ég lét þann aðila í rn., sem hafði með það að gera að safna þessum umsóknum saman, um það vita. Ég hygg að það gildi líka um aðra umsókn. Tvær af þessum umsóknum hafa afgreiðslustimpil eftir 15. des.

Í sjöunda lagi spyr hann: Ætlar ríkisstj. að skipa í fleiri embætti? Nú er það svo, að ég get upplýst það, að ég hef skipað í fleiri embætti en þetta (**ÓRG:** Voru líka ráðningarsamningar þá?) Nei, t. d. skipaði ég sýslumann í Strandasýslu. Þar var ekki um ráðningarsamning að ræða. En eftir því sem ég hef talið mögulegt hef ég frestað öðrum embættaveitingum af þeim ástæðum sem hér hefur verið lýst. Ég nefni t. d. prófessorsembætti í

sögu við Háskóla Íslands. Um það hefur verið skrifað í blöð og spurst fyrir um hvernig standi á að ekki hafi verið skipað í þá stöðu, og þær ástæður eru ekki ósvipaðar því sem hv. þm. lýsti. En þegar um það er að ræða, að ákveðið hefur verið — í þessu tilfelli af núv. ríkisstj. og í öðrum tilfellum með lögum — að í embætti þurfi að skipa fyrir tiltekinn dag og sá dagur rennur upp, þá getur svo farið, að ekki sé hægt annað en að ganga frá því. Og ég hygg að um ekkert annað embætti verði það sagt, að flokkssystkin mín eigi í hlut, en það er rétt í þessu tilfelli, að ég og Finnur Torfi Stefánsson erum í sama stjórnmálaflokki.

Í áttunda lagi spyr hv. þm. um það, hvort núv. dómsmrh. sé genginn inn í samtryggingarkerfi stjórnmálaflokkanna, og svarið er nei. Það er ekki um það að ræða. Ég er sannfærður um að ef mótun þessa embættis tekst eins og vonir standa til, þ. e. að þetta þróist yfir í að verða embætti umboðsmanns og þá væntanlega Alþingis— og ég hygg að bæði ég og hv. fyrirspyrandi séum áhugasamir um það, þá eigi eftir að koma í ljós að þetta embætti er tilraunarinnar virði.

Á þskj. 87 er fsp. frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni um sama efni. Ég hygg að hér hafi öllu verið svarað, sem þar er um spurt, nema því sem spurt er um launakjör, og ég vil nota tækifærið og svara því (**SvH:** Vill ekki hæstv. ráðh. hinkra við eftir þeim fyrirspyrjanda?) Jú, að sjálfsögðu skal orðið við því.

Ég hygg að þetta mál hafi verið reifað. Þetta eru mínar skýringar á því sem hér hefur verið gert, og ég endurtek það enn einu sinni vegna þess sem hv. þm. las upp úr blaðagrein, að það er ráðið í þetta embætti til eins árs. Ég hygg að fyrr en varir komi þingið sér saman um að öðruvísi verði hér stjórnað og öðruvísi ríkisstj. komi. Ég tek undir það með hv. þm., að þetta eru erfiðar aðstæður, en stjórnkerfið verður engu að síður að ganga sinn gang.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Mér datt það svona í hug, að ástæðan fyrir því, hversu seint umsókn umrædds manns um embættið kom fram, hefði verið erfiðar póstsamgöngur við kotið í Hjaltadal norður, þar sem hann á heima, og er afreksmaður að því leyti að búa á eyðibýli. En það fauk einu sinni skekta á mann fyrir vestan. (**Gripið fram í:** Mætti ég fá nánari skýringar hjá hv. þm.?) Nánari skýringar, ég er ekki spursfífl né svargikkur hv. þm. Það fauk einu sinni skekta á mann fyrir vestan. Hann gerbreyttist við þetta, að vísu ekki líkamlega nema að því leyti sem brotnaði á honum nefið. Breytingin, sem orðið hefur á hæstv. dómsmrh. frá því sem hann óð hér grundina í hné gegn siðspillingunni í þjóðfélaginu, er slík, að mér dettur ekki annað í hug en að a. m. k. sex manna far hafi fokið á hann.

En erindi mitt var ekki að ræða þetta mál efnislega, heldur að lýsa furðu minni á þeim fundar- og þingsköpum sem við sjáum hér dæmi um, án þess að ég vilji gagnrýna með hörðum orðum nýjan hæstv. forseta Sþ. Útbýtt hefur verið fsp. um þetta efni frá hv. 1. landsk. þm. Pétri Sigurðssyni. Það hefur löngum verið fundið að því, að illa sé með tíma þingsins farið vegna umr. utan dagskrár, en þó þykir þetta nauðsynlegur þáttur í starfi þingsins og er það líka. Og það er aðallega til þess að þm. gefist kostur á að ræða mál sem eru mjög brýn, mjög brýn dagskrármál í þjóðfélaginu, og þá gjarnan að beina máli sínu til framkvæmdavaldsins um líðan einstakra þátta eða málefna. Hér hefur verið borin fram fsp. um málið, en samt er það svo, að gefinn er kostur á að ræða það utan dagskrár. Þó er málið alls ekki þann veg vaxið að það sé neitt dagaspursmál að það komi til umr. hér. Og það er ekki einu sinni haft fyrir því að gera fyrirspyrjanda, í þessu tilfelli hv. 1. landsk. þm., aðvart um að þessi umr. eigi að fara fram.

Ég stytti mál mitt, herra forseti, en ég krefst þess, að þessari umr. verði frestað þegar í stað þann veg, að hv. 1. landsk. gefist kostur á að taka þátt í umr. Ég hef ekki kynnt mér það sérstaklega, hvort sá hængur er á, að þessi fsp. hafi ekki verið komin á dagskrá, enda mátti þá kippa henni inn á dagskrána með afbrigðum ef á það hefði skort. En ég vænti þess fastlega, að hæstv. forseti fallist á þá eindregnu kröfu mína, að þessum umr. verði ekki fram haldið, af þeim ástæðum sem ég hef nefnt, enda þurfum við að fá meira af þessari umr. og þá ekki á fastandi maga.

Forseti (Jón Helgason): Vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns vildi ég aðeins segja það, að hv. 11. þm. Reykv. tjáði mér að hann ætlaði að spyrjast fyrir um þetta mál af öðrum ástæðum en fram koma í fsp. þeirri sem hv. 1. landsk. hefur lagt fram og ég benti honum á að þegar væri komin fram, þ. e. hvort um fleiri svona embættisveitingar yrði að ræða á næstu dögum, hann mundi að öðru leyti ekki ræða það sem komið hefði fram í fsp. hv. 1. landsk. þm.

En ég ætlaði af fleiri ástæðum en vegna beiðni hv. 4. þm. Austurl. að fresta þessari umr. nú. Hins vegar hefur hæstv. félmrh. kvatt sér hljóðs, og ég tel rétt að hann fái að taka til máls áður en þessari umr. er frestað. (**SvH:** Af hverju? Ég sé enga ástæðu til þess.)

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Hv. þm. Sverrir Hermannsson sér enga ástæðu til þess að menn fái að svara fsp. sem fram eru bornar.

Hv. 11. þm. Reykv. gerði tvær athugasemdir við mína embættisfærslu. Í fyrsta lagi ráðningu Óskars Hallgrímssonar sem deildarstjóra í félmrn. Sú ráðning byggist á lögum nr. 13 frá síðasta ári, svonefndum Ólafslögum. Þar er gert ráð fyrir sérstakri vinnumáladeild í félmrn. Nú er það svo, að þegar um er að ræða ráðningu á deildarstjórum í rn. þarf ráðh. ekki að spyrja einn eða neinn eða leita umsagnar um eitt eða neitt. Auðvitað gerir maður það samt, og enginn af þeim, sem ég talaði við, var í nokkrum minnsta vafa um að Óskar Hallgrímsson væri best til þess fallinn af þeim sem um þetta embætti sóttu (**Gripið fram í:** Var það fyrrv. alþýðubankastjóri?) Fyrrv. alþýðubankastjóri, já. Það er von að þið hlæið. Ég veit ekki betur en hann hafi verið sýknaður og hreinsaður af öllum þeim áburði sem á hann hefur verið borinn, og hingað til hélt ég að menn væru saklausir þegar dómarar væru búnir að fella yfir þeim sýknudóm. Ég fékk heimild hinnar svokölluðu bremsunefndar til þessarar ráðningar — hinnar fyrri nefndar, ekki þeirrar sem nú situr, heldur hinnar fyrri — og var hann ráðinn í þessa stöðu og hefði mátt vera fyrr.

Varðandi hitt embættið, skrifstofustjóra Tryggingastofnunar ríkisins, standa málin þannig, að stjórn Atvinnuleyistryggingasjóðs hefur lengi óskað eftir því — stjórn sjóðsins, ekki ég og ekki rn. — að fá að hafa starfsmann út af fyrir sig, en ekki eins og verið hefur, að starfið sé hluti af starfi skrifstofustjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Nú hefur skrifstofustjórinn sótt um að

vera leystur undan því starfi og taka við starfi fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og sinna því starfi alhliða og eingöngu, og hefur það verið samþ. af stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það, sem hefur gerst síðan, er að þetta starf, sem nú er laust hjá Tryggingastofnun ríkisins, hefur verið auglýst laust til umsóknar. Það er allt og sumt. Um hitt hvort ég verð ráðh. eða hver verður félmrh. þegar það verður veitt, hverjir um það sækja og hver fær þetta starf, get ég engu svarað á þessari stundu.

Varðandi aðra spurningu, sem kom fram, vil ég segja það, að á meðan ég gegni ráðherraembætti mun ég ráða í þær stöður sem nauðsynlegt er að ráða í, aðrar ekki.

Mig langar svo að lokum til þess að beina fsp. til hv. 11. þm. Reykv. Á síðasta vori voru samþ. lög um aðstoð við þroskahefta og áttu lögin að taka gildi um síðustu áramót. Lögin gera ráð fyrir því, að deildarstjóri í félmrn. sjái um þau umfangsmiklu störf sem lögin gera ráð fyrir að þar séu unnin. Eftir langa bið hefur hin svokallaða bremsunefnd — sú sem nú situr — og einmitt nú í dag heimilað rn. að ráða í þessa stöðu. Eins og ég sagði áðan, er ráðh. ekki bundinn af því, þegar um er að ræða ráðningu deildarstjóra í rn., að leita umsagnar. Eigi að síður hef ég gert það um þá 15 aðila sem sóttu um þessa stöðu.

Það sýnist sitt hverjum, en mjög margir hafa mælt eindregið með Margréti Margeirsdóttur félagsráðgjafa. Það liggur mjög mikið á að allra mati — a. m. k. mati allra þeirra sem nálægt þessum málum koma — að ráða í þessa stöðu, og ég hafði hugsað mér að gera það strax í dag. En nú er þessi fundur orðinn það langur, að ég verð líklega að bíða með það þar til í fyrramálið. En nú vil ég spyrja hv. 11. þm. Reykv.: Telur hann að ég hafi heimild til þessarar ráðningar? Eða telur hann að ég hafi ekki heimild til hennar? Ég vona að Margrét verði af engum vænd um það að vera flokksgæðingur Alþfl.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég bað um orðið utan dagskrár til þess að koma fram fsp. til hæstv. sjútvrh. þess efnis, hvað liði afgreiðslu eða ákvörðun Verðlagsráðs um fiskverð sem átti að taka gildi 1. jan. s. l., en samkv. ósk Verðlagsráðsins eða yfirnefndar Verðlagsráðs heimilaði sjútvrn. frest til 8. jan. og síðan aftur annan frest, sem sjútvrn. ákvað sjálft, til 18. jan. Nú veit ég það mætavel og hæstv. sjútvrh. einnig og sennilega allir þm. og fjöldi annarra manna, að fiskverð liggur ekki fyrir vegna þess að það er í algerðri sjálfheldu, vegna þess að lögin um olíugjaldið runnu út 31. des. s. l. og ekkert hefur verið lagt fram í þessum efnum á hv. Alþ. Ég hef spurt þm. úr öllum stjórnmálaflokkum utan ríkisstjórnarflokksins, hvort nokkuð hafi verið við þá rætt eða þessa flokka um að hraða afgreiðslu þessa máls, þannig að fiskverð geti legið fyrir mjög fljótlega. Þeir hafa svarað því til, að ekkert hafi komið frá ríkisstj. eða hæstv. sjútvrh.

Ég furða mig á því, að það skuli ekki vera farið að ræða við þingflokkana um þetta mikilsverða mál. Þó að ekki liggi fyrir myndun meirihlutaríkisstjórnar, þá verður auðvitað starfsstjórn á hverjum tíma að hafa frumkvæðið að slíkri lagasetningu. Ég tel það jafnframt skyldu annarra þingflokka að reyna að greiða fyrir afgreiðslu slíks máls sem þessa, þó að menn séu kannske ekki alveg á eitt sáttir um það, hvernig eigi að afgreiða málið. En olíuvandinn er það mikill, eins og áður hefur verið minnst á, að fiskverð verður ekki ákveðið nema það liggi fyrir, hver er vilji og ákvörðun stjórnvalda og Alþingis í þessum efnum. Það er auðvitað ýmislegt fleira, sem þarna kemur inn í, sem Verðlagsráðið bíður eftir, og það liggur auðvitað alveg ljóst fyrir, að yfirnefnd Verðlagsráðsins tekur enga ákvörðun um fiskverð nema þetta liggi fyrir ásamt fleiri upplýsingum.

Ég vona að enginn þm. liggi mér á hálsi fyrir að hafa kvatt mér hljóðs utan dagskrár vegna þessa máls, því að þetta er aðkallandi mál og ekki hægt að bíða eftir því að bera fram fsp. með venjulegum hætti. Ég fyrir mitt leyti vil gera mitt besta, þegar lausn kemur frá sjútvrn. eða ríkisstj. og lagt er fram frv. um þessi efni, til að Alþ. hraði afgreiðslu þess máls. Það hefur löngum gengið allmikið á, ef fiskverð hefur ekki verið ákveðið þegar það átti að taka gildi. Það hefur oft komið fyrir, að liðið hafa nokkrir dagar frá því að fiskverð átti að taka gildi þar til það var ákveðið, en hefur líka gætt allmikils óróa. Nú er málum svo háttað, að hvorki hið almenna fiskverð né loðnuverð liggur fyrir þó liðnir séu 10 dagar af þessu ári, og því eru menn farnir að verða órólegir, sjómenn, útvegsmenn og eiginlega allir sem hér eiga hlut að máli. Á þessu er vakin athygli með þessum orðum í þeim tilgangi að ýta undir að málin séu lögð fyrir Alþ. til úrlausnar, þannig að fiskverð geti legið fyrir, og í trausti þess að þingflokkar taki höndum saman um að afgreiða fljótt og vel þær till. sem fram koma frá hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en legg þessa fsp. hér með fyrir hæstv. sjútvrh.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Mér er ánægja að því að svara þessari fsp. Eins og þingheimi öllum og kannske sérstaklega hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni er mjög vel ljóst, er ákvörðun fiskverðs ævinlega bæði mikilvæg og vandasöm. Og nú er hún það eiginlega venju fremur. Það hafa margvíslegar kostnaðarhækkanir átt sér stað í þeirri verðbólgu sem við búum við, en allir flokkarnir tala á hinn bóginn fyrir því að sporna gegn verðbóguþróun eftir því sem mögulegt er. Ákvörðun fiskverðs hlýtur að taka mið af þessum sjónarmiðum báðum, nefnilega að finna viðunandi rekstrargrundvöll sjávarútvegs og viðunandi tekjur til sjómanna annars vegar og hins vegar að sporna eftir mætti gegn verðbólguþrýstingi.

Samningagerðin sjálf er hins vegar í höndum yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins, eins og kunnugt er, og málið hefur að sjálfsögðu verið þar til umfjöllunar að undanförnu. Eins og hv. þm. Matthías Bjarnason benti á, hefur af hálfu yfirnefndar verið beðið tvívegis um frest á ákvörðun, og menn hafa orðið sammála um það í yfirnefndinni. Í fyrra sinnið var óskin um frestun til 8. jan. og við því orðið. Í síðara skiptið var ótiltekið hvað fresturinn skyldi vera langur. Mér þótti ekki stætt á því að veita ótiltekinn frest, og að höfðu samráði við formann yfirnefndarinnar varð að ráði að veita 10 daga viðbótarfrest. En auðvitað er von að menn fari að verða órólegir yfir því, hvað þetta dregst úr þessu.

Um stöðuna almennt er það að segja, að samkv. þeim bráðabirgðagögnum sem hafa verið unnin — sem eru reyndar vinnuplögg og ekki hægt að vitna nákvæmlega til þeirra um tölur, þar sem þau eru ekki fullfrágengin — en samkv. þeim virðist ljóst að hagur sjávarútvegsins hafi vænkast nokkuð á síðasta ári og það hlýtur náttúrlega að

koma inn í þessa mynd. Þetta á sérstaklega við um útgerðina, en síður um fiskvinnsluna, hún getur náttúrlega ekki risið undir mikilli fiskverðshækkun við þessar aðstæður óbreyttar. Ég vil hins vegar minna á það, að í umr. hér fyrir jól benti ég á að vandséð væri að niðurstða fengist í þessu máli nema með framlengingu á olíugjaldi í einhverjum mæli og í einni eða annari mynd. Horfurnar eru óbreyttar að þessu leyti, eins og líka hv. þm. benti á og sagðist sjá. Og sama gildir reyndar um annað efni sem ég gerði þá að umtalsefni og kom þá líka til nokkurrar umr. nefnilega verðuppbætur á vannýttar tegundir.

Það, sem hér er um að ræða mögulega lagasetningu um, er varðandi þrennt í rauninni. Það er olíugjald í einni eða annarri mynd og í einhverjum mæli. Í öðru lagi verðuppbætur á vannýttar tegundir, en það er mál sem þarf að komast í fastan og sérgreindan farveg, og í tengslum við þetta væntanlega breytingar á lögum um útflutningsgjald, eða a. m. k. geta verið horfur á því. Þetta er í raun og sannleika staða málsins eins og hún er núna.

Málin eru sem sagt til umfjöllunar í yfirnefndinni, og ég vil ítreka að þau eru auðvitað rekin þar með sjálfstæðum hætti í sínum rétta farvegi. Og þar sem þau eru nú enn á samningastigi er ekki á þessu stigi tímabært eða skynsamlegt að ætla að taka þau til nákvæmrar umr. og það ekki fyrr en línur hafa skýrst og t. d. er vitað hvaða atbeina sé þörf af hálfu hv. Alþingis.

Hitt er alveg ljóst, að ég hef að sjálfsögðu talið það og tel það skyldu mína að gera þingflokkunum grein fyrir þessu máli strax og línurnar hafa skýrst, þannig að málið sé í frambærilegu formi. Jafnframt tel ég það vitaskuld skyldu mína, þegar þar að kemur og ef svo til rekur sem allar horfur eru á, að leggja þá fram þau lagafrv. sem nauðsynleg reynast í þessu sambandi. Ég hef trú á því, að málið muni komast á það stig á næstu dögum, að það sé tímabært, rétt og eðlilegt að leggja það fyrir fulltrúa þingflokkanna og leggja síðan lagafrumvörp fram hér á Alþingi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. svör hans, en ég vil benda á það, að annan föstudag hér frá er kominn 18. jan. og ef Alþ. eða þingflokkarnir eru ekki farnir að sjá væntanleg frv. fyrr en eftir helgi, þá er mjög skammur tími til stefnu. Ég held að það sé ekki neitt áhorfsmál, að yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins gengur ekki frá þessu máli fyrr en vitað er hvaða meðferð olíugjaldið kann að fá hér á hv. Alþ. Verðuppbætur á tilteknar fisktegundir, sem hæstv. ráðh. minntist á og við ræddum hér fyrir jól, er kannske ekki alveg eins aðkallandi mál, þótt það sé mjög aðkallandi. Það væri þá frekar að það gæti beðið nokkrum dögum lengur. Það er samt hægt að ganga frá fiskverði í Verðlagsráði, því að það kæmi þá ofan á þetta fiskverð og sömuleiðis væntanlega breytingar á lögum um útflutningsgjald sjávarafurða, sem ég geri ráð fyrir að þurfi að gera breytingar á.

Ég legg áherslu á það, að fyrst og fremst verði tekin ákvörðun um olíugjaldið, að þingflokkarnir fái vitneskju um það, hver er hugmynd ríkisstj. og þá sjútvrn. í því sambandi. Auk þess væri mjög æskilegt að fá kynntar hugmyndirnar um verðuppbætur á einstakar fisktegundir, sem má auka sókn í, og jafnframt breytingarnar á lögum um útflutningsgjald. Það, sem fyrir liggur núna, er þetta.

Ég ætla ekki að ræða efnislega um stöðu útgerðar eða fiskvinnslu, ég kvaddi mér ekki hljóðs hér í þeim tilgangi, þó að um það megi auðvitað flytja langt mál. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem komið hefur hér fram í dag í sambandi við ríkisfjármálin í löngum ræðum manna. En við vitum það, að sjómenn sætta sig ekki við annað en hækkun verði á fiskverði, a. m. k. til samræmis við þær launabreytingar sem orðið hafa síðan fiskverð var síðast ákveðið. Og þetta er auðvitað það sem allir flokkar hljóta að vera sammála um, að það verður ekki hægt að loka algerlega þegar komið er að því að ákveða kaupgjald sjómannastéttarinnar einnar. Það veit ég að hæstv. ráðh. hlýtur að vera mér sammála um.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég skora á hæstv. ráðh. að hraða samningu þessara frv. svo að formenn þingflokka fái þau í hendur nú um þessa helgi og þannig megi hraða því að móta afstöðu til þessara mála í þingflokkunum, þó að frv. komi ekki fram fyrr en á mánudag eða í síðasta lagi á þriðjudag. Lengur held ég að það megi ekki dragast, og illmögulegt tel ég að fresta ákvörðun um fiskverð í þriðja skipti eða fram yfir 18. janúar.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að hreyfa þessu máli, þó að það hefði auðvitað verið eðlilegra að hæstv. ríkisstj. og þeir menn, sem bera ábyrgð á henni, hefðu hreyft þessu máli fyrst af öllum við þá flokka sem eiga fulltrúa á hinu háa Alþingi. Það er nú liðinn nærri hálfur mánuður frá þeim tíma sem ætlast er til að fiskverð sé ákveðið, og þó að svo sé munu sjútvn. Alþingis ekki hafa fengið nein gögn um stöðu sjávarútvegsins nú um áramótin, ef ég veit rétt, né gögn um það, sem mestu skiptir í þessu, á hvaða efnahagslegum staðreyndum á að byggja fiskverðsákvörðun. Það er auðvitað algerlega útilokað fyrir hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir allt og allt, að ætlast til þess við þær aðstæður sem nú eru í landinu, að Alþ. taki við frumvörpum frá henni í svo mikilvægum málum eins og þessum í nánast færibandaafgreiðslu þegar hlutirnir eru komnir í óefni, án þess að áður hafi farið fram athugun á þessum málum af þeim flokkum sem fulltrúa eiga á hv. Alþingi.

Það er vitaskuld algerlega útilokað, úr því sem komið er, að fiskverð verði ákveðið í næstu viku eða næstu 10 dögum, nema eitthvað alveg sérstakt gerist. Við höfum engin gögn í höndunum til að átta okkur á grunnforsendum þessa máls. Olíugjaldið hefur fallið niður, fell niður nú um áramótin, og heildarstaða sjávarútvegsins breytist þar af leiðandi ákaflega mikið nú um áramótin. Ég tel alveg augljóst að þetta muni taka tíma, og ég kom hér fyrst og fremst upp í ræðustólinn til að undirstrika það, að þeir, sem sitja í starfsstjórn, verða auðvitað að standa þannig að málum að eðlilegur undirbúningur að þeim geti farið fram í stjórnmálaflokkunum. Það er ekki hægt fyrir hæstv. ríkisstj., hvernig svo sem hún lítur á sig, að gera þá kröfu til Alþingis að það — nánast að segja með færibandavinnubrögðum — taki við hverju sem er og hraðafgreiði það gegnum þingið.

Við höfum dæmi um þetta af öðrum vettvangi. Hæstv. fjmrh. lagði fram frv. rétt fyrir áramótin um skattamál, ákaflega viðamikið og flókið frv. Hann lét sér detta það í hug, hæstv. ráðh., að það yrði afgreitt á þeim sólarhringum sem þá lifðu eftir fram að jólahátíð. Svona ganga málin ekki fyrir sig. Og ég kom hér upp til að undirstrika, að ef þetta á að ganga eðlilega verður aðdragandinn að

vera annar en í þessu tilviki.

Ég sé það hins vegar að hæstv. ríkisstj. er að sinna öðrum hlutum sem eru ekki beint bundnir við brýnar dagsetningar eins og fiskverðið. Svo að ég nefni bara eitt dæmi, þá er í Morgunblaðinu fyrir hátíðarnar greint frá því, að þessi starfsstjórn, sem hefur náttúrlega engar heimildir til þess, hafi tekið ákvörðun um það að undirbúa aðild Íslands að Alþjóðaorkumálastofnuninni. Þessi hæstv. ríkisstj. — með fullri virðingu fyrir öllum þeim mönnum sem þar sitja — hefur ekki nokkra minnstu heimild til að taka á sig stjórnskipulegar ábyrgðir varðandi mikilvægt mál eins og þetta. Hér var ég aðeins að nefna dæmi, ekki vegna þess að ég telji að ekki geti komið til greina að athuga þessa alþjóðlegu orkumálastofnun. Ég var að nefna hér dæmi um það, að mér sýnist hæstv. ríkisstj. gefa sér tíma til að sinna málum af þessu tagi, enda þótt ekki sé eðlilega staðið að undirbúningi máls eins og þess sem hér er um að ræða, fiskverðsins, sem er auðvitað afskaplega stórt í öllu okkar efnahagsdæmi og þrýstir á flestallar helstu og mikilvægustu stærðir efnahagslífsins.

Sameinað þing, 10. fundur.

Mánudaginn 14. jan., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 10. jan. 1980.

Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég undirritaður get ekki vegna sérstakra anna sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Bogi Sigurbjörnsson skattendurskoðandi á Siglufirði, taki sæti mitt á Alþingi þann tíma sem ég verð fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Ég vil biðja kjörbréfanefnd að taka þetta til athugunar og verður gefið fundarhlé í 8 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf Boga Sigurbjörnssonar skattendurskoðanda á Siglufirði, en hann er 1. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra.

Eins og fram kom í bréfi, sem rétt áðan var lesið af forsetastóli, óskar Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v., eftir því, að Bogi Sigurbjörnsson taki sæti sitt á Alþingi fyrst um sinn, þar sem hann getur ekki sótt þingfundi vegna sérstakra anna.

Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréf Boga Sigurbjörnssonar og leggur einróma til að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Bogi Sigurbjörnsson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Jón Helgason): Bogi Sigurbjörnsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa hér á Alþingi.

Efri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 14. jan., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 17). — Frh. 1. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar þetta mál kom til 1. umr. í fyrsta sinn hér í hv. d. flutti hæstv. félmrh. ítarlega tveggja klukkustunda framsöguræðu sem mætti margt um segja. Meginhluti þeirrar ræðu kemur fram í grg. þessa frv. og útskýringum við það og mundu umr. um þetta frv. lengi standa hér í hv. d., ef aðrir þm. hefðu sama hátt á. Ég ætla hins vegar að reyna að takmarka mál mitt aðallega við annars vegar gagnrýni á það frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess að því fer víðs fjarri að frv. sé jafnstórbrotinn áfangi í húsnæðismálum og hæstv. ráðh. vildi vera láta í framsöguræðu sinni. Frv. hefur á sér ýmsa mjög alvarlega og veigamikla galla, sem sumir eru þess eðlis að þeir fela í sér stór spor aftur á bak í skipan húsnæðismála í þessu landi. Hinn meginþátturinn í ræðu minni verður að gera grein fyrir ýmsum veigamiklum stefnumálum í húsnæðismálum, sem Alþb. setur fram. Þótt margt mætti því segja um þetta frv. mun ég reyna að ljúka máli mínu á viðunandi tíma, þannig að öðrum dm. gefist í dag tækifæri til þess að tjá sig einnig um þetta frv. Ég tel hins vegar að frv. þurfi mjög rækilegrar umfjöllunar í n., þannig að bæði þeir veigamiklu vankantar, sem á því eru, og þau fjölmörgu atriði, sem í það vantar, verði tekin til rækilegrar og nákvæmrar meðhöndlunar af þeirri n. þessarar hv. d. sem fær frv. til meðferðar.

Ég verð að segja það strax í upphafi, að mér finnst vinnubrögð hv. rn. varðandi meðferð þessa máls ekki í alla staði viðkunnanleg né í samræmi við þær þingræðisvenjur sem hér hafa verið viðhafðar. Mér er kunnugt um að félmrn. hefur, eftir að frv. var lagt fram á Alþ., sent það til umsagnar hagsmunasamtökum og stofnunum úti í bæ. Hingað til hefur verið venja, að það séu nefndir þingsins sem annist slíka meðferð mála eftir að mál hafa verið lögð fram í þinginu, en rn. séu ekki á þann hátt að taka fram fyrir hendur nefnda þingsins og taka að sér þau samskipti við hagsmunasamtök og stofnanir utan þings sem hingað til hefur verið talið eðlilegt að nefndir þingsins hefðu með höndum. Ég tel að það sé mjög varhugaverð braut, sem þarna er farið inn á af félmrn., að það sé að svipta nefndir þingsins þessu starfi og þeim rétti, sem þær hafa hingað til haft, að annast samskipti þingsins við hagsmunasamtök og stofnanir utan þings eftir að mál hafa komið hér til meðferðar.

Út af fyrir sig getur rn. sjálfsagt haft það sér til afsökunar, að það beri að flýta meðferð málsins. En bæði finnst mér þarna vera brotið gegn þeim grundvallarreglum, sem hafa ríkt í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdavalds, og feli það í sér mjög varhugaverða stefnu, ef fleiri rn. færu inn á þessa braut í öðrum málaflokkum, og enn fremur sé verið að skapa þarna óeðlilegan þrýsting á afgreiðslu málsins, — þrýsting sem gæti haft það í för með sér, að málið væri afgreitt hér án þess að það fengi þá gagnrýnu og ítarlegu málsmeðferð sem nauðsynleg er. Og þótt það kunni að vera markmið í sjálfu sér að hraða störfum, þá má ekki hraða þeim svo að vitleysurnar séu lögleiddar eingöngu hraðans vegna

eða það sé verið að svipta samtök launafólks í landinu veigamiklum réttindum, sem þau hafa haft, eingöngu í nafni hraðans.

Þetta frv. felur í sér mjög veigamikla réttindasviptingu *hjá samtökum launafólks í þessu landi. Mér fannst það* ekki vera heiðarleg grg. fyrir þessu frv., að hæstv. ráðh. skyldi ekki fjalla ítarlegar um það en hann gerði, hvers vegna samtök launafólks séu í frv. svipt þeim veigamiklu réttindum sem frv. felur í sér að þau eru svipt, einkum og sér í lagi þegar það er haft í huga, að þetta frv. er lagt fram af ríkisstj. Við höfum sumir átt bágt með að trúa því eftir stóru orðin, sem höfð hafa verið í þeim flokki um réttindi launafólks í landinu og nauðsyn þess að efla þau, að þegar Alþfl. situr einn í ríkisstj. og getur lagt hér fram í nafni síns flokks og ríkisstj. frv. um húsnæðismál, þá skuli það frv. fela í sér veigamestu réttindasviptingu launafólks í þessum málum sem við höfum séð í langan tíma. Ég vil þess vegna strax í upphafi — vegna þeirra tilmæla sem hæstv. ráðh. bar fram við deildarþm., að hann vænti samstöðu um þetta frv. — lýsa því strax yfir, að sú samstaða skapast ekki nema ýmsir veigamiklir gallar á þessu frv. séu leiðréttir og samtök launafólks í landinu fái þau réttindi, sem þeim ber varðandi húsnæðismál, og frv. sé breytt í þá veru, að það skapi raunverulegan grundvöll fyrir víðtækar framfarir í þessum málaflokki.

T. d. er það allveruleg blekking, þegar raunveruleikinn er skoðaður, að þetta frv. feli í sér möguleika á stórátaki í byggingu félagslegs húsnæðis. Ef ákvæði frv. eru skoðuð í samhengi við fjárhagsstöðu sveitarfélaga, þá er alveg ljóst að frv. breytir nánast engu í þeim efnum eitt út af fyrir sig, þannig að það er mikil fölsun á inntaki frv. að halda því fram, að þetta frv. feli í sér einhverjar stórfelldar breytingar á sviði félagslegra húsnæðisbygginga.

Eins og ég sagði í upphafi, mætti hafa um þetta langt mál, enda talaði sjálfur hæstv. ráðh. hér í tvo tíma. En ég mun reyna að takmarka mál mitt annars vegar við þá meginágalla, sem ég tel vera á frv., og hins vegar nokkur meginatriði í framtíðarhúsnæðisstefnu sem Alþb. telur að löggjafarstarfsemi á þessu sviði þurfi að taka fyrst og fremst mið af. Ég vil þó áður geta þess nokkrum orðum og taka undir með hæstv. ráðh. um það, að við erum hér að fást við málaflokk sem hefur mjög víðtæk áhrif á okkur þjóðfélagsgerð, á lífskjör fólksins í landinu og þann jöfnuð sem við margir hverjir viljum leitast við að skapa í þessu landi, er mikilsvert tæki í baráttunni gegn meginefnahagsvanda okkar, verðbólgunni. Og það er ósköp eðlilegt að þingið taki sér góðan tíma til þess að skoða gaumgæfilega frv. sem hefur jafnvíðtæk áhrif á lífskjör almennings í landinu, framtíðarþjóðfélagsgerð íslensku þjóðarinnar, og er enn fremur veigamikill þáttur í baráttunni gegn verðbólgunni.

Í því sambandi er rétt að minna á það, eins og gert er í grg. þessa frv., að fyrir nokkuð mörgum árum gerði verkalýðshreyfingin samkomulag við ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, sem sat hér 1971—1974, þáv. vinstri stjórn, um aðgerðir í húsnæðismálum. Þetta var á síðustu mánuðum valdaferils þeirrar ríkisstj. Það samkomulag sýnir hve ríka áherslu verkalýðshreyfingin hefur lagt á umbætur í húsnæðismálum sem veigamikinn þátt í kjarabaráttu verkalýðsstéttarinnar og baráttu hennar fyrir breyttu og betra þjóðfélagi. Hins vegar er nauðsynlegt að það komi hér einnig fram, að á öllum samfelldum valdaferli ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar — eða í fjögur ár — var ekki staðið við þetta samkomulag, þrátt fyrir það að þessi yfirlýsing væri ítrekuð og samþykki við hana ítrekað af þáv. ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Það sýnir í raun og veru hve mikilvægt mál er hér á ferðinni, að verkalýðshreyfingin skyldi í fjögur ár þurfa að standa í viðtækum átökum og þrýstingi gagnvart ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar til þess að reyna að koma þessum málum fram. Það var ekki fyrr en ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, síðasta vinstri stjórn, settist að völdum, sem veruleg hreyfing komst á þetta mál. Og það verður að átelja hér og getur ekki legið í þagnargildi, að með svikum sínum við þetta samkomulag við verkalýðshreyfinguna kom ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar í veg fyrir að hér yrðu gerðar nægilega snemma víðtækar úrbætur í húsnæðismálum. Það er hins vegar saga sem mér finnst ekki ástæða til að gera að miklu umræðuefni hér, en það verður eflaust um langan tíma talinn veigamikill þáttur í *dómi launafólks um ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar*, hve illa hún stóð við það samkomulag sem gert hafði verið við verkalýðshreyfinguna um aðgerðir í húsnæðismálum.

Þegar frv. um víðtækar breytingar á húsnæðislánakerfinu er nú loks lagt fram, þá er rétt að vekja athygli á því, eins og hæstv. ráðh. gerði, að þar eru mörg ákvæði, sem standa til bóta, og þar er gerð tilraun, umfangsmesta tilraun til þessa, til að koma framtíðarskipan á fjármagnsþörf til húsnæðisbygginga. En þótt lýst sé yfir stuðningi við þá meginstefnu sem þar kemur fram, þá breytir það ekki því, að í þeirri útfærslu, sem hún fær í þessu frv., er hún í veigamiklum atriðum gölluð. Hins vegar væri ekki jafnmikil þörf á því að vekja rækilega athygli á þeim göllum, ef ekki hefði komið til mjög einhliða lof og víðtækur áróður hæstv. ráðh. og flokksbræðra hans fyrir nánast alhliða ágæti þessa frv., þannig að launafólki í þessu landi hefur verið gefið til kynna, bæði í framsöguræðu hæstv. ráðh. hér og eins í túlkun hans á þessu frv. í fjölmiðlum og annars staðar, að hér séu á ferðinni veigamikil tímamót fyrir hagsmuni launafólks í húsnæðismálum sem feli í raun og veru í sér eina allsherjarlausn á öllum þeim helstu vandamálum sem sett hafa svip sinn á þetta málefnasvið á undanförnum árum. Svo er því miður alls ekki.

Ég mun þá víkja máli mínu að tíu veigamiklum gagnrýnisatriðum, ágöllum sem ég tel að setji svip sinn á þetta frv. *í þeim búningi sem það birtist hér.*

Fyrsta atriðið í þessari gagnrýnisskrá, þeirri gallaskrá sem ég vil kalla svo, sem þetta frv. ber með sér, er að lánakjör munu á næstu árum versna að mun frá því sem nú er. Það er að vísu rétt, að slíkt kann að vera gert til þess að ná upp ávinningi í framtíðinni. En ég held að sú breyting, sem þarna er gerð til þess að gera lánskjör mun verri, bæði stytta lánstímann til muna og hækka vexti, geri það að verkum að lánskjör í húsnæðismálum muni verða allmiklu verri fyrir allan þorra lántakenda á næstu árum. Við erum þeirrar skoðunar, að það hefði átt að fara aðra leið í fjármögnunarvanda húsnæðismálanna heldur en að gera lánskjörin á allra næstu árum mun verri en þau hafa verið með þeim ákvæðum sem þetta frv. felur í sér, þannig að fyrsta atriðið í þessari gallaskrá eða gagnrýnisskrá á þetta frv. er að lánskjörin eru gerð mun verri.

Annað atriðið er það, að afleiðingin af ákvæðum frv. og fjárhagsstöðu sveitarfélaga á okkar tímum er sú, að þrátt fyrir að frv. yrði gert að lögum mundi verulega draga úr félagslegum íbúðarbyggingum. Vegna þess

ákvæðis að skylda sveitarfélög til þess að leggja fram 20% af byggingarkostnaði íbúðanna er alveg ljóst, að sú upphæð er það há, að miðað við fjárhagserfiðleika sveitarfélaga er það algerlega borin von, að þau megni í nokkrum mæli að gera það stórátak í félagslegum íbúðabyggingum sem hæstv. ráðh. gaf til kynna. Þó að þetta frv. yrði gert að lögum, er það mitt mat, að það mundi litlu sem engu breyta varðandi sókn til aukinna félagslegra íbúðabygginga, einfaldlega vegna þess að það hefur verið þjarmað svo að fjárhagsstöðu sveitarfélaga á undanförnum árum að þau hafa ekkert bolmagn til að rísa undir því háa hlutfalli sem þeim er þarna gert að skyldu að standa undir áfram. Og þar sem hæstv. ráðh. fer einnig með málefni sveitarfélaga, hefðu verið hæg heimatökin í hans rn. að tengja saman aðgerðir varðandi fjárhagsvanda sveitarfélaga og þetta frv., til þess að niðurstaðan yrði á þann veg, að frv. og hliðarráðstafanir varðandi fjárhagsvanda sveitarfélaga leiddu í raun til þess, að hér yrði gert á næstu árum stórátak í byggingu félagsleg húsnæðis. Þvert á móti getur það orðið afleiðing þessa frv., að áfram dragi úr byggingu félagslegs húsnæðis. Í því sambandi má minna á að á árinu 1978 voru aðeins tvö sveitarfélög sem töldu sig hafa fjárhagslegt bolmagn til að hefja framkvæmdir við byggingu verkamannabústaða. Það er mikil blekking þess vegna, eins og ég sagði fyrr í minni ræðu, að túlka þetta frv. sem einhvern meiri háttar áfanga á þessum grundvelli. Meðan fjárhagur sveitarfélaga er jafnbágborinn og hann hefur verið er borin von að þau geti risið undir sínu framlagi, þannig að lögtaka þessa frv. mun ekki leiða til neinna stórra áfanga í byggingu félagslegs húsnæðis á næstu árum.

Þriðja atriðið í gagnrýni minni á þessu frv. er það, að frv. sjálft, reglugerð þess og sú grunnhugsun, sem kemur fram í undirbúningnum, felur í sér að áfram eru lagðar hindranir á lánveitingar til kaupa á eldra húsnæði og eðlilegrar endurnýjunar á þeim eldri húsakosti sem til er í landinu. Það er alveg ljóst, að byggingartími húsakosts landsmanna hefur verið með þeim hætti á undanförnum áratugum, að ef við ætlum að halda eðlilegri endurnýjun á þeim húsakosti og gefa nýjum fjölskyldum kost á því að eignast eldra húsnæði og ráða við eðlilega endurnýjun á því, þannig að þessi húsakostur endist landsmönnum lengur en 1—2 kynslóðir, þá þarf að stórauka lánveitingar til kaupa á eldra húsnæði og til endurnýjunar á eldra húsnæði. Það þarf að taka upp nýja fjölþætta lánaflokka, sem eru miðaðir við slík endurnýjunarlán og endurkaupalán á eldra húsnæði. Við undirbúning frv. var sett það mark, að vöxt lánveitinga til kaupa á eldra húsnæði skyldi miða við vöxt þjóðarframleiðslu. Slíkt er algerlega óeðlileg viðmiðun og nánast út í hött að mínum dómi, vegna þess að þjóðarframleiðsla getur farið niður og upp og hún er í raun og veru á engan hátt eðlileg stærð til þess að tengja lánveitingar til kaupa á eldra húsnæði við. Lánveitingar til kaupa á eldra húsnæði þurfa hins vegar að miðast fyrst og fremst við þann húsakost, sem í landinu er og hefur verið byggður upp með ærnum tilkostnaði á undanförnum 4—5 áratugum, og nauðsyn þess að gefa nýjum fjölskyldum kost á því að ganga inn í húsnæði af því tagi. Þess vegna er það ein af þeim breytingum, sem við teljum nauðsynlegt að gera á þessu frv., að rýmka mjög ákvæðin um lánveitingar til kaupa á eldra húsnæði og endurnýjun þess.

Fjórða gagnrýnisatriðið við þetta frv. felur í sér að ítök og áhrif verkalýðshreyfingarinnar á meðferð húsnæðismála eru skert til muna. Þau eru skert á þann hátt, að aðild verkalýðsfélaganna að stjórn þessara mála er afnumin. Hún er einfaldlega afnumin. Og verkalýðshreyfingin, sem hefur verið frumkvöðull að endurnýjun þessa málaflokks og hefur lagt og er ætlast til að haldi áfram að leggja verulegt fjármagn til þessara mála, er sett til hliðar. Henni er veitt að vísu minni háttar aðstaða til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, en raunveruleg valda- og áhrifastaða hennar, sem hefur verið í lögum til þessa, er afnumin. Og mér er kunnugt um það, að af hálfu heildarsamtaka verkalýðshreyfingarinnar verður þetta ekki þolað. Það verður ekki þolað, að bein aðild þeirrar fjöldahreyfingar, sem gerðist helsti frumkvöðullinn að nýrri stefnu í húsnæðismálum með því samkomulagi sem hún gerði fyrst við ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar 1974 og endurnýjað var við ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, þeirrar hreyfingar sem hefur lagt til verulegan hluta þess fjármagns sem inn í þetta kerfi hefur gengið, að bein aðild hennar að stjórn þessara mála sé einfaldlega þurrkuð út. Ég á satt að segja mjög bágt með að skilja hvers vegna hæstv. félmrh. Alþfl. leggur slíkar till. hér fyrir, þótt í nefndinni, sem skipuð var á vegum flokka síðustu ríkisstj., hafi orðið vegna afstöðu fulltrúa Framsfl. að gera málamiðlun af þessu tagi innan nefndarinnar. Og ég get lýst því strax yfir, að við fulltrúar Alþb. munum beita okkur fyrir því, að verkalýðshreyfingin fái aftur í þessum lögum þá stjórnunaraðild að byggingu verkamannabústaða sem henni ber, og við væntum samstarfs við fulltrúa a. m. k. flokks hæstv. félmrh. við að gera þær breytingar á frv.

Fimmta gagnrýnisatriðið er fólgið í því, að stjórnunarbákn húsnæðismála er stóraukið í þessu frv. og algerlega að nauðsynjalausu. Þær breytingar, sem hér eru gerðar, minna óneitanlega nokkuð á það, að hæstv. ráðh. hafi þótt nauðsyn að fjölga jötunum fyrir flokksbræður sína, ef svo má orða, í stjórnkerfi húsnæðismála og hlaða þar hverri silkihúfu Alþfl. upp af annarri í þessu kerfi. Á sama tíma og talið er nauðsynlegt að nema burt stjórnunaraðild verkalýðshreyfingarinnar að húsnæðismálum þessa lands, þá er talið nauðsynlegt að auka embættismannabáknið á þessu sviði og búa til nýjar toppstöður í þessu kerfi og margfalda þá stjórnunarábyrgð sem þarna á í lög að leiða. Ég er algerlega andvígur því, að verið sé að hlaða nýjum forstjóra- og framkvæmdastjórasilkihúfum inn í Húsnæðismálastofnunina að nauðsynjalausu. Það hafa engin veigamikil rök verið færð fram, hvorki í grg. frv. né í framsöguræðu hæstv. ráðh., fyrir því, að það þurfi að auka stjórnunarbáknið í húsnæðismálum að þessu leyti. Þess vegna vænti ég þess, að ýmsir þeir fulltrúar annarra flokka í þessari hv. d., sem hafa nú gerst ákafir talsmenn baráttu gegn bákninu og þeirrar nauðsynjar að skera niður ónauðsynlegan stjórnunarkostnað hins opinbera, taki nú höndum saman við okkur hina um að nema burt þessi ákvæði í frv., sem fela í sér að eingöngu er verið að hlaða nýjum hægindastólum inn í Húsnæðismálastofnuna algerlega að nauðsynjalausu. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki bara að gera þetta um leið?) Ja, hv. þm. er nú nýbúinn að segja af sér í einni opinberri stofnun, þannig að það getur vel verið að það þyrfti að fjölga stólum þar.

Sjötta atriðið, sem ég vildið vekja athygli á í þessari athugasemdaskrá minni við þetta frv. er að þrátt fyrir það að þetta frv. gengur nokkuð til móts við fyrri loforð,

sem gefin voru verkalýðshreyfingunni um það markmið að félagslegar íbúðabyggingar yrðu þriðjungur af heildarbyggingum ár hvert, þá er það markmið sett óþarflega langt fram í tímann. Ég tel nauðsynlegt að frv. verði breytt á þann veg, að það markmið náist fyrr, það náist sem sagt í síðasta lagi á 2—3 árum, en ekki á þeim tíma sem gert er ráð fyrir í frv.

Sjöunda gagnrýnisatriði mitt er það, að þróun leiguíbúðahúsnæðis er skorinn allt of þröngur stakkur í þessu frv., ef við ætlum að auðvelda nýrri kynslóð ungs fólks að fá þak yfir höfuðið, — ung fólks sem margt hvert hefur annað viðhorf til íbúðarhúsnæðis en fyrri kynslóðir, þ. e. að það sé lífsnauðsynlegt fyrir hverja kynslóð að eiga eigið húsnæði. Margir þeir, sem eru ungir nú að árum og eru að stofna heimili, eru þeirrar skoðunar, að leiguhúsnæði, tímabundið húsnæði geti haft jafngóða kosti og að binda sér mikla bagga með því að gerast sjálfur eigandi að húsnæði. Í nágrannalöndum okkar, t. d. á Norðurlöndum, sem við viljum taka mið af í félagslegu tilliti á fjölmörgum sviðum, hefur þróun leiguhúsnæðis tekið allt aðra stefnu en hér á landi. Ég held að það sé nauðsynlegt að þessu frv. verði breytt á þann veg, að úrræði til að koma upp leiguíbúðum verði gerð miklu rýmri og stórfelldari en hér er gert ráð fyrir og að kostur verði á að byggja margar tegundir af leiguhúsnæði, sem henti ýmsum fjölskyldugerðum, og jafnvel verði opnaðir möguleikar í frv. á svokölluðum kaupleigusamningum, þar sem íbúar leiguhúsnæðis um langan tíma geti smátt og smátt með leigugreiðslum gerst eigendur húsnæðisins, ef þeir vilja. Menn þurfa þá ekki að gera það upp við sig strax í byrjun, hvort þeir ætli að leigja í viðkomandi húsnæði eða eignast það, m. ö. o. skapaðir aðlögunarmöguleikar fyrir einstaklinginn og fjölskyldurnar í þessum efnum, en frv. sé ekki jafnalfarið og það er nú úr garði gert miðað við það að knýja sem flesta til að eignast eigið húsnæði, heldur sé fjölmörgum fjölskyldum, sérstaklega yngra fólks sem hefur annað gildismat gagnvart húsnæðiseign en fyrri kynslóðir, gefinn kostur á því að koma sér upp húsnæði fyrir fjölskyldu sína innan ramma víðtæks leiguíbúðakerfis, þar sem fleiri en ein tegund af leiguhúsnæði er í boði.

Áttunda atriðið tengist þessu nokkuð, felur í sér að frv. þurfi að búa yfir meiri sveigjanleika til þess að fleiri tegundir félagslegs húsnæðis nái að þróast en hér hafa tíðkast. Félagslega húsnæðið hefur hingað til verið, a. m. k. hér á aðalþéttbýlissvæðinu, aðallega í formi íbúða í fjölbýlishúsum. Það er hins vegar ljóst, að slíkar íbúðir henta ekki fjölskyldu á öllum ferli hennar. Það þarf þess vegna að koma upp fleiri tegundum af félagslegu húsnæði: raðhúsum, einbýlishúsum og einnig íbúðum fyrir aldraða, þannig að menn hafi möguleika til þess í ríkara mæli en gert er ráð fyrir í þessu frv. — þótt vissulega séu stigin viss skref í þá átt og því beri að fagna — bæði einstaklingar og fjölskyldur, að færa sig til innan mismunandi tegunda af félagslegu húsnæði, eins og hentar stærð fjölskyldunnar hverju sinni, eftir því hvar á æviferli sínum hún er stödd.

Níunda atriðið, sem ég vil nefna hér sem gagnrýnisvert í þessu frv., er að samkv. þessu frv. er dregið úr möguleikum á því að hraða útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis. Þótt vissulega hafi verið unnið mikið að því á undanförnum áratugum hér á landi að útrýma heilsuspillandi húsnæði, þá er mikið verk óunnið í þeim efnum enn. Það er því ekki tímabært að draga svo mjög úr fyrirgreiðslu ríkisins við sveitarfélögin á þessu sviði eins og gert er í þessu frv. Ég tel þess vegna nauðsynlegt, ef á að vera hægt að halda áfram í jafnríkum mæli og gert hefur verið til þessa, að frv. verði breytt á þann veg að áfram skapist jafnmiklir möguleikar og verið hafa til þessa að vinna að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, bæði í þéttbýli og ekki síður í dreifbýlinu.

Tíunda atriðið í þessari skrá og það síðasta — og ég vil taka það fram, að ég hef eingöngu haldið mig við meginatriði í gagnrýni á frv. — tíunda atriðið er það, sem ráðh. vék aðeins að í framsöguræðu sinni, að í frv. skortir hámark á greiðslubyrði láglaunafólks. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, miðað við þá kjara- og efnahagsþróun, sem hér hefur orðið á undanförnum árum, að í þetta frv. séu sett ákvæði um hámark þeirrar greiðslubyrðar láglaunafólks, sem til greina getur komið, þannig að tryggt sé að húsnæðislánakerfið leggi ekki láglaunafjölskyldum á herðar óeðlilegar greiðslubyrðar miðað við þær tekjusveiflur eða efnahagssveiflur sem geta orðið í okkar hagkerfi. Það sé nauðsynlegt að bæta inn í frv. nýjum ákvæðum sem tryggja að greiðslubyrði láglaunafólks vegna kostnaðar við húsnæði geti aldrei farið upp fyrir ákveðið mark.

Þessi atriði, sem ég hef hér nefnt, eru aðeins veigamestu gagnrýnisatriðin sem mér þykir nauðsynlegt strax við 1. umr. að vekja athygli á. Ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan, að ef ekki hefðu verið haldnar einhliða lofræður um þetta frv., bæði innan þings og utan, þá hefði mátt vekja athygli á ýmsum þessum atriðum í meðferð n. á frv. En vegna þeirra umr., sem hæstv. ráðh. hefur beitt sér fyrir í tengslum við þetta frv. úti á hinum almenna vettvangi, held ég að sé nauðsynlegt strax við 1. umr. í þessari hv. d., að þm. sé gerð grein fyrir því, að það er víðs fjarri að hægt sé að skapa víðtæka samstöðu um þetta frv. í óbreyttri mynd. Frv. er það gallað í veigamiklum atriðum, að á því þarf að gera víðtækar breytingar svo að það rísi undir þeim stóru lýsingarorðum um þáttaskil í húsnæðismálum sem hæstv. ráðh. hefur látið sér um munn fara um þetta frv.

Þær athugasemdir, sem ég hef hér sett fram, mótast af þeirri meginstefnu eða nokkrum þeim atriðum í meginstefnu í húsnæðismálum sem við fulltrúar Alþb. teljum nauðsynlegt að menn hafi í huga þegar verið er að móta hér löggjöf í húsnæðismálum til frambúðar. Ég vil að lokum víkja að þessum grundvallaratriðum nokkrum orðum, svo að ljósara megi vera hver er sú grundvallarhugsun, hver er sú meginstefna, sem við viljum hér leggja til grundvallar, og hvernig við teljum að hana beri að framkvæma í einstökum atriðum.

Í raun og veru getum við sagt að það séu átta atriði, sem setja einkum svip sinn á þessi viðhorf. Það fyrsta þeirra er það, að nauðsynlegt sé að stefnan í húsnæðismálum miðist við að draga úr þeim félagslega mismun og þeim stéttamismun sem ríkt hefur í þessu landi, en stefnan í húsnæðismálum sé ekki, eins og stundum hefur borið við áður, notuð til þess, oftast nær óafvitandi, en stundum hins vegar með vilja, að auka og festa í sessi þann stéttamismun sem hefur ríkt í landinu, — þess vegna sé nauðsynlegt að stefnan í húsnæðismálum sé svo sveigjanleg að hún skapi margvíslega möguleika til að draga úr þeim félagslega mismun í tegundum húsnæðis, eignarhaldi og hverfaskiptingu sem á undanförnum árum og áratugum hefur því miður aukið mjög á hina félagslegu stéttaskiptingu sem ríkt hefur í þessu landi.

Annað grundvallaratriðið er að innan húsnæðislánakerfisins verði skapaðir möguleikar til fjölbreytilegra lána, jafnt endurnýjunarlána vegna eldra húsnæðis og nýbyggingarlána.

Þriðja grundvallaratriðið er að einstaklingum og fjölskyldum sé auðveldað að flytjast á milli ólíkra tegunda íbúðarhúsnæðis, sem byggt hefur verið upp á félagslegum grundvelli, en menn séu ekki nauðbeygðir bókstaflega vegna löggjafarinnar í húsnæðismálum til þess að taka á sig þær margvíslegu byrðar, fórnir og óhagræði sem fylgir því fyrir fjölskyldurnar að standa í byggingu húsnæðis yfir sjálfa sig, oft á tíðum á því æviskeiði fjölskyldunnar þegar nauðsynlegt er að foreldrar sinni börnum sínum hvað mest eða samskiptaþörfin innan fjölskyldunnar er einna ríkust. Því miður hefur húsnæðislöggjöf okkar verið á þann veg, að hún hefur verið veigamikill þáttur í að brjóta upp það eðlilega fjölskyldulíf sem við teljum nauðsynlegt að allir eigi kost á að lifa hér í þessu landi. Löggjöfin í húsnæðismálum hefur verið byggð upp á þann veg, að á einhverju viðkvæmasta skeiði í lífi fjölskyldnanna, þegar nauðsynlegt er að foreldrar séu með börnum sínum og taki virkan þátt í uppeldi þeirra, hefur löggjafinn knúið foreldrana til þess að halda út á vinnumarkaðinn eða leggja á sig margvíslegar aðrar fórnir til þess að geta eignast eigið húsnæði. Og það er ekki viðunandi til frambúðar, að húsnæðiskerfið í landinu knýi fólk til þess að taka á sig þessar byrðar á mjög viðkvæmum tíma í æviferli fjölskyldnanna.

Fjórða grundvallaratriðið er að sveitarfélögunum sé tryggður aðgangur að fjármagni til að auka dagvistrými, húsnæði fyrir þroskahefta og öryrkja og til að byggja húsnæði fyrir aldraða, svo að skortur á slíku dvalar- og þjónustuhúsnæði komi ekki í veg fyrir íbúaendurnýjun, t. d. í ýmsum eldri hverfum, sem hér hefur fjölgað mjög á síðustu áratugum. Það er að vísu rétt, að í frv. eru heimildarákvæði í kjölfar lagabreytinga sem voru gerðar hér á síðasta þingi, sem stuðla að möguleikum á þessu sviði, en það þarf að kveða miklu skýrar og nákvæmar á um þessi réttindi í frv. til þess að tryggt sé að bæði dagvistarrými og húsnæði fyrir aldraða tengist öðrum aðgerðum í húsnæðismálum í landinu.

Fimmta grundvallaratriðið, sem við viljum leggja höfuðáherslu á og skortir allnokkuð á að sé sinnt í þessu frv., einkum og sér í lagi ef frv. á að koma algerlega í staðinn fyrir núgildandi löggjöf í húsnæðismálum, er það, að ítarlega sé fjallað um aukna hlutdeild félagslegra framkvæmdaaðila í húsnæðismálum, þannig að þeim byggingarsamvinnufélögum, sveitarfélögum og öðrum félagslegum samtökum, sem hafa á undanförnum árum unnið stórvirki í endurbótum í húsnæðismálum landsmanna sé skapaður eðlilegur — ég vil segja: forgangsréttur í húsnæðismálakerfi þessa lands.

Sjötta atriðið tengist kannske einkum og sér í lagi Reykjavíkursvæðinu eða höfuðborgarsvæðinu og felur í sér að auðvelda þá þéttingu byggðar sem óhjákvæmilegt er að eigi sér stað í einhverjum mæli, þótt sjálfsagt megi deilda um einstakar lóðir og einstaka borgarhluta í því sambandi. Eins og menn muna frá síðustu mánuðum, er væntanlega víðtæk samstaða um það, að með tilliti til nýrra viðhorfa í orkumálum og þeirrar veigamiklu grunnfjárfestingar, sem hér hefur þegar átt sér stað í gatnakerfi, holræsakerfi og öðrum undirstöðuþáttum borgarlífs, sé mjög mikilvægt að húsnæðislánalöggjöfin auðveldi þá eðlilegu þéttingu byggðar sem hér verður að eiga sér stað.

Sjöunda atriðið, sem við teljum einnig að þurfi að hafa hliðsjón af, er að með húsnæðislánakerfinu sé stuðlað að eðlilegum framkvæmdaáætlunum í húsnæðismálum sem skapi grundvöll fyrir stöðuga og fjölbreytta atvinnu, en umfram allt jafna atvinnu í byggingariðnaðinum í landinu. Ég held að það sé mjög óeðlilegur þáttur í okkar efnahagslífi og hafi skapað margvíslega erfiðleika, bæði í kjaramálum og efnahagsmálum, að á sviði byggingariðnaðarins hafa átt sér stað stórar og miklar sveiflur, og þess vegna sé nauðsynlegt að húsnæðislánakerfið sé við það miðað að skapa grundvöll fyrir jafna atvinnu á þessu sviði ár frá ári og skapa félagslegum framkvæmdaaðilum og sveitarfélögum möguleika til að vinna að langtímaáætlunum á þessu sviði. Þessi þáttur tengist sérstaklega þeirri áherslu sem ég lagði áðan á að frv. gengi alls ekki nægilega langt í þá átt að skapa grundvöll fyrir víðtækar lánveitingar til kaupa á eldra húsnæði og eðlilegrar endurnýjunarstarfsemi á eldra húsnæði, og mun ég koma nánar að því hér rétt á eftir.

Áttunda og síðasta atriðið er það, að samtökum launafólks sé tryggður réttur, beinn stjórnunarréttur á því sviði húsnæðismála sem sérstaklega er tengt félagslegum íbúðabyggingum, og þar tel ég að raunhæfast sé að virkja bæði til stjórnunar og fjárhagslegrar ábyrgðar annars vegar sveitarfélögin og hins vegar samtök launafólks. Ég tel lýðræðislegast og eðlilegast að þetta séu helstu áhrifaaðilar á þessu sviði, því að það hefur í senn í för með sér, að þeir aðilar, sem bera beinasta ábyrgð gagnvart launafólki og íbúum sveitarfélaganna, eru þar kallaðir til beinnar ábyrgðar, og gefur einnig möguleika til nauðsynlegs sveigjanleika eftir mismunandi aðstæðum í einstökum sveitarfélögum. Ég held þess vegna að það þurfi að breyta þessu frv. í þá átt að veita verkalýðshreyfingunni og sveitarfélögunum raunverulegan áhrifarétt um þróun félagslegs íbúðarhúsnæðis.

Ég vék að því áðan, að þetta frv. gengi hvergi nærri nægilega langt í þá átt að tryggja nauðsynlega aukningu lánveitinga til kaupa á eldra húsnæði. Eins og ég sagði er það þáttur sem mjög nauðsynlegt er að við tökum til meðferðar, þegar við erum að marka stefnu í húsnæðismálum tvo síðustu áratugi þessarar aldar. Miðað við flestar aðrar borgir hefur Reykjavík byggst upp á mjög skömmum tíma og fram til þessa hefur hlutur svokallaðra gamalla húsa í Reykjavík verið fremur lítill samanborið við ýmsar aðrar borgir. En það er alveg ljóst, að á þessum áratug og þeim næsta hlýtur hann að stórvaxa. Ekki hafa verið gerðar neinar skipulegar rannsóknir á endurnýjun húsa hér á landi. En með vissri varkárni mætti þó t. d. styðjast við athuganir sem hafa verið gerðar í öðrum löndum, t. d. í Noregi. Þessar athuganir sýna að á 40—50 ára fresti þarf að endurnýja eða endurbæta venjuleg íbúðarhús að verulegu leyti, jafnvel þótt viðkomandi húsi hafi verið haldið við á venjulegan hátt. Og að jafnaði má reikna með að kostnaður við slíka endurnýjun verði nálægt 50% af byggingarkostnaði nýs húss af sömu gerð. Með hliðsjón af slíkum rannsóknum er hægt að kalla þau hús, sem náð hafa 40 ára aldri, gömul hús, og það er ljóst, að hlutur slíkra húsa af heildarhúsakosti Reykvíkinga fer sívaxandi og í þessum húsakosti liggur þar að auki mjög drjúgur hluti af heildarfjárfestingu landsmanna á undanförnum áratugum. Það er þess vegna mjög mikil-

vægt, ekki bara fyrir einstaklingana sjálfa, heldur fyrir þjóðarbúið í heild, að þessari dýrmætu fjárfestingu sé haldið við á eðlilegan hátt.

Lánveitingar á þessu sviði þurfa þess vegna bæði að taka mið af því, að veitt séu lán til þess að endurnýja húsgrindina með reglubundnu milllibili, en með því er átt við undirstöðu hússins, útveggi, burðarvirki, gólf, þak og annað slíkt, sem að kostnaði nemur um það bil helmingi af byggingarverði hússins, en þar að auki og oftar þarf að veita lán til að endurnýja aðra hluta hússins sem meira mæðir á og endast mun skemur, eins og þakklæðningu, veggklæðningu, lagnir, innréttingar o. s. frv. Ég tel þess vegna að þeir, sem unnið hafa að undirbúningi þessa frv. — og félmrn. með því að leggja þetta frv. hér fram, hafi ekki tekið nægilegt tillit til sívaxandi hlutfalls eldri húsa í húsakosti landsmanna og þeirrar staðreyndar, að framtíðarlánastefna í húsnæðismálum þarf að taka mið af þessu sívaxandi hlutfalli eldra húsnæðis í heildarhúsnæðislánakerfinu, ef húsnæðislánakerfið á ekki bara að vera miðað við nýbyggingar, heldur miðað við það að auðvelda einstaklingum og fjölskyldum að velja um að búa í eldra húsnæði eða nýbyggingum.

Ég vil í þessu sambandi setja fram nokkrar hugmyndir um það, hvernig byggja mætti upp þrenns konar lánaflokka til endurnýjunar eldra húsnæðis. Þar væru í fyrsta lagi framkvæmdalán til sveitarfélaganna til þess að standa straum af skipulagðri endurnýjun á hverju hverfinu á eftir öðru í samræmi við sérstakt endurnýjunar- og varðveisluskipulag sem gert væri í sérhverju bæjarfélagi. Sveitarfélögin gætu t. d. stofnað sérstakan lánasjóð í þessu skyni sem semdi við verktakafyrirtæki — en þau gætu t. d. verið samvinnufélög iðnaðarmanna sem sérhæfðu sig í endurnýjun eldra húsnæðis — og gerði meiri háttar verksamning við þau um slíka skiplagða endurnýjun á heilum íbúðahverfum, húsráðendur yrðu síðan formlegir lántakendur í samræmi við óskir þeirra um að hagnýta sér endurnýjunarframkvæmdir í viðkomandi hverfum, en aðeins sveitarfélags- og verktakasamningur af þess hálfu tryggði að fjármagnið færi í raunverulega endurnýjun á húsakosti landsmanna.

Önnur tegund lána gæti verið endurnýjunarlán til einstaklinga sem vildu annast eða skipuleggja endurnýjunina sjálfir, og þau lán yrðu veitt eftir að framkvæmdum væri lokið, t. d. í samræmi við vottorð byggingarfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi.

Í þriðja lánaflokknum yrðu síðan lán til kaupa á eldra húsnæði í svipuðu formi og nú gerist, en slík lán þyrftu hins vegar að verða mjög aukið hlutfall, eins og ég hef þegar tekið fram í ræðu minni, af lánveitingum til húsnæðismála á næstu árum. Verulegur þáttur í slíkri breyttri lánastefnu varðandi endurnýjunarlán væri að gera sveitarfélögin að virkum skipulags-, og eftirlits- og framkvæmdaaðilum í endurnýjunaráætluninni og stuðla þannig að beinna sambandi milli stjórnenda sveitarfélaga og íbúanna varðandi viðhald og endurnýjun húsakostsins í viðkomandi byggðarlögum. Þess vegna gæti hér farið saman annars vegar lánveitingar, sem stuðluðu að því að tryggja til langframa varðveislu þeirrar miklu fjárfestingar sem landsmenn hafa á undanförnum áratugum lagt í húsakost sinn, og hins vegar nýr og veigamikill samskiptaþáttur stjórnenda sveitarfélaganna og íbúanna sem þar búa. Sjálfsagt koma til greina ýmsar aðrar leiðir í þessu efni, en ég held að nauðsynlegt sé að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, fjalli ítarlega um það, hvort og á hvern hátt sé hægt að tryggja betur lánveitingar til endurnýjunar á eldra húsnæði og kaupa á því.

Ég hef einnig í þessari ræðu vikið nokkuð að nauðsyn þess að auka fjölbreytni í gerð leiguhúsnæðis á næstu árum í samræmi við breytt gildismat nýrrrar kynslóðar og þau félagslegu réttindi að menn geti tryggt sér húsnæði án þess að vera nauðbeygðir til þess að gang undir það ok sem sumir telja vera samfara því að byggja sjálfir yfir sig. Í því sambandi má nefna ýmsar leiðir. Ég vil varðandi slíkar leiguíbúðir vekja athygli á fimm leiðum, sem mundu fela í sér að breyta þó nokkuð þeirri skipan sem verið hefur á byggingu leiguíbúða hér á undanförnum árum, en þó kannske umfram allt hafa í för með sér breytt viðhorf einstaklinga í þessu þjóðfélagi gagnvart leiguhúsnæði. Við vitum að leiguhúsnæði, t. d. byggt á vegum sveitarfélaga, hefur hjá fjölmörgum haft á sér neikvæðan blæ — óeðlilega neikvæðan blæ. Sumir hafa jafnvel talið það niðurlægjandi að búa í slíku húsnæði, enda hefur bygging þess oft og tíðum verið með þeim hætti, að tekjulægra fólki hefur verið raðað saman í ákveðin og afmörkuð hverfi. Þannig hefur stéttamunurinn í landinu jafnvel verið magnaður upp með aðgerðum í húsnæðismálum. Ég tel mjög nauðsynlegt að breyta þarna um til þess að gera leiguhúsnæði ekki jafnneikvæðan þátt í húsakosti landsmanna og verið hefur til þessa. Í því sambandi má nefna t. d. fimm leiðir. Í fyrsta lagi, að sveitarfélög geti byggt leiguíbúðir, eina eða fleiri, í húsnæði sem að öðru leyti er í einkaeign, en horfið verði frá því að halda sér alfarið við það, sem gert hefur verið til þessa, að byggja sérstök leigjendahús. Í öðru lagi, að leiguhúsnæði verði ekki eingöngu litlar eða ódýrar blokkaríbúðir, heldur verði einnig gefinn kostur á fleiri tegundum, svo sem tvíbýlis- og þríbýlishúsum, raðhúsum og íbúðum í minni blokkum. Í þriðja lagi, að leiguíbúðir verði ekki aðeins ætlaðar láglaunafólki, heldur verði öðrum tekjuhópum einnig gefinn kostur á því að ganga inn í slíkt leiguíbúðakerfi til þess að komast hjá því að eyrnamerkja leiguhúsnæði jafnafgerandi og gert hefur verið í ákveðnum tekjuskiptingar- og stéttaskiptingarhlutföllum í þessu landi. Í fjórða lagi, að komið verði á fót kaupleigusamningum sem skapi möguleika á því, að langvarandi leiga veiti jafnt og þétt aukana eignarhlutdeild í viðkomandi húsnæði, þannig að leigjendur geti með góðri umgengni og langvarandi leigu á húsnæði skapað sér möguleika til að eignast það í rás tímans. Og í síðasta lagi, að lán til kaupa á eldri íbúðum verði einnig veitt sveitarfélögunum í því skyni að fjölga tegundum leiguhúsnæðis, að sveitarfélögin hafi möguleika til þess að nota lán til kaupa á eldra húsnæði til þess að auka fjölbreytni þess leiguhúsnæðis sem til er á vegum þeirra.

Þetta eru aðeins nokkur af þeim atriðum sem nefna má í þessu sambandi, og eins og ég sagði áðan er ekki ætlun mín að taka hér meiri tíma — og hef nú kannske þegar tekið stærri hluta af þessum umræðutíma en ég ætlaði mér — vegna þess að ég held að það sé nauðsynlegt að við þessa umr. komi fram fleiri raddir en frá mér um það mál sem hér liggur fyrir. Ég vil þó geta þess til viðbótar og leggja á það sérstaka áherslu, á móti því sem áður hefur verið sagt, að með frv. þarf einnig að skapa grundvöll fyrir aukinni og fjölbreyttari hlutdeild félagslegra byggingaraðila á sviði húsnæðismála, bæði með því að stuðla að myndun framleiðslusamvinnufélaga iðnaðarmanna í byggingariðnaði og veita byggingarsamvinnufélögum

forgang að framkvæmdum og lánveitingum, ef þau geta sýnt fram á að það hafi í för með sér verulega lækkun byggingarkostnaðar. Enn fremur finnst mér koma til áltita að með frv. verði sveitarfélögum auðveldað að gerast beinn aðili að slíkum verktakafyrirtækjum til þess að tryggja eftirlit og ítök sveitarfélagsins í húsnæðismálum íbúanna á hverjum stað.

Þessi atriði hafa vonandi varpað nokkru ljósi á það, að þótt þetta frv. feli í sér í ýmis jákvæð spor í átt að framtíðaruppbyggingu húsnæðislánakerfisins í landinu, þá er víðs fjarri að frv. marki þau afgerandi tímamót eða hafi í för með sér þær alhliða endurbætur sem hæstv. félmrh. lét að liggja í sinni framsöguræðu. Alþb. er eindregið þeirrar skoðunar, að í meðferð þingsins þurfi að reyna á það til fullnustu, hvort samstaða næst um að breyta frv. á þann veg, að það verði enn stærra og enn veigameira spor í þá átt að breyta um húsnæðislánakerfi í landinu og að sú breyting á húsnæðislánakefinu stuðli að raunverulega auknum jöfnuði í þessu landi, stuðli að því að veita einstaklingum og fjölskyldum sem flesta möguleika til að koma yfir sig húsnæði og komi í veg fyrir að fjölskyldur séu á ákveðnu skeiði ævi sinnar knúnar til að færa óeðlilegar fórnir, sem koma oft og tíðum niður á uppeldi barna og eðlilegu fjölskyldulífi, vegna þess einfaldlega að aðrir möguleikar eru ekki fyrir hendi. Við teljum því að þetta frv. þurfi ítarlegrar skoðunar í þeirri n., sem fær það til umr., og væntum samstöðu annarra þm. við breytingar á því, bæði þær, sem horfa til verulegra bóta á þessu frv., og eins hinar, sem ég hef vikið að og fela í sér að sníða af því ýmsa alvarlega vankanta og galla sem á frv. eru í þeirri mynd sem það hefur hér verið lagt fram.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér hafa nú verið haldnar tvær mjög ítarlegar ræður um það frv. sem hér liggur fyrir, óvenju ítarlegar. Það er eðlilegt þegar litið er á það, að það eru fá mál sem í raun eru þýðingarmeiri en einmitt húsnæðismálin. Eðli þeirra er slíkt og það er hvarvetna þar sem fjallað er um þessi mál á hliðstæðan hátt og við gerum hér í þessu þjóðfélagi. Vert er líka að hafa í huga að svo þýðingarmikil sem þessi mál eru annars staðar og svo mikill þáttur sem húsakosturinn er í lífi hinna einstöku þjóða, þá er þessi þáttur af eðlilegum orsökum hvergi meiri en hér hjá okkur á okkar norðlægu slóðum, þar sem mjög mikils er um vert að húsakosturinn sé sem bestur.

Sú löggjöf, sem við byggjum nú á í húsnæðismálunum, er tvíþætt. Annars vegar er það sem lýtur að hinu almenna veðlánakerfi eða Byggingarsjóði ríkisins og hitt sem veit að verkamannabústöðum. Og frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar að sjálfsögðu um báðar þessar hliðar. En það er ekki í fyrsta sinn sem þessi löggjöf kemur til endurskoðunar hér á Alþingi.

Stofninn að þessum lögum hvað varðar almenna veðlánakerfið eða Byggingarsjóð ríkisins er frá árinu 1955. Síðan hefur þessari löggjöf oft verið breytt. Oft hefur verið um minni háttar endurskoðun eða breytingar að ræða, en nokkrum sinnum hefur verið um ítarlega og gagngerða endurskoðun á þessari löggjöf að ræða.

Hinn þáttur húsnæðislöggjafarinnar, sem veit að verkamannabústöðunum, byggist á stofni frá árinu 1929, svo sem kunnugt er. Og það er eins með þau lagaákvæði, sem varða verkamannabústöðina, og þau sem varða hið almenna veðlánakerfi. Það, sem viðvíkur verkamannabústöðunum, hefur verið endurskoðað alloft. Stundum hefur verið um minni háttar breytingar að ræða, en í aðra tíð hefur verið um verulega skipulagsbreytingu að ræða, eins og t. d. árið 1970. Byggingarfélögin, sem voru aðilar að þessu kerfi, voru þá lögð niður og tekin var upp hlutdeild sveitarfélaga í þeirra stað.

En þegar þessi endurskoðun hefur farið fram, sérstaklega þegar menn hafa viljað gera gagngerðar breytingar og vanda það verk, hver hefur þá verið meginvandinn? Í hverju hefur meginvandinn verið fólginn og í hverju hefur það verið fólgið, þegar stærstu skref hafa verið stigin fram á við í þessum málum? Meginvandinn hefur verið að afla aukins fjármagns í þágu húsnæðismálanna. Það hefur verið meginvandinn frá fyrstu tíð og það hefur líka verið aðalatriði, því að ekkert hefur verið hægt að sækja fram á þessu sviði nema með auknu fjármagni. Auðvitað skiptir skipulag lánamálanna miklu máli, þó að það skipulag varði ekki beinlínis fjármagnsöflunina, en þau mál öll eru samt bæði ekki eins þýðingarmikil og að afla fjármagnsins og það er miklu auðveldara að leysa þau mál. Þess vegna hlýtur öll athygli við endurskoðun húsnæðislöggjafarinnar fyrst og fremst að beinast að fjáröfluninni. Og þá spyrjum við: Hvað gerir þetta frv., sem hér liggur fyrir, í því efni?

Ég sagði að reynt hefði verið að leggja áherslu á það að afla lánakerfinu meira fjármagns þegar löggjöfin hefði verið endurskoðuð. Þetta var ekki stórt í sniðunum, í upphafi, ef við athugum lögin frá 1955, sem viðkemur almenna veðlánakerfinu. En samt sem áður þótti mönnum ekki hæfa að leggja fram frv. á Alþ. um stofnun þess kerfis nema gera ákveðnar, beinar till. um fjáröflun, sjá fyrir fjáröflun til þess að kerfið gæti starfað og hægt væri að sinna þeim verkefnum sem gert var ráð fyrir að það ætti að annast. Síðan hefur verið haldið áfram á sömu braut. Síðan er t. d. tekin upp fjáröflun til kerfisins með skyldusparnaði — það var ekki í upphafi — og það hafði að sjálfsögðu mikla þýðingu fyrir hið almenna veðlánakerfi strax og hefur enn í dag. Svo líða ár og þá er haldið áfram að þreifa sig áfram og reyna að finna úrræði til þess að fjármagna kerfið. Þá er tekinn launaskatturinn. Og svona mætti halda áfram og nefna fleira, þó að skyldusparnaðurinn og launaskatturinn séu langþýðingarmestu atriðin í þessu efni.

Hvað gerir nú þetta frv., sem hér liggur fyrir, í þessu efni? Hvað gerir það til þess að efla annaðhvort þá tekjustofna, sem fyrir eru, eða koma með nýja tekjustofna til þess að mæta fjárþörf lánakerfisins? Það ótrúlega skeður. Það er ekki eitt einasta atriði um þetta mál í frv. sjálfu — ekkert. Þess vegna er hæpið að tala um þetta — þessa endurskoðun sem hér er lögð fram í formi þessa frv. — sem meiri háttar endurskoðun á þessu kerfi. Það hefur alltaf farið saman, að það hefur verið stigið eitthvert verulegt spor fram á við í fjáröflunarmálunum þegar um veigamikla endurskoðun hefur verið að ræða.

Nú er það augljóst mál, að þörf hefði verið á ráðstöfunum til þess að auka ráðstöfunarfé almenna veðlánakerfisins, þó að verkefni þess hefðu verið eins og þau eru í dag samkv. gildandi lögum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það hefur gengið mjög, svo að ekki sé sagt meira, í brösum að hækka lán almenna veðlánakerfisins, hækka hlutfall lána borið saman við byggingarkostnað. Auðvitað er það grundvallaratriði fyrir þýðingu veðlánakerfis, eins og almenna veðlánakerfið er, að íbúðarlánin séu meginhluti af byggingarkostnaðinum. Þetta

höfðu menn í huga strax þegar lögin voru sett 1955. Þá voru menn að tala um að það væri nauðsynlegt, að þau lán, sem kerfið lánaði, næmu 2/3 af byggingarkostnaði. Þá var reiknað með að kostnaðarverð íbúðar væri 150 þús. og að lán kerfisins, almenna veðlánakerfisins, þyrfti að vera 100 þús. kr. En það var farið af stað þannig að lánin voru ekki nema 70 þús. Það var langt frá því að náð væri því marki sem talað var um í upphafi. Það voru að vísu ýmsir sem efuðust um að það næðist þó að lánið hefði verið 100 þús., vegna þess að byggingarkostnaðurinn hefði verið meiri en reiknað var með í þessum útreikningum. Þessi lán námu þó örugglega í upphafi um 30% af byggingarkostnaði. En menn voru óánægðir með það og viðleitnin að endurskoðun laganna, beindist mjög að því að auka þetta hlutfall. Fyrir 10 árum var þetta hlutfall komið í 40—50%. Smám saman hafði þokast áfram, en síðan hefur sigið á ógæfuhlið. Og það er gert ráð fyrir því í þessu frv. og í þeim fskj. og útreikningum og í grg. með því, eins og fram kom í ræðu hæstv. félmrh., að lánin nemi núna um 30% af byggingarkostnaði. Þó ekki væri annað en að ná því, sem búið var að ná í þessu efni fyrir 10 árum, þá hefði greinilega þurft aukið fjármagn. Það eru ýmsar ástæður fyrir þessu. Ég skal ekki fjölyrða um hér hvers vegna hefur miðað svona seint áfram. Það verður að segja það eins og er, að á þessu tímabili hefur verið talsvert að því gert að útvíkka hlutverk Byggingarsjóðsins eða almenna veðlánakerfisins, taka upp nýja lánaflokka, sem enginn hefur efast um að væru hinir gagnlegustu. En þess hefur bara ekki jafnframt verið gætt að afla nýs fjármagns til að standa undir þessum aðgerðum. Þess vegna hefur ekki miðað áfram, heldur jafnvel aftur á bak í almennum lánum til nýbygginga.

Með þessu frv. er verkefni lánakerfisins verulega aukið. Það eru teknir upp nýir lánaflokkar, t. d. sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir, lán til orkusparandi breytinga á húsnæði, lán til tækninýjunga í byggingariðnaði, svo að eitthvað sé nefnt. Það hefur enginn á móti því að sinna þessum verkefnum. En það er ekki gert ráð fyrir neinu auknu fjármagni til að mæta þessu. Hér er svo í þessu frv. gert ráð fyrir að hækka hin almennu íbúðarlán, sem nú eru um 30% af byggingarkostnaði, upp í 80%. Það hefur enginn á móti þessu, þetta er alveg sjálfsagt, og hefði mátt setja þessa tölu á blað miklu fyrr. Það mætti setja hana 90% núna, ef það kostar ekkert annað en setja töluna á blað. En í þessu frv. er ekki gert neitt annað, vegna þess að það er ekki till. um neitt aukið fjármagn til íbúðalánakerfisins. Það er þetta sem er hið alvarlega við þetta mál.

Og hvað er þá fjármagnið, sem hér er um að ræða, mikið? Hvað eykst fjármagnsþörfin, fjármagnsþörf veðlánakerfisins eða beggja, almenna veðlánakerfisins og verkamannabústaða, við þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv.? Við höfum upplýsingar um þetta í grg. Á bls. 35, töflu 10, er að finna upplýsingar um þetta efni. Þetta aukna fjármagn, sem þörf er á umfram þá tekjustofna sem fyrir eru, nemur á árinu 1980 2.4 milljörðum kr. og er komið árið 1990 upp í 10 milljarða kr. á því ári. Þessar tölur eru allar miðaðar við verðlag ársins 1978, ég bið menn að hafa það í huga. Samkv. þessari töflu, sem ég hér vitna í, vantar strax á árinu 1981 um 1/4 af fjármagnsþörf kerfisins og brátt skortir 1/3 af nauðsynlegu fjármagni hvert ár. Og þetta eru engar smáupphæðir, eins og fram hefur komið í því sem ég vitnaði til. Það er engin till. um það, hvernig á að mæta þessari fjárþörf. Það er höfuðgalli á þessu frv. að sjálfsögðu.

Í grg. með frv. má sjá, og það kom líka fram í ræðu hæstv. ráðh., að í frv. eru ekki gerðar ákveðnar till. um hvernig afla skuli þess fjár sem hér þarf að koma til. Þetta er svona orðað í grg. með frv., að þó megi setja fram nokkrar ábendingar. Og hverjar eru ábendingarnar? Það er gert ráð fyrir því, að helmings þess viðbótarfjármagns, sem til þarf, sé aflað með framlögum úr ríkissjóði. En það eru engar hugmyndir um að hafa markaðan tekjustofn eða neitt slíkt, aðeins að það skuli koma sem framlag úr ríkissjóði eða frá hinu opinbera. Önnur ábendingin er sú, að helmingur fjárins komi með lántökum — það er minnst á lífeyrissjóði í því sambandi. Það er ákaflega eðlilegt að minnast á lífeyrissjóðina. Það er alveg rétt, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh. og kemur fram í grg. með frv., að ef tekst að hækka lán Byggingarsjóðsins upp í 80% af byggingarkostnaði, þá losnar um mikið fjármagn hjá lífeyrissjóðunum sem nú er varið til byggingarlána af þeirra hálfu. Það má því segja að það sé verðugt viðfangsefni að beina þessu fjármagni í eina átt, eða eins og það var nefnt af hæstv. ráðh., í heildstæðan farveg. Ég er alveg sammála þessu. En hvernig á að gera þetta? Það er það sem er vandinn í þessu máli. Og stefnumótun er ekki fólgin í því að benda á lífeyrissjóðina. Hún er fólgin í því að benda á leið til þess að framkvæma þetta. Það er ekkert um það í þessu frv. — ekkert. En þetta má að sjálfsögðu framkvæma með því að lögbjóða að fé lífeyrissjóðanna gangi til þessara þarfa. Það er hægt að framkvæma þetta með samkomulagi eða samningum við lífeyrissjóðina. Og það á að vera möguleiki að framkvæma þetta með því að koma á fót frjálsum verðbréfamarkaði og beina þessu fjármagni með þeim hætti í heildstæðan farveg, eins og það var orðað. Ég held að það þurfi að taka þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar og stefnumótun þurfi að vera fólgin í því að benda á leiðir í þessu efni, en það er skipulagsmál. En ég segi: Ef til eru leiðir í þessu efni — sem ég vil ekki efast um — hvers vegna þá að láta það taka 10 ár, eins og frv. gerir ráð fyrir, að hækka lánin úr 30% af byggingarkostnaði upp í 80%? Það þykir mér allt of seinfarið í þessum efnum.

Það er ekki skemmtilegt að þurfa í þessum umr. að leggja svo mikla áherslu á það eins og ég hef gert, að frv. er vitagagnslaust í því efni sem mestu varðar, varðandi fjáröflun til kerfisins. En við verðum að gera okkur grein fyrir því, að svo er. Maður hefur næstum á tilfinningunni, að vegna þess að ekkert er gert í þessu efni, þá sé í þessu frv. lögð of mikil áhersla á ávöxtun lánasjóðanna. Samt, eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh., er talað um annars vegar að tryggja ávöxtun sjóðanna og útlánagetu, en hins vegar að greiðslugetu almenna lántakans verði ekki ofboðið. Mér virðist ekki gæta hins rétta jafnvægis í þessum efnum samkv. því frv. sem hér liggur fyrir. Hvað mikil og góð sem ávöxtun sjóðanna yrði, þá næði sú aðferð skammt til þess að mæta þeirri fjárvöntun sem um er að ræða og ég hef áður gert grein fyrir.

Grundvallaratriðið í þessu efni er það, hvernig lánskjörin á íbúðalánunum eiga að vera, við hvað á að miða. Ég hef gengið út frá því, að lánskjörin þyrftu að vera slík, að almenningur í landinu gæti staðið undir þeim með almennum launatekjum. Þegar þetta frv. er athugað efast maður um að þessa sjónarmiðs sé nægilega gætt. Að vísu segir í grg. með frv. á bls. 36, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og áður hefur verið bent á er þó í frv. lagt til, að raunvextir útlána verði lækkaðir frá því sem áður gilti, enda verður að telja, að þau kjör hafi verið of hörð og greiðslubyrði í þyngsta lagi."

Ég er sammála því sem hér segir, að kjörin hafi verið of hörð og greiðslubyrði í þyngsta lagi og það sé rétt stefna að bæta hér úr með því að bæta lánakjörin. En mér sýnist að í frv. sé farin öfug leið. Það er mjög alvarlegt, að svo sé.

Árið 1978 var greiðslubyrði af lánum Byggingarsjóðs ríkisins þyngri en af flestum öðrum fjárfestingarsjóðalánum. Þetta verður ráðið af grg. frv., töflu 1 á bls. 19. Og af umsögn um þessa töflu verður þetta beinlínis ráðið. Í töflu 4, sem er á bls. 23, er samanburður á greiðslubyrði hjá Byggingarsjóði ríkisins með kjörum samkv. frv. annars vegar og greiðslubyrði samkv. lánskjörum 1978 hins vegar. Ef menn líta á þessa töflu, þá kemur í ljós að fyrstu sjö árin er greiðslubyrðin minni samkv. ákvæðum frv., en síðan er hún þyngri. Það, sem ég er að segja núna, fer saman við það sem hv. 11. þm. Reykv. sagði áðan, að kjörin væru lakari. En hann gerði af meðfæddum góðvilja tilraun til þess að bæta úr þessu gagnvart hæstv. ráðh. með því að segja — (**Gripið fram í:** Af alkunnri sanngirni.) já, af alkunnri sanngirni — með því að segja að kjörin væru lakari fyrstu árin, en þetta kæmi til góða síðar. En þetta er þveröfugt. Það er fyrstu sjö árin sem útkoman er betri með nýja kerfinu, en síðan er hún lakari. Alvarlegt er nú þetta. Hlýtur það ekki að vera dálítið einkennilegt, að það sé hægt að bæta útlánakjörin á sama tíma og lánstíminn er styttur? Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að stytta lánstímann úr 26 árum niður í 21 ár hjá almenna veðlánakerfinu. Ég verð að segja það, að ég varð ekki lítið undrandi þegar ég las þetta. Ég hef oft bæði hugsað og talað um endurskoðun á þessari löggjöf og ég hef aldrei heyrt á það minnst fyrr, að leiðin til bóta í þessu efni væri að stytta lánstímann. Menn hafa alltaf sagt sem svo: Hvað getum við lengt lánstímann? Hvernig fáum við aukið fjármagn til þess að standa undir því? Hér er farin öfug leið.

Þetta var um almenna veðlánakerfið eða Byggingarsjóð ríkisins. Og ég verð að segja það, að ég er ekki heldur ánægður með það sem viðkemur verkamannabústaðakerfinu í þessu efni. Það var stolt þess kerfis frá upphafi, að lánin þar voru til miklu lengri tíma en í nokkru öðru lánakerfi. Nú á að stytta þennan lánstíma. Að vísu eru vextirnir lækkaðir úr 2%, sem nú er, niður í ½%, og lánin eru hækkuð úr 80% upp í 90% af byggingarkostnaði. Þetta er til bóta. En ég hef talið að ekki megi þó vera minna en hér er að gert.

Til skýringar því, hvað er að ske varðandi Byggingarsjóð verkamanna, væri freistandi að líta enn þá einu sinni í grg., að þessu sinni á bls. 29. Þar er tafla varðandi greiðslubyrði lána. Þar kemur í ljós, að greiðslubyrðin er léttari á næstu tveim árum en þyngri þar á eftir, þegar miðað er við ákveðna lánsupphæð, en þegar miðað er við aðra lánsupphæð, þá er greiðslubyrðin léttari á fyrstu fjórum árunum samkv. nýja kerfinu, en svo þyngri á eftir heldur en samkv. gildandi lögum. Ég held að það þurfi að taka þetta til gagngerðrar athugunar. Það verður að vera tryggt, að greiðslubyrði af lánum verkamannabústaða verði léttari og að mínu viti verulega léttari en hún er í dag.

Þá kem ég að leiguíbúðunum í þessu sambandi. Hver eru kjörin á leiguíbúðunum í dag? Það eru 2% vextir, lánið til 33 ára og 80% lánshlutfall. En hvað eiga lánin að vera samkv. þessu frv.? Vextirnir eiga að hækka úr 2% upp í 3.5%, lánstíminn á að lækka úr 33 árum í 15 ár og lánshlutfallið á að lækka úr 80% í 70%. Þetta kalla ég ekki að sé í framfaraátt, heldur þvert á móti. Og ég vil leggja áherslu á þýðingu leiguíbúðanna. Það hefur grundvallarþýðingu, að þeim þætti málanna séu gerð skil ekki síður en ýmsum öðrum þáttum.

Það væri freistandi að ræða miklu nánar um einstaka þætti þessara mála. Ég hef lokið að ræða um það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar að væri þýðingarmest, en það er fjáröflunin til kerfisins. Og náskylt því er ávöxtun sjóðanna og lánskjörin. En auðvitað er fjöldamargt annað varðandi skipulagið sem væri ástæða til að ræða hér um.

Hv. 11. þm. Reykv. ræddi nokkuð þá skiptingu, sem frv. gerir ráð fyrir milli félagslegra íbúðabygginga og annarra íbúðabyggingu. Lagði hann mikið upp úr þessari skiptingu og taldi það vera mikið framfaraspor og auka hlut félagslega þáttarins. Ég er ekki viss um að ég geti skrifað undir þessi sjónarmið. Það er einfaldlega vegna þess, að ég tek það alvarlega þegar ég segi að lánskjör almenna veðlánakerfisins eigi að vera þannig, að almenningur í landinu geti staðið undir þeim með almennum launatekjum. En við þurfum að gera sérstakar ráðstafanir þeim til aðstoðar, sem ekki geta þetta. Það er á því sviði sem hinar félagslegu aðgerðir eiga að koma til hjálpar. Og það er með þetta eins og er í mörgum efnum varðandi félagslegar aðgerðir, að mestu varðar að gera nógu vel við þá sem raunverulega eru hjálpar og aðstoðar þurfi. Og eftir því sem það er minni hópur, eftir því getum við raunverulega gert betur. Það er meinsemd í okkar þjóðfélagi, sem allt of oft skýtur upp kollinum, að þegar verið er að fást við aðgerðir til hjálpar þeim sem raunverulega eru hjálpar og aðstoðar þurfi, þá verða menn svo góðhjartaðir að þeir vilja helst láta alla aðra eða sem flesta hafa sams konar aðstoð. Það er vegna þessa, sem okkur gengur svo hörmulega illa að aðstoða raunverulega þá sem eru aðstoðar þurfi.

Í þessu frv. er talað um einhverja samstarfsnefnd, sem rétt sé að koma á fót varðandi félagslegar íbúðarhúsabyggingar. Og í þessari samstarfsnefnd, hverjir eiga að vera þar? Fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Er það nú eðlilegt að fulltrúar embættismannanna í hinu íslenska þjóðfélagi eigi að hafa sérstaka aðild að félagslegum aðgerðum í íbúðarbyggingum? Ef hálaunamennirnir í Alþýðusambandi Íslands — (**StJ:** Þeir eru flestir láglaunamenn í BSRB.) Já, hv. þm. segir það. Ég greiddi samt atkv. á móti því, að þeir fengju verkfallsrétt, m. a. vegna þess að ríkið ætti að sjá sóma sinn í því að launa embættismenn sína þannig að þeir þyrftu ekki á slíkum rétti að halda. En ef menn vilja endilega hafa þarna samstarfsnefnd, sem ég held að hafi nú ekki mikla þýðingu, hvernig væri þá rétt að skipa hana? Mér finnst sjálfsagt að þar ætti þá að vera fulltrúi hinna lægst launuðu og það ætti að vera fulltrúi frá Verkamannasambandi Íslands. Það er miklu eðlilegra. Og ég er ekki heldur á móti því, að það kæmi fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga — það er ekki heldur gert ráð fyrir því í þessu frv. — vegna þess hve þáttur sveitarfélaganna í hinum félagslegu aðgerðum hlýtur að verða mikill og á að vera mikill.

Hv. 11. þm. Reykv. minntist á báknið sem orðið er í framkvæmd húsnæðismálanna, og honum fannst þar of

langt gengið að efla það með þessu frv. Ég er honum sammála um það, að ekki sé ástæða til þess að gera forstjóra og þrjá framkvæmdastjóra út af örkinni til þess að stjórna þessum málum. En þetta er þó kannske ekki aðalatriði, vegna þess að þetta er ásýnd stofnunarinnar frekar en eðli. Spurningin er sú, hvort hægt er að minnka umsvif sjálfrar stofnunarinnar og þá þannig að allt almenna veðlánakerfið verði tekið undan stofnuninni og falið umsjá bankakerfisins í landinu. Og spurningin er sú, hvort einnig megi leggja niður tæknideild stofnunarinnar. Gert er þá ráð fyrir að hinar ýmsu stofnanir í þjóðfélaginu, sem ríkið stendur undir beint og óbeint og fjalla um byggingarmál og iðnað í landinu, vinni þau störf sem tæknideildinni eru ætluð. Nú er ég ekki að gera þetta hér að till. minni, en að gefnu tilefni minnist ég á þetta og hafði raunar dottið þetta í hug áður en hv. 11. þm. Reykv. minntist á þetta vandamál sem báknið er. Ég vil nú biðja hann að beina með mér þeim tilmælum til hæstv. ráðh., að hann athugi þetta. Og ég spyr hæstv. ráðh. að því, hvort þetta mál hafi verið athugað og hvort rétt væri að koma á skipulagsbreytingu í þessa átt.

Það er ýmislegt í þessu frv. varðandi skipulagsmál og einstaka þætti sem ég get tekið undir. Ég tel t. d. varðandi Byggingarsjóð ríkisins að rétt sé að leggja niður veðlánakerfið samkv. 5. gr. núgildandi laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem varðar fjáröflun til veðlánakerfisins gegnum veðdeild Landsbanka Íslands. Ég tel líka að þær breyttu útlánareglur, sem settar eru fram í 12. gr. frv., séu til bóta. Ég tel það einnig rétt, sem fram kemur í frv. varðandi Byggingarsjóð verkamanna, að færa allar félagslegar aðgerðir saman undir Byggingarsjóð verkamanna eða þá deild, að þar verði ekki einungis fjallað um hin beinu lán til verkamannabústaða, heldur og leiguíbúðirnar. En mér finnst koma til athugunar að taka einn lánaflokk til viðbótar og gera honum það hátt undir höfði, og þá á ég við lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

Ég hefði gjarnan viljað minnast á fleiri atriði, en ég skal nú mjög stytta mál mitt og kem ekki inn á ýmislegt sem ég hafði ætlað mér að gera. Mér finnst ákvæði frv. um tekju- og eignamörk þeirra, sem geta notið lána úr Byggingarsjóði verkamanna, vera vafasöm og þurfa endurskoðunar við og tel þau vera jafnvel afturför frá því sem nú er í lögum. Hins vegar virðist mér þær kvaðir og takmarkanir, sem eðli málsins samkv. þarf að setja á eignarréttinn hjá þeim sem njóta fyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði verkamanna, ekki vera aðfinnsluverðar og þar sé skynsamlega á haldið í þessu frv.

Þá er komið að því að ég ljúki máli mínu. Meginatriði í því, sem ég hef verið að segja, er það fyrst og fremst, að frv. þetta er meingallað og nær engum tilgangi nema bætt sé úr með því að útvega lánakerfinu aukið fjármagn. Lánskjörin virðast síst betri, sennilega lakari heldur en í núgildandi lögum, og það er til hins verra. Frv. er góðra gjalda vert að ýmsu leyti. Og ég hef ekkert á móti því, að athugað sé fjárstreymi íbúðalánakerfisins og það sé framreiknað. Þetta fylgir í þessum skjölum. En hæstv. ráðh. bað okkur að hafa nokkurn fyrirvara á þessum útreikningum, og við nánari yfirlestur hygg ég að það sé alveg rétt sem ráðh. hefur bent okkur á í því efni.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta frv. væri árangur af stefnumörkun fyrrv. ríkisstj., vinstri stjórnarinnar. Ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo, að það hefði verið hið besta samkomulag um þetta í þeim herbúðum. Og þá geta menn nú ímyndað sér hvernig þetta gengur fyrir sig þegar samkomulagið er slæmt, eftir að hafa heyrt ræðu hv. 11. þm. Reykv. um þetta frv. (**Gripið fram í:** Frv. var aldrei lagt fyrir síðustu ríkisstj.) Þetta er annað en hæstv. ráðh. sagði eða annað en mér skildist að hann meinti.

Hæstv. ráðh. talaði um að æskilegt væri, að það væri samvinna milli flokka um þetta efni, og mæltist til þess, að Sjálfstfl. tæki þátt í þeirri samvinnu. Hann sagðist hafa orðið var við það í kosningabaráttunni fyrir síðustu alþingiskosningar, að Sjálfstfl. hefði ekki verið ósamþykkur ýmsu sem fram kemur í þessu frv. Það er ágætt, að hæstv. ráðh. varð var við þetta í kosningabaráttunni. Það mátti ekki seinna vera, því að ég stóð í þeirri meiningu að hæstv. ráðh. hefði verið kunnugt um allítarlegar — eða mjög ítarlegar í sumum greinum — tillögur sem fyrir lágu í hans rn. þegar fyrirrennari hans í ráðherrastól, Gunnar Thoroddsen, fór þaðan. Það var árangurinn af starfi nefndar sem sá ráðh. hafði skipað. Nú er mér ekki grunlaust um — þó að hæstv. ráðh. hafi ekki gert sér grein fyrir þessu fyrr en í kosningabaráttunni — að ýmislegt í þessu frv., sem til bóta gæti horft, væri einmitt það sem í þessum tillögum stóð.

Auðvitað munum við í Sjálfstfl. gera það sem í okkar valdi stendur til þess að afgreiðsla þessa frv. verði sem best. En það er algert aðalatriði í þessu máli, að við finnum leiðir til þess að efla fjárhag veðlánakerfisins, til þess að við getum gert það sem við erum sammála um að gera. Það er vandi okkar, og við skulum vona að við finnum ráð til þess að leysa þann vanda. Það mun ekki standa á Sjálfstfl. í því efni. En Sjálfstfl. gefur nú eins og jafnan lítið fyrir það að standa að einhverjum aðgerðum sem svo kynnu að vera ekki neitt annað en sýndarmennskan ein.

Umr. frestað.

Neðri deild, 16. fundur.

Mánudaginn 14. jan., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 25). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 25, er um breyt. á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Um er einkum að ræða að veita elli- og örorkulífeyrisþegum lán hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins á sérstökum kjörum til endurbóta á húsnæði sínu.

Húsnæðismálastjórn hefur um nokkurra ára skeið haft heimild til að veita elli- og örorkulífeyrisþegum lán til endurbóta á eigin húsnæði þeirra. Reynslan hefur orðið sú, að elli- og örorkulífeyrisþegar hafa lítið getað notfært sér þessi lán, og er ástæða til að ætla að sú greiðslubyrði, sem fylgir lánunum, sé of þung fyrir þessa hópa og af þeim ástæðum geti þeir ekki notfært sér þetta ákvæði húsnæðismálalaganna, jafnvel þótt brýna nauðsyn beri til að framkvæma viðgerð á húsnæði þeirra.

Það er megintilgangurinn með flutningi þessa frv. að gera kjör Húsnæðismálastofnunarinnar svo aðgengileg fyrir elli- og örorkulífeyrisþega að þeim sé fært að not-

færa sér þau án óbærilegrar greiðslubyrðar.

Samkv. frv. skulu lán til þessara hópa vera vaxtalaus og einnig afborgunarlaus fyrir fimm fyrstu árin, auk gjaldfrestunar á helmingsgreiðslu verðtryggingar fyrir sama tímabil. Hins vegar, þegar um er að ræða elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta fullrar tekjutryggingar og hafa að öðru leyti óveruleg fjárráð til endurbóta eigin húsnæðis, gerir frv. ráð fyrir að lánin skuli veitt með þessum kjörum meðan þeir sjálfir búa í húsnæðinu og skal lánið fyrst við lát lántaka uppgert ef eignin fer í skiptarétt. Að öðrum kosti skulu gilda um þau lán sömu reglur og áður greindi frá fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, þ. e. a. s. að gefa út nýtt skuldabréf fyrir greiðslu þeirrar fjárhæðar sem eftir stendur og frestað hefur verið, og skulu þau vera með hinum almennu kjörum húsnæðismálastjórnar.

Jafnframt er með þessu frv. farið inn á þá braut að veita húsnæðismálastjórn heimild til að veita lán á hagstæðum kjörum til viðgerða og endurbóta á leiguíbúðum sem öryrkjar og ellilífeyrisþegar búa í. Til þessa hefur lánveitingaheimildin einungis náð til eignaríbúða öryrkja og ellilífeyrisþega. Talið er að um 20% þjóðarinnar búi í leiguíbúðum. En ástæða er til að ætla að mun stærra hlutfall öryrkja og ellilífeyrisþega búi í leiguíbúðum. Engin sanngirni mælir með því að einungis íbúðareigendur í hópi öryrkja og ellilífeyrisþega eigi kost á lánum Húsnæðismálastofnunar til viðgerða og endurbóta á húsnæði. Öll sanngirni mælir hins vegar með því, að allir öryrkjar og ellilífeyrisþegar sitji hér við sama borð, hvort sem þeir eru íbúðareigendur eða leigjendur. Þurfi sú íbúð á endurbótum að halda, sem viðkomandi öryrki eða ellilífeyrisþegi býr í, á að veita til þess lán úr Byggingarsjóði ríkisins án tillits til þess, hver eigandi hennar er.

Um þennan þátt, er snertir leiguíbúðir, eru settar mjög nákvæmar reglur í frv., eins og fram kemur í lið 4. og 6. í frv., sem gerir það að verkum að lánin komi að tilætluðum notum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega í leiguíbúðum og komist verði hjá misnotkun þeirra.

Í annan stað gerir frv. ráð fyrir að húsnæðismálastjórn verði einnig veitt heimild til að veita lán á hagstæðum kjörum til annarra tryggingabótaþega, svo sem einstæðra foreldra, að viðlögðu vottorði um efnahag og tekjur auk fjölskylduvottorðs, og er nauðsynlegt að kveða nánar á um þetta ákvæði í reglugerð, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Með þessu ákvæði er farið inn á þá braut að sömu kjör gætu einnig gilt um aðra almannatryggingabótaþega, þar sem sannanlega lítill efnahagur sé viðmiðun heimildar húsnæðismálastjórnar til slíkrar lánveitingar. Ástæða er til að ætla að t. d. aðstæður einstæðra foreldra séu oft og tíðum mjög erfiðar, og má til marks um það geta þess, að í könnun á aðstæðum 450 félagsmanna — þ. e. 411 kvenna og 39 karla — Félags einstæðra foreldra kom í ljós að af einstæðum mæðrum, 411 samtals, sem höfðu 811 börn á framfæri sínu, bjuggu 174 (42,3%) í leiguhúsnæði, 123 (29.9%) í eigin húsnæði og 114 (27.7%) hjá ættingjum. Sýna tölur þessar ótvírætt að verulegra úrbóta er þörf í húsnæðismálum einstæðra foreldra.

Að lokum er með þessu frv. veitt heimild til að veita lán jafnt til íbúðakaupa sem og til endurbóta á íbúðum samtaka öryrkja, ellilífeyrisþega og öðrum félagslegum aðilum sem vinna að velferðarmálum ýmissa sérhópa, enda sé viðkomandi íbúð eða íbúðir notaðar til búsetu skjólstæðinga þeirra.

Má í því sambandi benda á að á síðustu árum hefur borið nokkuð á að ýmis félagsleg samtök, svo sem öryrkjar, ellilífeyrisþegar, einstæðir foreldrar, foreldrafélag þroskaheftra eða annarra barna, sem standa höllum fæti, hafa leitað eftir lánum frá Húsnæðismálastofnun ríkisins ýmist til að kaupa eða endurbóta á eldri íbúðum sem þessir aðilar hafa ýmist átt eða haft hug á að kaupa til búsetu fyrir skjólstæðinga sína. Núgildandi lagaákvæði veita ekki rétt til lána í þeim tilfellum, en það virðist bæði sanngjarnt og eðlilegt að slík heimild sé veitt, enda hefur farið almennt vaxandi skilningur á viðleitni aðila sem berjast fyrir auknu réttlæti slíkra minnihlutahópa. Um lán til slíkra samtaka og einstæðra foreldra og annarra almannatryggingabótaþega með þröngan fjárhag gerir frv. ráð fyrir að lánið sé vaxtalaust, einnig afborgunarlaust fyrstu fimm árin auk gjaldfrestunar helmingsgreiðslu verðtryggingar fyrir sama tímabil, en að loknu fimm ára tímabili frá töku lánsins skuli gefið út nýtt skuldabréf fyrir greiðslu þeirrar fjárhæðar sem frestað hefur verið, þ. e. nafnvirði afborgana, s. l. fimm ár og greiðslu áfallinnar verðtryggingar, og skulu þau vera með hinum almennu kjörum húsnæðismálastjórnar.

Að síðustu er gert ráð fyrir að lán þau, sem hér um ræðir til viðgerða og endurbóta, skuli hafa forgangsrétt og koma til greiðslu eins fljótt og frekast verður við komið eftir að lánsumsóknir berast. Skulu engir eindaga vegna komu lánsumsókna standa í vegi fyrir því. Augljóst má vera að það fólk, sem hér á hlut að máli, hefur alfarið litla eða enga aðstöðu til þess að útvega sér dýr bankalán til bráðabirgða svo unnt sé að láta fara fram endurbætur á húsnæði þess en bankalánið bíður svo með tilheyrandi kostnaði í 6—9 mánuði þar til lánveiting Húsnæðismálastofnunarinnar getur farið fram.

Gert er ráð fyrir að húsnæðismálstjórn geri árlega tillögu til ráðh. um þá heildarfjárhæð sem heimilt er að verja á ári hverju í þessu skyni. Ráðh. setur með reglugerð ítarleg ákvæði um heildarfjárhæð, fyrirkomulag lánveitinga, lánstíma og tryggingar slíkra lána að öðru leyti en hér er tilgreint, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar. Heildarfjárhæðin, sem varið yrði til þessara verkefna, þyrfti því vart að fara mikið fram úr því sem þegar er gert ráð fyrir til endurbóta á eigin húsnæði ellilífeyrisþega og öryrkja, sem þegar er lagaheimild fyrir samkv. 4. mgr. A- liðar 8. gr. núgildandi laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins. En það er vitaskuld í hendi ráðh. og húsnæðismálastjórnar hvað stórri upphæð verður varið af fjármagni Byggingarsjóðs í þessu skyni. Hér er því aðeins verið að rýmka lánakjörin, þannig að þessum hópum sé gert kleift að notfæra sér þau án mikillar greiðslubyrði.

Þau sérstöku kjör, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eru þess eðlis að nauðsyn er að setja um þau mjög ítarleg ákvæði, m. a. til að fyrirbyggja misnotkun þeirra. Segja má að með reglugerðarákvæðum væri hægt að tryggja að þessar lánveitingar næðu þeim tilgangi sem að er stefnt með frv. þessu. En hér er sú leið valin að gera ákvæði þessara sérstöku lánakjara svo úr garði í frumvarpsformi að öllum megi ljóst vera að slíkt er vel framkvæmanlegt ef vilji löggjafans er fyrir hendi. M. a. með tilliti til þess, hve nákvæmlega lánskjörunum eru gerð skil í frv., er vart nauðsynleg ítarleg greinargerð um framkvæmd lánskjaranna og þau ákvæði er að þeim lúta. Vert er þó að geta þess, að svipuð leið og þetta frv. gerir ráð fyrir hefur

verið farin í nágrannalöndunum með mjög góðum árangri.

Að lokinni þessari umr. óska ég eftir að málinu verði vísað til 2. umr. og félmn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, stjfrv., 17. mál Ed., er nú komið til meðferðar Alþingis, og hefur hæstv. félmrh. þegar mælt fyrir frv. í Ed., þar sem það er nú til 1. umr. Sá lagabálkur er heildarlöggjöf um húsnæðismál og hefur verið lagður fram eftir nokkurra ára endurskoðun margra nefnda sem hafa starfað við þá endurskoðun. Þetta er því mikill lagabálkur og um margt til bóta, eins og þörf er á, þótt margt þurfi að athuga betur í meðferð Alþingis. Ég verð því að lýsa undrun minni yfir því, að hv. 10. landsk. þm., flm. þessa frv., sem er jafnframt samflokksþm. hæstv. félmrh. og hefur að sjálfsögðu haft möguleika til að kynna sér stjfrv., skuli flytja þetta frv., þar sem í stjfrv. sjálfu eru mjög greinileg ákvæði um sérstök íbúðalán til handa öldruðum og öryrkjum og annarra er skerta hafa starfsgetu, bæði að því er varðar lán til einstaklinga svo og til félagslegra íbúða. Ég tel því miklu eðlilegra og í alla staði þinglegra, fyrst við eigum hér á hv. Alþ. að fjalla um heildarlöggjöf um húsnæðismál, sem við viljum sjálfsagt öll stuðla að að verði svo ítarleg að hún nái yfir alla þá málaflokka, sem við höfum áhuga á, og nái til þess fólks sem við höfum áhuga á að njóti félagslegrar aðstoðar og réttinda, — að þá sé miklu eðlilegra að koma fram með sérstakar brtt. við heildarfrv. sjálft í stað þess að flutt séu sérstök frv. eins og hér liggur fyrir. Aðra málsmeðferð tel ég óþarfa og raunar til þess að tefja heildarlöggjöfina. Ég vil því leyfa mér að skora á hv. 10. landsk. þm. að draga þetta frv. til baka, en flytja brtt. við heildarfrv., ef þm. vill láta ganga lengra en þar kemur fram.

Ég taldi rétt að vekja athygli á þessu, því að eftir að hafa athugað mjög rækilega þskj. 17 í Ed., frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sé ég ekki betur en í því frv., ef það er betur skilgreint, séu ákvæði sem fullnægja því sem hv. flm. taldi upp áðan. Ég vil taka það fram, að ég er hv. þm. algjörlega sammála um að það þurfi sérstaklega að tryggja réttindi þessa fólks. En ég tel að slíkt sé miklu betur gert með því að stuðla að því, að ákvæði um það komist í þá heildarlöggjöf sem við þdm. eigum eftir að fjalla um.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að verða við ósk hv. þm. Alexanders Stefánssonar um að draga frv. mitt til baka. Ég get aftur á móti fallist á að eðlilegt væri að frv. tvö væru skoðuð samtímis í n. og hugsanlega felld saman þau ákvæði sem að því lúta sem um getur í frv. sem ég flyt.

Í frv. félmrh. eru lánakjörin fyrir þá hópa, sem um getur í því frv. sem ég flyt, ekki nógu hagstæð til að þeir hópar geti nýtt sér þau sem skyldi. Því taldi ég fulla ástæðu til að rýmka þau og gera þau hagstæðari, þannig að greiðslubyrðin verði viðunandi og þau kæmu að fullum notum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Í frv. félmrh. er aðeins gert ráð fyrir að lánin verði vaxtalaus og afborgunarlaus fyrsta árið, en mun lengra gengið í mínu frv. til þess að umræddir hópar geti nýtt sér þessi kjör.

Ég vil endurtaka, að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þessi tvö frv. verði skoðuð samtímis í nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Óverðtryggð framleiðsla landbúnaðarvara, frv. (þskj. 26). — 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér birtist á þskj. 26, var fyrst flutt á haustþinginu í októbermánuði s. l., en kom þá eigi til umr. og því síður til afgreiðslu. Frv. var endurflutt á þessu þingi, þegar er skipt hafði verið í þingdeildir, og var það lagt fram hér í hv. Nd. 17. des. s. l. af níu þm. Sjálfstfl.

Frv. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr.: Ríkisstj. skal útvega fjármagn, er nemi 3 milljörðum kr., til að bæta bændum að nokkru halla af óverðtryggðum útflutningi landbúnaðarafurða á síðasta verðlagsári og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem óseldar voru við upphaf þessa verðlagsárs.

Af fjárhæð þessari verði 2 milljörðum kr. þegar varið til endurgreiðslu á verðjöfnunargjaldi, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimti af framleiðslu síðasta verðlagsárs, en 1 milljarði til þess að greiða fyrir sölu á birgðum og framleiðslu búsafurða á fyrri hluta þessa verðlagsárs.

Byggðasjóði verði gert að leggja fram 1 milljarð kr. á ári að hámarki á næstu þremur árum til endurgreiðslu á láni sem tekið kann að verða í þessu skyni.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi".

Frv. það, sem hér er flutt, er lagt fram til að fá úr því skorið hvort Alþ. vill með þessum hætti greiða úr þeim vanda landbúnaðarins sem við blasir vegna þess að útflutningsbætur hafa ekki dugað til að mæta útflutningi á landbúnaðarvörum á síðasta verðlagsári. Þessi vandi landbúnaðarins lá fyrir allt síðasta ár og þrátt fyrir það var ekki á þeim vanda tekið, hvorki af Alþ., sem sat veturinn 1978—1979, né af þáv. hæstv. ríkisstj.

Fyrrv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, skipaði nefnd 5. júní s. l. til þess að gera m. a. tillögur um „lausn á vandamálum bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarafurða, þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst." Þessi nefnd hóf, að ég hygg, þegar störf og skilaði áliti 28. júlí eða innan tveggja mánaða. Nefndin, sem starfaði undir forustu Inga Tryggvasonar, klofnaði í áliti sínu um þetta mál og skipuðu meiri hl. nefndarinnar fulltrúar þriggja stjórnmálaflokka, þ. e. fulltrúi Sjálfstfl., fulltrúi Framsfl. og fulltrúi Alþb., svo og fulltrúar bændasamtakanna þeir Ásgeir Bjarnason formaður Búnaðarfélags Íslands og Jón Guðmundsson, Óslandi, sem var fulltrúi Stéttarsambands bænda. Þessir aðilar allir skipuðu meiri hl. nefndarinnar, en minni hl. skipaði fulltrúi Alþfl., hv. þm. Eiður Guðnason.

Í áliti meiri hl. nefndarinnar, sem birt er með þessu frv. sem fskj., kemur fram sem aðalatriði að ríkisstj. útvegi fjármagn er nemi 3 milljörðum, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Í heild er frv. byggt á áliti meiri hluta nefndarinnar og að hluta til á bókun Steinþórs Gestssonar, full-

trúa Sjálfstfl., sem gerð var á fundi harðindanefndar 28. júlí s. l. Bókun þessi og bókun annarra þeirra manna, er skipuðu meiri hluta nefndarinnar, eru prentaðar sem fskj. með frv.

Eins og ég sagði áðan lá fyrir allt s. l. ár að þarna var um mikinn vanda að tefla. Talið var s. l. vetur að á mundi skorta um 5 milljarða til þess að mögulegt væri að bændur gætu fengið fullt verð fyrir framleiðslu sína. Raunin varð sú, að nokkru minna skorti en þá var gert ráð fyrir. Gerðist það vegna breyttra aðstæðna, sem skýrast að meginhluta af eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi var nokkur samdráttur í mjólkurframleiðslu á árinu 1979 miðað við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Mjólkurframleiðslan varð um 116 millj. lítra á móti 119 millj. lítra árið 1978, en spár sögðu til um í upphafi 1979 að mjólkurframleiðslan gæti orðið um 125 millj. lítra það ár. Nokkur söluaukning varð á framleiðslu búvara innanlands og á það auðvitað sinn þátt í að minnka þennan vanda. A þeim sökum var hætt við útflutning á 500 tonnum af smjöri, svo sem gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum Framleiðsluráðs, og hefði kostað mjög mikið fé í útflutningsbótum ef af hefði orðið eða þá að þeim mun meira hefði orðið að skella á herðum bænda í því sem á vantaði að fullt verð næðist. Í fjórða lagi fór það svo, að dilkakjötsmarkaður fyrir nokkurt magn af dilkakjöti í Noregi lokaðist vegna farmannaverkfalls. Af þeim sökum var um nokkru meiri dilkakjötsbirgðir að ræða í landinu í lok verðlagsárs en ella hefði orðið. Þó kemur þar á móti að dilkakjötsframleiðsla haustið 1979 varð nokkru minni en árið áður, enda þótt slátrað væri fleiri dilkum, en haustið 1979 var slátrað alls 961 þús. dilkum. Samdráttur varð samt að magni til um 840 tonn af dilkakjöti. Hins vegar var kjöt af fullorðnu um 620 tonnum meira vegna mikillar slátrunar á fullorðnu fé. Heildarkjötframleiðslan haustið 1979 varð því um 220 tonnum minni en árið áður þrátt fyrir verulega fjölgun sláturfjár. Niðurstaða úr þessu dæmi varð sú, að í lok verðlagsársins skorti 3487 millj. kr. til þess að bændur gætu fengið fullt verð fyrir framleiðslu þess árs. Þetta fé var allt innheimt af framleiðendum með svokölluðu, verðjöfnunargjaldi.

Frv. þetta gerir ráð fyrir að þessum vandamálum verði mætt með því, að af 3 milljörðum kr., sem gert er ráð fyrir að ríkisstj. útvegi, verði 2 milljörðum þegar varið til endurgreiðslu verðjöfnunargjaldsins, sem alls nam nærri 3½ milljarði kr. Það, sem á skortir, beri því bændur sjálfir af framleiðslu þessa árs. 1 milljarði verði hins vegar varið til þess að greiða fyrir sölu á þeim birgðum sem óseldar voru í lok verðlagsársins eða til voru við upphaf þess verðlagsárs sem nú stendur.

Það fjármagn, sem hér er um að tefla, 3 milljarðar kr., er gert ráð fyrir í frv. að ríkisstj. útvegi, og má hugsa sér að það verði útvegað í fyrstu lotu með lántöku, en frv. gerir ráð fyrir að Byggðasjóði verði gert að leggja fram allt að 1 milljarði kr. að hámarki á ári í þrjú ár til endurgreiðslu á slíku láni.

Byggðasjóður fær samkv. lögum 2% af útgjöldum fjárlagafrv. Ef gert er ráð fyrir að þau lög séu haldin mundi Byggðasjóður fá, miðað við það fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir, um 6.4 milljarða kr. til ráðstöfunar. Nú er það svo, að samkv. því fjárlagafrv., sem fyrir liggur, eru þessi lög ekki haldin og framlög til Byggðasjóðs skert um 15%, en ekki er nú vitað hvernig um það mál fer. Það er þó ljóst að Byggðasjóður hefur verulega fjármuni til starfsemi sinnar. Enda þótt hlutverk hans sé þýðingarmikið er eðlilegt að því sé gefinn gaumur á hvern hátt hann geti sinnt í auknum mæli þörfum landbúnaðarins til viðbótar við það sem gert hefur verið á undanförnum árum.

Á það má benda, að á síðasta ári, þegar ráðstöfunarfé Byggðasjóðs var til muna minna en það ætti að vera á þessu ári, var Byggðasjóði gert að taka á sig greiðslur vegna afborgana og vaxta af fé til byggðalína sem nam 1130 millj. kr. Þetta var gagnrýnt þá, enda var þar um að ræða mun stærra hlutfall af ráðstöfunarfé Byggðasjóðs en hér er gert ráð fyrir að hann þurfi að taka á sig til að sinna landbúnaðinum. Deila má um hvort af þessum verkefnum sé eðlilegra hlutverk Byggðasjóðs. Ég vil þó halda því fram, að það sé a. m. k. ekki síður hlutverk Byggðasjóðs að koma til liðs við landbúnaðinn, eins og frv. gerir ráð fyrir, en að taka á sig skuldbindingar vegna raforkuframkvæmda.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efnisatriði þessa frv. í mörgum orðum. Ég sé ekki heldur ástæðu til þess, nema tilefni gefist til, að rekja sögu þessara mála hér á Alþ. í fyrravetur eða það sem þá var gert til að reyna að þoka þessum málum fram. Að því mun verða vikið ef tilefni gefst til. Hitt er ljóst, að landbúnaðurinn á við mikla erfiðleika að etja um þessar mundir. Hér hefur verið rakið að bændur hafi orðið að taka á sig um nálega 3½ milljarð vegna þess að verð hefur ekki fengist að fullu fyrir framleiðslu þeirra. Til viðbótar við það hafa á síðasta ári orðið óvenjuleg harðindi í landinu. Þessi harðindi hafa einkum lagst yfir landið norðanvert. Af þeim sökum er nú erfiðara um vik fyrir bændastéttina að taka á sig slíka bagga sem hér er um að ræða en ella væri. Hægt er að nefna nokkur dæmi um hvaða áhrif þessi harðindi hafa haft, enda þótt það verði ekki gert með neinu tæmandi móti.

Það er ljóst að vegna vorharðinda s. l. vor urðu bændur að taka á sig mjög aukinn fóðurkostnað í heilum landshlutum, og þó e. t. v. nokkuð misjafnlega eftir einstökum byggðarlögum. Að sjálfsögðu hefur þetta að nokkru leyti náð yfir landið allt. Þetta hefur verið athugað t. a. m. í fimm hreppum í Norður-Þingeyjarsýslu. Kom í ljós að í þeim fimm hreppum, sem eru tiltölulega fámennir, varð aukinn fóðurkostnaður s. l. vor samtals 725 millj. kr. Hér er því um mjög verulegan kostnaðarauka í þessum eina þætti að ræða.

Til vibótar var um að ræða aukna áburðarnotkun til að reyna að mæta fyrirsjáanlegum grasbresti. Þrátt fyrir það varð spretta léleg og heyfengur til muna minni, víða 10—20% minni en í meðalári. Grasleysi er í úthaga um norðanvert landið, þannig að sá peningur, sem þarf að beita á úthaga, hefur minna fyrir sig að leggja þar en venja er til. Af þessum sökum einnig urðu bændur að fækka bústofni sínum, og þó að því fylgi að vísu ekki tekjuskerðing á þessu ári mun það segja til sín á næsta ári og þegar fram í sækir.

Fallþungi dilka varð minni að heita má um land allt eða að 1.3—1.4 kg á dilk, en um norðanvert landið víðast hvar sem nemur 2—2½ kg á dilk. Af þessum sökum einum er um tekjuskerðingu að ræða sem á meðalsauðfjárbúi um norðanvert landið er víða á bilinu frá 1½—2½ millj. á bónda. Allt þetta kemur niður á nettótekjum bóndans, því að kostnaðurinn hefur ekki orðið minni þrátt fyrir að þessi áföll hafi orðið.

Ýmislegt fleira má tína til, sem ekki er þörf á að gera hér. Má t. d. nefna að garðræktin í landinu er talin hafa skilað á síðasta ári framleiðslu sem er 540 millj. kr. minna virði en árið áður.

Hið erfiða árferði segir auðvitað til sín á öllum sviðum landbúnaðarins. Þessar orsakir eru til þess að fjárhagsstaða bænda um s. l. áramót var til muna lakari — og miklu lakari víðast hvar a. m. k. — en hefur verið undanfarin ár. Af þeim sökum er miklu meiri þörf en ella að afgreiða það frv. sem hér liggur fyrir, og ég vænti þess, að hv. d. og hv. Alþ. taki frv. með því hugarfari og með þeim hætti að hér er um nauðsynjamál að ræða, sem ekki má dragast lengi að verði afgreitt.

Vissulega hefði verið ákaflega rík þörf fyrir að afgreiðslu frv. hefði lokið fyrir s. l. áramót, þannig að þá hefði verið hægt að greiða úr vegna þeirra skakkafalla sem bændur hafa orðið fyrir af þeim sökum sem að framan er lýst. Um það þýðir ekki að fást, eins og nú er komið, þó að það tækist ekki. Enn ríkari ástæða er þó til hins, að frv. fái nú greiða leið í gegnum Alþingi.

Ég sé að hv. þm. Stefán Valgeirsson o. fl. þm. ásamt honum hafa lagt fram frv. sem er svipaðs eðlis. Ég vil aðeins segja um það á þessu stigi, að ég vonast til að þeirri n., sem væntanlega fær þau frv. bæði til meðferðar, takist að verða sammála um afgreiðslu þessa máls. Um það skal auðvitað ekki spáð, en ég vonast til þess að svo megi til takast.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál, herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að segja fáein orð um þetta mál, sem hér hefur verið flutt, og vil þá fyrst geta þess, að það er að sjálfsögðu rétt, sem kom fram í máli hv. frsm., að liðið ár hefur á margan hátt verið landbúnaðinum mjög þungt í skauti, einkanlega, eins og hann sagði, um norðanvert landið, alveg sérstaklega norðaustanvert landið, og einmitt af þeim sökum langar mig að láta hér í ljós nokkrar hugleiðingar varðandi það frv. sem hér hefur verið flutt.

Frsm. gat þess, sem allt er rétt, að áburðarnotkun varð óvenjumikil, a. m. k. um norðanvert landið, vegna þess hve voraði seint og horfur voru iskyggilegar með grassprettu. Þannig er mér kunnugt um að sums staðar á rösku meðalbúi varð áburðarnotkun allt að 400—600 þús. kr. meiri en í venjulegu árferði. Við þetta bættist, að bændur urðu víða að kaupa verulegan fóðurbæti í vor sem leið, og loks það, sem flm. nefndi síðast, að garðrækt gaf mjög litla raun norðanlands, svo að til stórra vandræða horfði hjá þeim bændum sem þá búgrein stunduðu. Enn gat flm. þess, að fallþungi hefði verið mun minni hjá bændum víðast um land en var næsta ár á undan. Ég endurtek, að allt þetta var satt og samkv. upplýsingum sem fyrir liggja.

En þá vík ég að því, sem mér finnst nokkur mótsögn í málafærslu þeirra, sem flytja þetta frv., og kom fram hjá hv. frsm. sem flutti mál sitt áðan, — og ég reikna með að líkar röksemdir verði hjá þeim sem tala fyrir öðru frv. sem hér liggur fyrir líks efnis, — en það er, að mér hefur alltaf fundist, skilningsmunur milli ýmissa hér í hv. þd. og raunar báðum þd. og t. d. mín persónulega, að þessar aukaútflutningsbætur, sem farið er fram á að Alþ. veiti, eru hugsaðar sem eins konar uppbót á sérstaklega gott árferði, þ. e. a. s. ætlast til að ríkissjóður bæti bændum upp sérstaklega gott framleiðsluár. Til að rökstyðja þetta benda menn á næsta ár sem kom á eftir og var sérstaklega óhagstætt. Þarna finnst mér vera tvískinnungur í málflutningi. Mér finnst eðlilegt eins og gert var á s. l. ári, en þá voru settar á laggirnar nefndir til að kanna, hve mikið og hvar bændur hefðu sérstaklega orðið fyrir áfalli, og var komið fram með tillögur um að bæta úr slíku, sem mér fannst alveg rétt að fram kæmu og úr yrði bætt. En ef yrði farin sú leið, sem hér er lagt til og í öðru frv., sem hér liggur fyrir er í raun og veru ekkert verið að taka mið af því, að sums staðar var árið bændum alls ekki óhagstætt. Það er verið að gera öllum að því leyti jafnt undir höfði, þeim sem ekki varð fyrir skakkafalli og þeim sem hefur orðið fyrir skakkafalli, og þeir sem hafa mesta framleiðsluna fengju mest út úr svona fyrirgreiðslu. Það er þetta sem ég vildi koma á framfæri, að mér finnst sá hugsunarháttur, sem liggur á bak við þetta, ekki réttur.

Mér finnst óeðlilegt að vera að fara að auka útflutningsbætur fram yfir það sem lög mæla fyrir. Að sjálfsögðu finnst mér rétt að leitað sé eftir lagfæringu á vanda þeirra sem verða fyrir skakkaföllum, en ekki á þennan hátt. Og mig langar að lokum að kasta því fram: Hvað hefðu hv. flm. gert í þessu tilfelli hefði framleiðslan á þessu umrædda ári ekki verið sérstaklega góð, útflutningsbæturnar dugað? Hvernig hefði þeirra málflutningur þá verið varðandi aukna fyrirgreiðslu til bænda? Ekki var þá hægt að rökstyðja það með því, að ekki væru útflutningsbæturnar eins og lög mæltu fyrir. Það er þessi röksemd sem ég vildi heyra frá þeim, um leið og ég bendi á að mér finnst óeðlilegt að verið sé að kalla á auknar útflutningsbætur fyrir sérstaklega hagstætt framleiðsluár og rökstyðja það með því að næsta ár á eftir hafi verið sérstaklega mikið harðæri. Harðæri, mismunandi eftir landshlutum, verður að létta eftir öðrum leiðum en uppbótum á offramleiðslu búvöru.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Segja má að óþarft sé að kveðja sér hljóðs um þetta mál nú við 1. umr. Hvort tveggja er, að ég er einn af flm. þess, og svo hitt, að hv. 1. flm., 2. þm. Norðurl. v., hefur þegar gert glögga grein fyrir málinu.

Frv. þetta fjallar um greiðslu bóta vegna óverðtryggrar framleiðslu landbúnaðarvara. Það er alkunna, að í höfuðatvinnuvegum okkar skiptast á skin og skúrir. Sérstaklega á það við um landbúnaðinn, að hann er mjög háður tíðarfari, veðri og vindum. Og það er rétt, sem hér kom fram, að hvað tíðarfar snertir er mikill munur á árunum 1978 og 1979. En hæstv. landbrh. má ekki heldur gleyma því, að offramleiðsla er vandamál. Því má hann ekki telja að of mikils tvískinnungs gæti í þessu máli. Svo er það einnig, að nú á tímum er uppi í þjóðfélaginu launajöfnunarstefna sem segir að allir þegnar þjóðfélagsins eigi að fá sitt lágmarkskaup greitt, einnig bændur ekki síður en aðrir. Ef farið væri út í þá sálma að kryfja þá löggjöf, sem nú gildir, til mergjar mætti ábyggilega benda á að bændur hefðu verið hlunnfarnir í launmálum árum og jafnvel áratugum saman miðað við strangasta skilning á þeirri löggjöf sem nú gildir um þau efni.

Við hljótum allir að vera sammála um að það skiptast á skin og skúrir í landbúnaði. Árið 1979, sem nú er liðið, er eitt kaldasta ár á þessari öld og raunar frá því að reglulegar veðurathuganir hófust hér á landi fyrir u. þ. b. 135 árum. Það er því engin furða þó að slíkt tíðarfar skilji

eftir sig nokkur merki. Frv., sem hér liggur fyrir, er alfarið byggt á tillögum meiri hl. nefndar sem ríkisstj. skipaði til að athuga þessi mál, bæði vandamál vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarvara og svo þau vandamál sem leiddi af hinu kalda tíðarfari.

Ég vek einnig athygli á því, að þetta frv. fer alls ekki fram á að bændum verði greitt umrætt tjón að fullu. Það er hvað eftir annað tekið fram, bæði í 1. gr. frv. og grg., að bændum skuli bætt þetta tjón aðeins að nokkru leyti. Í 1. gr. segir: „til að bæta bændum að nokkru halla" o. s. frv. Í grg. er tekið fram, að stórlega skorti á að fullt verð hafi náðst fyrir framleiðslu síðasta verðlagsárs. Og í bréfi hæstv. landbrh. til nefndarinnar, þegar hún var sett á fót, er hún beðin að athuga málið þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst.

Í þessu frv. er það nýlunda að vísað er á Byggðasjóð til þess að greiða hluta af þeim bótum sem hér er lagt til að greiddar verði. Ég tel að hér sé bent til réttrar áttar. Á síðari tímum, skulum við segja, hefur hlutverk Byggðasjóðs verið fært út að nokkru leyti, eins og dæmin sanna, þannig að mér finnst rétt að hann láti einmitt til sín taka vandamál af því tagi sem hér um ræðir.

Það er dálítið einkennilegt, að frá því að sú nefnd, sem landbrh. setti á stofn, skilaði störfum hefur ekki verið hraður framgangur á þessu máli. Það liggur við að taka megi undir það sem segir í grg., að það hafi verið ámælisverður sofandaháttur í málinu. Vissulega er málið þess eðlis, að því hefði þurft að hraða meira en gert hefur verið. Þetta var eina málið sem sjálfstæðismenn fluttu á 101. löggjafarþingi. Nú sitjum við á 102. löggjafarþingi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál á þessu stigi, en að sjálfsögðu lýsa fyllsta stuðningi mínum við það. Ég leyfi mér að vænta þess, að það verði skoðað vandlega og áhersla lögð á að hraða för þess eftir hinni venjulegu boðleið á þessu löggjafarþingi.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Nokkur orð varðandi það frv. sem hér er nú til umr. — frv. til l. um greiðslu bóta vegna óverðtryggðrar framleiðslu landbúnarvara.

Í þessu máli hefur komið fram og kom fram á síðasta vetri eða síðasta ári nokkur samkeppni á milli Framsfl. og Sjálfstfl., sem lögðu fram nær samhljóða frv. um þetta mál.

Það leikur ekki nokkur vafi á að erfiðleikar bænda eru miklir um þessar mundir og margt, sem að þeim steðjar, sem veldur þeim leiða og illum draumförum. En það eru erfiðleikar hjá fleiri stéttum í þessu þjóðfélagi, eins og láglaunafólkinu í landinu sem enga reikninga getur sent þinginu.

Ég er tvímælalaust þeirrar skoðunar, að bændur þurfi á aðstoð að halda, en það er ekki svona aðstoð sem ég tel að bændur þurfi. Þetta heitir á mæltu máli að senda ríkissjóði reikning. Hér er komið með reikning fyrir fjárhæð sem er talsvert fyrir ofan þau mörk sem gildandi lög heimila, þ. e. a. s. 10% mörkin. Þetta er um leið lýsandi dæmi um þá röngu stefnu sem rekin hefur verið í landbúnaðarmálum. Ég minnist þess, að í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum sagði einn af helstu ráðunautum landbúnaðarins í þessu landi að fara yrði að marka einhverja stefnu í landbúnaðarmálum. Þeir menn, sem fyrr á árum hrópuðu hátt um aukna framleiðslu og stækkun búa, eru nú að bíta í gamla súra eplið. Þeir menn, sem hvöttu bændur til að stækka bú sín og auka búvöruframleiðsluna, eru líka að bíta í gamla súra eplið. Og þetta epli er býsna súrt, ekki aðeins fyrir þá, heldur fyrir alla skattgreiðendur í landinu. Við erum ekki að tala um nokkrar milljónir, við erum að tala um nokkra milljarða.

Ég held að það væri nær að fara að huga betur að því, sem rætt hefur verið, að auka og hraða rekstrar- og afurðalánum til bænda til að aðstoða þá og aðstoða þá á þann veg að það komi þeim raunverulega að gagni. Ég átti sæti í nefnd sem fjallaði nokkuð um það mál. Sú nefnd sendi ríkisstj. álit sitt og niðurstöður. Ég hef raunar ekki orðið var við að framkvmd yrði á því sem nefndin lagði til, og mun þar við að eiga sjálfan Seðlabankann.

Hér hefur verið minnst á að frv. þetta sé byggt að verulegu leyti á niðurstöðum svokallaðrar harðindanefndar. Ég vil minna á minnihlutaálit sem hv. þm. Eiður Guðnason lagði fram í þeirri nefnd um það mál sem hér er um fjallað. Þar er bent á aðrar leiðir, sem ekki skaðar að minnast örlítið á og rifja upp.

Í minnihlutaáliti þessu segir m. a. og er minnt réttilega á, að í gildandi lögum sé kveðið svo á, að útflutningsbætur skuli aldrei vera hærri en sem svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar.

„Ætíð hefur verið litið á þessa 10% reglu sem hámarksreglu og henni verið beitt þannig. Mjög hlýtur að teljast varhugavert að auka útflutningsbætur umfram þetta hámark sem bundið er í lögum, einkum þó er fyrir liggur að brýna nauðsyn ber til að lækka útflutningsbætur frá því sem nú er, enda almennur skilningur á því, að draga þurfi markvisst úr framleiðslu búvöru. Í stað þess að auka útflutningsbætur sýnist eðlilegt, vegna þess sérstaka vanda sem við er að etja, að útvega verði nokkurt fjármagn, t. d. 2 þús. millj. kr., til þess að koma að verulegu leyti til móts við bændur, þannig að útflutningur landbúnaðarafurða umfram útflutningsbótahámark í lögum lendi ekki á þeim af fullum þunga. Verði þessu sérstaka fjármagni að 3/4 hlutum úthlutað eftir framleiðslumagni fyrir tilstilli útflutningsbótakerfisins og að 1/4 til að auðvelda þeim bændum að hætta búskap sem þess óska.

Þessi fjárútvegun er ekki hugsuð sem viðbót við útflutningsbætur, heldur sérstök tímabundin fyrirgreiðsla, en þó með þeim skilyrðum, að eftirgreindar breytingar verði gerðar:

Hámarksákvæðið um 10% í framleiðsluráðslögunum miðist hér eftir við 10% af framleiðsluverðmæti sauðfjár- og nautgripaafurða eingöngu, m. ö. o. þeirra afurða sem út eru fluttar. Hámarksákvæðið miðist hér eftir við hvora afurðagrein um sig, þ. e. bætur á útflutning hvorrar fari ekki fram úr 10% af framleiðsluandvirði hennar sérstaklega. Sett verði sérstakt hámark á útflutningsbætur á hverja sölu, þannig að útflutningsbætur greiðist í hlutfalli við útflutningsverð, en fari aldrei yfir 10% af verðinu. Umboðslaun til söluaðila reiknist ævinlega af útflutningsverðinu einu."

Í framhaldi af þessu langar mig aðeins að minna á að á síðasta vetri urðu miklar umr. á þingi þegar einn hv. þm. upplýsti að Samband ísl. samvinnufélaga tæki umboðslaun af útflutningsuppbótum. Þetta er mál sem þingið hefur ekki kannað nægilega rækilega, og þetta mál hefur ekki fengið þá meðferð hér á þingi sem ég tel það þyrfti að fá, því að ef það reynist rétt að Samband ísl. samvinnufélaga taki umboðslaun af útflutningsuppbótum, sem eru skattfé almennings, þykir mér illa farið.

Skilyrðin voru fleiri.

Á næstu þremur árum eftir lok verðlagsárs 1979—1980 verði hámarkstölurnar í liðum 1) og 2) hér að ofan, þ. e. í minnihlutaáliti hv. þm. Eiðs Guðnasonar, lækkaðar í áföngum í 7%, þ. e. um 1% á ári.

Verðlagningarkerfi búvara verði tekið til endurskoðunar, þannig að greiðsla fyrir afurðirnar standi í beinu sambandi við söluverðmæti þeirra og markaðsaðstæður. Sérstaklega verði kannað hvort heppilegt sé að 1) komið verði á samningum milli bænda og mjólkurvinnslustöðva um mismunandi verð á mjólk eftir árstíðum og stiglækkandi verð á mjólk með auknu framleiðslumagni; 2) komið verði á samningum milli dilkakjötsframleiðenda og sláturleyfishafa um stiglækkandi verð á dilkakjöti með auknu framleiðslumagni.

Fjárfestingarstefnan í landbúnaði verði tekin til heildarendurskoðunar er miði að því að koma í veg fyrir framleiðsluaukningu. Fyrstu aðgerðir þeirrar endurskoðunar leiði til þess að jarðræktarframlög verði afnumin í áföngum á næstu þremur árum. Fjórðungi þess, sem þannig sparast, verði varið til stuðnings við nýjar búgreinar, svo sem garðyrkju, ylrækt, fiskeldi, framleiðslu svína-, hænsna- og nautakjöts. Öðrum fjórðungi þess, sem þannig sparast, verði varið til þess að aðstoða þá bændur er vilja hverfa frá búskap. Fjárfestingarlán verði ekki veitt til nýframkvæmda við peningshús yfir nautgripi og sauðfé næstu þrjú árin. Fjárfestingarlán verði ekki veitt til nýframkvæmda við vinnslustöðvar landbúnaðarafurða næstu þrjú ár.

Þetta kom fram í minnihlutaáliti hv. þm. Eiðs Guðnasonar þegar hv. harðindanefnd var að undirbúa þann reikning sem nú hefur verið sendur Alþ. og óskað er eftir að verði greiddur. Þær umr., sem hafa farið fram um landbúnaðarmál hér á hinu háa Alþingi, hafa snúist nær eingöngu um reikninga af þessu tagi, en minna um hvað gera skuli til þess að taka upp nýja og breytta stefnu í landbúnaði.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það er rangt hjá hv. síðasta ræðumanni að umr. hér á þingi um landbúnaðarmál hafi nánast eingöngu snúist um útflutningsbætur og það sem á hefur skort þar. Á þinginu 1978—1979 voru hér ákaflega miklar umr. um stefnumörkun í landbúnaði. Einnig hafa legið fyrir þinginu tillögur um stefnumörkun í landbúnaði. Hér er aðeins um einn þátt í vandamálum landbúnaðarins að ræða, þ. e. a. s. skort á útflutningsbótum til að jafna verð á milli þess, sem er selt innanlands, og hins, sem er flutt út. Það er mikilvægur liður í slíkri stefnumörkun. Því þótti mér það misskilningur, sem kom fram hjá hæstv. landbrh. áðan, að ekki bæri að veita viðbótarútflutningsbætur af því að árið hefði verið gott. Raunar er ekki um slíkt að ræða. Reyndar var s. l. ár sérstaklega erfitt. Um er að ræða víðtækt samkomulag við bændur um stefnumörkun í landbúnaði, að draga á nokkurra ára bili úr umframframleiðslu vissra landbúnaðarafurða, þ. e. a. s. sauðfjárafurða og mjólkurframleiðslunni, ná henni sem næst niður í það sem þarfir þjóðarinnar og iðnaðarins ákveða, en jafnframt í staðinn að veita bændum aðstoð vegna þess tekjumissis sem þeir hafa orðið fyrir á undanförnum árum. Þetta er kjarni málsins. Þetta tvennt er tengt saman og ber að skoða það saman, þótt hér verði að sjálfsögðu að afgreiða þessi mál sitt í hvoru lagi. Það er ákaflega mikilvægt, þegar til framtíðarinnar er litið, að ná samstöðu við bændur um framleiðslumagn sem hentar okkur Íslendingum.

Í frv. að framleiðsluráðslögum er gert ráð fyrir að taka upp beina samninga við bændur um framleiðslumagn. Þar er gert ráð fyrir að framleiðslumagnið verði ákveðið og ábyrgð veitt fyrir fullri greiðslu þess framleiðslumangs. Þannig ætti að vera unnt, með þó vissum og mjög nauðsynlegum hliðarráðstöfunum, að ná framleiðslu á búsafurðum niður án þess að það skaði bændur tilfinnanlega og án þess að byggðaröskun verði. Þetta eru lykilatriði sem verður að hafa í huga þegar svo vandasamt mál er til umfjöllunar.

Mér þykir undarlegt að hlusta á menn tala annars vegar um tekjujöfnuð í þjóðfélaginu, en mæla því svo bót hér að bændur verði nánast teknir kverkataki og snúnir niður, því um það er að ræða. Það er í raun og veru eina lýsingin sem hægt er að hafa á tillögum minni hl. í svokallaðri harðindanefnd. Þar á að nota sér örðugleika landbúnaðarins og knýja fram framleiðslusamdrátt, ekki í samráði við bændur, heldur með slíkum brögðum.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vesturl., að dregist hefur að afgr. málið. Það brást að tækist að afgr. málið s. l. vor, þegar komið var með útgöngu í veg fyrir að það fengi hér afgreiðslu. Þetta muna menn. Menn vita að sjálfsögðu einnig, að ekki var samkomulag í harðindanefnd. Fulltrúi eins stjórnarflokksins var á móti meirihlutaálitinu og því ekki samstaða í ríkisstj. um að afgr. málið. Þess vegna voru þessi mál flutt sem þmfrv. á þingingu í október, og það endurtekur sig nú. Þetta að sjálfsögðu skýringin sem allir menn þekkja.

En á þeim tveimur frv., sem hér liggja fyrir, er einn munur, og hann er sá, að í því frv., sem nú er til umr., er gert ráð fyrir að endurgreiða 3 milljarða úr Byggðasjóði. Ég vil lýsa andstöðu minni við það. Ég held að verkefni Byggðasjóðs séu svo gífurlega mikil að ekki beri að skerða hann um slíka fjárupphæð. Ég hygg að ég hafi tekið rétt eftir því, að hér liggi einnig fyrir þáltill. um að Byggðasjóður jafni raforkuskostnað í landinu. Þetta er dæmi um annað stórt verkefni. Og sannarlega vaknar einnig sú spurning, hvort heimilt sé að ráðstafa fjármagni Byggðasjóðs í því skyni sem hér er gert ráð fyrir. Byggðasjóður hefur hingað til veitt lán eingöngu til framkvæmda, en ekki til rekstrar. Lögð hefur verið mikil áhersla á að greina þar á milli. Ég skal ekki útiloka þetta þó, en þarna er um verulega stefnubreytingu að ræða, og ég leyfi mér að fullyrða að verkefni Byggðasjóðs í alls konar framkvæmdum, t. d. til þess að lækka raforkukostnað um landið, séu gífurleg og sannarlega verðug og það nauðsynleg að fremur þyrfti að auka fjármagn Byggðasjóðs en að draga úr því. Ég lýsi því efasemdum mínum um þá hygmynd sem kemur fram í þessu frv. um að endurgreiða umrætt lán úr Byggðasjóði.

Fram kom áðan hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., að Samband ísl. samvinnufélaga tæki umboðslaun af útflutningsbótum. Nú má ætið um það deila af hverju slíkur kostnaður er reiknaður. En ég get upplýst hér, að þessu fyrirkomulagi var breytt. Starfandi er samstarfsnefnd með sláturleyfishöfum og búvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga. Hún skiptir þeim kostnaði, sem verður við þá þjónustu sem búvörudeildin veitir og við þann útflutning sem hún tekur að sér, niður á afurðir og sláturleyfishafa, ekki lengur sem hundraðstölu, heldur sem krónutölu. Þetta mun vera reiknað, að því er ég best veit, í tvennu lagi: annars vegar fast gjald fyrir ákveðna þjón-

ustu, sem samstarfsnefndin óskar eftir, og hins vegar svo og svo mikið á hvert kg þegar um útflutning á t. d. kjöti er að ræða. Hitt breytist að sjálfsögðu ekki, að upphæðin verður svipuð. Því má satt að segja um það deila, hvort er hagkvæmara að skipta henni niður eftir á sem hundraðshluta og þá á hvað. En þarna er sem sagt greiddur kostnaður og skiptingu hans var breytt að ósk minni. — Ég vil að þetta komi hér fram, þar sem það var nefnt áðan.

Ég vil að lokum lýsa einnig þeirri von minni, að þessi aðstoð við bændur fái fljóta afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi. Málið hefur dregist, eins og fram hefur komið. Vandamálin í landbúnaði eru gífurlega mikil, ekki bara af þessari ástæðu, heldur einnig vegna þeirra harðinda sem yfir hafa gengið.

Mér þykir mjög leitt til þess að vita, hvað dregist hefur úr hömlu að veita þá aðstoð sem ákveðin var og samþ. af fyrrv. ríkisstj. og með brbl. af núv. ríkisstj. ákveðið á hvern máta skuli með fara í Bjargráðasjóðnum. Þykir mér satt að segja undarlegt að ekki skuli vera gengið í það af meiri hörku að ná því fjármagni sem nauðsynlegt er til þess að afgr. þessi mál. Mér sýnist ekki fylgja mikil alvara.

En ég vil jafnframt leggja á það höfuðáherslu, að halda verður áfram þeirri stefnumörkun sem var í undirbúningi, en eins og ég sagði áðan er það mál, sem hér er til umræðu, aðeins liður í henni. Það er ekki síður stóra málið, hvað menn ætla að gera á næstu árum. Eftir því sem ég best veit er viðbótarútflutningsbótaþörfin á því ári, sem nú er hafið, um 6 milljarðar. Þetta stafar að hluta af því að mjög miklu hefur verið slátrað. Að sumu leyti koma tekjuerfiðleikar bænda af þessu fram á næstu árum. Þetta er einnig liður í hinu mikla vandamáli landbúnaðarins og sýnir glöggt að ekki verður lengur svo áfram haldið. Þetta skilja bændur ekki síst sjálfir. Það hefur komið mjög greinilega fram hjá bændum. Bændur hafa sjálfir leitað leiða til að fá á þessu breytingar. Þess vegna legg ég á það höfuðáherslu að unnið verði með bændum að þessari stefnumörkun og þeirri breytingu sem er nauðsynleg upp á framtíðina. Það er kannske stærsta málið.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég tel mig ekki á þessu stigi þurfa að hafa mörg orð um frv., sem hér liggur fyrir til umr., en ég sé þó ástæðu til að koma að vissum atriðum í máli 6. þm. Norðurl. e., Árna Gunnarssonar. Hann ræddi, að ég tel, um þetta frv. út frá allt öðrum forsendum en fyrir því liggja að það er flutt.

Hann virtist leggja á það megináherslu að hér væri aðeins verið að hækka útflutningsbæturnar og það mundi gefa fordæmi til þess að því yrði haldið áfram. Það er síður en svo að það liggi fyrir við framlagningu frv. Eins og var tekið fram af frummælanda var að ráði ríkisstj. skipuð nefnd til að fjalla um erfiðleika bænda, m. a. til að finna lausn á vandamáli þeirra vegna söluerfiðleika erlendis. Ég vil benda á það, sem er prentað í fskj. með þessu frv. úr grg. og tillögur meiri hl. harðindanefndar, þar sem segir á bls. 2, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem skapast hafa vegna óheftrar framleiðslu undangenginna ára telur meiri hl. nefndarinnar rétt að lagt verði fram fé að þessu sinni til viðbótar lögboðnum útflutningsbótum. Meiri hlutinn álítur að hinar nýju heimildir Framleiðsluráðs til aðgerða, sem ætlað er að koma skipulagi á framleiðslu landbúnaðarvara, muni fremur ná því marki að aðlaga framleiðsluna þörfum þjóðarinnar, ef ekki þarf að fást við fjárhagsvanda frá fyrri árum og söluerfiðleika vegna eldri birgða."

Þetta er meginatriði við flutning þessa frv. og varðandi þau úrræði sem nefndin lagði til að beitt yrði í þessu efni.

Það er algerlega óskiljanlegt að láta sér það um munn fara, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði áðan, að hér væri verið að koma óeðlilega á móti erfiðleikum sem bændur hafa orðið fyrir. Hann sagði í því sambandi, að það væru fleiri í erfiðleikum í landinu, svo sem láglaunafólkið, sem ekki gæti sent Alþ. reikning. Hvaða reikning hafa bændur sent Alþingi? Það væri kannske ekkert óeðlilegt að þeir hefðu gert það, því að það verðjöfnunargjald, sem þeir hafa orðið að taka á sig, lækkar vitaskuld beint tekjur þeirra sem nemur trúlega um 3/4 úr millj. á hvern bónda í landinu. Það er beint tekið af launum þeirra. Mér þætti það heldur ekkert óeðlilegt, þó að þeir, sem hefðu orðið fyrir slíku skakkafalli af öðrum launamannahópum í landinu, hefðu vakið athygli Alþingis á því, að úr því þyrfti að bæta. Það hefði ég talið mjög eðlilegt.

Í öðru lagi vil ég aðeins koma að því, sem er aðalefnið í sérstakri bókun minni á fundi harðindanefndar á síðasta starfsdegi hennar, 28. júlí s. l. Þar lagði ég til að Byggðasjóði yrði gert að leggja fram 1 milljarð kr. á ári að hámarki á næstu þremur árum til greiðslu þessarar viðbótarfjárveitingar ríkissjóðs.

Aðfinnslur hafa komið úr tveimur áttum um þetta frv. og þá fjármagnsráðstöfun sem hér er gert ráð fyrir: annars vegar um, að hér væri verið að skattleggja almenning vegna stuðnings við bændur, og hins vegar, að nú væri lagt til að taka það fjármagn af Byggðasjóði og, eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði áðan úr þessum ræðustól, vafasamt væri að heimilt væri að ráðstafa fé Byggðasjóðs með þeim hætti. Ég er þeirrar skoðunar að Alþ. sé fullkomlega heimilt að ráðstafa fé Byggðasjóðs með þeim hætti. Það mundi vera auðvelt að rökstyðja að einmitt þessi stuðningur við bændur mundi verða til þess að viðhalda byggð í landinu þar sem hún er tæpust fyrir, en það er einmitt verkefni Byggðasjóðs að stuðla að því, að byggðin haldist og einkum þar sem henni er hættast að falla niður. Ég tel því að ekki sé vafa undirorpið að þetta falli undir eðlilegt starf Byggðasjóðs. — Fordæmi eru fyrir, eins og kom fram áðan í máli fyrsta flm. þessa frv., að fé Byggðasjóðs hefði verið ráðstafað af Alþ. Er þar skemmst að minnast ráðstöfunar til byggðalína við fjárlagagerðina 1978, ef ég man rétt, fyrir árið 1979.

Það, sem fyrst og fremst vakti fyrir mér með því að leggja þetta til, var að ég tel að í síðustu lög eigi að auka skattheimtuna til að auka samhjálp sem þessa fyrir bændurna í landinu. Þess vegna taldi ég að eðlilegt væri og sjálfsagt að reyna að brúa þetta bil með þeim hætti sem ég lagði til.

Ég vil einnig koma að því, að ekki hefur verið gert neitt til að kanna þær leiðir til frekari jöfnunar í þessum erfiðleikum sem ég lagði til í minni sérstöku bókun, og það var, hvort sláturleyfishöfunum væri ekki fært að koma hér til móts við bændur með því t. d. að endurgreiða hluta af þeim slátrunarkostnaði sem þeir höfðu innheimt, sem eru rúmar 300 kr. á kg af dilkakjöti, með því að fresta afskriftum um eitt ár og draga að nokkru úr viðhaldskostnaði sláturhúsanna. Mér vitanlega hefur ekkert verið gert til að kanna hvort slíkt væri fært. Það mætti segja mér að slíkt hefði ekki þurft að koma illa við

sláturhúsin og jafnvel að þeirra staða væri sú á þessum tíma að það hefði verið þeim fært. En ekki var farið fram á það við þau. Það á sjálfsagt eftir að koma betur í ljós þegar uppgjör liggur fyrir frá þeim aðilum sem hér koma við sögu.

Hér var lítils háttar komið inn á að útflutningsdeild Sambands ísl. samvinnufélaga tæki umboðslaun af útflutningsbótunum. Ég benti á það sem vissa leið til að draga úr gjaldheimtu af bændum að athugað yrði hvort ekki væri unnt að fá afslátt af þessum umboðslaunum frá þeim, sem um málið fjallaði, eða þeim, sem flytja út. Mér vitanlega hefur ekki verið kannað hvort slíkt væri fært. Hins vegar geri ég ekki ráð fyrir að það mundi breyta stórum kostnaði við útflutninginn hvor aðferðin er notuð, að taka umboðslaunin af allri upphæðinni að útflutningsbótunum meðtöldum ellegar að leggja aðeins á söluverðið við útflutninginn. Hitt er annað mál, að ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að ekki eigi að leggja á allt útflutningsverðið að bótunum meðtöldum, heldur á það verð sem fæst fyrir vöruna, þótt hún sé ekki nema hluti af raunverulegu verði. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að fara eigi inn á þá leið, vegna þess að hún gæti orðið hvati til þess að ná sem allra bestum árangri í útflutningi. En þegar útflutningsfyrirtækið veit fyrir fram hvað það fær mikið fyrir að flytja út vöruna, hvort sem það fær mikið fyrir hana á erlendri grund eða ekki, þá er það ekki hvati til þess að ná bestu niðurstöðu.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. taldi að nokkur skilningsmunur, ef ekki tvískinnungur, væri fólginn í þessu frv. hjá okkur flm. og skilningsmunur hjá honum og okkur á því, hvort ætti, eins og hann orðaði það, að kalla það yfir ríkissjóð að bæta upp sérstaklega gott framleiðsluár þegar annað vont fylgdi á eftir og hvort það væri m. ö. o. hlutverk ríkissjóðs að leggja fram aukið útflutningsbótafé þegar harðæri fylgdi á eftir góðæri.

Ég vil segja það við hæstv. ráðh., að vel má vera að framsetning í frv. eða grg. frv. svo og í máli mínu í framsöguræðu minni hafi orðið til þess að einhver misskilningur hafi slæðst í hug hæstv. ráðh. hvað þetta snertir. Ég vil taka það skýrt og skorinort fram, að verðlagsmál landbúnaðarins og verðtryggingarmál landbúnaðarins og góðæri eða harðæri í landinu eru sitt hvað. Ráðstafanir, sem grípa þarf til af hálfu opinberra aðila til að mæta harðæri í landi, hvort sem það harðæri snertir landbúnaðinn eða aðrar atvinnugreinar, eiga ekki skylt við verðtryggingarmál eða verðlagsmál í framleiðslugrein þessa atvinnuvegar að örðu leyti en því, að þegar svo vill til, eins og nú hefur gerst, að bændur hafa í þessu tilviki þurft að skerða bústofn sinn stórlega vegna harðæris og afleiðinga harðæris er vart hugsanlegt að til viðbótar þeim vandræðum, sem af harðærinu stafar að öðru leyti fái þeir ekki fullt verð fyrir þá framleiðslu sem þeir þannig fá við það að skerða bústofn sinn.

Hins vegar er það svo, að þegar ég mæli fyrir þessu frv., og ég hygg að svo sé með flesta þá sem skilja málefni landbúnaðarins, og þegar um þau mál er rætt á þessari stundu er þörfin enn þá brýnni fyrir aðgerðir þegar slíkt harðæri hefur gengið með þeim afleiðingum sem við höfum hér rætt um, þá er enn þá brýnna að koma til móts við bændur í sambandi við þá miklu vöntun sem er á að þeir geti fengið fullt verð fyrir framleiðslu sína. Ég tel t. d. að harðæri þurfi á ýmsan hátt að mæta á annan hátt en með auknum verðlagsbótum, og að þessu hefur að vissu leyti verið nokkuð hugað af hæstv. ríkisstj., a. m. k. hæstv. fyrrv. ríkisstj., og sett nefnd á laggir til að athuga þau mál. Það verð ég hins vegar að segja, að ýmislegt í þeim ráðstöfunum var með þeim hætti að bændum hnykkti nokkuð við þegar bréf bárust um það síðari hluta sumars að þeir ættu kost á aðstoð frá Bjargráðasjóði vegna aukins fóðurkostnaðar af völdum harðindanna með þeim hætti að um lán væri að tefla með fullri verðtryggingu. Ég hitti marga bændur sem voru mjög undrandi á þeirri afgreiðslu og þeirri fyrirhuguðu aðstoð, sem þeir töldu sama sem enga aðstoð.

Ég hagaði frumræðu minni þannig að ekki væri áreitnistónn í neinni setningu, og ég vil ekki ljúka þessum urm. á þann hátt að ég fari að deila á það sem gert hefur verið í þessum málum. Aðalatriðið fyrir mér er að eftir allan þann drátt, sem orðið hefur á að afgreiða málið og mæta vanda bænda í þessu tilliti, verði nú reynt að þoka málinu fram. Ég vil þess vegna svara þeirri spurningu hæstv. ráðh., sem hann endaði mál sitt á, þ. e. hvað menn ætluðust til að ríkissjóður gerði ef útflutningsbætur hefðu nú dugað, með því að þá hefði auðvitað alls ekki verið flutt frv. af þessu tagi. Þá hefðu bændur fengið fullt verð fyrir framleiðslu sína. Þá hefði ekki verið um það að ræða, sem hv. þm. Árni Gunnarsson orðaði svo smekklega — eða hitt þó heldur, að senda ríkissjóði reikninginn. Þetta skýrir það, að hér er um tvenns konar mál að ræða. Þá væri einungis við þann þátt málsins að eiga sem snertir vandræði vegna harðindanna, en ekki vandræði að því er snertir það að fullt verð fengist ekki fyrir framleiðslu. — Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um ræðu hæstv. ráðh.

Hv. þm. Árni Gunnarsson sagði að í þessu máli væri eins konar samkeppni á milli Sjálfstfl. annars vegar og Framsfl. hins vegar. Vel má vera að honum þyki þetta bera keim af samkeppni. Hv. þm. ætti þó að vita að mestan þann tíma, sem sá vandi hefur blasað við sem hér er verið að flytja frv. um að ráða bót á, hefur Framsfl. haft forustu í ríkisstj. í landinu og Alþfl. átt aðild að þeirri ríkisstj. Það var vitaskuld hlutverk þeirrar ríkisstj. að leysa þetta mál. Það er ekkert einkennilegt við að fulltrúar Sjálfstfl., sem mestan þennan tíma voru í stjórnarandstöðu, hafi á stundum rekið á eftir því að málið væri afgreitt. Og það er ekkert einkennilegt við að við sjálfstæðismenn flyttum frv. það, sem hér liggur fyrir, þegar á haustþinginu í okt., vegna þess að þá örlaði ekki á því að sú hæstv. ríkisstj., sem þá var að liðast í sundur, hefði sýnt nokkra tilburði til að koma í framkvæmd þeim tillögum stjórnskipaðrar nefndar sem skilaði áliti 28. júlí. Vilji hv. þm. Árni Gunnarsson kalla þetta samkeppni er það hans mál. Við þm. Sjálfstfl., sem stöndum að þessu frv., flytjum það til að sýna fram á að við viljum leysa málefni landbúnaðarins hvað þetta snertir á þann hátt sem frv. greinir, og við höfum lagt frv. fram bæði á haustþingi og eins á 102. löggjafarþingi, þegar eftir að það kom saman, þannig að ekki er við okkur að sakast á þessum tíma hvernig að máli er staðið.

Ég ætla ekki að ræða við hv. þm. Árna Gunnarsson mörgum orðum um stefnu í landbúnaði. Hann taldi þetta frv. lýsandi dæmi um ranga stefnu, það væri ávöxtur rangrar stefnu í landbúnaði, það væri súrt epli sem nú þyrfti að bíta í, bæði af hálfu ríkisins og af hálfu skattborgaranna í landinu. Ég ætla ekki að ræða við hann um þetta mál mörgum orðum að öðru leyti en því, að eins og

kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf. var á síðasta Alþ. allmikið rætt um stefnu í landbúnaði. Við þm. Sjálfstfl. lögðum fram till. okkar um þau mál, og það var tekið fram í grg. þeirrar till. að þangað til sú stefna væri orðin virk þyrfti að mæta þeim vandamálum, sem augljós væru, með sérstökum bráðabirgðaráðstöfunum. Þetta frv. er til að mæta bráðabirgðaástandi þangað til ný stefna í landbúnaði er orðin virk. Ég ætla ekki að gefa neinar yfirlýsingar um að það kunni ekki að þurfa að gera slíkt aftur, ef hin nýja stefna hefur ekki náð fram að ganga og orðið virk í raun. Horfur á þessu verðlagsári eru þess eðlis að mér sýnist að að einhverju leyti þurfi þar að mæta vanda sem ekki er að fullu ljós enn, enda þótt 1 milljarður af þeim 3, sem hér er lagt til að útvegaðir verði, eigi samkv. frv. að fara til þess að greiða fyrir sölu á birgðum búsafurða í upphafi þessa verðlagsárs.

Hér hefur verið svarað því sem hv. þm. talaði um umboðslaun. Það er vel ef þar er orðin breyting á, eins og hv. 2. þm. Vestf. gaf upplýsingar um. Ég vil aðeins segja að ef ætti að haga stefnunni í landbúnaðarmálum að forskrift þeirra hv. þm. Alþfl., t. a. m. að hefta gersamlega alla fjárfestingu í landbúnaði, afnema jarðræktarframlög, sem þurfti enga sérstaka ráðstöfun til ef komið væri í veg fyrir framkvæmdir, er hér aðeins eitt dæmið enn um hug þeirra hv. þm. Alþfl. í garð landbúnaðarins og bændastéttarinnar og hvern þátt þeir vilja að þessi framleiðslugrein eigi í framtíðinni í uppbyggingu þjóðarbúsins, í framleiðslu þjóðarinnar og til þess að veita verulegum hluta fólksins í landinu atvinnu og afkomu. Þetta ætla ég ekki að ræða frekar. Hér er aðeins eitt dæmi enn um hug þeirra í þessu efni.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, fyrrv. landbrh., sagði að hann væri andvígur því, að Byggðasjóður yrði þarna að mæta 3 milljarða kr. fjárútvegun með því að taka á sig að endurgreiða slíkt lán á þremur árum, og það væri hæpið að slíkt samrýmdist lögum um sjóðinn. Ef hv. þm. hefði verið inni í salnum hefði verið ástæða til að minna hann á það, að þegar hann var ráðh. í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar var það ein af ráðstöfunum þeirrar hæstv. ríkisstj. að skerða ráðstöfunarfé Byggðasjóðs um 1130 millj. kr. með því að láta hann taka á sig afborganir og vexti af skuldum sem hvíldu á ríkissjóði vegna tiltekins verkefnis. Þegar hv. þm. er kominn úr ráðherrastólnum telur hann óheimilt og ekki mögulegt að Byggðasjóður taki á sig 1 milljarð kr. á ári til að létta undir með bændum á þessu sviði! Ég finn ekki samhengið hér á milli, ég verð að biðja velvirðingar á því. Ég finn ekki samhengið hér á milli. Eins og ég rakti í framsöguræðu minni breytast tölurnar ört þessi árin. Ég hygg að ég muni það rétt að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs hafi á síðasta ári verið sem svarar rúmum 4 milljörðum kr., en á þessu ári ætti það samkv. fjárlagafrv., sem frammi liggur, að vera á milli 6.4 og 6.5 milljarðar kr., ef lög um sjóðinn eru haldin. Þess vegna er hér um miklu minni hluta af ráðstöfunarfjármagni Byggðasjóðs að ræða þegar á þessu ári en er það var skert í ráðherratíð hv. þm. Steingríms Hermannssonar. Þetta held ég að sé skýrt. Það verður að reyna á hvaða skilning Alþ. hefur á þessu efni.

Ég ætla ekki að fara að ýfa upp neinar umr. um forsögu þessa máls frekar og ekki ræða frekar um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að mæta þörfum bænda vegna harðindanna sérstaklega. En þar var að ýmsu leyti á þann veg að staðið að bændum hnykkti nokkuð við. Ég skal ekki fara út í þá sálma frekar að sinni, vegna þess að ég lít svo til að ástæða sé til að koma þessu máli áfram og láta þar með umr. lokið.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð til áréttingar því sem ég sagði áðan.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson taldi að í orðum mínum hefði falist andstaða við launajöfnun. Ég finn ekki að það felist sérstök launajöfnun í þessu frv., því að það er verið að óska eftir að þeir, sem höfðu mesta framleiðslu, fái mest út úr þeirri viðbót sem hér er verið að leggja til að ríkið greiði. Hins vegar má kannske segja að þetta sé launajöfnunarhugsun af þeirra hálfu gagnvart öðrum stéttum. Hitt stendur óhaggað, að þeir bændur, sem hafa haft mesta framleiðsluna fá mest út úr þessu með því að þessi leið verði farin.

Þá langar mig að víkja að öðru, sem hér kom fram. Það var varðandi lán úr Bjargráðasjóði sem var drepið á áðan, að það væru vond kjör og nánast óaðgengileg að fá þau lán vaxtalaus, en verðtryggð. Þetta get ég ekki skilið. Mér finnst vildarkjör að fá lán vaxtalaust, þó að þau séu verðtryggð, og ekki geti nokkur stétt ætlast til að fá betri kjör. Ekki veit ég annað en fjármagn hafi verið útvegað í þessi lán í Bjargráðasjóð, og mér kemur á óvart ef það er ekki. Hitt kann að vera, að seint gangi að afgreiða harðindalán úr sjóðnum vegna þess að seint berist þau gögn sem þarf til að lán sé afgreitt. Það hef ég náttúrlega ekki kynnt mér vegna þess að þetta er í öðru rn. en því sem ég veiti nú forstöðu, en ekki hefur komið kvörtun um þetta í mín eyru.

Loks vil ég víkja að því síðasta sem mér þótti athyglisvert af því sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði, þ. e. að ef framleiðsla bænda hefði þetta umrædda verðlagsár ekki verið meiri en svo að hún hefði selst á innlendum markaði, auk þess sem 10% útflutningsuppbætur fengjust út á, hefði þessi reikningur ekki komið fram. M. ö. o.: það var staðfesting á því sem ég var að halda fram áðan, að reikningurinn kemur fram vegna meiri framleiðslu, betra árferðis en var gert ráð fyrir. Það er verið að óska eftir því að góðærið, aukaframleiðslan sé greidd aukalega.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 11. fundur.

Þriðjudaginn 15. jan., kl. 2 miðdegis.

Þjónusta strandstöðvarinnar í Hornafirði, fsp. (þskj. 37). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 37 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„Eru fyrirhugaðar breytingar á þjónustu strandstöðvarinnar á Höfn í Hornafirði (Hornafjarðarradíó)?

Ef svo er: Í hverju eru þær breytingar þá fólgnar og hvaða afleiðingar gætu þær haft fyrir öryggi og þjónustu á þessu svæði?

Fsp. er fram borin vegna þess að heimamenn hafa fyrir satt að ráðgert sé að loka þessari stöð frá miðnætti til 8 á morgnana, þá verði lokað fyrir alla þjónustu jafnvel

lengur eða frá 10 á kvöldin og stytting þjónustu um helgar sé einnig ráðgerð. Í þess stað yrði um þjónustu frá Gufunesradíói að ræða frá þessum tíma, þ. e. að hlustun og sending færi fram með fjarstýringu. Samkv. upplýsingum frá yfirmanni stöðvarinnar á Höfn er þjónusta þar nú þessi, með leyfi hæstv. forseta:

Þjónustan er, eins og á öllum öðrum strandstöðvum Pósts og síma, öll neyðar-, öryggis-, háska- og almenn þjónusta við báta, skip og bíla.

Neyðarþjónusta er nr. eitt í þessu og er undir hinum venjulegu kringumstæðum er bátar, skip eða bílar, jafnvel einstaklingar á landi, eru í neyð.

Öryggisþjónustan: Veðurspá lesin fimm sinnum á sólarhring mánuðina okt.—apríl og fjórum sinnum allt árið, tilkynningarskylda íslenskra skipa, forgangur um læknisaðstoð ef svo ber undir.

Í þriðja lagi háskaþjónusta: Lesnar tilkynningar um reka og annað sem gæti verið hættulegt sjófarendum. Hjá Hornafjarðarradíói er mikið um að gefnar séu upplýsingar um Hornafjarðarós sem eins og menn vita er einn sá varasamasti hér á landi.

Almenn þjónusta: Samtöl, skeytamóttaka, skilaboð, upplýsingar um skip og báta o. fl., símavarsla í næsta nágrenni Hafnar eftir lokun símstöðva, þ. e. Lón, Mýrar, Suðursveit og Öræfi. Jafnframt fer skeytamóttaka frá Höfn um loftskeytastöðina.

Jafnframt skal benda á ýmsa aðra mikilvæga þjónustu sem ekki er hægt að flokka undir beina þjónustu Pósts og síma.

Verði breyting á opnunartíma strandstöðvarinnar má glöggt sjá af þessu, að margt muni færast til verri vegar, og því von að heimamenn, sýslunefnd, hreppsnefndir á svæðinu og hin ýmsu félagasamtök beri ugg í brjósti varðandi þetta, enda hafa þeir aðilar sent frá sér áskorun til stjórnvalda um þetta mál, sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi forseta:

„Vegna fyrirhugaðrar breytingar, er hafa mun í för með sér verulega skerðingu á þjónustu Hornafjarðarradíós, skorum við undirrituð á yfirstjórn póst- og símamála í landinu að gera hér engar breytingar á, enda reynslan mjög góð miðað við núverandi ástand.

Á það skal bent, að lokun Hornafjarðarradíós að næturlagi mun mjög draga úr öryggi og þjónustu við báta og löggæslu svo og einnig torvelda íbúum vestustu hreppa Austur-Skaftafellssýslu að ná til læknis, einnig fólki austur til Djúpavogs. Þjónusta um Gufunesradíó getur aldrei komið að fullu í stað þjónustu hér, m. a. vegna eftirtalinna atriða:

1. Möguleika á bilun í rafkerfi, rafmagnsleysi þegar veður eru hvað verst, en þá einmitt er einna oftast þörf á neyðarþjónustu.

2. Vegna þekkingar starfsmanna við Hornafjarðarradíó á aðstæðum og hvernig á að bregðast við vandanum hverju sinni.

Að endingu virðist skorta rök fyrir þessum aðgerðum, en fækkun starfsmanna eða starfsmanns við Hornafjarðarradíó mundi mjög líklega kalla á starfsmannaaukningu hjá Gufunesradíói."

Undir þetta eru svo undirskriftir sýslumannsins á Höfn í Hornafirði, oddvita hreppanna í Austur-Skaftafellssýslu og fjölmargra félagasamtaka sem mál þetta snertir að einhverju leyti.

Nauðsyn er á því að fá staðfestingu hæstv. ráðh. á því, hvort þessar breytingar eru fyrirhugaðar og hver séu þá rökin og hvað yfirstjórn þessara mála segir varðandi öryggi og þjónustu ef af breytingum verður frá því sem nú er.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 2. þm. Austurl. vil ég segja þetta:

Það er óhemjudýrt að halda uppi vakt allan sólarhringinn allt árið um kring. Sérstaklega varð slíkt dýrt eftir samningana sem gerðir voru við opinbera starfsmenn 1977. Því er eðlilegt að við og við sé kannað hjá fyrirtæki á borð við Póst og síma — og ætti auðvitað að gera slíkt hjá fleiri fyrirtækjum og oftar — hvort draga megi úr kostnaði sem þessum án þess að skerða þjónustuna við borgarana um of.

Að undanförnu hefur farið fram athugun á því, hve mikið muni kosta að fjarstýra öllum tækjabúnaði loftskeytastöðvarinnar á Höfn í Hornafirði frá Gufunesi og hve mikið mundi sparast ef næturvaktinni yrði sinnt frá Gufunesi — þá er átt við tímann frá 0.30 til 8. — Enn fremur gengur könnunin út á það, hvort línur milli Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði séu nægilega öruggar til slíkra nota. Tæknilega er þetta engum vandkvæðum bundið. Gufunes hlustar á öll viðtæki loftskeytastöðvarinnar á Höfn og hefur full afnot af sendum stöðvarinnar. Gufunes getur m. ö. o. sinnt öllum viðskiptum stöðvarinnar í Höfn að næturlagi án þess að bæta þurfi við mannskap þar, að því er fullyrt er af póst- og símamálastjórn. Aftur á móti, eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á, ef um er að ræða einhverja fleiri þjónustuliði, eins og t. d. ef læknir fer úr einu húsi í annað og vill láta ná í sig þangað, er öll slík þjónusta erfiðari að sjálfsögðu, þó að hún sé möguleg.

Við megum ekki gleyma því, og út á það er þessi aths. og bréf til komin, að viðskiptamenn stöðvarinnar á Höfn vilja auðvitað miklu heldur tala við sér kunnuga menn með staðarþekkingu. Staðarþekking loftskeytamanna þar liðkar sem sagt mjög til um öll viðskipti, það er á hreinu. Bátur getur tilkynnt að hann sé með 10 tonn af ýsu og 20 tonn af þorski og þarf ekkert að segja meira, því loftskeytamaðurinn veit hvað hann þarf að panta marga bíla og annað því um líkt.

Við megum ekki gleyma því heldur, að í framtíðinni, líklega innan eins áratugs, verður þessu öllu saman breytt, skipin fá sín símanúmer, við hringjum í skipin heiman frá okkur og skipin hringja í það númer sem þau vilja í landi, þannig að hin persónulega þjónusta fellur öll niður af sjálfu sér. Það er mjög líklegt að þetta verði innan áratugs. Alveg eins verður það í bílum. Við getum keyrt um götur Reykjavíkurborgar og valið númer á Akureyri í símtæki okkar í bílnum. Skipið getur einnig, hvar sem það er statt, pantað hvaða númer sem er, ekki aðeins hér á landi, heldur í útlöndum. Þá fellur öll handvirka og persónulega þjónustan niður, eins og víða er orðið erlendis.

Eins og ég sagði er þessi breyting engum vandkvæðum bundin tæknilega séð. Aftur á móti eru línur milli Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði enn þá engan veginn nægilega öruggar til að taka þennan hátt upp, og verður það ekki gert á meðan svo er. Unnið er að uppsetningu tvöfalds örbylgjukerfis milli þessara staða, — kerfis sem er óháð rafmagnsbilunum og mjög öruggt. Þegar það kerfi verður komið í gagnið og hefur fengið fulla reynslu, þá fyrst kemur til álita hvort fjarstýra eigi stöðinni í Höfn frá Reykjavík að næturlagi. Áætlað er að það kerfi verði

komið í gagnið í vor, þ. e. a. s. að lokinni þessari vertíð.

Við verðum auðvitað að sýna fyllstu aðgæslu og reyna að spara það sem við mögulega getum án þess að skerða þjónustuna um of. En hættan er sú og reyndin er sú, að alls staðar þar sem reynt er að spara eru ýmsir óánægðir með það.

Fjarstýring gæti sem sagt orðið að veruleika í vor eftir þessa vertíð, og þá er tímabært að taka ákvörðun um hvort hún verður tekin upp eða ekki.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svör hans, og ég fagna því að ekki verður a. m. k. rasað um ráð fram í þessu efni meðan ástandið er eins og það er núna, því að ekki er mjög langt síðan símasambandslaust varð við Höfn í heilan sólarhring vegna eldingar. Þá hefði fjarstýring getað orðið býsna erfið, svo að ekki sé meira sagt.

Ýmislegt af því, sem hæstv. ráðh. taldi upp um þjónustu stöðvarinnar, er satt og rétt. Þarna hafa menn unnið starf sitt af mikilli kostgæfni og veitt mönnum ýmsa þjónustu, en miklu meira en það sem hér var upp talið, ýmsa nauðsynlega þjónustu sem menn eru hræddir um að falli einmitt niður með fjarstýringu af því tagi sem ráð er fyrir gert.

Ég er ekki á móti sparnaði í þessu efni, síður en svo, ef ég hefði trú á að um raunverulegan sparnað yrði að ræða. En ég er alls ekki viss um að um sparnað verði að ræða þó önnur skipan yrði upp tekin. Samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér í sambandi við þetta, gæti alveg eins farið svo, miðað við að einn maður sparaðist austur á Höfn, að bæta yrði 2—3 mönnum við í Gufunesi. Ef sú yrði reyndin, sem ég hef rökstuddan grun um, efast ég mjög um að sparnaður yrði að því. Það vill nefnilega oft verða hjá þessum góðu stofnunum okkar, sem staðsettar eru í Reykjavík, að sparnaðurinn er fyrst og fremst úti á landsbyggðinni, en þegar kemur að höfuðstöðvunum vill verða minna um sparnaðaraðgerðir og jafnvel aukningu á sama tíma og verið er að spara ýmsa þjónustu úti á landsbyggðinni.

Ég fagna því sem sagt, að ekki verður rasað að þessu máli, og ég vænti þess að haft verði samband við menn þar eystra áður en nokkur ákvörðun verður í þessu efni tekin og það verði einnig haft samband við okkur þm. kjördæmisins, svo að það sé þá alveg ljóst að ef þessi breyting kemur til framkvæmda sé hún gerð í fullu samráði við heimamenn þannig að tryggt sé að sú nauðsynlega þjónusta, sem þarna fer fram, verði í engu lakari og einnig að menn fái að fylgjast nægilega með til þess að ekki verði um mjög skerta og verri þjónustu að ræða en nú er, sem allir þarna eystra, eftir því blaði sem ég las upp áðan, eru sammála um að sé á svo mörgum sviðum að útilokað sé að það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir með fjarstýringu, geti komið í staðinn.

Beinar greiðslur til bænda, fsp. (þskj. 37). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Í lok þings á liðnu vori var samþ. þáltill., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt.

Jafnframt láti ríkisstj. fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur.“

Þetta var sem sagt samþ. 22. maí 1979 hér í Sþ. með miklum atkvæðamun.

Till. um þetta mál hafði verið flutt á tveimur þingum áður, en sú till., sem samþ. var í fyrra, var flutt af alþm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, Jónasi Árnasyni og Sighvati Björgvinssyni og samþ. orðrétt eins og hún var flutt, og hef ég gert grein fyrir hvernig hún hljóðaði. Með þessari till. fylgdi nokkur grg., sem mig langar að hlaupa á, með leyfi forseta:

„Till. um greiðslu rekstrar- og afurðalána beint til bænda hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum, en í hvorugt skiptið verið útrædd. Skömmu fyrir þinglok í vor var till. þó afgreidd frá alshn., og mælti meiri hl. n. með samþykkt hennar og því orðalagi sem á henni er nú þegar hún er flutt þriðja sinni.

Fyrri liður till. er ljós, bændur skulu fá fjármuni sína í hendur um leið og lánin eru veitt, en óheimilt verði að halda peningunum eftir í verslunar- eða afurðasölufyrirtækjum.

Í samstarfsyfirlýsingu núv. ríkisstj. segir:

„Rekstrar- og afurðalánum verði breytt þannig, að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú.“

Þessi yfirlýsing er góðra gjalda verð og sýnir, að réttlætið er að sigra. Hún gengur þó of skammt, því að unnt er að hártoga hana og halda eftir í fyrirtækjunum hluta þeirra fjármuna, sem bændur eiga að fá beint í hendur. Landbrh. hefur greint frá því, að ný ákvæði um þetta efni ættu að geta komið til framkvæmda áður en lokið er greiðslu afurðalána 20. nóv. n. k. Hann telur málið þó ekki einfalt og ætlar að skipa nefnd til að fjalla um málið. Eðlilegt er að Alþ. hafi hraðan á og taki af öll tvímæli um, hvað fyrir því vaki, með samþykkt þessarar tillögu.

Síðari hluti þáltill. er ekki jafnótvíræður. Ljóst er þó hver tilgangurinn er. Miklum fjármunum er varið til útflutningsuppbóta og niðurgreiðslna. Þetta fé, sem bændur eiga, berst þeim seint og illa. Á þessu verður að ráða bót og tryggja að bændur fái peningana beint, um leið og ríkissjóður reiðir þá af hendi. Væntanlega er hér um að ræða upphæð sem nemur meira en 3 millj. kr. á meðalbú á ári eða yfir 250 þús. á mánuði til hvers bónda. Rekstrar- og afurðalánin munu nema svipaðri upphæð. Þannig er nú valsað með fjármuni bænda, sem nema a. m. k. 6 millj. kr. á meðalbú, í lengri eða skemmri tíma, meira og minna eftirlitslaust“.

Hér lýkur grg. sem fylgdi till. í fyrra. Þessi upphæð, sem hér er nefnd, er auðvitað orðin miklu hærri nú.

En nú langar mig og vafalaust þm. alla að fá að vita hvað hafi orðið um þessa till. og hvernig framkvæmd hennar hafi gengið, og því er spurt:

„1. Hvaða reglur hafa verið settar um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt?

2. Hvernig hefur framkvæmd þessara reglna gengið?

3. Hvað líður athugun á breytingum á greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur?

4. Hefur ríkisstj. fjallað um athuganir Stéttarsambands bænda á því, hvernig haga mætti beinum greiðsl-

um útflutningsbóta og niðurgreiðslna?"

Hér er átt við bréf Stéttarsambands bænda frá 6. mars 1979, þar sem um þetta er fjallað mjög ítarlega og bent á ýmsar leiðir til að koma málum fyrir á heppilegri og skynsamlegri hátt en tíðkað hefur verið?

„5. Tók fyrrv. ríkisstj. einhverjar ákvarðanir í þessum málum? Ef svo er, hverjar voru þær?"

Ég vænti svara við þessum spurningum.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Vegna þál. þeirrar sem hér ræðir um var þess farið á leit við Búnaðarbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands að þeir létu rn. í té tillögur um framkvæmd þál., þannig að hagsmuna bænda gæti orðið betur eða a. m. k. ekki síður gætt en í núv. rekstrar- og afurðalánakerfi. Svör Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands bárust í byrjun okt. á s. l. ári, en svar Seðlabankans barst fyrst í dag.

Svör viðskiptabankanna eru samhljóða. E. t. v. væri rétt að lesa t. d. bréf Landsbankans, en ég læt það þó bíða í bili.

Af svörum bankanna má ráða að þrátt fyrir að eðlismunur sé á afurðalánum, sem veitt eru með tryggingu í afurðabirgðum, og rekstrarlánum, sem veitt eru til að standa undir kostnaði við væntanlega framleiðslu afurða, sé óhjákvæmilegt að tengja þessi lán saman, þannig að afurðalánin greiði hin fyrri upp þegar þau koma.

Svo sem kunnugt er eru afurðlán veitt sláturleyfishöfum út á sauðfjárafurðir í birgðum 1. nóv. vegna nýlokinnar sláturtíðar til að gera þeim mögulegt að greiða bændum fyrir haustinnleggið. Þessi lán nema um 3/4 hlutum af kostnaðarverði afurðanna, háð ákvörðun seðlabankastjórnar. Í samstarfssamningi fyrrv. ríkisstj. var eftirfarandi ákvæði er varðar þetta mál. Það hljóðar svo:

"Rekstrar- og afurðalánum verði breytt þannig að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú."

Vegna þessa ákvæðis var skipuð nefnd um afurða- rekstrarlán í landbúnaði í okt. 1978 til að fjalla um þessi mál. Nefndin skilaði áfangatillögum í nóv. sama ár, sem eru eftirfarandi:

1. Ætla má, að haustútborgun sláturleyfishafa til bænda geti numið 82½—83% af haustgrundvallarverði með gildandi lánum og af eigin fé miðað við að full skil komi fyrir sölu afurða fyrir áramót. Því leggur nefndin áherslu á eftirfarandi atriði:

a) Uppgjör útflutningsbóta og niðurgreiðslna frá ríkissjóði á fullgildum reikningum taki breytingum frá því sem tíðkað hefur verið, þannig að fullgildir reikningar greiðist fyrir áramót.

b) Smásöluaðilum verði gert að greiða að fullu mánaðarlega úttekt eigi síðar en 20. hvers mánaðar eftir úttektarmánuð.

2. Undanfarin ár hefur ríkissjóður greitt niður vaxta- og geymslugjald af kindakjöti með því að greiða mánaðarlega áfallinn áætlaðan vaxta- og geymslukostnað fyrir hvert kg kjöts við sölu þess. Því hefur uppsafnaður kostnaður orðið verulega hærri þessum greiðslum á fyrri hluta sölutímabils og bundið fjármuni fyrir sláturleyfishöfum. Nefndin leggur til sem lið í að auka útborgunargetu sláturleyfishafa, að í stað þessa fyrirkomulags greiði ríkissjóður hverju sinni vaxta- og geymslukostnað kjötsins samkv. birgðum um hver mánaðamót.

3. Fram hefur komið sú hugmynd í nefndinni að hraða afgreiðslu á uppgjörslánum til sláturleyfishafa í samræmi við hærri útborgun og minni eftirstöðvar til uppgjörs hjá bændum. Ætla má að 5% hækkun útborgunarhlutfalls til bænda, úr 85% í 90% af haustgrundvallarverði mundi í heild svara til um 800 millj. kr. fjárþarfar þessa árs. Uppgjörslán í maí á næsta vori eru áætluð um 2 milljarðar kr. og þyrfti því að færa fram í desembermánuð um 40% áætlaðrar upphæðar til að gera mögulega 90% útborgun til bænda. Með því að útflutningsbætur greiddust af ríkisstj. að fullu fyrir áramót gæti það bætt stöðu bankakerfisins til jafnvægis viðbót útlánanna. Af hálfu Seðlabanka Íslands er þetta því aðeins talið fært að bankinn haldi sömu útlánum til þessa verkefnis að meðaltali yfir árið með lægri útlánastöðu til þess en ella á síðari hluta lánatímabilsins.

4. Stefnt skal að því að afurðalánin fylgi hækkandi einingarverði afurðanna vegna ársfjórðungslegrar verðlagningar landbúnaðarafurða. Það yrði gert með hækkun einingarverðs eða á annan hliðstæðan hátt, svo sem fjármögnun verðbótaþáttar vaxta, þannig að greiða þurfi eigi hærri vexti, á meðan sala afurðanna fer fram, en nemur vöxtum af verðtryggðum lánum.

Hér lýkur því sem tekið var upp eftir áfangatillögum nefndarinnar. Af þessu má ljóst vera að afurðalánin ein sér eru ekki einráð um hvaða skil sauðfjárbændur fá fyrir afurðir sínar á meðan niðurgreiðslur og útflutningsbætur eru jafnstór hluti verðmætisins og nú er. Við verðlagningu afurðanna er ekki reiknað með söfnun eigin fjár sláturleyfishafa til að standa undir fjármögnun við að greiða bændum fyrir afurðirnar, og það fé verður því að fást við sölu á afurðunum eða sem lán út á birgðir. Tillögur um formbreytingu á afurðalánum til landbúnaðarins, þar sem bændum væru greidd þau beint sem sá verðhluti sem sláturleyfishafarnir greiddu annars, hafa ekki komið fram. — Þetta var um afurðalánin.

Rekstrarlán. Í framkvæmdareglum um rekstrarlán til bænda frá Seðlabanka Íslands, dags. 20. apríl 1979, er gert ráð fyrir að bóndinn fái rekstrarlán gegn framvísun á vottorðum um bústofn og óafturkallanlegri ávísun á sláturleyfishafa á fyrsta útborgaða andvirði afurðanna. Bóndinn átti að geta framselt þennan rétt sinn að nokkru eða öllu til verslunar eða annarra samtaka sem bankinn mæti gild. Falla mátti frá formlegu framsali bóndans á réttindum hans út á væntanléga slátrun. Í þessum reglum frá 1959 felast þeir möguleikar, sem um er rætt, og jafnframt það hefðbundna form, sem nú er almennt á orðið, að væntanlegur lántaki afurðalánanna, sláturleyfishafinn, annist lántökuna án formlegs umboðs.

Í svarbréfum bankanna eru tvær leiðir taldar koma til athugunar varðandi rekstrarlánin:

Í fyrsta lagi, að hver bóndi yrði lántakandi, hann yrði að uppfylla öll viðskiptaleg skilyrði banka og sparisjóða um tryggingar, sem fylgdi það verulegur kostnaður og vinna við lántökuna að tæplega væri fært. Jafnframt er talið æskilegt að lántakandi að afurðaláni, sem færi eftir rekstrarláninu, væri sá sami vegna samhengis lánanna.

Í öðru lagi, að sláturleyfishafar og umboðsmenn þeirra verði lántakendur líkt og verið hefur, en andvirði rekstrarlánanna mætti ráðstafa til bænda inn á reikninga þeirra samkv. skrá frá lántakandanum. Þannig væri tryggt að bóndanum bærust í hendur þeir fjármunir sem honum væru ætlaðir til að fjármagna rekstur búsins þegar lánin væru veitt.

Beinar greiðslur á útflutningsbótum og niðurgreiðsl-

um til bænda: Svo sem ljóst má vera eru niðurgreiðslur og útflutningsbætur samtvinnaðar afurða- rekstrarlánamálunum. Væru þær greiddar beint til bænda jafnóðum og framleiðslan fer fram eða við afhendingu afurðanna mundi það minnka rekstrar- og afurðalánaþörf landbúnaðarins, en jafnframt flýta greiðsluskyldu ríkissjóðs að sama skapi. Jafnframt mundi það grípa inn í verðlagsákvörðun á afurðum landbúnaðarins eftir því hvernig greiðslunum yrði hagað. Þessi mál hafa þó ekki verið athuguð enn nægilega niður í kjölinn, þar sem forsenda þeirra er að hreinar línur liggi fyrir um hvaða hátt á að hafa við verðlagningu búvaranna, en sem kunnugt er hefur verið rætt um breytingar þar undanfarið, en ekki komist að fastri niðurstöðu.

Fyrirspyrjandi (Þyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. landbrh. fyrir þau svör eða öllu heldur þær upplýsingar sem hann hefur gefið.

Vissulega er þakkarvert að nokkur hreyfing skuli vera á þessu máli. Hins vegar verður ekki hjá komist að vekja á því athygli, að spurningunum sem slíkum er ekki svarað nema þá með óbeinum hætti. Það er alveg ljóst, að það er skylda ríkisstj. samkv. ákvörðun Alþingis að búa svo um hnútana að bændur fái þessa peninga refjalaust. Þannig hljóðar fyrri mgr. þál. Þetta hefur ekki verið gert, þrátt fyrir að fyrrv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, lýsti því yfir, ef ég man rétt, í einu eða fleiri dagblöðum að bankarnir mundu þegar í stað beðnir um að koma með tillögur um hvernig þetta yrði framkvæmt.

Ég veit ekki hvenær þessi bréf hafa verið skrifuð Búnaðarbanka og Landsbanka, sem svarað var í októbermánuði, né bréf til Seðlabanka, sem svar barst við í gær eða dag eða hvenær það var nú, en a. m. k. hefur mikill seinagangur verið á þessum málum. Ég skal ekki ásaka sérstaklega núv. hæstv. landbrh. Hann hefur setið stutt og var ekki til þess ætlast að starfsstjórn gæti mikið gert, hún hafði ákveðnu verkefni að sinna. En hins vegar er það ámælisvert að fyrrv. ríkisstj. skyldi ekki sinna þessu boði og þessari skyldu sinni samkv. fyrirmælum Alþingis.

Um upplýsingarnar varðandi afurðalánin skal ég ekki ræða mikið, bæði er ekki tími til þess og eins hitt, að þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri þær upplýsingar og bollaleggingar bankanna og eins bollaleggingar ráðh. sem hann vafalaust hefur fengið frá einhverjum samtökum eða sérfræðingum eða embættismönnum og eru góðra gjalda verðar svo langt sem þær ná. En það er út af fyrir sig alveg rétt, að auðvitað verður að tengja þessi lán saman og rekstrarlánin verða að sjálfsögðu greidd upp þegar afurðalánin eru veitt. Það er einfaldasta mál í heimi. Raunar kom fram í bréfum bankanna að hægt væri að færa afgang afurðalánanna inn á bankareikning bændanna. Þetta er í sjávarútvegi þannig, að frystihúsin fá ekki lánin nema þau skuldbindi sig til þess að koma peningunum til útgerðarmanna og sjómanna innan hálfs mánaðar, hygg ég að það sé. Margar leiðir eru vel færar og auðveldar.

Það er alger fásinna, sem fram kemur rétt einu sinni í bréfum bankanna, sem eru samhljóða, — það er sjálfsagt einn og sami maðurinn eða eitt og sama fyrirtækið á Íslandi sem semur þau bæði, sendir bönkunum þau til útsendingar til Alþ., — en það er auðvitað alger fásinna að eitthvað dýrt eða erfitt sé í framkvæmd að koma rekstrarlánunum til eigendanna. Hvaða banki sem væri mundi mjög glaður vilja taka að sér að setja þetta fé inn á reikninga hjá sjálfum sér, þar sem það lægi lengri eða skemmri tíma, og fá viðkomandi menn í viðskipti. Það eitt, að bankarnir skuli senda samhljóða bréf, er náttúrlega mjög óviðurkvæmlegt, að þeir skuli ekki reyna hvor um sig að kanna þessi mál. En frammistaða bæði Landsbanka og Búnaðarbanka í öll þau ár, sem þetta mál hefur verið flutt, hefur verið með eindæmum. Það hefur ekki verið hlíft við að fara með rangt mál, vil ég segja, a. m. k. snúa út úr og reyna að gera málið miklu flóknara og erfiðara en raunin er á.

En sem sagt, þetta mál er á hreyfingu og yfir því gleðst ég. Ég sé að bankaráðsmaður í Búnaðarbankanum hefur kvatt sér hljóðs, og þess vegna vil ég endurtaka það sem ég sagði, svo að ekki ætti að fara á milli mála, að frammistaða þessara banka í þessu máli hefur verið með þeim hætti sem ég áðan lýsti, að það hefur ekki verið tekin jákvæð afstaða eða reynt að kanna málið niður í kjölinn eða reynt að greiða úr því. En Alþ. hefur tekið ákvörðunina og nú þýðir ekki fyrir bankana lengur að skjóta sér undan því að framkvæma vilja Alþ., því þó að bankarnir, og þá Seðlabankinn ekki síst, séu valdamiklar stofnanir, kannske um of, er Alþ. enn í dag þrátt fyrir allt og allt, þrátt fyrir það sem er að gerast þessar vikur, æðsta stofnun þessa lands og fyrirmælin eru héðan og þeim ber að framfylgja. Eftir því verður gengið svo lengi sem ég er hér a. m. k. og ég veit að mikill meiri hl. þm. er mér sammála um að láta þetta háttalag ekki lengur viðgangast, heldur að bankarnir hlýði skýlausum fyrirmælum Alþ., algerlega skýlausum, og framkvæmi það sem Alþ. hefur fyrir þá lagt, og það sama geri hver sú ríkisstj. sem situr á hvaða tíma sem er.

En ég vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðh. Hann hefur vafalaust ekki getað svarað öllu ítarlegar á þessu stigi, og ég ætlast ekki til þess að hann eða sú stjórn, sem nú situr, geti framkvæmt þetta mál. En því verður fylgt eftir, hvaða ríkisstj. sem verður við völd á næstunni.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Undir ummælum hv. fyrirspyrjanda, síðasta ræðumanns, að því er snertir bankastjórn Búnaðarbankans get ég ekki setið og þessu orðbragði. Ég verð a. m. k. að leyfa mér að skjóta skildi yfir ágætan flokksbróður okkar hv. síðasta ræðumanns, Magnús Jónsson bankastjóra, þó að ég hafi ekki fylgst nákvæmlega með þessum málum. Ég ætla honum það ekki, og sennilega enginn sem hann þekkir, að hann skrifi undir einhvern pistil, sem honum er fenginn til undirskriftar, án þess að lesa hann. — Þetta vil ég leiðrétta og mótmæla því skýrt og eindregið. En að öðru leyti ætla ég ekki að ræða málið efnislega á þessari stundu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. bárust bréf viðskiptabankanna í byrjun okt. Þessi bréf voru skrifuð að minni ósk. Það dróst nokkuð að svör bærust. Þegar eftir samþykkt umræddrar till. s. l. vor átti ég viðræður við bankamenn. Þeim var skrifað í beinu framhaldi af því og leitað eftir tillögum bankanna um framkvæmd á beinum greiðslum til bænda. Segja verður eins og er, að með beinum greiðslum væri farið út á ákaflega vafasama braut með tilliti til hagsmuna bænda. Ég veit að hv. þm. hafa ekki slíkt í huga. Það er rétt, að Alþ. hefur samþykkt svona fyrirmæli, og því ber að fara eftir þeim, en ég veit

einnig að alþm. hafa ekki slíkt í huga. Ef í ljós kemur að með beinum greiðslum er stórlega aukið á vanda bænda er ég sannfærður um að hv. Alþ. er tilbúið að endurskoða ákvörðun sína. Þess vegna þarf að leiða hið sanna fram í þessu máli og leggja það fyrir svo að ljóst sé. Það var reynt að gera, var unnið að því s. l. sumar. Hæstv. ráðh. hefur nú lesið svör bankanna, svo það liggur nú að nokkru leyti fyrir.

Ég ætla ekki að fara að rekja þá erfiðleika sem eru á framkvæmd þessari. Augljóst er t. d. með rekstrarlánin, sem eru greidd út í mörgu lagi, að því fylgir mikill kostnaður fyrir bóndann að ganga frá nægilegum veðum í hvert sinn sem slík lán eru veitt. Þetta er eitt atriði sem komið hefur fram, og þetta veit ég að hv. þm. getur ekki haft í huga.

Sú leið sem helst virðist koma til greina, er að sláturleyfishafar, sem eru með birgðir og eiga auðveldara með að ganga frá slíkri veðsetningu, leggi slíkar greiðslur þegar inn á reikning viðkomandi bónda. Þeir eru margir og flestir stærstu sláturleyfishafarnir gera það þegar, þannig að víða er það svo framkvæmt. Þetta hygg ég að sé eina leiðin. Þá getur bóndinn tekið út fé sitt, þegar það er komið inn á reikning hans, og haft beinan aðgang að því.

En ég stend fyrst og fremst upp til að leggja áherslu á að þegar var hafið að skoða málið samkv. fyrirmælum Alþ. og þessi bréf eru í beinu framhaldi af því. Ég vil taka undir orð hv. 2. þm. Vesturl., að það eru hinar mestu dylgjur að bankarnir séu með einhver sjálfvirk neikvæð svör. Ég varð ekki var við það þegar ég ræddi við bankamenn.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þær umr. sem hér eiga sér stað, heldur aðeins í tilefni af 3. tölul. í fsp. hv. fyrirspyrjanda, þar sem hann spyr hvað líði athugun á breytingum á greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna þannig að þær nýtist betur, upplýsa að fjmrn. og viðskrn. eru samkv. beiðni ríkisstj. að láta athuga hvernig greiðslum sé háttað á útflutningsbótum og niðurgreiðslum, hvernig þær fari fram, hvenær og hvaða aðilum þær séu greiddar svo og hvaða reglur gildi almennt um hverjir veiti þeim viðtöku.

Á bak við býr ekkert annað en að afla þeirra upplýsinga sem hv. þm. er að spyrja um, en t. d. mætti nefna í þessu sambandi að sú ákvörðun var tekin af fyrrv. hæstv. ríkisstj. að af þessu niðurgreiðslu- og útflutningsbótafé skyldi fyrst sérstaklega gera upp vaxta- og geymslukostnað þeirra aðila sem þar eiga hlut að máli. Þetta hefur tvær hliðar eins og öll mál. Að gera upp með þessum hætti getur valdið að a. m. k. sé ekki þrýstingur á um að hröa sendingu úr landi á þeim umframbirgðum af landbúnaðarvörum sem falla til í landinu, en það er að sjálfsögðu verulegur kostnaður fólginn í því að liggja með slíkar birgðir mjög lengi. Bæði er fólginn í því mikil geymslukostnaður, en enn fremur talsverður vaxtakostnaður. Sá kostnaður getur verið miklu meiri en sá hagur sem í því kann að vera fólginn að geyma umframbirgir um vikna eða mánaða skeið til að ná nokkurra króna hærra verði fyrir þær á erlendum markaði. Þessi mál er verið að athuga af hálfu ríkisstj. til þess að það liggi fyrir hvernig greiðslur gagnast í þessu sambandi. Það hefur engin ákvörðun verið tekin af hálfu ríkisstj. um neinar breytingar á þessum greiðslureglum.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mig langar að þakka hæstv. fjmrh. sérstaklega fyrir að hann skuli láta fara fram athugun á fyrirkomulagi greiðslna útflutningsbóta og á niðurgreiðslum. Það er mjög þakkarvert og gott að það geti legið fyrir sem allra fyrst, vegna þess að gera þarf þar á breytingu í samræmi við vilja Alþingis.

Ég vil raunar líka þakka fyrrv. landbrh., hv. þm. Steingrími Hermannssyni, fyrir þær upplýsingar sem hann hér gaf, m. a. að leiðir mundi vera unnt að finna til að færa fjármagnið inn á bankareikninga bænda. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það getur tekist. En hitt er náttúrlega ekkert mál, hvort það er einhver kostnaður við veðsetningar bænda. Ég held að það yrði sáralítill kostnaður. Ef hann væri einhver mundi Alþ. að sjálfsögðu breyta eitthvað stimpilgjöldum, ef til þess þyrfti að koma, eða fella þau hreinlega niður. Það er ekkert mál út af fyrir sig. Þarna yrði líka ýmist um persónulegar ábyrgðir að ræða eða þá veðsetningar í eitt skipti fyrir öll, almenn veð eða tryggingarvíxla eða eitthvað slíkt, svo að ekki er hægt að skjóta sér neitt á bak við það.

En hitt er svo annað mál, sem er töluvert íhugunarvert, að það skuli koma fram hjá bankamönnunum að vafasamt sé vegna hagsmuna bænda að fara inn á þá leið sem Alþ. er búið að fyrirskipa. Eru það bankastjórarnir sem eiga að meta hagsmuni bænda? Ætli það séu ekki bændur sjálfir og umbjóðendur þeirra, þeir sem þeir kjósa og þá Alþingi Íslendinga. Það er ekki í verkahring bankastjóra að gera það.

Síðast en ekki síst vil ég leiðrétta þann misskilning sem kom fram hjá hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, að ég hafi ráðist á Magnús Jónsson. Síst af öllu hefði mér dottið það í hug, hann nefndi ég ekki, enda veit ég ekki hver skrifaði undir bréf Búnaðarbankans, það hef ég aldrei séð. En hvort sem hann hefur skrifað undir bréfið eða einhver annar er það auðvitað ekki hann sem fer ofan í þetta, heldur þeir sem vinna að þessum afurðalánum. Þetta er einn liður í því kerfi sem við erum allir meira og minna flóknir og flæktir í. Við höfum séð núna í skjölum frá Þjóðhagsstofnun og fleiri stofnunum undanfarna daga hvernig þetta kerfi verkar. Það er eins og eitthvert ósýnilegt kerfi eigi að stjórna þessu þjóðfélagi. Það er alveg nóg komið af þessu, mér finnst það, og þjóðin mun brjótast undan þessari kerfismennsku, að einhver ónafngreindur og ósýnilegur maður úti í bæ segi að hann ætli að gæta hagsmuna bænda, það sé ekki hægt að framkvæma vilja Alþingis og fram eftir þeim götunum. En ég má víst ekki segja meira.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég verð að biðja félaga minn, hv. 5. landsk. þm., að sýna nokkra þolinmæði og láta sefast. Hann fékk samþykkta í fyrra dæmalaust vanhugsaða till. til þál. sem þar með er því miður orðin viljayfirlýsing Alþingis. Það hefur að sjálfsögðu komið í ljós að mjög torvelt er að framkvæma till. og næstum óframkvæmanlegt. Það er heldur engum hagur í því að slíkt fyrirkomulag sé tekið upp.

Ég benti á þetta í fyrra, ég benti á það í hittiðfyrra og árið þar áður, því að þetta er ekki nýtt mál hér í þingsalnum. Í fyrra lagði ég fram á þskj. 497 ítarlegt nál., þar sem ég gerði úttekt á málinu, nál. er frá minni hl. allshn. Vitnaði minni hl. til umsagna sem borist höfðu um málið. Þær voru allar á eina leið, að skakkt væri að taka upp

þetta fyrirkomulag. En þrátt fyrir að umsagnir, sem voru ekki einasta frá sölusamtökum bænda, frá bönkum, heldur frá bændafundum, frá Stéttarsambandi bænda o. s. frv., væru allar á eina leið og neikvæðar fyrir till. lagði meiri hl. allshn. til að till. yrði samþ., sem og var gert.

Ég vil leyfa mér að lesa niðurlagsorð nál. minni hl., með leyfi forseta. Þau hljóða svona:

„Þótt vandlega sé leitað í samþykktum bændafunda undanfarinna þriggja ára finnast þess ekki nokkur dæmi að bændur hafi tekið undir hugmynd till. Hugmyndin er ekki frá bændum sjálfum komin og þeir óska ekki eftir þeirri tilhögun sem hún gerir ráð fyrir. Hugmynd Eyjólfs leiðir til aukins kostnaðar og framleiðslukostnaður vex ef hún verður að veruleika. Nær væri að nýta betur það fjármagn, sem fer til þessara mála. Árið 1978 voru t. d. stimpilgjöld til ríkisins af afurðalánum 170 millj., og hver og einn þáttur sem sparast skilar sér í lægra afurðaverði. Því verður ekki trúað að flm. og þeir, sem gerast þeirra ábekingar, vilji vinna bændum tjón, heldur vaki fyrir þeim að klekkja á samtökum þeirra (sjá grg. till. og framsöguræður), en með því að reiða til höggs að sölusamtökum bænda lendir höggið að sjálfsögðu beint á bændum og síðan á neytendum í landinu."

Ég læt þessum lestri lokið. Ég lagði til að till. yrði breytt, en ég varð undir í þeirri togstreitu, enda er Eyjólfur mikill kappi. En Alþ. var óheppið að láta að vilja hans í fyrravor.

Ég vil mótmæla harðlega því orðbragði sem hv. þm. hafði hér um mæta bankamenn. Þeir eru sjálfsagt eitthvað misjafnir, en svona ummæli eru ekki. **(EKJ:** Þau voru um stofnanir, en ekki bankamenn.) Þetta eru mikilsverðar stofnanir og svona orðbragð þoli ég ekki, því að ég er viðkvæmur maður fyrir ljótum orðum.

Ég vil biðja hv. þm. að sýna biðlund og varðveita hugarró sína. Það er mikilsvert að hafa þessi mál í stöðugri skoðun, en ég legg áherslu á að það beri að vinna að þeim með hagsmuni bænda og neytenda fyrir augum og eftir óskum bænda og neytenda.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hélt að hv. fyrirspyrjandi hefði dregið lærdóma af hvernig þessi mál hafa gengið, og það hefði verið best fyrir hann að málið gleymdist alveg. Þetta var rætt í þinginu í fyrra og var allt saman skýrt einmitt af fulltrúum bænda og þeim sem þekkja best til.

Ég hélt satt að segja að fyrirspyrjandi hefði lesið þær umsagnir sem komu frá bönkunum um þáltill. T. d. voru nöfn Magnúsar Jónssonar og Þórhalls Tryggvasonar undir umsögn Búnaðarbankans, þannig að það var ekkert undarlegt þó að hv. þm. Friðjón Þórðarson tæki þetta mál og það, sem fyrirspyrjandi sagði um umsagnir bankanna, á þann veg sem hann gerði. En það kemur sem sagt í ljós að þm. hefur ekki einu sinni séð ástæðu til að lesa þessar umsagnir.

Það er enginn tími til að ræða þetta hér. En komið hefur í ljós enn þá betur en áður allt það sem við sögðum um þetta mál í fyrra. Þá var þingheimur varaður við að samþykkja þessa till. En því miður kom hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson þessu óheillaverki fram.

Sparnaður í fjármálakerfinu, fsp. (þskj. 37). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hinn 21. des. 1978 var samþ. einróma hér í Sþ. eftirfarandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu. Stjórninni til aðstoðar við framkvæmdina tilnefna þingflokkarnir fimm menn í nefnd, stjórnarflokkarnir hver um sig einn mann, en stjórnarandstaðan tvo. Nefndin skiptir með sér verkum.

Markmiðið er veruleg fækkun starfsmanna ríkisbanka, Framkvæmdastofnunar ríkisins og opinberra sjóða og samræmdar aðgerðir til sparnaðar og hagkvæmari rekstrar, þ. á m. sameining fjármálastofnana og skorður við óhóflegum byggingum."

Þessi till. var í fyrra flutt af öllum fjh.- og viðskn.-mönnum í Ed. Þar varð samkomulag um að reyna að koma slíkri till. fram. Í grg. sem fylgdi till. segir, með leyfi forseta:

„Naumast verður um það deilt, að ofvöxtur hefur hlaupið í fjármálakerfið. Samhliða hefur það orðið sífellt vanmáttugra að leysa þau verkefni, sem peningastofnunum eru ætluð í nútímaþjóðfélagi. Tilraunir, sem gerðar hafa verið til endurbóta, hafa einna helst orðið til að flækja mál sífellt meir og torvelda úrlausnir. Stóraukið starfslið hefur síst orðið til bóta. Ljóst ætti að vera, að sjálft mun kerfið ekki snúast gegn þessari framvindu. Óhjákvæmilegt er því, að Alþ. taki í taumana. Því er till. þessi nú flutt."

Rétt og skylt er að geta þess, að till. sama efnis með nokkuð öðru orðalagi hafði verið flutt á þinginu á undan. Það var í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, en þá var hún flutt af mér og hv. þm. Pétri Sigurðssyni, svo að till. beindist auðvitað ekki að neinni ríkisstj. eða neinum ákveðnum mönnum, heldur var þetta tilraun sem menn vildu gera til að sameinast um að veita viðnám, svo að það orðalag sé nú notað sem frægt varð á sínum tíma, gegn útþenslu kerfisins. Um þetta sameinuðust allir flokkar og allir fulltrúar í fjh.- og viðskn. og Alþ. í fyrra.

Þarna var raunar tilboð af hálfu þáv. stjórnarandstöðu, sem upphaflega hafði staðið fyrir þessum tillöguflutningi, að leggja sitt lið til þess að kljást við kerfið og þá útþenslu, sem í þjóðfélaginu er, og leggja til tvo af fimm mönnum í nefnd sem yrði til aðstoðar ríkisstj. Það var sem sagt boðin fram slík aðstoð.

Í tilefni af því, að þessi till. var samþ. fyrir meira en ári, hef ég leyft mér að óska eftirfarandi upplýsinga:

„1. Hvað hefur ríkisstj. gert til að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu?

2. Hver hefur orðið árangur af starfi nefndar þeirrar, sem þingflokkarnir skipuðu samkv. ályktun Alþingis frá 21. des. 1978 til aðstoðar ríkisstj.?

3. Hefur einhverjum þeim markmiðum verið náð, sem nefnd eru í 2. mgr. þál., og þá hverjum?

4. Hver var fjöldi starfsmanna í fjármálakerfinu við samþykkt þál. og hver er hann nú?

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Fsp. þær á þskj. 37, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson beinir til mín, eru, eins og hann sagði, í fjórum liðum. 1. tölul. fsp. hljóðar svo:

„Hvað hefur ríkisstj. gert til að beita sér fyrir sparnaði

í fjármálakerfinu?"

Þess ber fyrst að geta varðandi þá þáltill. sem hv. þm. vitnaði til, að ekki lá ljóst fyrir hvað átt var við með hugtakinu „fjármálakerfinu", þar sem það var ekki skilgreint nánar í till. Var þarna átt við hreinar ríkisstofnanir sem heyra beint undir viðkomandi rn.? Var þarna átt við stofnanir eins og viðskiptabanka í eigu ríkisins o. s. frv? Það lá því ekki alveg ljóst fyrir í till. hvað væri átt við með hugtakinu „fjármálakerfi".

Ríkisstj., bæði sú sem nú situr og fyrrv. ríkisstj., hafa beitt sér fyrir sparnaði á fjölmörgum sviðum í ríkisbúskapnum. Þess ber þá fyrst að geta, að í fjárl. fyrir árið 1979 var gert ráð fyrir að allnokkur sparnaður næðist, einkum á þremur umfangsmiklum útgjaldaliðum, þ. e. a. s. vegna menntamála, heilbrigðismála og löggæslumála. Fjmrn. og fjárlaga- og hagsýslustofnun fylgdust með að slíkum sparnaði yrði við komið. Hins vegar hafa viðkomandi fagráðuneyti haft framkvæmdina með höndum og hefur talsverður árangur náðst þar, þó svo að ekki hafi tekist að standa fyllilega við það sem átti að reyna að framkvæma í því sambandi samkv. fyrirmælum fjárlaga, m. a. vegna deilna sem komu upp um framkvæmd málanna milli viðkomandi fagráðuneytis og starfsfólks í sumum tilvikum.

Á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar er enn fremur að staðaldri unnið að ýmsum verkefnum til hagræðingar og sparnaðar. Sá háttur er jafnan viðhafður að vinna slík verk í náinni samvinnu við hin einstöku ráðuneyti. Í samvinnu við dómsmrn. hefur þannig verið unnið að endurskoðun á starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins í því skyni að draga nokkuð saman starfsemi eftirlitsins og gera skoðun bifreiða ódýrari og fljótvirkari en nú er. Niðurstaða er að mestu fengin um það mál, en auk þess er unnið að aukinni vélvæðingu í dómsmálakerfinu.

Í samvinnu við sjútvrn. hefur starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða verið til sérstakrar skoðunar og er nú verið að athuga hvort koma megi fiskmati fyrir með öðrum hætti en gert hefur verið.

Í samvinnu við varnarmáladeild utanrrn. er verið að athuga möguleika til kostnaðarlækkunar við lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.

Auk fyrrgreindra atriða hefur verið gerð athugun á rekstrargrundvelli tæknideildar Húsnæðismálastofnunar ríkisins og á rekstrarmálum og stjórnunarháttum Fasteignamats ríkisins.

Þá má geta þess, að núv. ríkisstj. beitti sér fyrir 500 millj. kr. niðurskurði útgjalda skömmu eftir að hún tók við stjórnartaumum, auk þess sem hún hefur beitt sér fyrir ýmsum öðrum aðgerðum til sparnaðar og aðhalds. Sem dæmi þar um má nefna, að í fjmrn. og á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar er nú unnið að framkvæmd eftirtalinna atriða:

1. Að ráðuneytum og ríkisstofnunum verði gert að gera áætlun um utanlandsferðir starfsmanna á árinu. Tilgreina skal í þessari áætlunargerð tilgang ferðar, dvalartíma, nafn starfsmanns og áætlaðan kostnað. Áætlanir þessar á síðan að senda venjulega boðleið um fagráðuneyti til fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Þá hefur fjmrn. einnig rætt um það við ríkisbókara og hefur verið ákveðið að færa utanfararkostnað sérstaklega hjá hverri stofnun, bæði ferðakostnað og dvalarkostnað, þannig að hægt sé jafnan að fylgjast með því, að hve miklu leyti áætlanir þessar eru haldnar, og fá þá skýringar ef um brögð að því er að ræða að frá sé vikið.

2. Þá hefur verið ákveðið, að innheimtumenn ríkissjóðs skili jafnóðum öllum innheimtum tekjum til ríkissjóðs og innheimtumönnum verði þannig óheimilt að greiða gjöld vegna rekstrar embætta sinna og annarra verkefna með innheimtufé. Þess í stað fá innheimtustofnanir greiddar fjárveitingar úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, en nokkur brögð hafa verið að því, að vísu ekki mjög veruleg, að sumar þessara stofnana hafa notað innheimtufé til að greiða kostnað við embættisrekstur eða til að greiða kostnað sem ætti í raun og sannleika að falla á aðra aðila, svo sem sveitarfélög.

3. Nú er unnið sérstaklega að skipulagningu og stjórn sjúkrahúsamála í landinu, þar með talið að endurskoða daggjaldakerfið, og ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti tekið ákvörðun um að vinna að því, að fjárveitingar til Landakotsspítala, Borgarspítala og Sjúkrahúss Akureyrar verði í formi beinna fjárframlaga úr ríkissjóði. Það er að sjálfsögðu talsverð breyting frá því sem verið hefur.

4. Ákveðið hefur verið, að hert verði ákvæði um ráðningar starfsfólks til stofnana og fyrirtækja ríkisins. Í því tilliti er nú verið að endurskoða lög um ráðningarnefnd ríkisins, þannig að óheimilt verði að endurráða í lausar stöður án samþykkis ráðningarnefndar og þurfi þannig ávallt að fá samþykki ráðningarnefndar í hvert skipti sem endurskipað eða endurráðið er í stöðu, án tillits til þess hvort sú staða hafi verið heimiluð áður. Þetta hefur ríkisstj. gert til þess m. a. að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu.

Þar sem ekki kemur nánar fram en til var vitnað áðan, hvorki í fsp. né heldur í umræddri þáltill. sem samþ. var, hvað átt sé við með orðinu „fjármálakerfi", liggur auðvitað ljóst fyrir að ekki er hægt að svara þessari spurningu með öðru en almennum orðum, eins og ég hef reynt að gera. Sumt af því, sem ég hef hér sagt, á svo til eingöngu við stofnanir sem falla undir fjármálakerfið, en annað á einnig við aðrar stofnanir.

2. tölul. spurningarinnar er, hver hafi verið árangur nefndar þeirrar sem þingflokkarnir skipuðu samkv. ályktun Alþ. frá 21. des. 1978 til aðstoðar ríkisstj.

Svar við því er, að hinn 21. nóv. s. l. var stjórnmálaflokkunum skrifað bréf þar sem óskað var tilnefningar í þessa nefnd. Hins vegar drógust svör stjórnmálaflokkanna mjög á langinn. Svör bárust ekki frá Alþfl. fyrr en með bréfi dags. 13. júní, þar sem greint er frá því að Ágúst Einarsson sé tilnefndur af hálfu Alþfl. Nokkru síðar, eða 19. júní, var tilkynnt af Alþb. að Ólafur Ragnar Grímsson væri tilnefndur í nefndina af hálfu þess flokks. Símleiðis var tilkynnt að Jón Helgason væri tilnefndur af hálfu Framsfl. Og síðla sumars var enn fremur tilkynnt símleiðis að Eyjólfur Konráð Jónsson og Ellert Schram mundu verða í nefndinni af hálfu Sjálfstfl. Því lá fyrir að það var ekki fyrr en eftir mitt sumar sem tilnefningar flokkanna höfðu farið fram. Mátti því, ef miðað var við fyrri venjur, gera ráð fyrir að þáv. ríkisstj. hugsaði sér ekki að kalla nefndina til starfa fyrr en á haustdögum, eins og oft gerist og gengur með nefndir sem skipaðar eru þingmönnum. Samkomudagur þeirra er gjarnan miðaður við þann tíma þegar Alþ. tekur til starfa. Hins vegar gerðist það, eins menn muna, að nokkuð varð róstusamt á Alþ. eftir að það kom til starfa, svo að nefndin var ekki kölluð saman. Þar sem ætla má að með hugtakinu „fjármálakerfi" sé átt við ýmsar stofnanir, sem teljast ekki til stofnana ríkisins og heyra því ekki undir beina stjórn ráðh., er því eðlileg að mati

núv. ríkisstj., að það bíði ríkisstj., sem hefur víðtækara umboð en sú sem nú sigur, að nefndin sé kölluð saman, því að það hlýtur að vera á valdi ríkisstj. og nefndarinnar sameiginlega samkv. orðanna hljóðan í hinni samþ. þáltill. að ákveða hvað stofnanir heyri undir valdsvið og verksvið nefndarinnar.

Í þriðja lagi spyr hv. þm., hvort einhverju af þeim markmiðum hafi verið náð, sem nefnd eru í 2. mgr. þáltill., og þá hverjum. Vísa ég í því sambandi til þeirra svara sem ég hef þegar gefið við spurningu eitt og spurningu tvö.

Í fjórða lagi spyr hv. þm. hver sé fjöldi starfsmanna í fjármálakerfinu við samþykkt þáltill., hver hann hafi verið og hver hann sé nú.

Svar fjárlaga- og hagsýslustofnunar er orðrétt á þessa leið, með leyfi forseta:

„Upplýsingar um þetta atriði liggja ekki fyrir, enda er afar óljóst við hvað er átt með hugtakinu „fjármálakerfi", eins og áður er getið. Eðlilegt er að nefndin sjálf skilgreini hvaða starfsemi hún vilji fella undir hugtakið „fjármálakerfi"

Lýkur þar því svari fjárlaga- og hagsýslustofnunar sem mér hefur verið fengið í hendur, en ég bað þá stofnun að undirbúa þau svör sem ég hef hér gefið, eins og eðlilegt má telja miðað við verksvið fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda var ég meðflm. með honum að upprunalegu till. í tíð þeirrar stjórnar sem við báðir studdum. Það var því réttilega mælt hjá honum, að við beindum ekki tillögu okkar að öðru en vandamálinu sjálfu, sem var hin gífurlega útþensla í fjármálakerfinu sem við vildum reyna að ráðast að. Það fór ekkert fyrir brjóstið á okkur Eyjólfi Konráð við hvað var átt, en núv. hæstv. fjmrh. virðist ekki gera sér enn fulla grein fyrir í hvaða átt till. gengur. Hins vegar minntist hann á að gengið hefði verið í það af honum og flokksbræðrum hans í núv. hæstv. ríkisstj. að herða nokkuð að ráðningu nýrra starfsmanna til ríkisins. Því er ég aðeins með eina spurningu til hans varðandi þetta mál. Telur hann til sparnaðar eða eyðslu hinna nýju ráðningu, „umba" hæstv. dómsmrh., sem hefur verið ráðinn fyrir stuttu?

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég fæ ekki skilið að hæstv. fjmrh. þyrfti að gefa þá yfirlýsingu, að ekki væri ljóst hvað við væri átt með þessari till. og hvaða stofnanir það væru fyrst og fremst sem um væri að ræða. Það er tekið alveg skýrt fram í tillgr. sjálfri, með leyfi forseta:

„Markmiðið er veruleg fækkun starfsmanna ríkisbanka, Framkvæmdastofnunar ríkissins og opinberra sjóða og samræmdar aðgerðir til sparnaðar og hagkvæmari rekstrar, þ. á m. sameining fjármálastofnana og skorður við óhóflegum byggingum."

Það er auðvitað alveg ljóst, að átt er við fjármálakerfið, en ekki óteljandi stofnanir sem hæstv. ráðh. hér vék að og notaði tækifærið til þess að ná sér í einhvers konar ókeypis auglýsingu fyrir framtakssemi sína í fjmrh.-stöðu. Það getur ekki verið að þetta hafi neitt misskilist. Það hefur hins vegar ekki verið ætlunin að svara fsp. beint.

Ég var ekkert að ásaka hæstv. núv. fjmrh. fyrir að hann hefði ekki aðhafst í þessum málum. Það var auðvitað fyrrv. ríkisstj. sem átti að sinna skyldu sinni og kalla nefndina saman. Þess minnast ábyggilega ráðh. í fyrrv. ríkisstj. og raunar fleiri þm., að í allan fyrravetur var verið að ganga á eftir því að fá tilnefningar og fá nefndina kallaða saman. Ég skal játa að ég hélt upphaflega að till. hefði af Alþingis hálfu eftir áramótin verið send forsrn., hún gat eins hafa verið send þangað, m. a. vegna þess að Framkvæmdastofnun heyrir undir forsrn., en þáv. forsrh. upplýsti mig um það mjög fljótlega að till. hefði verið send fjmrn. Þá var auðvitað margsinnis talað við fjmrn., ekki bara ráðh., heldur ráðuneytisstjóra og hvern af öðrum, um að fá ýtt á þetta mál. Maður hélt satt að segja að það væri einmitt verið að koma til liðs við fjmrh. og fjmrn. þegar þingheimur allur samþykkir að tilnefna menn til aðstoðar í sparnaði, því að haft hefur verið á orði hjá öllum ríkisstj. að nauðsyn bæri til að spara og ekki þá síst í fjármálakerfinu.

Enn gleggra kom tilgangur till. fram í þeirri grg. sem var með upphaflegu till. sem við hv. þm. Pétur Sigurðsson fluttum á sínum tíma, þar sem var lengri og ítarlegri grg. og rækilega rakið hver nauðsyn væri á því að stemma stigu við hinni gífurlegu útþenslu í peningakerfinu og bankakerfinu. Þess vegna er það hreinn útúrsnúningur að koma hér upp og víkja alls ekki að málinu sjálfu, heldur vera að tala um einhverjar allt aðrar stofnanir, sem ekkert koma þessu máli við, ekki nokkurn skapaðan hlut, og það er nánast óvirðing — það er allt í lagi þó að það sé óvirðing við fyrirspyrjanda, en það er óvirðing við Alþ. — að svara út í hött með þeim hætti sem hæstv. ráðh. rétt áðan gerði.

En ég held að rétt sé að gleyma því. Aðalatriðið er að vekja athygli á þessu máli. Það verður ekki hjá því komist að vekja athygli á vanrækslusyndum fyrrv. ríkisstj. Hún hefur beinlínis brugðist í þessu eins og óteljandi mörgu öðru og ekki framkvæmt það sem Alþ. hafði lagt fyrir hana að gera. En þó var tilgangurinn miklu fremur að koma hreyfingu á málið í von um að annaðhvort núv. hæstv. fjmrh. ýtti á eða þá sá næsti eða þar næsti, ef skammt yrði um lífdaga þeirrar stjórnar sem tveir hv. þm. eru nú að reyna að mynda til 2—3 mánaða, því að ég mundi halda að Þjóðhagsstofnun yrði fljót að stúta henni, og þær eru þá farnar fimm. (Gripið fram í.) Ja, ekki viljandi. Hún mundi ekki gera það viljandi. Þá verða þarna einar fimm á rúmlega fimm árum eða svo. En ég vona að einhvern tíma komi að því að menn snúi bökum saman hér á þinginu og komi þessari nefnd á laggirnar og reyni að gera eitthvað með samstilltu átaki til að reyna að stemma stigu við þeirri þróun sem ég held, að flestir eða allir séu orðnir uggandi út af inn við beinið.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég var einn af þeim þm. sem fluttu þá till. sem hér er til umr., með hv. þm. Eyfjólfi Konráð Jónssyni. Ég held að rétt sé að það komi hér fram, að í fjh.- og viðskn. Ed. á næstsíðasta þingi, þinginu sem stóð síðasta vetur, var eindregin samstaða og einhugur um þessa till. og fastur ásetningur þeirra, sem í n. voru, að þetta mál næði fram að ganga. Þetta var tilraun n. þingsins, ein af fáum á því þingi, þar sem mjög var rætt af hæstv. dómsmrh. og öðrum þm. Alþfl. um nauðsyn þess að efla þingræðið í landinu, — ein af fáum einhuga tilraunum nefnda þingsins til að taka til skoðunar þróun mikilvægra þátta í framkvæmdavaldsstofnunum þessa lands og þá miklu kerfisuppbyggingu og valdaupphleðslu sem þar hefur átt sér stað nánast

án þess að þingið kæmi þar nokkuð við sögu. Það er satt að segja ömurlegt að það skuli verða örlög eins helsta þingræðiskratans í þeim hópi að koma hér og flytja það dæmigerða kerfissvar sem hæstv. fjmrh. flutti áðan, þar sem hann í raun og veru svaraði engu varðandi þessa fsp., en tíndi upp hverja gerviafsökunina á eftir annarri sem embættismenn hans í fjmrn. og fjárlaga- og hagsýslustofnun höfðu samið handa honum til að flytja þinginu. Það verður langt í að hér náist samstaða um að efla í raun og veru og styrkja þingræðið í landinu og styrkja nefndastörfin í þinginu gagnvart hinni miklu valdaþróun framkvæmdavaldsins ef meginkrosstrén í þeirri baráttu bregðast svo rækilega sem hæstv. fjmrh. sýndi þingheimi fram á áðan.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði, að frekar ósmekklegt var að nota tímann til að auglýsa lítilfjörlegar breytingar sem koma þessu máli ekkert við. Stóra málið er, að á undanförnum árum og áratugum hefur hlaðist upp gífurlega mikið embættisbákn í ýmsum helstu fjármálastofnunum þessa lands. Það embættismannabákn hefur dregið til sín bæði leynt og ljóst mikið af því stefnumarkandi valdi í efnahagsmálum sem á að vera hjá þjóðkjörnum fulltrúum þessa lands. Menn hafa reynt það í stjórnarmyndunarviðræðum undanfarna daga og vikur hvernig er komið samskiptum þjóðkjörinna fulltrúa annars vegar og embættislegu stjórnsýslunnar í hagstofnunum landsins hins vegar, í Seðlabanka, Þjóðhagsstofnun, fjmrn. og annars staðar. Þess vegna er mjög brýnt að hinir þjóðkjörnu fulltrúar nái aftur í sínar hendur því valdi sem þeim ber samkv. stjórnskipun þessa lands. Ég tel veigamikinn þátt í þeirri þróun, að sú till., sem var flutt einróma af fjh.- og viðskn. Ed. á næstsíðasta þingi, nái fram að ganga. Ég skora á þá menn, sem eiga eftir að gegna embætti fjmrh., að þeir gerist ekki slík fórnarlömb kerfisþrælanna eins og hæstv. núv. fjmrh. upplýsti áðan.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég get huggað hv. síðasta ræðumann og þingheim með því, að það er engin sérstök hætta á að við meginkrosstrén í baráttunni fyrir þingræði í landinu séum að bresta. En á hinu vildi ég vekja athygli, af því að fyrrv. fjmrh. er ekki viðstaddur, en hann mundi sjálfsagt hafa gert það ef hann væri við, að það er 21. nóv. sem hann óskar eftir því, sá ágæti maður, að tilnefningar séu gerðar í þessa nefnd. En eitthvað veldur því að tilnefningum í nefndina er ekki lokið fyrr en eftir mitt sumarið þar á eftir. Það var alla vega útilokað fyrir þáv. fjmrh. eða hvaða annan ráðh. að kalla nefndina saman þegar ekki hafði verið lokið tilnefningu í hana. (**EKJ:** Það getur ekki verið 21. nóv. Till. er samþ. 21. des.) Það stendur hérna. Það er þá villa. En ég vek alla vega athygli á því, að tilnefningum í þessa nefnd af hálfu þingflokkanna er ekki lokið fyrr en eftir mitt sumar. Ég býst því við, þó ég hafi ekki rætt það við „kerfismenn" né heldur fyrrv. hæstv. fjmrh., að ætlunin hafi verið að kalla nefndina saman með haustdögum.

Ég hef síður en svo nokkuð á móti því að beita mér fyrir að þessi nefnd komi saman. Ef nefndarmenn vilja að ég óski eftir að nefndin sé kvödd saman mun ekki standa á mér að gera það. Við skulum því ekki gera úlfalda úr mýflugu. Hvorki fjmrh., embættismenn fjmrn. né menn í öðrum fjármálastofnunum hins opinbera eru á móti þessari nefnd, síður en svo. Ef þess er óskað af nm. að fjmrn. geri eitthvað til þess að nefndin geti komið saman eftir að tilnefningu hefur verið lokið, þá skal ég fúslega gera það og veita þessari ágætu nefnd, eins og mér ber skylda til þann tíma meðan ég sit í ráðherrastól, allar þær tiltækar upplýsingar og aðstoð sem ég get henni veitt. Mér finnst engin ástæða til annars en þn. eins og hér hefur verið um að ræða starfi og hún geti náð talsverðum og umtalsverðum árangri.

Að blanda öðrum atriðum inn í þessa umr., svo sem samskiptum manna vegna stjórnarmyndunarviðræðna og fleira slíku, tel ég algeran óþarfa.

Umboðsfulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, fsp. (þskj. 87). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vona að mér fyrirgefist þótt ég noti nokkrar mínútur til að minnast á þær umr. sem hér urðu utan dagskrár s. l. fimmtudag. Ég vil sérstaklega taka undir orð hv. þm. Sverris Hermannssonar er hann gagnrýndi forseta fyrir að leyfa umr. utan dagskrár um sama efni og er í löglega framlagðri fsp., sem þegar hafði verið ákveðið af forseta sjálfum að taka á dagskrá í dag. Þá finnst mér eiginlega sérstaklega gagnrýnisvert að hæstv. forseti skyldi leggja trúnað á orð síns gamla flokksbróður, hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, um efnisatriði þeirra spurninga sem hann hafði í hyggju að leggja fyrir hæstv. dómsmrh., því að hæstv. forseti átti auðvitað að vita að sýndarmennska hjá þessum þm. er ofar öllu öðru og þingvenjur og þingsköp næsta lítils virði, ef hann getur vakið nokkra athygli á sjálfum sér. (**KP:** Það kemur engum á óvart.) Það kemur engum á óvart, hv. þm. Karvel Pálmason, nei.

Hæstv. dómsmrh. misskildi hv. þm. ekki neitt og hefur sjálfsagt talið mjög gott ef hægt væri að ljúka við að svara og hafa að baki nokkrar af þeim spurningum, sem hafa vaknað hjá þm. vegna þessa máls, og sjálfsagt einnig að hafa að baki umr. á mjög fámennum fundi í Sþ., — fámennum vegna óvæntrar uppákomu þessarar fsp. og utan venjulegs fundartíma. En vegna þeirra orða, sem féllu á þessum fundi í máli hæstv. ráðh., þess efnis að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi stolið frá mér glæpnum, eins og hann orðaði það, með óþinglegri fsp. sinni, vil ég segja við hæstv. ráðh., að ég hef engan glæp framið í þessu máli. Hins vegar munu svör ráðh. hér á eftir og umr., sem fram munu fara, kannske leiða í ljós hvort hæstv. ráðh. hefur brotið velsæmismörk, sem hann hefur manna lengst gengið í að telja aðra verða að hlíta, og hvort reynslan sé þá ekki orðin sú, að hann sem siðvæðingarhershöfðingi krata hafi alla tíð verið að kasta grjóti úr glerhúsi.

Ég hef lagt fram þessa fsp., sem er á þskj. 87 og er nú til umr., vegna ráðningar hins nýja umboðsfulltrúa dóms- og kirkjumálarn. Það, sem kannske frekast stendur að baki fsp. minni, eru þær auglýsingar sem hafa birst eftir á frá rn. og reyndar viðtöl bæði við hinn nýráðna umboðsfulltrúa ráðh. eða rn. og ráðh. sjálfan um í hverju verk fulltrúans sé fólgið og að hverju sé stefnt með því. Í auglýsingu rn. 3. jan. segir svo, með leyfi forseta:

„Tekið hefur til starfa umboðsfulltrúi dóms- og kirkjumálarn. Verkefni hans verður að sinna fyrirspurnum og erindum fólks, sem telur á hlut sinn gengið í samskiptum við stofnanir ríkisins, og veita leiðbeiningar í því sambandi. Fyrst um sinn mun starf umboðsfulltrúa

einkum lúta að dómgæslu, löggæslu og fangelsismálum."

Auglýsingin ber auðvitað ljóslega með sér að það er stefnt miklu hærra með stofnun embættisins og ráðningu þessa embættismanns en að hann eigi aðeins að vera til að upplýsa fólk sem í rn. kemur. Nýlega var í fréttum talið upp hvað margir hefðu komið, að ég held um 40 að tölu, sem enginn veit hverra erindi voru, enda sjálfsagt einkamál viðkomandi aðila og umboðsfulltrúans. Hins vegar hefur tekist fram til þessa að ná til ráðh. ef einhverjir eru að leita sér að nýrri atvinnu eða leita upplýsinga eða eitthvað þess háttar, og kratar þurftu ekki endilega að fá sérstakan fulltrúa til að veita slíkar upplýsingar. — En þá er auðvitað ljóst, og þá kem ég aftur að því sem ég sagði áðan, að í viðtölum bæði við hinn nýráðna embættismann og ráðh. sjálfan kemur fram að stefnt er að því, og þeir hafa ekkert farið dult með það, að setja á stofn það embætti sem hefur gengið undir nafninu umboðsmaður og þá viðkomandi þjóðþinga, t. d. á Norðurlöndunum. Ég tek þetta atriði sérstaklega til meðferðar og legg m. a. fsp. mína fram vegna þess að svo er á málinu haldið, vegna þess að ég flutti þáltill. á Alþ. tvisvar um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis, fyrst á þinginu 1970—1971 og síðan 1971—1972. Hinn 16. mars 1972 samþykkti Alþ. þáltill. sem var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Skal hliðsjón höfð af sambærilegri löggjöf annarra þjóðþinga á Norðurlöndum. Frv. þess efnis skal lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Með þáltill. fylgdi mjög ítarleg grg., sem m. a. vitnaði til þess sem hafði farið fram í málinu hér á landi fram til þessa, a. m. k. alls sem ég gat fest hendur á. Það voru m. a. tímaritsgreinar og það voru erindi, sem m. a. hv. þm. Ólafur Jóhannesson hafði flutt á fundi Orators, félags lögfræðinema, og enn fremur vitnaði ég til grg. sem hafði fylgt þáltill. sem var um skipan nefndar til að athuga þetta mál og Kristján Thorlacius hafði flutt tvisvar eða þrisvar á þingi er hann sat hér sem varaþm. fyrir Framsfl.

Eftir að till. mín var samþ. fól þáv. hæstv. dómsmrh., Ólafur Jóhannesson, Sigurði Gizurarsyni að semja frv., sem var lagt fyrir Alþ. í marslok 1973 og tekið til umr. á næsta þingi. Páv. dómsmrh. flutti mjög ítarlega framsöguræðu með frv. Hann komst m. a. svo að orði, með leyfi forseta:

„Vissulega eru aðstæður hér hjá okkur að ýmsu leyti aðrar en hjá fjölmennari þjóðum og jafnvel hjá okkar nágrannaþjóðum. En ég er ekki í vafa um, að stofnun umboðsmannaembættis mundi á ýmsan hátt leiða til bættrar stjórnsýslu og horfa til réttaröryggis fyrir þegnana. Fyrir slíkt er mikið gefandi. Hinu er ekki að leyna, sem Alþ. verður einnig að hafa í huga og meta, að hér er um stofnun nýs embættis að ræða, sem hafa mun í för með sér verulegan kostnað. Ég tel því mjög eðlilegt, að Alþ. gefi sér góðan tíma til að athuga þetta mál." — Lengra var þetta, þó að ég vitni ekki lengur í hans mál.

Frv. var að lokinni umr. vísað til allshn. d. og hún skilaði áliti nokkru síðar, eða í maí 1974, og mælti einróma með samþykkt þess með nokkrum smávægilegum breytingum. Síðan gerðist ekkert meira í málinu fyrr en ég flutti frv. ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni á þinginu 1976—1977, en þá urðu úrslit hin sömu, að það dagaði uppi, komst til n. og síðan ekki söguna meir. Var sama ástæða gefin fyrir að málið fékk ekki framgang að við hefðum ekki efni á að setja á stofn þetta nýja, en þó þýðingarmikla embætti, sem allir voru sammála um að væri til gagns fyrir þjóðina.

Hins vegar virðist mér með hliðsjón af því, sem ég hef þegar sagt, að hæstv. dómsmrh. sé að reyna að læða embættinu inn án þess að við höfum frekar efni á því að koma málinu fram nú en áður. Þótt ég sé á allan hátt fylgjandi því, að embætti umboðsmanns Alþ. verði sett á stofn, vil ég ekki að sú leið sé farin að fara með það inn bakdyramegin, ef ég mætti orða það þannig. Enn fremur er embættið, eins og það er sett á stofn af hæstv. ráðh., hvergi í líkingu við það sem ætlað var með frv.-flutningnum, hvorki í samræmi við samhljóða frv. sem ég flutti né í samræmi við samhljóða frv. sem ég flutti ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni. Þar er meginmál, má segja, að strax kemur fram í 1. gr. frv. að kjör umboðsmanns Alþingis eigi að fara fram í Sþ. Síðan er auðvitað getið um hvert verksvið hans eigi að vera o. s. frv. og skyldur og réttindi. Má því segja að langt sé frá því að sú embættisstofnun, sem hæstv. dómsmrh. hefur nú beitt sér fyrir, geti á nokkurn hátt jafnast á við það sem með því frv. var ætlað að gera.

Það hafa komið upp miklar efasemdir um hvort hæstv. ráðh. hafi nokkra heimild til að stofna til þessa embættis. Með hliðsjón af því, sem kom fram áðan hjá hæstv. fjmrh., að eitt af aðalverkum hans í stjórnartíð hans sem fjmrh. hafi verið að vinna að því, að ekki verði stofnuð fleiri embætti, og að draga saman í fjármálakerfinu ýmiss konar kostnað og sem sagt að stuðla að sparnaði og hagsýni á öllum sviðum, þá virðist manni þessi ákvörðun í rn. hæstv. dómsmrh. koma eins og skollinn úr sauðarleggnum.

Fsp. mín er í þrem liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Er fjárveiting fyrir hendi til greiðslu launa og annars kostnaðar við hið nýja embætti umboðsfulltrúans? Eru fyrirmæli þar um lögum? Ef ekki, hver heimilar ráðh. að setja þetta nýja embætti á stofn?

2. Er umboðsfulltrúi ráðinn samkv. samningi félags innan BSRB, BHM, ASÍ, eða er hann ráðinn samkv. sérsamningi?

3. Hver eru byrjunarlaun hans, önnur launakjör og fríðindi? Er umboðsfulltrúinn æviráðinn eða til skemmri tíma, t. d. næstu reglulegu alþingiskosninga?

Eitthvað mun hafa komið fram, sem telst til svara, í tvítali þeirra félaganna hæstv. ráðh. og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, en að sjálfsögðu óska ég eftir að það komi fram við umr. um löglega fram lagða fsp. svör við öllum þeim spurningum sem ég hef borið fram.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Sem svar við 1. fsp. hv. þm. Péturs Sigurðssonar er þetta að segja:

Fjárlög hafa ekki verið samþ. fyrir árið 1980, engar fjárveitingar hafa því verið afgreiddar fyrir það ár, en í nýsamþykktum lögum um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980 o. fl. er ríkisstj. heimilað að greiða samningsbundnar greiðslur þar til fjárlög hafa verið samþ., þ. á m. launagreiðslur til opinberra starfsmanna. Ekki eru í lögum fyrirmæli um starf umboðsfulltrúa, en ráðning umboðsfulltrúa var ákveðin með þeim hætti sem lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna o. fl., segja fyrir um. Ráðn-

ingarnefnd ríkisins samþykkti ráðninguna á fundi sínum 3. jan. s. l.

Í öðru lagi sem svar við 2. fsp. hv. þm.:

Umboðsfulltrúi er ráðinn samkv. sérkjarasamningi Lögfræðingafélags Íslands og aðalkjarasamningi Bandalags háskólamenntaðra manna.

Í þriðja lagi:

Launakjör eru 113. flokkur fyrrgreindra kjarasamninga. Önnur launakjör eru ekki. Fríðindi eru engin. Umboðsfulltrúi er ráðinn með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Auk þess rennur ráðningarsamningur hans út sjálfkrafa innan árs frá ráðningardegi.

Um þessa ráðningu fór fram umr. utan dagskrár s. l. fimmtudag og um hana vil ég segja þetta:

Það var gagnrýnt að ég skyldi hafa ráðið flokksbróður minn til þessa starfs. Hins vegar hefur út af fyrir sig ekki verið sagt af nokkrum, að ég hygg, að troðið hafi verið á rétti annars, að gengið hafi verið fram hjá neinum öðrum sem hefði átt í sjálfu sér meiri rétt til starfans, heldur hefur það verið gagnrýnt að um flokksbræður og skoðanabræður er að ræða.

Í framhaldi af því, sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði um starf umboðsmanns, segi ég þetta. Ég þekki það. Að ég hygg árið 1972 var flutt af þáv. hæstv. dómsmrh. vandað frv. um umboðsmann Alþingis. Slíkar hugmyndir hafa verið fluttar eftir það, en ekki náð fram að ganga. Það er rétt, að hinu nýja starfi er ætlað að ganga í sömu átt, að svo miklu leyti sem mögulegt er. En vitaskuld er það hv. Alþingis að taka um það ákvörðun hvort starf umboðsmanns Alþingis verður sett á fót. Mín von stendur til þess að þetta starf, svo þröngur stakkur sem því eðlilega er skorinn, geti þróast í sömu átt og hér hefur verið rætt um.

Að því er þessa embættisveitingu og aðrar almennt varðar er það svo, að það situr ríkisstj. í landinu með þeim réttindum og þeim skyldum sem slíku fylgja.

Auðvitað er öllum ljóst að aðstæður eru óvenjulegar. Allir hljóta að vera sammála um að því fyrr sem ástandið verður eðlilegt, þeim mun fyrr sem að baki ríkisstj. standi þingmeirihl., þeim mun betra. Menn þekkja við hvaða aðstæður þessi ríkisstj. var mynduð. Menn þekkja líka að hún nýtur ekki meiri hl. og hefur sagt af sér. Ég endurtek: Þess vegna er því betra sem stjórnmálaástandið verður fyrr eðlilegt, svo sem þingræðishefðir gera ráð fyrir.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég þarf aðeins að koma á framfæri ofurlítilli leiðréttingu.

Það var rétt, sem kom fram í máli manna um flutning þáltill. um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis, og samkv. þeirri till. skyldi láta semja frv. um það efni og leggja fyrir næsta Alþ. á eftir. Það gerði ég, eins og reyndar kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, Péturs Sigurðssonar. En ein meginvilla kom fram hjá honum og að auki hjá hæstv. dómsmrh. Ég lagði það frv. vitaskuld ekki fram sem dómsmrh., heldur sem forsrh. Málefni Alþingis heyra undir forsrh., en ekki dómsmrh. Það skeði svo að uppstytta varð 1974, eins og menn muna, og ný stjórn kom til valda. Hæstv. þáv. forsrh. endurflutti ekki það frv. sem ég hafði flutt á sínum tíma, en aftur á móti tóku tveir þm. það upp.

Mjög nauðsynlegt er að menn geri sér grein fyrir þessu, þó að mönnum sýnist það kannske ekki mikið atriði, vegna þess að það, sem ég tel hættulegt við stofnun starfs umboðsfulltrúa í dómsmrn., væri ef það yrði til þess að tefja fyrir stofnun embættis umboðsmanns Alþingis.

Hæstv. dómsmrh. lét að því liggja, að hann vonaðist til að það starf, sem hann hefur sett á stofn, gæti orðið vísir að stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Þessu tvennu má ómögulega rugla saman. Þarna er um gersamlega ólík og ósambærileg fyrirbæri að ræða. Stofnunin umboðsmaður Alþingis, sem á sér hliðstæðu á Norðurlöndum, er embætti sem sjálf þjóðþingin hafa sett á stofn. Umboðsmaðurinn á að vera trúnaðarmaður þjóðþinganna gagnvart stjórnsýslunni, er gerður sem allra óháðastur í starfi og algerlega óháður stjórnsýslunni, sem er auðvitað sjálfsagt mál, vegna þess að hann á að hafa eftirlit með henni. Einstaklingar, sem telja að brotinn sé á sér réttur að einhverju leyti af hálfu stjórnsýslumanna, geta leitað til þessa umboðsmanns. Það er auðvitað reginmunur á því að sett sé upp starf upplýsingafulltrúa í rn., sem út af fyrir sig getur verið ágætt. Heitið skiptir ekki máli í þessu sambandi, en mér fyndist öllu réttara að kalla hann það en ekki umboðsfulltrúa.

Auðvitað getur embættið átt fullan rétt á sér. Ég veit og skil að það getur létt ráðh. verkin, því að óhjákvæmilegt er að í þeim stóra hópi, sem vill alltaf ná tali af ráðh., séu fáeinir þráhyggjumenn sem kannske væri freisting að geta vísað til aðstoðarmanns eða upplýsingafulltrúa. En hvað um það, eins og ég segi getur embættið átt rétt á sér. En slíkur maður, sem er embættismaður innan stjórnsýslunnar, lýtur einhverju tilteknu rn., getur aldrei nálgast stöðu umboðsmanns þjóðþings. Það er reginmisskilningur sem þarna kemur fram.

Ég hef ekkert við það að athuga að sett sé upp þetta starf í dómsmrn. Auðvitað hefur ráðh. rétt til að ráða sér aðstoðarmann og hefði alveg eins getað valið þá leiðina. En ég er á móti að því sér ruglað saman við embætti umboðsmanns Alþingis.

Ég er alveg sömu skoðunar og áður fyrr, að ég tel mjög nauðsynlegt að stofna embætti umboðsmanns Alþingis. Þess gerist æ meiri þörf eftir því sem stjórnsýslan verður flóknari og það verður erfiðara fyrir einstaklinginn að rata í því völundarhúsi og honum gengur erfiðlega að ná ímynduðum eða raunverulegum rétti sínum. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að sett sé á fót slíkt embætti, og að mínum dómi mega menn ekki horfa í kostnað við slíkt. Ég álít að horfa mundi til mikils réttaröryggis hér á landi alveg eins og á Norðurlöndunum, ef það væri gert, þar sem þessi stofnun hefur orðið ákaflega mikilsvirt og þýðingarmikil og orðið til þess að leiðrétta ýmsan misskilning, sem á sér stað, og jafnvel kannske til þess að lyfta vissum skuggum af hinu margumtalaða kerfi. Ég vil því að endingu undirstrika það, að þrátt fyrir stofnun þessa starfs í dómsmrn. má Alþ. ekki á neinn hátt láta undir höfuð leggjast að vinna að því að sett verði á stofn embætti umboðsmanns þjóðþingsins. Ég er sannfærður um að þó að kannske sé erfitt að meta það til beinharðra peninga muni það borga sig.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Vegna orða hæstv. ráðh. áðan um, að sú stöðuveiting, sem verið er að ræða, eigi sér stoð í lögum nr. 97/1974, vil ég gera grein fyrir því út á hvað þau lög ganga og eru þau þó flestum þm. kunn. Þessi lög heita, með leyfi forseta: „Lög um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana". Segir svo í 1. gr., með leyfi forseta:

„Óheimilt er að fjölga föstum starfsmönnum í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema að fengnu samþykki ráðningarnefndar ríkisins, sbr. 6. gr. Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um þær stöður, sem stofnað er til með lögum".

Og í síðari mgr. 6. gr. segir:

„Nú óskar rn. eftir fjölgun fastra starfsmanna við rn. eða ríkisstofnun á þess vegum án þess að fé hafi verið veitt til þess á fjárlögum eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi, og skal þá rn. senda beiðnina til ráðningarnefndar til úrskurðar."

Og í 7. gr., in fine:

„Synji ráðningarnefnd erindi um fjölgun starfsmanna samkv. 1. og 6. gr., getur ráðh. sá, sem hlut á að máli, borið ágreininginn undir ríkisstj., sem tekur endanlega ákvörðun um málið."

Ég hef aðeins spurst fyrir um þetta mál. Mér hefur verið sagt að bremsunefndin, þ. e. þessi ráðningarnefnd, telji að hún hafi tekið við skipun ríkisstj. í þessu máli, það hafi ekki haft neinn tilgang fyrir hana að ræða um málið, heldur hafi þetta nánast verið formsatriði, skráningaratriði, og hún hafi tekið þannig við fyrirmælum ríkisstj. Það mun hins vegar vera um deilt, hvort venja sé að fara svona að þegar þing stendur yfir. Mér skilst að ýmsir hv. þm. hafi aths. við slík vinnubrögð og telji að leita eigi til fjvn. þegar þing situr.

Þetta vildi ég láta koma fram. Ég get sagt það annars um þetta mál, að ég er sammála því sem hér hefur komið fram um nauðsyn þess að stofnað sé til sjálfstæðs og óháðs embættis um umboðsmann eða ármann Alþingis, eins og sumir hafa viljað kalla þetta, og get tekið undir öll þau orð.

Ég vil annars óska hæstv. ráðh. til hamingju með að segja stríð á hendur þeim sem stöðugt rægja stjórnmálamenn og brigsla þeim um siðferðisskort. Hæstv. dómsmrh. hefur nú sýnt bæði dirfsku og dug í hinu nýja hlutverki sínu sem fulltrúi kerfisins og verndari möppudýranna í kerfinu. Til að sýna svart á hvítu að hann láti ekki undan kröfum ýmissa siðferðispostula réð hæstv. ráðh. fallinn flokksbróður sinn í starf sem engin lagaheimild var fyrir. Enn fremur hefur hæstv. ráðh. með þeirri ráðningu staðfest þá siðlegu lýðræðisþróun, að ráðh. í starfsstjórn geti stofnað til og veitt stöðu sem Alþ. hefur ekki séð ástæðu til að festa í lög né veita fjármagn til. Við þessa sögulegu viðburði hlýtur þjóðin að hugsa til gamals orðtaks: „Batnandi manni er best að lifa."

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi og í beinu framhaldi af ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar óska nánari skýringa frá hæstv. ráðh. á þeim heimildum eða því heimildarleysi, sem hér er borið á hann gagnvart þessari stöðuveitingu, með sérstöku tilliti til þess, að hæstv. ráðh. upplýsti áðan að ráðningarnefnd hefði samþ. þessa stöðu 3. jan. eða um það bil viku eftir að hæstv. ráðh. gekk sjálfur frá ráðningunni. M. ö. o.: hæstv. ráðh. gefur út opinbera tilkynningu og embættisbréf viku áður en ráðningarnefnd samþykkir að setja slíka stöðu á fót. Ég vil enn fremur ítreka það, að þessi aðferð hæstv. ráðh. er í algerri andstöðu við þau sjónarmið sem hann og aðrir flokksbræður hans héldu fram hér árið 1978, þegar til umr. kom ráðning blaðafulltrúa ríkisstj., þannig að hér er ekki bara brotið einu sinni heldur margoft gegn fyrri yfirlýsingum. Öll stóru orðin um fjvn. Alþingis og fjárveitinganefndarvaldið, sem hér voru viðhöfð þegar ráðið var í stöðu blaðafulltrúa ríkisstj., hljóma nú allundarlega þegar þessi ráðning er höfð í huga. Alþ. á kröfu á því, að hæstv. ráðh. skýri nánar samskipti sín við ráðningarnefndina.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni, að ég hafi með því að kveðja mér hljóðs utan dagskrár viljað ganga sérstaklega á rétt hans fsp., og hefði látið það koma skýrt fram, ef hæstv. forseti hefði leyft áframhaldandi umr. á sínum tíma. Tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var fyrst og fremst það, að mér fannst reynslan og blaðafréttir benda til þess, að sú bráðabirgðaríkisstjórn, sem nú sæti, ætlaði sér, meðan hún sæti sem bráðabirgðastjórn, að gerast allumsvifamikill í embættaveitingum. Það var fyrst og fremst til þess að grípa strax í þá tauma sem ég kvaddi mér hljóðs vegna embættisveitingar hæstv. dómsmrh. og hæstv. félmrh. Málflutningur minn snerti á engan hátt launakjör Finns Torfa Stefánssonar eða annað sem kom inn á fsp. hv. þm. Péturs Sigurðssonar. Mér fannst að þingið gæti ekki setið hér dag eftir dag aðgerðalaust og horft upp á það, að núverandi bráðabirgðaríkisstjórn, sérstaklega eftir hástemdar fyrri yfirlýsingar forustumanna Alþfl., ætlaði nú að ganga á það lagið að halda áfram víðtækum embættisskipunum, enda kom það á daginn, þegar hæstv. félmrh. kom hér í stólinn, að hann lýsti yfir að hann mundi bara halda áfram að skipa í embætti eins og hann gæti meðan hann sæti sem bráðabirgðaráðherra. Þar fengu menn hina nýju siðgæðisyfirlýsingu Alþfl.

Hæstv. félmrh. hefur ekki heldur látið sitja við orðin tóm, vegna þess að í blöðum í dag er birt frétt um að hann hafi með skipun formanns flugráðs tryggt Flugleiðum meiri hluta í flugráði. Það er satt að segja merkileg embættisathöfn hjá bráðabirgðaráðherra að tryggja stærsta hagsmunaaðilanum í flugmálum meiri hluta í flugráði með því að skipa framkvæmdastjóra flug- og tæknideildar Flugleiða formann flugráðs. Þannig má nefna fjölmörg önnur dæmi um hugsanlegar embættaveitingar og raunverulegar embættaveitingar þessarar bráðabirgðaríkisstj. Það hlýtur að vera krafa Alþingis, að þeir ráðh., sem hér eru, lýsi því skilyrðislaust yfir að þeir ætli að hætta þessari iðju.

Þær afsakanir, sem hæstv. dómsmrh. hafði hér uppi fyrir því að skipa Finn Torfa Stefánsson í það embætti sem er hér til umr., voru harla léttvægar, vegna þess að þar rakst hvað á annars horn í þeim efnum og ekkert samræmi í þeim málflutningi. T. d. nefndi ráðh. það, að hann hefði gert þá undantekningu að gera hér ráðningarsamning til eins árs, þetta væri bara embættisgerningur sem gilti í eitt ár. Hins vegar sló hann sér á brjóst og sagði að hann hefði ekki veitt prófessorsembætti, þó að allir sem til þekkja, viti að það er nánast hefð að ganga þannig frá málum, að í upphafi sé eingöngu ráðið til eins árs. Það er ekki nokkurt samræmi í afstöðu hæstv. ráðh. í því að neita um og hæla sér af að setja ekki í prófessorsembætti á sama tíma og hann skipar til eins árs í þetta umrædda embætti.

Enn fremur verð ég að segja það, að skilgreiningar hæstv. ráðh. á því, hvað sé pólitískur gæðingur, stangast allrækilega á við þær skilgreiningar sem hann notaði áður. Sú skilgreining, sem hann beitti fyrir sig hér í vörninni, fól það í sér að pólitískur gæðingur væri sá sem misnotaði aðstöðu sína, eftir að hann fengi embætti, til þess að hygla flokksbræðrum sínum í embættisverkum. Þetta er algerlega ný skilgreining. Hér er alls ekki sú

sama skilgreining og hæstv. ráðh. notaði sjálfur þegar hann fjallaði um veitingu húsameistaraembættis ríkisins hjá Geir Hallgrímssyni á sínum tíma, enda ætlar hæstv. ráðh. vart að telja mönnum trú um að húsameistari ríkisins teikni fallegri hús fyrir ríkisstjórn Sjálfstfl. en fyrir ríkisstjórnir annarra flokka.

Nei, staðreyndin er sú, að þetta hugtak er hér notað í sömu merkingu og áður, að menn taka flokksbróður fram yfir aðra umsækjendur, og það er eingöngu það sem verið er hér að tala um.

Það er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh., sem hann sagði áðan, að það hefði enginn dregið í efa að hann hefði valið rétta manninn. Ég dreg það t. d. fyllilega í efa. Vegna þess að hæstv. ráðh. lýsti því yfir í ræðu sinni fyrir helgina, að hann hefði sjálfur kveðið upp hæfnisdóm yfir þessum umsækjendum, þá vil ég mælast til þess, að hæstv. ráðh. skýri þingheimi frá því, hvaða hæfileika Finnur Torfi Stefánsson hefur umfram t. d. Björn Baldursson, Pál Skúlason og Þorstein A. Jónsson, sem sóttu um þessa stöðu.

Ræðutími minn er sjálfsagt úti. Ég reikna með að bjöllusláttur forseta gefi það til kynna. En ég vil aðeins að lokum taka undir með hv. þm. Ólafi Jóhannessyni og þeim sjónarmiðum sem koma fram í grein eftir Steingrím Gaut Kristjánsson í Morgunblaðinu 10. jan., að allur málflutningur hæstv. ráðh. um það, að þessi embættisveiting sé skref í þá átt að koma upp umboðsmanni Alþingis, er algerlega út í hött og eingöngu til þess fallin að verja slæman málstað með því að taka sér gott mál í hendur. Embætti umboðsmanns Alþingis er allt annarrar tegundar, eins og hv. þm. Ólafur Jóhannesson rökstuddi rækilega og það má alls ekki blanda því saman við þá fulltrúastöðu í rn. sem nú hefur verið sett hér á laggirnar. Þar að auki á það ekkert skylt við það sjónarmið Finns Torfa Stefánssonar, sem hann lýsti yfir í útvarpi þjóðarinnar þegar hann tók við þessu embætti, að hann liti svo á að eðlilegt væri að flokkspólitísk sjónarmið réðu þessari ráðningu. Þessi nýi starfsmaður rn. er þeirrar skoðunar samkv. eigin yfirlýsingum, að eðlilegt sé að flokkspólitísk sjónarmið ráði ráðningu hans í þetta starf.

Herra forseti. Það er margt fleira sem mætti segja um þetta mál. Það er nú einu sinni þannig, að í smáu málunum koma stundum í ljós hin stóru sinnaskipti. Það er einmitt það sem við erum að horfa hér upp á, ekki bara dag eftir dag, heldur oft á dag, í þeim hamskiptum sem ráðherrar Alþfl. taka hér hver á fætur öðrum og hæstv. fjmrh. tók hér fyrr í dag, að hinn fagri skjöldur er nú orðinn ærið flekkaður. Ég verð að segja það, að sá hljóðláti málflutningur, sem hæstv. dómsmrh. hafði bæði hér í dag og einnig fyrir helgi sér til varnar, minnir mig á frásögn í frægu kvæði eftir Einar Benediktsson, þar sem fjallað er um valdsmann nokkurn úr Reykjavík sem í upphafi kvæðisins lýsir yfir og gerir að sínu kjörorði:

„Nú tek ég sjálfur í streng, þess skal minnst.
Ég uppræti hneykslið hvar sem það finnst."

En í lok kvæðisins er farið fyrir þessum valdsmanni eins og nú er komið fyrir hæstv. dómsmrh.:

„Í minnum er höfðingja heimreiðin enn.
Þeir hurfu í messulok allir senn.
Og það voru hljóðir, hógværir menn,
sem héldu til Reykjavíkur."

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. fór með ósannindi þegar hann vitnaði í ummæli mín fyrir nokkrum dögum. Hann sagði að ég hefði sagt að ég mundi skipa í embætti eins og ég gæti. Það er ekki rétt. Ég sagði að ég mundi skipa í embætti eftir því sem nauðsyn krefði, en meira ekki. Og hann segir núna að ég hafi orðið þess valdandi að Flugleiðir hefðu meiri hluta í flugráði. Ég veit ekki til að það hafi verið nema einn starfsmaður Flugleiða af þeim fjórum — tveimur aðalmönnum og tveimur varamönnum — sem ég skipaði í flugráð. En ég lagði spurningu fyrir hv. 11. þm. Reykv. á síðasta fundi, sem hann svaraði ekki þá, en hefði getað svarað núna. (**ÓRG:** Svarið er nei.) Það getur vel verið að hann treysti sér til að segja nei núna, af því að búið er að skipa viðkomandi aðila.

Þá spurði ég hann hvort mér væri heimilt að skipa Margréti Margeirsdóttur deildarstjóra í félmrn. á grundvelli laga um aðstoð við þroskahefta, þar sem gert er ráð fyrir að deildarstjóri í félmrn. fari með þau mál. Þetta er af öllum aðilum talið nauðsynlegt að gera og þolir enga bið, og ég hafði fullar heimildir bremsunefndar, ráðningarnefndar, fyrir því. Ég held að hann geti ekki vænt Margréti um það að vera einhver sérstakur gæðingur Alþfl. — M. ö. o.: það, sem hann hélt fram í byrjun tölu sinnar um það sem ég sagði, var ósatt.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Þrátt fyrir aðvörun, sem mér barst á borð mitt í bundnu máli og hljóðar svo, með leyfi forseta:

Auðvitað hann er að plata
eins og framast getur,
en úlfalda úr alikrata
eigi ger þú, Pétur —

ætla ég nú samt að bæta örfáum orðum við það sem ég sagði áðan.

Að sjálfsögðu er allt rétt sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson sagði um þetta mál í sinni ræðu, og auðvitað bar mér að segja frá því, að það hefði verið forsrh. sem flutti málið. Það er kannske nokkur fljótfærni í því hjá mér að geta ekki um það, en hann gegndi dómsmrh.-embættinu líka og var forsrh. og kirkjumálaráðh. Auðvitað er það alveg rétt hjá honum, að þetta tilheyrir forsrh.-embættinu. Undir orð hans um frv. sjálft og málið tek ég heils hugar, en vil aðeins láta það koma fram, að ég biðst afsökunar á því að þetta skyldi ekki koma fram.

En hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson bið ég ekki afsökunar, vegna þess að ég held enn þá við það, að þetta upphlaup hans sé ekki annað en sýndarmennska. Og það er sama sýndarmennskan og kom fram á ljósmynd, sem hann hefur að sjálfsögðu pantað og birtist í Þjóðviljanum fyrir skömmu, af fundi farandverkamanna. Þar trónaði þessi háskólaprófessor fremstur á myndinni, á miðri mynd, og það skilja auðvitað afskaplega fáir, hvað hann var þangað að gera, þegar haft er í huga að þangað var aðeins boðið farandverkafólki og svo forustumönnum úr þeim launþegasamtökum sem málið varðar. En þessi hv. þm. hefur líklega misskilið fundarboðið og haldið að þeir stjórnmálamenn, sem tilheyra farandriddurum stjórnmálanna, ættu að mæta þarna líka. Það er mikill misskilningur.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, en þau eru ekki alveg öll komin fram enn þá. Ég tel enga goðgá þótt fram komi hér í Sþ. svör við því sem ég bað um að svarað yrði, en það er í 3. lið, um byrjunarlaun. Hæstv. ráðh. og flokksbræður hans eru meðal fremstu baráttumanna fyrir láglaunafólk í þessu landi, og ég vil gjarnan að það fái að sjá hvernig þeir búa í launum að þessum skjólstæðingi sínum, sem á að gæta hagsmuna þess, og að það komi fram hér í krónutölu í svari ráðh. hvað þessi maður fær í byrjunarlaun. Að sjálfsögðu fylgir embætti hans margs konar annar kostnaður. Það er sett undir hann skrifstofa, sjálfsagt ritari, og vinnutíminn er sjálfsagt ekki langur. Hann er sjálfsagt ekki jafnlangur og hjá togarasjómönnum eða verkafólki við höfnina í Reykjavík. En það væri fróðlegt að vita um það um leið, hvað langur vinnutími fylgir þeim launum sem þessum nýja umba dómsmrh. eru boðin.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Vegna ítrekunar á 3. spurningu hv. þm. Péturs Sigurðssonar vil ég segja það, að ég kann ekki kjarasamninga utan að. En ég endurtek það sem fram kom, að launakjör eru samkv. 113. flokki þeirra samninga sem nefndir hafa verið.

Að öðru leyti vil ég segja það, að það starf, sem hér er um að ræða, var auglýst í októbermánuði — ég held ég fari áreiðanlega rétt með frekar en í byrjun nóvembermánaðar, og það að setja upp starf sem þetta er pólitísk ákvörðun. Þessa pólitísku ákvörðun bar ég upp í ríkisstj. og hún var þar samþ. Og að reyna að tengja þetta því, að verið sé að koma manni, sem féll í kosningum sem fram fóru löngu síðar, inn í embætti, það er auðvitað fráleitt.

Hins vegar tek ég auðvitað undir það sem fram kom hjá hv. 5. þm. Reykv., Ólafi Jóhannessyni, það er mikill munur á þessu starfi annars vegar og starfi óháðs umboðsmanns hins vegar. Og grundvallarmunurinn er sá, að starf umboðsmanns Alþingis — eins og hugmyndir um það starf hafa verið hjá að ég hygg öllum þeim sem fyrir slíkri hugmynd hafa talað — er óháð stjórnkerfinu. Þessu starfi eru auðvitað miklu þrengri skorður settar og þær helstar, að það er inni í kerfinu sjálfu. Engu að síður hygg ég að almennt sé það skynsamlega að staðið að fara hægt af stað. En um starf umboðsmanns Alþingis þarf miklu stærri ákvörðun. Um það þarf sérstaka löggjöf, það verður ekki framkvæmt innan hinnar almennu löggjafar. En ég endurtek einasta þá skoðun mína um þetta, að ég hygg að þetta starf geti auðveldlega þróast þannig að úr því verði starf umboðsmanns Alþingis. Ég endurtek það enn, að allt er þetta starf miklu þrengra, enda annað ekki hægt, en engu að síður held ég, að þetta geti þróast í þessa átt, og mínar hugmyndir standa til þess.

Það er nú einu sinni svo, að þetta veitingarvald er hjá ríkisstj. Ég endurtek það enn, að þessi ríkisstj. situr við óeðlilegar aðstæður. Við höfum 10 þm. af 60. Flokkarnir, sem stóðu t. d. að Kröfluvirkjun, hafa 50 þm., og daginn sem einhverjir koma sér saman um að mynda meirihlutaríkisstjórn hefur veitingarvaldið þar með flust til þeirra. (Gripið fram í.) Það er hjá Alþ., en meðan svo er ekki —(**Gripið fram í:** Hvað þarf að borga manninum í kaup?) Því hefur verið lýst nákvæmlega, hvernig réttilega og eðlilega hefur verið að þessu staðið, en meðan svo er ekki, þá situr þessi ríkisstj. með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

Þær vikur sem ég hef setið í þessu rn. hafa sannfært mig um nauðsyn þess, að til sé starfsmaður sem vísi fólki um rangala þess kerfis sem stöðugt verður flóknara og flóknara. Ég hef enn fremur sannfærst um að embætti óháðs umboðsmanns er nauðsynlegt embætti, og ég vona einasta að það moldviðri, sem hér hefur verið þyrlað upp á röngum forsendum, að ég hygg, verði ekki til að varpa slíkri rýrð á þetta starf að það spilli eða eyðileggi þessa hugmynd. Ég þykist viss um að það vakir ekki fyrir þeim sem hér hafa talað, og ég endurtek þær vonir mínar að þessi umr. hafi ekki svo eyðileggjandi áhrif. (**Gripið fram í:** Vill ekki ráðh. svara fsp. um ráðningarnefnd?) Ég hef lýst því, að þetta starf var samþ. í ríkisstj. á sínum tíma. Mér er ekki kunnugt um það nákvæmlega, hvernig ráðningarnefnd vinnur, en þetta var samþ. af henni 3. jan. samkv. upplýsingum sem ég hef fengið.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í öðrum norrænum löndum hefur lengi verið til starf umboðsmanns þjóðþings, og ég ætla að það sé samdóma álit manna að það hafi reynst vel og þetta starf sé nauðsynlegur hlekkur í stjórnkerfinu. Ég hef kynnst þessu einna mest í Danmörku, þar sem þetta starf var stofnað með stjórnarskrárbreytingu eða nýrri stjórnarskrá 1953, og valdist til þess óvenjuhæfur maður, einn fremsti lagamaður Dana, prófessor Stephan Hurwitz, sem byggði upp þetta starf þar af mikilli atorku og vitsmunum. Þar í landi er lögð svo mikil áhersla á þetta starf til verndar borgurunum og réttindum þeirra, að það er fest í stjórnarskránni.

Það er orðið alllangt síðan umr. hófust um það, að til slíks starfs yrði stofnað hér á landi, og hafa verið fluttar um það þáltill. og lagafrv. Það hefur ekki náð samþykki Alþingis enn. Rétt er að skýra frá því, að þetta mál er á verkefnaskrá stjórnarskrárnefndar og hefur verið rætt þar. Ég hef stungið upp á því, að í stað orðsins „umboðsmaður" Alþingis komi „ármaður" Alþingis. Ég ætla að merking þess orðs frá fornu fari í íslenskri tungu eigi mjög vel við hér. Ég vænti þess, að samstaða geti náðst um það í stjórnarskrárnefnd — þó að enn hafi ekki verið gengið til atkv. um það — að leggja til á sínum tíma við Alþ. að til þessa starfs verði stofnað á þennan veg, að í sjálfa stjórnarskrána verði sett um það ákvæði, svo mikilvægt er þetta starf. Fyrst og fremst er það auðvitað í því fólgið, að þeir borgarar, sem telja sig ekki ná rétti sínum með öðrum hætti, geti leitað ráða hjá þessum starfsmanni. Ég ætla að t. d. í Danmörku, þó að ekki fylgi mikið vald þessu starfi, sé svo mikið áhrifavald samt sem áður sem fylgir álitsgerðum og tillögum þessa starfsmanns, að allir telji sér skylt að hlíta því. Ég vildi láta þetta koma hér fram.

Að því er snertir það mál sem hér er spurt um, þá er til þessa starfs á vegum dómsmrn. stofnað af hálfu hæstv. ríkisstj. til bráðabirgða, eins og hæstv. ráðh. hefur upplýst. Í það starf hefur að mínu viti valist vel hæfur maður. Ég vona fastlega að þetta verði síður en svo til að tefja það, að slíkt starf verði fest í lögum og stjórnarskrá, heldur fremur að þetta starf verði til að sýna fram á gagnsemi og nauðsyn þess.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það mun hafa verið fyrir rúmu ári að þáv. ríkisstj. réð blaðafullrúa. Hún hafði þá ekki heimild til þess í fjárl. og sú ráðning hafði ekki komið fyrir ráðningarnefnd, en sú ríkisstj. gerði þó till. um það í fjárlagafrv. að þessi staða yrði samþykkt. Hæstv. núv. dómsmrh. og hæstv. núv. fjmrh. komu þá

hér í ræðustól og gagnrýndu það efnislega mjög harðlega, að Alþ. og fjvn. hefðu ekki getað fjallað um þessi mál. Það var kjarninn í þeirra gagnrýni.

Aftur á móti með þessa stöðu er það ekki einasta að ekki er til fyrir henni heimild í lögum, um greiðslu launa og kostnaðar við hana er engin till. í hvorugu fjárlagafrv. sem fyrir hv. fjvn. liggur. Það er hvergi neitt til um þessa ráðningu annað en ákvörðun ríkisstj. og það, að mér skilst, að ráðningarnefnd hafi fallist á að ríkisstj. væri búin að ráða í þessa stöðu. Mér finnst engin furða þótt hv. alþm. séu allgáttaðir yfir þessum breyttu viðhorfum hjá hæstv. ráðh., bæði hæstv. dómsmrh. og fjmrh., í þessum stöðuveitingamálum.

Ég vil — af því að ég ætla ekki að gera þetta mál að stórmáli af minni hálfu — aðeins benda á þau miklu sinnaskipti sem þarna hafa orðið, og undirstrika það, sem ég sagði þá, að ég tel með öllu óhæft að þannig sé að ráðningum ríkisstarfsmanna staðið. Ef svo væri, þá hefði Alþ., sem hefur fjárveitingavaldið, enga stjórn á því, hvernig ríkisbáknið þenst út.

En ég ætla að vekja athygli á einu. Ef hæstv. fjmrh. er hér einhvers staðar staddur, þá ætlaði ég að spyrja hann að því, hvort hann teldi sig hafa heimild til þess að greiða laun og kostnað við þessa stöðu. Í lögunum, þar sem Alþ. veitir ráðh. bráðabirgðaheimildir til greiðslu úr ríkissjóði á yfirstandandi ári, a. m. k. fyrsta einn og hálfa mánuðinn, stendur: „Ráðh. er heimilt að greiða til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1979, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins."

Að minni hyggju er þannig að orði kveðið í þessum heimildarlögum, að það er alveg ótvírætt að fara skal eftir fjárl. 1979. Og það er ekki einungis að engar heimildir eru þar til greiðslu á launum eða kostnaði við þetta starf, heldur er ekki einu sinni till. um það í hvorugu því frv. til fjárl. sem liggja fyrir hv. fjvn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það hefur komið fram í umr. hér, að ráðningarnefnd ríkisins hafi heimilað að setja á stofn embætti umboðsfulltrúa dóms- og kirkjumrn. Í tilefni af því tel ég rétt að það komi fram, að þegar fjvn. er að störfum eða sá tími nálgast, að fjárlagafrv. kemur til umr., þá er það nær undantekningarlaus starfsregla ráðningarnefndar að meðhöndla beiðni frá einstökum rn. um nýjar stöður á þann veg að vísa erindunum til meðferðar fjvn., sem gerir till. til Alþingis um það, hvort fé skuli veitt til viðkomandi stöðu eða ekki. Slík afgreiðsla mála á sér jafnvel stað á öðrum tímum ársins, en er nær undantekningarlaus regla þegar um er að ræða þann tíma sem fjárlög eru til umr. á Alþ. Ég tel því að við afgreiðslu ráðningarnefndar ríkisins á beiðni dómsmrn. um þetta starf nú í janúar, þegar fjárl. eru til afgreiðslu á Alþ., hafi viðtekin regla í afgreiðsluháttum nefndarinnar verið brotin.

Því hefur verið haldið fram við mig, og það kom hér fram í umr. áðan, að fyrir rn. hafi legið þær upplýsingar, að hæstv. svokölluð ríkisstj. hafi samþ. að stofna til þessarar stöðu og því, hvort um er að ræða ákvörðun fullgildrar ríkisstj., sem styðst við meiri hl. Alþingis og getur við afgreiðslu fjárl. tryggt fjárveitingu til viðkomandi stöðu, eða eins og í þessu tilfelli ákvörðun gerviríkisstjórnar, sem styðst einungis við 1/6 hluta alþm., og ekki hefur einu sinni verið haft samráð við aðra alþm. um málið. Ákvörðun slíkrar gervistjórnar getur síst af öllu verið tilefni til þess að víkja frá venjubundnum afgreiðsluháttum ráðningarnefndar á þeim tíma þegar fjárlagafrv. er til afgreiðslu á Alþingi.

Það má vera að hæstv. dómsmrh. eigi erfitt með að skilja þetta núna, en hann skildi þetta mætavel fyrir ríflega ári þegar hann fjallaði hér á Alþ., eins og hefur verið nefnt áður, um ráðningu í stöðu blaðafulltrúa ríkisstj. og sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta.:

„Kjarni málsins sýnist manni vera sá, að hér sé óskynsamlega að staðið, því að þótt heimild sé til slíkrar ráðningar hafði Alþ. ekki fjallað um þessa fjárveitingu og það er vitað mál, að í flokkum þeim, sem að ríkisstj. standa, höfðu menn ætlað sér einhverjir a. m. k. að mæla gegn þessari fjárveitingu." Og síðar sagði hæstv. dómsmrh.: „Ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til fjmrh., hverju þetta sæti, hvers vegna er ráðist af þessari skyndingu í þessa embættisveitingu, hvers vegna ekki hafi verið beðið eftir umfjöllun Alþ. um fjárlagafrv., eins og vera ber."

Það hefur oft verið sagt, að valdið spilli mönnum. Þessi orð hæstv. dómsmrh. fyrir ríflega ári og svo sú ákvörðun hans að stofna stöðu umboðsfulltrúa í dómsmrn. nú, án þess að leita til þingsins, sannar að þessi regla um spillingaráhrif valdsins gildir vissulega um hann. Það mátti svo sem búast við því, að þessi regla gilti um hæstv. núv. dómsmrh. og fyrrv. siðapostula þegar til kastanna kæmi, en ég hygg að fáir hafi búist við að hún sannaðist svo undrafljótt sem raun hefur orðið á.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs m. a. til þess að vekja athygli á þeim umr. sem urðu hér í fyrra um ráðningu blaðafulltrúa. Þetta hefur nú verið ítarlega gert af a. m. k. tveimur ræðumönnum, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það, en undirstrika það sem þar kom fram, að furðuleg eru þau sinnaskipti sem hafa orðið hjá mönnum sem gagnrýndu harðlega þá ráðningu þá.

En um þetta mál almennt vil ég segja, að að sjálfsögðu er það rétt sem hér hefur verið bent á, að um allt annað starf er að ræða þar sem umboðsfulltrúi dómsmrn. er eða umboðsmaður Alþingis. Það er vitanlega mikill misskilningur að bera þetta saman. Ég vona að það sé tilviljun ein, að slíkt nafn er valið. En þó virðist mér felast í því nokkur auglýsingamennska, verið að gefa til kynna að það mikilvæga mál sé þar á góðri leið. Þetta er vitanlega mikill misskilningur.

Ég hef verið hlynntur hugmyndinni um umboðsmann Alþingis. Ég er hins vegar í ákaflega miklum vafa um þetta starf. Ég hef ekki getað séð enn þá hvert er verksvið þessa manns. Ég er ekki á nokkurn máta að kasta rýrð á manninn sjálfan, þetta er ungur ágætismaður og ekkert við hann út af fyrir sig að athuga. En almenningur gerir kröfu til þess að hafa beinan aðgang að starfsmönnum rn., m. a. ráðherra, ekki síst í þeim ákaflega viðkvæmu málum sem dómsmrh. fjallar um, — ákaflega viðkvæmum málum einstaklingsins, — þannig að ég hygg að það sé mikið spor aftur á bak að setja þarna mann á milli. Ef þetta á hins vegar að vera maður sem tekur við kvörtunum gagnvart dómstólum, þá verða menn að hafa í huga það grundvallaratriði, að dómstólar og framkvæmdavald eru aðskilin í okkar þjóðfélagi, og allar aðfinnslur af hendi rn., sem því miður eru oft óhjákvæmilegar, það skal ég viðurkenna, eru yfirleitt viðkvæmari í meðferð og

að mínu mati getur aðeins dómsmrh. í raun og veru sinnt slíkum málum sjálfur, og hann á ekki að skjóta sér undan því. Þess vegna verð ég að endurtaka það, að ég á ákaflega erfitt með að sjá hvert starfssvið þessa manns er.

Inn í þær umr., sem hér hafa farið fram, hefur aðeins spunnist skipun formanns flugráðs. Ég á sæti í flugráði og vil því ekki láta það fram hjá mér ganga. Ég verð að segja að ég varð ákaflega undrandi þegar ég sá þessa skipun. Mér skilst að talið hafi verið óviðeigandi að flugmálastjóri væri jafnframt formaður flugráðs, og segja má að slíkt sé í ýmsum tilfellum óeðlilegt, ég get tekið undir það. En svo hefur það þó verið í þessu tilfelli frá upphafi og flugmálastjóri er viðurkenndur af öllum, sem um flugið fjalla eða hafa þar mála að gæta bæði hér og erlendis, sem úrvalsmaður og brautryðjandi á þessu sviði. Ég tel ákaflega ómaklegt, að á meðan hann er nú erlendis sjálfur og ekki viðstaddur er annar maður skipaður formaður, og á hann þó ekki eftir nema örstuttan tíma í starfi. Er þetta lítil viðurkenning á hans ágæta starfi.

Ég vil ekki gagnrýna þann mann sem er skipaður. Hann er ágætur starfsmaður. En ég tek undir það sem ég heyrði áðan. Það er að mínu mati fáránlegt að skipa rekstarstjóra Flugleiða formann flugráðs. Flugleiðir eru nú og hljóta að verða mjög undir smásjánni og allur rekstur Flugleiða athugaður. Uppi er mikil gagnrýni, og ég tel nauðsynlegt að ríkisstj. og jafnvel Alþ. láti þau mál til sín taka. Flugráð hlýtur að blandast inn í þau mál, og sá maður, sem þarna er formaður og er rekstrarstjóri Flugleiða, er óhæfur að mínu mati að gegna starfi formanns, ef flugráð á að fjalla að einhverju leyti um þessi alvarlegu mál í fluginu hjá Flugleiðum. Ég vil taka undir þá gagnrýni, sem kom fram, og endurtek furðu mína á skipun formanns flugráðs.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram að þessi ráðning hæstv. dómsmrh. er innan ramma þeirra stöðuheimilda sem það rn. hefur. Það hefur gerst að þar hefur maður hætt störfum sem tekur laun samkv. launakerfi ríkisins sem deildarstjóri. Í staðinn hefur hæstv. dómsmrh. ráðið annan mann í embætti til skamms tíma, þannig að hér er um að ræða ráðstöfun sem er að fullu innan þeirra heimilda sem ráðh. hefur til launagreiðslna í skrifstofu rn. til starfsmanna þar. Það var aðstoðarmaður dómsmrh. sem hætti störfum. Það var gert ráð fyrir því á fjárl. að laun hans væru greidd, og hann tók laun sem deildarstjóri. Í staðinn réð hæstv. dómsmrh. annan starfsmann á sömu kjörum og hefur þar með haldið sér að fullu og öllu innan heimilda Alþingis um launagreiðslur.

Hitt er svo annað mál, sem ég vildi benda á og vekja athygli á, að hér er aðeins um að ræða takmarkaða ráðningu til eins árs og fjvn. hefur að sjálfsögðu í hendi sér og Alþ., hvort kostnaður dómsmrn. verður lækkaður sem þessu nemur vegna ráðningar á aðalskrifstofu frá því, sem frv. fyrrv. fjmrh. gerði ráð fyrir, og frá því, sem frv. núv. ríkisstj. til fjárl. gerir ráð fyrir.

Í annan stað vil ég upplýsa það, að þessi ráðstöfun hæstv. dómsmrh. var borin upp í ríkisstj. og samþ. þar, öfugt við það sem gert var um ráðningu blaðafulltrúa fyrrv. hæstv. ríkisstj.

Sameinað þing, 12. fundur.

Þriðjudaginn 15. jan., að loknum 11. fundi.

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 89).— Hvernig ræða skuli.

Að till forseta var ákveðin ein umr.

Útibú frá Veiðimálastofnun, þáltill. (þskj. 11).— Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 11 hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að koma á fót útibúi frá Veiðimálastofnun á Austurlandi. Skal að því stefnt að útibúið geti tekið til starfa á árinu 1980."

Óþarft er að hafa mörg orð hér um utan þess sem grg. segir og á eftir verður rakið, svo og bréf frá aðalfrumkvöðli þessa máls til okkar þm. Austurlands, sem einnig verða rakin úr höfuðatriði hér á eftir.

Laxarækt og laxeldismál eru nú ofarlega á baugi og umr. um þau miklar og ýmsar hræringar þar uppi sem snerta framtíðarmöguleika þessarar greinar, sem margir telja að eigi sér þá bjarta og góða sem arðgefandi atvinnugrein fyrir þjóðarbú okkar. Er þar vitnað í hvort tveggja, reynslu annarra þjóða og þær aðstæður sem hér eru og mörgum þykja hinar ákjósanlegustu, jafnvel með þeim bestu í veröldinni. Veldur þar að sjálfsögðu miklu, hver þróun þar verður í heild, hversu stutt verður að því að tilraunir og aðgerðir megi takast sem best og skila sem skjótustum árangri, og þá ekki síður hitt, að þannig verði að málum staðið að þjóðarbú okkar njóti sem best og um leið að nýting þessarar auðlindar verði sem skynsamlegust og notadrýgst fyrir þjóðarheildina alla, einkum í ljósi nýrra upplýsinga um stórfellda möguleika, jafnvel umfram það sem bjartsýnismenn hafa þó talið. Þá sögu og þá möguleika kunna aðrir betur að rekja en ég, m. a. þeir sumir er hér sitja í þingsölum, og skal ekki nánar út í það farið, þó ekki sé unnt að komast hjá því að minna hér á heildarþýðingu laxaræktar í leiðinni, þegar fyrir þessari litlu till. er mælt. Í grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Áhugi fyrir laxarækt á Austurlandi hefur farið sívaxandi og hefur hinn aldni bændahöfðingi, Sveinn Jónsson á Egilsstöðum, haft þar um lofverða framgöngu og beitt sér fyrir málum af eldlegum áhuga. Um þetta efni flutti hann m. a. hið merkasta erindi á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi á Eiðum 1978 og sá fundur lýsti yfir eindregnum stuðningi við meginhugmyndir hans. Fyrir forgöngu Sveins á Egilsstöðum var þetta mál svo tekið fyrir hjá Landssambandi veiðifélaga og frá þeim samtökum barst í vor bréf um þetta mál til fjvn. og er það birt hér sem fskj. til rökstuðnings."

Í fskj. er svo greint frá bréfi Landssambands veiðifélaga til fjvn., en Landssambandið og Veiðimálastofnunin hafa haft þetta mál til umfjöllunar og athugunar og báðir aðilar lagt á það mjög mikla áherslu, að það næði einhvern veg fram að ganga.

Í bréfi frá Sveini Jónssyni, sem ritað var í árslok 1978

og miðaðist við möguleika á einhverju fjármagni á árinu 1979, segir m. a., með leyfi forseta, en bréfið var skrifað í des. 1978:

„Á stjórnarfundi Landssambands veiðifélaga í s. l. viku var rætt við veiðimálastjóra um stofnun útibús í fiskirækt frá Veiðimálastofnuninni fyrir Austurland nú á næsta ári, sbr. samþykkt þar um á síðasta aðalfundi sambandsins. Veiðimálastjóri lýsti áhuga sínum fyrir að þetta kæmist í framkvæmd sem allra fyrst, en taldi sig þurfa að fá fjárveitingu til þess frá Alþ., svo sem verið hefði við stofnun slíks útibús fyrir Vesturland, sem staðsett hefur verið í Borgarnesi. Stjórn sambandsins hafði viðtalsfund við landbrh. um málið og var hann mjög jákvæður í undirtektum, en taldi útilokað að fjárveiting í þessu skyni kæmist inn á fjárlög það ár.

Í framhaldi af þessu vil ég leyfa mér sem stjórnarmaður í Landssambandi veiðifélaga fyrir Austurland að óska eftir því við þm. Austurlandskjördæmis, að þeir beiti sér fyrir að fjárveiting í þessu skyni verði tekin inn á fjárlög næsta árs. Veiðimálastjóri taldi að áætla þyrfti 8—10 millj. í þessu skyni sem fulla fjárveitingu. Í umr. um þessi mál við veiðimálastjóra kom það fram sem sameiginlegt álit allra, að þótt fjárveiting kæmist ekki inn á fjárlög þess árs, 1979, þá mætti hugsa sér að hefja starfsemi á n. k. sumri, sumrinu 1979, með ráðningu fiskifræðings í starfið hluta af árinu til nauðsynlegs undirbúnings fyrir raunhæfa starfsemi á árinu 1980, sem þá gæti náð til alls Austurlands. Veiðimálastjóri taldi að það mundi ekki standa fyrir að ráða mann í starfið. Starf slíks manns næsta sumar yrði fyrst og fremst undirbúningsstarf, vinna að stofnun veiðifélaga, standa fyrir og sjá um byggingu sleppitjarna við árnar, áætla og undirbúa pöntun á sleppiseiðum fyrir næsta ár og ýmislegt fleira, þar með að kynna sér ágalla laxastigans í Lagarfljóti og leita þar úrbóta. Þessa starfsemi að hluta á árinu 1979 mætti hugsa sér að fjármagna með lánsútvegum til bráðabirgða með fjárveitingu á fjárl. í bakhöndinni."

Hér lýkur tilvitnun í bréf Sveins Jónssonar, en eins og í bréfinu kemur fram er þegar starfandi útibú frá Veiðimálastofnun í Borgarnesi og hefur það að allra þeirra dómi, sem gerst til þekkja, gefið ágæta raun. Varðandi hæfan starfsmann við útibú á Austurlandi, eins og einnig er vikið að í bréfinu, þá mun það mál hafa verið nokkuð kannað af mönnum þar eystra og munu þar og engin vandkvæði verða að því er mér er tjáð. Það, sem á skortir hér eins og víðar, er nauðsynlegt fjármagn til að koma slíku útibúi á og gera það virkt og hefja þá þessa starfsemi um leið til aukins vegs á Austurlandi, svo sem fyllstu nauðsyn ber til. Þessi till. er einmitt flutt til áherslu á það.

Ég get þess aðeins hér í sambandi við útibúið í Borgarnesi og útibúamál yfirleitt, að í áliti stofnananefndar um flutning ríkisstofnana var gert ráð fyrir hvoru tveggja, flutningi stofnunarinnar sjálfrar, þ. e. Veiðimálastofnunarinnar, út á land, en einnig útibúastofnunar í fjærstu landshlutunum, en þá mun Borgarnes einnig hafa verið sá staður sem talinn var æskilegur sem aðsetursstaður aðalstofnunarinnar. Bréfið, sem birt er hér með till. sem fskj., segir í raun meira um erindið sjálft og tillöguefnið en löng framsaga, og skal ég því vitna til þess beint, með leyfi forseta, en bréfið er til fjvn. Alþ.:

„Undanfarin ár hefur verið unnið mikið starf til undirbúnings aukinni laxarækt á Austfjörðum. Sums staðar hefur þegar náðst ágætur árangur, svo sem í Breiðdal. Annars staðar eru tilraunir í gangi, t. d. í Berufirði, þar sem Veiðimálastofnunin stendur fyrir hafbeitartilraunum með styrk frá Norðurlandaráði. Þær tilraunir eru sérlega mikilvægar, þar sem ætla má að niðurstöður þaðan gildi í stórum dráttum um ýmsar aðrar ár á Austfjörðum.

Á Lagarfljótssvæðinu hafa undirbúningsrannsóknir þegar farið fram." — Síðan er vitnað í skýrslur Teits Arnlaugssonar frá árunum 1977 og 1978, sem sendar voru fjvn. — „Framkvæmdaáætlanir, byggðar á þessum rannsóknum, liggja að nokkru fyrir, og hefjast seiðasleppingar samkv. þeim væntanlega nú snemma í sumar.

Víða annars staðar er áhugi fyrir hendi, en skortur á vettvangsrannsóknum hindrar frekari framkvæmdir. Veiðimálastofnunin í Reykjavík hefur gert sitt besta til að sinna þessu svæði, en fjarlægðin takmarkar þá þjónustu verulega. Landssamband veiðifélaga telur því aðkallandi að á Egilsstöðum verði komið upp rannsóknaútibúi frá Veiðimálastofnuninni, svipað því sem starfrækt er í Borgarnesi fyrir Vesturlandskjördæmi og Vestfirði.

Slíkt útibú ætti að geta annast vettvangsrannsóknir og ráðgjafastörf á Austurlandi. Meðal annars er mjög áríðandi að kanna strax möguleika á gönguseiðasleppingum í sem flestum laxlitlum eða laxlausum ám á svæðinu til undirbúnings áætlunum um klak- og eldisstöð, sem áhugi er fyrir að reist verði á Egilsstöðum með þátttöku margra sveitarfélaga austur þar.

Slíkar rannsóknir þurfa að standa það lengi, að illmögulegt er að sinna þeim frá Reykjavík. Landssamband veiðifélaga fer því þess á leit við hv. fjvn., að hún hlutist til um að fé verði veitt til stofnunar og rekstrar þessa rannsóknaútibús þegar á fjárl. næsta árs. Áætlanir um fjárþörf og tilhögun greiðslna mun Veiðimálastofnunin gera og koma á framfæri við yður."

Ég dreg ekki í efa að fjvn. muni gaumgæfa þessa beiðni og veita það lið, sem mögulegt er talið, og ég veit það, að nú nýlega hefur fjvn. Alþ. aftur verið skrifað, að þessu sinni af veiðimálastjóra, þar sem gerð er grein fyrir því, hvaða kostnaður mundi verða af útibúi sem þessu, og óskað eftir því, að fjvn. taki umrædda till. upp í fjárveitingar til veiðimála fyrir árið 1980. Þar er enn minnt á reynsluna af útibúinu í Borgarnesi og bent á það, að vegna fjarlægðar Austurlands frá aðalstöðvunum sé eðlilegt að þar komi næsta útibú, það sé skoðun allra þeirra manna sem að þessu vinni. Hins vegar segir veiðimálastjóri einnig að nýjum starfskröftum Veiðimálastofnunarinnar verði dreift um landið og stefnt að því, að a. m. k. einn fiskifræðingur verði staðsettur í hverjum landsfjórðungi, en með því að auka verulega þjónustu og framfarir í veiðimálum. Öruggt er að allt þetta kemur til umfjöllunar og athugunar hjá fjvn. Hins vegar tel ég að nauðsynlegt sé að formið verði á þann veg sem till. gerir ráð fyrir, þ. e. að útibú verði stofnað, svo sem allir, sem gerst þekkja til, virðast sammála um að sé nauðsynlegt. Því er till. flutt sem hugsanleg viljayfirlýsing Alþingis, og í ljósi þeirrar samþykktar, sem till. kynni að fá og ég vona eindregið að hún fái, verður um margt auðveldari eftirleikur hjá fjárveitingavaldinu, þó að í engu sé það einhlítt að vísu.

Vissulega hefði verið fróðlegt að vitna hér beint í hið skelegga bjartsýnis- og baráttuerindi sem Sveinn Jónsson flutti yfir okkur Austfirðingum 1978 og sýndi þá óbilandi trú sem hann hafði á málefninu, það skipulag sem hann af mikilli framsýni hafði þar í huga og þann

ágæta rökstuðning sem hann hafði þar uppi fyrir sínu máli. Til þess er tæpast tími hér. En n. þeirri, sem fær málið til frekari meðferðar, stendur vitanlega til boða að kynna sér málið nánar, bæði varðandi það erindi svo og þær skýrslur sem hjá fjvn. eru og vitnað er til í bréfinu, sem fskj. lýtur að. Það er a. m. k. sannfæring mín eftir að hafa kynnt mér málið, að átaks er þörf eystra. Þar hafa menn um of dregist aftur úr, og skjótvirkasta leiðin til úrbóta er reifuð í till. þessari. Austurland hefur hér mikla ónýtta möguleika og á það þarf að reyna sem best, að unnt sé að nýta þá sem allra fyrst og með sem mestum árangri, ekki aðeins til hagsbóta fyrir þá aðila, sem málið snertir beint eða Austfirðinga almennt, heldur fyrir landið allt, ekki síst ef það er rétt, að þessi starfsemi og laxarækt í landinu í heild eigi jafnmikla framtíð fyrir sér og nú upp á síðkastið hefur verið haldið fram og áreiðanlega með miklum rétti.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mig langar með örfáum orðum að lýsa yfir stuðningi við þau meginsjónarmið, sem komu fram hjá hv. flm. þessarar þáltill., og ræða aðeins um stöðu fiskræktar eins og hún horfir við í dag.

Enginn vafi er á því, að það þarf mjög að herða baráttuna að því er varðar bæði rannsóknir og tilraunastarfsemi við fiskrækt til þess að við náum þeim árangri sem allir virðast sammála um að keppa beri að. Það hafa verið miklir erfiðleikar samfara fiskræktinni hér, þeim tilraunum sem gerðar hafa verið. Þetta eru mjög miklir erfiðleikar, sem hafa orðið til þess að flestir þeir, sem reynt hafa við fiskirækt, hafa annaðhvort hreinlega gefist upp eða þá barist í bökkum árum saman og ekki getað framkvæmt hlutina með þeim hætti sem nauðsyn ber til. Þar kemur, eins og ég segi, til hvort tveggja í senn, reynsluleysi og eins fjárskortur. Það er oft svo í þessu þjóðfélagi, að það er kannske hægt að nurla saman peningum til að koma af stað einhverjum mannvirkjum eða smátilraunastarfsemi, en þegar á á að herða er ekki hægt að útvega fjármagn til að gera hlutina af neinu viti. Þess vegna hafa þessir erfiðleikar verið sem við þekkjum.

Að því er varðar beint till. þá sem til umr. er., þá finnst mér eðlilegt að hún komi til skoðunar í þeirri nefnd sem skipuð var á s. l. vori til að endurskoða lög um lax- og silungsveiði. Því miður hefur sú nefnd ekki verið kölluð saman fyrr en nú fyrir mjög skömmu, og hefur þar margt valdið að sögn formanns hennar. Það er að vísu leitt til þess að vita, að nefndin skyldi ekki hefja störf fyrr en nú um þessi áramót, en engu að síður hefur hún þó tekið til starfa og vonandi bera þau störf tilætlaðan árangur.

En þrátt fyrir alla þessa erfiðleika, sem ég hef nú verið að lýsa, má segja að við Íslendingar séum búnir að ná nokkuð góðum tökum á fiskeldi í ferskvatni, bæði laxeldi og eins hafa talsverðar tilraunir verið gerðar með sjóbirting og fisk þann sem nefndur hefur verið laxbirtingur, sem er blanda af laxi og sjóbirtingi, og þessar tilraunir allar lofa mjög góðu. Og það er ekki nokkur vafi á því, að slíkar tilraunir þarf að stunda um allt land, ekki minna en á einum stað í hverjum landsfjórðungi, og þess vegna er alveg sjálfsagt að vinna að því, að á Egilsstöðum — eða annars staðar á Austurlandi þar sem Austfirðingar teldu eðlilegast — rísi fiskeldisstöð. Ég held að heppilegast væri að slík stöð væri í tengslum við eða væri að verulegu leyti í eigu t. d. sveitarfélaga, eins og flm. nefndi, eða þá veiðifélaga og svo einstaklinga, en síðan nyti hún opinberrar aðstoðar með einhverjum þeim hætti sem niðurstaða verður um við endurskoðun laganna að heppilegast sé að koma þessu fyrir. Ég held að stöð, sem t. d. ríkið eitt ætti, mundi ekki ná sama árangri og þar sem áhugamenn væru einnig að verki og tengdir væru saman opinberir aðilar og áhugamenn.

Það má t. d. nefna það, að norður í Skagafirði hafa nokkrir áhugamenn verið með litla fiskræktarstöð. Það hefur verið sama baslið hjá þeim og okkur öllum hinum sem að þessum höfum unnið, þar til nú að þeir hafa náð nokkuð góðum tökum á því að koma upp laxi þar og horfur eru allgóðar og fjárhagur sæmilegur. Þetta er að vísu mjög lítið fyrirtæki, og þarna hafa menn, eins og alls staðar annars staðar, lagt fram vinnu sína meira og minna gefins og lagt fé af mörkum án þess að búast við endurgjaldi, a. m. k. fyrst í stað. En þarna fyrir norðan eru einnig að gerast mjög merkir hlutir, því að á s. l. ári var stofnað hlutafélagið Hólalax, sem aðsetur hefur á Hólum í Hjaltadal, með verulega miklu hlutafé sem fyrst og fremst kom frá veiðifélögunum í Húnavatnssýslum og Skagafjarðarsýslu. Og það ánægjulega gerðist, að meiri eftirspurn var eftir hlutafénu en upphaflega var út boðið, þannig að skammta varð mönnum leyfi til þess að skrifa sig fyrir hlutafé. Svo mikill áhugi var í þessum héruðum, þar sem veiðiskapur er mikill, sérstaklega í Húnavatnssýslunum. Og það voru ekki síður Húnvetningarnir, sem þátt tóku í þessu, en Skagfirðingarnir.

Þetta fyrirtæki á að vera í tengslum við Bændaskólann á Hólum og þar er hugmyndin að verði kennsla í fiskeldi. Þetta gæti mjög ýtt undir það, að Hólastaður og Bændaskólinn á Hólum mundu eflast, og er raunar ekki vafi á því, því að margir ungir menn munu leita sérmenntunar í þessari grein nú alveg á næstu árum. Ber þar margt til. Í fyrsta lagi verður þarna um að ræða arðvænlegan rekstur innan fárra ára, það er ég sannfærður um. Í öðru lagi er mikið talað um aukabúgreinar og að offramleiðsla sé í landbúnaði — sem er að vísu kannske ekki núna, en mikið hefur verið um það rætt undanfarin ár, og þá er auðvitað ekkert sem liggur beinna við í öllum sveitum landsins, hygg ég, en fiskrækt af einhverju tagi, ýmist silungsrækt, bæði klakhús og eldishús og svo síðast en ekki síst sjóræktunin, því að fjölmargar jarðir liggja að sjó þar sem skilyrði til fiskræktar virðast vera hin ákjósanlegustu. Og þar höfum við Íslendingar einmitt dregist mjög aftur úr. Við höfum enga sjóeldisstöð, þótt þær muni vera orðnar einar 400 talsins í Noregi t. d., og það geta ekki liðið mörg ár þar til menn sjá að það er einmitt sjóeldi sem við eigum nú að leggja áherslu á, og þá koma auðvitað til margháttaðar tilraunir. Og við skulum gera okkur grein fyrir að því fylgja erfiðleikar alveg eins og verið hafa við fiskeldi í ferskvatni. Við megum búast við að það taki okkur nokkur ár að ná tökum á þessu.

Það ber ekki að vanmeta, að nokkrir aðilar hafa þegar gert tilraunir í sjó, m. a. á Austurlandi. Þeir hafa orðið fyrir óhöppum. Fiskifélagið hefur gert tilraunir nú fyrir nokkrum árum og aftur nú í ár t. d. Sú tilraun, sem nú er gerð, sjóeldi úti í Höfnum, virðist ætla að bera góðan árangur. Það er ekki vafi á því, að sjóeldi á mikla framtíð fyrir sér, en kannske meiri sunnan- og vestanlands og syðst á Austfjörðum heldur en norðanlands, nema þar sem heitt vatn er. Og einmitt norðanlands er mjög mikið

af heitu vatni víða. Þar sem hægt er að hita sjóinn upp að vetrarlagi er auðvitað alveg ljóst mál að um gífurlega framtíðarmöguleika getur verið að ræða. Hins vegar er það svo hér sunnanlands, að þar fer sjávarhiti kannske um hávetur ekki niður fyrir 4—5 gráður, en getur t. d. í Noregi, og það jafnvel nokkuð sunnarlega í Noregi, komist niður undir frostmark. Jafnvel þótt jarðhiti sé ekki notaður virðast vera miklir möguleikar á sjóeldi hér á Íslandi. En það getur auðvitað riðið algerlega baggamuninn, hvort unnt er að nota jarðhitann. Ef svo færi, að við gætum komið upp nokkrum stórum sjóeldisstöðvum, t. d. 2—3 í hverjum landsfjórðungi eða eitthvað í þá áttina, sem framleiddu nokkur hundruð tonn hver, og svo einnig minni stöðvum, sem framleiddu kannske 2—3 tonn, sem er verulegt verðmæti, ef það væri einstaklingur sem ætti það og gæti rekið, þá gæti hann lifað af slíkri stöð, — þá er auðvitað hægt að skapa þar mjög mikið útflutningsverðmæti.

Um þetta erum við búnir að vera að tala nú í ein 15 ár. En það hefur ekki bara verið talað. Það hafa verið margir hugsjóna- og áhugamenn sem að þessu hafa unnið, en hafa því miður, eins og ég sagði áðan, orðið fyrir stórfelldum skakkaföllum og eru flestir eða allir meira og minna að gefast upp. Nú er ekki lengur nóg að tala um þetta mál, og þess vegna ætla ég að fara að stytta mál mitt. Það verður að fara að gera eitthvað. Og einmitt það sem ég sagði áðan, að sameina öfl með svipuðum hætti og gerðist fyrir norðan, í Skagafirði og Húnavatnssýslum, það held ég að væri heppilegasta leiðin fyrir Austfirðinga, Vestfirðinga og hverja aðra sem að þessu vilja vinna. Svo koma einstaklingarnir auðvitað með lítil klakhús, lítil eldishús og taka sig saman um að rækta upp stærri eða minni ár. Og það er auðvitað ekki vansalaust, að við skulum sleppa hér í íslensku árnar kannske eitthvað á annað hundrað þúsund seiðum. Það er hægt að margfalda afrakstur ánna á Íslandi með því að vinna skipulega að þessu og með miklu meira og stórfelldara átaki. Við höfum þegar fasteignir tilbúnar til þess að rækta kannske eina milljón seiða eða eitthvað slíkt. Þær eru meira og minna óstarfhæfar vegna þess að menn hafa gefist upp. Þeir hafa ekki fengið fjármagn til þess að standa undir kostnaðinum við eldið. Það er eins með þennan landbúnað og annað, að þetta er geysilega seint að skila afrakstri og þarf mjög mikið fé til að koma bústofninum upp. M. a. hafa erfiðleikarnir stafað af því.

Þetta mál var til umr. hér í þinginu í fyrra, og í Ed. náðist samstaða um að styrkja Fiskræktarsjóð með 900 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði á næstu fimm árum. Því miður var það fyrir slysni, að það frv. fór ekki í gegnum Nd. Þetta var í önnum síðustu dagana. Nú þarf að taka þetta mál upp aftur. En þar sem endurskoðunarnefnd laganna hefur nú hafið störf er kannske eðlilegast að ræða málin þar fyrst. En mín skoðun er sú, að þessu þingi megi ekki ljúka öðruvísi en einhver ákvörðun verði tekin í þessu máli, ekki bara þál. eða umr., heldur beinar ákvarðanir. Og það er nú einu sinni svo, að það þarf fjármagn til að koma hlutunum fram, og þess vegna þurfum við að sameinast um það að finna með einhverjum ráðum leiðir til þess að styrkja þessa atvinnugrein fjárhagslega, þó að miklir erfiðleikar séu í íslenskum fjármálum.

Mín skoðun er sú, að þær stöðvar, sem fyrir eru og allar eiga í miklum erfiðleikum, sumar framleiða bókstaflega ekkert eða svo til ekkert og eru að gefast endanlega upp, þær mundu styrkjast ef aðrar stöðvar risu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það verði mjög margir staðir sem fiskrækt fer fram á, vegna þess að við erum alltaf að verða fyrir slysum. Þegar slys verður á einum stað er hægt að fá smáfiskinn eða hrognin annars staðar frá, og þessar stöðvar styðja hver aðra, en eru ekki í samkeppni. Það er misskilningur sem sumir halda fram, að þeir, sem eru að bjástra við fiskræktina, vilji helst sitja sem mest að henni einir. Það held ég að sé algerlega fráleitur hugsunarháttur, vegna þess að þegar við höfum kannske 20—30 fiskeldisstöðvar — svo að ég tali nú ekki um 1—3 hundruð, sem þær mjög vel gætu verið, stórar og smáar — þá styrkja þær að sjálfsögðu mjög hver aðra. Og þó að við færum út í sjóeldi í stórum stíl, þá er engin ástæða til að ætla að verð á laxi eða sjóbirtingi mundi lækka við það. Miklu frekar má búast við að útflutningsverðmæti yrði enn þá meira á hvert kg, vegna þess að það er nú einu sinni svo, að það er erfiðara á þessum stóru mörkuðum erlendis að selja lítið magn og óstöðugt en ef hægt er að bjóða verulegt magn og stöðuga afgreiðslu, t. d. daglega afgreiðslu á svo og svo miklu magni af fiski og það allt árið um kring, líka um háveturinn, þegar hvergi er ferskan fisk að fá annars staðar, þar sem eldi eða vöxtur liggur niðri um háveturinn vegna kulda. Ef við gætum á okkar stöðvum, sumum hverjum a. m. k., hitað upp með jarðhitanum og sameinast síðan um sölu, þá ætti að vera hægt að fá jafnvel miklu hærra verð en ef magnið er lítið.

Ég er sannfærður um það og tala þar af nokkurri reynslu, ég hef verið utan í þessu, ef ég má orða það svo, í 10 ár eða rúmlega það, og ég er sannfærður um það núna — sem ég var ekki þegar ég fór í það meira í rælni eða af vináttu við þá hugsjónamenn sem að því unnu — að þetta er framtíðin. Það er hægt að gera þarna stórmikla hluti. Þess vegna styð ég það eins og ég get, að Austfirðingar verði aðstoðaðir með einhverjum hætti og allir þeir sem út í þennan atvinnuveg vilja fara eða reyna að fara, og við eigum að hvetja til þess að það verði sem allra flestir.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. landsk. þm. góðar undirtektir við þessa till. og ekki síður þær fróðlegu ábendingar sem hann miðlaði okkur af sínum mikla kunnugleika á þessum málum í heild. Ég vil taka það fram, að formið í sambandi við þetta er ekki aðalatriði. Þó að Austfirðingar hafi að vísu helst séð það til framdráttar þessu máli að koma á fót slíku útibúi, þá hafa þeir einnig hugað að því verulega að veiðifélögin þar eystra ásamt sveitarfélögunum tækju höndum saman og gerðu þarna visst átak, en engu að síður þá með ákveðnum opinberum stuðnigi sem þyrfti að tryggja.

Það var gott að hv. 5. landsk. þm. kom inn á það mál sem var til umr. á þinginu í fyrra og var nærri komið í gegn, eins og hann réttilega minnti á, varðandi Fiskræktarsjóð, því að í hann mundu menn geta sótt ef hann kæmist á laggirnar og yrði svo myndarlega að málum staðið eins og þar var ráð fyrir gert. Við skulum sem sagt vona að sú hugmynd verði endurvakin af þeirri reisn, sem þar var gert ráð fyrir, og að Austfirðingar njóti þar góðs af, þó að ég viti að þeir vilji gjarnan að stuðningur hins opinbera verði þar ákveðinn og eitthvert slíkt form sem hér er lagt til verði á þessum málum, svo að þeir eigi þennan stuðning alltaf vísan, og eins að ráðgjöfin verði í tengslum við Veiðimálastofnunina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp, þál.-till. (þskj. 13). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu, en hana er að finna ásamt grg. á þskj. 13. Flm. að till. eru ásamt mér hv. 4. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson, og hv. 3. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir að á árinu 1980 verði gerð byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins í samvinnu við heimamenn.

Áætlunin verði lögð til grundvallar við fjárveitingar og aðgerðir af opinberri hálfu í þágu byggðarlagsins á árinu 1981 og framvegis."

Í grg. með till. kemur fram rökstuðningur fyrir því, að við flm. teljum ástæðu til að sérstaklega verði tekið á málefnum þessa byggðarlags á Austurlandi með þeim hætti sem felst í till. Gagnlegt væri eflaust að þróunaráætlanir væru gerðar fyrir sem flestar byggðir á Íslandi og þær verði liður í víðtækri áætlanagerð og skipulagi. Að slíkum málum er vissulega unnið af ýmsum aðilum, sveitarstjórnum og samtökum þeirra svo og á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins, og er það allt góðra gjalda vert. Hins vegar tel ég vanta samhæfingu í þá starfsemi og ákveðin tengsl milli þeirra aðila, er starfa að hagrænni og félagslegri áætlanagerð, og hinna, er vinna að skipulagi í þrengri merkingu. Á þessu sviði þyrfti sem fyrst að hyggja að gleggri leiðsögn en nú er með löggjöf, og þar má margt skynsamlegt sækja til leiðbeiningar frá hinum Norðurlöndunum.

Eins og nú háttar er það t. d. mjög undir hælinn lagt, hvort tekið er með áætlunum og annarri aðstoð opinberra aðila á málefnum þeirra byggðarlaga sem mesta þörf hafa fyrir þann stuðning sem af slíku má hafa, einkum ef brugðist er við í tæka tíð.

Staða Borgarfjarðar eystra er erfiðari í mörgu tilliti en annarra byggðarlaga á Austurlandi, ef frá er talin nyrsta byggð kjördæmisins, Skeggjastaðahreppur. Í grg. með þáltill. er gerð grein fyrir núverandi stöðu byggðarinnar, atvinnumálum þar og þjónustu. Þar kemur m. a. fram, að íbúum hreppsins fækkaði um nærri þriðjung á tímabilinu 1960—1975, eða úr 348 manns í 246, en síðustu árin hefur íbúatalan haldist nærri óbreytt. Meira en helmingur þeirra, sem þarna búa, er í Bakkagerðisþorpi, en í sveitinni eru nú um 20 jarðir í byggð og sækja ýmsir þaðan atvinnu í þorpið, ef atvinnu er þar að hafa á annað borð. Á sama tíma og íbúum hefur þannig fækkað í Borgarfirði síðustu áratugi hefur byggð eyðst með öllu austan og sunnan við, þ. e. í svokölluðum Víkum og í Loðmundarfirði, sem var sérstakur hreppur með nærri 90 íbúa um síðustu aldamót, og enn bjuggu þar 40 manns árið 1950, en enginn hefur búið þar síðan 1973. Í Borgarfirði og Njarðvík, sem eru í sama hreppi, er því eina byggðin á strandlengjunni frá Seyðisfirði til Héraðs, og þarf ekki að eyða orðum að þýðingu þess að efla þessa byggð til að nýta góða landkosti og styðja jafnframt við búsetu á utanverðu Héraði, í Hjaltastaðaþinghá.

Eins og ég gat um áðan hefur nokkurn veginn tekist að halda í horfinu með búsetu í Borgarfirði síðustu árin vegna dugnaðar og ötullar viðleitni heima fyrir. Undirstaða atvinnumála er hins vegar mjög völt í byggðarlaginu, sem glöggt má sjá af árvissu atvinnuleysi þar yfir vetrarmánuðina, og er birt í grg. yfirlit um atvinnulausa á skrá þar hvern mánuð síðustu fimm árin. Er ástand óvíða jafnslæmt í þessu tilliti á landinu og veldur því fyrst og fremst afar ófullkomin hafnaraðstaða, sem hindrar útgerð stærri fiskiskipa og alla sjósókn að heita má yfir háveturinn. Úti fyrir eru hins vegar fengsæl mið og allgóð aðstaða er til vinnslu afla í landi, frystihús með 12 tonna afkastagetu á dag, tvö saltfiskverkunarhús og beinamjölsverksmiðja. Er því afar brýnt að tryggja undirstöðu atvinnulífs á staðnum og nýtingu þeirrar aðstöðu, sem fyrir er, með skipulegri miðlun á fiskafla og bættri aðstöðu til útgerðar með myndarlegum hafnarbótum. Viðunandi hafnaraðstaða er hér eins og annars staðar lykill að bjargræði fyrir þá sem við sjávarsíðuna búa, en frá náttúrunnar hendi eru skilyrði til hafnargerðar erfið og því þarf að kosta allnokkru til á þessu sviði, en slík fjárfesting mun skila sér á ekki löngum tíma í verðmætum útflutningsafurðum.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á þeirri staðreynd, að ungt fólk í Borgarfjarðarhreppi á aldrinum 15—24 ára er að tölu til talsvert yfir meðaltali þess sem gerist á Austurlandi, en ónóg atvinna að vetrarlagi knýr það til að leita að heiman eða búa ella við atvinnuleysi og mun lægri tekjur en almennt gerist.

Það getur því ráðið úrslitum um þróun byggðar í hreppnum, að ráðin verði bót á þessu ótryggja atvinnuástandi fyrr en seinna, og það er m. a. ástæðan fyrir að lögð er áhersla á að vinnu við byggðaþróunaráætlunina verði hraðað og þar með fenginn grunnur til að byggja á aðgerðir og ráða framkvæmdum þannig að það fjármagn, sem fæst, nýtist sem best á næstu árum. Sú úttekt þarf að sjálfsögðu að ná til allra atvinnuvega og undirstöðuþátta á sviði þjónustu og samgangna. Þannig þarf að gera úttekt á stöðu landbúnaðar í hreppnum og möguleikum á að bæta stöðu hans. Skilyrði til búskapar eru þar á margan hátt góð, afréttir grösugar og miklir ræktunarmöguleikar, en riðuveiki hefur þar eins og víðar á Austurlandi valdið töluverðum búsifjum á nokkrum bæjum. Gefa þarf gaum að iðnaði, ekki síst þjónustuiðnaði, sem nær alveg vantar í byggðarlaginu, en saumastofa, sem komið var á fót í Borgarfirði fyrir rúmu ári, hefur bætt stöðu atvinnumála þarna eins og víðar þar sem slík iðnfyrirtæki hafa risið.

Flugsamgöngur mega teljast líftaug byggðarinnar, en Flugfélag Austurlands heldur uppi reglubundnu flugi milli Egilsstaða og Borgarfjarðar við batnandi aðstæður að undanförnu. En þó skortir á margt til að viðunandi sé, ekki síst varðandi öryggisbúnað við flugvöllinn. Á landleiðina, sem er 71 km milli Egilsstaða og Bakkagerðis, er ekki að treysta að vetri til nema til komi verulegar lagfæringar, og í því sambandi ber að hafa í huga líkurnar á að á að hafís geti lokað sjóleiðinni til Borgarfjarðar, en þær líkur eru síst minni þar en í öðrum byggðum á Norðausturlandi, eins og m. a. sýndi sig á síðasta ári. Borgarfjörður og þá um leið Úthérað þurfa á sínum harðindavegi að halda á sama hátt og Þistilfjörður og Bakkafjörður og fleiri byggðir á landinu norðaustanverðu.

Herra forseti. Eg hef hér drepið á nokkra þætti varðandi afkomumöguleika og stöðu byggðar í Borgarfirði eystra. Margir hv. þm. þekkja eflaust byggðarlagið úr

heimsóknum, einkum að sumri til, en þá skartar Borgarfjörður fríðum fjallahring og sterkri grænku hið neðra í björtu veðri. Litríki er þar rómað og örvaði eflaust Kjarval hinn unga, er þar ólst upp í Geitavík, til að ganga þá braut er við þekkjum af verkum þess meistara. Enn er í Borgarfirði verulegur þróttur í mannlífi og ríkur vilji og áhugi, m. a. hjá sveitarstjórninni, til að treysta þar undirstöður áframhaldandi byggðar. Við flm. þessarar till. leggjum áherslu á að sá stuðningur, sem koma þarf frá opinberri hálfu í þessu sambandi, má ekki dragast í mörg ár úr þessu, einkum á þeim sviðum er úrslitum ráða um atvinnuöryggið. Þarna þarf að koma til þróunarátak til eflingar byggðinni, og verði það gert þarf engu að kvíða um framtíð hennar. Með þetta í huga er þessi þáltill. um byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjörð eystra nú flutt, og ég treysti á góðar undirtektir hv. alþm. við hana og síðan hæstv. ríkisstj. að till. samþykktri.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til að umr. þessari verði frestað og till. vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Málefni hreyfihamlaðra, þáltill. (þskj. 15). — Ein umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 15 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um málefni hreyfihamlaðra sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera úttekt og kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur á opinberu húsnæði til að auðvelta hreyfihömluðum aðgang, og að settar verði nauðsynlegar reglugerðir til skipulegra aðgerða í þessu skyni."

Ég tel ástæðu til að taka fram, að það er hægt að fagna þeim vaxandi áhuga og umræðum um þessi mál almennt sem hafa orðið til að opna augu fjölmargra fyrir því, hversu lítið hefur verið tekið tillit til þeirra mörgu í okkar þjóðfélagi sem hafa orðið fyrir áföllum og eru því hreyfihamlaðir. Vil ég sérstaklega vekja athygli á því, hversu samtök fatlaðra hafa staðið vel að því að krefjast réttar síns í þjóðfélaginu og sýna fram á þörfina fyrir að stjórnvöld og þjóðfélagið í heild geri ráðstafanir til þess að þetta fólk njóti almennra mannréttinda hér á landi.

Þörfin fyrir samhjálp er víða og mikil, um það verður ekki deilt. Og á síðasta Alþ. náðist víðtæk samstaða um heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra sem mun vissulega marka tímamót ef rétt verður á haldið. Nauðsyn ber til að hvetja stjórnvöld til virks stuðnings við alla viðleitni til að skapa fötluðu fólki aðstöðu til að taka þátt í daglegu lífi og til að gera mögulegt að nýta starfskrafta þess og hæfileika fyrir þjóðfélagið við ýmis störf. Endurhæfing, starfsþjálfun og atvinnuskilyrði eru að sjálfsögðu þýðingarmikill þáttur í þessu öllu, en meira þarf til.

Það hefur komið fram, að það virðist hafa farið fram hjá flestum, er séð hafa um hönnun framkvæmda og byggingarstarfsemi í landinu, að taka tillit til hreyfihamlaðs fólks til að komast í og um flestar byggingar. Dæmin um þetta blasa svo til alls staðar við. Í nýjum byggingarlögum er þetta að vísu leiðrétt, þannig að gera má ráð fyrir að hér eftir verði fullt tillit tekið til þessa við hönnun og byggingu nýrra mannvirkja. Verður að sjá svo um að reglugerðir og byggingarsamþykktir taki af allan vafa um þetta atriði. Þó er það svo, að í dag virðist eftirlit að þessu leyti til vera mjög slakt. Arkitektar og byggingaraðilar virðast ekki enn vera búnir að skilja þetta mál til hlítar eða nauðsyn þess að farið sé eftir byggingalögum hvað þetta varðar. Enn eru dæmi þess, að verið er að byggja opinber hús með 60 cm hurðum, og enn eru dæmi þess, að verið er að byggja hús þar sem snyrtiaðstaða fyrir fatlað fólk er ekki fyrir hendi. Þetta eru dæmi um það, að hér er ekki enn rétt á málum haldið þrátt fyrir nýja löggjöf um þetta efni.

En brýnasta þörfin í dag að mínu mati er að framkvæma nauðsynlegar breytingar á eldri byggingum og þeim sem nú eru í smíðum, ekki síst opinberum byggingum, svo sem heilsugæslustöðvum, skólum, samkomuhúsum, söfnum, verslunum o. s. frv., til þess að auðvelda þessu fólki greiðan aðgang. Hér þarf til að koma reglugerð og áform um skipulegt átak til framkvæmda, sem tekið verði tillit til við gerð fjárlaga ríkisins og fjárhagsáætlana sveitarfélaga.

Sérstök nefnd fatlaðra, ferlinefnd fatlaðra, hefur unnið að þessu máli sérstaklega og hefur sent frá sér erindi til ýmissa aðila um þetta mál. Í einu slíku erindi segir ferlinefndin svo um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Ferlinefnd fatlaðra leitar liðsinnis yðar til þess að auðvelda fötluðu og öldruðu fólki að komast leiðar sinnar. Þegar skammtíma- og varanleg hreyfihömlun gerir armstafi eða hjólastóla að nauðsynlegu hjálpartæki koma oft í ljós annmarkar á húsnæði og umhverfi, svo sem of þröngar dyr og of háir þröskuldar, of lítil salerni, stigar og tröppur, þar að auki oft án handriðs, of þröng lyfta og tröppur að lyftu, gangstétt og bílastæði með föstu slitlagi er ekki í námunda við útidyr. Ef breyta á gömlu húsnæði eða byggja nýtt, hvort heldur er um að ræða íbúðar-, atvinnu- eða þjónustuhúsnæði, er nauðsynlegt að *muna eftir hreyfihömluðu fólki áður en framkvæmdir* hefjast.

Við biðjum yður vinsamlegast að hafa vandamál hreyfihamlaðra í huga og treystum á liðveislu yðar."

Þannig hafa þeir, sem fyrst og fremst fjalla um þetta atriði, þ. e. ferlinefnd fatlaðra, reynt að vekja athygli á málinu á víðtækan hátt í ýmsum stofnunum og hjá opinberum aðilum í okkar þjóðfélagi. Þess vegna er það ekki vansalaust, að þrátt fyrir þá athygli, sem þessir aðilar hafa vakið á þessu máli, skuli nú vera liðin líklega rúmlega tvö ár frá því að nýja reglugerðin var sett án þess að hafnar hafi verið skipulegar framkvæmdir á þessu sviði, svo augljóst sé. Og víða er það þannig, eins og flestir hv. alþm. hafa e. t. v. rekið sig á, að þar sem lyftur eru í opinberum húsum og húsum almennt að það eru þrjár eða fjórar tröppur að lyftunni, sem gerir fötluðu fólki, ekki síst fólki í hjólastólum, ókleift að komast að lyftunum.

Ég gæti nefnt hér dæmi um aðgerðaleysi stjórnvalda, sem ég kalla svo, í sambandi við eina opinbera byggingu hér í höfuðborginni, og á ég þar við Þjóðminjasafnið. Þegar þetta myndarlega hús var byggt var það þó það vel hannað, að í því er lyftuhús. En í það hefur aldrei verið sett lyfta. Vakið var máls á því í hv. fjvn. á s. l. ári, að þarna þyrfti að gera nauðsynlegar úrbætur og á hvern hátt fjvn. gæti stuðlað að því að svo yrði. Þá kom það í ljós, að til var lyfta á vegum Innkaupastofnunar ríkisins sem ekki var áform um að ráðstafa. Það var samstaða í fjvn. að óska eftir að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir undir forsæti forstöðumanns, sem er hjá Innkaupastofnun ríkisins, léti gera athugun á því s. l. haust,

hvort ekki væri hægt að setja þessa lyftu í Þjóðminjasafnið, til þess að hafnar væru þó a. m. k. raunhæfar aðgerðir, sem hægt væri að ráða við fjárhagslega. Því miður blasir sú staðreynd við í dag, að ekkert hefur verið gert í þessu máli. Ég verð að harma það og hef ákveðið að taka þetta mál upp aftur í fjvn., þar sem hér er augljóslega um möguleika að ræða til þess að leysa vandann að því er þessa byggingu varðar.

Og ég nefni húsið sem við stöndum í hér, Alþingishúsið. Það hefur oftar en einu sinni verið talað um það opinberlega, að gera ætti nauðsynlegar úrbætur á þessu húsi eða við þetta hús, þannig að hreyfihamlað fólk ætti hér greiðan aðgang.

Það væri hægt að tala hér langt mál um þessi atriði og draga fram mýmörg dæmi úr okkar þjóðfélagi sem sanna tvennt: Í fyrsta lagi hugsunarleysi sem hefur verið hér ríkjandi árum saman, að þetta væri ekkert vandamál, og í öðru lagi hve staðið hefur verið rangt að verki við ýmsar opinberar byggingar og framkvæmdir hvað þetta varðar.

Með þessari þáltill. vil ég leggja áherslu á raunhæfar aðgerðir í þessum málum, fyrst og fremst að gera nú átak til að lagfæra eldri byggingar og ýmsa aðstöðu við byggingar, sem hægt er að gera í mörgum tilfellum án þess að miklar fjárhæðir þurfi til. Þarna þarf að gera skipulegt átak. Ríki og sveitarfélög þurfa að taka á þessu máli sameiginlega í mörgum tilfellum. Enn fremur vil ég leggja áherslu á það, að ef vel tekst til í sambandi við opinberar byggingar, opinbert húsnæði, þá mun það vissulega hafa áhrif til aðgerða í einkahúsum, á því er enginn vafi.

Það þarf t. d. að láta hanna hentugt hjálpartæki til þess að nota við tröppur og stiga, þar sem lyftuútbúnaði verður ekki við komið, og þannig mætti nefna mörg dæmi. Ég er viss um að þeir aðilar í ferlinefnd fatlaðra, sem hafa verið að berjast fyrir þessu máli, gætu bent á margar nýjungar og margar hugmyndir sem koma mætti í framkvæmd án þess að það kostaði stórfé.

Ég tel sjálfsagt að fela embætti húsameistara ríkisins að gera þá úttekt og kostnaðaráætlun sem þáltill. fjallar um. Þar er til opinber stofnun með sérmenntuðum mannafla sem hefur ekki, að því er séð verður, sérstaklega fastmótað verkefni, en er þó allfyrirferðarmikil í fjármálum ríkisins. Og það væri hægt að setja stofnunina tafarlaust í þetta verkefni. Ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að hrinda þessu máli í framkvæmd, því að ég treysti því, að hv. alþm. séu mér sammála um að afgreiða þessa þáltill. greiðlega sem ályktun Alþingis.

Herra forseti. Ég legg svo til að þessu máli verði að umr. lokinni vísað til allshn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. sem hér liggur fyrir. En eins og fram kemur í grg. á að verða tekið fullt tillit til þarfa hreyfihamlaðra í nýbyggingum í framtíðinni. Og eðlilegt er að í samræmi við það verði einnig framkvæmdar nauðsynlegar breytingar á eldri byggingum, þar sem því verður við komið enda tel ég að allir stjórnmálaflokkarnir hafi tekið undir þá sjálfsögðu beiðni fatlaðra sem þeir beindu til flokkanna fyrir síðustu kosningar.

Sú opinbera stofnun, sem fatlaðir þurfa að sjálfsögðu oftast að leita til, er Tryggingastofnun ríkisins, en þar hagar svo til, eins og allir vita, að fatlaðir eiga ekki auðveldan aðgang. Nú er fyrirhugað að stækka húsakynni Tryggingastofnunar ríkisins, þar sem tekinn hefur verið á leigu hluti fjórðu hæðar í húsi Egils Vilhjálmssonar, eða um 445 m². Þar er fyrir hendi allgóð aðstaða fyrir fatlaða að því er varðar aðgang að lyftu o. fl., sem ekki er fyrir hendi í núverandi húsakynnum. Því hlýtur að vera mjög æskilegt að t. a. m. læknaþjónustan í Tryggingastofnuninni, sem fatlaðir þurfa oft að leita til, fái aðstöðu í þessum nýju húsakynnum. Vil ég beina þeirri eindregnu ósk til heilbr.- og trmrh., að hann hlutist til um að læknaþjónustan fái inni í þessum nýju húsakynnum, þar sem ljóst er að þar verður mun auðveldari aðgangur fyrir fatlaða en nú er fyrir hendi.

Ég ítreka stuðning minn við þessa þáltill. og vænti þess, að þm. styðji þetta mál og veiti því brautargengi hér á Alþingi.

Guðrún Helgadóttir: Forseti. Mig langar fyrir hönd míns þingflokks að taka undir þessa till. til þál. og styðja hana í alla staði. Ég er hins vegar ekki svo bjartsýn að halda að einhver bylting verði í þessum málum þó svo að vel sé undir hana tekið. Hér er um svo stórt mál að ræða að mikið þarf til svo að það verði leyst að sinni. Í okkar þjóðfélagi, sem því miður byggist á flestu öðru eða mörgu öðru en samfélagsanda, er auðvitað ekki við því að búast, að fullt tillit sé tekið til þeirra sem eru fatlaðir eða hreyfilamaðir. Gróðahyggjuþjóðfélög gera það sjaldnast, og fatlaðir eru gjarnan óarðbærir þjóðfélagsþegnar.

Til þess að eitthvert gagn verði að aðgerðum sem gera fötluðum lífið bærilegt, þannig að þeir geti lifað og notið sín og sinna hæfileika að því marki sem fötlun þeirra leyfir, þarf að gera miklu meira en þetta.

Á allra síðustu árum hefur vissulega nokkur framför orðið. Ég vil t. d. geta þess, að hér í höfuðstaðnum hefur ýmislegt verið gert til þess að auðvelda þessu fólki daglegt amstur. Til dæmis ganga nú tveir til þess gerðir strætisvagnar sem flytja fatlaða að eigin ósk hvert sem þeir þurfa að fara. Jafnframt hefur verið hafin breyting á gangstéttum þannig að hjólastólar eigi auðveldara með að komast út á götu. Við konur þekkjum það mál kannske ýmsum öðrum betur eftir að hafa baslað barnavögnum niður af gangstéttum og út á götur, svo að ekki þarf að segja okkur neitt um hvernig er að ferðast um í hjólastólum.

Hv. 10. landsk. þm. minntist áðan á Tryggingastofnun ríkisins. Það er auðvitað alveg rétt, að til vansa er hvernig að fötluðum er búið sem þangað þurfa að koma. Ég er hins vegar hrædd um að leiga á fjórðu hæð hússins við hliðina bjargi þar litlu, því að vitaskuld þurfa fatlaðir að sinna erindum á aðrar deildir en læknadeild stofnunarinnar. Og það er ekki létt verk að komast á hinar deildirnar þó að þetta húsnæði sé tekið. Að mínu viti þyrfti og hefði þurft fyrir löngu að byggja nýtt hús fyrir Tryggingastofnun ríkisins, og ekki bara fyrir hana, heldur þarf að koma starfsemi endurhæfingarráðs í sama hús og Tryggingastofnun ríkisins er. Það vita allir, sem starfa við þessi mál, og þá læknastéttin ekki síst, að fólk fær hér í landi ágæta þjónustu á sjúkrahúsum landsins og jafnvel ágæta endurhæfingu. En síðan verður fólk að yfirgefa sjúkrahúsin og stofnanirnar og þá er því nánast ekkert til hjálpar. Þessa sögu held ég að við þekkjum öll. Handa manneskjunni, sem orðið hefur fyrir einhverju áfalli sem gerir hana fatlaða, er hvorki húsnæði, atvinna né frambærilegur lífeyrir fyrir hendi, svo að venjulega fyllist

þetta fólk algeru vonleysi og fær ekki notið sín á nokkurn hátt.

Það er óþarfi að rekja frekar erfiðleika fatlaðra við að ferðast um. Það held ég að hafi komið hér skýrt fram í ræðu hv. 1. þm. Vesturl. En til eru lög frá 1970 sem heita lög um endurhæfingu. Þar er t. d. ákvæði í 14. gr. þar sem segir að hver sú manneskja, sem notið hefur endurhæfingar, skuli hafa forgang að atvinnu hjá ríki og sveitarfélögum. Þó að þetta séu landslög er aðeins eitt bæjarfélag, eftir því sem ég best man, búið að fallast á að framkvæma þetta atriði með því að geta þessa í auglýsingum um stöður. Reykjavíkurborg lét sér hins vegar sæma að fella það í borgarstjórn þegar ég bar fram till. um það. Jafnframt er í lögum þessum ákvæði um að sveitarfélög skuli að tillögu endurhæfingarráðs beinlínis sjá manni fyrir framfærslu á meðan hann er í endurhæfingu, og ekki bara honum, heldur jafnframt fjölskyldu hans. Ég held að ég segi ekkert óvarlegt, þó að ég haldi því fram að þetta hafi tvisvar sinnum gerst síðan 1970 og þá í svo litlum mæli að ekki var um neina framfærslu að ræða. Því miður verður það að upplýsast hér á hinu háa Alþingi, að lög þau, sem það setti um endurhæfingu, eru að mestu nafnið tómt, vegna þess að framkvæmd hefur hreinlega orðið sáralítil. Og það er auðvitað umhugsunarefni fyrir okkur þm. þegar það, sem við samþykkjum hér sem lög, er ekki framkvæmt. Mér er ljóst að fjármagn kann að hafa vantað. En mér hefur sýnst áhugi þm. allra flokka vera í þá veru hér a. m. k. nú, að menn vilji einlæglega koma einhverju viti í þessi mál. Þess vegna er kannske von til þess, að meira verði úr framkvæmdinni á þeim lögum sem við setjum héðan í frá varðandi fatlaða. Jafnframt því að koma endurhæfingarlögunum í framkvæmd þarf einnig að sjá um að stærstu sjúkrahús landsins hafi aðstöðu til endurhæfingar. Við vitum öll að aðstaða á Landspítalanum t. d. er til mikils vansa og endurhæfingarlæknar þar hafa margkvartað. Það hefur lengi staðið á að Grensásdeild Borgarspítalans fengi sundlaug sem er mikilvægt atriði í allri endurhæfingu fatlaðra.

Svona mætti lengi telja. Í stuttu máli sagt eru þessi mál öll í ólestri. Við höfum einfaldlega ekki gert ráð fyrir hinum fötluðu. Það er svolítið til í því sem fatlaður maður sagði við mig þegar ég sótti ráðstefnu um þessi mál úti í Finnlandi á þessu ári. Hann sagði: „Það er galli að við skulum ekki vera fleiri, þá gengi okkur kannske betur.“ Við hér á Íslandi ættum, af því að við erum líka fá, að taka höndum saman við þennan hóp.

Ég get að lokum getið þess, að almannatryggingalöggjöfin þarfnast líka gagngerrar endurskoðunar. Og ég vil beina því til hæstv. heilbr.- og trmrh., að endurskoðunarnefnd sú um almannatryggingar, sem nú situr að störfum, hraði þeim. Það virðist stundum eins og slíkar nefndir þurfi að skila heilum lagabálki í einu. Ég held hins vegar að ekkert sé á móti því, að þær sendi frá sér það sem þær hafa tilbúið. Lögin skiptast í nokkra málaflokka og ætti að vera hægt að ganga frá einhverjum þeirra þó að endurskoðuninni sé ekki allri lokið.

Ég vil fagna framkominni till. til þál. Ég held að aldrei sé of oft vakin athygli á þessum málum hér í hinu háa Alþingi og ég lýsi yfir stuðningi mínum og minna flokksmanna við tillöguna.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa till. sem er í alla staði tímabær. Ég tel ekki ástæðu til að endurtaka það sem hv. flm. þáltill. og aðrir hv. þm. hafa tíundað hér á undan, en vil ítreka það, að ég er sammála um að brýnt er að taka í alvöru á þessu máli, ekki bara í orði, heldur einnig á borði, þ. e. í verki.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim undirtektum, sem þessi þáltill. hefur fengið, og alveg sérstaklega gleðjast yfir því, að sá hópur þm., sem hér hefur talað, skyldi taka til máls.

Það sýnir sig, að það er svo um flest slík mál, sem eru áhugamál margra, að það er þörf, ekki síst í okkar þjóðfélagi, að taka þau til meðferðar alltaf annað slagið til þess að vekja athygli á þeim góðu málum. Ég held að um málið í heild sé að verða hugarfarsbreyting hjá þjóðinni. Menn eru farnir að átta sig á því, að hreyfihamlað fólk er svo fjölmennt í okkar þjóðfélagi, að það er ákaflega þýðingarmikið fyrir þjóðfélagið að virkja starfskrafta þess, um leið og við gerum því kleift að njóta þeirra almennu mannréttinda sem það vissulega á rétt á.

Það væri hægt að halda hér langar ræður um ýmislegt sem kemur fyrir í þjóðfélaginu varðandi einmitt þetta fólk. Ég gæti t. d. sagt langa sögu um mann sem mistti bæði hönd og fót fyrir 20 árum, baráttu hans og hans fjölskyldu — hann átti níu börn — fyrir því að halda uppi fjölskyldulífinu og vera megnugur þess að halda heimili. Ég gæti sagt frá þröngsýni manna, sem stjórna stórum bæjarfélögum, gagnvart því að taka eðlilegan þátt í kjörum þessa fólks, þessarar fjölskyldu. En ég get líka sagt frá því, að annað sveitarfélag og fleiri sveitarfélög hafa tekið fullt tillit til þessa og tekið þátt í framfærslu og aðstoð við slíkt fólk. Ég veit til þess, að í mörgum sveitarfélögum er nú forgangur að atvinnu virtur hvað það snertir sem hv. 8. landsk. þm. minntist réttilega á.

Aðalatriðið er það í þessu máli sem öðrum, að það þarf að reyna að þrýsta á það á réttan hátt, að raunhæfar aðgerðir verði hafnar. Í okkar þjóðfélagi í dag er hægt að gera margt til að aðstoða þetta fólk, ekki hvað síst til að komast um byggingar og að byggingum, ef réttur skilningur er fyrir hendi. Ég hef látið kanna þessi mál nokkuð í tveimur sveitarfélögum sem ég hef haft aðgang að, og þar er verið að gera núna áætlanir í beinum tengslum við þær umr. og við þær lagabreytingar sem gerðar voru í sambandi við húsnæðismálið, reynt að gera þar stórt átak til að auðvelda hreyfihömluðu fólki aðgang að byggingum.

Ég ætla að síðustu aðeins að taka undir það sem fram kom hjá hv. 8. landsk. þm. í sambandi við endurskoðun almannatryggingalaga. Á næstsíðasta þingi var afgreidd þáltill. sem ég ásamt fleiri framsóknarmönnum flutti hér á hv. Alþ. um allsherjarendurskoðun á almannatryggingalögunum. Í þeirri þáltill., sem samþ. var, voru ítarlega teknir fram allir helstu agnúar sem hafa verið til umræðu í þjóðfélaginu á almannatryggingum, fjölmörg atriði þar sem tryggingarnar ná ekki þeim tilgangi sem að er stefnt með lögunum. Við tókum þar skýrt fram margvísleg atriði sem við teljum að þyrfti að taka sérstaklega upp við þessa endurskoðun og leggja sérstaka áherslu á. Og ég vil af þessu tilefni endurtaka það, að ég vona að þessi endurskoðun, sem ég veit ekki annað en sé hafin, verði gerð í alvöru, svo að almannatryggingalöggjöfin hér á landi standi undir nafni. Ég skora á hv. alþm. að standa vörð um það, að þarna verði rösklega að unnið, jafnframt því sem við fylgjumst rækilega með því, að gert verði átak í málefnum hreyfihamlaðra.

Efri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 16. jan., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 17). — Frh. 1. umr.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr. og ber yfirskriftina: Frumvarp til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, er fyrir margra hluta sakir athyglisvert, og tel ég að ýmsir þættir þess muni marka tímamót í sögu húsnæðismála hér á landi. En mörg atriði þess þarfnast einnig gaumgæfilegrar athugunar og endurskoðunar, og þegar hefur komið fram nokkur gagnrýni á frv. frá þeim hv. þm. sem hafa talað um málið á undan mér. Get ég tekið undir ýmislegt í málflutningi þeirra. Ég ætla að reyna að vera heldur stuttorðari en sumir aðrir ræðumenn, enda hefur ýmislegt þjakað mig meira en málgleði. Ég á ekki heldur von á því, að ég þreyti hv. alþm. með löngum ræðum yfirleitt.

Húsnæðismálin eru einn sá þáttur þjóðlífsins sem hvað mest áhrif hefur á hagi fólksins sem í landinu býr. Öll viljum við hafa þak yfir höfuðið, og ávallt hefur takmarkið verið að eignast það þak. Í framsöguræðu fyrir frv. þessu rakti hæstv. félmrh. sögu húsnæðismála hér á landi nokkuð aftur í tímann og gerði grein fyrir þætti opinberra aðila þar í frá upphafi. Mig langar hins vegar til að fara örfáum orðum um þá þróun, sem orðið hefur í húsnæðismálum á síðustu árum, og það ástand, sem skapast hefur að undanförnu, bæði vegna mikillar verðbólgu og vegna breyttrar vaxtastefnu.

Á undanförnum árum hefur verið reynt að aðlaga málefni Húsnæðismálastofnunarinnar stöðugt breyttum þjóðfélagsaðstæðum. Sambýlishættir hafa breyst, fjölskyldur orðið fámennari en áður var, en á hinn bóginn meira byggt af sambýlishúsum af ýmsum stærðum og gerðum, þótt einnig sé enn mikið byggt af einbýlishúsum. Byggingarmátinn hefur líka mikið breyst. Við byggjum stærri og vandaðri hús en áður var, en þá líka að sama skapi dýrari, jafnvel svo að stundum keyrir úr hófi fram. Þar þyrfti sannarlega að gæta meira aðhalds og sparsemi, og því betur hafa nú á seinni árum komið fram ýmsar tækninýjungar sem gera byggingarhætti einfaldari og fljótvirkari og þar með ódýrari. Auk þess má minna á stöðugt vaxandi framleiðslu og auknar vinsældir eiginghúsa eða verksmiðjuframleiddra húsa, en öllum nýjungum á þessu sviði ber að gefa sérstakar gætur ef þær leiða til sparnaðar í húsnæðismálum þjóðarinnar.

Þá hafa húsnæðismálin meira og minna lent inn í almenna samninga um kaup og kjör, og má í því sambandi nefna sérstaklega stóra áfanga á sviði félagslegra íbúðabygginga. Lögum hefur verið breytt og þau lagfærð, lánsupphæðir hafa hækkað og reynt hefur verið að halda takti við þróun verðlagsmála, en því miður ekki tekist sem skyldi. Stöðugt hefur orðið erfiðara að komast yfir eigin húsnæði og stöðugt hafa kröfurnar um gerbreytt skipulag húsnæðilsmála og þá einkum lánamála orðið háværari. Hin breytta vaxtastefna, raunvaxastefnan svonefnda, sem tekin var upp á síðasta ári, á sinn stóra þátt í þessum vaxandi vanda. Vandamálin eru auðvitað mest hjá þeim, sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, og sérstaklega hjá unga fólkinu sem lítið eigið fé hefur átt til að leggja í stofnkostnaðinn. Virðist mér að nú sé svo komið hjá fjöldanum öllum af þessu fólki, að dæmið gangi alls ekki upp og það sjái nánast enga leið út úr ógöngunum. Þetta fólk hefur orðið að fjármagna stóran hluta íbúðarverðsins með öðru lánsfé en lánum Húsnæðismálastofnunarinnar. Þar hafa að sjálfsögðu komið inn í dæmið lán frá hinum ýmsu lífeyrissjóðum sem veitt hafa verið til nokkuð langs tíma. En allflestir hafa orðið að leita fanga víðar, þ. e. í hinu almenna bankakerfi, og þar eingöngu getað fengið til skamms tíma víxillán eða vaxataaukalán, nú með 42.5% vöxtum, einnig til skamms tíma, tveggja, þriggja eða kannske fjögurra ára. Af þessu má ljóst vera að greiðslubyrðin hefur orðið allt of þung og valdið þar með ýmsum aukaverkunum, svo sem að fólk hefur lagt á sig mjög mikla vinnu, jafnvel svo að álagið hefur orðið of mikið og valdið heilsutjóni. En þó ekki hafi gengið svo langt hefur þessi mikla vinna skapað auknar tekjur sem síðan hafa leitt af sér hærri skatta, það síðan kallað á auknar kaupkröfur og hækkuð laun.

Þetta skipulag málanna er m. ö. o. einn sá þáttur sem miklu veldur um hraða verðbólguhjólsins. Því hefur krafan um breytt skipulag húsnæðismálanna orðið æ háværari og einkum beinst að tveimur aðalþáttum. Annar er sá, að lánin verði stórhækkuð, helst það mikið að ekki þurfi að leita til fleiri aðila hvað fjármögnun varðar, a. m. k. ekki svo að neinu nemi. Augljóst er hversu mikil hagræðing það yrði fyrir lántakandann að þurfa aðeins að eiga við einn aðila með nokkuð sjálfvirka afgreiðslu mála í stað alls þess tíma og fyrirhafnar sem núverandi kerfi leiðir af sér. Hinn þátturinn er sá, að lánskjörin geri öllu fólki með venjulegar launatekjur kleift að standa undir þeirri lántöku sem húsnæðiskaup eða bygging hefur óhjákvæmilega í för með sér. Eðlilegt verður að teljast að lán þessi séu verðtryggð, en með lágum vöxtum. Lánstíminn þarf því að vera verulega langur, svo að greiðslubyrðin verði viðráðanleg. Réttast væri að hún færi ekki fram úr ákveðnum hundraðshluta af launatekjum þeirrar fjölskyldu sem við yrði miðað. Einnig hljóta það að vera rök fyrir löngum lánstíma, að þau hús, sem við byggjum í dag, eiga að geta staðið í marga áratugi, jafnvel aldir, og því óeðlilegt að ætlast til þess, að þau séu greidd að fullu á 10—20 árum, eins og nú er gert. Þessi meginmarkmið höfum við framsóknarmenn haft á stefnuskrá, og í þeirri stjórnmálaumræðu, sem varð um allt land vegna kosninganna í des. s. l., voru húsnæðismálin ofarlega á baugi. Í frv. eru þessum þáttum að sjálfsögðu gerð veruleg skil, og mun ég nú víkja nánar að því svo og ýmsum aths. sem ég hef fram að færa við frv.

Ef fyrst er litið á þá kafla frv., sem ég hef hér á undan nefnt aðalþætti, segir svo í 32. gr., með leyfi forseta:

„Hámarkslánsfjárhæð má nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar, sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda, miðað við fjölskyldustærð, samkv. þeim reglum, sem húsnæðismálastjórn setur, og eiga allir umsækjendur í sama lánaflokki rétt til sama lánahlutfalls ár hvert."

Hér er fjallað um stórhækkun lánanna frá því sem nú er og ráðgert að lána allt að 80% af byggingarkostnaði, en það er mark sem lengi hefur verið rætt um að stefna bæri að. Þó er þessi prósentutala nokkuð mismunandi

eftir einstökum köflum frv. T. d. er gert ráð fyrir 90% lánshlutfallli við byggingar verkamannabústaða, sem telja má eðlilegt að sé nokkru hærra en lán til almennra íbúðabygginga. Hins vegar er aðeins ráðgert að lána 70% úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, en hlutaðeigandi sveitarfélag leggi fram 30% kostnaðar. Má jafnvel líta á að þetta hlutfall sé í raun 50%, ef inn í dæmið er tekið 20% framlag sveitarfélagsins við fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. staflið c í 34. gr. frv. Þetta tel ég að þyrfti að skoða miklu nánar. Fjárhagsstaða sveitarfélaganna er örugglega ekki slík, að þessi ákvæði séu hvati til byggingar félagslegra íbúða. Einnig þarf að endurskoða stjórnunaraðild sveitarfélaganna í þessum þætti og mun ég víkja aðeins nánar að því síðar.

Þá eru prósentutölur lánshlutfalls misjafnar í nokkrum öðrum tilvikum, svo sem í 26. gr. þar sem gert er ráð fyrir 70% láni til orkusparandi breytinga á húsnæði, sem ég fæ ekki séð ástæðu til að eigi að vera annað en við aðrar breytingar eða viðbætur á húsnæði sem taldar eru lánshæfar. Sérstaklega vil ég þó fjalla um það lánshlutfall sem gert er ráð fyrir í 14. gr. frv. Það er lán til kaupa á eldra húsnæði. Það virðist ljóst að lánin geti aldrei numið hærri upphæð en 50% af kaupverðinu. Gert er ráð fyrir að áhvílandi lán séu 30% við lánsúthlutun, hvort sem svo er eða ekki. Vera kann að þetta dugi þegar frá líður og Byggingarsjóður hefur lánað allt að 80% byggingarkostnaðar út á verulegan hluta íbúðarhúsnæðis í landinu. En eins og ástandið er nú, t. d. á húsnæðismarkaði hér í Reykjavík í dag, er ljóst að þarna er gert ráð fyrir allt of háu hlutfalli áhvílandi lána. Þar á m. a. verðbólgan sinn þátt í.

Þá vil ég biðja um útskýringu á hvað átt er við með uppfærslu áhvílandi lána, en í 2. mgr. 14. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Umframfjárþörf skal reiknuð sem mismunur kaupverðs annars vegar og samanlagðar fjárhæðir áhvílandi lána uppfærðra og eigin fjár hins vegar.“

Í drögum að reglugerð um almenn veðlán Byggingarsjóðs ríkisins, sem fylgir frv. þessu, er í 5. gr. gert ráð fyrir að sjóðurinn þurfi 10 ár til aðlögunar 80% útlánamarkinu. Það er alveg ljóst að hér er um allt of langan tíma að ræða fyrir þá sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Lán til frumbýlinga þarf að mínu mati að taka út úr þessari aðlögun og meðhöndla sérstaklega. Helst þyrftu þau að ná 80% marki nú þegar. En vera kann að hlutfall þessara lána í heildarútlánum sjóðsins sé svo hátt og útlánageta hans slík að þarna verði að hafa aðlögunartíma eitthvað lengri, e. t. v. 2—3 ár, en 10 ára markið er of langt. Þarna mætti einnig beita örðum aðferðum til aðstoðar, svo sem sérstakri meðferð vaxtafrádráttar við skattaútreikning eða sérstökum skattaafslætti. Má í því sambandi minna á sérstakan skattafrádrátt þeirra sem ganga í hjúskap. Eðlilegra verður þó að teljast að þetta sé leyst með húsnæðislöggjöfinni sjálfri, en þá verður líka 80% lánatakmarkið að nást hið allra fyrsta á þennan þátt útlánanna.

Hinn aðalþátturinn í endurskipulagningu húsnæðismálanna, þ. e. greiðslubyrði lánanna, er einnig tekinn til meðferðar í frv. þessu Í 30. gr. segir að lánin skulu vera að fullu verðtryggð samkv. lánskjaravísitölu Seðlabankans. Þá er og gert ráð fyrir því, að vextirnir séu 3.5%. Sama vaxatprósenta kemur fram í 58. gr., þar sem fjallað er um leiguíbúðir sveitarfélaga. Hins vegar er gert ráð fyrir 0.5% vöxtum af lánum til verkamannabústaða.

Í vaxtareglum Seðlabanka Íslands, sem gilda frá 1. des. s. l., segir svo í 6. tölul., undir liðnum Útlán, með leyfi forseta:

„Lán með verðtryggingu miðað við lánskjaravísitölu. Skuldabréf gefin út eftir 1. júní 1979 tryggð með fasteignaveði eða veði í öðrum varanlegum fjármunum og með ákvæði um að höfuðstóll láns miðist að fullu við lánskjaravísitölu sem Seðlabankinn auglýsir mánaðarlega. Skuldabréf þessi skulu skráð á nafn og skal lánstími vera minnst 4 ár. Vextir eru eftirágreiddir og breytilegir samkv. ákvörðun Seðlabanka, nú 2%.“

Á sama tíma og til eru útlánareglur hjá almennum lánastofnunum, sem gera ráð fyrir fullri verðtryggingu og 2% vaxtakjörum, verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt að hið opinbera húsnæðislánakerfi geri ráð fyrir nær helmingi hærri vöxtum. Slíkt hlýtur að nálgast það að verða talið vaxtaokur. Réttara verður að álíta að Húsnæðismálstofnunin eigi að miða við vaxtakjör Seðlabanka Íslands varðandi verðtryggð lán á hverjum tíma.

Þá er lánstími hinna ýmsu lánaflokka mjög misjafn, eða 11, 15, 16, 21, og 32 ár. Tel ég eðlilegt og æskilegt að samræma þetta meira, en sérstaklega verður að endurskoða lánstíma aðalflokkanna með tilliti til lengingar lánstímans. Hér er gert ráð fyrir að lán til einstaklinga vegna nýbygginga séu til 21 árs, en það er styttur lánstími um 5 ár frá því sem er í núgildandi reglum. Það tel ég algerlega óviðunandi. Eðlilegra hefði verið að lengja lánstímann í 30—40 ár. En þar þarf að sjálfsögðu að taka tillit til uppbyggingar sjóðsins svo og nánari útreiknings á greiðslubyrði lánanna fyrir einstaklinga í hinum ýmsu starfsstéttum, en styttingu lánstímans frá því sem nú er tel ég ekki koma til greina.

Nú kann að vera að einhverjum finnist hér vera keimur af yfirboðum: hækkun lána, aðlögunartími styttur, vextir lækkaðir, lánstíminn lengdur, en svo tel ég þó ekki vera. Ég tel að allt séu þetta óhjákvæmilegar aðgerðir og sjálfsagðar. Með þessu drögum við úr þeirri spennu sem nú ríkir í húsnæðismálum, við hægjum hraðann og komum á meira jafnvægi. Með því drögum við einnig verulega úr hraða verðbólgunnar, ef rétt er á málum haldið. Og það verðum við að viðurkenna, að öll sú spenna og það kapphlaup, sem nú ríkir í húsnæðismálum, er stór liður í verðbólguvandanum. Farsæl lausn þessara mála er því einn veigamikill þáttur í lausn efnahagsvandans sem nú er við að etja.

En þá er líka komið að því að leysa fjármögnunarvanda þessa frv. Hv. 4. þm. Vestf. benti mjög rækilega á það gat sem þar er. Í aths. við frv. er m. a. gerð grein fyrir forsendum, sem notaðar eru við hina ýmsu útreikninga er hér fylgja með. Þar vakna þó ýmsar spurningar, sem ég finn ekki svör við, svo sem að hve miklu leyti fjármagn hinna almennu lífeyrissjóða er nýtt við ráðgerða uppbyggingu húsnæðismálakerfisins. Þegar tekist hefur að ná 80% útlánamarkinu verður að álíta að ekki sé lengur þörf á lánum frá lífeyrissjóðunum vegna húsnæðismála sem neinu nemur beint til einstaklinga eða lífeyrissjóðsfélaga, heldur ætti þá fjármagnið, sem þannig er lánað út í dag, að renna sem mest beint til Byggingarsjóðs ríkisins og stuðla með því að einu heilsteyptu útlánakerfi á þessu sviði. Þar fengju lífeyrissjóðirnar einnig verðtryggða ávöxtun síns fjár.

Þá finnst mér ástæða til að athuga nánar og færa til núgildis, til frekari glöggvunar, þá útreikninga sem telja

að 21 árs lánstími með 3.5% vöxtum hafi samsvarað 67 þús. kr. meðalhúsaleigu á mánuði 1978. Ætli það væri ekki nokkuð há húsaleiga í dag, ef tekið er tillit til almennrar þróunar og verðbólgunnar sem því miður hefur orðið töluvert hærri en forsendur útreikninganna gera ráð fyrir? Og hverjar eru nú viðmiðunartekjurnar, sem þá hafa verið töluvert yfir 400 þús. kr. á mánuði? Ætli þær séu ekki jafnvel orðnar allmiklu hærri en raunveruleg laun eru í dag hjá þeim sem á þessum lánum þurfa hvað mest að halda. Þetta tel ég að þurfi að skoða miklu betur og fyrst og fremst gæta þess, að greiðslubyrði lánanna verði viðráðanleg og þannig upp byggð, að hún dragi úr spennunni sem nú ríkir.

Ýmislegt fleira er í þessu frv. sem taka þarf til athugunar, en of langt mál yrði upp að telja hér og gera verður frekari grein fyrir í n. Má þar nefna þætti eins og verkaskiptingu milli stjórnar stofnunarinnar annars vegar og framkvæmdastjórnar, þ. e. forstjóra og framkvæmdastjóra deilda, hins vegar, afgreiðslur og innheimtur lána hjá veðdeild Landsbanka Íslands eða öðrum almennum innlánsstofnunum, sbr. ákvæði 9. gr., samstarf og samskipti stofnunarinnar við aðra aðila, bæði hin ýmsu rn. svo og tæknimenn úti um land varðandi eftirlit, stöðu og úttekt hinna ýmsu verkefna. Allt lýtur þetta að því að varast að stofnunin þenjist út og verði of mikið bákn.

Þá má nefna aths. varðandi stjórnunaraðild Sambands ísl. sveitarfélaga svo og hinna ýmsu sveitarfélaga að málefnum er varða Byggingarsjóð verkamanna, svo og ýmis ákvæði sem athuga þarf í kaflanum um byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga. Sumt hef ég þegar nefnt, en annað, svo sem skipan og kosningu samráðsnefndar Byggingarsjóðs verkamanna og stjórnar verkamannabústaða, stærðir og gerðir íbúða, úthlutun þeirra eða ráðstöfun, kaupskyldu og söluheimildir, allt þetta verður að athuga nánar og ræða í nefndum. Við alla þessa þætti geri ég fyrirvara án þess að tíunda þá frekar í máli mínu nú.

Þá vil ég aðeins nefna til viðbótar tvo þætti, er ég tel að vanti í frv. þetta en ættu að falla inn í það. Annar er heimild handa félögum eða fyrirtækjum til lántöku vegna byggingar eða kaupa leiguíbúða í svipuðu formi og leiguíbúðir sveitarfélaga. Á þetta einkum við um ýmis fyrirtæki úti um land þar sem erfitt getur reynst að halda starfsfólki eins og þarf nema geta jafnframt svarað húsnæðisþörf þess. Fordæmi munu vera fyrir því, að slík lán séu veitt samkv. ákvæðum í eldri lögum.

Hitt atriðið, sem ég tel vanta, er ákvæði um byggingarsamvinnufélög. Sérstakur kafli var í eldri lögunum um þau, en hér er þeirra hvergi getið. Væri a. m. k. fróðlegt að vita forsendur þess. Eðlilegast tel ég að þeirra sé sérstaklega getið svo og þess réttar sem þeim ber að njóta gagnvart lögum þessum.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég fara nokkrum orðum um VI. kafla frv., þar sem fjallað er um skyldusparnað ungs fólks. Í núgildandi lögum er farið mjög illa með fé þess unga fólks sem þannig er skyldað til sparnaðar. Vísitala er aðeins reiknuð einu sinni á ári og fé þarf að hafa staðið a. m. k. eitt ár inni til að á það séu reiknaðar bætur. Fé, sem lagt er inn rétt eftir þennan árlega vísitöluútreikning, þarf því að standa inni í nær tvö ár áður en bætur reiknast. Þessar bætur eru síðan geymdar á sérstökum biðreikningi í stað þess að leggjast við höfuðstól og bera því hvorki vexti né verðtryggingu. Nú virðist sem 70. gr. frv. ráðgeri breytingar hvað þetta varðar, en þar segir, með leyfi forseta.

„Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkv. 1. mgr. 69. gr., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar verði það fyrr — kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkv. 1. mgr. með sömu vöxtum og gilda á hverjum tíma fyrir lán samkv. 1. tl. 10. gr. frá þeim tíma, er það var lagt inn, að viðbættum verðbótum samkv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands samkv. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979."

Lánskjaravísitala Seðlabanka Íslands er reiknuð mánaðarlega og ætti því að vera hægt að reikna út upphæð verðbót á hverjum tíma í stað einu sinni á ári. En hér þarf að kveða nánar á um málsmeðferð. Eiga verðbætur að leggjast við höfuðstól árlega og bera þar með vexti og vera verðtryggðar eins og skyldusparnaðurinn sjálfur eða eiga þær áfram að liggja á biðreikningi vaxta- og bótalausar eins og nú er? Þetta þarfnast nánari skýringa og skilgreiningar, og að sjálfsögðu þarf að athuga hvaða áhrif ný og sanngjörn meðferð þessara mála hefur á fjármagn Byggingarsjóðsins, hafi það ekki verið gert við þá útreikninga sem fyrir liggja við gerð frv. þessa.

Þó umfjöllun mín um frv. þetta kunni að virðast nokkuð gagnrýnin og bent sé á ýmsa þætti sem betur mættu fara, horfir að sjálfsögðu margt í því til framfara, bæði lagfæringar á eldri þáttum, svo og ýmis nýmæli. Eftir umfjöllun Alþ. á þessu frv. er ég þess fullviss að fyrir muni liggja ný löggjöf er marki tímamót í sögu húsnæðismála hér á landi, svo sem ég gat um í upphafi.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að fjalla um þetta frv. í heild sinni, enda hefur það þegar verið rækilega gert og mun verða áreiðanlega enn betur gert. Er ekki nema gott um það að segja, að svo viðamikill málaflokkur sem hér er um að ræða sé tekinn vandlega til umr. strax við 1. umr., þó að auðvitað eigi að vinna aðalstarfið í þeirri n. sem fær þetta mál til meðferðar.

Ég get ekki stillt mig um að taka alveg sérstaklega undir tvö atriði sem fram komu í máli hv. 5. þm. Norðurl. e., þ. e. þá vöntun sem mér þykir vera á því, að getið sé sérstaklega um byggingarsamvinnufélögin, þátt þeirra í húsnæðismálakerfinu, og þá möguleika, sem þarf að gefa því formi, og að sumu leyti vissan forgang, ásamt því formi sem hér er varðandi félagslegar íbúðabyggingar í sambandi við verkamannabústaðina og leiguíbúðir sveitarfélaga.

Ekki síður vil ég taka undir það með honum alveg sérstaklega, hver nauðsyn er á því fyrir Húsnæðismálastofnunina sem slíka að fylgjast vel með tækninýjungum og þá alveg sérstaklega á sviði byggingartækni, sem getur gert íbúðabyggingar hér ódýrari og viðráðanlegri fyrir fólk. Merkasta tilraunin, sem í því hefur verið gerð, er tvímælalaust sú sem hann nefndi réttilega, einingahúsin. Þá starfsemi þarf vissulega að styrkja og efla. Það er að vísu rétt, að í 67. gr., um tækni- og þjónustudeild Húsnæðismálastofnunar, segir í 4. lið, með leyfi forseta, að hlutverk eða verkefni tækni- og þjónustudeildar sé" að vera ráðgjafi Húsnæðismálastofnunarinnar og stjórnar hennar um tæknileg málefni og annast samskipti við aðra opinbera aðila sem vinna að áætlunargerð, rannsóknum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála." Hér þyrfti að mínu viti að kveða sterkar að orði og ákveðnara. Ég bendi á það, að á síðasta þingi var samþykkt sérstök till. um ítarlega rannsókn á hagkvæmni og

möguleikum þeim sem í því eru fólgnir að framleiða svokölluð verksmiðjuframleidd hús. Ég vona að sú athugun sé komin í gang, menn séu farnir að sinna því verkefni. Það er vissulega brýn nauðsyn, því að hér er um að ræða einu raunhæfu tilraunina, sem ég hef séð á síðustu árum, til þess að lækka byggingarkostnað verulega.

Þetta vildi ég aðeins segja varðandi þessi tvö atriði sem hv. 5. þm. Norðurl. e. kom réttilega inn á og þarf að taka til nánari skoðunar.

Ég kom hingað hins vegar aðeins til þess að mæla fyrir brtt. sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 91 ásamt hv. þm. Agli Jónssyni og Stefáni Jónssyni, en sú till. er þannig, að við 2. gr. bætist, með leyfi forseta:

„Húsnæðismálastofnun ríkisins skal starfrækja útibú frá stofnuninni á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Útibúin veiti alla sömu þjónustu og stofnunin sjálf veitir hvað snertir upplýsingar, teikningar og fyrirgreiðslu hvers konar. Útibúin skulu hafa nána samvinnu við skipulagsskrifstofur landshlutanna eða þjónustumiðstöðvar, er þeim verður komið á.

Afgreiðslu lána skal fara fram hjá útibúum Landsbankans á hverju svæði eða útibúum annars ríkisbanka, og skulu bankaútibúin ganga frá öllum skilmálum og veðtryggingum."

Þetta mál á sér nokkra forsögu. Ég hef ásamt öðrum þm. hér í hv. d. flutt frv. um þetta áður, allmiklu ítarlegra. Síðast var það flutt á þinginu í fyrra og þá flutti ég það ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni. Það frv. fékk þá, eins og reyndar jafnan áður þegar það hafði komið til umfjöllunar, góðar undirtektir. Ég hlýt því að leggja áherslu á þetta atriði, að það komi verulega til skoðunar í n. Það er mikilvægt fyrir alla landsbyggðina að reynt sé til hins ítrasta að finna leið til að auðvelda fólki þar viðskipti við þessa annars ágætu stofnun og þar með að auðvelda alla þjónustu hennar við landsbyggðina svo sem kostur er. Ég bendi á það, að fyrir nokkrum árum var frv. þessa eðlis flutt hér í nokkuð öðrum búningi og enn ítarlegri og fékk þá afgreiðslu hér frá hv. d., að því var vísað til endurskoðunarnefndar sem þá var í gangi, og ég hygg að að hluta til a. m. k. hafi verið sömu menn í þeirri endurskoðunarnefnd og voru í þeirri nefnd sem hefur samið þetta frv. Þessu var vísað til endurskoðunarnefndarinnar með mjög jákvæðri umsögn héðan úr d. Ég veit raunar að þetta frv. og sú umsögn, sem frv. fékk hér, mun aldrei hafa komið til umr. í endurskoðunarnefndinni neitt að ráði. Ég kenni því alveg sérstaklega um, að það var enginn landsbyggðarmaður í þessari nefnd til þess að fylgja þar málum eftir hvað snertir landsbyggðina sérstaklega. Ég er ekki að segja að hér sé um þann kost að ræða sem sé endilega sá eini rétti eða sá æskilegasti. En okkur er það a. m. k. öllum ljóst, sem höfum kynnst viðskiptum fólks úti á landi við þessa ágætu stofnun, að þar er mikillar breytingar þörf. Það má auðvitað segja að víða hafi ástandið batnað til mikilla muna. Sveitarfélögin hafa ráðið sér — sum ein sér, önnur sameiginlega — byggingarfulltrúa sem eru mjög vel menntir víða, og þeir veita fólki ýmsa ráðgjöf og nauðsynlega varðandi allt það pappírsflóð sem þarf að fylgja með hverri umsókn til þessarar stofnunar. Ég er ekki að draga í efa að á því sé full þörf, þó að manni þyki nóg að gert á stundum. Og þessir byggingarfulltrúar hafa farið í læri hjá Húsnæðismálastofnuninni og fengið þar nokkra tilsögn í því, hvernig þeir gegni hlutverki sínu sem allra best gagnvart stofnuninni. Engu að síður er auðvitað allt of víða um það að ræða, að einhver byggingarfróður maður, húsasmiður eða einhver slíkur, er fenginn til að hafa þessa vinnu í hjáverkum hjá sveitarfélaginu, og sá maður getur auðvitað aldrei gegnt því hlutverki sem byggingarfulltrúi í fullu starfi eða hálfu gegnir í hinum stærri sveitarfélögum. Menn vita að allar umsóknir og allt sem þeim fylgir, þetta þarf að koma á aðalskrifstofuna syðra, smátt sem stórt, umsókn með öllum vottorðum þarf að berast og ekki má vanta eitt smávottorð, og allt stendur fast, jafnvel langan tíma, ef menn hafa ekki því betri gætur á því. Og svo er hið sama þegar lánveitingar hafa verið ákvarðaðar, þá þarf að senda ný vottorð, ný plögg til þessarar sömu stofnunar. Þetta hlyti að vera hægt að einfalda og alveg sérstaklega í sambandi við afgreiðslu lánanna, því að afgreiðsla lánanna er í höndum veðdeildar Landsbankans og útibú Landsbankans, og útibú annarra ríkisbanka eiga vitanlega að geta séð um þessa hlið mála, bæði varðandi alla skilmála og að ganga frá veðtryggingum þessu tengdum.

Í þessari brtt. er ekki gengið eins langt og í frv. sjálfu um ítarlegt orðalag. Ég ætla, ef þetta kemur til alvarlegrar skoðunar í n., að þá verði þar frá því gengið á þann hátt sem fullnægjandi mætti teljast, ef hv. n. sér ástæðu til að taka eitthvert slíkt fyrirkomulag upp. En þó er á það minnt, að tenging útibúa af þessu tagi væri sjálfsögð við hugsanlegar skipulagsskrifstofur í landshlutunum eða einhvers konar þjónustumiðstöðvar sveitarfélaga. Ég held að ef þessi útibú yrðu tengd nógu rækilega samtökum sveitarfélaganna ætti ekki að verða hér mikill aukakostnaður af. Og ég trúi því varla að hann yrði mikill, ef tekið yrði tillit til þess um leið, að vissulega ætti þá að vera hægt að sama skapi að fækka starfsliði hér syðra sem yfirfer þessa pappíra.

Ég hef áður flutt ítarlega framsögu fyrir því, hvers vegna ég tel þetta fyrirkomulag nauðsynlegt, að þjónusta Húsnæðismálastofnunar ríkisins verði færð út í landshlutana meir og betur en verið hefur, og ætla ekki að fara að þreyta menn hér á að endurtaka það. Þetta hefur fengið jákvæðar undirtektir hér. Ég ætla því að vona að svo verði áfram í þessari hv. þd., að það verði vel skoðað, með hvaða fyrirkomulagi verði hægt að koma á nánara sambandi stofnunarinnar við landsbyggðina og enn bættri þjónustu frá því sem nú er. Og ég trúi því og treysti, að góð athugun n., sem fær þetta mál til umfjöllunar, verði til þess að hér fáist a. m. k. einhver lágmarksúrbót fyrir íbúa landsbyggðarinnar, en á því er full þörf.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem hér liggur fyrir, er mikill lagabálkur og merkur. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. félmrh. fyrir þá miklu vinnu, sem hann sjálfur hefur lagt í það mál og látið vinna, því að frv. ber með sér að mjög rækilega hefur verið vandað til undirbúnings þessa máls. Í grg. frv. er rakinn nokkuð aðdragandinn, og vil ég aðeins bæta fáeinum orðum við þá sögu.

Svo er mál með vexti, að 1. ágúst 1975 var af félmrn. skipuð nefnd manna til að endurskoða húsnæðismálalöggjöfina. M. a. var ætlunin að sú nefnd fjallaði ekki síst og jafnvel sérstaklega um það samningsatriði, sem ákveðið var í febrúarmánuði 1974 í viðræðum verkalýðssamtakanna og þáv. ríkisstj. í sambandi við kjarasamninga, varðandi byggingu félagslegra íbúða. Þessi

nefnd, sem var skipuð í byrjun ágúst 1975, átti að hafa með höndum heildarendurskoðun húsnæðislaganna og um leið þetta samningsatriði sem síðan hefur verið endurtekið oftar en einu sinni, bæði með yfirlýsingum og óskum frá verkalýðssamtökunum og samþykki ríkisstj.

Ég skýri frá þessari nefndarskipun vegna þess að ég tel rétt að hún komi inn í þetta dæmi. Í þessa nefnd voru skipaðir tveir menn samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, þeir Benedikt Davíðsson og Óskar Hallgrímsson, einn maður frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem var Svavar Helgason kennari. Aðrir nm. voru þeir Ólafur Jensson framkvæmdastjóri, sem var skipaður formaður nefndarinnar, Gunnar Helgason, formaður húsnæðismálastjórnar þá, Gunnar S. Björnsson húsasmíðameistari og Þráinn Valdimarsson framkvæmdastjóri.

Þessi nefnd viðaði að sér allmiklum gögnum, en því miður tókst henni ekki að ljúka störfum þannig að hún skilaði endanlegu nefndaráliti og tillögum. Hins vegar lét formaður nefndarinnar mér í té nokkru fyrir stjórnarskiptin haustið 1978 hugmyndir og frv.-drög sem hann sem formaður hafði tekið saman, og mér er kunnugt um að skömmu eftir stjórnarskiptin, eða í sept. 1978, gekk formaður nefndarinnar, Ólafur Jensson, á fund núv. hæstv. félmrh. og lagði þessi sömu frv.-drög fyrir hann og skýrði þau. Annar nm., Gunnar S. Björnsson húsasmíðameistari, átti einnig tal við hæstv. félmrh. um svipað leyti og gerði grein fyrir þessum hugmyndum og öðrum sem fram höfðu komið.

Mér virðist eftir frv. að dæma að þessara ábendinga, þessara tillagna — sem að vísu urðu ekki tillögur nefndarinnar þar sem hún lauk ekki störfum, heldur ábendingar formanns og annars nm. — þeirra gæti sums staðar í þessu frv., og ég vil segja sem betur fer, því að mér fannst margt af þeim hugmyndum vera mjög athyglisvert og mundi vera til bóta.

Þessi nefnd var svo leyst frá störfum haustið 1978, nokkru eftir stjórnarskiptin, og aðrir tóku við, eins og grein er gerð fyrir í aths. við lagafrv.

En á þessum árum, 1975—1978, var einnig sett á laggirnar önnur nefnd, sem skyldi hafa sérstaklega með höndum, í samræmi við óskir verkalýðssamtakanna, hinar félagslegu íbúðir. Sú nefnd var skipuð í samráði við verkalýðssamtökin 14. sept. 1977 og var verkefni hennar að vinna að endurskoðun þeirra ákvæða laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem fjalla um byggingu íbúða á félagslegum grundvelli, í samræmi við yfirlýsingar ríkisstj. um húsnæðismál frá 28. febr. 1974 og 26. febr. 1976. Þessari n., sem ég skipaði um miðjan sept. 1977, var falið sérstaklega að taka til meðferðar grg. og till. Alþýðusambands Íslands um húsnæðismál frá febr. 1977. Sérstök áhersla, segir í bréfi ráðh., skal lögð á að efla byggingu verkamannabústaða og tryggja nægilegt fjármagn til þeirra. Kannaðar skulu leiðir til þess að létta greiðslubyrði lána til kaupenda verkamannabústaða fyrstu 3—5 árin.

Í þessa nefnd voru skipaðir Gunnar Helgason, formaður húsnæðismálastjórnar, sem var skipaður formaður nefndarinnar, enn fremur þeir Björn Ólafsson, Magnús L. Sveinsson og Óskar Hallgrímsson samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, og auk þeirra Gunnar S. Björnsson og Þráinn Valdimarsson, sem báðir höfðu átt sæti í hinni fyrri nefnd. Þessi nefnd skilaði áliti haustið 1978, og er þess getið í grg. á bls. 15 og raunar víðar. Hún lauk störfum í nóvembermánuði 1978 og er byggt á till. hennar í veigamiklum atriðum í þessu frv.

Ég vildi rekja þessar tvær nefndarskipanir, sem ég fjallaði um sem félmrh. á þeim árum, og verkefni þeirra. Ég sé að þeirra starfa gætir allverulega í þessu frv.

Ég vil á þessu stigi máls benda á nokkur atriði sem ég tel að þurfi athugunar við í n., um leið og ég lýsi stuðningi við frv. og mæli með samþykkt þess að áskildum breytingum sem nánar yrðu ræddar í n. og af n. við hæstv. félmrh.

Ég nefni fyrst atriði sem ekki skiptir miklu máli, málfarslegt atriði, hvort ekki ætti að nefna þessa stofnun Húsnæðisstofnun í stað hins lengra orðs, Húsnæðismálastofnun.

Í 5. gr. frv. er svo kveðið á, að skipa skuli forstjóra fyrir stofnunina og enn fremur framkvæmdastjóra deilda, sem eru tvær eða raunar þrjár taldar í 2. gr. Ég vil varpa því fram, hvort ekki sé um óþarflega mikla og dýra yfirbyggingu að ræða að hafa stjórana svo marga og hvort ekki nægi að hafa einn forstjóra eða framkvæmdastjóra í stað þessara þriggja eða jafnvel fjögurra.

Í 8. gr. frv. er rætt um fjáröflun til Byggingarsjóðs ríkisins í fimm liðum og hefur fjáröflun til sjóðsins orðið hér mjög að umtalsefni af hálfu hv. þm., sem tekið hafa til máls nú við þessa 1. umr. Um fjáröflun til Byggingarsjóðs er auðvitað margt sem velkist í vafa, vegna þess m. a. að lántökur t. d. frá lífeyrissjóðum eru mjög breytilegar frá ári til árs. Hins vegar er rétt að geta þess, að það er mjög jákvætt atriði í sambandi við fjáröflun eða lántöku Byggingarsjóðs frá lífeyrissjóðunum, að ég held að megi fullyrða að allur þorri lífeyrissjóðanna hafi verulegan áhuga á því að verja sem mestu af ráðstöfunarfé sínu einmitt til Byggingarsjóðs. Það hefur komið glögglega fram á undanförnum árum, stundum orðið nokkur togstreita milli ýmissa stjórnvalda og stjórna lífeyrissjóða, vegna þess að ýmsir aðilar, sem hafa með höndum umsjá annarra sjóða, stofnlánasjóða, hafa lagt á það mikla áherslu að fá verulegt fé frá lífeyrissjóðunum til þeirra þarfa. Um þetta hefur orðið ágreiningur, og á þeim árum, sem ég sat í félmrn., hafði félmrn þá afstöðu að standa þar við hlið Byggingarsjóðs og lífeyrissjóðanna til þess að tryggja sem mest fjármagn frá þeim til húsnæðismálanna. Ég tel, að óhjákvæmilegt sé að halda þeirri stefnu áfram, og veit að hún er í samræmi við óskir verkalýðssamtakanna og yfirgnæfandi hluta af stjórendum lífeyrissjóðanna sjálfra.

Í þessari 5. gr., þar sem talað er um fjáröflun, tel ég því að lántökur úr lífeyrissjóði séu ákaflega mikilvægur þáttur, og getur um allan framgang þessara mála oltið mjög á því, hvernig haldið er á þeim málum. En í sambandi við 5. gr. tel ég æskilegt að bæta þar við heimild til að afla meira fjármagns, þ. e. með útgáfu skuldabréfa af hálfu sjóðsins, og ekki aðeins hugsanlegt, heldur sennilegt að afla megi sjóðnum töluverðs fjármagns með slíkri heimild.

Í 9. gr. er mælt svo fyrir, að Byggingarsjóður ríkisins skuli vera í vörslu Seðlabanka Íslands, en að afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta skuli fara fram á vegum veðdeildar Landsbanka Íslands. Að vísu er í niðurlagi greinarinnar veitt heimild til handa ráðh. til að ákveða, að fengnum till. húsnæðismálastjórnar, að almennum innlánsstofnunum skuli heimilað að annast afgreiðslu lána og innheimtu þeirra. Ég vil beina því til hæstv. ráðh. og n. að athuga hvort á ekki beinlínis að gera að aðal-

reglu að almennar innlánsstofnanir geti haft þessa afgreiðslu með höndum, en ekki gera ráð fyrir því sem meginreglu að það sé Landsbankinn einn, þó þessi heimild fylgi að vísu.

Í 12. gr. frv. er talað um heimildir til að veita lán, og þar er atriði sem ég tel einnig að þurfi nokkurrar athugunar við, og það er hvort lán, sem Byggingarsjóður veitir, eigi að fylgja íbúðunum eða húsunum, sem lánað er til, eða hvort þau eigi að fylgja einstaklingunum sem þau fá. Í sambandi við síðarnefndu tilhögunina kemur það nefnilega mjög inn í þetta mál allt saman, hvort eigi ekki að takmarka það verulega hversu oft megi veita sama einstaklingi lán til íbúðarbyggingar eða kaupa. Þetta er mál sem ég tel að þurfi sérstaklega að taka til athugunar.

Í 13. gr. er svo fyrir mælt, að lánstími skuli vera 21 ár í stað 26 ára, og þar er náttúrlega um breytingu að ræða, sem veldur lántakendum þyngri búsifjum en verið hefur. *Tel ég mjög athugandi hvort ekki ætti að reyna að halda hinum lengri lánstíma sem er í lögunum.* Þetta mál snertir auðvitað hina vandasömu útreikninga og áætlanir um fjármögnun sjóðsins, en ég tel að þetta um lánstímann eða styttingu hans þurfi að athuga mjög vandlega.

Í 27. gr. frv. er heimilað að veita lán til að taka í notkun tækninýjungar. Þetta er auðvitað ágætt ákvæði. Hér þarf að taka til athugunar einnig að sumir aðrir sjóðir hafa þetta sama verkefni, og vil ég nefna þar sérstaklega Iðnlánasjóð sem þegar hefur veitt mörg lán í slíku skyni. Ég ætla að rétt væri að samræma þetta, svo að ekki verði hætta á því að úr fleiri sjóðum en einum sé kannske að þarflitlu verið að veita lán, heldur yrði þarna samstarf milli þeirra sjóða sem vilja og hafa það verkefni að efla tækninýjungar.

Í 32. gr. frv. er ákveðið að hámarkslánsfjárhæð megi nema *allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði*. Hér er heimild til þess að lána allt að 80%. Ég er því fyllilega samþykkur og hef oft áður gert till. um það, að í þá fjárhæð verði komist hið allra fyrsta. Hins vegar er í því uppkasti að reglugerð, sem fylgir þessu frv., reglugerð um almenn veðlán Byggingarsjóðs ríkisins, á bls. 49, ákveðið í 5. gr. hvernig þetta skuli framkvæmt á næsta áratug. Þar er ákveðið að á árinu 1980 skuli lánahlutfallið aldrei vera lægra en 30% og síðan hækkandi fram til ársins 1990 í 80%. Ég vil nú leggja á það mikla áherslu, að reynt verði að finna leiðir til þess að láta þetta mark, 80%, koma til framkvæmda miklu fyrr en hér er gert. Ég veit að það er vandasamt, en veltur mjög á því, hvernig tekst að leysa þessi tvö meginatriði um fjáröflun, sem ég minntist á, annars vegar lán úr lífeyrissjóðum landsmanna og hins vegar með sjálfstæða verðbréfasölu sjóðsins. En það er annað í þessu sem þarf líka athugunar við. Það er lagt algerlega á vald ráðh. á hverjum tíma hvernig þetta skuli framkvæmt, þar sem hér er gert ráð fyrir að þetta sé reglugerðarákvæði. Og spurningin er sú, sem ég vildi varpa fram, hvort ekki væri ástæða til að binda þetta betur í lögunum sjálfum, hversu fljótt skuli reynt að ná þessu marki, að komast upp í 80% lánveitingar.

Í 37. gr. frv. ræðir um stjórnir verkamannabústaða. Þar er breytt nokkuð frá þeim till. sem nefndin, sem skipuð var árið 1977, lagði til. Það er einkum eitt atriði sem mér finnst þar þurfa nánari skoðunar við, hvort húsnæðismálastjórn eða félmrh. á ekki að tilnefna einn mann í þessa stjórn. *Ég teldi æskilegra að svo væri.* Það var einnig gert ráð fyrir því í till. nefndarinnar sem fjallaði um félagslegar íbúðir, og til þess að tryggja sem best samstarf og tengsl milli verkamannabústaðanna í sveitarfélögunum við húsnæðismálastjórn og yfirstjórn þessara mála í félmrn. teldi ég æskilegra að það kæmi einnig fulltrúi. Það mætti auðvitað gera án þess að fækka þeim fulltrúum sem verkalýðsfélögin tilnefna.

Loks er það 67. gr. sem ég vil nefna í þessu stutta yfirliti eða ábendingum, og hún er um tækni- og þjónustudeild Húsnæðismálastofnunar. Þar vil ég varpa því fram, hvort ekki sé nægilegt að tækni- og þjónustudeild sé Húsnæðismálastofnun — og að sjálfsögðu byggingaraðilum og verkamannabústöðum og öðrum slíkum — til aðstoðar og leiðbeiningar, veiti einnig umsækjendum um íbúðalán almennar upplýsingar og ráðgjöf, eins og hér segir, *en hvort ekki sé óþarft að þessi tækni- og þjónustudeild reki sjálfstæða teiknistarfsemi í keppni við* almennar teiknistofur. Ég fyrir mitt leyti tel það óþarft og að mörgu leyti óheppilegt. Ég tel að það ætti að takmarka starfsemi tækni- og þjónustudeildarinnar við ráðgjafarstörf og upplýsingar án þess að hún væri í beinni keppni við hinar almennu teiknistofur í landinu.

Ég vildi við þessa 1. umr. aðeins benda til athugunar fyrir hæstv. ráðh. og fyrir n. á nokkur þeirra atriða sem ég tel að beri að athuga. Þau eru mörg fleiri, þótt ég hafi ekki nefnt þau hér, sem verður þá komið á framfæri við n. á sínum tíma. Ég vil ljúka máli mínu með því að endurtaka, að mér finnst frv. markvert spor til umbóta í húsnæðismálum, og ég lýsi yfir stuðningi og fylgi við það með ýmsum breytingum, sem kæmu þá til umr. í n., og vil þakka ráðh. fyrir undirbúning málsins.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 8. þm. Reykv. og reyndar öðrum þeim hv. þm., *sem hafa talað í dag, fyrir hversu jákvætt* þeir hafa tekið í þetta frv. Ég tek undir till. hans um nafnbreytingu á stofnuninni, að hún heiti Húsnæðisstofnun ríkisins, en ekki Húsnæðismálastofnun. Við erum að reyna að losna við þetta „mál" úr sem flestum nöfnum, ráðuneyta t. d., þó að enn þá höfum við ekki treyst okkur til að gera það í félmrn.-nafninu.

Það er misskilningur hjá hv. þm. og fleiri að meiningin sé að fjölga mönnum í stjórn stofnunarinnar. Það er verið að breyta nöfnum og færa þau til þess sem í reyndinni er, og kem ég að því síðar.

Hv. 8. þm. Reykv. talaði um lántökur hjá lífeyrissjóðum og að þeir væru tilbúnir og viljugir til að kaupa skuldabréf *af Byggingarsjóði ríkisins, að maður nú* ekki tali um Byggingarsjóð verkamanna. Þetta er rétt, enda er þetta einn höfuðmöguleikinn sem við sjáum til fjármögnunar þessa kerfis. Hefur mikið verið rætt við þá aðila einmitt um þessi mál.

Hv. 2. þm. Austurl. minntist á að rétt væri að það yrði aðalregla að almennar innlánsstofnanir, hvar sem væru á landinu, sæju um það sem veðdeildin gerir hér í Reykjavík. Ég er honum sammála um það, enda er gert ráð fyrir því í frv. Þar er að vísu talað um heimild, en ekki er hægt að setja frv. fram öðruvísi fyrr en búið er að tala við bankastofnanir. Það er einmitt verið að gera það þessa dagana.

Æskilegt væri að lánstíminn væri 26 ár fremur en 21, eins og kom fram hjá honum og hv. 5. þm. Norðurl. e., það er auðvitað rétt. En eins og við sjáum á töflu 4 *breytist greiðslubyrðin ekki svo ýkjamikið frá ári til árs.* Þegar um er að ræða annuitetslán er lengingin ekki eins

mikið til bóta og menn kannske hefðu haldið. Að öðru leyti er svo að sjálfsögðu verið að hugsa um það, eins og víðar í þessu frv., að byggja sem fyrst upp sjóðina sjálfa þannig að þeir standi á eigin fótum að mestu og þurfi ekki á ríkisframlögum að halda nema tiltölulega takmarkaðan tíma.

Það er talað um að æskilegt sé að flýta lánahlutfallinu upp í 80%, að gera það á styttri tíma en 10 árum. Ég er þar hjartanlega sammála, en það er eins þar og annars staðar, að verið er að reyna að finna samnefnara þess æskilega og þess mögulega. Ef við breyttum 10 ára reglunni í 6 ára reglu yrðum við að tvöfalda fjáröflunina á þessum 6 árum miðað við það sem frv. þó gerir ráð fyrir. — Þá á ég við viðbótarfjármögnunina.

Það er auðvitað rétt að kannske hefði verið rétt að festa í lögum hvernig 80% ættu að nást. En grg. og stefnuyfirlýsing fyrrv. ríkisstj. og samþykkt þessa frv. tel ég að bindi fjárveitingavaldið með að ná því marki í allra mesta lagi á 10 árum.

Auðvitað er mjög þýðingarmikið að gera sem mest fyrir tækninýjungar. Það er einmitt nú fyrst opnaður möguleiki til að lána sérstaklega til tækninýjunga.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. vakti athygli á því, sem við reyndar öll vitum, hvað erfiðleikarnir eru miklir hjá fólki með háa vexti, stutt lán. Það er einmitt höfuðtilgangur þessa frv. að koma því fólki til hjálpar.

Hv. þm. minntist á leiguíbúðirnar sem sveitarsjóðirnir eiga að borga 30% af, en þeir fá 70% lán, að það væri í reynd meira sem sveitarfélögin greiddu. Það er misskilningur, vegna þess að sveitarfélögin greiða þessi 20% eingöngu af vekamannabústöðum, af hverri íbúð fyrir sig eða hverjum flokki fyrir sig, en ekki í sjóðinn sem slíkan.

Hann minntist líka á að það væru í reynd ekki nema 50% lánuð til frumbýlinga til kaupa á eldra húsnæði. Það er rétt, vegna þess að talað er um að lánuð séu 80% af umframfjárþörf og þá er það sett sem lágmark að seljandi láni 30%, ekki ýtt undir að það verði enn þá meiri útborgun en nú gerist, að menn fari að krefjast alls á borðið í trausti þess að Byggingarsjóður komi og láni allt saman. Sem bremsa á það er þessi 30% regla sett þarna inn. Hvort hún er sú rétta eða ekki má að sjálfsögðu deila um.

Þegar talað er um uppfærð lán er átt við að lánið sé „reguleraö" eftir þeirri vísitölu sem lánin færast upp eftir, þ. e. a. s. þau hækka með lánskjaravísitölu Seðlabankans. Þá er átt við raunverulega skuld á hverjum tíma.

Hann minntist á að það væri mjög æskilegt að 80% lán kæmu strax til frumbýlinga. Ég er honum hjartanlega sammála. En þá rekumst við aftur á það sem ég sagði áðan, að slíkt hefur í för með sér óhemjulega mikinn aukinn fjármögnunarvanda, því að álitið er að u. þ. b. helmingurinn af öllum lánunum sé til frumbýlinga. Því væri óhemjulega mikill vandi á ferðinni ef það yrði gert, en vissulega væri æskilegt að tíminn til að ná því marki varðandi lán til frumbýlinga styttist mjög verulega.

Vitnað er í lán núna — ég kem nú reyndar að því síðar — og 2% vexti, að ekki megi hækka þá. Þessi 2% regla, sem var tekin upp í ágúst í fyrra með leyfi Seðlabankans, var bráðabirgðaráðstöfun og var reiknað með að þeir vextir breyttust. Þeir eru breytilegir í þeim skjölum og er reiknað með að það verði sömu vextir af 2%-lánunum og verða samkv. þessu frv., hvernig sem það verður afgreitt, hvort það verða 3 eða 3.5%. 2%-reglan er því bráðabirgðaráðstöfun og vextirnir breytilegir af þeim lánum.

Eins og ég sagði áðan er lenging annuitetslána ekki eins mikill ávinningur fyrir lántakandann og menn hefðu haldið. Aftur á móti er verulegur ávinningur fyrir sjóðinn að lengja lánin ekki um of. Auðvitað er, eins og við höfum oft komið inn á, reynt að finna samnefnara þess æskilega og þess framkvæmanlega.

Það er talað um að það vanti ákvæði um byggingarsamvinnufélög. Þegar þessi lög eru komin í fulla framkvæmd er ekki eins mikil þörf fyrir byggingarsamvinnufélög og áður. Eigi að síður er í athugun og hefur verið hugmyndin að setja um þau sérstök lög. Það má auðvitað segja að æskilegra hefði verið að hafa þau þarna með, en hugmyndin var að sérstök lög yrðu sett um þau.

Varðandi skyldusparnaðinn er það að segja að það var rétt, sem hv. 5. þm. Norðul. e. sagði, að haft hefur verið verulegt fé af ungmennum á undanförnum árum. Verðbæturnar eru reiknaðar út einu sinni á ári, í febr. Síðan eru þær settar á sérstakan reikning og ekkert verðbættar meira. Einungis grunnurinn er verðbættur. Við höfum þannig snuðað ungmennin um kannske helminginn af þeim vöxtum sem þau hefðu raunverulega átt að fá.

Þannig eru gömlu lögin. Það hefur verið látið reyna á þetta fyrir rétti og þessar reglur dæmdar löglegar, en þær eru langt frá því að vera eðlilegar. Það er tekinn af allur vafi um það í kaflanum um skyldusparnað, VI. kaflanum, skyldusparnaður skuli vera verðtryggður eins og best er gert annars staðar. Það á ekki að vera neinn vafi á því í sjálfum kaflanum og í reglunum, að verðtryggingin á að vera eins og best er á verðtryggðum bréfum.

Ég mun þá víkja að þeim gagnrýnisatriðum sem komu fram hjá hv. 11. þm. Reykv. síðast þegar þetta mál var hér til umr.

Hann talaði um 10 meginatriði sem hann taldi gagnrýnisverð. Hið fyrsta var, að samkv. frv. færu lánskjörin versnandi á næstu árum. Hér er væntanlega átt við lánskjör almennu veðlánanna, því að tæplega verður að því fundið að kjör félagslega lánakerfisins séu of þung, 33 ára lánstími og aðeins 0.5% vextir.

Hagsmunir húsbyggjenda eru í þessu efni margþættir. Lánskjörin eru vissulega einn þessara þátta, en aðeins einn af mörgum. Ýmsir aðrir eru ekki síður mikilvægir. Aðgangur að fullnægjandi lánafyrirgreiðslu á einum stað er auðvitað geysistórt atriði, einnig að greiðslubyrði af öllu því lánsfé, sem afla þarf, sé jafnað á langan tíma. Þá er afar mikilvægt að fjármagn fáist útborgað í samræmi við framvindu verksins. Það er óhugsandi að fjalla af nokkru viti um einn þátt þessara mála án þess að gæta samhengis við alla hina. Sú stefna, sem miðar að úrbótum í öllum þessum atriðum, og hún ein er skynsamleg og getur talist þjóna hagsmunum húsbyggjenda. Slík stefna tel ég að sé mörkuð í þessu frv. Lánskjörin eru vel viðráðanleg, eins og ljóslega er sýnt fram á í töflu 4 í aths. með frv. Greiðslubyrðin af láni, sem er aldrei meiri en sem svarar rúmum tveggja mánaða tekjum ófaglærðs og kvænts verkamanns eftir að beinir skattar hafa verið dregnir frá þeim. En jafnframt gera þessi lánskjör okkur mögulegt að byggja upp öflugan íbúðarlánasjóð, sem getur með tímanum fullnægt öðrum þörfum húsbyggjandans, mætt að fullu þörf hans yfir lánsfé, greitt það út í samræmi við byggingarhraðann og jafnað heildargreiðslubyrði hans á rúma tvo áratugi.

Þá hlýt ég að minna á að lánskjörin eru samkv. frv.

mun vægari en þau kjör sem giltu þegar endurskoðun laganna hófst. Viðmiðun við þau kjör, sem voru tekin upp á síðasta ári, er óraunhæf. Sú ákvörðun var tekin til bráðabirgða, meðan lokið var endurskoðun laganna, og vextir af þeim lánum eru breytanlegir.

Ég hlýt að lokum að minna á það, sem þó ætti að vera óþarft, að ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs ríkisins er að töluverðum hluta aflað með lántökum og þær munu fara vaxandi á næstu árum ef menn vilja auka útlánagetu hans. Það er því óhjákvæmilegt að nokkurt samræmi sé á milli útlánskjara sjóðsins og þeirra vaxta sem hann greiðir af teknum lánum ef eigið fé hans og framlög eiga ekki að étast upp í greiðslum vaxtamunar. Einfalt reikningsdæmi sýnir þetta glöggt.

Á síðasta ári mun sjóðurinn hafa tekið að láni um 4 milljarða af lífeyrissjóðunum til 15 ára með 4% vöxtum. Þetta fé lánaði hann með 2% vöxtum til 26 ára þar sem fyrsta árið er afborgunarlaust. Hann endurgreiðir lífeyrissjóðunum á þessu ári og því næsta samtals 842 millj. kr., en fær sjálfur til baka 320 millj. kr. frá lántakendum sínum. Af þessum mismun eru 149 millj. kr. bein útgjöld vegna vaxtamunar. — Ef hv. 11. þm. Reykv. telur þetta réttu aðferðina til að efla húsnæðislánakerfið er honum annað betur gefið en fjármálavit. Í því efni taka honum langt fram þeir flokksbræður hans tveir, sem tilnefndir voru til að vinna að undirbúningi þessa frv., svo og þrír fyrrv. ráðh. Alþb., sem áttu sæti í vinstri stjórninni fyrrv. Allir þessir ágætu menn voru samþykkir þeim lánskjörum, sem hv. 11. þm. Reykv. telur nú óalandi og óferjandi. (**ÓRG:** Frv. var aldrei borið upp í síðustu ríkisstj.) Þessar tölur voru allar samþykktar í stefnuyfirlýsingu af ríkisstj. Á þessi *aths. raunar við um ýmsa aðra þætti í* gagnrýni þm.

Önnur aðfinnsla þm. var sú, að aðild sveitarfélaganna að fjármögnun félagslega íbúðarlánakerfisins mundi útiloka öll stór átök á því sviði. Heldur þykja mér þetta kaldar kveðjur til sveitarstjórnarmanna og að sama skapi ómaklegar. Staðreyndin er, að sveitarstjórnir hafa frá öndverðu átt veigamikinn þátt í fjármögnun félagslega lánakerfisins, miklum mun meiri en gert er ráð fyrir í frv., og þær hafa alls ekki brugðist þeirri skyldu sinni. Á vegum eldra verkamannabústaðakerfisins, þ. e. kerfisins fram að 1970, voru byggðar 1748 íbúðir, eins og ég skýrði frá í framsöguræðu minni, og þó lögðu sveitarstjórnirnar lengst af sem næst helming lánsfjárins á móti ríkissjóði.

Samkv. gildandi lögum greiðir íbúðarkaupandinn sjálfur 20% kostnaðarins, Byggingarsjóður ríkisins lánar venjulegt nýbyggingarlán, en það, sem þá vantar á, leggja ríki og sveitarfélög fram að jöfnu. Svo að tekið sé dæmi af íbúð, sem kostaði á síðasta ári 20 millj. kr. í byggingu, var framlag sveitarfélags til hennar 5.3 millj. kr., en væri samkv. frv. 4 millj. Auk þess byggir frv. á því, að sveitarstjórnir þurfi ekki að leggja fram neitt fé vegna endursölu félagslegra íbúða, andstætt því sem nú gildir, og að eignarfé sjóðsins skuli m. a. varið til að lækka enn framlög sveitarfélaganna er það tekur að vaxa með tímanum. Samkv. gildandi lögum kemur eiginfjármyndun sjóðsins sveitarfélögunum aldrei til góða.

Af þessu máli er ljóst að með frv. er verulega dregið úr kostnaðarhlutfeild sveitarfélaganna frá því sem gilt hefur. Er það eindregin skoðun mín, að þau muni hafa bæði vilja og getu til að valda þessu hlutverki sínu.

Það er alrangt að draga af núverandi ástandi þær neikvæðar ályktanir um afstöðu sveitarstjórnarmanna sem þm. gerði. Ástæður þess, að dregið hefur úr byggingu verkamannabústaða á síðari árum, eru fyrst og fremst þær stórfelldu lánveitingar til byggingar leigu- og söluíbúða á vegum sveitarfélaga sem hafnar voru árið 1973. Með byggingu þeirra, en það var gert með sérstökum lögum, má ná sama markmiði og með byggingu verkamannabústaða, en án þess að sveitarfélagið þurfi að leggja til neitt af lánsfénu. Er því eðlilegt að sú leið sé frekar valin, fyrst hennar er kostur og meðan hún er fyrir hendi, en eftir mun vera að byggja milli 200 og 300 íbúðir eftir slíku kerfi.

Í þriðja lagi kvað þm. frv. gera ráð fyrir áframhaldandi hindrunum í vegi þeirra sem vildu kaupa eða endurbæta eldra húsnæði. Mér er illskiljanlegt hvað hann á eiginlega við. Eins og skýrt kom fram í framsögu minni með frv. hefur aldrei verið varið jafnmiklum fjármunum úr Byggingarsjóði ríkisins til að lána þeim sem kaupa eldra húsnæði og á síðasta ári. Skiptir þá engu hvort miðað er við fjölda lánveitinga, raungildi lánsfjárins eða hlutfall þess af heildarlánveitingum. Fjöldi lánveitinga var 85% af umframmeðaltalsfjölda áranna 1974—1979, og er þá 1979 meðtalið, sem hækkar auðvitað meðaltalið. Lánsfjárhæðin hækkar úr 1500 millj. kr. á árinu 1978 í 3800 millj. kr. eða um tæp 150%. Hlutfall þessara lánveitinga var um fjórðungur alls ráðstöfunarfjár sjóðsins, hærra en nokkru sinni áður. Stefna frv. er að halda óskertu raungildi þess fjár, sem varið er til þessara lánveitinga, frá því sem var á síðasta ári og auka það raunar sem svarar vexti þjóðartekna.

Hvað varðar lán til endurbóta á húsnæði gerir frv. ráð fyrir að nú verði í fyrsta skipti komið á stofn sérstökum útlánaflokki sem veiti almennan aðgang að lánum til endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði. Slík lán hefur aðeins verið heimilt að veita öryrkjum og ellilífeyrisþegum. Hér er því um stórfellda rýmkun lánsréttar að ræða, en ekki hindranir eins og hv. þm. talar um.

Í fjórða lagi var að því fundið, að ítök og áhrif verkalýðshreyfingarinnar á meðferð húsnæðismála væru skert til muna. Ég fæ ekki skilið hvaða tilgangi svona þvættingi er ætlað að þjóna eða af hvaða hvötum hann er sprottinn. Hið sanna er, að ítök launþegasamtakanna eru í frv. stóraukin, þótt ekki sé gert ráð fyrir beinni aðild verkalýðsfélaga að stjórn Húsnæðismálastofnunar, enda eiga þau núna enga slíka aðild. Með ákvæðum 36. gr. frv. er fulltrúum Alþýðusambands Íslands og BSRB hins vegar opnuð formleg leið til áhrifa og stefnumótunar í málefnum Byggingarsjóðs verkamanna og til að fjalla um fjármagns- og framkvæmdaáætlun sjóðsins og annað sem máli skiptir. Verkalýðshreyfingin hefur samkv. gildandi lögum enga slíka aðstöðu til beinna áhrifa innan félagslega lánakerfisins.

Þýðingarmestu aðilarnir í framkvæmd hinna félagslegu íbúðabygginga eru að sjálfsögðu framkvæmdastjórnirnar á hverjum stað. Þær kanna þörfina, gera áætlanir og tillögur um framkvæmdamagn og framkvæmdahraða, stjórna framkvæmdum og annast ráðstöfun íbúðanna. Í framkvæmdastjórnunum eiga samkv. gildandi lögum sjö menn sæti og er aðeins einn þeirra skipaður samkv. tilnefningu verkalýðsfélaga á staðnum. Frv. gerir ráð fyrir sex manna stjórn, þar sem samtök launafólks tilnefni helming stjórnarmanna og verkalýðshreyfingin þar af tvo. Ef þetta er að draga úr áhrifum verkalýðsfélaganna veit ég ekki hvor endinn snýr upp og hvor niður á

hv. 11. þm. Reykv.

Fimmta ádeiluefnið varðaði daglegan rekstur Húsnæðismálastofnunar, aukningu stjórnunarbáknsins og væntanlegt pólitískt misferli við embættisveitingar þar. Ég hef einu sinni — og mér til undrunar — hlýtt á hv. þm. gagnrýna stöðuveitingu mánuði áður en umsóknarfrestur rann út og veiting hennar kom til umr. Það fannst mér vel að verki verið. En að gagnrýna væntanlega pólitíska veitingu starfa, sem stofna á til með lögum, meðan frv. til þeirra laga er enn til 1. umr. í fyrri deild, hlýtur að vera hámark allrar árvekni. Mikið má það nú vera flekklaus maður og hreinn sem þannig talar, og furðumikil er trú hans á langlífi núv. starfsstjórnar.

Staðreynd þessa máls er sú, að það þykir eðlileg afleiðing af auknum verkefnum og sjálfstæði stofnunarinnar að stjórnendur hennar beri önnur starfsheiti en þeir gera nú. Í því þarf hins vegar alls ekki að felast nein aukning á mannahaldi og stendur ekki til. Það er t. d. engin aukning á mannahaldi þó að Guðmundur Vigfússon, sem nú er titlaður deildarstjóri, yrði titlaður framkvæmdastjóri,svo dæmi sé tekið. Sú deildaskipting, sem gert er ráð fyrir að koma á innan stofnunarinnar, er í raun miklu fremur formleg staðfesting á skipan, sem þegar gildir, en drög að einhverri nýrri tilhögun. Auðvitað mun breytingin þýða einhverja tilfærslu í launum hjá helstu stjórnendum stofnunarinnar, en ekki fjölgun. Fæ ég ekki betur séð en slíkt væri í fullu samræmi við þau stórauknu verkefni og stjórnunarlega ábyrgð sem leiða mundi af samþykkt frv. Ég vil taka fram í þessu sambandi, að starfsmenn stofnunarinnar, fyrir utan tæknistofnun sem á að standa sjálf undir sér, eru tíu menn í fullu starfi og fjórir í hálfu starfi, og það er yfirstjórnin og stjórn beggja lánaflokkanna.

Í sjötta lagi var að því fundið, að markmiðið með byggingu þriðjungs árlegrar íbúðaþarfar innan félagslega lánakerfisins væri allt of langt fram í tímann. Sú gagnrýni er á misskilningi byggð. Því markmiði eru engin tímamörk sett í frv. Vísa ég í því sambandi til 2. mgr. 34. gr. Að vísu þurfti, þegar reiknuð var fjárþörf íbúðalánakerfisins í heild, að gefa sér einhverjar forsendur um hvernig árlegt framkvæmdamagn gæti skipst á milli almenna og félagslega lánakerfisins. Slíkt er auðvitað engin stefnumörkun, heldur aðeins aðferð til að sýna fram á mismunandi áhrif þess á fjárstreymi sjóðanna, hvernig byggingarmagnið skiptist milli þeirra, svo og áhrif þess á framlög ríkis og sveitarfélaga. Það ætti að vera hverjum manni ljóst, að þótt samþ. væru á þessu ári lög sem miða að því, að þriðjungur árlegrar íbúðaþarfar landsmanna sé byggður á félagslegum grunni, taka nauðsynlegur undirbúningur og framkvæmdirnar sjálfar lengri tíma en svo, að slíkt gæti komið til framkvæmda strax á næsta eða allra næstu árum.

Í sjöunda lagi sneri gagnrýnin að því, að byggingu leiguíbúða væri of þröngur stakkur skorinn og að kaupleigusamningar þyrftu að komast á hér á landi líkt og annars staðar á Norðurlöndum. Um síðara atriðið vil ég segja, að verði hér á landi lögfestar reglur um kaupleigufyrirkomulag eiga þær betur heima í sjálfstæðum lögum, áþekkum lögunum um húsaleigusamninga, en lögum um opinber veðlán til íbúðabygginga. Eftir því sem ég veit best er rangt að vitna til löggjafar um þetta efni á Norðurlöndum. Ég hygg að slíkt fyrirkomulag sé ekki almennt í gildi á neinu Norðurlandanna, þó að það sé í einstaka sveitarfélögum, en er þó í undirbúningi í Finnlandi. Ég kannast hins vegar við að um kaupleigusamninga séu til lagareglur á Írlandi, í Hollandi og Sviss auk Englands, en þar hafa slíkar reglur verið lengi. Á vegum félmrn. starfar nú nefnd, sem falið var að gera álitsgerð um þetta efni, og mun sú vinna vera á lokastigi. — Um fyrra atriðið, að í frv. sé leiguíbúðum sniðinn of þröngur stakkur, vil ég hins vegar segja það eitt að samkv. frv. á bygging slíkra íbúða að fara fyrst og fremst eftir því, hver þörfin fyrir þær er, og samkv. þeim könnunum sem framkvæmdastjórnum verkamannabústaða er ætlað að standa fyrir hverri á sínum stað. Sjálfsagt er mat manna á því, hve mikla áherslu skuli leggja á byggingu leiguhúsnæðis, eitthvað misjafnt og verður svo að vera.

Í áttunda lagi var gagnrýnt að í frv. skorti sveigjanleika í lánum til mismunandi tegunda húsnæðis innan félagslega lánakerfisins, meiri áherslu þyrfti að leggja á einbýlis- og raðhús. Um þetta segir í 39. gr. frv. að framkvæmdastjórnir verkamannabústaða skuli í tillögum sínum til sveitarstjórnar gera tillögur um það m. a., hvaða húsgerðir skuli byggðar. Í 40. gr. segir enn fremur, að húsgerðir skuli velja með tilliti til þess að þær falli vel í umhverfi sitt. Þessar reglur eru því ákaflega rúmar, mun rýmri en í gildandi lögum, og fæ ég ekki séð að þessi gagnrýni eigi við nein rök að styðjast.

Í níunda lagi var það svo gagnrýnt, að frv. seinkaði útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Það er furðulegt að halda slíku fram, því að breytingin frá gildandi lögum er einkum fólgin í því, að sveitarstjórnir eru leystar undan þeirri kvöð að leggja fram jafnháa fjárhæð og með sömu kjörum og ríkissjóður lætur renna til þessara framkvæmda. Var ekki áður verið að tala um að fjárskortur sveitarfélaga stæði framkvæmdum fyrir þrifum? Manni koma í hug orð skáldsins er það sagði:

„Eitt rekur sig á annars horn,
eins og graðpening hendir vorn."

Loks var það svo í tíunda lagi gagnrýnt að ákvæði skorti um hlutfallslegt hámark greiðslubyrðar lánþega með lægri laun. Að þessu er ítarlega vikið í aths. með frv., en auk þess gerði ég grein fyrir því í framsöguræðu minni. Nenni ég ekki að endurtaka það hér. Málið er það, að mikil vinna hefur verið lögð í að kanna ýmsar leiðir til að ná þessu marki. Allar hafa þær hins vegar reynst við ítarlega athugun hafa í för með sér fleiri galla en kosti. Er því í frv. látið við það sitja að sýna fram á með skýrum útreikningum að greiðslubyrðin er langt innan þeirra marka sem rætt hefur verið um í þessu sambandi. Komi fram í meðförum þingsins einhver tillaga um þetta efni, sem ekki er slíkum annmörkum háð, skal ekki standa á mér að samþykkja hana.

Í ræðu hv. 11. þm. Reykv. var að því fundið, að ég hefði sent frv. til umsagnar, eftir að það var lagt fram, og sýnt með því Alþingi lítilsvirðingu. Því fer víðs fjarri að nokkuð slíkt hafi verið ætlan mín. Þykir mér rétt að skýra þetta nokkru nánar ef hér er á ferðinni einhver misskilningur.

Eftir að lokið var gerð endanlegra draga að frv. þessu í nóv. s. l. þótti sjálfsagt að ýmsir aðilar fengju tækifæri til að yfirfara það, einkum þó allir þeir sem höfðu beint eða óbeint tekið þátt í undirbúningi þess. Frv. var með aths. og fskj. orðið afar mikið að vöxtum eða um 200 vélritaðar síður. Var óhentugt að senda það og yfirfara í því formi. Því voru drögin fyrst prentuð sem handrit í mjög takmörkuðu upplagi og send út þannig til athugunar og

yfirlestrar.

Um þetta leyti var í fullum gangi undirbúningur að kjaramálaráðstefnu ASÍ, sem haldin var í byrjun des. Þótti sýnt að húsnæðismál kæmu til rækilegrar umfjöllunar á ráðstefnunni, enda hafa þau komið mjög til umræðu í mörgum undangengnum kjarasamningum við heildarsamtök launafólks. Fulltrúar ASÍ óskuðu eindregið eftir því við mig að fá að skoða frv.-drögin, og þótti mér það eðlileg ósk. Varð úr að þeir fengu handritið að því til umsagnar, enda benti allt til þess, að á því yrðu ekki gerðar neinar efnisbreytingar. Tekið var fram, að álitsgerð sína skyldu þeir senda hv. félmn. þessarar hv. d. Ég afréð síðan að það væri að svo komnu máli eðlilegt að BSRB, húsnæðismálastjórn og Samband ísl. sveitarfélaga fengju handritið einnig til athugunar, enda létu þau einnig umsagnir sínar ganga beint til félmn. og var ég þá fyrst og fremst með í huga að flýta allri vinnu við frv. Ljóst er að með þessu vannst tími, því að reikna verður með að umfjöllun þessara aðila sé fjölþætt og tímafrek. Fæ ég ekki séð að í þessu sé fólgin nein óvirðing af minni hálfu í garð Alþingis, enda bjó mér að sjálfsgöðu ekkert slíkt í huga. Mér var auk þess tjáð að fyrir því væru ýmis fordæmi að hagsmunaaðilar fengju til athugunar drög eða handrit að frv. áður en þau kæmu til umfjöllunar á Alþingi.

Áður en ég vík alveg frá gagnrýni hv. 11. þm. Reykv. á frv. vil ég segja þetta: þótt óvenjumikil vinna hafi verið lögð í undirbúning og gerð þessa frv., þar sem komið hafa við sögu hinir hæfustu menn og úr öllum stjórnmálaflokkum, er það ekki lagt fram af minni hálfu sem einhver guðleg opinberun. Eflaust má þar færa ýmislegt til betri vegar, og mun ég taka feginsamlega öllum ábendingum eða tillögum hv. þm. sem horfa í þá átt. Ég hefði hins vegar kosið að umr. um það gætu orðið jákvæðari og málefnalegri en mér þykir gilda um gagnrýni hv. 11. þm. Reykv. Þar þótti mér fara meira fyrir rembingi og hroka en ég tel hæfa svo mikilvægu málefni.

Ég ætla þessu næst að víkja nokkrum orðum að atriðum í ræðu hv. 4. þm. Vestf. um frv. Í máli hans kom fram gagnrýni á að ekki væru í frv. ítarlegri ákvæði um fjáröflun til íbúðarlánasjóðanna. Ég held að í þessu frv. séu alveg jafnítarleg ákvæði um fjáröflun og venja er að hafa í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Hér verður auðvitað að hafa í huga að fjáröflunarkerfið er gerbreytt frá því sem var er Alþ. heimilaði útboð eins veðlánaflokks í senn á vegum veðdeildar Landsbanka Íslands.

Í 8. gr. er talið upp í fimm liðum hvernig ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs ríkisins skuli aflað. Að því er framlög varðar eru þar taldir þeir mörkuðu tekjustofnar sem renna árlega til sjóðsins. Um þá eru ákvæði í öðrum lögum sem óþarft er að taka einnig upp í þetta frv. Hvað framlög ríkissjóðs varðar er það rétt að ekki er tilgreint í frv. hvað af tekjum ríkisins skuli notað til greiðslu þeirra. Um tekjuöflun ríkissjóðs gilda einnig önnur lög sem óþarft er að endurprenta í þessu frv. Þess í stað er lögð áhersla á að sýna fram á hvaða áhrif útlánamarkmið frv. og einstakar ákvarðanir um lánskjör hafi á þörfina fyrir fjárstreymi til sjóðsins. Það er skoðun mín, að verði þetta frv. samþykkt sé fjárveitingavaldið bundið af þeim ákvörðunum sem í því felast um fjárstreymi til íbúðalánasjóðanna. Um það má svo sjálfsagt deila hvort eðlilegra sé að þess fjár verði aflað með mörkuðum tekjustofnum eða það tekið af almennum skatttekjum ríkissjóðs. Mér þótti réttara að hafa þetta opið, enda hefur mér virst fyrir því tiltölulega almennur vilji á Alþ. að draga fremur en hitt úr notkun hinna svokölluðu mörkuðu tekjustofna.

Hvað varðar lántökur sjóðanna þarf að mínum dómi ekki heldur sérstök ákvæði um þær í þetta frv. umfram það sem leiðir af ákvæðum VI. kafla um skyldusparnað.

Skýr lagafyrirmæli eru til um skuldabréfakaup Atvinnuleysistryggingasjóðs af Byggingarsjóði ríkisins, og í gildi eru einnig lög sem kveða á um þá skyldu lífeyrissjóðanna í landinu að kaupa fyrir 40% af ráðstöfunarfé sínu skuldabréf af fjárfestingarlánasjóðum. Ég skýrði frá því í framsöguræðu minni, að athugunin benti til að lánsfjárþörf íbúðarlánasjóðanna mætti fullnægja með því einu að þeir lífeyrissjóðir, sem starfa á samningssviði Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og vinnuveitenda, fullnægðu lögbundinni kaupskyldu sinni með því að kaupa skuldabréf byggingarsjóðanna. Hér skortir því ekki lagaákvæði, heldur einungis ákvarðanir innan núgildandi lagaheimilda sem eðlilegt virðist að teknar séu í fárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj., svo sem vísað er til í 8. gr. frv. Raunar benti ræðumaður einnig á að innan lífeyrissjóðakerfisins væri mjög mikið laust fjármagn sem beina mætti í ákveðinn farveg. Sú er einmitt meginstefna frv.

Hv. 4. þm. Vestf. fann raunar að því hvoru tveggja í senn, að ávöxtun sjóðanna væri óþarflega góð, en einnig að sá hámarkstími sem settur er í reglugerðardrögin til að ná 80% lánahlutfallinu væri allt of langur. Ekki þykir mér þessi ádeiluefni fara reglulega vel saman. Augljóst er og ítarlega skýrt í aths. með frv., að verði ávöxtun sjóðanna skert að einhverju marki frá því sem frv. gerir ráð fyrir stóraukast jafnframt erfiðleikarnir á að ná því lánshlutfalli sem stefnt er að.

Loks vil ég víkja að þeirri gagnrýni þm., að með frv. sé verið að stórauka vaxtabyrði á lánum til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga. Það er að vísu rétt, að samkv. þeim útlánakjörum, sem tekin voru upp í ágúst s. l., eru vextirnir aðeins 2%. En eins og ég hef áður sagt tel ég ekki raunhæft að gera samanburð við þau kjör. Þau voru aðeins ákveðin til bráðabirgða meðan lokið var endurskoðun laganna. Auk þess eru vextir þeirra lána breytilegir og ekki ósennilegt að þeim verði breytt. Raunhæfara er að bera lánskjör frv. saman við þau kjör sem giltu fram til loka júlí í fyrra. Þau jafngiltu þá frá 5.6% raunvöxtum á ári miðað við 40% verðbólgu eða meira og allt að 7.1% raunvöxtum miðað við 10% verðbólgu. Samkv. frv. er því um að ræða verulega tilslökun á lánskjörum að þessu leyti. Auk þess er svo greiðslubyrðin mun jafnari samkv. lánskjörum frv., sem einnig skiptir miklu máli.

Um lánstímann vil ég segja að nú er hann að vísu 33 ár. Ástæðan er sú, að heimilt er að selja leiguíbúðir þessar láglaunafólki og mun það gert í flestum tilfellum. Lánstíminn er því valinn með tilliti til þess að hann hæfi væntanlegum kaupendum íbúðanna úr hópi lágtekjufólks, sem yfirtaka lánin, en ekki vegna þess að nokkur maður telji í alvöru nauðsynlegt eða skynsamlegt að veita sveitarfélögum lán til svo langs tíma. Samkv. frv. verður ekki leyfð endursala leiguíbúða fyrr en 30 ár eru liðin frá byggingu þeirra og því óþarft að taka tillit til greiðslugetu hugsanlegra kaupenda þeirra við ákvörðun lánskjaranna. Um það má sjálfsagt deila hvort 15 ár séu

hæfilegur lánstími þegar sveitarfélög eiga í hlut. Ætli sé ekki rétt að bíða með þær umr. þar til umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um frv. liggur fyrir?

Herra forseti. Með þessu frv. er reynt, eins og ég hef áður sagt, að finna samnefnara þess sem er æskilegt og þess sem er framkvæmanlegt. Það er fjarri mér að halda að ekki megi bæta margt í frv. í meðferð Alþ., og vona ég að svo verði gert. En ég leyfi mér einnig að ítreka þá von mína, að félmn. þessarar hv. d. hraði störfum við frv. eftir því sem föng eru á.

Umr. frestað.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 33). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það til l. um lyfjadreifingu, sem hér er til 1. umr., var lagt fram sem stjfrv. á 100. löggjafarþingi s. l. vetur, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Var tæplega til þess ætlast, því að það kom nokkuð seint fram. Kemur það því óðru sinni og óbreytt til meðferðar þingsins nú á vegum núv. ríkisstj. Ég vænti þess, að það fái skjóta og greiða afgreiðslu að þessu sinni.

Kveikjan að samningu þessa frv. var ákvæði í samstarfsyfirlýsingu fyrrv. ríkisstj., þar sem sagði að stefnt skyldi að því að tengja lyfjaverslunina í landinu betur við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn.

Að baki þessari stefnumörkun lágu þau almennu sjónarmið, að verslun með lyf og meðferð lyfja eru óumdeilanlega veigamikill þáttur í allri heilsugæslu. Lyf eru auk þess vandmeðfarin og hættulegur varningur og ber yfirvöldum skylda til að vaka yfir meðferð þeirra. Því markmiði að koma á nánari tengslum milli heilbrigðisþjónustu og lyfjaverslunar er í frv. náð með þeim hætti, að landinu er skipt í sérstök lyfsöluhéruð sem svara til og tengjast læknishéruðunum eins og þeim er skipað með lögum nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu. Er raunar að því stefnt, að í hvert sinn sem byggð er ný heilsugæslustöð skuli það athugað sérstaklega, hvort þar sé einnig unnt að staðsetja lyfjabúð, hvort heldur hún er þegar til á staðnum eða fyrirhuguð. Með þessum hætti ætti að vera allvel séð fyrir þeirri samtengingu þessara tveggja þátta heilbrigðisþjónustunnar sem að er stefnt.

Hvað hitt atriðið í samstarfsyfirlýsingunni varðar, að lyfjaverslunin skuli sett undir félagslega stjórn, þá er það nú ekki skilið þannig, heldur á þann veg að opinbert eftirlit og aðhald með lyfjadreifingunni skuli vera öflugt og virkt. Hér kemur auðvitað m. a. það til, að ríkissjóður er langstærsti lyfjagreiðandi landsins og að lyf kosta samfélagið verulegar fjárhæðir, bæði í gegnum tryggingakerfið og lyfjanotkun á sjúkrahúsum. Í fjárl. s. l. árs eru greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna lyfjakaupa áætlaðar 2 milljarðar 370 millj. kr. Sú fjárhæð mun þó stórlega vanáætluð. Er því nauðsynlegt að allir þættir lyfjadreifingarinnar séu undir öflugu eftirliti heilbrigðisyfirvalda jafnt af fjárhags- og öryggissjónarmiðum. Í raun hefur slíku eftirliti þegar verið komið á í veigamiklum atriðum, þótt rekstur lyfjabúða og lyfjaheildsala sé að mestu í einkaeign. Engin erlend sérlyf má selja hér á landi nema sérstök opinber nefnd, lyfjanefnd, fallist á skráningu þeirra og ráðh. staðfesti þá ákvörðun. Innkaupsverð lyfjanna er staðfest við skráningu þeirra og má engar breytingar gera á því, nema heilbr.- og trmrn. samþykki það að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins. Lyfjaverðlagsnefnd hefur eftirlit með framleiðsluverði innlendra lyfja og gerir til ráðh. till. um vinnugjaldskrár. Hún ákveður því grundvöll heildsölu- og smásöluálagningar svo og grundvöll vinnu- og afhendingargjalda lyfja. Loks annast Lyfjaeftirlit ríkisins, sem er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbr.- og trmrn., eftirlit með verðlagi lyfja, bæði í heildsölu og smásölu. Má því ljóst vera að opinbert eftirlit með verðlagi á lyfjum er fjölþætt og virkt. Lyfjaeftirlitið hefur auk þess með höndum faglært eftirlit með lyfjabúðum, lyfjaheildsölum og öðrum stofnunum sem geyma lyf eða dreifa þeim. Rekstur lyfjabúða og innflutningsfyrirtækja er svo að sjálfsögðu háður opinberum starfsleyfum.

Í þessu efni hefur því ekki þótt ástæða til enn frekara aðhalds og eftirlits. Hitt skiptir máli, að Lyfjaverslun ríkisins er með frv. tryggður réttur til innkaupa á öllum erlendum sérlyfjum beint frá framleiðendum á skráðu innkaupsverði. Í einhverjum tilvikum hefur gætt þeirrar tilhneigingar af hálfu einkaumboðsaðila að takmarka eða torvelda þennan milliliðalausa innflutning Lyfjaverslunar ríkisins. Rík ástæða er til þess að taka af allan vafa í því efni og tryggja óheftan rétt Lyfjaverslunar til innflutnings á bestu kjörum.

Eins og kunnugt er er Lyfjaverslun ríkisins hvort tveggja í senn lyfjagerð og lyfjaheildsala, og gegnir hún mjög mikilvægu hlutverki einkum að því er varðar þjónustu við sjúkrahús landsins. Í framsögu minni með frv. þessu í fyrravetur lét ég þess getið, að í frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins, sem flutt var hér á Alþ. vorið 1973, hafi verið stefnt að ríkisrekstri alls lyfjainnflutnings og heildsölu lyfja í landinu. Mér þótti líklegt að einhverjir hv. þm. kynnu að sakna slíkrar stefnumörkunar í þessu frv. Nú skal ég ekkert fullyrða um það, hvort hér á Alþ. sé nú til staðar sá pólitíski vilji til svo róttækra breytinga sem skorti árið 1973. Heldur þykir mér það þó ósennilegt. Hitt skiptir meiru, að ýmsar þær forsendur, sem byggt var á í því frv., eru ekki til lengur, a. m. k. ekki í sama mæli og þá. Ýmsir ágallar frá þeim tíma, er vörðuðu t. d. birgðahald, verðlagningu, ábyrgð innflytjenda og eftirlit með dreifingunni, hafa þegar verið færðir til betri vegar. Standa því að mínu mati full rök til þess að fara nú hægar í sakirnar en þá var fyrirhugað.

Í framsöguræðu minni með frv. þessu í fyrravetur rakti ég stuttlega þróun lyfjaverslunar hér á landi frá því er skipuleg lyfjasala hófst hér með stofnun landlæknisembættis árið 1760. Auk þess fjallaði ég þá ítarlega um efni einstakra greina og kafla frv. Læt ég tímans vegna við það sitja að vísa til þeirrar umfjöllunar, en hún er aðgengileg öllum hv. þm. í Alþt. Þó þykir mér rétt að drepa lauslega á helstu breytingar frá gildandi lögum sem felast í frv. þessu.

Fyrst er þá að geta þeirrar skiptingar landsins í lyfsöluhéruð og aðlögun þeirra að læknishéruðunum sem ég gerði grein fyrir áðan. Þar er um að ræða algert nýmæli í lyfjadreifingarmálum hér á landi.

Í öðru lagi vil ég nefna þau ákvæði í IX. kafla sem fjalla um tilhögun lyfjadreifingar á sjúkrahúsum. Einnig þau eru nýmæli hér á landi og til ótvíræðra bóta ef að lögum verða.

Í þriðja lagi nefni ég þær breytingar, að lyfjasala færist að mestu leyti úr höndum lækna til lyfjabúða eða undir-

stofnana þeirra, og breytingar, sem lúta að umboðsmennsku fyrir erlenda lyfjaframleiðendur, en þessi fyrirmæli eru í VI. og VII. kafla frv. Þetta eru mikilvæg nýmæli sem grundvallast á því sjónarmiði, að forðast beri svo sem frekast er kostur að saman fari ráðgjöf eða fyrirmæli um val og notkun lyfja annars vegar og hagsmunir af sölu þeirra hins vegar. Einstaklingurinn verður að geta treyst því fullkomlega, er hann felur trúnað sinn lyfjafræðingi eða lækni, að sú ráðgjöf, sem hann fær, sé óumdeilanlega óháð öllum hagsmunum eða fjárhagstengslum.

Í fjórða lagi vil ég geta nýmæla í X. kafla sem lúta að dreifingu dýralyfja. Þar er lagt til að felldar verði niður heimildir almennra verslana til sölu á slíkum lyfjum, en hún verði þess í stað alfarið í höndum lyfjaverslana og dýralækna. Eru lyfjabúðir skyldaðar til að hafa jöfnum höndum öll algengustu dýralyfin á boðstólum. Ég held að þessi breyting sé mjög til bóta, enda vandfundin rök fyrir því, að dýralyf séu frekar en mannalyf undanþegin faglegu eftirliti.

Þá nefni ég í fimmta lagi ákvæði um undirstofnanir lyfjabúða, þ. e. lyfjaútibú og lyfjaforða, sem fjallað er um í VI. kafla frv. Er með þeim ákvæðum stefnt að því að þétta sem allra best og eftir því sem rekstrarlegar forsendur frekast leyfa það þjónustunet sem lyfjaverslunin myndar, tryggja sem jafnastan og greiðastan aðgang allra landsmanna að þessum mikilvæga þætti heilsugæslunnar. Heimild Háskóla Íslands til starfrækslu lyfjaverslunar í tengslum við sín rannsóknar- og kennslustörf er nýmæli.

Í sjötta lagi vil ég tilnefna þá heimild sem lyfsölusjóði er fengin til að kaupa lyfjaverslanir af starfandi lyfsölum og reka þær. Með henni er lyfsölum opnuð leið til þess að losna undan þeirri fjárhagslegu ábyrgð og áhættu, sem fylgir rekstri lyfjabúða, án þess að glata um leið tilkalli til faglegrar forstöðu eða þeirra faglærðu starfa yfirleitt sem sérmenntun þeirra stendur til.

Fleiri nýmæli mætti nefna í þessu frv., en ég læt þó staðar numið hér og vísa, eins og áður segir, um þau atriði til framsöguræðu minnar í fyrravetur.

Ég vil að lokum ítreka þá ósk mína, að hv. alþm. verði mér sammála um að hér verði í raun lögð til sú skipan á tengslum lyfjadreifingarinnar og heilbrigðisþjónustunnar í landinu og sú faglega stjórnun hennar sem best samrýmist aðstæðum í þjóðfélagi okkar í dag.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn., og vona að það komi þaðan fljótlega aftur til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Brunatryggingar utan Reykjavíkur, frv. (þskj. 34). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. þetta er flutt að beiðni Stéttarsambands bænda, en á aðalfundi sambandsins 1.—3. sept. s. l. var samþ. að óska breytinga á gildandi lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur í þá átt að lögfest yrði skyldutrygging allra útihúsa í sveitum, sem nú eru undanþegin tryggingaskyldu. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er komið að fullu til móts við þessar óskir Stéttarsambands bænda.

Það er ekki vonum fyrr, að slíkar óskir berast frá bændum. Nú er ekki skylt að tryggja gegn eldsvoða gripahús, hlöður né geymsluhús á sveitabæjum nema hús þessi séu áföst íbúðarhúsum og í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim. Eflaust eru flestir bændur svo forsjálir að kaupa tryggingu þessara eigna þótt ekki sé það skylda. Hins vegar eru útihús mjög víða orðin það mikil og dýr mannvirki að ástæðulaust er með öllu að tefla í nokkra tvísýnu um tryggingu svo mikilla eigna.

Á það ber einnig að líta, að samkv. lögum um Viðlagatryggingu Íslands eru þær eignir einar tryggðar gegn hamfaratjóni sem eru brunatryggðar fyrir. Auk hinnar auknu tryggingaverndar gegn brunatjóni yrði því sú breyting við samþykkt þessa frv. að útihús öll yrðu framvegis tryggð viðlagatryggingu gegn hamfaratjónum.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 17. fundur.

Miðvikudaginn 16. jan., kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frv. (þskj. 92). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., fjallar um vátryggingarfjárhæðir ökutækja. Þær fjárhæðir voru síðast ákveðnar á árinu 1978 og nema nú 24 millj. kr. fyrir bifreiðar og 12 millj. kr. fyrir önnur vátryggingarskyld ökutæki, auk 1200 þús. kr. fyrir hvern farþega sem ökutæki má flytja umfram tíu.

Vátryggingum ökutækja er ætlað að tryggja, að því leyti sem vátryggingarfjárhæð hrekkur til, greiðslu á bótakröfum sem falla kunna á þann sem ábyrgð ber á tjóni samkv. umferðarlögum eða almennum skaðabótareglum. Nauðsynlegt er að fjárhæðir þessar fylgi verðlagsþróun í landinu. Er nú svo komið að þær fjárhæðir, sem lögboðnar eru, veita eigi lengur þá vernd sem ætlast verður til þegar um meiri háttar tjón er að ræða. Á vernd þessi bæði við að því er varðar þann sem fyrir tjóni verður, þ. e. að hann fái bætur greiddar, og einnig að því er varðar þann sem ábyrgðina ber. Til að auka þetta fjárhagslega öryggi er nauðsynlegt að hækka vátryggingarfjárhæðirnar. Er með frv. þessu lagt til að vátryggingarfjárhæðin verði hækkuð verulega og verði almennt 180 millj. kr., þó svo að hún verði 360 millj. kr. að því er varðar ökutæki sem flytja mega fleiri farþega en tíu.

Hér er vissulega um mikla hækkun að ræða. Það ber hins vegar að hafa í huga, að þegar tjón er gert upp er að jafnaði miðað við verðlag á tjónsuppgjörsdegi, en vátryggingarfjárhæðin helst óbreytt. Í því breytilega verðlagi, sem við nú búum við, er nauðsynlegt að þessi sjónarmið séu höfð í huga. Til álita gæti verið að taka upp ótakmarkaða vátryggingu, svo sem sums staðar tíðkast erlendis, en eigi hefur þótt rétt að mæla með því að sinni

a. m. k. Rétt er þó að geta þess, að Tryggingaeftirlitið lagði á síðasta ári til að vátryggingarfjárhæðin yrði hærri en hér er lagt til, eða 240 millj. kr. almennt, en tryggingafélögin töldu þá ekki rétt að fara hærra en í 120 millj. kr.

Auk þess sem frv. felur í sér breytingar á vátryggingarfjárhæðum er í því lagt til að eigin áhætta, sú sem boðin er í umferðarlögum, hækki úr 24 þús. kr. vegna tjóns af völdum bifreiðar og 12 þús. kr. vegna annarra ökutækja. Er í frv. lagt til að fjárhæðir verði 36 þús. kr.

Hækkun vátryggingarfjárhæðar leiðir að öðru jöfnu til hærri vátryggingariðgjalda. Þegar um svo almenna vátryggingu er að ræða sem bifreiðatryggingarnar eru er hækkunarþörfin talin mjög lítil. Hefur verið áætlað að t. d. áhættan á bilinu milli 120 og 240 millj. kr. fyrir Tryggingastofnunina í heild sé innan við 1%. Hins vegar er augljós hækkunarþörf vegna almennra verðlagsbreytinga, en á móti henni kemur hækkun eigin áhættu.

Nánari upplýsingar um iðgjaldaþörf liggja ekki fyrir eins og er, en þau mál munu án efa skýrast fljótlega. Nýtt vátryggingatímabil hefst 1. mars næstkomandi og fyrir þann tíma þurfa vátryggingafélögin að leggja fram iðgjaldaskrá. Gerir frv. og ráð fyrir gildistöku þann dag.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að leggja til að þessu máli verði vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 16. jan., að loknum 17. fundi.

Greiðsla opinberra gjalda, frv. (þskj. 96). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt flutti ég skömmu fyrir jólin frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 frá 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt. Frv. þetta er á þskj. 46. Hér er um að ræða tillögur um breytingar á lögum nr. 40 frá 1978, sem komu til framkvæmda í fyrsta sinn um s. l. áramót og munu verða notuð við álagningu skatta á árinu 1980. Frv. á þskj. 46 hafði verið í vinnslu í fjmrn. um nokkra hríð og þeirri vinnu var að mestu eða að öllu leyti lokið þegar núv. ríkisstj. tók við völdum.

Tilgangurinn með frv. var þríþættur. Í fyrsta lagi var um að ræða leiðréttingar á ýmsum atriðum í gildandi lögum, sem við nánari athugun kom í ljós að betur hefðu mátt fara. Í öðru lagi var um að ræða nokkrar efnisbreytingar á lögum nr. 40 frá 1978 til að skerpa ýmis atriði þeirrar lagasetningar. Og í þriðja lagi er í frv. á þskj. 46 lagt til að bætt verði úr þeim ágalla laga nr. 40/1978, að þar vantar öll ákvæði um innheimtu og um fyrirframgreiðslu skatta.

Ástæðan var einfaldlega sú, að þegar lög nr. 40/1978 voru á sínum tíma til meðferðar á Alþ. var gert ráð fyrir að jafnhliða því sem þau tækju gildi gengi í gildi staðgreiðsla skatta, og hafði sérstakt frv. verið flutt um staðgreiðsluna. Það frv. náði hins vegar ekki samþykki jafnhliða lögum nr. 40/1978. Því háttaði svo til, að þegar þau lög gengu í gildi um áramótin vantaði í þau öll ákvæði um innheimtu skatta, ekki aðeins um heimild til fjmrh. til að gefa fyrirmæli um fyrirframinnheimtu skatta, heldur öll innheimtuákvæði, hvaða nafni sem þau nefndust.

Eins og ég tók fram áðan var frv. til að bæta úr þessu, en með nokkrum öðrum atriðum einnig, tilbúið í fjmrn. þegar núv. ríkisstj. kom til valda. Um það frv. hafði að vísu ekki verið fjallað í neinum stjórnmálaflokki, hvorki í stjórnmálaflokki þáv. hæstv. fjmrh., í öðrum stjórnarflokkum né heldur af stjórnarandstöðunni, þannig að það var aðeins vinnslufrv. þeirra sem með málin höfðu farið. Hins vegar var hér um að ræða knýjandi úrlausnarefni, þar sem hin nýju lög áttu að ganga í gildi um áramótin og hafa nú gert það. Því tók ég þá ákvörðun að kynna þingflokkunum handritið að því frv., sem samið hafði verið í fjmrn., og óska eftir að fá að vita hvort þingflokkarnir gætu fallist á að afgreiða frv. í heild eða að hluta til og leggja síðan aðeins fram á Alþ. það sem ég teldi óhjákvæmilegt að afgreiða og líklegt að samþykki mundi hljóta. Þetta gerði ég með því að flytja frv. á þskj. 46, sem lagt var fram og rætt nokkru fyrir jól.

Ég óskaði þá eftir að athugun og vinnslu málsins yrði hraðað, m. a. með því að þær nefndir beggja d., sem um málið mundu fjalla, hv. fjh.- og viðskn., ynnu að málinu saman. Við þeim tilmælum mínum hafa n. orðið, og ég vil taka sérstaklega fram, að nm. allir og þá ekki síst formenn n. hafa unnið vel og gott starf við að athuga frv. Vil ég þakka þeim og öðrum nm. í fjh.- og viðskn. fyrir þá vinnu sem þeir hafa lagt fram í þessu sambandi. Hins vegar er alveg ljóst að ýmis efisatriði í frv. á þskj. 46 eru nokkuð viðkvæm og vandmeðfarin og því eðlilegt að flokkarnir, sem komu fyrst að þessu máli skömmu fyrir jólin, þurfi nokkurt ráðrúm til að geta áttað sig á efni frv. sem um er deilt. Það var því og er hæpið að unnt hefði verið að afgreiða frv. með þeim hraða sem reynt var að stefna að.

Ljóst er þó að mönnum er skammtaður tími vegna þeirrar staðreyndar að þau lög, sem um er að ræða, lög nr. 40/1978, eru komin til framkvæmda og til þess að hægt sé að framkvæma þau þarf að gera tilteknar breytingar og viðbætur sem verða að liggja fyrir á ákveðnum tíma.

Hluti af þeirri ákvörðun, sem taka þarf í sambandi við það frv. sem lagt var fram fyrir jól, er að veita heimild til fyrirframinnheimtu opinberra gjalda með sama hætti og hún hefur verið á umliðnum árum og lögleiða með hvaða hætti skuli staðið að þeirri innheimtu og hvaða ábyrgð þeir beri sem innheimta af launum fólks í ríkissjóð. Það er almennur skilningur á því í þjóðfélaginu og á Alþ., að nauðsynlegt sé að geta viðhaft sömu vinnubrögð varðandi fyrirframinnheimtu og verið hafa á umliðnum árum til þess að allar skattgreiðslur einstaklinga og fyrirtækja falli ekki á síðari helming ársins.

Þar sem ekki eru nú í lögum nein ákvæði um innheimtu tekju- og eignarskatts er ljóst, eins og áður segir, að til vandræða horfir ekki aðeins í fjármálum ríkissjóðs, heldur einnig gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum, ef ekki verður lögfest í tæka tíð heimild til fyrirframinn-

heimtu sem, eins og ég tók fram áðan, er aðeins einn þáttur af mörgum í frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40/1978 á þskj. 46. Eigi fyrirframinnheimta að fara fram er nauðsynlegt að slík heimild liggi fyrir eigi síðar en í lok þessarar viku, þ. e. a. s. fyrir 19. janúar, þannig að ráðrúm gefist til að halda eftir fyrirframgreiðslu af febrúarlaunum gjaldenda. Takist þetta ekki verður ekki hægt að innheimta fyrirframgreidda tekju- og eignarskatta af febrúarlaunum, sem yrði að sjálfsögðu til þess að valda gjaldendum stórkostlegum erfiðleikum þar eð þeir yrðu þá að dreifa þeirri gjaldabyrði á síðari innheimtutímabil.

Skattafdráttur af launum er unninn með þrennum hætti. Varðandi starfsmenn ríkis, borgar og fáeinna stórfyrirtækja er öll slík vinnsla vélræn og fer þannig fram, að saman eru leidd í tölvu segulbönd er hafa að geyma upplýsingar um álagningu fyrra árs ásamt breytingum á henni og segulbönd með mánaðarlaunum starfsfólks. Yfirleitt hefst útkeyrsla á launum ríkisstarfsmanna strax upp úr 20. hvers mánaðar og fyrir þann tíma þurfa Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar 2—3 daga til forritunarvinnu og undirbúnings. Vegna þessarar vinnslu þarf því að gefa starfsmönnum Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar upp væntanlegt innheimtuhlutfall til að vinna eftir 16. eða 17. jan., og formleg heimild til fyrirframgreiðslunnar þarf að liggja fyrir, eins og áður var sagt, áður en endanleg launavinnsla hefst upp úr 20. janúar.

Ég vil enn fremur taka fram að sveitarfélög víðs vegar á landinu hafa á síðustu dögum mjög spurt eftir því í fjmrn., hvert fyrirframgreiðsluhlutfall skatta muni verða, töldu og sér nauðsynlegt að fá svör um það fyrir miðjan dag í gær, ef ekki ætti að taka þá áhættu að sveitarfélögin gætu ekki gert kröfur í febrúarlaun sem gjaldfalla samkv. venjum í þessu sambandi og eiga að greiðast af febrúarlaunum 1. febr. n. k.

Í Reykjavík fer kröfugerð í laun annarra launþega en þeirra, sem vinna hjá framangreindum aðilum, þannig fram, að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar skrifa út lista yfir kröfur í laun þeirra er hjá hverjum vinnuveitanda starfa og Gjaldheimtan í Reykjavík sendir lista þessa ásamt kröfu um, að haldið sé eftir af launum starfsmanna, til hvers launagreiðanda. Listar þessir hafa verið skrifaðir út um 20. jan. undanfarin ár og þurfa Skýrsluvélar einnig 2—3 daga til undirbúnings þeirri útskrift.

Í öðrum umdæmum landsins handvinna innheimtumenn lista yfir starfsmenn hjá einstökum launagreiðendum og kröfur í laun hvers og eins. Þetta er gert á grundvelli lista frá ríkisbókhaldi um fyrirframgreiðsluskyldu hvers og eins gjaldanda, en sá listi er unninn hjá Skýrsluvélum. Vegna erfiðleika, sem upp kunna að koma í samgöngum á þessum árstíma, þyrfti listi ríkisbókhalds að vera tilbúinn 14. jan. eða í allra síðasta lagi 15. jan. Innheimtumenn viðhafa nokkuð misjöfn vinnubrögð við gerð krafna upp úr lista þessum, en flestir munu þó hefja útsendingar kröfubréfa til launagreiðenda milli 18. og 22. janúar.

Þá má einnig benda á, eins og ég rakti áðan, að sveitarfélög eru nú í mjög bagalegri óvissu um hversu hátt hlutfall af útsvari fyrra árs þeim er heimilt að innheimta, en samkvæmt núgildandi ákvæðum er það hlutfall annaðhvort 60% eða þá hlutfall sem gildir um fyrirframinnheimtu ríkissjóðs. Ég vil aðeins taka það fram til skýringar, að að óbreyttum lögum og ef farið væri eftir þeim reglum, sem gilt hafa í þeim lögum sem féllu úr gildi um áramótin, er ekki heimilt að veita sveitarfélögum heimild til hærra fyrirframgreiðsluhlutfalls en ríkissjóður tekur.

Af framansögðu má ljóst vera að heimildin sjálf til fyrirframinnheimtunnar þarf í síðasta lagi að liggja fyrir 19. jan., og dugir sá frestur þó því aðeins að framkvæmdaaðilar hafi þegar hafið undirbúning á grundvelli þess að innheimta skuli tiltekið hlutfall af gjöldum fyrra árs og að þær vinnuforsendur breytist ekki af því er hlutfallið varðar. Ef þær vinnuforsendur breyttust yrði þar með öll vinna, sem sveitarfélög og aðrir aðilar hafa unnið að kröfugerð í þessu sambandi, til ónýtis og hætt væri við að ekki væri hægt að ganga til fyrirframinnheimtu 1. febr., eins og ég rakti áðan.

Þessa niðurstöðu fjmrn. hef ég tjáð formönnum fjh.- og viðskn. beggja d., sem starfa nú að athugun á frv. um breyt. á lögum nr. 40/1978, eins og ég áðan sagði, og spurðist fyrir um hvort líklegt væri að hinu mikla starfi, sem nm. hafa unnið af miklum dugnaði, ég vil taka það enn og aftur fram, hefði miðað svo vel áfram að gera mætti ráð fyrir að hægt væri að afgreiða frv. á þskj. 46 á næstu tveimur dögum eða fyrir vikulok. Formenn n. hafa tjáð mér og eins aðrir nm., að ekki séu líkur á því að svo skjót afgreiðsla geti orðið á frv. í heild, þó að stefnt sé að því að ekki líði margir dagar af næstu viku án þess að niðurstaða fáist í málinu. Var þá ekki um annað að ræða, af ástæðum sem ég hef að framan lýst, en að búa sig undir að lögfesta heimild til fyrirframinnheimtu með bráðabirgðahætti, þ. e. a. s. í sérstakri lagasetningu, og kom þá tvennt til: Annað hvort að taka kaflann um innheimtu í frv. á þskj. 46 og fá hann lögfestan eða að lögfesta til bráðabirgða heimildir um fyrirframgreiðslu opinberra gjalda á fyrri hluta ársins 1980. Að höfðu samráði við nm. í fjh.- og viðskn. tók ég það ráð, og það ráð var tekið með þeirri vitund og vilja, að flytja frv. sem er á þskj. 96 um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta ársins 1980, en það er frv. það sem hér er nú til umræðu.

Meginefni þessa frv. er tvíþætt: Annars vegar, eins og kemur fram í 2. og 3. gr., að lögfesta ákvæði um hvernig innheimta skuli opinber gjöld fyrri hluta ársins 1980. Segir í 2. gr. frv., að kaupgreiðendum sé skylt að tilkynna viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs um þá launþega, er þeir greiða kaup, og skylt að halda eftir af kaupi þeirra til lúkningar fyrirframgreiðslu, og kaupgreiðandi, sem vanræki að halda eftir af kaupi launþega í þessu sambandi, beri sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Í 3. gr. er fjallað um dráttarvexti og lögtök á fyrirframgreiðslum og eru ákvæði bæði 2. og 3. gr. óbreytt frá þeim lögum sem voru framkvæmd hér á landi í þessu sambandi til s. l. áramóta.

Þá eru einnig ákvæðin í 5. gr. óbreytt frá því sem verið hefur, en þar er fjallað um að ráðh. geti með reglugerð kveðið nánar á um innheimtu samkv. lögunum, þ. á m. um lækkun fyrirframgreiðsluskyldu hafi tekjur gjaldanda lækkað að mun milli ára eða ef ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög.

2., 3. og 5. gr. eru sem sé óbreyttar frá þeirri framkvæmd sem var á s. l. ári og nokkrum árum þar á undan. Hitt meginefni frv. kemur fram í 1. gr. frv. og í 4. gr. þess.

Í 1. gr. er lagt til að fyrirframgreiðsluprósentan, upp í væntanleg þinggjöld hvers gjaldanda skuli vera 65% af þinggjöldum þeim sem honum bar að greiða á árinu 1979. Segir að fyrirframgreiðslan skuli falla í gjalddaga

með fimm jöfnum fjárhæðum hinn 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní árið 1980. Á s. l. ári nam fyrirframgreiðsluhlutfallið 75% af þinggjöldum ársins á undan, en í frv. er lagt til að á árinu 1980 nemi fyrirframgreiðsluhlutfallið 65% af þinggjöldum fyrra árs. Þarna er haft mið m. a. af þeirri tilhögun sem fjárlagafrv. það, sem liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir. Að þeim forsendum skoðuðum tel ég, að höfðu samráði við Þjóðhagsstofnun og fleiri aðila, að óhætt sé að gera tillögu um að fyrirframgreiðsluhlutfallið til ríkisins skuli nema 65% af þinggjöldum fyrra árs, með því móti muni innheimtast því sem næst það sem innheimta þarf á fyrri helmingi ársins, án þess að skattþegnum sé óðelilega íþyngt né heldur óeðlileg áhætta tekin fyrir ríkissjóð. Verði hins vegar breytt frá þeim áformum, sem eru í núv. frv. til fjárl. um tekjuskattsheimtu, til verulegrar hækkunar mundi fyrirframgreiðslutalan hins vegar geta orðið til þess að skattbyrði á einstaklingum og fyrirtækjum þyngdist allnokkuð á síðara helmingi ársins.

Til þess að greiða fyrir því, að frv. fengi greiðan gang og hraðan í gegnum þingið, hafði ég samráð um það við fulltrúa þingflokkanna í gær og í fyrradag hvert fyrirframgreiðsluhlutfallið skyldi vera. Koma þá einkum til greina tvær tölur: 70% og 65%. Ég óskaði eftir að fá að vita hvort þingflokkarnir gætu tjáð afstöðu sína fyrir fram til þeirra hugmynda, þannig að lægi ljóst fyrir hvort ágreiningur mundi rísa um málið á Alþ. Ég fékk svör í gær frá einum þingflokki, sem tjáði sig reiðubúinn til að standa að samþykkt 65% fyrirframgreiðsluhlutfalls. Aðrir þingflokkar tjáðu sig ekki formlega, en ég hef ástæðu til að ætla að þm. geti yfirleitt á 65% fallist.

Seinni mgr. 1. gr. lýtur hins vegar að því, að með þeim lögum, sem tóku gildi um s. l. áramót, er gert ráð fyrir að hjón sem samsköttuð voru á árinu 1979 verði sérsköttuð á árinu 1980. Eins og nú standa sakir og eins og verður eftir samþykkt þessa frv., ef samþ. verður, er aðeins tekin fyrirframgreiðsla af tekjum þess hjóna sem skatturinn hefur verið lagður á hafi hjónin talið sameiginlega fram á s. l. ári. Þetta hefði getað orðið til þess, að þegar fyrirframgreiðslu hefði lokið á miðju ári hefði það hjóna, sem látið hefði verið borga fyrirframgreiðsluna í nafni þeirra beggja, verið búið að ljúka greiðslu á sínum skatti að fullu, en hitt hjónanna, sem skattlagt yrði samkv. ákvæðum gildandi laga, en hefði verið samskattað á s. l. ári, hefði þá átt eftir að greiða öll gjöld af tekjum sínum. Fyrir því er gerð till. um að 2. mgr. 1. gr. hljóði eins og í frv. segir, að af hjónum, sem samsköttuð voru á árinu 1979, skuli innheimta sameiginlega fyrirframgreiðslu miðað við skatta þá er á þau voru lagðir sameiginlega á árinu 1979 og beri hjónin samábyrgð á þeirri greiðslu. Skal fyrirframgreiðsla þessi ganga til greiðslu á þinggjöldum, er á hjónin hvort um sig kunna að verða lögð á árinu 1980, í sömu hlutföllum og verða milli heildarþinggjalda þeirra á árinu. Dráttarvextir, er á kunna að falla vegna vanskila á sameiginlegri fyrirframgreiðslu hjóna, skulu samkv. tillögu frv. skiptast eftir álagningu milli hjóna í sömu hlutföllum.

Með því að lögfesta þetta ákvæði eru tekin af öll tvímæli um hvernig halda eigi á fyrirframgreiðslumálum hjá hjónum sem voru samsköttuð á s. l. ári, og fyrirframgreiðslan miðast við þá framkvæmd skattalaga, en verða sérsköttuð með þeim lögum sem gengu í gildi um s. l. áramót.

Þegar það spurðist út í gær, að til stæði að leggja til að fyrirframgreiðsluprósentan yrði aðeins 65% á árinu 1980 varðandi þinggjöld til ríkisins samanborið við 75% á s. l. ári, höfðu öll sveitarfélögin tal af mér og fjmrn.-mönnum og ýmsum þm. og kvörtuðu mjög undan því, að slík prósenta mundi ekki nægja þeim til þess að ná inn á fyrri helming ársins áætluðum tekjum sem þyrftu til þeirra að ganga.

En eins og kunnugt er hefur ekki verið gert ráð fyrir að lækka útsvarsheimtu á árinu 1980 með sama hætti og tillaga hefur verið gerð um að lækka tekjuskattsheimtu á því ári. Forsvarsmenn allra stærstu sveitarfélaganna hér í grenndinni báru sig mjög undan þessu og lýstu yfir, að ef ekki yrði gengið til móts við sveitarfélögin varðandi fyrirframgreiðsluprósentuna mundu þau eiga erfitt við að ráðast í nokkrar framkvæmdir á fyrri hluta árs 1980, sem sveitarfélög þessi hefðu þó gert ráð fyrir. Svo vill til, að ekki var heimilt í þeim lögum, sem úr gildi féllu um s. l. áramót að fyrirframinnheimta sveitarfélaga yrði hærri en næmi þeirri fyrirframinnheimtu sem ríkissjóður ætlaði sér að taka. Hins vegar varð ég þess áþreifanlega var í þinginu í gær, að mikill skilningur ríkti á málaleitan sveitarfélaganna, sem að mörgu leyti er eðlieg, og vildi ég reyna að finna leið til að ganga til móts við óskir sveitarfélaganna án þess þó að þurfa að hverfa frá þeirri tillögu, að fyrirframgreiðsluprósentan til ríkisins af þinggjöldum yrði ekki á næsta ári meiri en 65%. Niðurstaðan varð sú sem segir í 4. gr. og þar er lagt til, að þrátt fyrir að fyrirframgreiðsluprósentan til ríkisins á árinu 1980 verði aðeins 65% af þinggjöldum skuli sveitarstjórnum heimilt á því ári að innheimta fyrir fram til greiðslu upp í útsvar allt að 70% af útsvari fyrra árs.

Ég vil í þessu sambandi, með leyfi hæstv. forseta, lesa bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem mér barst í morgun, dags. 16. jan., og hljóðar svo:

„Í sambandi við undirbúning að setningu laga um innheimtuákvæði opinberra gjalda og með hliðsjón af því, að Þjóðhagsstofnun áætlar að tekjuhækkun einstaklinga milli áranna 1978 og 1979 nemi 44—45%, fer Samband ísl. sveitarfélaga fram á að hlutfall fyrirframgreiðslu útsvara á árinu 1980 verði ákveðið eigi lægra en 70% af útsvari fyrrra árs, en það jafngildir því að fjárhæð útsvara hækki um 40% milli áranna 1979 og 1980. Verði innheimtuhlutfallið ákveðið lægra mun það leiða til versnandi greiðslustöðu sveitarfélaganna fyrri hluta ársins og til hlutfallslegrar aukningar á skattbyrði gjaldenda síðari hluta ársins. Tekið skal fram, að engin vandkvæði verða séð á því að ákveða mishátt innheimtuhlutfall á fyrirframgreiðslu gjalda til ríkissjóðs annars vegar og sveitarsjóðs hins vegar, ef sérstakar ástæður þykja vera fyrir hendi. Þar sem innheimta er sameiginleg þarf þó lagaheimild til að ákveða meðaltalshlutfall.

Virðingarfyllst,
Jón G. Tómasson."

Þetta bréf mun ég láta ganga til þeirrar n. sem fær frv. þetta til umfjöllunar.

Þá barst mér beiðni rétt áðan frá forsvarsmanni annars sveitarfélags, Kópavogskaupstaðar, þar sem var komið á framfæri eindreginni ósk og samþykkt kaupstaðarins um að sveitarfélög fengju á árinu 1980 að taka fyrir fram 75% af álögðum gjöldum fyrra árs og að áliti bæjarstjórnar Kópavogs væri nauðsynlegt að hafa slíkt innheimtuhlutfall fyrir það sveitarfélag miðað við reynslu

fyrra árs af áætlun Þjóðhagsstofnunar.

Ég hef því gert þá till., eins og fram kemur í frv., að þó að fyrirframgreiðsla til ríkissjóðs nemi aðeins 65% af álögðum þinggjöldum fyrra árs verði sveitarfélögum heimilað að innheimta allt að 70% af sínum gjöldum frá fyrra ári fyrir fram.

Í niðurlagi 4. gr. frv. er gengið til móts við hvernig eigi að framkvæma þessa mismunandi fyrirframinnheimtu þar sem innheimta ríkisins og sveitarfélaga er sameiginleg, svo sem eins og í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem innheimta ríkis og sveitarfélaga er sameiginleg getur fjmrh. með reglugerð ákveðið fyrirframgreiðsluna innan þeirra marka, er um getur í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af hlutfalli milli útsvara og þinggjalda í viðkomandi umdæmi árið 1979."

Samkv. þessu yrði fyrirframgreiðsla Reykvíkinga, þar sem innheimt eru sameiginlega fyrirframgjöld til ríkis og sveitarfélags, eitthvað nálægt 68%.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta mál því að ég hef þegar rætt það nokkuð ítarlega, bæði við formenn fjh.- og viðskn. beggja d. og enn fremur við nokkra þm. úr ýmsum flokkum. Ég legg mjög mikla áherslu, eins og ég sagði áðan, á nauðsyn þess, að úr þessu máli fáist skorið fyrir helgina, að það komi í ljós hvort líklegt sé að fulltrúar stjórnmálaflokkanna í fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. geti fallist á þá fyrirframgreiðsluprósentu sem tillaga er gerð um í frv., því að ef í ljós kemur að það sé unnt verður engin stöðvun á vinnu sveitarfélaga og annarra þeirra aðila sem kröfur gera í fyrirframgreiðslu opinberra gjalda. Ef hins vegar yrði einhver verulegur ágreiningur uppi um þetta mál gæti svo farið að sveitarfélögin og aðrir aðilar, sem gera ella kröfur til fyrirframgreiðslu í tengslum við n. k. áramót, missi af þeirri kröfugerð sinni og almenningur yrði þá að taka á sig nokkra skattþyngingu á síðari mánuðum ársins sem afleiðingu af því.

Ég hef óskað eftir því við formenn fjh. og viðskn., að þeir hafi sameiginlegan fund á eftir til að fjalla um þetta mál, og hef óskað eftir að þær reyni að ljúka umfjöllun sinni um málið í dag, þannig að hægt verði — með velvild forseta — að afgreiða þetta mál, ef samstaða næst um það, frá Nd. í dag og þá e. t. v. sem lög frá Alþingi á morgun.

Að svo mæltu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Það er eðlilegt að frv. sé fram komið, þar sem innheimtukafla vantar í gildandi skattalög, nr. 40/1978, og einnig af þeirri ástæðu, að ljóst liggur fyrir að það frv., sem nú er til meðferðar hjá hv. fjh.- og viðskn. um breytingu á skattalögum, mun ekki ná fram að ganga í tæka tíð þannig að hægt verði að innheimta eftir þeim lögum fyrirframgreiðsluna nú.

Ég vil láta þess getið, að þingflokkur Sjálfstfl. hefur fjallað um þetta mál að beiðni hæstv. fjmrh. Þingflokkurinn mun veita atbeina sinn til þess að frv. nái fram að ganga í þessari viku. Það er ljóst að ef svo verður ekki mun hljótast af mikill vandi, einkum þó fyrir sveitarfélögin.

Þingflokkurinn er sammála um að styðja þá innheimtuprósentu sem hér er gerð till. um, 65% af þinggjöldum síðasta árs til ríkisins. Það var ekki rætt sérstaklega á fundi þingflokksins um þá tillögu sem gerð er í 4. gr. frv. um að sveitarfélögin fái heimild til að innheimta 70% af útsvari, en ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við þá till. þar sem ekki gegnir alveg sama máli um sveitarfélögin og ríkissjóð, eins og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir.

Ég vil láta þess getið, að einstakir þm. hafa aths. að gera við 3. gr. frv. sem fjallar um dráttarvexti. Um það atriði ætla ég ekki að ræða sérstaklega. Það kemur eflaust til umr. í hv. fjh.- og viðskn.

Þetta vildi ég láta koma hér fram, herra forseti.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Í framhaldi af orðum síðasta hv. ræðumanns um 3. gr. þessa frv. sem nú er til 1. umr., um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta ársins 1980, vil ég gera aths. við orðalag þar. Það er aðeins eitt orð sem ég tel að breyti miklu og kemur í veg fyrir að ég standi með frv. í heild ef það verður ekki lagfært, en það er um gjalddaga og dráttarvexti.

3. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Séu gjöld samkv. lögum þessum ekki greidd inna mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga" — og svo heldur greinin áfram um dráttarvexti samkv. lögum nr. 10 frá 1961.

Ég hef sem sveitarstjórnarmaður orðið var við að þessu ákvæði laganna hefur verið framfylgt bókstaflega, þannig að það, sem ógreitt er af sköttum hjá fólki, hefur verið innheimt og dráttarvextir fallið á það, En í staðinn fyrir orðið „ógreitt" hefði ég viljað að stæði „gjaldfallið", svo að væri alveg ljóst og ekki túlkunaratriði að dráttarvextir hverju sinni verði reiknaðir af því sem gjaldfallið er hverju sinni en ekki af því sem ógreitt er af sköttum.

Nú er það svo, að íþyngjandi skattar ríkisins, bæði óbeinir og beinir verða oftast nær frekar en eyðslusemi fólks til þess að það stendur ekki í skilum. Vitandi að 4% lán skattheimtunnar er dýrasta lán, sem hægt er að taka, stendur fólk samt sem áður ekki í skilum. Það er ekki auðvelt fyrir fólk að standa skil á sköttum til hins opinbera í hvert skipti sem peningar eru notaðir, annað hvort beinum eða óbeinum sköttum. Stór hluti þeirrar veru, sem íslenska þjóðin notar, er innfluttur og þar er skattheimtan gríðarlega mikil. Skattheimta er á hverju einasta stigi í samskiptum manna á milli í þjóðfélaginu. Ég held að mér sé óhætt að segja sem sveitarstjórnarmanni, að það mundi koma sér afskaplega illa fyrir Reykjavíkurborg ef allir stæðu í skilum. Það mundi hreinlega setja Reykjavíkurborg á hausinn, vegna þess að í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er það orðinn fastur liður að bókfæra dráttarvexti. Í fjárhagsáætlun sem nú bíður endanlega afgreiðslu í borgarstjórn Reykjavíkur, eru dráttarvextir á annan milljarð sem tekjur. Ef Reykjavíkurborg allt í einu missti af þeirri tekjulind sem dráttarvextirnir eru yrði að draga saman sem því nemur í rekstri eða framkvæmdum á vegum Reykjavíkurborgar. Það er ekkert smáatriði sem hér er fjallað um. Ef á að leyfa með þessu orðalagi innheimtu dráttarvaxta af ógreiddum opinberum gjöldum, sem þó eru ekki fallin í gjalddaga, einungis af því að ein greiðsla er í vanskilum, álít ég að þessi lög yrðu enn ranglátari en þau verða með þeirri breytingu sem ég legg til.

Hér er um ósanngjarna innheimtu að ræða, svo ósann-

gjarna að mér er ógeðfellt að standa að þessu frv., jafnvel þó að orðalagsbreyting sú, sem ég benti á, verði samþykkt. Þjóðfélagið er farið að lifa á dráttarvöxtum. Ég hef alltaf skilið það svo, að fyrst kæmu vextir, svo kæmu dráttarvextir. En hér er beinlínis með lögum farið beint í dráttarvexti. Ég hef ekki haft tíma til að athuga þau lög sem vitnað er í, 13. gr. laga nr. 10 frá 1961, þar sem talað er um vexti annars vegar og dráttarvexti hins vegar. Ég þarf að athuga þau og mun gera það í n. Ef svo er sem ég held er verið að hlaupa yfir eitt stig vaxta og beint yfir í hæstu vexti ef menn standa ekki í skilum við Gjaldheimtuna.

Þetta er hugsunarháttur sem hefur ríkt hér árum saman. Það er eins og ríkið sé óseðjandi í innheimtufrekju sinni þegar það hvað eftir annað og á öllum stigum skattleggur vandann sjálfan. Það er vandi fólks sem er verið að skattleggja þarna. Það er vandi þjóðarinnar sem er verið að skattleggja þegar við erum að skattleggja erlendar olíuhækkanir. Í staðinn fyrir að láta krónuhækkunina eina erlendis koma beint á útsöluverð hér er bætt við tollum og sköttum — guð má vita hvað þeir heita allir, söluskattur, vörugjald o. s. frv. Hér er verið að skattleggja vanda fólksins ef það kemst í greiðsluþrot. Greiðsluþrot eru oftast nær vegna þess að á öllum stigum, ég endurtek: öllum stigum mannlegra samskipta er ríkið inni á milli með skattheimtu, annaðhvort óbeint eða beint. Ég vara við þessum hugsunarhætti enn einu sinni.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkrar setningar.

Áður en menn gera þá breytingu, sem hv. þm. Albert Guðmundsson orðaði, bið ég menn að athuga mjög vel sinn gang og leita umsagna hjá lögfræðingum fjmrn. um hvaða breytingu slíkt mundi hafa í för með sér. Menn skulu gera sér ljóst að krafan, sem ríkissjóður á, er skatturinn í heild eins og hann er á lagður. Síðan er honum skipt á tiltekna gjalddaga. Um leið og ekki er greitt á gjalddaga gjaldfellur krafan öll að sjálfsögðu. Þetta er regla sem gildir í miklu fleiri fjárskuldbindingum en gagnvart opinberum gjöldum. Ég held að menn ættu að skoða mjög vel hug sinn og íhuga hvað mundi fylgja í kjölfarið ef þeirri reglu yrði breytt, það mundi draga dilk á eftir sér, sem ég held að menn mundu ekki telja ákjósanlegt að dreginn yrði, ef menn kynntu sér það mál frekar.

Ég vildi sem sagt biðja hv. fjh.- og viðskn., um leið og hún athugar þessa ábendingu, að kynna sér hvaða afleiðingar það mundi hafa ef slík breyting yrði gerð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 19. fundur.

Miðvikudaginn 16. jan., að loknum 18. fundi.

Óverðtryggð framleiðsla landbúnaðarvara, frv. (þskj. 26). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Óverðtryggður útflutningur búvara, frv. (þskj. 39). — 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 39 hef ég ásamt átta öðrum þm. leyft mér að flytja frv. til l. um greiðslu bóta á óverðtryggðan útflutning búvara. Meðflm. mínir eru hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, Þórarinn Sigurjónsson, Ragnar Arnalds, Alexander Stefánsson, Páll Pétursson, Skúli Alexandersson, Ólafur P. Þórðarson og Halldór Ásgrímsson. 1. gr. frv. er þannig með leyfi forseta:

„Greiða skal úr ríkissjóði 3 milljarða kr. til að bæta bændum að nokkru óverðtryggðan útflutning landbúnaðarafurða á verðlagsárinu 1978—1979 og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem voru óseldar við upphaf yfirstandandi verðlagsárs. Framangreind fjárhæð verði greidd á fyrsta ársfjórðungi ársins 1980.

Heimilt er ríkisstj. að taka lán til þess að standa straum af þessum greiðslum, sem síðan verði endurgreitt með framlögum á fjárl. næstu þrjú ár.

Landbrn. setur reglur um greiðslur þessara bóta til bænda að fengnum till. frá stjórn Stéttarsambands bænda og skal Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslurnar."

Ljóst er að bændur hafa orðið fyrir mjög tilfinnanlegri tekjuskerðingu vegna ótryggðs útflutnings búvara á síðasta verðlagsári og vegna óseldra birgða við upphaf þessa verðlagsárs sem hófst 1. sept. s. l., sem engin útflutningstrygging er til fyrir. Framleiðsluráð landbúnaðarins neyddist til að innheimta verðjöfnunargjald á síðasta verðlagsári, bæði af kjöti og mjólk, til að geta jafnað á milli framleiðenda. Gjald þetta reyndist nokkru lægra en áður hafði verið reiknað með, þar sem útflutningur varð minni á verðlagsárinu en stefnt var að. M. a. hafði farmannaverkfallið í fyrravor áhrif á það. Þess vegna urðu birgðir meiri af sumum vörutegundum í lok verðlagsársins en gert hafði verið ráð fyrir.

Verðjöfnunargjaldið varð sem hér segir: Fyrir hvert kg dilkakjöts 165 kr., fyrir hvert kg af fullorðnu 87.50 kr. og fyrir hvern mjólkurlítra allt árið 10 kr. Til þess að ná fullu verði til framleiðenda fyrir þær búvörur, sem út voru fluttar á verðlagsárinu, skorti 3 milljarða 487 millj., sem jafnað var á milli með þessum hætti. En í lok verðlagsárins voru, eins og áður sagði, verulegar birgðir af vörum sem ekki verður komist hjá að flytja út. T. d. voru til 1227 tonn af ostum, verulega meira magn en á sama tíma á árinu áður, 375 tonn af kjöti af fullorðnu — og í haust var slátrað um 34 þús. fleira af fullorðnu en árið áður og er því til nú um 1000 tonnum meira af kjöti af

fullorðnu en var í fyrra, sem ekki er markaður til fyrir hér innanlands. Rúm 900 tonn voru til af dilkakjöti og verulegt magn af hrossakjöti. Í haust og vetur hefur verið slátrað óvenjumiklu af hrossum og er því til mikið hrossakjöt, sem er ekki séð hvernig verður afsett. Ef flutt hefði verið út það magn af búvörum á síðasta verðlagsári hefði skort um 5.5 milljarða á útflutningstryggingarfé. Þetta lá ljóst fyrir á síðasta vori, þegar þessi vandamál voru rædd hér í hv. d. og till. bornar fram til lausnar á því máli, en málalok eru svo eftirminnileg að óþarft ætti að vera að rifja þau upp nú.

Til viðbótar þeirri tekjuskerðingu, sem leiddi af þessari gjaldtöku, koma svo erfiðleikar bænda vegna harðindanna í fyrravor og sumar, aukinn fóðurkostnaður, aukin áburðarkaup, mjög mikil vanhöld, mikil skerðing á bústofni vegna lélegra og lítilla heyja, um norðanvert landið þó sérstaklega, og svo langtum minni afurðir. T. d. var fallþungi verulega minni en í meðalári á landinu öllu, allt frá ½ kg upp í 4 kg að meðaltali á nokkuð mörgum býlum. Af þessum völdum var t. d. tekjutapið hjá þeim bændum, sem leggja inn afurðir sínar hjá Kaupfélagi Norður-Þingeyinga á Kópaskeri, um 2 millj. á hvert býli að meðaltali.

Ég hef fengið grg. frá einum oddvita sem sýnir hvernig þetta kemur út. Hann tekur sitt bú, það er tvíbýli þar sem voru 574 dilkar, og hjá þessu búi er afurðatapið tæpar 3 millj., eða 2 millj. 992 þús. kr. En vanhaldatjón búsins var 67 lömb og 21 fullorðin kind, eða rúmlega 2.6 millj. kr., þannig að á þessu eina býli var tekjuskerðingin af þessu tvennu rúmlega 5 millj. 600 þús. kr.

Þá er tekið í þessari athugun hvernig það kemur út í öllum hreppnum, bæði vanhöld og minni þyngd, og kemur í ljós að hvort tveggja, tekjutapið af þessum tveimur ástæðum, er 3.3 millj. kr. Ekki fer því á milli mála að efnahagsvandi bænda er mjög alvarlegur og því þýðingarmikið að gerðar séu nú þegar ráðstafanir til að draga úr tekjuskerðingunni með því að samþykkja frv. það sem hér er til umræðu.

Hv. alþm. ættu að leiða hugann að því í þessu sambandi, að síðasta ár var kaldasta ár sem komið hefur á þessari öld. Í slíku árferði áður fyrr hefði orðið fellir, enda má fullyrða að það sé með meiri háttar afrekum að bændur skyldu komast í gegnum þá erfiðleika, sem mættu þeim á síðasta ári, á þann hátt sem gert var og áföllin skyldu ekki verða miklu meiri en raun bar vitni. Hins vegar liggur það nú fyrir, að mjög margir bændur urðu tekjulitlir og jafnvel tekjulausir, og má fullyrða að ef einhver önnur stétt hefði orðið fyrir slíku tekjutapi hefðu stjórnvöld verið búin að gera ráðstafanir til að hlaupa undir bagga á einhvern hátt.

Lög Bjargráðasjóðs gera ráð fyrir að sá sjóður annist greiðslur til bænda ef svo mikið afurðatjón á sér stað sem nú hefur orðið víða. En Bjargráðasjóður hefur enga fjármuni til þess, og skortir enn mikið á að hann geti sinnt öðrum tjónum sem orðið hafa á s. l. ári. En það er ekki sæmandi að þessi mál séu ekki tekin til meðferðar hér á hinu háa Alþingi og gerðar ráðstafanir til að bæta þarna úr með einhverjum hætti, a. m. k. hjá þeim sem hafa orðið fyrir mestu afurðatjóni og tekjuskerðingu.

Hæstv. landbrh. lét þau orð falla hér í hv. d. s. l. mánudag, að hann teldi þau lánakjör góð sem boðin eru í Bjargráðasjóði í sambandi við fóðurkaup á s. l. vetri og vori, þ. e. vaxtalaus lán með fulltri verðtryggingu. Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. ráðh. fái marga bændur til að taka undir þessi orð. Ég tel að flestir bændur muni líta svo á, að þessi skoðun hæstv. ráðh., að telja megi það góð kjör hjá Bjargráðasjóði að lána bændum, sem orðið hafa fyrir miklum áföllum með framleiðslu sína, lán með fullri verðtryggingu, þó vaxtalaus séu, gefi til kynna að hæstv. ráðh. hafi ekki haft fyrir því að kynna sér þessi mál til hlítar. Bjargráðasjóður er að verulegu leyti tryggingasjóður. Bændur greiða í sjóðinn iðgjöld, 0.35% af allri sinni framleiðslu. Hefur hæstv. ráðh. kynnt sér hvernig staðið er að því að aðstoða aðra þegna í þessu þjóðfélagi þegar þeir missa sínar tekjur? Hvernig er með útgerðarmenn þegar aflabrestur verður? Hvers konar aðstoð fá þeir úr Aflatryggingasjóði? Eru það lán, hvað þá lán með fullri verðtryggingu? Hvernig er með launafólk sem missir atvinnu? Er því boðið lán, hvað þá lán með fullri verðtryggingu? En ef bændur verða tekjulausir eða tekjulitlir telur hæstv. landbrh. að það sé vel með þá farið að bjóða þeim lán til að kaupa nauðþurftir fyrir og það með fullri verðtryggingu. Það er ekki að undra þó hæstv. ráðh. sé stoltur af sínum hlut í þessu máli.

Auðvitað á að byggja Bjargráðasjóð upp á svipaðan hátt og aðrir tryggingasjóðir eru byggðir upp, með því að hækka iðgjöld til hans svo að hann standi undir nafni. Ef hann á að fara að starfa á þann veg sem Alþfl.-menn leggja til, að hann láni og afgreiði mál sín með þessum hætti, þá er ekkert með þennan sjóð að gera og þá er fráleitt að bændur séu að borga í sjóðinn á sama hátt og verið hefur. Ég sé a. m. k. ekki örla á jafnaðarstefnu í því að láta bændur hlíta allt öðrum kjörum en aðra landsmenn þegar þeir verða tekjulausir vegna veðurfars eða annarra áfalla sem þeim eru óviðráðanleg.

Í maí s. l. skipaði landbrh. nefnd, sem m. a. fékk það verkefni að gera till. til ríkisstj. um lausn á vandamálum bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarafurða, þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst. Í nefnd þessari áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna ásamt fulltrúm frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins, fulltrúi Alþfl. skilaði séráliti. Í áliti meiri hl. segir m. a.:

„Vegna þeirra sérstöku aðstæðna, sem skapast hafa vegna óheftrar framleiðslu undangenginna ára, telur meiri hl. nefndarinnar rétt að lagt verði fram fé að þessu sinni til viðbótar lögboðnum útflutningsbótum. Meiri hl. álítur að hinar nýju heimildir Framleiðsluráðs til aðgerða, sem ætlað er að koma skipulagi á framleiðslu landbúnaðarvara, muni fremur ná því marki að aðlaga framleiðsluna þörfum þjóðarinnar, ef ekki þarf að fást við fjárhagsvanda frá fyrri árum og söluerfiðleika vegna eldri birgða. Meiri hl. nefndarinnar leggur því eftirfarandi til við ríkisstj.:

1. Að hún útvegi viðbótarfjármagn að upphæð 3 milljarða kr. til að bæta bændum að nokkru óverðtryggðan útflutning landbúnaðarafurða á yfirstandandi verðlagsári og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem í of stórum mæli eru óseldar við upphaf nýs verðlagsárs. Fjárhæð þessi svarar til ⅔ hluta af þeirri tekjuskerðingu sem annars blasir við að bændur verði fyrir, ef ekkert er að gert.

2. Af framangreindri upphæð verði 2 milljarðar kr. útvegaðir svo fljótt að þeir komi til nota fyrir lok verðlagsársins, svo að Framleiðsluráð geti dregið verulega úr innheimtu þess verðjöfnunargjalds sem þegar hefur verið ákveðið."

Á þessu áliti meiri hl., sem er samkomulag fulltrúa Framsfl., Sjálfstfl., Alþb., Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands, er þetta frv. byggt.

Þegar ég var á aðalfundi Stéttarsambands bænda í sumar kom til umræðu vöntun á útflutningsbótum. Þar lýsti ég yfir að ég mundi beita mér fyrir því að fá samstöðu allra flokka um að flytja frv. sem fæli í sér lausn á því máli, ef ríkisstj. hefði þá ekki náð samstöðu um lausn málsins. Þegar til þings kom í okt. s. l. reyndi ég að fá samstöðu um þetta mál. Ég fékk neitun hjá Alþfl. Ég beið eftir svari frá Sjálfstfl. fram á síðustu stund og var lítið um svör af hans hálfu. En Alþb. var strax til í að standa að flutningi þessa frv. Ég lagði frv. þetta fram daginn fyrir þingrofið. Flm. voru þá frá sömu flokkum og nú. En daginn eftir að okkar frv. var lagt fram lögðu nokkrir þm. Sjálfstfl. frv. það fram sem þeir endurflytja nú á þessu þingi og kom til umr. hér í hv. deild s. l. mánudag. Eini munurinn á þessum tveimur frv. er sá, að okkar frv. gerir ráð fyrir að ríkissjóður greiði þá 3 milljarða, sem frv. gerir ráð fyrir að bætt verði við lögbundið framlag vegna útfluttra búvara, en í frv. hv. sjálfstæðismanna vilja þeir binda það í lögum, að Byggðasjóður leggi fram þetta fjármagn á næstu þremur árum. Ég tel að það sé óeðlilegt að taka þetta fjármagn úr Byggðasjóði. Hann mun hafa nóg með sitt fjármagn að gera til annarra verkefna, t. d. til að létta undir við að byggja upp atvinnurekstur í strjálbýlinu og víðar. Ég tel líka mjög óeðlilegt að ráðstafa fjármagni Byggðasjóðs með löggjöf á þann hátt sem það frv. gerir ráð fyrir. En um þetta atriði ætla ég ekki að ræða frekar nú, ekki síst vegna þess að þetta frv. kemur í n. sem ég á sæti í, og mun ég ræða þetta atriði við 2. umr. ef þess gerist þörf.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér nú hljóðs, er sú, að ég vil leiðrétta að nokkru það sem ég sagði hér í gær, vegna þess að ég hef nú aflað mér betri upplýsinga en ég hafði þá. Ég tók að vísu fram, að Bjargráðasjóður og greiðslur úr honum heyrðu ekki undir rn. landbrh., og hafði þess vegna ekki kynnt mér málið niður í kjölinn varðandi þau atriði sem hér bar á góma í sambandi við frv. hv. þm. Pálma Jónssonar o. fl. En ég held að það væri ágætt fyrir hv. þd. að fá þær upplýsingar, sem ég aflaði mér, og vil því koma þeim á framfæri.

Það er í fyrsta lagi fyrirgreiðsla Bjargráðasjóðs vegna harðindanna vorið 1979. Afgreiðslur á grundvelli tillagna hafís- og harðindanefndar, þeirrar fyrri sem mætti kalla, hafa orðið sem hér segir:

1. Styrkir vegna hráefnisflutninga á hafíssvæðinu, og snertir ekki bændur út af fyrir sig. Það eru fimm greiðslur. Jökull hf. á Raufarhöfn fékk styrk vegna hráefnisflutninga 4 millj. 307 þús. kr., Kaupfélag Langnesinga, Þórshöfn, 2 millj. 752 þús., Kaupfélag Vopnfirðinga, Vopnafirði, 2 millj. 230 þús., Hraðfrystihús Þórshafnar 1 millj. 290 þús. og Síldarvinnslan, Neskaupstað, 4 millj. 640 þús. Þetta eru samanlagt 15 millj. 221 þús. kr.

2. Lán vegna veiðarfæratjóns af völdum hafíss voru veitt samtals 103 aðilum í 19 sveitarfélögum, 129 millj. 480 þús. kr.

Lántaka vegna þessara fyrirgreiðslna, sem ég hef nú nefnt, var hjá Viðlagatryggingu Íslands 110 millj., og var það verðtryggt lán til 5 ára með 2% vöxtum sem sjóðurinn tók til þess að standa undir þessum greiðslum.

3. Styrkir vegna heyflutninga vorið 1979 voru veittir 72 aðilum, alls 6 millj. 228 þús. kr.

4. Lán vegna aukafóðurkostnaðar vorið 1979 á grundvelli umsókna. Voru 39 sveitarfélögum veitt slík lán til að endurlána 124 bændum, alls að fjárhæð, 69 millj. 665 þús. kr. Lánskjör voru: Lánstími þrjú ár, lánin verðtryggð, en vaxtalaus og heimild til að breyta lánskjörum síðar til hagsbóta fyrir skuldara. Lánin voru borguð út eftir síðustu áramót, þ. e. í byrjun þessa mánaðar.

Fyrirgreiðsla á grundvelli harðindanefndar veitt samkv. þessu til bænda nam því 75 millj. 893 þús. kr., en fyrirgreiðsla alls samkv. tillögum hafísnefndar og harðindanefndar, sundurliðuð eins og ég nefndi, 220 millj. 594 þús. kr. Ég endurtek það, að þessi lán voru yfirleitt lögð út þannig að það voru vaxtalaus lán — eða þá styrkir, eins og ég hef nefnt áður — en verðtryggð.

Mér þykir rétt að koma því að hér, að það var fyrrv. ríkisstj. sem samþykkti þessi kjör, og bréf, send út til að afla skýrslna um þetta, voru undirrituð af fyrrv. landbrh., Steingrími Hermannssyni, og þá voru þessi lánakjör kynnt þannig. Að ég sé stoltur yfir mínum hlut, eins og hv. þm. sagði áðan, þá hlýtur Steingrímur Hermannsson að vera stoltur líka yfir sínum hlut.

Það, sem mig langaði líka til þess að upplýsa hv. þd. um, er að tillögur harðindanefndar — hinnar síðari sem við getum kallað — vegna uppskerubrests á garðávöxtum og grasbrests sumarið sem leið og álitsgerð lágu fyrir 10. okt. 1979. Tjónið var flokkað eftir efni: Tjón vegna heyvöntunar, kostnaður vegna hey- og grasköggla-flutninga sumarið og haustið 1979 og tjón vegna uppskerubrests á garðávöxtum sumarið og haustið 1979. Um þetta segir svo:

„Þótt endanlegar upplýsingar liggi ekki enn þá fyrir er þegar ljóst, að tjón bænda samkv. lið 1—3 hér að framan mun vera á bilinu 1—2 milljarðar kr. Svo sem fram kom á liðnu sumri er ljóst, að Bjargráðasjóður er þess ekki megnugur af eigin ráðstöfunarfé að veita fyrirgreiðslu vegna þessara tjóna og til þess þarf að koma fé annars staðar frá, þ. e. lán frá bönkum og framlög frá ríkissjóði."

Í framhaldi af þessu voru samþykkt brbl. um það, að Bjargráðasjóði yrði heimilað að útvega ákveðna upphæð til þess að standa undir þessu. Ég vil taka það fram, að ég hélt að búið væri að útvega þessi lán, en ég fékk þær upplýsingar að könnun á lántöku væri skammt komin vegna þess að enn lægi ekki fyrir hve þetta tjón væri mikið, þó að hér sé nefnt að sennilegast sé það á bilinu 1—2 milljarðar. Búnaðarfélag Íslands hefur það verkefni að kanna bótaumsóknir, meta þær og skoða. Sú könnun er ekki fullunnin enn, og mér er tjáð að sennilega verði henni ekki lokið fyrr en á bilinu 20.—30. þ. m. En eins og ég sagði áðan skiptist þetta í tjón vegna heyvöntunar, kostnað vegna hey- og grasköggla-flutninga sumarið og haustið 1979 og tjón vegna uppskerubrests á garðávöxtum sumarið og haustið 1979. Ég endurtek að það er skoðun mín, að ekki sé við því að búast, að nokkur aðili, þó að fyrir tjóni verði, geti reiknað með því að fá öllu hagstæðari lánakjör en þau að fá lánin vaxtalaus, en verðtryggð, og ég held að flestir bændur hafi þann metnað að endurgreiða lán sem þeir taka á því sem mætti kalla eðlilegum kjörum. Það er verulegur stuðningur að sleppa vöxtum, eins og allir skilja, en bændur geta varla búist við því frekar en aðrir að þurfa ekki að greiða lánin

verðtryggð til baka.

Mig langar svo að lokum að fara aðeins ofan í það sem hv. þm. talaði hvað eftir annað um, tekjuskerðingu bænda, af því að þeir hefðu ekki fengið fram yfir 10% útflutningsbæturnar. Í mínum huga er það ekki út af fyrir sig tekjuskerðing. Þeir hafa fengið búvöruverðið á innlendum markaði og lögum samkv. 10% bæturnar greiddar, en þeir fá ekki 10% bæturnar greiddar á það sem er fram yfir þá framleiðslu, sem lögum samkv. á að bæta. Segja má, að það sé tekjutap fyrir bændurna að hafa ekki fengið það, en lögum samkv. er það ekki tekjuskerðing.

Afurðatjón og afurðarýrnun, það má kannske deila um þau orð. Ég get fallist á að það sé afurðarýrnun að dilkarnir eru léttari í haust en í venjulegu ári. En í mínum huga er afurðatjón ofurlítið annað en afurðarýrnun. En þetta er kannske orðaleikur sem maður á ekki að innleiða hér. Lambadauði og slíkt er afurðatjón í mínum huga, en afurðarýrnun þegar lömbin verða ekki eins þung á haustin og æskilegt eða eðlilegt væri í meðalári.

Ég held að ég sjái ekki ástæðu til þess að greina hér frekar frá þeim upplýsingum sem Bjargráðasjóður gaf um þessi mál. Það er kannske forvitnilegt fyrir hv. þm. að vita það, að t. d. tjón vegna uppskerubrests á garðávöxtum er ugglaust afar mikið í vissum hreppum, bæði norðan- og sunnanlands. Það er ekki búið að kanna það til fulls og er þar ýmislegt, sem þarf að athuga, en ég leiði ekki orð að því að sinni.

Umr. frestað.

Greiðsla opinberra gjalda, frv. (þskj. 96, n. 97). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta ársins 1980 og leggur til að það verði samþ. með þeirri breytingu, að í stað orðsins „ógreitt" í 1. málsl. 3. gr., þar sem stendur: „skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga" komi: gjaldfallið. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að nm. óska eftir að það verði skýrt, að ekki sé heimilt að innheimta dráttarvexti af öðru en því sem fallið er í gjalddaga. Að vísu verður að líta svo á, að frv. beri það með sér, því að í 1. gr. stendur: „Skal fyrirframgreiðslan falla í gjalddaga með fimm jöfnum fjárhæðum hinn 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní 1980." Og síðan kemur í 3. gr.: „Séu gjöld samkv. lögum þessum ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða ríki dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga." Þarna er ávallt vitnað til gjalddaga. En til þess að taka af öll tvímæli leggur n. til að í stað orðsins „ógreitt" komi: gjaldfallið.

Þá voru uppi umr. í n. um að sveitarfélögin fengju að innheimta hærra hlutfall en 70% eða 75%. Fyrir n. lá beiðni frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um að hlutfallið yrði eigi lægra en 70% og er það hér lagt til grundvallar. Þar sem annað hefur ekki komið fram af hálfu þeirra samtaka þótti eigi unnt að breyta því.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en vil aðeins endurtaka það, að n. leggur til að frv. verði samþ. með þessari einu breytingu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil nú fagna því að þessi orðalagsbreyting, sem ég lagði til, var samþ. á fundi fjh.- og viðskn., þegar hún fjallaði um það frv., sem hér liggur fyrir, um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta ársins 1980. Ég vil bæta því við þau fáu orð sem ég sagði fyrr í dag um þetta mál, að hlutfall ríkis af innheimtu opinberra gjalda, sem fara í gegnum Gjaldheimtuna í Reykjavík, er um 58%, borgarinnar tæplega 40% og afgangurinn eru gjöld sem eru innheimt fyrir aðra aðila. Upphæðin kemur til með að verða um 5 milljarðar árið 1979 — að vísu eru inni í þeirri upphæð áður gjaldfallnar skuldir — þannig að hér er ekki um lítinn tekjulið að ræða. Ég vil enn fremur segja að það er alvarlegt mál, þegar opinberir aðilar eru farnir að reikna með sektarvöxtum sem föstum tekjuliðum við gerð fjárhagsáætlana sinna, bæði ríki og sveitarfélög.

Þegar svo er komið að opinberir aðilar skattleggja borgarana í svona ríkum mæli til að standa undir rekstri eða framkvæmdum sínum og duttlungum, þá vil ég segja að þjóðfélagið sé sjúkt. Þetta vita alþm. Þetta gellur á okkur hvert sem við förum í hinu daglega lífi. En það kemst aldrei á dagskrá hér á hv. Alþ. Það er alveg augljóst að hér þarf að leita lækninga og þarf við læknisaðgerða sem duga. Það eru miklir stjórnsýsluerfiðleikar sem blasa við Alþ. og Alþ. virðist ófært um að leysa. En ég held að smábætur eins og um er að ræða í þessu frv., bætur sem eru hluti af stærra máli, skattalagafrv., séu engin lausn þó að Alþ. sé á síðustu stundu neytt til að hlaupa til og samþykkja kafla og kafla í lausnum sem ekki eru varanlegar, enda kemur fram í fyrirsögn þessa frv. að um greiðslu opinberra gjalda á fyrri hluta ársins 1980 sé að ræða.

Ég held að við verðum að fara að gera okkur ljóst, að það gengur ekki að landið sé stjórnlaust öllu lengur, það gengur ekki að við séum að samþykkja í smáskömmtum einn og einn kafla eða eitt og eitt atriði í lögum bara vegna þess að við reynumst óhæfir til þess að gegna þeim trúnaðarstörfum sem fólkið hefur kosið okkur til að gegna. Það er ekkert annað en ræfildómur Alþingis og stjórnmálaflokkanna sem hér er að verki. Og ég segi alveg eins og er, að ég tek undir það með mörgum þm., sem við mig hafa talað, og ég tek undir það með almenningi, að við verðum að fara að taka okkur á, ef við eigum ekki að staðfesta það, að þessi 60 manna hópur, sem hingað hefur valist, sé óhæfur til forustu í þjóðfélaginu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 97 samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 20. fundur.

Miðvikudagur 16. jan., að loknum 19. fundi.

Greiðsla opinberra gjalda, frv. (þskj. 98 (sbr. 96)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 13. fundur.

Fimmtudaginn 17. jan., kl. 2 miðdegis.

Útibú frá Veiðimálastofnun, þáltill. (þskj. 11). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp, þáltill. (þskj. 13). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Málefni hreyfihamlaðra, þáltill. (þskj. 15). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, þáltill. (þskj. 12). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 12 hef ég leyft mér ásamt hv. 5. þm. Austur., Hjörleifi Guttormssyni, að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að á árinu 1980 verði gert átak til að ráða bót á mengun frá fiskimjölsverksmiðjum og jafnframt verði gerð áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum slíkra fyrirtækja í samvinnu við hlutaðeigandi eigendur og samtök þeirra svo og heilbrigðis- og náttúruverndaryfirvöld.

Áætlunin tæki m. a. mið af að lágmarkskröfum um mengunarvarnir allra starfandi fiskimjölsverksmiðja verði fullnægt innan tveggja ára og fjármagn sé tryggt til þeirra aðgerða. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og athugaðir möguleikar á bættri nýtingu hráefnis og orkusparnaði samhliða viðhlítandi mengunarvörnum.“

Vissulega væri freistandi að ræða þetta mál miklu ítarlegar en að því leyti sem snertir fiskimjölsverksmiðjurnar einar, en þó skal við það eitt látið sitja nú. Í raun og veru þykir mér rétt að lesa hér fyrst og fremst þá grg. sem fylgir með till., sem segir í raun og veru allt sem segja þarf á þessu stigi málsins af hálfu okkar flm. Þar kemur skýrt fram hver aðalvandamálin eru, hvernig ástandið er og hverjar úrbætur þó hafa verið gerðar. Það kemur glögglega fram þar, að till. var upphaflega flutt á s. l. vori. En þó síðan hafi liðið u. þ. b. átta mánuðir má segja að allt sitji við það sama. Ýmsar frekari hræringar hafa orðið varðandi málið, einkum þó á Suðurnesjum, en allt situr þó við það sama í raun. Ályktanir koma þaðan á víxl og ákvarðanir eru teknar á víxl, en ekkert gerist. Nákvæmri könnun á hugsanlegum úrbótum varðandi Neskaupstað, sem vikið er að í grg., hefur verið haldið áfram. Menn hyggja þar á framkvæmdir til úrbóta, en það má segja að beðið sé vissra aðgerða, viss stuðnings til þess að úr megi bæta svo sem þörf er á.

Í grg. segir svo, með leyfi forseta: „Marggefin tilefni valda því, að rétt þykir nú og brýnt að flytja þáltill. um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum. Meginatriði þess vanda, sem þar er komið inn á, kalla á skjóta og örugga úrlausn þar sem stjórnvöld hljóta að hafa alla forustu. Til þess að grg. með till. þessari mætti vera sem ítarlegust var leitað til fróðustu aðila um upplýsingar. Eyjólfur Sæmundsson, þá deildarverkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og nú öryggismálastjóri, veitti þessar upplýsingar góðfúslega og færa flm. honum þakkir fyrir glöggar upplýsingar um eðli vandans og beinar tillögur til úrbóta. Meginmál þess, sem hér fer á eftir, er á þessu byggt.

„Á nýafstaðinni loðnuvertíð“ — og þá er rétt að geta þess enn, að þetta er grg. sem fylgir till. frá því í fyrra og er hér óbreytt — „komu fram háværar kröfur frá íbúum ýmissa byggðarlaga um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja, og er þar skemmst að minnast kröfugöngu húsmæðra í Keflavík og Njarðvík vegna óþolandi loftmengunar frá verksmiðjunni í Njarðvík. Hér er um að ræða gamalt vandamál sem menn hafa átt við að stríða, og hafa oft áður komið fram mótmæli íbúa í byggðarlögum þar sem slíkrar mengunar gætir í verulegum mæli. Þannig barst þingmönnum Austurlandskjördæmis afrit af erindi til ríkisstj. frá heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum fimm þéttbýlisstaða á Austurlandi í nóv. 1978, þar sem heitið er á stjórnvöld að beita sér fyrir úrbótum á loft- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum, sem valdi m. a. íbúum þessara staða verulegum óþægindum og jafnvel heilsutjóni. Einnig hafa farið fram undirskriftasafnanir, sem fjöldi fólks hefur tekið þátt í, t. d. á Akranesi og í Keflavík og Njarðvík. Mengun frá verksmiðjunum hefur hins vegar nú náð nýju hámarki vegna stóraukins aflamagns og aukinnar afkastagetu einstakra verksmiðja.

Á landinu munu vera starfandi í dag 33 verksmiðjur, sem unnið geta úr feitum fiski (loðnuverksmiðjur) eða unnið gætu úr slíkum fiski með fremur litlum endurbótum, auk u. þ. b. 20 verksmiðja, sem einungis geta unnið úr fiskúrgangi.

Verst hefur ástand loftmengunarmála að undanförnu verið í bæjunum við Faxaflóa utan Reykjavíkur og á

Austfjörðum, en vandamálsins verður vart víðast hvar þar sem slíkar verksmiðjur eru reknar.

Mengunarvandamál fiskimjölsverskmiðja eru ekki einungis takmörkuð við loftmengun. Víða hefur orðið vart við verulega sjávarmengun frá slíkum verksmiðjum, einkum á Austfjarðahöfnum og á Siglufirði þar sem grútur frá verksmiðjunum hefur lagst á fjörur. Var gerð athugun á vandamáli þessu s. l. haust" — þ. e. haustið 1978 — „á vegum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og niðurstöður ásamt tillögum um úrbætur birtar í skýrslu um málið. Ljóst er enn fremur að mikil verðmæti fara forgörðum hvert ár með frárennsli frá verksmiðjunum. Auk þessara vandamála má benda á að veruleg óþrif stafa víða af slæmri umgengni um athafnasvæði verksmiðjanna og ófullnægjandi frágangi hráefnisgeymslna. Starfsumhverfi er einnig víða verulega ábótavant, m. a. vegna ónógrar loftræstingar, óþrifa á vinnustöðum, heilsuspillandi hávaða og ófullnægjandi starfsmannaaðstöðu.

Fram til 1969 voru opinber afskipti af þessum málum alfarið í höndum heilbrigðisnefnda viðkomandi sveitarfélaga. Með lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 12/1969. var sveitarfélögum áfram falið heilbrigðiseftirlit hverju í sínu umdæmi, en stofnað var Heilbrigðiseftirlit ríkisins, er hafa skyldi yfirumsjón með starfi heilbrigðisnefndanna. Með reglugerð nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, sem sett var skv. lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, var rekstur fiskimjölsverksmiðja, ásamt með rekstri annarra verksmiðja sem mengunarhætta fylgir, bundinn sérstöku starfsleyfi heilbrmrh. Reglugerðin nær jafnt til eldri fyrirtækja sem nýrra, og skulu umsóknir um starfsleyfi ásamt tilskildum gögnum sendar Heilbrigðiseftirliti ríkisins er gerir till. til ráðh. um afgreiðslu hvers leyfis. Auk heilbrigðisyfirvalda hefur Náttúruverndarráð látið þessi mál nokkuð til sín taka og þau hafa verið rædd sérstaklega á tveim síðustu náttúruverndarþingum.

Almennt má segja að mjög treglega hafi gengið að fá framgengt kröfum heilbrigðisyfirvalda um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja. Hafa verksmiðjueigendur m. a. borið við fjármagnsskorti, skorti á opinberri fyrirgreiðslu og skorti á samræmingu krafna um úrbætur. Þær úrbætur, sem helst hafa verið gerðar fram til þessa gagngert til þess að draga úr óþef og loftmengun, eru sem hér segir:

Reykjavík. Við þær þrjár verksmiðjur, sem starfræktar eru, hefur reykurinn verið hreinsaður í einföldum þétti og þvottaturnum, en slíkur búnaður fjarlægir einungis hluta lyktarefnanna. Auk þess var reistur 70 m hár reykháfur við verksmiðjuna að Kletti.

Þorlákshöfn. Reistur var rúmlega 40 m hár reykháfur árið 1976 og er talið að hann hafi orðið að verulegu gegni, enda landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að vænta má gagns af slíkri ráðstöfun.

Grindavík. Við verksmiðjuna hefur verið reistur rúml. 30 m hár reykháfur, sem talinn er hafa dregið úr óþægindum, enda aðstæður svipaðar og í Þorlákshöfn.

Akranes. Reistur var á s. l. ári" — þ. e. 1978 — „43 m hár reykháfur við verksmiðjuna. Reykháfurinn mun hafa komið að verulegu gagni fyrir þá sem búa næst verksmiðjunni, en kvartanir hafa eftir sem áður borist frá íbúum sem fjær búa. Einungis er litið á þessa ráðstöfun sem bráðabirgðaráðstöfun til fárra ára.

Hafnarfjörður. Á s. l. ári var settur upp við verksmiðjuna hreinsibúnaður, sem Jón Þórðarson hefur hannað. Er útblástursloftið fyrst meðhöndlað í þétti- og þvottabúnaði, en síðan í hreinsitæki Jóns Þórðarsonar. Rekstur búnaðarins hefur gengið nokkuð erfiðlega vegna erfiðleika á öflun nægilega hreins sjávar fyrir þétti- og þvottabúnaðinn, auk bilana á tækjabúnaði. Einungis hafa verið gerðar takmarkaðar mælingar á hreinsihæfni búnaðarins, enda nauðsynlegur búnaður til slíkra mælinga ekki fyrir hendi í landinu eins og síðar mun frá greint. Þannig liggur ekki fyrir í dag hvort búnaður þessi muni geta leyst þann vanda sem honum er ætlað að leysa. Vissulega væri æskilegt að vandamál sem þessi yrðu leyst með íslensku hugviti og framleiðsla slíks búnaðar félli íslenskum iðnaði í skaut.

Njarðvík. Hafist hefur verið handa um að endurnýja búnað verksmiðjunnar og taka upp gufuþurrkun í stað eldþurrkunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að útblástursloft verði hreinsað í þétti- og þvottabúnaði, en síðan brennt undir gufukötlum verksmiðjunnar. Þessi aðferð hefur gefið góða raun í nágrannalöndunum, en þar hafa verið reistir sérstakir efnahreinsiturnar til viðbótar þessum búnaði til notkunar í þeim tilvikum þegar gufukatlar anna ekki brennslu útblásturslofts.

Neskaupstaður. Við endurreisn verksmiðjunnar eftir snjóflóðin í des. 1974 var við hönnun mannvirkja gert ráð fyrir að hreinsibúnaður yrði settur upp við verksmiðjuna síðar. Kannanir hafa verið gerðar á hentugum búnaði og tilboða aflað, en af framkvæmdum hefur ekki orðið. Að því máli er nú hugað alveg sérstaklega og ákvörðun væntanleg innan tíðar um aðgerðir.

Loftmengun, sem frá fiskimjölsverksmiðjunum stafar, er flókið vandamál og erfitt úrlausnar. Við rotnun og niðurbrot á fiski myndast fjöldi daunillra lofttegunda, sem losna úr læðingi, þegar unnið er úr hráefninu, og berast út í andrúmsloftið. Tæknipróun til lausnar þessa vandamáls hefur hins vegar verið ör á undanförnum árum. Við upphaflega afgreiðslu starfsleyfa samkv. reglugerð nr. 164/1972 á árunum 1972—1974 var þannig gengið út frá því, að vandamál þetta yrði ekki leyst nema með háum reykháfum. Í maí 1976 gaf Heilbrigðiseftirlit ríkisins hins vegar út ítarlega greinargerð um þessi mál sem byggð var á könnun á þróun þessara mála í nágrannalöndunum. Urðu niðurstöður stofnunarinnar þær, að eyða mætti lyktinni að mestu leyti og kæmu eftirtaldar þrjár leiðir helst til greina í því efni:

1. Tekinn verði upp þvottur útblásturslofts í svonefndum efnahreinsiturnum af viðurkenndri gerð.
2. Tekin verði upp brennsla útblásturslofts í eldhólfi þurrkara með svonefndri Hetland-aðferð.
3. Breytt verði um framleiðsluhætti og tekin upp gufuþurrkun samfara brennslu lyktarefna undir gufukötlun eða eyðingu þeirra í efnahreinsiturnum.

Frá því grg. þessi var gefin út hefur orðið enn frekari þróun og menn fengið reynslu af þeim búnaði sem um ræðir. Fram hafa komið frá verksmiðjueigendum ábendingar um að setja verði staðlaðar kröfur um hæfni lykteyðingarbúnaðar við fiskimjölsverksmiðjur. Þetta er ýmsum erfiðleikum háð vegna þess, hve samsetning útblástursloftsins er flókin. Engu að síður hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins nú gert tillögu til heilbr.- og trmrn. um setningu fastmótaðra reglna í þessum efnum, bæði um lágmarkshæfni slíks búnaðar og framkvæmd mælinga og mats á hæfni búnaðarins. Til þess að nauðsynlegar

mælingar geti farið fram skortir hins vegar fjármagn til kaupa á nauðsynlegum mælibúnaði og þjálfunar starfsmanna (líklegur kostnaður er 4—5 millj. kr. á núverandi gengi). Fyrr en slíkar mælingar hafa verið gerðar verður hins vegar ekki skorið úr um hæfni þess búnaðar, sem settur hefur verið upp í Hafnarfirði og unnið er að að koma upp við verksmiðjuna í Njarðvík, né heldur annars búnaðar, sem upp kann að verða settur í náinni framtíð.

Ljóst er að Íslendingar hafa dregist langt aftur úr nágrannaþjóðunum í þessum málum, en þar eru nú starfræktar fjölmargar verksmiðjur sem leyst hafa sín mengunarvandamál að langmestu leyti, bæði hvað varðar loftmengun og sjávarmengun. Jafnframt eru þessar verksmiðjur betur búnar framleiðslutækjum og hafa að jafnaði náð betri nýtingu hráefnis en hér er algengast. Á allra síðustu árum hefur þó stórauknu fjármagni verið varið til fjárfestingar í íslenskum loðnuverksmiðjum, svo sem fram kemur í skýrslu áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um loðnuverksmiðjur frá jan. 1979. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir framkvæmdum, sem unnið hefur verið að á undanförnum tveim árum, og þeim áætlunum um framkvæmdir, sem uppi eru. Fram kemur að á árinu 1977 var á vegum loðnuverksmiðjanna varið 1886.6 millj. kr. og á árinu 1978 2234.9 millj. kr. til framkvæmda, en á árinu 1979 er áætlað að verja 2976.8 millj. kr. Af þessum upphæðum er einungis óverulegum fjárhæðum varið til mengunarvarna.

Gera þarf stórátak til úrbóta í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja hér á landi á næstu árum. Leggja ber á það höfuðáherslu að firra sem fyrst íbúa þeirra byggðarlaga, sem nú eru verst sett í þessum efnum, þeim óþægindum sem loftmengunin hefur valdið, jafnframt því að komið verði í veg fyrir alvarlega mengun sjávar af völdum frárennslis. Jafnframt þarf að samræma aðgerðir í mengunarmálum úrbótum á öðrum þáttum í rekstri verksmiðjanna. Þannig má í ýmsum tilvikum koma við aðgerðum til hagræðingar og framleiðniaukningar samhliða mengunarvörnum í stað þess að einungis verði um fjárfestingu í fjárhagslega óarðbærum mengunarvarnabúnaði að ræða. Sérstaklega ber að athuga í hverju tilviki hvort hagkvæmt sé að taka upp gufuþurrkun í stað eldþurrkunar, en með gufuþurrkun má auka gæði framleiðslunnar. Enn fremur þarf að taka tillit til sjónarmiða orkusparnaðar, en á undanförnum árum hafa m. a. komið fram hugmyndir um nýtingu þeirrar orku sem felst í útblásturslofti fiskimjölsverksmiðja.

Ljóst má vera af framansögðu að nauðsynlegt er að efna til samstarfs þeirra aðila er vinna að málefnum fiskimjölsiðnaðarins. Virðist eðlilegast að gerð verði víðtæk áætlun um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja, þar sem einnig verði tekið tillit til framleiðni- og orkusparnaðarsjónarmiða. Slíkri áætlun væri heppilegast að skipta annars vegar í almennar lágmarkskröfur, sem allar verksmiðjur verða að uppfylla, og hins vegar frekari kröfur, sem einstakar verksmiðjur yrðu að uppfylla vegna sérstakrar stöðu sinnar, t. d. vegna óheppilegrar afstöðu til byggðar, mikilla afkasta eða langs vinnslutíma. Hinar almennu kröfur þurfa m. a. að ná til aðgerða í frárennslismálum, frumhreinsunar á útblásturslofti, loftræstingar á framleiðslubúnaði og vinnslusölum, frágangs hráefnisgeymslna, frágangs og umgengni um athafnasvæði o. fl. Hinar sérstöku kröfur þurfa hins vegar fyrst og fremst að beinast að frekari aðgerðum til lykteyðingar þar sem þeirra er þörf.

Ljóst er að þær úrbætur, sem hér er um fjallað, munu kosta mikið fé og að árangur muni ekki nást nema til komi fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera. Sérstaklega ber að hafa í huga í þessu sambandi að verulegur hluti kostnaðar mun óhjákvæmilega verða fjárhagslega óarðbær fyrir verksmiðjurnar. Á fjárlögum fyrir árið 1979 er í fyrsta sinn veitt heimild til þess að fella niður aðflutningsgjöld af búnaði til mengunarvarna. Til þess að tryggja þá samræmingu aðgerða, sem rætt er um hér að framan, er hins vegar nauðsynlegt að aðflutningsgjöld verði einnig felld niður af meginframleiðslubúnaði fyrir fiskimjölsverksmiðjur, svo sem gufuþurrkurum, gufukötlum o. fl. Auk þessara aðgerða er ljóst að einnig verður að koma til stóraukin lánafyrirgreiðsla til verksmiðjanna þannig að dreifa megi kostnaði við mengunarvarnir yfir hæfilegt tímabil. Sérstaklega þarf að meta í þessu sambandi hvort heppilegt sé að leggja hluta af hráefnisverði verksmiðjanna í sérstakan sjóð til fjármögnunar á úrbótum í þessum málum."

Hér lýkur grg. og litlu þarf við að bæta, enda ærinn lestur orðinn. Þegar bræðsla sumarloðnunnar kemur svo til einnig, þá verður vandamálið víða enn hrikalegra, svo sem vel kom í ljós s. l. sumar, þó að sumarið væri kalt, hvað þá ef við fengjum eðlileg heit sumur. Æ víðar er fólk að rísa upp og heimta aðgerðir, unir því hreinlega ekki að búa jafnvel mikinn hluta ársins í meiri og minni mekki frá verksmiðjunum, jafnvel svo að vart sést til sólar þegar hún er hæst á lofti. Þessu verður að mæta að sjálfsögðu. Hér er einnig um einn þýðingarmesta þáttinn að ræða í framleiðslu okkar sjávarafurða, og vonandi fer hann ekki rýrnandi, og því er skylda jafnt til þeirra, sem við framleiðsluna fást beint, og opinberra aðila, fjárveitingarvaldsins þó jafnvel enn frekar, að láta til sín taka í málinu. En málið er ekki auðleyst þó vandinn sé ótvíræður. Því dugir hér ekkert minna en heildarúrbætur, skipulegar og vel undirbúnar. Fjármagnsleiðin er svo veigamikil, að að henni þarf að hyggja alveg sérstaklega, svo sem hér er ráð fyrir gert. Í engu duga vettlingatök. Málið þolir enga bið. Það hefur þegar fengið margvíslegan undirbúning og rannsóknir og athuganir hafa verið framkvæmdar, ýmsar aðgerðir einnig. En fyrst og síðast mun fólkið, sem við þessa mengun býr, hvort sem það vinnur í þessum verksmiðjum eða býr við hana að öðru leyti, hreinlega ekki una svo algjörlega óviðunandi aðstæðum, og æ víðar mun koma til beinna árekstra, eins og við höfum séð glögg dæmi um, — árekstra svo sem hugsanlegra stöðvana á dýrmætri framleiðslu, sem aftur bitna bæði á einstökum stöðum, þar sem þetta er veigamikill þáttur í atvinnulífinu, og að sjálfsögðu á þjóðarheildinni um leið. Því þarf hér inn í að grípa. Till. er flutt til enn frekari áherslu á nauðsyn aðgerða, og þess er að vænta, að Alþ. samþykki þessa till. í einhverju því formi, sem viðunandi mætti teljast og í kjölfar þess verði í alvöru að málinu unnið í heild svo að nauðsynleg úrlausn megi fást sem fyrst.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. atvmn.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Í þessari till. til þál. um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum er hreyft stóru máli, hvort heldur það er metið frá tæknilegum, fjárhagslegum eða heilbrigðisverndarlegum sjónarmiðum. Í sjálfu sér er ég algjörlega

sammála því, að hefjast þurfi handa um ítarlega athugun þessa máls. Sú athugun hlýtur að verða fjölþætt. Í fyrsta lagi þarf að kanna hina tæknilegu og fjárhagslegu hlið mjög vandlega. Á markaðnum eru margar gerðir hreinsibúnaðar sem byggjast á töluvert mismunandi aðferðum og tæknilegum lausnum, og þróun á þessu sviði hefur verið nokkuð ör á síðari árum. Nauðsynlegt er að gera ítarlega athugun og samanburð á gerð og eiginleikum þessa búnaðar, hreinsihæfni hans við mismunandi þurrkunaraðferðir hráefnis, og orkunotkun, sem er mjög mikilvægt atriði, stofnkostnaði og rekstrarkostnaði miðað við afkastagetu, svo og tæknilegri og markaðslegri stöðu mismunandi lausna.

Ég hef fengið í hendur skýrslu um hina tæknilegu hlið þessa máls, sem gerð var á vegum Iðntæknistofnunar Íslands og er dags. 30. des. s. l. Sú skýrsla er að vísu aðallega gerð til athugunar á markaðshæfni hreinsitækja sem framleidd eru af einu innlendu fyrirtæki, Lofthreinsun hf. Kópavogi, en almenn hæfni þessara tækja er þar þó borin saman við framleiðslu tveggja danskra og eins norsks fyrirtækis.

Í niðurlagi skýrslunnar hvetur höfundur hennar til þess, að leitað verði ódýrra og traustra lausna, þar sem fjárhagsbyrðar verksmiðjanna af lykteyðingu verði sennilega afar þungar. Rætt hefur verið um að kostnaður við fullkominn hreinsibúnað gæti numið allt að einum milljarði kr. fyrir stærstu verksmiðjurnar, en þær eru, eins og frsm. gat um, 33 talsins á landinu, auðvitað mjög mismunandi stórar. Ekki vil ég taka neina ábyrgð á þeirri áætlun eða þessari tölu, en hitt er ljóst, að hér er um gífurlegar fjárhæðir að tefla. Ég hygg að skýrsla sú, sem ég vitnaði til, sé mikilvægt innlegg í þetta mál og á henni verði unnt að byggja áframhaldandi athuganir. Hún er hins vegar engan veginn endanleg eða tæmandi, eins og höfundur hennar tekur sjálfur fram, og raunar alls ekki ætlað að vera það.

Þá tel ég mikilvægt að eðli og skaðsemi þessarar mengunar verði betur rannsökuð en gert hefur verið. Enginn dregur óþægindin í efa, en mikilvægt er að afla frekari upplýsinga um skaðsemi hennar á heilsu fólks og umhverfi þess en nú liggja fyrir. Þegar þessum athugunun er lokið tel ég tímabært að settar verði fastmótaðar reglur um þær lágmarkskröfur sem fiskimjölsverksmiðjur þurfi að fullnægja. Það er misskilningur hjá flm., að Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafi þegar gert til rn. till. um slíkar reglur. Að undirbúningi þeirra hefur verið unnið um nokkurt skeið af hálfu Heilbrigðiseftirlitsins og liggja þar nú fyrir drög að nýrri reglugerð um þetta efni. Hef ég séð þessi drög, en ekki fengið þau í hendur sem formlega tillögu Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Hins vega hef ég nýlega móttekið bréf, dags. 4. þ. m:, sem forstöðumenn Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Iðntæknistofnunar Íslands rita sameiginlega. Þar segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Eins og kunnnugt er hefur margt verið rætt og ritað um mengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur um nokkurt skeið unnið að reglugerðarsmíð um þetta efni. Ýmsir erfiðleikar hafa komið fram við ritun reglugerðarinnar, m. a. það að gera má ráð fyrir því, að allnokkur kostnaður muni verða því samfara að draga úr loft- og vatnsmengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Iðntæknistofnun Íslands eru sammála um að um nokkuð flókið verkefni er að ræða, þannig að taka verður tillit til margra aðila. Það er því sameiginleg till. beggja stofnananna, að heilbrmrn. skipi nefnd fulltrúa fiskimjölsframleiðenda, Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Iðntæknistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og framleiðenda lofthreinsibúnaðar fyrir fiskimjölsverksmiðjur til þess að semja drög að reglugerð eða staðli um loft-, land- og vatnsmengun frá fiskimjölsverksmiðjum."

Ég hef nú tilmæli bréfritara til athugunar. Mér virðist að fyrirliggjandi reglugerðardrög geti orðið ákjósanlegur grundvöllur að starfi slíkrar nefndar. Samkv. því, sem ég hef nú sagt, tel ég enn varla tímabært og raunar ekki framkvæmanlegt að láta gera þá áætlun sem þáltill. beinist að. Á málefninu hef ég hins vegar fullan skilning og velvilja og vil gjarnan stuðla að framgangi þess eins og aðstæður frekast leyfa.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Með þessari till. til þál. er hreyft miklu vandamáli, — máli sem þarf að gefa gaum að og láta ekki langan tíma líða án þess að hafist sé handa í stærri stíl en hingð til hefur verið gert. Þetta mál snertir mengunarvarnir og umhverfisvernd, sem er víðtækara mál. Ég vil í því sambandi minna á að á árunum 1975—78 var unnið að því að undirbúa almenna löggjöf um umhverfisvernd.

Það mun hafa verið vorið 1975 að skipuð var nefnd manna til að semja frv. að slíkri löggjöf, og var formaður þeirrar nefndar Gunnar G. Schram prófessor. Sú nefnd lagði fram mikla vinnu í þessu efni og skilaði frv. ári síðar. Var þá ákveðið að málið skyldi skoðað að nýju og leitað umsagna ýmissa aðila sem málið snerti verulega. Þetta frv. með grg. var þá sent til margra aðila og komu umsagnir frá 15 þeirra, og vil ég lesa hér upp frá hvaða aðilum þessar umsagnir komu, vegna þess að það gefur nokkra mynd af víðfeðmi málsins. Umsagnir bárust frá Ferðamálaráði Íslands, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Náttúruverndarráði, Hafrannsóknastofnuninni, Iðnþróunarstofnun Íslands, Landvernd, Rafmagnsveitum ríkisins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Sementsverksmiðju ríkisins, Skógrækt ríkisins, Skipulagsstjórn ríkisins og Vegagerð ríkisins. Þessi upptalning sýnir hversu víðtækt þetta mál er og hversu margvísleg sjónarmið þarf að hafa og mörg tillit að taka.

Nefndin fjallaði svo um allar þessar umsagnir, athugaði frv. að nýju, og síðan lagði ég fram á Alþ. vorið 1978 sem félmrh. fyrir hönd þáv. ríkisstjórnar frv. til l. um umhverfisvernd. Það má segja, að meginefni þess hafi verið tvíþætt: annars vegar að samræma og setja ný ákvæði um umhverfis- og mengunarvarnir, og í öðru lagi um yfirstjórn þessara mála, en það hefur verið og er einn annmarki á framkvæmd þessara mála hér, undir hversu marga aðila þau falla. Niðurstaðan varð sú hjá nefndinni og ákveðið var í frv. að sérstök stjórnardeild í stjórnarráðinu skyldi fjalla um þetta mál. Það var rætt um það í nefndinni, hvort stofnað skyldi sérstakt rn. í þessu skyni. Þáv. ríkisstj. taldi ekki ástæðu til þess, heldur yrði sérstök deild innan einhvers þeirra rn., sem fyrir voru, sem fjallaði sérstaklega um þetta mál, sameinaði yfirstjórn þess og bæri ábyrgð á framkvæmd þessara mála. Í frv.sjálfu var ekki tekin bein afstaða til þess, hvaða rn. þetta skyldi vera. Það var haft þó í huga, að eðlilegast væri að það væri félmrn. sem yrði þessi sameiningaraðili.

Þetta frv. var lagt fram vorið 1978 og vannst af eðlilegum ástæðum tímans vegna ekki tóm til að fjalla um það frekar eða afgreiða það. En við 1. umr. málsins hlaut frv. ágætar undirtektir, og m. a. eru minnistæð ummæli hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefáns Jónssonar, sem lauk ræðu sinni á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil aðeins í lokin segja það, að fyrir þá forsjón, sem kemur fram í þessu frv., og fyrir frumkvæði hæstv. ráðh. í þessu máli er ég reiðubúinn að fyrirgefa ýmislegt."

Ég tel mjög æskilegt, að þetta frv. verði tekið upp og flutt að nýju, og ég vænti þess, að síðan þetta frv. var lagt fram — en tvenn stjórnarskipti hafa orðið síðan — hafi um frv. verið fjallað í viðkomandi ráðuneytum og vafalaust leitað frekari umsagna ýmissa aðila sem þar eiga hlut að máli. Ég tel brýna nauðsyn að við Íslendingar fáum sem fyrst almenna löggjöf um umhverfismál, m. a. um náttúruvernd og mengunarvarnir.

Í sambandi við mengunarvarnir kemur einnig annað atriði upp og það er hlutur íslensks iðnaðar. Ljóst er að mengunarvarnir við ýmiss konar atvinnufyrirtæki, ekki síst fiski- og síldarmjölsverksmiðjur, hljóta að verða mjög kostnaðarsamar. Fyrir allmörgum árum hóf hinn kunni hugvitsmaður, Jón Þórðarson á Reykjalundi, smíði og tilraunir með tæki til mengunarvarna, sem á sínum tíma voru prófuð í Álverinu, í Kísiliðjunni og á mörgum stöðum öðrum og hafa m. a. verið sett upp í Hafnarfirði. Í sambandi við þetta mál, ekki aðeins mengunarvarnir almennt, heldur hversu hægt væri að efla hlut íslensks iðnaðar og nýta íslenskt hugvit og framtak í þessum efnum, var það 5. okt. 1977 sem iðnrn. efndi til fundar í því rn. til að ræða þessi mál. Þangað komu m. a. fulltrúar frá heilbr.- og trmrn. auk fulltrúa frá iðnrn., fulltrúar frá Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins, Álverinu, Raunvísindastofnun háskólans og frá allmörgum síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, svo sem í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Akranesi og Keflavík. Auk þeirra, sem ég nú hef talið, voru ýmsir fleiri sérfræðingar á þessum fundi. Sá fulltrúi, sem iðnrn. og félmrn. höfðu á sínum tíma tilnefnt í þá nefnd, sem undirbjó frv. um umhverfisvernd, Edgar Guðmundsson verkfræðingur, gerði ítarlega grein fyrir þessu máli á þessum fundi, þar sem hann ræddi einkum möguleikana á hinni íslensku framleiðslu í þessu efni, þ. e. tilraunir Jóns Þórðarsonar, og hversu mætti nota þær í sambandi við mengunarvarnir.

Ég skal ekki rekja þetta frekar, en bendi aðeins á að í októbermánuði 1977 var haldinn fundur með öllum helstu aðilum sem það mál snertir sem hér er hreyft. Um þessar mundir stofnaði svo hugvitsmaðurinn Jón Þórðarson fyrirtækið Lofthreinsun hf., sem hér hefur einnig verið gert að umtalsefni.

Ég tek undir það eindregið, að hér er mikið verkefni fyrir höndum hjá okkur Íslendingum að efla mengunarvarnir í verksmiðjum. Ég legg áherslu einnig á að þess sé gætt að efla hér íslenskan iðnað, og þegar liggur fyrir að tæki, sem smíðuð hafa verið, og tilraunir, sem gerðar hafa verið, benda til þess, að hér sé um að ræða framleiðslu sem a. m. k. í mjög mörgum, jafnvel í flestum tilvikum stendur erlendri framleiðslu fyllilega á sporði. Ég vildi í sambandi við þetta athyglisverða mál, sem hv. 1. flm. gerði ítarlega grein fyrir, láta þessi atriði koma fram.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þessarar þáltill. þakka fyrir jákvæðar undirtektir sem hún hefur fengið hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. og hv. þm. Gunnari Thoroddsen. Ég held að það blandist engum hugur um það, að nauðsynin á úrbótum í sambandi við mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum hérlendis er afar brýn, og ég vil í tilefni þess, sem hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði um þetta, láta það koma fram, að ég tel að það sé ekki eftir miklu að bíða að hefja það átak, sem þáltill. gerir ráð fyrir, og vinna að þeirri áætlun, sem þar er gert ráð fyrir að gerð verði. Ég held að það geti vel fallið að undirbúningi þess máls, að aðilar, sem þetta mál snertir mest komi saman á vettvangi nefndar eða með öðrum hætti til þess að leggja fram viðhorf sín og tillögur varðandi slíka áætlunargerð. En mér finnst það liggja í orðum hæstv. ráðh., að ekki væri tímabært að hefja vinnu að áætlun af þessu tagi, um þessar mengunarvarnir, heldur þyrfti fyrst að fara fram eins konar frumkönnun á vettvangi nefndar og síðan þyrfti að athuga fjölmörg atriði, m. a. tæknilegar hliðar, búnað og annað þess háttar.

Þetta viðhorf kann að stafa af nokkrum ókunnugleika á þessum málum — skal ég þó ekki um það dæma — en þessi mál eru ekki svo flókin, þó nokkuð flókin geti talist, að það þurfi sérstakar frumkannanir hérlendis að þessu leyti. Þetta er alþekkt vandamál í grannlöndum okkar, sem þar hefur verið sigrast á með myndarlegm hætti. Í Færeyjum, ekki þarf lengra að leita, held ég að loftmengun af því tagi, sem við megum búa við í okkar sjávarplássum víða um landið af völdum fiskimjölsverksmiðja, hafi verið útilokuð að verulegu leyti, og í Noregi og Danmörku hefur verið ráðin bót á þessum málum.

Það hefur réttilega verið á það bent, að aðstæður hérlendis séu að því leyti ólíkar því sem sums staðar gerist í grannlöndum okkar, að starfstími þessara verksmiðja þar sé til muna lengri en hér gerist, og því sé að tiltölu kostnaðarsamara að koma upp mengunarvarnabúnaði við hérlendar verksmiðjur. Ég get alveg fallist á það, að þetta er réttmæt ábending. En hún vísar einnig til þess, sem ég tel nauðsynlegt, að það sé metið og raunar gerð áætlun um endurbyggingu á þessum verksmiðjukosti okkar hérlendis og þá með það í huga að ná fram betri nýtingu á verksmiðjunum en nú er, e. t. v. með sameiningu þeirra, þ. e. að fækka þeim að einhverju leyti, ef horft er til langs tíma, og reyna þannig að auka nýtingartímann. Slíkt er að sjálfsögðu alltaf viðkvæmt atriði, ef leggja á af fyrirtæki af þessu tagi í einhverju byggðarlagi. En á þessi mál verður að líta raunsætt, og það er hægt að skipta verkum þannig að menn geti við unað. Það þarf líka að hugsa um rekstrarafkomu þessara fyrirtækja hvað hinn almenna rekstur snertir og taka þar inn í, svo sem réttmætt er og nauðsynlegt, kostnað við viðunandi mengunarvarnir.

Mér er það minnisstætt áður en ég kom á Alþ. — ég held að það hafi verið veturinn 1977—78 — að málefni fiskimjölsverksmiðja voru til umr. hér á hv. Alþ. og fjölmargir alþm. tóku þar til máls um þessi efni. Var einkum um það rætt, hvort auka ætti við verksmiðjukostinn, fjölga þeim, — mig minnir að það hafi verið aðalinntakið, — en ég man ekki eftir að mengunarvarnir eða sá þáttur hafi yfirleitt komið inn í þær umræður. Það hefur þó varla farið fram hjá mörgum hv. alþm., hversu mikill ami er að þeirri mengun, sem frá fiskimjölsverksmiðjunum stafar, og hversu afar brýnt er að

þar verði ráðist í úrbætur.

Eins og fram kemur í þessari till. okkar og hv. frummælandi hefur þegar komið hér á framfæri, gerum við ekki ráð fyrir að hægt verði að leysa þennan vanda á mjög skömmum tíma. En þeim mun brýnna er að í verkið sé ráðist myndarlega, þeim undirbúningi lokið, sem eftir er, og málin síðan tekin í réttri röð.

Hæstv. ráðh. vék að tæknilegri hlið málsins og nauðsynlegri athugun á búnaði, og ég vil ekki gera lítið úr því að menn velji þar rétt. En ég tel ekki að það eigi að vera stjórnvöld, sem kveði upp dóma um hvers konar búnaður, af hvers konar gerð, eigi að vera valinn til mengunarvarna, heldur eigi stjórnvöld að setja almennan mælikvarða um það, hvaða kröfur slíkur búnaður eigi að uppfylla. Það er gott dæmi í þessu sambandi að benda á til hvers það getur leitt, ef stjórnvöld eru farin að skipa fyrir um þessi efni, og þar á ég við þær ábendingar eða fyrirmæli, sem komu frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins á árunum upp úr 1970, þar sem talið var rétta ráðið við þessum vanda að hækka skorsteina á viðkomandi verksmiðjum og ekki vísað á aðrar lausnir. Nokkur fyrirtæki lögðu í verulegan kostnað í þessu skyni. Sums staðar lukkaðist þetta, annars staðar ekki. Slík tiltölulega *einföld en þó nokkuð dýr lausn* getur skilað árangri við sérstakar aðstæður, landfræðilegar aðstæður, eins og t. d. í Þorlákshöfn, *en það fer mjög eftir því hvernig háttar* til og hversu víðlend sú byggð er sem um er að ræða. Hækkun reykháfa hefur t. d. *sáralitla þýðingu* í þröngum, luktum fjörðum eins og víða á Austfjörðum, þar sem reykmökkur frá verksmiðjunum *fyllir firðina á kyrrum* dögum og eyðileggur fyrir íbúum þessara byggðarlaga þá ánægju sem er að þessum góðviðrisdögum, einkum að sumarlagi, og það er alveg sérstaklega eftir að bræðsla hófst að nýju á loðnu að sumarlagi að mjög verulega hefur aukist þrýstingur frá íbúum þessara byggðarlaga og kvartanir yfir því angri og ama sem af þessari mengun stafar.

Ég vil þess vegna vara við því út af fyrir sig, að stjórnvöld ætli sér að setjast í dómarasæti varðandi það, hvað sé nákvæmlega hinn tæknilega rétti búnaður, þó að eðlilegt sé að því sé gefið auga.

Annað atriði er svo það, hvernig hægt er að auðvelda íslenskum iðnaði að taka þátt í að leysa þau verkefni sem liggja fyrir á þessu sviði eins og mörgum öðrum sviðum, þar sem um er að ræða framleiðslu á búnaði sem nota þarf hérlendis. Eru þá mengunarvarnartæki ekkert sérstakt mál út af fyrir sig, heldur þarf að horfa þar til sem flestra framleiðsluþátta, en einnig að sjálfsögðu til þessa. Og hv. þm. Gunnar Thoroddsen benti réttilega á það, að full ástæða væri til að leitast við að greiða götu innlendra iðnfyrirtækja sem ætla sér að ráðast í framleiðslu á búnaði af þessu tagi, sem byggður er á íslensku hugviti, starfi íslensks uppfinningamanns. En það er langt frá því að við búum þannig að okkar framleiðsluiðnaði að þessu leyti, að hann búi við nokkuð sem heitir svipuð, hvað þá sambærileg kjör og gerist í grannlöndum okkar með aðgang að fjármagni, ekki síst þegar um er að ræða þróunarstarfsemi þar sem reynir á rannsóknir frá grunni og þróun á framleiðslubúnaði frá grunni. Ég tel að Jón Þórðarson og þeir, sem með honum hafa unnið að þessu máli, og það fyrirtæki, sem vaxið hefur upp í kringum hans uppfinningu. Lofthreinsun heitir það, að mig minnir, hafi af ótrúlegri þrautseigju leitast við að vinna sínum málum brautargengi og þróa sinn búnað, og ég óska þess að sjálfsögðu að þeir nái árangri. *En við þurfum að gæta* þess, að það gerast ekki kraftaverk þarna, þó að ötullega sé unnið, nema sæmilega sé staðið að aðbúnaði þessa iðnaðar og hann hafi raunverulega samkeppnismöguleika við iðnað sem erlendis starfar.

Það væri ástæða til að ræða mörg önnur mál í tengslum við þetta efni, en ég ætla ekki að taka langan tíma til þess. En vegna þess að hv. þm. Gunnar Thoroddsen vék að merku máli áðan vil ég þó fara nokkrum orðum um það efni sem hann kom aðallega að í sínu máli, en það er nauðsynin á endurbættri löggjöf varðandi umhverfismál hér hjá okkur. Þar hefur hann átt góðan hlut að með því frv., sem flutt var á Alþ. vorið 1978, um umhverfismál. Þó að ég sé ekki samþykkur því frv. efnislega um öll atriði og telji að þar séu vissir þættir sem þurfi lagfæringar við og þurfi að vera öðruvísi áður en löggjöf verði fullbúin og afgreidd, þá tel ég að að stofni til hafi þar verið um gott mál að ræða og það séu fyrst og fremst einstök atriði sem þurfi nánari skoðunar við og breytinga í sambandi við löggjöf.

Við erum í þessum efnum mjög verulega á eftir þróun sem orðið hefur í grannlöndum okkar varðandi athugun þessara mála og löggjöf á þessu sviði. Í flestum Evrópulöndum ef ekki öllum utan Íslands, þ. e. í Vestur-Evrópu, hafa verið sett á fót sérstök umhverfismálarn., og þau hafa fengið býsna víðtækt verksvið, því að þessi málaflokkur er mjög víðtækur. Við getum mjög margt af grönnum okkar lært að þessu leyti. Nú er það auðvitað ekki meginmál að stofna sérstakt rn., heldur að sjálfsögðu að haga skipan þessara mála þannig að staðið sé að framkvæmd eins og best má verða. En ég held að öllum *megi vera ljóst*, að núverandi skipan þessara mála í okkar stjórnkerfi er allsendis ófullnægjandi og stendur verulega *í vegi fyrir réttum* og eðlilegum tökum þessara mála og eðlilegri þróun hér í umhverfismálum. Því er mjög brýnt að frv. af þessu tagi, *sem fjalli um svipuð efni* og geti byggt að verulegu leyti á því frv., sem hér var lagt fram vorið 1978, komi aftur fram á Alþingi.

Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók þetta mál upp í samstarfssáttmála sínum og gerði einmitt ráð fyrir að löggjöf af þessu tagi yrði hér sett. Þessu máli var hreyft í fyrravetur í ríkisstj. og um þetta rætt, og páv. hæstv. félmrh. og heilbr.- og trmrh., Magnús H. Magnússon, sá er enn gegnir því starfi, hafði um það frumkvæði að sýna þetta mál í ríkisstj. Það komu fram ábendingar um æskilegar breytingar og var verið að vinna að þessum málum þegar ríkisstj. fór frá, og ég treysti því, að sú ríkisstj., sem væntanlega verður mynduð áður en allt of langt um líður, taki myndarlega á þessum málum og gefi þeim verðugan gaum, þannig að ekki verði óhæfilegur dráttur á að við fáum hér nothæfa löggjöf, góða löggjöf á þessu sviði.

Það gæti verið ástæða til þess, hv. þdm. til glöggvunar, að víkja að því, hvaða þættir það eru sem ættu að eiga heima í stjórnkerfinu og gætu fallið undir umhverfismálaflokkinn. Þar er að sjálfsögðu um að ræða almenna náttúruvernd, útivistarmál og með óbeinum hætti ferðamál — þó að ég sé ekki að leggja til að þau falli þar undir í heild sinni — mengunarvarnir hvers konar, skipulagsmál — og þá í endurbættri löggjöf, því það er afar brýnt að okkar skipulagslöggjöf verði tekin til endurskoðunar og verði endurbætt út frá því sjónarhorni að sá málaflokkur tengist í fyrsta lagi skipulagi landsins alls, en einnig að felldar verði saman áætlanir um landfræðilegt og hagrænt skipulag og raunar félagslegir þættir

líka. Norðurlöndin hin hafa tekið þessi mál upp til endurskoðunar í löggjöf á undanförnum árum og þangað mætti leita eftir mjög gagnlegum fyrirmyndum að þessu leyti, þó að ég sé engan veginn að leggja til að við séum að herma þar allt eftir. Við höfum okkar sérstöðu sem taka þarf tillit til. Inn í þetta þurfa að koma auðlindamálin alveg sérstaklega, þ. e. athuganir á okkar auðlindagrunni og æskileg stýring og ábendingar til fagráðunauta varðandi meðferð okkar auðlinda. Norska umhverfisráðuneytið hefur sérstaka auðlindadeild, og þar hafa verið þróaðar aðferðir til eins konar auðlindafjárlaga, þ. e. tillögugerð, sem byggist á mjög víðtæku mati og rannsóknum, um norskar auðlindir. Þeir tóku sérstaklega fyrir orkulindir sínar og lífrænar auðlindir sjávar þegar þeir voru að prófa líkön varðandi þessi atriði. Og ég tel að meðferð okkar mála að þessu leyti þurfi að vera með ekki ósvipuðum hætti, þannig að það séu ekki einvörðungu viðkomandi fagráðuneyti, sem leggi mat á nýtinguna, heldur sé það aðili sem eigi alveg sérstaklega að gæta þess að um hóflega og skynsamlega nýtingu sé að ræða, horft til lengri tíma. Fagráðuneytin eru oft — og mjög eðlilega — undir verulegum þrýstingi frá viðkomandi hagsmunaaðilum þegar um nýtingu er að ræða. Það getur verið mjög gagnlegt að hafa aðila í stjórnkerfinu sem á lögum samkvæmt að horfa á þessi mál í heild sinni.

Þessu skyld er landnýtingin og tengist að sjálfsögðu skipulagsmálunum, einnig málefni eins og skógrækt og landgræðsla sem nú heyra undir landbrn. Sjálfsagt yrði umdeilt hvort það ætti að færa undir umhverfismálaráðuneyti, þó að það sé gert t. d. í Danmörku. Þar eru skógræktarmál undir þeirra umhverfisráðuneyti. Þjóðminjavernd gæti vel átt heima í slíku rn. — Danir hafa t. d. tekið sína þjóðminjavernd undir umhverfisráðuneytið — að sjálfsögðu friðun plöntu- og dýrategunda og almenn dýraverndarmál, meðferð eiturefna og hættulegra efna, sem sérstök reglugerð gildir um og vísað er til í grg. með þessari þáltill., og svo að sjálfsögðu alþjóðasamningar um umhverfismál. Slíku rn. eða stjórnardeild mundu síðan tengjast fjölmargar stofnanir í okkar stjórnkerfi, sem nú heyra undir fjölmörg rn. Sum gætu með beinum hætti tengst umhverfisráðuneyti eða tengsl yrðu sköpuð með óbeinum hætti, sem einnig gæti átt við í mörgum tilfellum. Þetta segi ég hér aðeins til að vekja athygli á því, að hér er mikil nauðsyn á að taka þessi mál nýjum tökum og endurskoða löggjöf okkar að þessu leyti.

Það var vakin athygli á þessum málum á náttúruverndarþingi vorið 1972 í till. sem ég átti raunar hlut að ásamt fleirum að þar var flutt, og síðan tók Náttúruverndarráð þetta mál upp sérstaklega og hreyfði því við stjórnvöld. Upp úr þessu óx það frv., sem getið var um áðan og margt gott má um segja.

Ég vil svo að endingu vænta þess, að sú þáltill., sem hér er flutt um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, fái góðan framgang og stuðning hér í Sþ., þess verði ekki langt að bíða og við þurfum ekki að fara hér af þinginu án þess að samþykktir hafi verið gerðar í þá átt sem þessi till. vísar til.

Mengunarmál hafa oft verið til umr. hér á Alþ. en þau hafa alveg sérstaklega verið í tengslum við orkufrekan iðnað og stóriðjuver sem reist hafa verið eða áformað hefur verið að reisa í landinu. Það hefur sannarlega ekki verið að ófyrirsynju að um þau mál hefur verið fjallað og lögð rík áhersla á að með aðgæslu væri farið og miklu til kostað til þess að tryggja að umhverfissjónarmiða sé gætt. En mér finnst oft að það gæti nokkurs ósamræmis í málflutningi varðandi þetta. Þegar litið er til fyrirtækja, sem eru af öðrum ástæðum kannski ekki umdeild hjá okkur, vill oft gleymast að endurbóta sé þörf og það brýnna endurbóta. Þetta á við okkar fiskimjölsverksmiðjur bæði að því er varðar loftmengun og einnig varðandi lagarmengun.

Ég vil líka geta þess hér að endingu, að þó að kostnaður muni verða verulegur við úrbætur í þessum efnum, þá er ekki víst að hann sé jafnmikill og menn telja fljótt á litið. M. a. hefur það komið fram, að við lausn á mengun sjávar frá fiskimjölsverksmiðjum hefur í rauninni verið um að ræða að auka nýtingu hráefnis stórlega með þeim úrbótum sem þar hefur verið við komið í sambandi við soðkjarnatæki og vinnslu úr þeim úrgangi sem áður streymdi í sjóinn, þannig að tækjabúnaður af þessu tagi hefur borgað sig upp á skömmum tíma. Og það er alls ekki útilokað, heldur þvert á móti líkur á því, að það megi draga mjög verulega úr tilkostnaði við lausn á loftmengun frá fiskimjölsverksmiðjum með aðferðum sem þróaðar hafa verið erlendis, sumpart t. d. í Noregi, þar sem orkan, sem streymir upp um reykháfa þessara verksmiðja, er tekin og tengd soðkjarnavinnslu og með því sparaður verulegur tilkostnaður í orkunotkun með þeim hætti. Ef vel er að staðið og gefinn gaumur að mögulegum orkusparnaði í sambandi við lausn loftmengunar frá fiskimjölsverksmiðjum, þá hygg ég að lausn þessa máls geti orðið auðveldari en margur hyggur og hagur verksmiðjanna verulegur. En hér verða stjórnvöld að koma inn í sem aðili sem stýrir þessum úrbótum, setur almennar reglur, en tryggir einnig að þessi þýðingarmikli rekstur ráði við þær úrbætur sem nauðsynlegar eru. Og það er auðvitað mjög eðlilegt að þetta sé tekið inn í rekstrardæmi fiskimjölsverksmiðjanna almennt séð og svo að öðru leyti hlúð að úrlausn mála, m. a. með tilliti til hagsmuna innlends iðnaðar á þessu sviði.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil, eins og aðrir hv. þm. sem tekið hafa til máls á undan mér um þessa þáltill. um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, lýsa yfir fylgi mínu við málið. Að mínum dómi er óafsakanlegt hversu hefur verið látið dragast að gera ráðstafanir til að losa íbúa þéttbýlisstaðanna í grennd við fiskimjölsverksmiðjurnar við þau viðbjóðslegu óþægindi sem stafa af ólyktinni frá þessari starfsemi. Aftur á móti hlýt ég að vekja athygli á því, að þar sem ólykt er frá fiskimjölsverksmiðjunum, frá bræðslunum, þar er ólykt af sóðaskap sem haldið getur áfram þótt ólyktin sé fjarlægð. Það er mála sannast, að í ofurkappi okkar og dugnaði við nýtingu á gæðum sjávar höfum við ekki gefið okkur tóm til að ástunda hina fegurstu eða æskilegustu umgengni í meðferð hráefna. Sú saga er gömul, en því meir sem við höfum tekið úr sjónum af verðmætum okkar til framfærslu, því meir hefur úrkastið orðið, og því miður hefur sóðaskapurinn í meðferð sjávarafla aukist á liðnum áratugum.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson drap lauslega á það áðan, að mögulegt kynni að vera ekki aðeins að bæta hag fiskimjölsverksmiðjanna með því að hreinsa frárennslisvatnið í sambandi við framleiðslu soðkjarna í staðinn fyrir að láta grútinn með öllu saman fara í sjóinn, heldur gætum við einnig haft hag af því að hreinsa útblástursloftið eða nýta útblástursloftið frá verksmiðjunum,

þannig að við losnuðum þá við hvort tveggja: hitaútstreymi á þann hátt sem við nú höfum og við lyktina.

Það er hv. alþm. kunnara en svo að ég þurfi að fara að rekja það ítarlega hér, með hvaða hætti við sóum þeim hráefnum sem við tökum úr sjónum í kringum landið, samtímis því sem varla kveður sér hljóðs verkfræðingur eða hagfræðingur meðal vor nú svo að hann tali ekki um ofnýtingu á þessum auðlindum okkar. Það liggur á borðinu fyrir okkur, útreiknað af glöggum mönnum, að með því einu móti að hirða lifrina, sem við nú fleygjum í sjóinn, og slógið úr fiskafla okkar og nýta til bræðslu gætum við fengið upphæð sem nema mundi um 7 milljörðum kr., og sú upphæð þykir nú þess verð að minnast á hana þegar við ræðum um fjárhag ríkisins eða stöðu útflutningsatvinnuveganna. Þá fer það heldur ekkert á milli mála, eftir því sem sérfræðingar hafa sagt okkur fyrir löngu og ítrekað fyrir skemmstu, að með því að hreinsa frárennslisvatnið frá fiskvinnslustöðvum okkar, bæði frystihúsunum og saltfiskverkuninni, og koma þannig í veg fyrir sóðaskap utanhúss, sem m. a. á sök á mikilli fjölgun flugvargs hér á landi, gætum við heimt verðmæti sem stæði miklu meira en undir kostnaðinum sem af hreinsibúnaðinum stafaði.

Það er óþarfi í þessu sambandi að geta þess, sem að vísu var vikið að í framsöguræðu hv. þm. Helga Seljans, eða orðlengja hvernig ástatt er um framleiðslu okkar á fiskimjöli, hversu við í okkar ofurkappi höfum þó dregist aftur úr í framleiðslu á gæðamjöli samanborið við fiskimjölsframleiðsluna hjá frændum okkar Norðmönnum og Færeyingum. — Ég vil aðeins geta þess, vegna þess að hv. síðasti ræðumaður vék að því með hvaða hætti Færeyingar hefðu forðast ólykt frá fiskimjölsverksmiðjum sínum, að Færeyingar framleiða fiskimjöl með nútímatækni sem selst á miklu hærra verði en það fiskimjöl sem við seljum, en hafa valið fiskimjölsverksmiðjum sínum stað með tilliti til þéttbýlisins á stormasamri strönd í fjarlægð frá þéttbýli, þannig að þeir hafa ekki lagt í tiltölulega mikinn kostnað við hreinsibúnað í þeim verksmiðjum.

En svo við víkjum enn að þeim agnúa sem mér finnst þrátt fyrir allt á því að leggja mjög mikið fé af mörkum til að losna við ólyktina eina saman, en huga ekki samhliða að þeim óþrifum og þeirri sóun sem ólyktin stafar af, get ég ekki stillt mig um að geta þess, að ef við tækjum okkur til og notuðum milljón tonn af loðnu, sem við brúkum núna til framleiðslu á fiskimjöli, annars flokks að gæðum, til svínafóðurs og svo náttúrlega til framleiðslu á fyrrgreindri ólykt, — ef við notuðum þessa loðnu til fiskeldis, til laxeldis, gætum við framleitt 250 þús. tonn af laxi með því að nota loðnuna á þann hátt. Ég sagði áðan að verðmætin, sem við köstuðum með slógi og lifur á sjó, næmu 7 milljörðum og það væri talsverður peningur. Svo ég noti sams konar hógværð í orðalagi mundu 250 þús. tonn af laxi, sem við breyttum loðnunni okkar í, nema 750 milljörðum ísl. kr. Það er enn þá meiri peningur.

Þá á ég enn þá eftir að tíunda það sem við sóum á fiskiskipunum okkar með því að henda slóginu, með því að henda smáfiskinum, sem þar kemur um borð, og í allri umfjöllun okkar um sjávarafla. Nú má vel vera að menn drepi þar við fæti og hugsi sem svo, að það sé um langtímamarkmið að ræða þar sem hugað er að því að breyta þeim fiski, sem við förum þannig með, í svo dýrmæta vöru. Það er ekki rétt. Ef við tökum ákvörðun um að hefjast handa í sambandi við fiskræktina hér við land, hvort heldur við ælum fiskinn í þróm við landið, í söltum sjó eða stunduðum hafbeitina, sem kallað er, hef ég grun um að við gætum náð því marki að nýta loðnuna, smáfiskinn, vinnslufiskinn eða bræðslufiskinn fremur til þess háttar arðbærra hluta og við mundum ná því marki miklu fyrr en við munum ná því marki að útiloka algerlega ólykt frá fiskimjölsverksmiðjunum, ekki síst ef haldið verður áfram með sama semingi að vinna að því máli og gert hefur verið á liðnum árum.

Það gladdi mig að hv. þm. Gunnar Thoroddsen skyldi rifja upp þakklæti mitt fyrir frv. sem hann flutti á vordögum 1978 um umhverfisvernd, — ummæli mín á þá lund að fyrir flutninginn á frv. og undirbúning þess gæti ég fyrirgefið honum margt. Það er ekki svo að skilja að ég geti fyrirgefið honum neitt meira fyrir það núna en ég gat þá, en vil aðeins vegna þess þingmáls, sem við ræðum hér, skilgreina þetta dálítið nánar.

Eitt af því, sem ég þóttist geta fyrirgefið honum á þeirri stundu fyrir frv. um umhverfisvernd, var að þar voru lögð á ráðin um með hvaða hætti við gætum komið fram þrifnaði yfirleitt. Þrifnaðurinn var fyrst og fremst markmiðið, en ekki það fyrst og fremst, eins og í öðrum málum sem hv. þm. og þáv. iðnrh. hafði beitt sér fyrir, að fela reyk, ólykt og óhollustu sem stafaði af óþrifnaði í sambandi við framleiðslu.

Ég er sömu skoðunar og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, að gera þurfi ýmsar breytingar á frv. því um umhverfisvernd sem hv. þm. Gunnar Thoroddsen stóð þá að og hv. þm. og þáv. ráðh. tók sjálfur fram, ef mig minnir rétt, í framsöguræðu sinni að í væru ýmis atriði sem þyrftu umfjöllunar og athugunar við. Ég er enn þá þeirrar skoðunar, að þetta frv. sé vel þess virði að dustað verði af því rykið og það lagt fram, e. t. v. með einhverjum breytingum, til umfjöllunar hið allra fyrsta.

Það er rétt, að í grannlöndum okkar í Norðvestur-Evrópu hafa þau mál, sem lúta að umhverfisvernd, verið mjög á dagskrá síðasta áratuginn, misjafnlega þó eftir því hvernig ástatt var um umhverfi þeirra þjóða sem þar búa. Sumar þeirra stóðu orðið mjög illa að vígi vegna sóðaskapar í iðnaðaruppbyggingu liðinna kynslóða. Aðrar stóðu betur að vígi og þar hefur allri umræðu um umhverfisvernd og verndun lífríkis verið hagað á dálítið annan veg en þar sem mjög litlu þarf að kosta til að koma málefnum í rétt horf á skömmum tíma. Og þar, svo sem með grönnum okkar á Norðurlöndum, hafa þróast ný hugtök sem hafa veruleg áhrif á pólitíska hugsun í þessum löndum, jafnvel svo að þar er orðið rætt um „vistpólitík“ í salarkynnum löggjafanna. Þar er átt við að nauðsynlegt sé að marka stefnu stjórnvalda hverju sinni með tilliti til lífríkis og umhverfis og möguleika mannsins að halda áfram að lifa í því umhverfi og í sátt við lífríki sitt, ekki aðeins næstu 15 árin, eins og gjarnan er reiknað með þegar fjallað er um efnahagsmál verksmiðja, ekki síst orkufreks iðnaðar, hvort heldur er fiskimjölsverksmiðja eða málmblendiverksmiðja, heldur fyrst og fremst miðað að því, hvort menn geti lifað þar um ókomin ár, þó þúsundum skipti.

Eg vil lýsa stuðningi mínum við þáltill., en jafnframt vekja athygli á því, að fyrir okkur liggur miklu meira verk en fela ólykt af sóun og sóðaskap, heldur að ráðast gegn slíku, vegna þess að það er okkar hagur og ekki bara hagræði.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Tekjuskipting og launakjör, þáltill. (þskj. 14). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með þessari þáltill. er hún endurflutt frá síðasta þingi, en þar náði hún ekki fram að ganga og hafði ekki fengið afgreiðslu úr n., enda skammur tími til þingslita er hún var lögð fram.

Markmiðið er margþætt, eins og fram kemur í þáltill., en megintilgangurinn er að ná fram allri þeirri yfirsýn og þekkingu sem við getum haft yfir að ráða og nauðsynleg er til að grundvalla á réttláta tekjuskiptingu og launakjör í landinu. Mikilvægi þess, að grundvallarbreytingar eigi sér stað í tekjuskiptingu og launakjörum, er orðið mjög knýjandi og ekki síður einföldun og samræming á launatöxtum og kjaraatriðum sem nú gilda í landinu, en forsenda þess að slíkt sé framkvæmanlegt er að slíkar kannanir fari fram sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir.

Auðvitað hlýtur öllum að vera ljóst, að meðan slíkt óréttlæti viðgengst í tekjuskiptingunni sem nú á sér stað verður alltaf ólga á vinnumarkaðinum. Á því þarf að gera heildarúttekt og könnun, hvaða forsendur og réttlæti liggja að baki þeim geigvænlega mismun sem felst í því að þeir tekjulægstu séu e. t. v. sex- til sjöfalt minna launaðir en hátekjuhóparnir. Hverjar eru helstar orsakir þess, að þeir tekjulægstu eru verr í stakk búnir til að berjast fyrir bættum lífskjörum — hópar sem vinna að undirstöðuframleiðslugreinum þjóðfélagsins? Hvers vegna hafa þeir ekki öðlast þá hlutdeild í bættum þjóðarhag sem almennt getur talist réttmæt? Og hvers vegna hafa aðrir hópar náð fram óeðlilegri aðstöðu og notfært sér hana á óeðlilegan hátt til að knýja fram líf- og launakjör sem eru í engu samræmi við vinnuframlag þeirra? Hvaða raunhæfir mælikvarðar liggja til grundvallar flokkaskipun og ákvörðun um skipan fólks í launaþrep? Eru hinir fjölbreyttu eðlisþættir vinnunnar metnir sem skyldi til að á sanngjarnan hátt sé hægt að ákveða kaup og kjör í landinu? Eru t. d. þættir erfiðis og óþrifnaðar, starfsaldurs, framlags vinnukrafts í framleiðsluskapandi atvinnugreinar þjóðarinnar metnir sem skyldi við ákvörðun launakjara í landinu? Hvers vegna hafa konur minni laun fyrir sömu störf en karlmenn þrátt fyrir lög um launajöfnuð karla og kvenna? Er um að ræða að uppbyggingu launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun í kjörum karla og kvenna? Er um að ræða að slíkt launamisrétti sé falið í stöðuheitum og hversu ráðandi eru yfirborganir umfram taxta á vinnumarkaðinum og er það frekar notað til þess að hygla körlum en konum? Hvaða áhrif hefur skert starfsgeta eða starfsþrek í reynd á eðlilega tekjuskiptingu í landinu og í hve ríkum mæli er hún ákvarðandi um lífskjör þegar önnur atriði eru sambærileg, eins og t. d. menntun og starfsreynsla?

Allt eru þetta veigamikil grundvallaratriði sem nauðsynlegt er að fá svör við ef byggja á upp sanngjarna launamálastefnu í landinu. Þekking á slíkum þáttum er nauðsynleg forsenda þess að efnahags- og kjaramálum sé stjórnað af skynsemi og sanngirni með einhverjum árangri og án alvarlegra árekstra, auk þess sem á grundvelli slíkra upplýsinga mætti einfalda og samræma þann frumskóg launataxta og kjaraatriða, sem almennt gilda, og koma á réttlátri tekjuskiptingu í landinu. Óhætt er að segja að fátt veldur meiri deilum og er jafnvandmeðfarið og launaskiptingin í þjóðfélaginu, enda eru uppi stöðugar kjaradeilur og ágreiningur í þeim málum.

Þegar um svo veigamikinn undirstöðuþátt í þjóðfélaginu er að ræða, sem ræður afkomu heimilanna auk þess að vera snar þáttur í efnahagslífinu í heild, hlýtur að vera grundvallaratriði að þær ákvarðanir, sem teknar eru á því sviði, byggist á allri þeirri yfirsýn og þekkingu á þeim málum sem mögulegt er að við getum haft yfir að ráða. Án slíkrar þekkingar verða allar ákvarðanir í kjaramálum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu handahófskenndar og kannske ekki síður óréttlátar, þar sem raunsætt mat liggur oft ekki til grundvallar ákvarðanatöku í þeim málum, heldur miklu fremur að ýmsar óréttmætar kröfugerðir séu knúnar fram í skjóli aðstöðu, sérhagsmuna og eigin mats á verðleikum án rétts og hlutlauss mats á gildi og eðli vinnunnar. Við slíkar aðstæður bera þeir iðulega skarðan hlut frá borði sem síst skyldi, þeir sem skila mestum arði í þjóðarbúið með vinnu sinni við undirstöðuframleiðslugreinar í þjóðfélaginu.

Mikill meiri hluti efnahagslegra ákvarðana, sem teknar eru á Alþingi og í ríkisstj., miða að því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Slík vinnubrögð eru og í fullu samræmi við álit mikils hluta þjóðarinnar um framkvæmd á grundvallarhugmyndum um þjóðfélagslegt réttlæti. Næg atvinna síðustu áratugi hefur útrýmt almennri fátækt. Stefnan í menntamálum hefur og valdið því, að alþýðufólk hefur með aukinni menntun náð fram aukinni verðmætasköpun og þannig aukið tekjur sínar og þjóðarinnar. Þá má og nefna breytingar sem gerðar hafa verið í skatta-, almannatrygginga- og félagsmálum og hafa haft áhrif í þá veru að bæta stöðu vinstri hópa í þjóðfélaginu, svo sem barnafjölskyldna, aldraðra og öryrkja. Margt bendir þó til þess, að ekki sé nóg að gert. Enn má finna hópa í þjóðfélaginu sem bæði hafa lág laun og litlar tekjur. Hið opinbera getur bætt hér úr með aðgerðum á sviði skatta-, félags- og atvinnumála. En til þess að slíkt verði gert á sem árangursríkastan hátt þarf að liggja fyrir hver vandinn er og hvers eðlis. Með könnunum og rannsóknum, eins og þessi þáltill. gerir ráð fyrir, ætti að skapast grundvöllur til raunhæfari umræðu og ákvarðana en nú á sér stað.

Slíkar kannanir og rannsóknir hafa að einhverju leyti verið framkvæmdar, en í of litlum og sundurlausum mæli til að á þeim megi byggja. Varla er við því að búast að slíkar yfirgripsmiklar kannanir sé á færi aðila vinnumarkaðarins að framkvæma. Liggur því næst við að ætla að þær verði framkvæmdar á vegum stjórnvalda, enda má benda á að í svokölluðum Ólafslögum, í kaflanum um samráð stjórnvalda við samtök launafólks á sviði efnahagsmála, segir í 5. gr. að verkefni samráðs þessa skuli m. a. vera að fjalla um atriði sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt. Má því ætla að slíkar upplýsingar hljóti að verða mjög hagnýtar og nauðsynlegar við sameiginlega ákvarðanatöku, bæði stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Ljóst er að slíkar nákvæmar kannanir á launakjörum

og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu eru forsenda þess að hægt sé að koma á sanngjarnri tekjuskiptingu og hagkvæmari launafyrirkomulagi, auk þess sem kannanirnar skulu sérstaklega miðast við að gera grein fyrir hvort vissir hópar hafi ekki öðlast þá hlutdeild bætts þjóðarhags sem almennt geti talist réttmætt og, eins og segir í þáltill., skulu þannig unnar að á grundvelli þeirra megi ákveða hvaða aðferðum hægt sé að beita til að auka laun og tekjur þeirra einstaklinga eða hópa sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

Óþarfi er að fara hér mörgum orðum um einstaka liði till., þar sem þeim eru nákvæmlega gerð skil í sjálfri þáltill., auk ítarlegrar skýringar á hverjum lið í grg. Tilnefna má þó nokkur atriði sem undirstrika mikilvægi tillögunnar.

Til þess að skipan kjaramála geti byggst á sanngirni og réttsýni hlýtur að vera mjög brýnt að rannsaka forsendur flokkaskipunar og annarra kjaraatriða hinna margvíslegu kjarasamninga, þ. e. að meta vægi hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar eða annarra áhrifaþátta með vinnurannsóknum, t. d. þætti eins og ábyrgð, áhættu, hæfni, próf, starfsaldur, starfsreynslu, erfiði og fleiri þætti. Aðalreglan hingað til er að flokkaröðun er ákveðin í aðalkjarasamningum eða öllu heldur sérkjarasamningum einstakra félaga af einhvers konar samstarfsnefndum um starfsmat, t. d. af kjaranefnd hjá starfsmönnum hins opinbera. Það, sem einnig hefur verið lagt til grundvallar, er, að því er næst verður komist, ábyrgð eða sjálfstæði í starfi, menntun, starfsaldur hjá sama aðila, en ekki endilega starfsreynsla sem slík, rökstuðningur stéttarfélags, oft og tíðum framboð og eftirspurn og ekki síst viðhorf til starfsins. Raunhæfir mælikvarðar byggðir á rannsóknum á eðli vinnunnar, þar sem gert er ráð fyrir að hinir fjölbreytilegu eðlisþættir hennar geti á einhvern hátt vegið upp hver á móti öðrum, hljóta að vera nauðsynlegir til að hægt sé á sanngjarnan hátt að ákveða kaup og kjör samkv. flokkaröðun eða á annan hátt.

Þegar deilt er um kaup og kjör er oftast verið að deila um taxtakaupið, sem byggt er á flokkaröðuninni, og samanburður gerður á þeim grundvelli. En hjá sumum hópum er taxtakaupið ekki afgerandi þáttur heildartekna og hjá enn öðrum óverulegur þáttur. Samanburður verður því varla gerður nema öll launakerfin séu dregin inn í myndina. Því hlýtur að vera nauðsynlegt að upplýsa hlutfall hinna ýmsu launakerfa í launakjörum almennt, þannig að hægt sé að sjá hvaða þáttur launakjara sé mest ákvarðandi um launakjör hverrar starfsstéttar, svo sem dagvinnutaxtar, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar, yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eða kjaraþættir. Liður í heildarmyndinni í kjara- og launamálum hlýtur einnig að vera að meta heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna og einnig hvort að skaðlaus umætti koma við víðar afkastahvetjandi launakerfum, t. d. hjá hinu opinbera.

Óþrifalegar, heilsuspillandi og óaðlaðandi vinnuaðstæður hafa án efa veruleg áhrif á starfsgetu sem og vinnuframlag starfsfólks. Það getur því hvort tveggja í senn verið hagur vinnuveitenda sem launþega ef samanburðarkönnun á sambærilegum vinnustöðum leiddi í ljós marktækan mismun á vinnuframlagi betri vinnuaðstæðum í hag.

Framkvæma þarf einnig tölfræðilegan samanburð á hvers konar kjaraatriðum, í hvaða formi sem þau eru látin í té, innan og á milli starfsgreina, fyrirtækja, stofnana, verkalýðsfélaga, atvinnuvega eða byggðarlaga. Samanburður sem slíkur hlýtur að teljast nauðsynlegur, því að þá opnast möguleiki til að framkvæma hlutlausan og raunhæfan samanburð á hvers konar kjaraatriðum sem að gagni gætu komið fyrir ríkisvaldið og aðila vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninga eða við mótun launa- og tekjustefnu í landinu. Ef um marktækan mismun væri að ræða milli launakjara einstakra byggðarlaga og atvinnuvega, verkalýðsfélaga, starfsgreina eða ólíkra rekstrarforma í atvinnurekstri, þá gefur auga leið að leita þarf skýringa með könnunum eða á annan hátt ef æskilegt þykir þar um að bæta.

Sennilega geta allir fallist á að þrátt fyrir ákvæði jafnréttislaganna frá 1976, þar sem segir að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, sé enn um töluvert launamisrétti að ræða. Staðreynd er að kynbundin starfsskipting er almennt ríkjandi í mörgum atvinnugreinum, þó óljóst sé í hve ríkum mæli karlmenn sitji í betur launuðum störfum en konur, einnig að konur veljast jafnan í láglaunastörf. Kannanir hafa leitt í ljós að launamunur karla og kvenna er einnig innan sömu starfsgreinar. Slíkar staðreyndir krefjast þess, að leitað sé skýringa á því, hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun á kjörum karla og kvenna, og á því, hvers vegna þau störf, sem konur stunda, séu jafnan lægst launuð. Nauðsynlegt er einnig að upplýsa hvernig aldurs- og kynskipting sé eftir launatöxtum, yfirborgunum og starfsgreinum, en þar er átt við að upplýsa þurfi einfaldlega hlutfallsskiptingu karla og kvenna í einstökum launaflokkum hinna ýmsu kjarasamninga og hversu yfirborganir eru ráðandi og mismunandi í kjörum karla og kvenna, en það ætti að sýna á marktækan hátt hvor hópurinn er meiri láglaunahópur.

Einnig má benda á, að ef í ljós kæmi við slíka könnun að yfirborganir réðu miklu um launakjör almennt hlyti samhliða að vera nauðsynlegt að upplýsa hvaða áhrif það hefur í reynd á verðlagsþróun í landinu, því varla getur talist eðlilegt að láglaunahópar, sem eingöngu taka laun samkv. kjarasamningum, beri kostnaðarhækkanir vöru og þjónustu sem af slíku leiðir.

Mikilvægt atriði könnunarinnar er einnig að rannsaka hvort og hvers vegna sumir hópar eru verr í stakk búnir en aðrir til að ná fram bættum lífskjörum við almenna kjarasamninga, t. d. vegna aðstöðuleysis eða af öðrum ástæðum, og á sama hátt að rannsaka hvort aðrir hópar hafi notfært sér aðstöðu sína á óeðlilegan hátt til að knýja fram lífs- og launakjör sem eru í engu samræmi við vinnuframlag þeirra.

Skert starfsgeta eða starfsþrek hefur vitaskuld áhrif á lífsafkomu og kjör margra hópa, bæði vegna andlegrar og líkamlegrar fötlunar og vegna aldurs, sjúkdóma og slysa. Slíkar breytingar á högum fólks koma oft fyrirvaralaust og hafa mikil áhrif á lífsafkomu og hagi þess. En í könnun sem þessari, þar sem leitast á við að gera grein fyrir hvers vegna vissir hópar hafa ekki öðlast þá hlutdeild bætts þjóðarhags, sem almennt geti talist réttmæt, og leita á leiða til að bæta hag þeirra, hlýtur að vera nauðsynlegt að kanna hvaða áhrif skert starfsgeta eða starfsþrek hefur í reynd á eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, þótt slíkt mat og könnun geti verið erfitt í framkvæmd. Með þessu ætti einnig að nást fram hvað skert starfsgeta er ákvarðandi þegar um er að ræða aðra

sambærilega þætti, eins og t. d. menntun og starfsreynslu.

Þau hagstjórnartæki, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða til að bæta hag og afkomu hinna verst settu, eru m. a. skatta- og almannatryggingakerfi. Þeim hagstjórnartækjum hefur því eðlilega verið beitt til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir vegna skertrar starfsgetu og annarra félagslegra ástæðna. Hér er um stóran hóp fólks að ræða, þar sem t. d. öryrkjar eru milli 7 og 8 þús. og fjöldi aldraðra einnig með skerta starfsgetu. Erfitt reynist því oft og tíðum fyrir það fólk að fá starf við sitt hæfi á vinnumarkaðnum, og á það því oft undir högg að sækja í starfsvali og launakjörum. Lífeyrir almannatrygginga og ákvarðanir stjórnvalda í skattamálum eru því mjög ákvarðandi um lífsafkomu og hagsmuni þessa fólks. Slíkir hópar hafa ekki verkalýðsfélög til að gæta réttar síns og eru því háðir ákvörðunum stjórnvalda á hverjum tíma um afkomu sína. Nauðsyn hlýtur því að vera að leita allra tiltækra leiða til að tryggja þessu fólki réttmæta og eðlilega hlutdeild í vaxandi þjóðartekjum.

Herra forseti. Ég hef drepið á mörg mikilvæg atriði þessarar tillögu — atriði sem ég tel að ef framkvæmd yrðu hljóti að verða til þess, að af megi draga réttmætar og sanngjarnar ályktanir í kjaramálum sem á megi byggja við gerð kjarasamninga og almennt geti gefið rétta vísbendingu um hvert skuli stefna í að ná fram réttlæti í launamálum. Þróun launa- og kjaramála undanfarna mánuði og ár hlýtur að sýna okkur að hvorki aðilar vinnumarkaðarins né stjórnvöld hafa gengið rétta braut í þessum málum. Óréttlát tekjuskipting auk óhagkvæmrar og úreltrar uppbyggingar kjarakerfa og ósamræmis í öllu launakerfinu hlýtur að bera þess glöggt vitni. Því hlýtur að verða að brjóta í blað og gera heildaruppstokkun á öllu launakerfinu í landinu, einmitt á grundvelli slíkra upplýsinga. Forsendan fyrir því, að slíkt sé framkvæmanlegt, er þekking á þeim þáttum sem þáltill. gerir ráð fyrir. Á grundvelli þeirra væri hægt í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samræma og einfalda hinn mikla frumskóg kjaraákvæða og launataxta er nú gilda í landinu. Slíkan aragrúa launataxta hlýtur að teljast hagkvæmt að einfalda og samræma því að flókið og margþætt kjarakerfi er kostnaðarsamt, torveldar, tefur og skapar ýmsa erfiðleika í allri samningsgerð, auk þess sem slíkt fyrirkomulag eykur líkur á misrétti og óréttlæti í tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Hér er því um hagsmunamál allra aðila að ræða, bæði aðila vinnumarkaðarins, ríkisvaldsins og þjóðarinnar í heild. Í þessari þáltill. er á engan hátt lögð nein höfuðáhersla á að ríkisvaldið hafi afskipti af slíkri samræmingu og einföldun á launatöxtum og kjaraþáttum, ef slíkt þætti ganga inn á frjálsan samningsrétt, þó e. t. v. mætti ætla að stjórnvöld hefðu forgöngu í svo yfirgripsmiklu máli og vandasömu verki. Aðalatriðið er að kannanirnar séu framkvæmdar svo að einföldun og samræming á launakerfum geti verið framkvæmanleg.

Herra forseti. Ljóst er á því, sem ég hef hér rakið, að um æðiyfirgripsmikið og jafnvel kostnaðarsamt verkefni er að ræða. En í ljósi þess, hve mikilvægum áfanga væri hægt að ná fram ef slíkar upplýsingar lægju fyrir sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir — áfanga sem gæti skilað okkur þeim árangri að hægt sé að byggja upp heilbrigða kjaramála- og efnahagsstefnu í framtíðinni, hlýtur sú fyrirhöfn og sá kostnaður, sem af því leiðir, að geta skilað sér margfalt aftur í bættum skilyrðum til uppbyggingar heilbrigðs efnahagslífs og í betri og réttlátari kjörum fólksins í landinu.

Ég vil svo að lokum vona að þessi þáltill. fái góðar undirtektir hjá hv. þdm., svo að fyrir liggi skýr viljayfirlýsing hv. Alþingis til að ná fram réttlæti og sanngirni í tekjuskiptingu í þjóðfélaginu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins þannig að hægt sé að byggja upp heilbrigða og skynsamlega efnahags- og kjaramálastefnu í þjóðfélaginu. Slíkan boðskap hljóta allir stjórnmálaflokkar að hafa á stefnuskrá sinni. Það ætti því vart að vefjast fyrir hv. þm. að sameinast um þáltill., þannig að hún fái skjóta afgreiðslu á hv. Alþingi.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, óska eftir að málinu verði vísað til hv. allshn.

Umr. frestað.

Efri deild, 19. fundur.

Fimmtudaginn 17. jan., kl. 4 síðdegis.

Greiðsla opinberra gjalda, frv. (þskj. 98 (sbr. 96)). —1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm er kunnugt komu til framkvæmda um s. l. áramót lög nr. 40 frá 1978, um tekjuskatt og eignarskatt. Ágalli á þeirri lagasetningu var sá, að ekki var gert ráð fyrir þegar frv. að þeim lögum var á dagskrá á sínum tíma á Alþ., að sá háttur yrði hafður á, eftir að þau lög gengju í gildi, sem verið hefur, þ. e. að lagt yrði á og innheimt ári eftir á, heldur var með frv. á sínum tíma flutt frv. um staðgreiðslu skatta sem dagaði uppi í Alþ. þegar núverandi lög nr. 40 frá 1978 voru afgreidd. Þetta varð til þess, að þegar lög nr 40/1978 komu til framkvæmda nú um áramótin vantaði í löggjöfina öll ákvæði um fyrirframinnheimtu skatta og raunar öll innheimtuákvæði. Þau ákvæði voru meðal annarra ákvæða í frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 1978 sem ég lagði fram á hinu háa Alþingi skömmu fyrir jólin og af ýmsum ástæðum er knýjandi að hljóti afgreiðslu á næstu dögum. Formenn fjh.- og viðskn. beggja deilda þingsins, sem hafa unnið mjög vel og saman að skoðun þess máls, tjáðu mér hins vegar um s. l. helgi, að ekki væru líkur á að það frv. hlyti samþykki á Alþingi í þessari viku.

Vegna ýmissa ástæðna, sem nánar eru skýrðar í bréfi sem ég hef sent formönnum beggja nefndanna, er hins vegar nauðsynlegt að lögleiða fyrir n. k. helgi ákvæði um fyrirframinnheimtu skatta, fyrirframgreiðslu opinberra gjalda og enn fremur almenn innheimtuákvæði. Til greina kom að taka innheimtukaflann út úr frv. því, sem er til meðferðar í hv. Nd., og gera tilraun til að fá hann lögfestan. Það varð þó að ráði í samráði við formenn fjh.- og viðskn. að samið yrði sérstakt frv. um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta ársins 1980 og flutt í því skyni, og varð það sammæli við nm. að þeir féllust á, a. m. k. formenn beggja n., að gera sitt til að hraða afgreiðslu málsins svo að hægt væri að ljúka meðferð og afgreiðslu og frv. gæti orðið að lögum fyrir lok þessarar viku.

Það var orðin svo brýn nauðsyn að kveða á um hvert

fyrirframgreiðsluhlutfallið skyldi verða af þinggjöldum frá í fyrra að um miðjan dag í gær varð ég að tilkynna sveitarfélögum, sem biðu eftir upplýsingum þessa efnis, hvað líklegt væri að Alþ. mundi samþykkja. Ég hafði áður formlega óskað eftir því við fjh.- og viðskn.-menn og raunar þingflokkana, að þeir fjölluðu fyrir fram um þetta mál þannig að ég gæti fengið einhverja vitneskju um hvað líklegt væri að mundi ná fram að ganga. Áður en ég lagði frv. fram vannst hins vegar ekki tími til að fjalla endanlega um málið í þingflokkunum utan einum, þ. e. Sjálfstfl. Mér barst tilkynning frá Sjálfstfl. um að hann mundi geta stutt þá till., ef ég gerði hana, að upp í væntanleg þinggjöld hvers gjaldanda skyldi að þessu sinni greiða 65% af þinggjöldum þeim sem honum bar að greiða á árinu 1979. Af viðræðum við menn úr öðrum flokkum, þ. á m. nm. úr fjh.- og viðkn. beggja deilda, þóttist ég einnig geta treyst því nokkuð örugglega að þeir mundu a. m. k. fyrir sitt leyti vera reiðubúnir til að veita þeirri tillögu atfylgi, þó svo að formleg afstaða annarra þingflokka en Sjálfstfl. og Alþfl. lægi ekki fyrir. Því er sú till. gerð í 1. gr. frv., að á fyrri hluta ársins 1980 skuli innheimta fyrir fram til ríkissjóðs upp í væntanleg þinggjöld hvers gjaldanda 65% af þinggjöldum þeim sem honum bar að greiða á árinu 1979. Fyrirframgreiðslan fellur síðan í gjalddaga í fimm jöfnum fjárhæðum samkv. orðanna hljóðan í 1. gr. frv.: hinn 1. febr., 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, eins og gert mundi hafa verið ef lögin, sem féllu úr gildi um s. l. áramót, hefðu gilt áfram.

Í 2. og 3. gr. eru ákvæði að mestu leyti óbreytt frá þeim lögum sem gilt hafa um innheimtu opinberra gjalda, að öðru leyti en því, að hv. Nd. breytti einu orði í 3. gr. við afgreiðslu eftir 2. umr. í gær, en þar sagði svo, með leyfi forseta:

„. . .skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum". — Þarna breytti hv. Nd. einu orði, þ. e. í stað orðsins „ógreitt" var sett orðið: gjaldfallið. Mér er tjáð að það breyti í raun og veru ekki neinu um framkvæmdina. Í þeim lögum, sem féllu úr gildi um s. l. áramót, var heimild til fjmrn. um að hægt væri að gjaldfella þinggjaldaskuld í heild ef ekki væri tiltekin fjárhæð greidd á réttum gjalddaga. Nú er slík heimild ekki lengur í lögum, að því er mér er tjáð, þannig að ekki er mögulegt að gjaldfella meira af skuldum vegna opinberra gjalda en það sem í gjalddaga er fallið. Það er ekki hægt að gjaldfella allar eftirstöðvarnar. Því breytir það í raun og veru engu hvort orðið „ógreitt" eða „gjaldfallið" stendur í 3. gr.

Meðan þessi mál voru til umr. í þinginu í gær og í fyrradag á milli manna kom í ljós, að sveitarfélögin þóttust fara nokkuð illa út úr því fyrirframgreiðsluhlutfalli sem verið var að ræða um að ákveða fyrir ríkissjóð. Ég verð að taka fram að þetta fyrirframgreiðsluhlutfall, 65% af þinggjöldum fyrra árs, er við það miðað að Alþ. fallist á þá till. sem gerð er í fjárlagafrv. um að lækka mjög verulega tekjuskattsbyrðina frá því sem hún áður var ráðgerð. Ef Alþ. féllist ekki á slíka tekjuskattslækkun hefði prósentan þurft að vera nærri 70—75%. Sveitarfélögin, þar sem ekki er ráðgert að lækka útsvarsheimtu með sama hætti, bentu á að þau mundu ekki ná fé sínu nægilega hratt inn til þess að þeim væri unnt að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum samkv. framkvæmdaáætlun ef þeim væri aðeins heimilað að innheimta 65% af útsvörum fyrra árs. Samkv. þeirri heimild, sem sveitarfélögin hafa í þessu sambandi, var þeim að óbreyttum ákvæðum ekki heimilt að fara hærra en upp að þeirri fyrirframgreiðsluprósentu sem ríkissjóður hefur heimild til að láta innheimta af þinggjöldum fyrra árs. Þar sem hins vegar var augljóst að hér í þinginu var mikill skilningur á málaleitan sveitarfélaga greip ég til þess ráðs að kveða svo á í 4. gr. að sveitarstjórnum skuli heimilt á árinu 1980 að innheimta fyrir fram upp í greiðslu útsvara allt að 70% af útsvari fyrra árs eða öllu hærra hlutfall en ríkissjóður mun innheimta af þinggjöldum fyrra árs. Í síðustu mgr. 4. gr. eru svo ákvæði um að þar sem innheimta ríkis og sveitarfélaga sé sameiginleg geti fjmrh. með reglugerð ákveðið fyrirframgreiðsluna innan þeirra marka sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar með hliðsjón af hlutfalli milli útsvara og þinggjalda í viðkomandi umdæmi árið 1979. Athuganir hafa leitt í ljós, að t. d. fyrir Reykjavík, þar sem innheimta gjalda til ríkis og borgar er sameiginleg og Gjaldheimtan hefur hana með höndum, mundi þetta þýða að fyrirframgreiðsluhlutfallið yrði nálægt 68%.

Þegar valin var 70% heimild til sveitarfélaganna var við það stuðst, að fjármálastjóri Reykjavíkurborgar hafði óskað eftir við mig að ég beitti mér fyrir því hlutfalli, og sama hafði gert formaður stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga í bréfi sem hann sendi mér. Hins vegar hafa komið þær ábendingar frá öðrum sveitarfélögum, t. d. Kópavogi, að það hlutfall muni tæpast nægja þeim, og hafa þau óskað eftir að fá það hækkað úr 70 í 75%. Ég þarf ekki að orðlengja um það, en fjh.- og viðskn. Nd. fjallaði um þá málaleitan á fundi sínum í gær og niðurstaðan varð að n. gerði ekki tillögur um aðrar breytingar en þá einu orðalagsbreytingu sem fram kemur á nál. á þskj. 98.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að þessu sinni, en legg áherslu á að til þess að unnt verði að koma við fyrirframinnheimtu opinberra gjalda 1. febr. n. k. er nauðsynlegt að mál þetta verði afgreitt frá hv. deild í dag. Ég treysti því, að hv. fjh.- og viðskn., þdm. og þingforseti. beiti atfylgi sínu til þess að svo geti orðið.

Að svo mæltu legg ég til að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki ágreiningur um þetta frv. að stefnu til. Auðvitað er heppilegt og æskilegt að greiðslu opinberra gjalda sé dreift sem jafnast yfir árið. Ég verð að harma að menn skuli ekki hafa reynst þau karlmenni hingað til að koma á þeirri skipan, sem hér hefur æ ofan í æ verið samþykkt að á skyldi komið, að taka upp staðgreiðslu skatta eða samtímagreiðslu skatta, eins og það hefur verið kallað.

En þó að menn séu að sjálfsögðu sammála um frv. að stefnu til getur verið álitamál hvaða skattprósentu á að setja sem fyrirframgreiðslu. Ég álít að nægilegt hefði verið í þessu tilfelli að setja 60% í staðinn fyrir 65%. Þau rök, sem ég vil færa fram fyrir þeirri skoðun, eru að í aths. með frv. segir að ef fyrirframgreiðslan væri miðuð við sama hlutfall skatta af tekjum og síðari hluta árs þyrfti fyrirframgreiðslan að vera 62%. 62% eru náttúrlega nær 60% en 65%. Þess vegna hefði mér þótt nægilegt í þessu tilfelli að fara í 60%.

Ég bæti því við sem annarri röksemd, að á fyrri hluta ársins er um tilfinnanlega gjaldheimtu að ræða, svo ekki

sé meira sagt, aðra en þá sem hér er um að tefla, og á ég þá við fasteignagjöld til sveitarsjóða. En það er öllum kunnugt, og margir hafa sjálfsagt fengið álagningarseðla fasteignagjalda a. m. k. hér í Reykjavík, að vegna m. a. stórhækkaðs fasteignamats hafa fasteignagjöldin stórlega hækkað. Ef ég man rétt eru gjalddagar á þeim 15. jan., 1. mars og 15. apríl. Þá verður á sama tímabili og þessi skattheimta fer fram að standa skil á fasteignagjöldum. Það er um engan veginn einskisverðar fjárhæðir að tefla þar sem um fasteignagjöldin er að ræða. Ég gæti vel ímyndað mér að ýmsir skilvísir skattgreiðendur teldu að það væri með þessari skattheimtu, 65% fyrirframgreiðslu plús fasteignagjöldunum, seilst nokkuð djúpt í vasa þeirra þannig að þeir teldu sig kannske hafa lítið út á grautinn þegar þeir væru búnir að greiða allt þetta.

Ég vil í þriðja lagi benda á það sem röksemd fyrir því að taka ekki dýpra í árinni en heimila 60%, að afkoma ríkissjóðs var sem betur fer mjög góð um s. l. áramót, eins og hæstv. fjmrh. hefur réttilega gert grein fyrir í ágætri ræðu hér á þingi. Sú útkoma kom mér ekkert á óvart, og ég held að sú útkoma hafi ekki sérstaklega skapast fyrir tilverknað hæstv. núv. fjmrh. En þrátt fyrir að deilt sé um það og það kunni að hvíla nokkrar vanskilaskuldir á ríkissjóði haggar það ekki þeirri heildarniðurstöðu sem fyrir hendi er, og hún er að afkoma ríkissjóðs er góð.

Að þessu leyti til get ég fallist á að það sé réttmætt að gera greinarmun á ríkissjóði og sveitarfélögunum. Við vitum að þó að hagur ríkissjóðs sé góður er hagur margra sveitarfélaga heldur bágborinn, að sagt er. Þess er líka að gæta, að það hámark, sem þarna er sett varðandi innheimtu á gjöldum til sveitarfélaga, er 70%. Er á valdi hverrar sveitarstjórnar hvort hún fer í það hámark eða ekki og fer slíkt væntanlega eftir þörfum hvers og eins sveitarfélags og hvernig á stendur.

Í fjórða lagi vil ég nefna, að mér sýnist í meira samræmi við þær skoðanir á skattamálum hjá Alþfl., sem ég hef kynnst til þessa, að miða við 60% í staðinn fyrir 65%. Það er væntanlega líka í samræmi við fjárlagafrv. hæstv. fjmrh.

Ég hef talið rétt við 1. umr. málsins að benda á þessi atriði. Ég geri það í mikilli vinsemd, og ég veit að það er vænlegast til þess að fá lagfæringu til hagræðis fyrir skilvísa skattgreiðendur að snúa sér til hæstv. fjmrh. og fá hann til að beita sér fyrir breytingum í þá átt sem ég hef verið að gera grein fyrir. Auðvitað ætlast ég líka til að hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar taki þessi atriði, sem ég hef reynt að benda á í stuttu máli, sem rök fyrir því að það ætti ekki að ganga lengra en ég hef gert grein fyrir. Ég vænti þess að hún taki þau til skoðunar. Hitt hef ég ekki gert upp við mig enn, hvort ég flyt brtt. varðandi þetta atriði, en ég vildi a. m. k. láta sjónarmið mín koma fram.

Það er svo, að þegar allt kemur til alls eiga skilvísir skattgreiðendur e. t. v. tiltölulega fáa formælendur. Mér hefur stundum virst að meira væri hugsað til annarra en þeirra sem standa undir sköttunum og standa skilvíslega skil á sínum álögðu gjöldum. Ég vil í því sambandi vekja athygli á því, að reglur um fyrirframgreiðslu gjalda, þinggjalda eins og segir í frv., — og þinggjöld eru vissulega gott og gamalt heiti, en hvort það á raunverulega við um alla þá skatta, sem settir eru á álagningarseðil, skal ég ekki dæma um, — þessar reglur eiga við um alla gjaldendur. Þær eiga ekki aðeins við um fastlaunamenn, heldur alla gjaldendur, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki. Þannig skil ég þetta ákvæði. Ég held að ekki sé nokkur leið að skilja það á annan veg, en ágætt væri að fá staðfestingu hæstv. fjmrh. á því. En það hvarflar að mér að vera muni einhver misbrestur á framkvæmd þessarar innheimtu, bæði fyrri hluta árs og síðari. Ég hef a. m. k. ekki komist hjá að veita athygli þeim miklu auglýsingum sem dynja yfir landslýð síðustu daga hvers árs, bæði frá fjmrn. og sveitarsjóðum, þar sem menn eru minntir á að greiða gjöld sín fyrir áramót. Ég hef ekki heldur komist hjá því að taka eftir að með ódæmum vænar fúlgur koma t. d. inn í ríkissjóð allra síðustu daga ársins, jafnvel síðasta eða næstsíðasta dag ársins. Af því dreg ég þá ályktun, að það hljóti að vera einhverjir sem ekki hafi fylgt ákvæðum um greiðslu opinberra gjalda í framkvæmd. Mig langar til að heyra skýringu hæstv. fjmrh. á þessu. Ef þessu ákvæði er í reynd aðeins beint gegn fastlaunamönnum, en ekki t. d. fyrirtækjum og öðrum, finnst mér menn ekki sitja við sama borð. Þá verð ég að segja að framkvæmdin í þessu efni er nokkuð gloppótt.

Það er að vísu í sambandi við skattamál, þ. e. a. s. beina skatta, mikil tortryggni hjá mönnum, þannig að fastlaunamenn þykjast verða nokkuð hart úti í þeim viðskiptum, en horfa kannske á nágrannann, sem öðruvísi er ástatt um, og svo ýmis fyrirtæki sem virðast með einhverjum hætti fara betur út úr þessu. Um efnisreglur skatta ætla ég ekki að ræða hér, það bíður betri tíma þegar sjálft skattafrv. kemur til meðferðar, en ég óska eftir því að fá staðfestingu hæstv. fjmrh. á því, að eitt eigi hér yfir alla að ganga og að því sé og skuli vera fylgt í framkvæmd og það sé engin miskunn hjá Magnúsi í því efni. Þangað til ég fæ nánari skýringar kemst ég ekki hjá því að ályktа sem svo, að einhvers staðar sé einhver pottur brotinn í þessu efni.

Þetta voru þau atriði sem ég vildi benda á. Það er engin ástæða til að fara út í harðar umr. um þau, því að eins og ég sagði er skattprósentan, sem á að vera í fyrirframgreiðslu, álitamál og það er ekki hægt að færa nein óvéfengjanleg rök fyrir því að hún skuli vera einmitt þessi, en ekki hin. En ég vil skírskota til sanngirni og réttsýni hæstv. fjmrh. og þeirra sjónarmiða, sem komið hafa fram af hans hálfu og annarra flokksmanna hans um að íþyngja mönnum ekki óhóflega í þessu efni að þarflausu, og leyfi mér enn að vænta þess, að hann taki ábendingum mínum með fullri vinsemd, eins og þær eru fram settar, af því að ég sé ekki annað en ríkissjóður muni komast af með að láta sér nægja 60% og ef þeirri skattastefnu verður fylgt fram, sem hann vill beita sér fyrir, muni það ekki verða ívið þyngra síðari hluta ársins.

Svo vildi ég í leiðinni, úr því að ég er staðinn upp, benda á eitt atriði, sem mér sýnist vera hæpið, og það er í 3. gr. þar sem segir:

„Séu gjöld samkv. lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti“ o. s. frv.

Ég sé ekki að í þessu frv. séu ákvæði um nein opinber gjöld. Ákaflega skiljanlegt er hvernig þetta ákvæði hefur komist inn. Það er tekið upp úr eldri lögum, var kafli í skattalögunum og átti þá auðvitað við og átti að standa svona. En eins og frv. er nú úr garði gert og þetta er orðið sérstakt frv. um innheimtu, þá finnst mér að einfaldlega ætti að standa, að séu greiðslur samkv. 1. gr. ekki inntar af hendi innan mánaðar o. s. frv. ætti að vera svo sem þar stendur. — Ég vænti þess, að hv. n. taki þetta til athugun-

ar, vegna þess að mér finnst þarna vera um atriði að ræða sem geri frv. merkingarlaust, ef eftir bókstafnum væri skilið.

Þá vil ég enn fremur aðeins víkja að þeirri breytingu sem var gerð á frv. í hv. Nd. og fjmrh. vék reyndar nokkuð að og taldi að e. t. v. væri ekki um mikinn mun að tefla. Þó kom fram í máli hans að þarna er um talsverðan mun að ræða, þar sem eftir núgildandi lögum og þeim reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til, hefur verið heimilt að telja allan ógreidda skattinn fallinn í gjalddaga ef ekki er staðið í skilum skilvíslega með einstakar greiðslur. Það má vera að einhvers misskilnings gæti hjá mér í þessu efni, en mér sýnist sú breyting, sem gerð hefur verið á þessu, stefna í öfuga átt við tilgang frv., þ. e. að stuðla að skilvíslegri og sem skilvirkastri innheimtu og úrræðum til að fá menn til að greiða skatta sína og skyldur á réttum tíma. Það má vera, eins og ég sagði, að ég misskilji þetta eitthvað. Eitt er víst að hv. fjh.- og viðskn. Nd. hefur orðið sammála um þetta. En jafnvel þó að n. verði ásátt um eitthvað hefur komið fyrir að ekki hefur það allra besta út úr því komið.

Ég tel sjálfsagt að þetta frv. fái afgreiðslu og ég skal ekki tefja tímann frekar nema tilefni gefist til. En ég vil ítreka það, að þó að ég flytji ekki brtt. varðandi þetta vil ég að sjónarmiðin, sem ég hef hér sett fram, liggi fyrir og að hæstv. fjmrh. og hv. fjh.- og viðskn. fái tækifæri til að taka afstöðu til þeirra.

Ekkert er við því að segja að menn borgi háa skatta, ef réttlætissjónarmiðs er gætt og hið sama gengur yfir alla. En því miður er ríkjandi mikil tortryggni í þeim efnum og er talið, að ég ætla með réttu, að ærið margir sleppi gegnum nálaraugu skattheimtunnar betur en vera ætti. Það er alltaf markmiðið og margendurtekið í samþykktum á hvers konar þingum að gera eigi skattalög einfaldari. Enn er á ferðinni og liggur fyrir hv. Nd. frv. til nýrra skattalaga eða endurbóta á skattalögunum. Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fara að ræða efnislega um skattalög. En hvað sem um þau verður sagt held ég að þau stefni ekki í þá átt að gera skattamál einfaldari en þau eru þó nú eða hafa verið hingað til. Þess vegna er það nú svo, að í reyndinni reynast býsna margar smugur fyrir menn til að komast með löglegum hætti hjá því að leggja fram sitt til samfélagsins, fyrir utan hina sem kannske sleppa einhvern veginn með ólögmætum hætti.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir vinsamleg tilmæli hv. þm., sem talaði á undan mér, um að athugað verði hvort möguleikar séu á að innheimta aðeins 60% upp í fyrirframgreiðslu þinggjalda í stað 65%, eins og frv. gerir ráð fyrir ef samþ. verður, og þá með tilliti til innheimtu fasteignagjalda sem eru orðin þungur baggi á mörgum. En ég kom jafnframt upp til að lýsa því yfir að ég muni ekki gera neinn ágreining varðandi þetta frv. Ég vil aðeins láta þess getið varðandi prósentuhlutfallið á innheimtu fyrirframgreiðslu útsvara, að komið hefur fram að nokkur sveitarfélög hafa talið nauðsynlegt að sú heimild færi í allt að 75% í stað 70, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég vil aðeins geta þessa, vegna þess að ég er almennt þeirrar skoðunar að sveitarfélögin eigi að hafa sem mestan sjálfsákvörðunarrétt um mál sín og þá einnig varðandi fyrirkomulag á innheimtu, og þess vegna þarf að mínu viti slík rammalöggjöf að vera eins rúm og raunhæft getur talist, þ. e. að sama innheimtuhlutfall náist vegna fyrirframgreiðslu útsvara 1980 og var 1979. Ég reyndi því að afla mér upplýsinga um hvað raunhæft gæti talist í þessu efni og ræddi í því skyni við Ólaf Davíðsson hjá Þjóðhagsstofnun. Hann taldi að 70% væru nær því að vera sama hlutfall en ef upp fyrir þá tölu væri farið, og hlýt ég því að fallast á að 70% hlutfall verði hámarkið að þessu sinni.

Ég vil einnig varðandi 3. gr. fagna því, að gerð skuli vera réttmæt leiðrétting á útreikningi dráttarvaxta, en þarna var um að ræða útreikning á dráttarvöxtum eftir álagningu, þ. e. ekki á dráttarvöxtum vegna vangreiddra fyrirframgreiðslna í hverjum mánuði, heldur eftir álagninguna. Ég tel að þetta sé réttmæt leiðrétting. Það var athyglisvert, sem kom fram í máli hv. þm. sem talaði á undan mér, að skilvísir skattgreiðendur ættu fáa formælendur. Það er víst nokkuð til í því. Það þykir orðið svo sjálfsagt — og hefur væntanlega alltaf þótt — að vera skilvís að nú er fyrst og fremst lögð áhersla á að refsa þeim sem ekki standa í skilum. Við verðum þó að hafa í huga að menn standa ekki alltaf í skilum af einhverju kæruleysi, heldur er það oft miklu frekar vegna einhverra persónulegra ástæðna og erfiðleika, og það verð ég að segja, að ég vil heldur túlka þetta svo og þess vegna sé 3. gr. réttmæt ef hún verður í framkvæmd eins og nú er gert ráð fyrir.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n. sem fær þetta mál til umfjöllunar, þannig að ég þarf ekki að gera miklar aths. nú. Þó vil ég ekki láta hjá líða að fara nokkrum orðum um þá fullyrðingu hv. 5. þm. Reykv. að ríkissjóður stæði svo vel um þessar mundir að ekki væri ástæða til að taka jafndjúpt í árinni með fyrirframinnheimtu og gert er ráð fyrir í þessu frv. (**ÓÞJ:** Ég hafði góðan heimildarmann). Hv. þm. bar fyrir sig hæstv. fjmrh. í þessu efni. Það mun rétt vera hjá honum, að hæstv. fjmrh. hefur gert nokkuð úr því að staða ríkissjóðs sé góð um þessar mundir. En ég hef fyrir framan mig tölur frá ríkisbókhaldinu, sem við fengum í hendur í hv. fjvn. fyrir nokkrum dögum, og þar blasir við önnur mynd en bæði hæstv. fjmrh. og hv. 5. þm. Reykv. hafa haft orð á.

Staða ríkissjóðs við Seðlabankann versnaði samkv. þessum tölum um hvorki meira né minna en 11,5 milljarða á árinu 1978. Það var aðallega vegna þess að gerðar voru ráðstafanir seinni part ársins 1978 af þáv. ríkisstj. sem hún gerði sér grein fyrir að mundu hafa hallarekstur ríkissjóðs í för með sér á því almanaksári. Síðan var ætlun þeirrar hæstv. ríkisstj. að á árinu 1979 mundi hallinn og skuldasöfnunin hjá ríkissjóði jafnast út, og átti því að skila inn í Seðlabankann ótöldum milljörðum kr. á árinu 1979 vegna hallarekstrar sem beinlínis var stefnt að á árinu 1978. Raunin varð sú, og það stendur hér fyrir framan mig í tölunum frá ríkisbókhaldinu, að staða ríkissjóðs versnaði heldur á árinu 1979. Ef allt dæmið er gert upp og tekið með í reikninginn, sem er þó ekki gert í ríkisbókhaldinu, að verðbótaþáttur lána sé allur reiknaður með, hefur staða ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu 1979 versnað enn frá því sem hún gerði á árinu 1978 um 2,5 milljarða kr. eða því sem næst. Sem sagt hefur staða ríkissjóðs við Seðlabankann versnað á s. l. tveimur árum um 14 milljarða kr.

Það er hins vegar rétt í máli hæstv. fjmrh., að á sérstökum reikningi í Seðlabankanum er jákvæð staða um áramótin, en aðrar skuldir hafa aukist þeim mun meir við

Seðlabankann. Það er svolítið andkannalegur málflutningur að halda því fram, að ef maður á inni á ávísanareikningi um áramót, sé staða hans mun betri þó að hann hafi aukið skuldir sínar miklum mun meira á öðrum sviðum. Það hefur hæstv. fjmrh. gert. Hann er að hæla sér yfir innstæðu á reikningi, en hana hefur hann fengið fram með því að auka skuldir ríkissjóðs á öðrum sviðum.

Sem sagt hefur staða ríkissjóðs því miður versnað mjög, bæði á árinu 1978 og 1979, eða því sem næst um 14 milljarða kr. Ég skal ekki hafa lengra mál um þetta, en um þetta eru til óyggjandi opinberar tölur sem ekki þarf um að deila.

Glöggir menn hér í hv. d. hafa bent á eitt atriði sem ég geri að till. minni að hv. fjh.- og viðskn. athugi í þessu frv. Í 3. gr. er rætt um að greiða skuli ríkissjóði dráttarvexti, en í frv. kemur hvergi fram að greiða skuli sveitarsjóðum dráttarvexti ef ekki er staðið í skilum við sveitarsjóði með fyrirframinnheimtu útsvara. Þetta þarf sjálfsagt að athuga nánar. Ég vona að þetta sé ekki rétt athugað hjá okkur, en það yrði alveg nýr háttur ef ætti að greiða ríkissjóði dráttarvexti af vanskilum við sveitarsjóði. Þetta þarf því að athuga nánar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og komið hefur fram í umr. er til meðferðar á Alþ. frv. um breytingar á skattalögum og athugun á því frv. hefur tekið lengri tíma en menn töldu æskilegt. Þótt við ýmsir höfum lýst okkur reiðubúna til að flýta afgreiðslu þess hefur staðið á fulltrúum annarra flokka í þeim efnum. Þess vegna m. a. hefur hæstv. fjmrh. og núv. ríkisstj. talið sér nauðsynlegt að flytja það frv. sem hér er til umr.

Hér hafa komið fram nokkuð andstæð sjónarmið um hvernig beri að fara með þetta frv. Annars vegar er sjónarmið hæstv. fjmrh. um að brýna nauðsyn beri til að hraða frv. mjög, jafnvel hraða því svo að það verði afgreitt frá hv. d. í dag. Hins vegar eru þau sjónarmið, sem bæði hafa komið fram frá hv. 5. þm. Reykv., fyrrv. forsrh. Ólafi Jóhannessyni, og eins einstökum þm. og fulltrúum sveitarfélaga, að brýna nauðsyn beri til að gera ýmsar breytingar á frv., þótt nokkuð sé misjafnt hvaða breytingar þeir aðilar vilja gera.

Hv. 5. þm. Reykv. flutti hér athyglisverða ræðu, þar sem hann rökstuddi að ónauðsynlegt væri að innheimtuhlutfall ríkissjóðs væri jafnhátt og gert er ráð fyrir í frv., með sérstöku tilliti til yfirlýsinga um góða fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Hins vegar hafa ýmsir lýst mjög erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Ég tel að hún sé mjög erfið, sé jafnvel orðin slík að hún stefni eðlilegu lýðræðislegu og stjórnskipulegu starfi sveitarfélaga í hættu. Það getur verið mjög varhugavert í þjóðfélagi okkar, sem byggir stjórnskipun landsins og lýðræðislegt samfélag okkar mjög svo á því að sveitarstjórnirnar séu eðlilegar starfseiningar, að kreppa svo að þeim fjárhagslega sem raun er nú. Þess vegna er brýnt að innheimtuupphæðin til sveitarfélaganna vegna verðbólguþróunarinnar og þeirrar tekjurýrnunar, sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir mörg hver og reyndar flest í heild, sérstaklega á síðustu árum, sé hækkuð.

Nú mun koma í minn hlut sem formanns fjh.- og viðskn. þessarar deildar að stýra meðferð n. á frv. Ég vil lýsa því hér, að ég vil ógjarnan verða til þess að frv. verði afgreitt í þeim búningi sem mjög alvarleg óánægja er með bæði innan þings og utan. Á hinn bóginn eru þeir erfiðleikar sem hæstv. fjmrh. hefur hér lýst. (**ÓlJ:** Mitt mál átti ekki að skilja þannig að ætti að tefja fyrir afgreiðslu þessa máls.) Nei, það er m. a. það sem ég er að spyrja um. Þá athugun á fjárhagsstöðu ríkissjóðs, sem væri nauðsynleg forsenda þess að menn teldu sig þurfa að breyta frv. í núverandi mynd, er varla hægt að finna nú. Ég vildi því beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. og einnig til hv. 5. þm. Reykv., ef hann telur nauðsynlegt að skýra það aðeins, hvort gerlegt sé eða þá vilji þeirra, sem um þetta hafa fjallað hér, að málið sé ekki afgreitt frá þessari d. fyrr en t. d. á morgun. Þá er ég reiðubúinn að leggja þá vinnu í nánari athugun á þessu máli sem þarf.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vona að hv. dm. forláti þó að ég geti því miður ekki eytt löngum tíma í að svara fsp. þeirra, eins og ég gjarnan vildi gera, af þeirri einföldu ástæðu að málið er komið í algeran eindaga. Sveitarfélögin og aðrir þeir, sem kröfur gera í febrúarlaun, þurftu að vita um miðjan dag í gær hvert yrði innheimtuhlutfallið sem þeim yrði heimilt að gera kröfur um, og það liggur fyrir í bréfum hjá formönnum fjh.- og viðskn. beggja d. mjög ítarlegur rökstuðningur um að þessa formlegu ákvörðun um fyrirframinnheimtu gjalda þarf að taka í dag og sveitarfélögin þurftu um prósentuna að vita í gær. Ef töf verður á málinu núna er hætt við að ekki verði unnt að innheimta fyrirframgreiðslur miðað við 1. febr., þannig að greiðsla verði ekki innt af hendi af febrúarlaunum. Þetta er ekki aðeins vandamál fyrir ríkissjóð og sveitarfélögin, sem þarna mundu missa af tekjum, heldur er þetta ekki síður tjón fyrir einstaklingana sem yrðu þess vegna að skipta greiðslum opinberra gjalda á árinu 1980 á mun færri mánuði, sem yrði að sjálfsögðu til þess að skattbyrði á laun þeirra aðra mánuði ársins mundi mjög verulega þyngjast. Þar eð málið er komið í eindaga og ég vil sem sé ekki tala lengi til að tefja ekki málið frekar vona ég að hv. dm. fyrirgefi þó að ég svari ekki spurningum þeirra eins vel og ég gjarnan mundi vilja gera og eins og þeir eiga vissulega rétt á.

Í fyrsta lagi vil ég taka það fram varðandi staðgreiðslu skatta, að eins og þm. muna var flutt um það frv. á þinginu 1978 í tengslum við frv. það sem síðar varð að lögum nr. 40 frá 1978, en Alþ. var þá ekki reiðubúið til að afgreiða það stóra og mikilvæga mál þrátt fyrir yfirlýsingar manna um nauðsyn slíkrar kerfisbreytingar. Það er vitað mál, að mikinn undirbúning þarf til að koma fram þeirri kerfisbreytingu í skattamálum að í stað eftirágreiðslu skatta verði tekin upp staðgreiðsla. Hins vegar var það mál hvorki undirbúið á árinu 1978 né 1979, heldur var þvert á móti á þessum árum unnið að undirbúningi þess að komið yrði við eftiráinnheimtu skatta eins og verið hefur. Þegar ég kom í fjmrn. lá þar á borðum fullbúið frv. um eftiráheimtu skatta. Þó svo allir þm. séu af vilja gerðir til þess að gera þá breytingu á innheimtumálum skatta, sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson vék að áðan, hefur það mál því miður ekki hlotið þann undirbúning sem nauðsynlegur er.

Varðandi það hlutfall sem lagt er til, 65% til ríkisins, skal tekið fram, að í beiðnum sínum til fjmrn. og þm. um að fyrirframgreiðsluprósentan yrði hækkuð, tóku sveitarfélögin fram að þau áætluðu nokkru meiri tekjuhækkun milli ára en kemur fram í aths. við frv. þetta, þ. e. þau áætluðu tekjuhækkun milli ára um 45% a. m. k. í stað 43%, sem reiknað er með í aths. frv., og ég skal fúslega viðurkenna að þar er nokkuð vægilega spáð.

Hvað sem því líður að miða við að tekjuhækkunin milli ára yrði á bilinu 43—45%, eitthvað þar um bil, þyrfti fyrirframgreiðsluhlutfallið að vera 70% miðað við að ekki yrði um að ræða neina skattbyrðaraukningu frá árinu 1979 til ársins 1980. Ef menn stefndu að óbreyttri skattbyrði milli ára, eins og t. d. var gert í fjárlagafrv. því sem lagt var fyrir 101. löggjafarþingið, hefði fyrirframgreiðsluprósentan þurft að verða 70%. Með því að ákvarða fyrirframgreiðslu 65% er hins vegar stefnt að talsvert minni skattbyrði á árinu 1980 en var á árinu 1979, og fyrirframgreiðsluhlutfallið 65% yrði í þessu sambandi miðað við að dregið yrði úr tekjuskattsheimtu samkv. fyrri áætlunum um u. þ. b. 8 milljarða kr. í álagningartölu. Ef menn ákveða lægri fyrirframgreiðsluprósentu en nemur 65% og ætla samt sem áður að sjá til þess að skattgjöld innheimtist nokkurn veginn jafnt fyrri og seinni helming ársins yrðu menn að lækka skattheimtuna enn meira. — Þetta er um prósentuna og rökin fyrir því, að hún skuli vera ákveðin í frv. þessu 65%, en hvorki 60% né 70%, eins og lagt er til að gert verði um útsvarið.

Ég hef aldrei sagt um afkomu ríkissjóðs að hún hafi verið góð um s. l. áramót, heldur að þróunin hefði undir árslokin verði jákvæðari í þeim efnum en menn hefðu átt von á að hún yrði. Hins vegar er það náttúrlega staðreynd, að því miður tókst ekki að standa við ýmis áform, svo sem að greiða Seðlabankanum 5,1 milljarð kr. á árinu. Sú endurgreiðsla, þegar gert er upp nettó, gat ekki orðið, því að tvívegis voru bráðabirgðalán tekin hjá bankanum á árinu 1979, fyrra lánið upp á 4000 millj. kr. og það síðara upp á 4500 millj. kr. Þó svo að staðan hafi farið batnandi á árinu og meira í þá átt en menn þorðu að gera sér vonir um, er síður en svo að afkoma ríkissjóðs í árslok hafi verið góð. Menn geta ekki talað um góða afkomu ríkissjóðs á meðan skuld ríkissjóðs við Seðlabanka er 30 milljarðar kr., þegar ríkissjóði er uppálagt að reyna jafnan í lok hvers árs að vera skuldlaus við þá ágætu stofnun.

Ég tek það aðeins fram, að nákvæmlega sami háttur var hafður á innheimtu fyrir áramótin 1979—1980 og var hafður á innheimtu fyrir áramótin 1978—1979 og önnur áramót þar á undan. Og það sem meira var: það voru m. a. s. notaðar sömu auglýsingarnar með hvatningu til manna um að gera skil á opinberum gjöldum og notaðar voru á árinu á undan og þær voru lesnar jafnoft og á árinu á undan, þannig að venjan um auglýsingalestur til að hvetja menn til greiðari skila fyrir áramótin hefur staðið óbreytt um margra ára bil. Hins vegar er það álit manna, án þess að miklar athuganir liggi þar á bak við, að ein ástæðan fyrir því, að skil urðu nokkru örari á skattheimtu til ríkisins á s. l. ári en oft hefur áður orðið, sé sú vaxtabreyting sem gerð var af fyrrv. hæstv. ríkisstj., hún hafi stuðlað að betri skilum á opinberum gjöldum á árinu 1979 en gerðist á árunum á undan.

Í sambandi við að ræða saman fyrirframgreiðsluhlutfall til ríkisins, eins og hér er lagt til, 65%, og önnur gjöld, sem falla í gjalddaga fyrstu mánuði ársins, vil ég í fyrsta lagi taka fram að fasteignagjöldin greiðast að sjálfsögðu sveitarfélögum. Mér er ekki heldur kunnugt um að neinn gjalddagi fasteignagjalda sé í febrúar.

Ég vil sem sé biðja þm. velvirðingar á því að ég get ekki svarað öllu frekar spurningum sem komu fram hér, eins og þó væri vert, né heldur tekið tíma til að ræða ríkisfjármálin almennt. En varðandi ábendinguna um 3. gr., að þar sé aðeins rætt um gjöld samkv. lögum þessum o. s. frv. og orkað geti tvímælis a. m. k. hvort þarna sé ríkissjóður að taka dráttarvexti af gjöldum til sveitarfélaga, held ég og vil biðja menn að athuga hvort ekki séu slík refsiákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga hvað sveitarfélögin varðar. Án þess að ég hafi lagt stund á lögvísindi og þótt ég sé lítið heima í þeim málum sýnist mér liggja alveg ljóst fyrir, að hið eina, sem það frv. sem hér liggur fyrir varðar sveitarfélögin, sé að þar sé sveitarfélögunum gefin heimild til að taka fyrirframgreiðslu sem sé meiri en 60% af álögðum gjöldum sveitarfélaga fyrra árs, en það prósent er bundið fast í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Hins vegar hefur sveitarfélögunum verið veitt heimild til að fara fram úr 60% fyrirframgreiðsluhlutfallinu. Það þarf að sinna þeim erindum sveitarfélaganna að heimila þeim í þessu sambandi að fara fram úr fyrirframgreiðsluhlutfalli ríkissjóðs. Af þeirri ástæðu eru sérstök ákvæði um fyrirframgreiðsluprósentu sveitarfélaganna í 4. gr., ella væri ekki á sveitarfélögin minnst í þessu frv., ef ekki hefði komið til þörf þeirra að fara fram úr fyrirframgreiðsluprósentu ríkisins. Og mér er nær að halda að öll ákvæði, m. a. um dráttarvexti í þessu sambandi, séu í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, því að þetta frv. fjallar raunar aðeins um fyrirframgreiðsluprósentin til ríkisins, um innheimtufyrirkomulag og viðurlög, og um að sveitarfélögum sé heimilt að fara fram úr fyrirframgreiðsluhlutfalli ríkissjóðs í þessu tilviki.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég ætla að gera örstutta aths. út af því sem hæstv. ráðh. sagði. Ég hóf máls á því að kannske væri vert að athuga 3. gr. Hún er þannig orðuð: „Séu gjöld samkv. lögum þessum ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði" o. s. frv. Talað er um gjöld samkv. lögum þessum. Þetta er kannske aðfinnsluvert orðalag, og það þarf að athuga. Það munu vera ákvæði í lögum um dráttarvexti sem hægt væri að beita í þessu sambandi, að mér skilst, eða lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 20. fundur.

Fimmtudaginn 17. jan., kl. 5.40 síðdegis.

Greiðsla opinberra gjalda, frv. (þskj. 98 (sbr. 96), n. 100). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. N. gekk fljótt til verks og boðaði á sinn fund Jón G. Tómasson, formann Sambands ísl. sveitarfélaga. Rakti hann meðferð sína og sambandsins á óskum um hlutfall fyrirframgreiðslu. Var það mat hans að sú upphæð, sem tilgreind er í 4. gr. frv., 70% eigi að nægja flestum sveitarfélögum, þótt einstaka sveitarfélög hefðu talið þörf á

að upphæðin væri nokkru hærri. Miðað við þá útreikninga, sem lagðir eru til grundvallar, var ekki gerlegt að hans dómi að fara með upphæðina miklu hærra en hér er tilgreint. Í ljósi þeirra upplýsinga, sem fram komu hjá Jóni G. Tómassyni, formanni Sambands ísl. sveitarfélaga, telur n. því ekki rétt að leggja til breytingu á 4. gr. frv.

Jafnframt er n. þeirrar skoðunar, eftir að hafa kynnt sér bæði þá siðvenju sem hefur tíðkast, lög um innheimtu sveitarfélaga og enn fremur vilja hæstv. fjmrh., að það ákvæði í 3. gr. frv. sem var gert að umræðuefni af hv. þm. Lárusi Jónssyni, að dráttarvaxtagreiðsla kynni e. t. v. að ná eingöngu til ríkissjóðs, sé afdráttarlaust, það sé tvímælalaust bæði samkv. lögum, vilja fjmrh. og siðvenju að sveitarfélögin fái einnig sinn hlut hér af.

Varðandi þá aths., sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson flutti varðandi 3. gr., hvað séu gjöld samkv. lögum þessum, þá má vissulega spyrja hvað hér sé við átt samkv. orðanna hljóðan. Við erum samt sem áður þeirrar skoðunar, að með sérstöku tilliti til þeirra umræðna, sem fram hafa farið hér í þinginu um þetta frv. og aðdraganda þess, eigi í reynd að vera ljóst, hvað hér sé átt við, og einnig með tilvísun til 1. gr. frv. Við teljum þess vegna ekki ástæðu til að breyta 3. gr., með sérstöku tilliti til þess að það mundi tefja afgreiðslu málsins hér á þingi fram yfir helgi.

Í ljósi allra þessara atriða og einnig þess til viðbótar, þó að það hafi ekki verið rætt sérstaklega í n., en það er þá mín persónulega skoðun, að þeir efahyggjumenn, sem eru sjálfsagt margir til í þinginu um fjárhagsstöðu ríkissjóðs um þessar mundir, eigi e. t. v. að fá að hafa vaðið aðeins fyrir neðan sig samkv. dómi hæstv. fjmrh. og fjmrn. varðandi 65% regluna, þá taldi n. ekki rétt að flytja brtt. um það atriði.

Á þessum grundvelli, sem sjálfsagt mætti hafa mörg fleiri orð um, leggur n. til á þskj. 100 að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 21. fundur.

Fimmtudaginn 17. jan., að loknum 20. fundi.

Greiðsla opinberra gjalda, frv. (þskj. 98 (sbr. 96)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 101).

Efri deild, 22. fundur.

Mánudaginn 21. jan., kl. 2 miðdegis.

Stöðvun verkfalls á farskipum og verkbanns, frv. (þskj. 19). — 1. umr.

Forsrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. S. l. vor var verkfall á farskipum hér á landi og fylgdu því verkbannsaðgerðir af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands. Svo fór, að þáv. ríkisstj. taldi óhjákvæmilegt að leysa þessa deilu með brbl. og voru þau gefin út 19. júní. Eins og lög mæla fyrir voru þessi brbl. lögð fram strax í upphafi þings sem saman kom 10. okt. s. l. Nú var það þing mjög stutt og gafst því ekki tími til að afgreiða þessi brbl. Ástæðan fyrir þeirri tímaþröng var að meiri hluti þings hafði ákveðið að gangast fyrir kosningum í desember og þurfti að hyggja að tíma sem aðdragandi þeirra útheimti. Til þess nú að brbl. gengju ekki úr gildi þegar þing var rofið greip sú ríkisstj., sem þá hafði tekið við, til þess ráðs eftir vandlega íhugun og eftir að hafa ráðgast við sérfróða menn að endurgefa út þessi sömu lög, til þess að hægt væri að leggja þau fram á eðlilegan hátt á Alþ. við fyrsta tækifæri.

Þetta frv. er um staðfestingu á hinum endurútgefnu brbl., annars algerlega óbreyttum, og sé ég ekki ástæðu til að fara um það frekari orðum, því ég hygg að málsatvik séu mönnum í fersku minni.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 82). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. þetta um breytingu á hegningarlögum felur í sér þá breytingu eina að hækka sektahámark. Skv. breytingu, er gerð var á hegningarlögunum 1976, var sektahámark ákveðið 5 millj. kr. Nauðsynlegt þykir að sektafjárhæðir almennt fylgi verðlagsþróun og að sektahámark standi eigi í vegi fyrir því, að sektir verði ákveðnar í samræmi við eðli brots. Það er í sjálfu sér matsatriði, hvert lögboðið sektahámark skuli vera. Þótti rétt að hækka hámarkið nú í 30 millj. kr. Er það reyndar eitthvað meiri hækkun en nemur verðlagsbreytingum frá 1976, en höfð hliðsjón af því, að fjárhæðin mun standa um eitthvert árabil. Rétt er að benda á að sektahámark hegningarlaga gildir eigi aðeins um sektaákvarðanir skv. þeim lögum, heldur einnig við sektaákvörðun samkv. ýmsum sérlögum, þar sem sektahámark er ekki ákveðið, t. d. áfengislögum. Er reyndar nauðsynlegt að endurskoða ýmis slík sérákvæði, þar sem sektahámarkið er ákveðið nokkur þús. kr. og hefur staðið óbreytt um árabil. Er þá eðlilegra að geta vísað til hins almenna ákvæðis í hegningarlögunum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. og legg til að að þessari umr. lokinni verði því vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til hv. allshn. með 13 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 83). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. það til breyt. á almennum hegningarlögum, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., fjallar einungis um viðauka við 6. gr. almennra hegningarlaga og er borið fram vegna fyrirhugaðrar fullgildingar Íslands á Evrópusamningi frá 27. jan. 1977, um varnir gegn hryðjuverkum. Er lagt til að unnt verði að refsa eftir íslenskum hegningarlögum fyrir háttsemi þá sem greinir í fyrrnefndum milliríkjasamningi enda þótt hún hafi átt sér stað utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að því valdur.

Framangreindur milliríkjasamningur hefur verið undirritaður af Íslands hálfu. Til þess að unnt sé að fullgilda hann þarf að setja viðbótarákvæði í almenn hegningarlög, og er það niðurstaða af athugun dómsmrn., að nægilegt sé að bæta nýjum tölulið, 6. tölulið, við 6. gr. hegningarlaganna til að fullnægja ákvæði samningsins um refsilögsögu þegar synjað er um framsal.

Varðandi framsal skv. samningi þessum mun dómsmrn. leggja til að notuð verði heimild 13. gr. samningsins um fyrirvara og framsal.

Brtt. þessi er flutt sem sérstakt frv. svo að unnt verði að láta meðferð þess fylgja meðferð væntanlegrar þáltill. um fullgildingu nefnds milliríkjasamnings sem utanrrh. mun væntanlega bera fram á næstunni.

Herra forseti. Það er svo ekki ástæða til að hafa fleiri orð um þetta. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 17). — Frh. 1. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það hafa orðið óvenjulega ítarlegar umr. um þetta frv. við 1. umr. Að mínu viti er ekkert óeðlilegt að svo sé, vegna þess að hér er um óvenjulega þýðingarmikið mál að ræða. Ég ætla nú ekki að fara að lengja þessar umr., en af sérstöku tilefni kvaddi ég mér hljóðs nú.

Í fyrri ræðu minni lagði ég áherslu á að mál það, sem frv. þetta fjallar um, væri fyrst og fremst tvíþætt: Annars vegar væri það sem varðaði fjármögnun íbúðarlánakerfisins og það væri aðalatriði og grundvallaratriði. Hitt væri það sem varðaði skipulagsmál. Það, sem varðar skipulag húsnæðismálanna, kom ég lítið inn á. Kom ég þó inn á nokkur atriði. Ég varaði við sumum breytingum eða nýmælum, sem eru í þessu frv., en mælti með öðrum. En það, sem ég varaði aðallega við, var að fjármögnun-

armálunum væri ekki sinnt, verkefni væru aukin án þess að efla þá tekjustofna íbúðarlánakerfisins, sem eru fyrir, eða að setja því nýja til viðbótar.

Ég vitnaði í grg. frv. sjálfs. Þar kom fram að þegar búið er að reikna út fjármagnsþörf kerfisins miðað við þær breytingar, sem eru lagðar til, vantar til að byrja með 1/4 af því ráðstöfunarfé, sem íbúðarlánakerfið þarf á að halda, og brátt vantar 1/3 af því fé, sem íbúðarlánakerfið þarf á að halda.

Það, sem gaf mér tilefni til þess nú að standa upp, voru orð hæstv. félmrh. í síðustu ræðu hans um þetta frv. Hann sagði að það væri skoðun sín, að verði þetta frv. samþ. sé *fjárveitingavaldið bundið af þeim ákvörðunum, sem í því* felast, um fjárstreymi til íbúðarlánasjóðanna.

Ég held að í þessum orðum felist mikill misskilningur. *Fjárveitingavaldið, eins og ráðh. orðar það, er auðvitað* bundið við þær fjárveitingar sem ákveðnar eru í lögum. Og í þessu frv. er gert ráð fyrir ýmsum tekjustofnum, þ. e. þeim tekjustofnum sem hafa verið lögbundnir áður. En fjárveitingavaldið er ekki bundið nema af því að framkvæma þau lagaákvæði, sem felast í þeim tekjustofnum sem áður hafa verið. Ef ekki eru við afgreiðslu þessa frv. settir auknir eða nýir tekjustofnar til þess að mæta aukinni fjárþörf er fjárveitingavaldið ekki bundið við að bæta þar úr. Það er Alþingis að gera það, og það verður ekki gert nema með beinum lagaákvæðum. Það er viðfangsefnið við endurskoðun laganna nú að setja þessi lagaákvæði. Ef þetta er ekki gert, þá hlýtur afleiðingin af því að taka upp nýja lánaflokka í húsnæðismálakerfinu og auka hlutverk og verkefni lánakerfisins með þeim hætti að vera sú, að til þeirra þarfa verður tekið af því fé sem fyrir er, og það verður ekki gert nema með því að það gangi á þau lán sem ganga til nýbygginga. Þetta er alvarlegast í þessu efni. Það má ekki gerast af því að hið almenna húsnæðisástand í landinu er fyrst og fremst *komið undir því, þó annað sé mikilvægt, að byggðar séu* nægilega margar nýjar íbúðir og lánskjörin á þeim séu sem hagkvæmust.

Það er ekki í fyrsta sinn sem hefur verið *syndgað, ef* svo mætti að orði komast, gegn íbúðarlánakerfinu með þessum hætti. Það er einmitt vegna þess að þetta hefur stundum verið gert að miðað hefur aftur á bak varðandi nýbyggingalánin, bæði að það hefur verið tregða á að veita lánin og lánin hafa orðið minni hundraðshluti af byggingarkostnaðinum en annars hefði orðið. Og þegar það skeður er vissulega um afturför að ræða. En stundum hefur verið um afturför að ræða í sögu þessara mála, eins og ég benti á í minni fyrri ræðu í þessum umr.

Ég stend hér upp einungis til þess að vara við því, að fallið verði í þessa gröf nú með því að auka verkefni íbúðarlánakerfisins án þess að mæta þeim þörfum, sem það skapar, með nýjum eða auknum tekjustofnum.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Vegna þess, sem hv. 4. þm. Vestf. sagði, vil ég fara nokkrum orðum um það. — Það skortir ekki í dag lagafyrirmæli um markaða tekjustofna. Þeir hafa ekki verið fullnýttir á undanförnum árum. Það skortir ekki heldur lagafyrirmæli um skyldu lífeyrissjóða til að nota svo og svo mikið af ráðstöfunarfé sínu til að kaupa skuldabréf Byggingarsjóðs eða annarra fjárfestingarlánasjóða. (Gripið fram í.) Það skortir ekki lagafyrirmæli til þess. Hitt er rétt, að það má vel vera að það sé réttara að taka inn í frv. þau ákvæði sem eru í 5. gr. draga að reglugerð fyrir almenn veðlán Byggingarsjóðs ríkisins, á bls. 49. Ég gæti vel fallist á að þessi ákvæði í 5. gr. um að lánin hækki aldrei minna en sem svarar 5% á ári og að það taki í mesta lagi 10 ár að ná þessum 80% komi inn í sjálf lögin. Þá held ég að við hv. 4. þm. Vestf. séum orðnir nokkuð sammála.

Ég vil svo endurtaka það sem ég hef áður sagt, að ég vonast til að félmn. þessarar hv. d. vinni eins vel að þessu frv. og frekast er unnt stærðar málsins vegna og umfangs.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þeim umr. sem hér hafa orðið um fjármagn til íbúðabygginga og fjárveitingar til þeirra. Eins og hv. þm. er kunnugt er megintekjustofn Byggingarsjóðs ríkisins launaskattur. Ég kemst ekki hjá því vegna þeirrar umr., sem hér hefur orðið í þessari hv. d., að vekja athygli á þeim tvískinnungi sem verið hefur bæði af hálfu fyrrv. ríkisstj. og núv. í þessum efnum. Í fjárlögum fyrir árið 1979 voru 10% *af launaskattinum tekin til almennra* þarfa ríkissjóðs og þessu fjármagni kippt úr Byggingarsjóði ríkisins. Þarna var um allálitlega fjárhæð að ræða. Nú er enn vegið í sama knérunn og þessi prósentutala hækkuð upp í 15%. Í stað þess, að að óbreyttum lögum ætti allur launaskatturinn að renna til Byggingarsjóðs ríkisins og þar með til húsnæðislána, þá er gert ráð fyrir að skerða tekjur Byggingarsjóðs ríkisins með þessum hætti um hvorki meira né minna en 2.5 milljarða kr., ef ég man rétt. Í þessu felst náttúrlega mjög mikill tvískinnungur,svo að ekki sé meira sagt, og mér er í rauninni óskiljanlegt að menn skuli, á sama tíma sem þetta er gert og þannig að því staðið að veita fé til íbúðabygginga í landinu, koma fram og halda langar tölur um hversu mikið þeir hugsi sér að gera til þess að bæta hag húsbyggjenda, bæði að því er varðar íbúðabyggingar á vegum einstaklinga og svokallaðra félagslegra húsbygginga.

Ég held að í þessu dæmi, sem ég hef hér vakið athygli á, megi í rauninni sjá, svo að ekki verði um villst, hversu mikinn loddaraleik menn eru að leika á þessu sviði, eins *og raunar á fleiri sviðum í þjóðfélaginu, nú hin síðustu ár.*

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hafa nú þegar orðið langar umr. hér í d. um þetta frv. Eins og ég sagði í minni fyrstu ræðu við þessa 1. umr. er hér á ferðinni svo veigamikið frv. og á því eru það umfangsmiklir *gallar og hægt er að hafa svo ólíkar skoðanir á* fjölmörgum atriðum, að það er heppilegra til þess að hraða þingstörfum, að slík umr. fari fram í þeirri n. deildarinnar sem fær frv. til meðferðar.

Hæstv. félmrh. reyndi í sinni svarræðu að gera mjög lítið úr þeim aths. og þeirri gagnrýni sem ég setti fram á þetta frv. Ég gæti farið mörgum orðum um þetta svar hæstv. ráðh., en ég ætla hins vegar að geyma mér það þar til kemur að 2. umr. þessa máls hér í d. og brtt. félmn. — meiri eða minna hluta eða n. allrar — við frv. liggja fyrir. Þá verður hægt að ræða með tilliti til brtt. kosti og galla þeirra ákvæða sem í frv. eru.

Hæstv. ráðh. lét að því liggja, að hjá sveitarstjórnum og hjá verkalýðshreyfingunni væri mikill og almennur stuðningur við þetta frv. Hæstv. ráðh. er væntanlega kunnugt um það, að það framtak hans rn. að senda Sambandi ísl. sveitarfélaga frv. til umsagnar hefur leitt til þess, að nú þegar hefur Samband ísl. sveitarfélaga sent frá sér bréf með 15 aths. við þetta frv. Sumar þeirra eru allveigamiklar, þótt aðrar kunni að vera minni háttar.

Mér er kunnugt um það, að í einstökum sveitarstjórnum hér á landinu fer fram nánari skoðun á frv. sem mun leiða til fleiri aths. Mér er líka kunnugt um það, að innan stofnana og stjórna samtaka launafólks eru gerðar mjög alvarlegar aths. við frv. og hv. félmn. þessarar d. munu berast mjög gagnrýnar aths. frá samtökum launafólks við þetta frv. Það er því mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh., ef hann heldur að það sé eingöngu ég og kannske örfáir aðrir þm. í þessari d. sem hafi leyft sér að gera aths. við frv. Öflug og veigamikil samtök í landinu, sem hafa átt verulega hlutdeild í meðferð húsnæðismála, bæði stýringu þeirra og fjármögnun, t. d. sveitarfélögin og samtök launafólks, gera mjög veigamiklar aths. við þetta frv. Það er líka rangt hjá hæstv. ráðh., að það sé sjálfsagt mál að fjölga í því stjórnunarapparati sem húsnæðismálastjórn er nú þegar. Ég vil í því sambandi nefna aðeins eitt dæmi til að sýna hve linlega sú yfirstjórn, sem er nú á stofnuninni, hefur sinnt ýmsum veigamiklum þáttum.

Tækninýjungar, sem leiða til sparnaðar í húsnæðismálum, ættu að vera og eiga að vera mikilvægt viðfangsefni þessarar stofnunar. Í sept. á s. l. ári sendi Sturla Einarsson byggingameistari húsnæðismálastjórn bréf, þar sem hann gerði ítarlega grein fyrir þeirri tilraunastarfsemi með byggingaraðferðir sem hann hefur verið að gera og felur í sér algerar grundvallarbreytingar hvað snertir einangrunaraðferð húsa. Tilraunir á þeim tveimur húsum, sem þær nýjungar hafa beinst að, hafa leitt í ljós bæði umfangsmikinn sparnað í byggingarkostnaði og enn fremur umfangsmikinn sparnað í rekstri húsanna, sérstaklega kyndingarkostnaði, þar á eftir.

Húsnæðismálastjórn hefur ekki enn þá svarað þessu bréfi. Þessi tilraunamaður í byggingariðnaði á Íslandi á tvímælalaust rétt á því, að málefni hans séu tekin til ítarlegrar skoðunar, vegna þess að ef þarna er verið á réttri braut getur það skipt milljörðum fyrir samfélagsheildina. En húsnæðismálastjórn hefur hvorki treyst sér til þess að svara þessu erindi né heldur leggja fram hið minnsta fjármagn til þess að þessi tilraunastarfsemi geti haldið áfram. Ég held að það væri nær að setja fjármagn í að styrkja þá einstaklinga og samtök í þjóðfélaginu, sem eru af veikum mætti að reyna að koma á framfæri nýjungum í byggingariðnaði á Íslandi, en að vera að hlaða nýju bákni við stjórn viðkomandi stofnunar.

Ég verð að segja það við hæstv. ráðh., að mér finnst það heldur leiðinlegt, bæði í þessari umr. og eins í Sþ. fyrir nokkrum dögum, að ávallt þegar maður gagnrýnir það nýja ástfóstur, sem hv. þm. og hæstv. ráðherrar Alþfl. hafa tekið við embættis- og stjórnsýslubáknið, og þann boðskap í útþenslu kerfisins, sem þeir hafa tekið að sér, þá skuli hæstv. ráðh. alltaf nefna einstaklinga, sem eru flokksbundnir félagar í mínum eigin flokki, og gera því skóna, að nú sé verið að mótmæla því að viðkomandi einstaklingar fái hinar eða þessar stöður. Eða m. ö. o.: Hæstv. ráðh. ber hér á borð hinar klassísku gömlu röksemdir samtryggingarkerfisins, sem úr flokki hans hafa verið hvað háværastar raddir um á undanförnum mánuðum og árum. Það er því ekki bara í hinum smáu málum, sem þessi málflutningur kemur fram, það er líka í umræðum um hin stóru mál eins og þetta húsnæðismálafrv.

Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að lengja þessar umræður. Þetta mun vera fjórði dagurinn sem þetta frv. er til umræðu hér í hv. deild. En ég mun beita mér fyrir því í samvinnu við nefndarmenn í félmn., að þetta frv. og sú gagnrýni, sem fram hefur komið, fái mjög ítarlega meðferð í deildinni, og flytja brtt. við frv. Þá skulum við ræða við hæstv. bráðabirgðaráðherra — sem kannske verður þá ráðherra og kannske ekki — um ágæti þessa frv.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég er sammála hv. 3. þm. Norðurl. e. um að gagnrýna það — enda hef ég mótmælt því við gerð fjárlaga — að í fyrra skuli hafa verið dregin 10% af mörkuðum tekjustofnum Húsnæðismálastofnunar ríkisins og að það sé enn þá gert í fjárlagafrv. sem er til meðferðar í þinginu. Hitt er svo annað mál, að þessi 10% voru greidd til baka, þó með öðrum hætti væri, á síðasta ári, þannig að í reynd var þá ekki um neinn niðurskurð að ræða.

Ég er mjög ánægður með það, sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv., að Samband ísl. sveitarfélaga skuli athuga málið vel, og tel það sönnun þess, að rétt hafi verið að senda því frv. svona snemma, að það skuli hafa komið 15 aths. Það sýnir bara hve mikinn áhuga þeir hafa sjálfir fyrir frv. Ég hef ekki séð þessar aths., enda óskaði ég eftir því að allar þeirra umsagnir færu beint til félmn. þessarar hv. deildar. Enn fremur líkar mér vel að þetta er í skoðun í fleiri sveitarfélögum. Eftir því sem mér er sagt af sveitarstjórnarmönnum er það ekki kostnaðarliðurinn, sem þeir eru að kvarta undan, heldur það, að allt of mikið vald skuli vera fært yfir í hendur verkalýðsfélaganna eða launþegahreyfingarinnar frá sveitarfélögunum, öfugt við það sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. síðast. Ég er mjög ánægður með það, eins og ég sagði að það skuli vera öflug og veigamikil samtök, sem eru að skoða þetta frv. og skoða vel, og vona að það komi verulega mikið út úr því.

Það hefur aldrei staðið til að fjölga í toppnum í stjórnunarkerfi Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Það stendur í núgildandi lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, að hún eigi að stuðla að tækninýjungum, en það furðulega er, að hún hefur ekki leyfi skv. lögum til þess að lána fimmeyring til tækninýjunga. Það er aftur á móti leiðrétt í þessu frv. Má vera að það sé þess vegna sem þeir hafa ekki enn þá svarað Sturlu Einarssyni um hans nýju aðferðir við einangrun. Ég hef talað við Sturlu og það er ýmislegt athugunarvert, sem hann er með í huga, og væri rétt að hjálpa honum við að koma því í framkvæmd. Það er fáránlegt, að húsnæðismálastjórn hefur ekki leyfi í dag til þess að lána honum.

En ég er ánægður með það, sem kom fram hjá 11. þm. Reykv., að frv. muni fá ítarlega meðferð í deildinni. Ég tel það sjálfsagt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 31). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Á síðasta ári áttu sér stað viðræður milli fulltrúa ríkisvaldsins og ýmissa launþegasamtaka í landinu um úrbætur í félags- og réttindamálum sem komið gætu í stað beinnar krónutölu á laun. Hv. þm. er kunnugt um tilefni þessara viðræðna svo og ýmsar laga- og reglugerðar-

breytingar sem fylgdu í kjölfar þeirra og eru gjarnan kenndar við félagsmálapakka.

Af hálfu samtaka sjómanna, þ. e. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands, var lögð fram skrifleg grg., dags. 2. apríl 1979, þar sem tilgreind voru allmörg löggjafaratriði er vörðuðu hagsmuni sjómanna og brýnt var talið að endurskoða.

Í fyrstu ábendingu þessarar grg. varðandi lög um lögskráningu sjómanna segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Það hefur verið samtökum sjómanna mikið áhyggjuefni, hvernig framkvæmd hefur verið lögskráning sjómanna víðast hvar á landinu. Virðist það ærið handahófskennt, hvort menn eru skráðir í skiprúm eða ekki, og veldur slíkt erfiðleikum. Enn fremur virðist ekki gengið hart fram í þeim efnum, að menn leggi fram atvinnuskírteini þar sem það á við, og jafnvel eru menn skráðir sem yfirmenn án vitundar viðkomandi o. s. frv. Til áréttingar því, að réttindi sjómanna fari alfarið eftir ráðningarsamningi, verði gerðar þær breytingar á lögskráningu að lögum, að útgerðarmönnum verði bannað að afskrá og ráða skipverja einhliða og fyrirvaralaust í því augnamiði að svipta þá launum og öðrum réttindum."

Mál þetta hefur síðan komið nokkrum sinnum til umræðu, nú síðast á kjaramálaráðstefnu Alþýðusambands Íslands, þar sem eftirfarandi ályktun var gerð, með leyfi forseta:

„Kjaramálaráðstefna A. S. Í. haldin 8. des. 1979, samþykkir að nú þegar verði teknar upp viðræður við ríkisvaldið um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, sem feli í sér að með stórhækkuðum sektarákvæðum og missi veiði- og skipstjórnarréttinda verði tryggt að skip séu ekki gerð út með óskráða áhöfn. Jafnframt verði þær breytingar gerðar á lögunum, að tryggt verði að sjómaður haldi launum sínum skv. kjarasamningi þótt hann hafi verið afskráður af skipi."

Í grg. með samþykktinni segir m. a. að hún sé efnislega samhljóða niðurstöðum kjaramálaráðstefnu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem haldin var um sama leyti. Auk þess var þar vitnað til ályktunar, sem gerð hafði verið 19. okt. s. l. á kjaramálaráðstefnu ASÍ, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Verður þó sérstaklega að minna á að enn hafa ekki verið lögð fram frv. vegna réttinda sjómanna og gera verður kröfu til þess, að úr því verði bætt hið bráðasta."

Af þessum tilvitnunum er ljóst, að samtök sjómanna telja sig hafa fengið vilyrði fyrir úrbótum í þessum efnum og kalla eftir efndum á þeim með fullum stuðningi annarra launþegasamtaka innan vébanda ASÍ. Að mínum dómi er því fullkomlega tímabært að hrinda nú þessum málum í framkvæmd. Treysti ég því, að hv. alþm. séu fúsir til að veita frv. skjótan og góðan framgang, ekki síst vegna þess að hér er greinilega um mikið sanngirnismál að ræða.

Ýmis mikilvæg starfsréttindi sjómanna hafa með tímanum verið tengd lögskráningu þeirra, ýmist með lögum eða í kjarasamningum. Nefna má sjómannafrádrátt skv. skattalögum, lífeyrisréttindi, slysatryggingar að nokkru leyti, kauptryggingu, rétt til fæðispeninga o. fl. Sama gildir um ýmsar greiðslur til stéttarfélaga sjómanna og sjóða á þeirra vegum. Ófært er að útgerðarmaður geti svipt sjómann slíkum réttindum með einhliða afskráningu án vitundar hans og svipt hann þannig möguleikum til réttmætra andmæla og aðgerða, m. a. gagnvart lögskráningarstjóra.

Mér er það ljóst, að þetta frv., þó að lögum verði, nægir ekki eitt sér til að bæta úr þeim ágöllum sem samtök sjómanna og ASÍ vekja máls á í þeim ályktunum sem ég vitanði til fyrr í ræðu minni. Framkvæmd laganna þarf einnig að batna og hef ég rætt það atriði lítillega við dómsmrh. og þarf að gera betur. Auk þess verður nauðsynlegt að gera nokkrar lagfæringar á sjómannalögum. Undirbúningur þess er nú á lokastigi og er þar verið að reyna að ná samstöðu sem flestra viðkomandi aðila, þannig að ekki þurfi að leiða til átaka.

Þetta frv. er þó nokkurt spor í rétta átt. Ég legg áherslu á að efni þess hef ég rætt við fulltrúa sjómanna og Landssamband ísl. útvegsmanna, og er full samstaða við þessa aðila um efni þess. Efni frv. hygg ég að þarfnist ekki frekari skýringa, og legg ég til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og samgn. þessarar hv. deildar.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 22.). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Þetta er frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun og lagt fram óbreytt í fjórða skipti. Það var fyrst lagt fram til kynningar af þáv. menntmrh., Vilhjálmi Hjálmarssyni, í lok 99. löggjafarþings, en var síðan endurflutt af fyrrv. menntmrh., Ragnari Arnalds, á tveimur síðustu þingum.

Í lok janúarmánaðar 1977 skipaði menntmrh. þrjá menn til að endurskoða lög nr. 33 frá 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun. Á undanförnum árum höfðu rn. öðru hverju borist samþykktir, einkum frá Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og Æðarræktarfélagi Íslands, um að lögin yrðu endurskoðuð eða sumum greinum laganna yrði a. m. k. breytt, svo að auðveldara yrði að fækka svokölluðum vargfulglum, fyrst og fremst svartbaki og hrafni.

Í endurskoðunarnefndina voru skipaðir Ásgeir Bjarnason, þáv. forseti Sþ., formaður Búnaðarfélags Íslands, dr. Arnþór Garðarsson, formaður fuglafriðunarnefndar, og Runólfur Þórarinsson stjórnarráðsfulltrúi, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin hélt allmarga fundi meðan hún vann að endurskoðuninni og hafði samband við marga aðila og fór þess á leit við þá, að þeir gerðu í bréfi til nefndarinnar grein fyrir þeim hugmyndum sínum og tillögum til breytinga á lögunum sem þeir telja æskilegar. Ábendingar eða tillögur þessara aðila fylgja frv., merktar fskj., I—XII. Nefndarmenn urðu sammála um flest ákvæði frv., eins og það liggur nú fyrir.

Herra forseti. Eg hef ekki séð ástæðu til að gera breytingar á tillögum nefndarinnar. Hins vegar er væntanlega æskilegt að málið verði vel athugað í nefnd.

Eins og áður greinir er frv. nú flutt í fjórða skipti, og vil ég leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég á ekki sæti í þeirri n., sem fjalla mun um þetta mál, ekki fremur nú en er síðast var um það fjallað. Ég vil því ekki sleppa tækifærinu nú þegar við 1. umr. til þess að gagnrýna þetta frv. mjög harðlega og það, hvernig unnið var að samningu þess, og vík þeirri útásetningu minni síður en svo til þess ráðh. sem sat á stóli í menntmrn. þegar frv. var samið.

Hér hefur verið tekið saman talsvert rit, frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun. Það kemur í ljós þegar við fyrsta yfirlestur, sem raunar kemur fram í aths., að hér er fyrst og fremst unnið að því að verja hagsmuni eins hóps sem neytendahóps á landi hér, þar sem eru æðarræktarmenn. Nú er ég síður en svo á móti þeim eða þeirra starfsemi, er lengi raunar hefur látið gott af sér leiða. Sjálfur er ég alinn upp í æðarvarpi, ef svo má segja, og þykir vænt um þennan fugl, æðarfuglinn, og vil að hann verði verndaður áfram, enda er þetta fugl sem gefur okkur björg í bú. En það koma fleiri sjónarmið til álita, þegar semja skal lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, en hagsmunamál æðarræktarbænda.

Svo vandlega hefur verið hugað að hagsmunum æðarræktarbænda við samningu þessa frv., og skjólstæðings þeirra, æðarfuglsins, að hér kemur víða fram, að því er mér virðist, allmikill og að sumu leyti, að því er mér finnst, óverðskuldaður fjandskapur í garð annarra fugla á landi hér. Ég get nefnt sem dæmi að hér er hvatt til skefjalausra ofsókna gegn ýmsum fuglategundum sem geta verið æðarfuglinum sérstaklega harðar í umgengni í viðleitni sinni til þess að sjá eigin stofnum farborða. Og hér er sneitt í þessu frv. að hagsmunum annarra þegna en þeirra, sem arð hafa af æðarvarpi, af ekki nógu mikilli fyrirhyggju, virðist mér, sums staðar a. m. k.

Mér þykir það ljóst af ýmsum atriðum frv., að ekki hefur verið hugað nærri því nógu mikið að því að færa ýmsa hugsun fyrirhugaðrar lagasetningar í átt til nútímaviðhorfa. Ég gæti nefnt mörg dæmi, en á bls. 6, í 26. gr., blasir við mér aðeins eitt dæmi af mörgum um þennan ágalla frv. Í 26. gr. segir:

„Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg."

Nú má svo vera, að eimflauta finnist um borð í íslensku skipi eða báti núna, mér er ekki kunnugt um það. Óljósan grun hef ég um það, að eina eimflautan, sem til sé á Íslandi nú, sé á Síldarverksmiðjunni SR 46 á Siglufirði.

Svona ákvæði skaðar náttúrlega ekki neinn, en þetta er bara dæmigert um það, með hvaða hætti hefur verið unnið að samningu þessa frv. og hvað það fer óralangt frá því að sinnt hafi verið sem skyldi við samningu þessa frv. ýmsum atriðum sem varða sannarlega líf í landinu á síðari hluta 20. aldar.

Hér kemur fram í þeim greinum, sem fjalla um friðun einstakra fuglategunda, þess háttar þekking á lífi og viðgangi fuglastofnanna á landinu sem gerir það að verkum, að ég leyfi mér stórlega að efast um að svo hafi verið sem gefið er þó í skyn og raunar sagt í frv., að einn af þekktustu fuglafræðingum landsins hafi átt drjúgan þátt í samningu þess, þar sem því er haldið fram að endur, sem eru — svo sem ég ætla að þm. sé ljóst — vaðfuglar, hafist við á svipuðum slóðum og rjúpan að vetrinum og þess vegna sé æskilegt að þær andartegundir, sem leyft er að skjóta á ákveðnum tíma, séu friðaðar á sama tíma, til þess að rjúpa verði ekki skotin í blóra við endurnar, af því að hún hafist við á svipuðum slóðum.

Fleiri atriði þessu lík koma fyrir í frv. sem gera það dálítið vafasamt í augum þeirra sem áhuga hafa á því að kynna sér líf íslenskra fugla, ég tala nú ekki um þeirra sem hafa svolítinn áhuga á því að veiða þá lögum samkv. á þeim tíma sem slíkt er leyfilegt.

Svo ég víki aðeins að þeim atriðum sem lúta ættu beinlínis að því að gera þetta að frv. um fuglaveiðar, þá er sneitt hjá því í frv. að skera úr um ágreiningsatriði varðandi veiðirétt á fuglum. Hér eru látin liggja enn þá óhreyfð atriði sem hafa valdið mjög hörðum deilum á hverju einasta hausti, t. d. varðandi rétt til rjúpnaveiði á landi hér, svo að óþolandi má orðið kallast. Nægir að benda á, þó að þessi skortur komi fram á fleiri stöðum, 5. gr., 2. málsgr., þar sem stendur:

„Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra."

Á hverju einasta hausti s. l. 15 ár hafa þegnar landsins staðið með steyttan hnefann hver framan í öðrum á heiðum og í háfjallahlíðum, annar ef ekki báðir með byssu um öxl, og þvargað um það, hvort annar hvor aðili eða jafnvel báðir geti sannað eignarrétt sinn til þess lands sem þeir þá á standa á rjúpnaskyttiríi.

Það er einnig ljóst, að í frv. þessu verður að kveða miklu ljósar á en hér er gert um rétt landsmanna til þess að stunda fuglaveiðar. Eins og sakir standa nú fylgir byssuleyfinu réttur til þess að stunda veiðar á þeim dýrategundum sem ekki eru friðaðar lögum samkv., án þess að sá réttur sé skilgreindur ítarlega að öðru leyti. Og skyldurnar, sem þessum rétti fylgja, eru ákaflega óljósar, einkanlega ef borið er saman við löggjöf á Norðurlöndum, í Þýskalandi, Bretlandi og öðrum þeim löndum Evrópu þar sem þessum málum, er lúta að heimildinni til þess að veiða dýr með byssu, hefur verið komið í sæmilega siðgott form.

Ef umhyggjunni fyrir æðarfuglinum, þeim ágæta fugli æðarfuglinum, er sleppt, þeirri sem fram kemur í þessu frv., þá þykir mér sem mjög mikið skorti á að kveðið sé á um það nægilega ljósum orðum og af nægilegri þekkingu, hvernig þeir menn, sem stunda skotveiði á landi hér, eiga að koma fram gagnvart þessum blessuðum veiðidýrum, sem þeim er þó heimilað að veiða á tilteknum tíma. Og ég held að við ættum annað tveggja að vísa þessu frv. til gagngerrar endursmíðar með hliðsjón af siðbestu löggjöf, sem við þekkjum frá grannlöndum okkar, ellegar þá að stuðla að því, að skipuð verði ný nefnd til þess að semja alveg nýtt frv. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 94). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. það um breyt. á almennum hegningarlögum, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., er hið þriðja af slíkum frv. sem nú hafa verið lögð fyrir deildina. Frv. þetta er veigamest og fjallar um breytingar á allmörgum greinum hegningarlaganna. Það er samið af hegningarlaganefnd og er þáttur í endurskoðun nefndarinnar á ýmsum þáttum hegningarlaganna.

Frv. *má skipta í tvo meginþætti.* Fjallar sá fyrri um ákvæði 9. kafla laganna um fyrningu saka og brottfall viðurlaga og ákvæði tengd þeim, en hinn síðari um ákvæði 23. kafla laganna um líkamsárásir og líkamsmeiðingar.

Tillögur þær, sem hér eru settar fram um sakarfyrningu, byggjast á tillögum norrænu hegningarlaganefndarinnar sem gerðar voru 1967 og síðan hafa verið lögfestar á Norðurlöndum. Það hefur verið meginstefna að löggjöf á þessu sviði væri líkust á Norðurlöndunum. Skv. frv. er lagt til að öll brot verði háð fyrningu nema þau sem ævilangt fangelsi liggur við, og er það veruleg rýmkun fyrninga frá því sem nú er. Vegna aðstæðna hér á landi er lagt til í frv. að rannsókn gegn manni sem sökunaut fyrir lögreglustjóra og löglegum fulltrúa hans geti rofið fyrningu, en núgildandi ákvæði eru einskorðuð við dómsrannsókn í þessu sambandi.

Þá geymir frv. till. um nýja fyrningarfresti og breyttan grundvöll þeirra. Að því er varðar fyrningu refsinga er lagt til í frv. að fyrningarfrestur sekta verði miðaður við það tímamark, er fullnægja mætti dómi, úrskurði eða sátt, og verði þrjú ár þegar fésekt er lægri en 500 þús., en fimm ár ef sekt er hærri.

Síðari hluti frv., 10.—12. gr., fjallar um breytingar á 217. og 217. gr. hegningarlaganna, sem fjalla um líkamsárásir og líkamsmeiðingar. Helsta breytingin, sem lagt er til að gerð verði á þeim ákvæðum, er sú, að 218. gr. verði skipt í tvær greinar, 218 og 218 a, og að greinarmunur verði gerður á líkamstjóni meiri háttar og minni háttar, en það hefur í för með sér aftur einfaldari saksóknarreglur, því að skv. núgildandi ákvæði er skylda að fram fari sókn og vörn um öll brot sem ákært er fyrir skv. 218. gr. Slík sundurgreining brotanna hefur því í för með sér verulegt hagræði í málsmeðferð.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 21. fundur.

Mánudaginn 21. jan., kl. 2 miðdegis.

Óverðtryggð framleiðsla landbúnaðarvara, frv. (þskj. 26). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Óverðtryggður útflutningur búvara, frv. (þskj. 39). — Frh. 1. umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs um þetta mál við umr. s. l. miðvikudag undir ræðu hv. flm. og frsm. Stefáns Valgeirssonar. Ég vil taka fram, að meginhluti ræðu hv. þm. var með þeim hætti að ég tel enga ástæðu til að gera aths. þar við, enda var sá hluti ræðunnar mjög í samræmi við það sem ég hafði sagt í framsögu fyrir frv. á þskj. 26, og voru þar ekki mikil frávik. Þó gætti jafnvel í þeim hluta ræðu hv. frsm. nokkurrar ónákvæmni, sem í sjálfu sér er ekki ástæða til að draga fram nema að litlu leyti. Hann taldi t. d. að nefndin sem síðar hlaut viðurnefnið harðindanefnd, hefði verið skipuð í maí, en hún var skipuð 5. júní. Hann taldi að í *sláturtíð hefði komið 1000 tonnum meira af kjöti af* fullorðnu á markaðinn en árið áður. Hið rétta er að það voru 620 tonn. Þannig var um nokkra ónákvæmni hjá hv. þm. að ræða. Slíka smámuni væri e. t. v. engin ástæða til að gera að umtalsefni, ef ekki hefði farið svo, að ónákvæmni gætti í máli hv. þm. um fleiri atriði og þau sem meira máli skipta.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagðist hafa heitið því á fundi Stéttarsambands bænda að beita sér fyrir að samstaða allra flokka næðist um að ná fram úrbótum í því máli sem hér er á dagskrá, að fá aðstoð hins opinbera til að greiða fyrir óverðtryggða framleiðslu búvara að því marki sem útflutningsbætur hrykkju ekki til. Þetta er gott og blessað. Hann sagðist einnig hafa rætt við fulltrúa flokkanna, þegar Alþ. kom saman í haust, og nefndi að það hefði verið lítið um svör frá Sjálfstfl. og að hann hefði þó beðið eftir þeim svörum til síðasta dags. Þetta kalla ég ónákvæmni sem er ástæðulaus af þessum hv. þm. A. m. k. tók ég þátt í að ræða við hv. þm. Stefán Valgeirsson og ég ræddi enn fremur við formann Alþb., sem þá sat á Alþ., um þetta mál og lagði mitt til að samstaða gæti tekist. Ég ætla ekki að segja frá hvernig það þskj. hefði litið út sem hv. þm. Stefán Valgeirsson hafði fyrst í hyggju að flytja hér, en niðurstaða liggur fyrir og hún birtist að nýju í frv. sem hann hefur flutt á þskj. 39 ásamt allmörgum öðrum þm. úr Framsfl. og Alþb.

Ég fór fram á að þetta mál yrði flutt í þeim búningi sem gerði það kleift að ég og flokkur minn gætum staðið að því að það yrði afgreitt. Ég minni enn á að starfað hafði nefnd um þetta mál, og afgreiðsla meiri hl. þeirrar nefndar liggur fyrir sem fskj. prentað á þskj. 26, og hefur verið vitnað hér til þess nál. Ég taldi að nauðsynlegt væri að frv. væri ekki í bága við það samkomulag, sem þá var gert, og næði að öðru leyti að byggjast á þeim sjónarmiðum sem fulltrúi Sjálfstfl. hafði sett fram til þess að Sjálfstfl. stæði að þessu máli. Þessu hafnaði hv. þm. Stefán Valgeirsson, og eftir að hann hafði hafnað því að breyta nokkrum stafkrók í því frv., sem hann sýndi mér, setti hann sitt frv. fram og var ekki um annað að ræða. Það var hann sem tók þá ákvörðun að rjúfa þær samkomulagstilraunir sem fram fóru. Það er því meira en ónákvæmni að koma upp í þennan ræðustól og segja að það hefði verið lítið um svör af hálfu Sjálfstfl. og hann hafi þó verið að elta ólar við Sjálfstfl. til síðasta dags til þess að reyna að ná slíku samkomulagi. Þessu vil ég ekki láta ómótmælt og verð að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með að hv. þm. Stefán Valgeirsson skyldi ekki í þessum atriðum og ýmsum atriðum öðrum geta farið með rétt mál.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta miklu meira. Það, sem liggur til grundvallar því að Sjálfstfl. tók ákvörðun um að standa að því að veittir yrðu 3 milljarðar kr. til að bæta halla á útflutningi landbúnaðarafurða, var það, að því þyrfti ekki að fylgja aukin skattheimta ríkis-

sjóðs. Þess vegna er orðalag í áliti meiri hl. harðindanefndar og orðalag í frv. á þskj. 26, sem ég er 1. flm. að, með sama hætti: Ríkisstj. skal útvega fjármagn o. s. frv., ekki að lagt verði fram fé úr ríkissjóði.

Það er enn fremur gerð grein fyrir því í frv. okkar sjálfstæðismanna á þskj. 26, á hvern veg lán, sem tekið yrði í þessu skyni, yrði endurgreitt. Ég hef gert grein fyrir því og um það þarf ekki frekar að ræða. Það er skilmerkilega gerð grein fyrir því á hvern hátt við viljum standa að því máli og á hvern hátt við viljum afla fjármagns til þess að stuðningur við landbúnaðinn geti orðið raunverulegur.

Ég tel að það hefði verið mikils virði og átt að vera kappsmál hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, sem ég veit að ber hag landbúnaðarins fyrir brjósti, að taka mið af því sem segir í nál. harðindanefndar og í aths. fulltrúa Sjálfstfl., núv. hv. þm. Steinþórs Gestssonar, og freista þess að ná fullri samstöðu um málið á þeim grundvelli. Það hefði e. t. v. getað orðið til þess að málið hefði þegar verið afgreitt. Því miður hefur afgreiðsla málsins dregist. Ég ætla ekkert að vera með neinar dylgjur um að hv. þm. beri á því ábyrgð, en víst er að hefði samstaða náðst væru a. m. k. miklu meiri líkur til þess að svo hefði ekki farið.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á að mér fannst dálítið kátlegt að heyra ummæli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar um núv. hæstv. landbrh. hvað snertir þátt hans í útvegun fjár og hugsanlegri afgreiðslu lána Bjargráðasjóðs vegna harðinda. Hæstv. landbrh. hefur sjálfur gert sínar aths. og þarf ekki að endurtaka það. Hitt er víst, sem ég hef einnig þegar tekið fram í fyrri ræðu hér á þingi, að mörgum bændum a. m. k. hnykkti nokkuð við þegar bréf komu um það frá Bjargráðasjóði á s. l. sumri að bændum væri gefinn kostur á aðstoð frá sjóðnum vegna fóðurkaupa af völdum harðinda með fullri verðtryggingu. Áður hafa lán úr sjóðnum verið veitt án verðtryggingar, oftast vaxtalaus og stundum afborgunarlaus í 2 ár. Aðstoð sjóðsins fram undir þetta hefur haft algera sérstöðu um aðstoð sjóða hér á landi. Til þess að geta staðist þetta hefur ríkisstj. á hverjum tíma margsinnis orðið að gera breytingar á lögunum um sjóðinn, þannig að tekjustofnar sjóðsins væru efldir.

Síðast var gerð breyting á lögum um Bjargráðasjóð hinn 18. des. 1976, og fjallar hún einmitt um það efni að gera breytingar á tekjustofnum sjóðsins til þess að efla hann og gera honum kleift að valda því hlutverki, sem honum er ætlað, að koma til aðstoðar við fólkið í landinu í neyðartilvikum. Tekjustofna sjóðsins má rifja upp, en þeir eru:

1. Framlög sveitarfélaga sem skulu nema 150 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við þjóðskrá 1. des. undanfarið ár.

2. 0.35% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febr. 1945, um stofnun Búnaðarmálasjóðs.

3. Framlag ríkissjóðs, sem nema skal samanlögðum framlögum samkv. 1. og 2. lið, sem ég hef rakið að framan.

4. Vextir af fé sjóðsins.

Ég lít svo á, að það hefði verið mikil ástæða til þess á síðasta Alþ. að leggja vinnu í að semja frv. um breytingar á lögunum um Bjargráðasjóð Íslands og efla tekjustofna sjóðsins til þess að honum væri kleift að rísa undir viðfangsefnum sínum, því að eins og að framan hefur verið rakið eru sumir tekjustofnar sjóðsins miðaðir við fasta krónutölu sem eyðist óðfluga í því verðbólguflóði sem yfir þjóðfélagið hefur riðið og ríður þessi missiri. En hæstv. fyrrv. ríkisstj., vinstri stjórnin, undir forustu hv. þm. Ólafs Jóhannessonar, fór öfugt að. Hún lagði ekki vinnu í að finna leiðir til að efla Bjargráðasjóð og breyta lögum um sjóðinn á þann hátt. Þess í stað skerti hún tekjustofna Bjargráðasjóðs. Hún lét ekki við það sitja að tekjustofnar Bjargráðasjóðs væru skertir sem því nemur sem verðbólgan vinnur á tekjulindum hans ár frá ári, heldur skerti hún einnig tekjustofna hans með öðrum hætti. Það gerði hún með því að við fjárlagaafgreiðslu voru látin renna til ríkisins beint 10% af lögbundnu framlagi til sjóðsins, sem ríkissjóður átti að bera. Hún lét sem sé þá reglu, sem hún tók upp, að taka beint í ríkissjóð 10% af framlögum til fjárfestingarlánasjóða, einnig ná yfir sjóði sem eiga að sinna félagslegum viðfangsefnum, þ. á m. Bjargráðasjóð sem er neyðarsjóður og á að koma til aðstoðar við fólkið í landinu þegar alvarlega ber út af.

Enn má minna á að þessi regla var líka látin ná yfir t. a. m. Gæsluvistarsjóð, sem á að koma til aðstoðar við áfengissjúka.

Það var því í hæsta máta kátlegt að heyra hv. þm. Stefán Valgeirsson vera að kasta steinum að núv. hæstv. landbrh., sem ég út af fyrir sig þarf ekkert að vera að halda uppi vörnum fyrir, en er ráðh. í bráðabirgðastjórn, sumir segja auglýsingastjórn, sumir nefna enn öðrum nöfnum, en víst er að ætlast er til að sú stjórn sitji til bráðabirgða og er því ekki að vænta að hún breyti miklu í löggjöf, eins og til að mynda um tekjustofna Bjargráðasjóðs.

Því má svo bæta við að fjárlagafrv. fyrrv. hæstv. fjmrh., flokksbróður hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, gerir ráð fyrir að ganga enn lengra á þeirri braut að skerða tekjustofna fjárfestingarlánasjóða og sjóða sem sinna félagslegum viðfangsefnum, svo sem Bjargráðasjóðs, því að þar er gert ráð fyrir að skerða tekjustofnana og taka til ríkissjóðs 15%. Það er því í hæsta máta úr glerhúsi kastað grjóti þegar hv. þm. Stefán Valgeirsson fer að deila á aðra vegna þess að ekki hafi verið sinnt þessum málum eins og vera þyrfti. Ég tel að mikil þörf sé á því, miðað við það ástand sem við blasir, að taka þessi mál til athugunar og þá ekki á þann veg, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. gerði, að skerða tekjustofna Bjargráðasjóðs, heldur að taka til nýrrar athugunar að efla þá. Ástandið er með þeim hætti að það er full þörf á því. Það er mjög kaldranalegt að fyrrv. hæstv. vinstri stjórn skyldi koma til liðs við verðbólguna í þjóðfélaginu við að eyðileggja neyðarsjóð fólksins í landinu.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að mæla nokkur orð í tilefni þess frv. sem hér er til umr., um greiðslu bóta á óverðtryggðan útflutning búvara, en ég er einn af flm. þess. Efnislega er frv. mjög svipað frv. sem níu hv. þm. Sjálfstfl. hafa flutt hér í d., umr. hefur farið fram um og hefur verið vísað til n. Helsti munurinn á þessum frv. er sá, eins og hefur verið fram tekið af frummælanda fyrir því máli sem hér er á dagskrá, að gert er ráð fyrir að það lán, sem hér er áformað að taka, 3000 millj. kr., verði greitt úr ríkissjóði á næstu þremur árum, en samkv. tillögum þm. Sjálfstfl. er gert ráð fyrir að greiðslan fari fram úr Byggðasjóði. Ég tel að ekki beri svo mikið á milli þessara frv. og tillagna að ekki ætti að geta tekist um það samstaða í n. að sjónarmið verði samræmd þannig að öruggur meiri hl. verði fyrir þessu máli í þinginu. Það skiptir að sjálfsögðu langmestu

máli, að ekki dragist lengi úr þessu að þetta fjármagn verði útvegað og komi til bænda, en enn þá hefur ekkert til þeirra borist, að því er ég best veit, af bótum eða greiðslum vegna útflutnings umfram 10% sem ríkissjóður hefur ábyrgst — eða a. m. k. vantar þar mjög mikið á. Það eru aðrir en Alþb. sem komu í veg fyrir að þetta mál fengi hér afgreiðslu á s. l. vori, og það er sannarlega illt til þess að vita að þá skyldi þetta mál ekki ná fram að ganga. En ég ætla ekki að gera það að umræðuefni að þessu sinni.

Fyrir utan það, að á uppbætur vantar til bænda vegna verðlagsársins 1978—1979, hef ég fengið upplýsingar um að verulegar tafir hafa orðið á greiðslu útflutningsbóta vegna yfirstandandi verðlagsárs. Mér er sagt af mönnum í landbrn., að það nemi um 2000 millj. kr. sem vanti upp á útflutningsbætur á yfirstandandi verðlagsári, það sem skylt er að greiða, og það segir sig sjálft að dráttur af þessu tagi, hvort sem þar er um ár að ræða eða nokkra mánuði, bitnar mjög hart á þolendum, bændum í landinu, og er að sjálfsögðu keðjuverkandi fyrir þá sem við þá skipta. Hér er því sannarlega um stórt mál að ræða.

Ég tel að við greiðslu eða endurgreiðslu á verðjöfnunargjaldi vegna búvöru þurfi að beita þeirri heimild, sem er í lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, að þær greiðslur verði mismunandi háar og stærri bú verði látin taka á sig meira vegna þessarar umframframleiðslu en minni búin. Þessi heimild er í lögum, og ég tel að hana beri skýlaust að nota. Annað væri nánast órétt-læti og stuðlaði ekki að æskilegri þróun í landbúnaði.

En umr. um þessi tvö þingmál varðandi útflutningsbætur búvara minnir okkur á fjölmarga erfiðleika sem við er að fást í landbúnaði, — erfiðleika sem sumpart stafa af óvenjulegu árferði, en ekki síður af framleiðslu- og markaðsaðstæðum. Bjargráðasjóður og aðgerðir, sem fyrirhugaðar voru eða ákveðið hefur verið að gerðar verði með stuðningi úr honum, hafa komið allnokkuð inn í umr. um þessi mál. Það er ofureðlilegt. Þar voru teknar ákvarðanir af fyrrv. ríkisstj. um tiltekinn stuðning vegna erfiðleika sem stöfuðu af hafís á s. l. vori, og hæstv. landbrh. veitti hér í síðustu viku upplýsingar um þá fyrirgreiðslu úr Bjargráðasjóði að þessu leyti, þar sem greidd hafa verið lán og styrkir að upphæð um 220 millj. kr. í samræmi við tillögur frá hafísnefnd, sem stundum er líka kölluð harðindanefnd. (Gripið fram í.) Það er rétt. Þar er um aðra nefnd að ræða. — En það kom einnig fram í máli hæstv. landbrh. að mikið vantar á að brugðist hafi verið við þeim vanda, sem stafar af grasleysi og uppskerubresti á s. l. sumri og hausti, og þar hefur enn ekki verið farið að tillögum þeirrar nefndar sem um þau mál fjallaði. Og hæstv. ráðh. greindi frá því, að upplýsingaöflun væri ekki lokið að fullu í þessu sambandi, en auk þess að fjárvötnun væri hjá Bjargráðasjóði eða ekki væri búið að afla þess fjár sem þyrfti til hans, þó að heimildir væru nú fyrir að hann tæki þátt í lausn þeirra erfiðleika sem þarna er um að ræða. Hér mun vera um að ræða fjármagn sem nemur 1—2 milljörðum kr. og bæta þyrfti þeim sem orðið hafa fyrir áföllum vegna þessara tveggja þátta, grasleysis og minni heyfengs þar af leiðandi og uppskerubrests á garðávöxtum. Það er mjög brýnt að mínu mati, að þessu uppgjöri verði hraðað því að þær byrðar, sem hér er um að ræða, leggjast sumpart á sömu aðila og hin fyrri áföll og sú vöntun á greiðslu útflutningsbóta sem ég ræddi um og þetta frv., sem hér er til umr., fjallar um.

Varðandi lánskjör úr Bjargráðasjóði, sem hér hafa verið til umr., getur vissulega verið álitamál hvernig þeim skuli hagað. Samkv. hinum fyrri lögum, sem giltu um Bjargráðasjóð, var ekki gert ráð fyrir að hann greiddi vexti. Nú hefur verið ákveðið að lán úr honum beri háa vexti eða fulla verðtryggingu. Ég tel að hér sé hart að gengið í sambandi við þau áföll sem á að bæta úr með þessum ráðstöfunum, og það hefði verið eðlilegt að reyna að koma meira þarna til móts og láta þá nægja fulla verðtryggingu, en sleppa vaxtagreiðslum, a. m. k. í mörgum tilvikum.

Í sambandi við þetta fór hv. þm. **Pálmi Jónsson** nokkuð hörðum orðum um fyrrv. ríkisstj. fyrir hlut hennar gagnvart Bjargráðasjóði og vildi tengja það verðbólguþróuninni, sem var á síðasta ári, fyrir utan það að framlög til Bjargráðasjóðs voru skert eins og til stofnlánasjóða á s. l. ári. Skerðing á þeim framlögum var þó ekki áhugamál míns flokks, en rétt er að minna á að verðbólga hefur verið hér áður og rýrt tekjur og fjármagn sjóða, þannig að þetta var engin sérstök uppfinning fyrrv. ríkisstj.

Þessi mál voru til meðferðar í ríkisstj. í ágúst og sept. s. l. Þá var einmitt til umræðu að breyta lánakjörum á því fjármagni, sem þá hafði verið ákveðið að Bjargráðasjóður tæki að láni, að upphæð 450 millj. kr., og að þau lán yrðu ekki bundin fullri verðtryggingu, heldur lánuð með venjulegum kjörum sjóðsins eins og þau voru þá. Þetta fékk ekki stuðning allra í ríkisstj., þannig að málið var ekki samþ. En ég var sömu skoðunar og hæstv. landbrh. þá, að eðlilegt væri að þessi lán væru veitt með hagstæðum kjörum þar sem hér var um að ræða að bregðast við verulegum áföllum sem eðlilegt er að líta öðruvísi á en þegar um aðra lánsútvegun er að ræða.

En í sambandi við þau mál, sem Bjargráðasjóði er ætlað að bregðast við, vil ég geta til viðbótar um eitt atriði til úrbóta, sem fyrrv. ríkisstj. beitti sér fyrir og ekki hefur verið nefnt í þessum umr., en verður kannske varanlegra en sumt af því sem gert hefur verið, og skal það þó ekki lastað, en þar á ég við þær vegabætur sem unnið var að á Norðausturlandi á síðasta ári og gerðar voru tillögur um af hafísnefnd. Páv. hæstv. samgrh., Ragnar Arnalds, tók það mál upp mjög fljótt og myndarlega og ríkisstj. féllst á tillögur hans um útvegun á lánsfé í því skyni. Þessi vegalagning, sem unnið var að s. l. haust og fram á vetur, raunar eins lengi og tíð leyfði, hefur orðið til að auka fólki í þessum landshluta bjartsýni á framtíðina og orðið veruleg sárabót fyrir það í þeim erfiðleikum sem þarna er við að etja. Raunar voru framkvæmdir í vegamálum á þessu svæði, sem ráðist var í, löngu tímabærar aðgerðir til úrbóta, því að það var um að ræða að breyta troðningum eitthvað í áttina við það sem kalla má vegi. Þarna er hins vegar engan veginn komið að lokamarki í aðgerðum af þessu tagi, því að áfram þarf að vinna að vegabótum á þessu svæði og víðar með tilliti til hættu á hafískomu.

En sá vandi, sem hér er til umr., er þegar kominn fram. Það er hins vegar margt í sambandi við landbúnað okkar í augsýn og er nokkuð uggvekjandi. Mér finnst ástæða til í þessu samhengi að minnast á það nokkrum orðum. Þegar verið er að tala um úrlausnir varðandi liðna tíð er nauðsynlegt að átta sig á hvert stefnir.

Ég vil þá víkja aðeins að útflutningsbótavandanum eða þörf fyrir útflutningsbætur á yfirstandandi verðlagsári, eins og nú virðist að þær verði, en Framleiðsluráð

landbúnaðarins hefur nýlega kynnt fyrir þingflokkum áætlun um heildarverðmæti landbúnaðarafurða á yfirstandandi verðlagsári og þörf fyrir útflutningsbætur samkv. henni. Í þeirri áætlun kemur það fram, að verða mun mjög mikil aukning á þörf fyrir útflutningsbætur og það ekki bara í hlutfalli við verðlag, heldur raunveruleg hækkunarþörf vegna magnaukningar. Þetta stafar af ýmsu. Það er m. a. gert ráð fyrir að einhver samdráttur verði í sölu á sauðfjárafurðum, þ. e. dilkakjöti, innanlands frá því sem var á s. l. ári, en þá nam salan á kindakjöti samtals á verðlagsárinu 1978—1979 10 816 tonnum, en áætlað að á árinu 1979 í heild tekið verði salan hér innanlands heldur lægri tala eða 10 400 tonn. Hún virðist því heldur vera að dragast saman. Þessu veldur eflaust að nokkru hlutfallsleg lækkun á niðurgreiðslum á þessum afurðum, en aukningin, sem varð á verðlagsárunum 1977—1979 frá því sem áður var, um líklega 1800 tonn eða svo, hefur eflaust stafað að verulegu leyti af auknum niðurgreiðslum og þar af leiðandi auknum kaupum á þessum afurðum.

En auk þess að horfur eru á frekari samdrætti í sölu á sauðfjárafurðum innanlands á yfirstandandi verðlagsári er einnig um að ræða verulegan vanda vegna aukinnar birgðasöfnunar og eitthvað aukinnar framleiðslu á mjólkurafurðum. Þannig er mikill samdráttur í sölu á ostum á Bandaríkjamarkaði, ég hygg úr 2300 tonnum, eins og var áður, niður í um 600 tonn, þannig að þarna er um stórfellda skerðingu að ræða. Þá er einnig gert ráð fyrir verulegri aukningu á hrossakjöti, en það vegur ekki þungt í útflutningsbótum og skiptir út af fyrir sig ekki miklu í þessu samhengi.

Það hafa margir eflaust gert ráð fyrir að um yrði að ræða verulega fækkun á sauðfé á s. l. hausti og af því gæti orðið aukning á kjöti. En niðurstöðutölur bera ekki vott um þetta. Miðað við haustslátrun 1978 annars vegar og 1979 hins vegar hefur verið slátrað rösklega 66 þús. fleira sauðfé á haustinu 1979 en haustið áður. Það var samtals 1 088 045 kindum slátrað s. l. haust, sem gaf 15 150 176 tonn af kjöti, sem er 242 þús. tonnum minna en árið 1978, og stafar það að sjálfsögðu af verulega minni fallþunga dilka en áður var, þannig að þó að fjöldinn væri nokkru meiri er heildarkjötmagnið nokkru minna.

Samkv. áætlun Framleiðsluráðsins, sem ég gat um, er þörfin fyrir útflutningsbætur áætluð samtals 15 milljarðar 321 millj. kr. á yfirstandandi verðlagsári. Þar af vegna sauðfjárafurða um 8.4 milljarðar kr. og vegna nautgripaafurða 6.8 milljarðar, en vegna hrossakjöts 70 millj. kr. 10% viðmiðunin, sem lögboðin er, þ. e. að greiða útflutningsbætur fyrir 10% umfram þá framleiðslu sem selst innanlands, svarar til 8.5 milljarða, þannig að þörfin umfram þetta í útflutningsbótum á þessu verðlagsári nemur samkv. þessu, ef áætlunin stæðist, 6.8 milljörðum kr. sem greiða þyrfti í útflutningsbætur. Ef þær fást ekki þurfa bændur að bera skaðann með einum eða öðrum hætti í útflutningsverði. En það útflutningsverð, sem talið er að fáist fyrir þær afurðir sem hér er um að ræða, er varðandi dilkakjötið 27—35% — ég hygg að ég hafi séð það rétt í gögnum — og varðandi osta aðeins 21% af því sem fæst fyrir þessar afurðir innanlands.

Við þessa mynd, sem mér þykir heldur dökk álitum, er því að bæta, að í fyrirliggjandi fjárlagafrv. hæstv. fjmrh., sem nú liggur fyrir þinginu, mun vanta um 1.5 milljarða til þess að náð verði 10% markinu varðandi útflutningsbætur miðað við þær áætlanir um framleiðslu afurða sem Framleiðsluráð hefur greint frá. Hér blasir því sannarlega við stórt og áframhaldandi vandamál, jafnvel vaxandi frá því sem áður var. Og það er mikil ástæða til þess fyrir Alþ. að taka á þessum málum í samvinnu við bændastéttina í landinu og fulltrúa hennar og samtök þannig að leitað verði allra tiltækra leiða til þess að koma málefnum landbúnaðarins og bændastéttarinnar — og raunar þjóðfélagsins þá um leið því að þetta vegur mikið inn í þjóðarbú okkar — í það horf sem viðunandi megi teljast og tryggi sem best að bændur og aðrir, sem við landbúnað starfa, verði ekki fyrir stórfelldum áföllum, kannske meira og minna skyndilegum áföllum, ef gripið er til aðgerða af skyndingu, sem ég tel ekki farsælt því að hér þarf að verða eðlileg þróun. Landbúnaður lýtur ákveðnum lögmálum, eins og aðrar atvinnugreinar, og það þarf að vinna af framsýni til þess að ná árangri.

Varðandi þær leiðir, sem gætu verið til úrbóta í þessum efnum, er auðvitað um margt að ræða og á margt hefur verið minnst í umr. á Alþ. um þessi mál. Menn horfa eðlilega til möguleika á söluaukningu innanlands á landbúnaðarafurðum. Ég efast ekki um að hægt er að auka þá sölu nokkuð með ýmsum aðgerðum. Eins og ég gat um áðan kom í ljós við aukningu á niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum að salan jókst verulega, en það er ekki farsælt að breytt sé til varðandi niðurgreiðslur frá ári til árs, hvað þá frá mánuði til mánaðar, eins og gerst hefur, og það er að mínu mati mjög nauðsynlegt að reyna að marka og festa í sessi ákveðna stefnu í þessum efnum þannig að niðurgreiðsluupphæð verði bundin sem ákveðið hlutfall af viðkomandi vöru og þá a. m. k. til ekki skemmri tíma en eins árs. En auðvitað þyrfti þetta að verða til nokkurra ára í senn, a. m. k. meginlínur að þessu leyti.

Með auglýsingum og fræðslu um gildi landbúnaðarafurða okkar miðað við ýmisleg annað, sem á markaði er, má eflaust ná meiri árangri í sölu afurða en tekist hefur. Það hefur ekki verið mjög mikið lagt í auglýsingarstarfsemi í sambandi við landbúnaðarafurðir okkar, en gefa þarf gaum að því, þegar um er að ræða samkeppni þar sem talsvert er borið í auglýsingar á matvælum sem keppa við innlendar afurðir okkar, og fræða um næringargildi og hollustu þeirra og leitast við að ná árangri með því.

Ég ætla ekki að gera að umræðuefni möguleikana á að auka fjölbreytni í íslenskum landbúnaði, þar sem um fjölmarga þætti er að ræða sem þyrftu þá að koma í staðinn fyrir þau störf sem menn nú stunda við framleiðslu á afurðum sem erfitt er að koma á markað með viðunandi hætti og fá viðunandi verð fyrir.

Möguleikarnir á að afla markaðar erlendis umfram það, sem nú er, og fá betra verð fyrir afurðirnar eru, að talið er, ekki mjög miklir, a. m. k. ekki í náinni framtíð. En sú viðleitni, sem þar er í gangi, er í senn eðlileg og sjálfsögð og ber að halda henni áfram. Það, sem hins vegar er mest horft til í sambandi við þann vanda, sem ég er hér að ræða, er að taka upp stjórnun á búvöruframleiðslunni meira en verið hefur, því að hún hefur nánast verið afar takmörkuð. Vantar þó ekki að legið hafi fyrir tillögur frá samtökum bænda um þau efni, því að eins og allir hv. þdm. vita eru mörg ár, raunar komið á annan áratug, síðan bændasamtökin lögðu fram mjög ákveðnar tillögur í þessum efnum og óskuðu eftir heimildum frá

löggjafanum til að bregðast við vanda sem þá var að koma upp, á árunum fyrir 1970. Því miður hefur Alþ. ekki orðið við þeim óskum, fyrr en þá í fyrra að breytt var ákvæðum í lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins til að heimila tilteknar stjórnunaraðgerðir sem löngu voru tímabærar. Aðgerðir til framkvæmda á þeim lagafyrirmælum lúta m. a. að því að koma á kvótakerfi varðandi sölu afurða frá einstökum bændum og einstökum jörðum. Það er mjög eðlileg viðleitni að bregðast þannig við. Hins vegar þurfa menn að gera sér ljóst að slíku kvótakerfi fylgja margir annmarkar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Bæði er það, að nokkur hætta er á að það geti verið misnotað og skili þannig ekki þeim árangri sem til er ætlast, og skal ég þó ekki leggja dóm á, hversu mikil hætta er á slíku. Hitt skiptir þó meira máli að mínu mati, að ekki eru tekin inn atriði sem eðlilegt er að litið sé á varðandi þróun á einstökum jörðum og í einstökum byggðarlögum varðandi búskap. Það eru atriði eins og landkostir jarða, landnýting, sem ekki kemur inn í þessa aðferð, og því er mjög knýjandi að ekki verði dregið að hefja undirbúning að víðtækari áætlunum varðandi landbúnaðarframleiðsluna, búrekstrar- og framkvæmdaáætlunum varðandi einstök byggðarlög og landshluta og auðvitað inni í þeirri mynd einstök býli sem eru grunneiningin. Þarna þarf að vinda bráðan bug að og hefja víðtæka skoðun þessara mála til undirbúnings slíkri áætlanagerð. Fyrir utan landkostina þarf að sjálfsögðu að taka tillit til markaðsaðstæðna í viðkomandi landshlutum, ekki síst í sambandi við mjólkurafurðir. En það þarf einnig að hafa auga á félagslegum aðstæðum og byggðaaðstæðum, m. a. hvort viðkomandi byggðir þola einhverja fækkun eða að bújarðir leggist af án þess að hætta sé á verulegri röskun. Slíkt verður að sjálfsögðu að taka með í þessa mynd.

Alþingi þarf svo að greiða fyrir þessum málum, eins og ég gat um áður, í samvinnu við bændasamtökin með því að stuðla að eðlilegri lagabreytingu, og þ. á m. er heildarlöggjöf um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem undirbúin hefur verið, en ekki komið fyrir Alþ. nema að hluta. Það er mikil þörf á að slík heildarlöggjöf verði sett og þá m. a. með ákvæðum um að taka upp beina samninga milli fulltrúa bænda og ríkisvalds um kjaramál bændastéttarinnar og stefnuna í málefnum landbúnaðarins að öðru leyti. Hér þarf einnig að gera áætlun um þörf fyrir búvörur, — áætlun sem miði fyrst og fremst að því að fullnægja innanlandsþörfunum. En ég tek skýrt fram, að þar ber að hafa borð fyrir báru, þar ber að taka tillit til þeirra sveiflna sem hér verða og reikna má með af völdum árferðis í landbúnaði okkar þannig að við þurfum ekki af þeim sökum að flytja inn landbúnaðarafurðir. Það þarf auðvitað einnig að hafa auga á hagsmunum innlends iðnaðar, vaxandi úrvinnslu úr landbúnaðarafurðum og þá ekki síst ullar- og skinnaiðnaðarins.

Möguleikarnir til stýringar á landbúnaðarframleiðslunni eru auðvitað margir fleiri en ég hef hér getið um, og eðlilegt er að litið sé til fjármagnsins sem geti verið þarna til stýringar, en það þarf auðvitað að haldast í hendur við skynsamlega áætlunargerð, þ. á m. beitingu á stofnlánum og rekstrarlánum og styrkjum til framkvæmda í landbúnaði, sem þurfa þá einnig að haldast í hendur við skynsamlega landnýtingu.

Ég er ekki heldur í vafa um að hægt er að taka með nokkuð öðrum hætti en verið hefur á ýmsum rekstrarþáttum í búskap okkar, þó að ég viti að margt er á döfinni og að mörgu unnið á vegum samtaka bænda. Ég nefni þar sem dæmi orkunotkun í landbúnaði og möguleika á að spara þar orku og þá ekki síst innflutta orku, sem er stór og vaxandi kostnaðarliður í búskap. Hitt er svo annar þáttur, að sjá sveitum landsins á sómasamlegan hátt fyrir innlendri orku, en þar bíður margt og þarf margt að gera til þess að viðunandi sé, og ég ætla ekki að gera það hér að sérstöku umtalsefni. En orkunotkunin í landbúnaði er þáttur sem kemur víða fram. Hún varðar ekki aðeins það sem á vélarnar er notað, heldur snertir hún einnig áburðarframleiðsluna og tilkostnaðinn við ræktunina, fóðurframleiðsluna og öflun fóðurs og kjarnfóðurs.

Þegar horft er til erfiðleika í sveitum landsins og framtíðarinnar, þarf einnig að gefa gaum að þeim félagslegu aðstæðum, sem þar ríkja, og nauðsyninni á að fólk til sveita dragist ekki óhóflega aftur úr því sem gerist í þéttbýli. Við komum því að vísu aldrei svo fyrir, að sveit verði með sama hætti og þéttbýli, enda ekki ákjósanlegt. En við verðum að sjá til þess, samfélagið verður að sjá til þess,að lágmarkssanngirni sé gætt í sambandi við félagsleg málefni sveitafólks. Það var stigið gott spor á Alþ. í fyrravetur, þegar samþ. voru lög um forfalla- og afleysingarþjónustu í sveitum. Það er mikið mál að þeim lögum verði framfylgt sem fyrst. Þarf í framhaldi af þeim að tryggja að fólk til sveita geti notið orlofs með eðlilegum hætti eins og aðrir þegnar þessa lands og þá einnig sveitakonur í sambandi við barnsburð.

Ef við gerum ráð fyrir að það þurfi að draga saman seglin á vissum sviðum í landbúnaði okkar, sem gæti leitt til fækkunar á fólki við núverandi störf í sveitum, þurfa til að koma ný tækifæri við landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi í sveitunum. Þar eru möguleikar af ýmsu tagi sem þarf að vinna að. Ég nefni þar sem dæmi möguleikana og þörfina á aukinni iðnaðarstarfsemi í sveitum eða í þéttbýliskjörnum sveitanna, þ. á m. á þjónustuiðnaði af ýmsu tagi, en einnig í úrvinnsluiðnaði, eins og dæmi hafa sýnt að unnt er að koma við og tengja á eðlilegan hátt við starfsemi fólks að landbúnaði. Það hefur verið með réttu talað um dulið atvinnuleysi í sveitum landsins, og við þurfum að vinna að því, eins og í öðrum atvinnuvegum, að þar verði úr bætt. Þegar rætt er um þann vanda sem því frv., sem hér er til umr., er ætlað að leysa, ber einnig að hugsa til þess, að við þeim vanda, sem við blasir á yfirstandandi ári og sé horft lengra fram í tímann, verði brugðist þannig að ekki skapist hætta á skyndilegum samdrætti í landbúnaði og í atvinnu- og afkomumöguleikum þess fólks sem býr í sveitum landsins.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Mig langar til að leggja örfá orð í belg í sambandi við þá umr. sem fram fer.

Í fyrsta lagi vil ég upplýsa í sambandi við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það er rétt að með lögum nr. 32 frá 1979 gengu í gildi ákvæði um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum þar sem gert er ráð fyrir að nokkuð verði gengið til móts við sveitafólk til þess að auðvelda því að taka orlof, sem margt af því hefur farið á mis við. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir nokkurri byrjun á þeirri þjónustu. Er lagt til í fjárlagafrv. að veittar verði í því skyni 32.5 millj. kr. Hins vegar er hér aðeins um að ræða fyrstu skrefin í mjög dýrri og kostnaðarsamri framkvæmd. Talið er að til þess að lögin geti að fullu komið til framkvæmda þurfi um 60 starfsmenn í afleysingaþjónustu og aðeins launakostnaður starfsmanna

þessara muni vera um 600 millj. kr., þ. e. laun og launatengd gjöld. Einhver kostnaður yrði sennilega einnig við samræmingu á þjónustu þessari, skrifstofukostnaður o. fl., þannig að ef lögin yrðu að fullu tekin til framkvæmda mundi það sennilega kosta eitthvað á milli 700 og 800 millj. kr. Þó að hér sé um stórt og mikilsvert verkefni að ræða skyldu menn gera sér fulla grein fyrir að kostnaðurinn er mjög mikill fyrir ríkissjóð. Menn þurfa a. m. k. að hugleiða vandlega að hve miklu leyti væri rétt að aðrir aðilar en ríkissjóður tækju þátt í kostnaðinum við þetta sjálfsagða mál.

Ég skal fúslega viðurkenna það, enda hefur sjaldnast staðið á okkur Alþfl.-mönnum, að við mikinn vanda sé að etja í landbúnaði. Vandinn er tvíþættur. Hann stafar í senn af góðæri í þeim skilningi þess orðs að um mikla framleiðslu hafi verið að ræða og eins af harðæri, þ. e. vegna óhlíðs veðurfars. Hvort tveggja skapar örðugleika sem mönnum eru kunnir og verður að taka á með mjög líkum hætti, þ. e. að útvega fé til þess að tekjuskerðing bænda verði sem minnst.

Sá vandi, sem stafar af því að framleiðslan í landbúnaði hefur orðið langt umfram þarfir þjóðarinnar og langt umfram það sem hægt er að selja til útflutnings miðað við þær útflutningsbætur sem lög leyfa hæstar, er líklega nálægt 6 milljörðum kr. Hér er lagt til að takast með ákveðnum hætti á við u. þ. b. helminginn af því vandamáli, sem er um 3 milljarðar kr., með þeim hætti að ríkissjóður greiði 3 milljarða á fyrsta fjórðungi ársins 1980 í formi útflutningsbóta fram yfir það sem lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins mæla fyrir um að gert skuli.

Ég vil taka fram í þessu sambandi að vandinn er ekki að útflutningsbætur skorti. Útflutningsbætur eru greiddar að fullu eins og lög leyfa. Vandinn er að framleiðslan hefur farið það langt fram úr þeim þörfum, sem innanlandsmarkaðurinn leggur henni á herðar, að útflutningsbætur að fullu samkv. gildandi lögum nægja ekki til að tryggja framleiðendum rétt verð fyrir alla framleiðsluna. Þarna er því ekki um að ræða skort á útflutningsbótum, heldur tekst ekki að selja á innanlandsmarkaði þá framleiðslu, sem unnin er á vettvangi landbúnaðarins, og í öðru lagi að þær útflutningsbætur, sem lög leyfa, nægja ekki til að hægt sé að tryggja fullt verð fyrir þann útflutning sem þarf að fara fram.

Þá má auðvitað taka á þessu vandamáli með tvennum hætti: Annars vegar með því að hækka útflutningsbótaviðmiðunina úr 10% í12—15%, ef menn telja það rétt. Hin aðferðin er að reyna að ná einhvern veginn utan um það vandamál, sem þarna er um að ræða, í þeirri von að sjá fyrir endann á þeim vanda fyrir þjóðina í heild og bændastéttina einkum og sér í lagi að framleitt skuli meira af landbúnaðarafurðum á Íslandi en þjóðin getur með góðu móti sjálf notað eða selt öðrum. Út af fyrir sig kæmi mjög vel til mála að skoða einhverja tímabundna umframaðstoð í því sambandi, en þá yrðu menn að sjá fyrir endann á vandamálinu. Hvað ætla menn að standa lengi að slíkri umframfjárútvegun? Hver á að greiða hana? Hvenær er líklegt að því máli verði lokið o. s. frv.? Hins vegar ætla ég að benda mönnum á að þó svo að frv., sem hér er til umr., yrði samþ. er vandinn alls ekki leystur, vegna þess að þegar er auðsjáanlegt að á árinu 1980 mun a. m. k. jafnhá fjárhæð bætast við sem ætti eftir að sjá fyrir. Um árið 1981 getur að sjálfsögðu enginn sagt á þessu stigi málsins. Þannig held ég að mjög nauðsynlegt sé að menn reyni að takast á við vandann í heild og gera sér ljóst að meginatriði málsins er að miða landbúnaðarframleiðsluna við þarfir þjóðarinnar sjálfrar og eðlilegan útflutning og eðlilega verndun fyrir þær framleiðslusveiflur sem ávallt geta orðið milli ára. En það er a. m. k. mjög varhugavert að takast á við þann vanda, sem hér við blasir, með því að ætla sér að leysa fjárhagsvanda manna aðeins frá ári til árs án þess að reyna að horfa á hvernig eigi að takast á við sjálft vandamálið, sem er ekki aðeins fólgið í tímabundnum skorti á fjármunum, eins og hér er verið að ræða um, heldur fyrst og fremst því, að framleiðslan í sumum búgreinunum er 40% eða jafnvel 50% umfram þarfir þjóðarinnar sjálfrar.

Ég vil vekja athygli á að nýlega hefur Þjóðhagsstofnun gefið umsögn, en hún gefur umsagnir um ansi marga hluti nú orðið, um einmitt þá tillögu að leysa vandamál bænda með tímabundinni hækkun á útflutningsbótum. Varar hún mjög við því að slík hækkun sé fjármögnuð með lántöku. Munu þeir þm. a. m. k., sem hafa séð nýjustu umsagnir Þjóðhagsstofnunar um tillögur flokkanna í stjórnarmyndunarviðræðum, fljótt reka augun í að þar kemst Þjóðhagsstofnun að þeirri niðurstöðu að a. m. k. sé mjög vafasamt að fjármagna slíkar greiðslur, sem hún segir að séu rekstrarstyrkir, með t. d. erlendri lántöku.

Hitt er alveg ljóst, að það er ekki aðeins að menn þurfi að ná tökum á því vandamáli, sem hér er um að ræða, þannig að sú lausn, sem menn ræða nú um og ég held að sé almennur vilji í þinginu að styðja, sé aðeins tímabundin björgun sem því miður sé fyrirsjáanlegt að muni draga dilk á eftir sér þau ár sem á eftir koma, — í raun sé verið að hækka hámarkið úr 10% í kannske 12 eða 15%. Kjarni málsins er fyrst og fremst að sé slíkt gert verði það liður í einhverri heildarlausn þar sem takmarkið sé að koma framleiðslu landbúnaðarafurða í eðlilegra horf.

Þetta var það sem ég vildi koma að og ber að skoða sem innlegg í þess umr. frekar en afstöðu til þessa frv. sem hér er til umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég mun ekki hafa hér mjög langt mál. En í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, er það mjög mikill misskilningur að lögin um forfallaþjónustu eigi nokkuð við í sambandi við orlof bænda. Þau eiga eingöngu við um sjúkdóms- og slysatilfelli, þegar þannig vill til, en engan veginn við orlof bænda. Ég man ekki betur en lögin séu þannig, að þau eigi að taka gildi á næstu tveimur árum. Ég vænti þess, að hvaða ríkisstj. sem situr láti þau lög taka gildi eins og til er ætlast.

Ráðh. talaði um að vandi í landbúnaði væri af tvennum toga spunninn, annars vegar af góðæri, eins og hann komst að orði, og hins vegar af harðæri. Ég held að menn geri sér yfirleitt ekki ljóst hvers vegna sá vandi er, a. m. k. ekki eins og hv. þm. o fl. tala um þessi mál. Vandinn felst fyrst og fremst í því að verðbólgan innanlands hefur orðið langtum meiri en í viðskiptalöndunum og það á örfáum árum. Á 5—6 árum er það þannig, að t. d. fyrir dilkakjötið okkar, sem við fengum fyrir yfir 80% fyrir 5—6 árum, fáum við ekki nema ca. 35% núna. Það er ekki vegna þess að það þurfi að flytja meira út en áður, alls ekki. Það er m. a. s. misskilningur að hlutfallslega þurfi að flytja meira út núna en t. d. um eða fyrir 1960. Þá þurfti að flytja út um 35—36% af framleiðslunni, en framleiðslan var þá miklu minni að vísu, hún var 10 þús.

tonn. Þá þurfti að flytja út um 3400—3500 tonn, bæði 1958 og 1959. — Vandi okkar er einmitt vegna þess að aðrar þjóðir eru að berjast við verðbólgu innanlands og greiða framleiðslu sína niður. Við verðum síðan að keppa á erlendum mörkuðum við niðurgreiddar afurðir þeirra. Hvort það breytist á næstunni vitum við ekki, en vandamálið er fyrst og fremst af völdum verðbólgu.

Mér þóttu það tíðindi og vil lýsa ánægju minni yfir því, sem ráðh. sagði, að hans álit væri að það kæmi vel til greina, vegna þess hvernig ástandið er, að greiða tímabundið meira í útflutningsbætur en lög nú leyfa. En hann ræddi enn fremur um að það þyrfti þá að reyna að gera ráðstafanir til þess að slíkt yrði ekki varanlegt ástand. Það er í raun og veru það sem er verið að reyna að gera.

Bændasamtökin báðu fyrir mörgum árum um löggjöf, þar sem bændasamtökin gætu stjórnað eða reynt að stjórna framleiðslunni. Alþ. hefur ekki orðið við þeirri beiðni fyrr en á s. l. ári, og má enginn halda að slíkt aðhald skili árangri eins og hendi sé veifað. — Í sambandi við sauðfjárframleiðsluna hlýtur að segja sig sjálft, að ef verður farið í að fækka verulega kemur eitthvert árabil meira kjötmagn á markaðinn þess vegna. Þess vegna er óumflýjanlegt að bæta eitthvað við útflutningsbætur á meðan verið er að aðlaga framleiðsluna þeirri stöðu sem er varðandi sölu landbúnaðarvara á erlendum mörkuðum.

Ég held að það sé ekki alveg rétt að flytja þurfi út 40%, jafnvel 50% af framleiðslunni. Ef við tökum framleiðsluna eins og hún er eins og hún er í heild er það mjög ýkt. En ég ætla ekki að fara út í þá sálma hér, því að ég tel meira áríðandi að frv. komist til n. og reynt verði hvort ekki væri hægt að fá samstöðu í landbn. um afgreiðslu þess.

Ég kemst þó ekki hjá því að svara með nokkrum orðum því sem hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, sagði áðan um það sem hann var að gagnrýna, það sem hefði komið fram í minni framsöguræðu. Hann talaði mikið um ónákvæmni í málflutningi mínum. Mér fannst honum þó verða ansi mikill fótaskortur þegar hann fór að ræða þessi mál sjálfur.

Hvort þessi nefnd hefði verið skipuð síðustu dagana í maí eða fyrst í júní, 5. júní, var annað atriðið sem hann ræddi um í þessu sambandi. Í mínum huga skiptir það ekki meginmáli. Ég hef ekki aðstæður til að sannreyna hvort heldur er, en það skiptir engu máli í þessu sambandi.

Hins vegar sagði hv. þm., að ég hefði sagt að það hefði komið 1000 tonnum meira af kjöti af fullorðnu á markað í haust en í fyrra. Til þess að það fari ekkert milli mála, hvað ég sagði, hef ég hér ræðuna eins og hún er vélrituð eftir mér. Og með leyfi forseta sagði ég m. a. um þetta:

„En þá var í lok verðlagsársins, eins og áður sagði, verulegt magn af vörum sem ekki verður komist hjá að flytja út. T. d. voru til 1227 tonn af ostum, verulega meira magn en á sama tíma á árinu áður, 375 tonn af kjöti af fullorðnu, og í haust var slátrað um 34 þús. meira af fullorðnu en árið áður, og er því nú um þúsund tonnum meira af kjöti af fullorðnu en var í fyrra, sem ekki er markaður til fyrir hér innanlands."

Ég held að ef maður leggur 375 tonn við 660 eða 670 tonn komi út sú tala sem ég var að tala um og þarna gæti ekki ónákvæmni eins og hv. þm. sagði.

Hann sagði að ef fengist hefði samstaða á síðasta hausti um þessi mál hefði málið getað fengið afgreiðslu. Þetta er alveg rétt hjá honum. En var það á mínu valdi? Voru það framsóknarmenn sem vildu rjúfa þingið eða er hv. þm. að halda því fram að hægt hefði verið að afgreiða málið þingrofsdaginn? Raunar fékk ég aldrei neitt svar — það var sannleikurinn — frá Sjálfstfl. um þetta mál. Ég beið nokkra daga, eins og ég sagði, og það þurfti að fara fyrir þingflokkinn, og ég held að það hafi komið upp, þó að ég sé ekki í þingflokki sjálfstæðismanna, svipuð staða og var stundum um þessi málefni í fyrravetur, að það hafi verið erfitt að ná niðurstöðu.

Ég ætla ekki að greina frá því, hvað fór á milli þegar ég ræddi þetta mál í síðasta sinn við hv. þm. o. fl. í Sjálfstfl., enda mundi það ekki bæta fyrir að fá samstöðu um lausn málsins.

Þm talaði um að frv.-drögin, sem ég hefði komið með fyrst til að sýna þeim hv. þm., hefðu verið fáránleg. Ég held að breytingin hafi orðið ákaflega lítil á frv., eftir því sem ég man best, þannig að hafi það verið eitthvað fáránlegt hlýtur það að vera svo enn í þeirra augum.

Hv. þm. segir að það hafi verið kátlegt hvernig ég hafi ráðist á hæstv. landbrh. í þessari umr. Mér þótti vænt um að blóðið skyldi renna honum til skyldunnar að verja núv. hæstv. landbrh. Hann finnur að hann ber ásamt öðrum þm. Sjálfstfl. verulega ábyrgð á þessari ríkisstj. og finnur sig knúinn til að verja hana.

En ég var að ræða um lánakjörin, um Bjargráðasjóð og um þá stöðu. Það er illt til þess að vita að hv. 2. þm. Vestf. er hér ekki staddur. Það hafa fallið hér orð um að hann hafi ekki reynt að koma málum Bjargráðasjóðs í skaplegt horf. En eins og hv. 5. þm. Austurl. sagði áðan lagði fyrrv. landbrh. til allt önnur kjör á þessum lánum en brbl. hljóða um. Hann lagði til að lánin yrðu ekki með verðtryggingu.

Sú nefnd, sem hefur verið kölluð hér harðærisnefnd nr. eitt, nefndin sem hv. þm. Pálmi Jónsson segir að hafi verið skipuð 5. júní, lagði tvennt til sem ég er alls ekki sammála og mun ekki verða, og það er í fyrsta lagi að taka fjármuni til að greiða þessa 3 milljarða úr Byggðasjóði og í öðru lagi að lána úr Bjargráðasjóði með fullri verðtryggingu. Þetta voru tillögur hennar. Ég lít á Bjargráðasjóð fyrst og fremst sem tryggingasjóð í neyðartilvikum. Ég gat um það í máli mínu þegar ég flutti framsögu fyrir þessu máli, að t. d. bændur borga iðgjöld í sjóðinn, 0.35% af allri framleiðslu sinni. Ef á að fara að lána t. d. út úr Bjargráðasjóði með verri kjörum en nokkurn tíma úr öðrum sjóðum, t. d. Byggðasjóði, eins og þarna er lagt til og brbl. hljóða upp á, tel ég málið vera nokkuð öfugsnúið og þá sé ég enga ástæðu til þess að bændur séu látnir borga iðgjöld í sjóðinn. Ég gat ekki heyrt annað á hv. þm. Pálma Jónssyni en hann væri mér þar andvígur, þó það kæmi ekki glögglega fram. Ég er á því að breyta eigi lögum um Bjargráðasjóð á þann veg að efla sjóðinn, að hækka iðgjöld til hans frekar en að hafa svipuð kjör og eru í öðrum lánasjóðum, af því að hann er fyrst og fremst neyðar- og tryggingasjóður. Ef meiri hl. Alþ. er aftur á móti annarrar skoðunar á að hætta að innheimta iðgjöld t. d. af bændum til sjóðsins.

Ég kom inn á fleira í máli mínu. T. d. hljóðar b-liður í 9. gr. bjargráðasjóðslaganna þannig, að sjóðurinn hafi heimild til að aðstoða bændur ef þeir verði fyrir verulegri tekjuskerðingu. Ég tel að í sumum sveitum þessa lands hafi orðið það veruleg tekjuskerðing á síðasta ári að skilyrðislaust eigi að nota þessa heimild þótt það hafi ekki verið gert fyrr. En það verður auðvitað ekki gert

öðruvísi en að fá fjármagn. Og ég ætla að endurtaka það sem ég sagði þegar ég mælti fyrir frv., að ég tel ekki vansalaust af Alþ. að taka ekki upp þessi mál og reyna að styrkja Bjargráðasjóð og reyna að finna leiðir til að koma þeim til hjálpar sem verst eru settir út af harðindunum. Það eru t. d. þeir sem byggja afkomu sína að mestu leyti á kartöflurækt. Þeir höfðu ekki tekjur í fyrra. Þeir höfðu útgjöld, en ekki tekjur. Ég benti á það í máli mínu enn fremur, að ef það verður aflaleysi, hleypur Aflatryggingasjóður undir bagga og borgar launin. Það er ekki lán, hvað þá lán með fullri verðtryggingu eða lán með vöxtum. Hvernig er það þegar fólk tapar atvinnu sinni? Það fær um 80% af venjulegu dagvinnukaupi. Það er ekki heldur lán. En ef hv. þm. telja að það sé maklegt, þegar bændur verða fyrir stórfelldu tjóni, að þeir verði alveg tekjulausir, eins og er í mörgum tilvikum eftir s. l. ár, og þeir fái annaðhvort enga aðstoð eða sé boðið upp á lán með 22% vöxtum eða verðtryggingu, þá er það a. m. k. ekki það sama og öðrum stéttum þjóðfélagsins er boðið. En því miður lagði harðindanefnd nr. eitt til að kjörin yrðu þessi vegna fóðurkaupa veturinn 1979.

Ég ætla svo að láta þetta duga. Ég vona að þetta mál komi til n., og ég vona að þó að menn séu ekki á einu máli um hvernig eigi að leysa vandann finnist lausn sem þurfi ekki að taka langan tíma, — lausn sem kemur að því gagni sem til er ætlast.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Mig langar að gera grein fyrir afstöðu minni í þessu máli, sem þó kom fram að nokkru leyti við umr. sem hér fóru fram fyrir nokkrum dögum um frv. um óverðtryggða framleiðslu landbúnaðarvara. Það frv. er nánast alveg samhljóða því frv. sem nú er til umr. Munurinn á frv. tveimur er sá einn, að í öðru er gert ráð fyrir að Byggðasjóður útvegi eða greiði 3 milljarða kr. framlag, í hinu að það verði ríkissjóður. Ég sé ekki verulega mikinn mun á þessu tvennu, enda hefur hér hafist mjög forkostulegt kapphlaup Sjálfstfl. annars vegar og Framsfl. með Alþb. sér við hlið hins vegar um eignarréttinn á þessum málflutningi eða því frv. sem hér er til umr.

Það hefur margt verið rætt og mörgum skeytum beint að Alþfl. í umr. um landbúnaðarmál. Þeir menn, sem það hafa gert, hafa yfirleitt átt sökina á því hvernig komið er í íslenskum landbúnaði. Landbúnaðarstefna sú, sem rekin hefur verið á Íslandi síðustu tvo áratugi, er landbúnaðarstefna Sjálfstfl. og Framsfl. Sú stefna hefur leitt til þess framleiðsluvanda sem nú er við að stríða í íslenskum landbúnaði. Yfir þetta er verið að reyna að klóra þegar farið er fram á stöðugar bætur.

Ég vil að það komi strax fram við upphaf máls míns, að mér er fullljós vandi bænda og ég geri mér fulla grein fyrir að þeim verður að koma til aðstoðar. En samt sem áður vil ég ítreka það og leggja á það þunga áherslu, að menn reyni nú að spyrna við fótum og renna ekki áfram sömu slóð og gert hefur verið undanfarin ár í landbúnaðarmálum og að landbúnaðarstefnunni í heild verði breytt.

Hér kom fram hjá einum hv. þm. áðan að breytingar hefðu verið gerðar á framleiðsluráðslögunum á s. l. vori, sbr. lög nr. 15/1979, en þessar breytingar voru m. a. fólgnar í því annars vegar að heimila kvótakerfi í landbúnaðaframleiðslunni, en hins vegar að heimila innheimtu skattgjalds á kjarnfóður. En það, sem einfaldlega hefur gerst, er að hvorug heimildin hefur verið notuð. Það er til býsna lítils að setja lög sem eiga að hamla gegn óráðsíu í máli af þessu tagi ef lagaheimildirnar eru ekki notaðar. Á þetta vildi ég aðeins benda sem dæmi um að menn hafa hugsað vel, en það hefur minna verið gert.

Ég vil eingöngu í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram um hlutverk Bjargráðasjóðs, spyrja þeirrar spurningar, hvar eigi að taka féð sem sjóðurinn á að úthluta. Það hefur engin skýring komið fram á því hvar það fé á að taka, og séu ekki til neinir tekjuliðir þar sem hægt er að ná í þetta fjármagn gefur auga leið að þarna er um lánsfjármagn að ræða eða það er hugsað sem slíkt, annaðhvort erlent lán eða innlent lán, sem bætist ofan á þá útflutningsuppbótaþörf sem hér er verið að ræða. Það þarf ekki að benda á þann mikla verðbólguhvata, sem sífelldar lántökur eru, og þarf ekki að benda á afleiðingarnar sem munu fylgja í kjölfarið.

Ég vil benda á að útflutningsuppbótaþörfin á þessu ári umfram hin lögbundnu 10% verður um 6 milljarða kr. Þetta er dæmi sem enn er ekki farið að hugsa fyrir. Hvar á að taka þetta fjármagn? Það bætist ofan á þá 3 milljarða sem við erum að tala um núna.

Ég verð að segja þá skoðun mína klárt og kvitt hér og nú, að menn hafa því miður tekið allt of lítið mark á þeim viðvörunarorðum sem hér komu fram fyrir 15—20 árum um að stefnan í landbúnaði væri röng. Það er nú fyrst að menn, sem hafa varið þessa stefnu fram í rauðan dauðann, viðurkenna að hún hefur verið röng. Það er rangt að framleiða svo skiptir hundruðum og þúsundum lesta fram yfir það sem við neytum sjálf. Það verður ekki leyst með því einfalda ráði, sem heyrðist hér á dögunum, að hækka launin hjá fólkinu í landinu svo að það geti borðað meira af landbúnaðarafurðum. Svo einfalt er það ekki.

Ég tel brýna nauðsyn bera til að breyta lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Hlutverk þess þarf að breytast og neytendur þurfa að fá meiri þátttökurétt í ákvörðunum um búvöruverð og fleira af því tagi. Það er sjálfsagt að bændur ráði sjálfir framleiðsluverði á kindakjöti, ull, gærum og öðrum sauðfjárafurðum, og sama gildir vitanlega um kjöt af nautgripum, og að formi til verði það Framleiðsluráð sem taki þá verðlagsákvörðun, en þar skipa fulltrúar bænda meiri hluta. Hins vegar er það alveg ljós nauðsyn að útflutningsuppbætur á sauðfjárafurðir verða að falla niður í áföngum. Mætti hugsa sér t. d. að það gerðist á fjögurra ára tímabili frá og með 1. jan. þessa árs. Síðan tel ég að brýna nauðsyn beri til að niðurgreiðslur á kindakjöti og kjöti af nautgripum minnki smátt og smátt á næstu 2—3 árum, en falli þá alveg niður, nema upp verði teknar almennar niðurgreiðslur á kjötvörum. Ég tel að það sé brýn nauðsyn á að skapa heilbrigða samkeppni milli framleiðslugreina einstakra kjötvörutegunda, svo sem kindakjöts, nautakjöts, hrossakjöts, svínakjöts og alifuglakjöts, sem yrði bæði landbúnaði og neytendum til góðs.

Það er hægt að halda áfram umr. á þessu stigi og um hvað nauðsynlegt sé að gera í íslenskum landbúnaði. Það gildir ekki að „bjarga í horn" þegar allt er komið í „svíl", eins og nú er verið að gera. Það er nákvæmlega það sem verið er að gera nú. Það hefur oftar en ekki verið talað um vanda landbúnaðarins, en sjaldnar hefur verið rætt um hvað gera skuli í raun og veru til að leysa úr þeim vanda, því að menn hafa verið furðulega ihaldssamir og afturhaldssamir í landbúnaðarmálum á Íslandi. Þetta þarf ekki nokkur maður að láta segja sér að sé ekki rétt.

Ég vildi ekki láta hjá líða að koma hér upp og benda á

þessi atriði.

Eitt óttast ég, auk þess sem ég hef nú rætt, að þær breytingar, sem gerðar voru s. l. vor á framleiðsluráðslögunum, þ. e. um kvótakerfið og skattgjald á kjarnfóður, og þær heimildir, sem enn hafa ekki verið notaðar, eigi eftir að reynast landbúnaðinum miklu erfiðari en nokkurn grunar. Ég er hræddur um að kvótakerfið, sem er mjög flókið og erfitt í framkvæmd, geti kannske í besta falli komið í veg fyrir að núverandi ófremdarástand versni, en það bætir raunverulega ekki ástandið. Ég óttast líka að það muni draga úr framleiðni í landbúnaði. Þó svo að við séum að berjast við offramleiðslu er enginn fengur í að draga úr framleiðninni sem slíkri.

Ég held einnig, ef grannt er skoðað, að fóðurbætisskatturinn sé líklegur til að valda verðhækkun á þeim framleiðsluvörum landbúnaðarins sem hafa aðlagast innlendum markaðsaðstæðum og njóta ekki útflutningsuppbóta, svo sem ef talað er um egg, alifuglakjöt og svínakjöt. Að þessu leytinu er fóðurbætisskatturinn ranglátur og væri þess vegna ekki ónauðsynlegt að fella hann úr gildi eða heimildina til að leggja hann á.

Ég held ég láti kyrr liggja þau orð, sem voru látin falla í garð Alþfl. og mín við umr. hér í síðustu viku um mál sem er nánast algerlega af sama toga spunnið og það sem hér um ræðir, og mun láta staðar numið.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Umr. eru orðnar allmiklar um þetta mál og hafa hv. þm. notað það sem tilefni til að ræða landbúnaðarmálin á breiðum grundvelli, sem kallað er, og má segja að sumir hafi kannske flutt anga af stefnuræðu um landbúnaðarmál. Ætla ég ekki að fara út á þá slóð. Vel má flytja ræður um stefnu í landbúnaðarmálum við önnur tilefni en umr. um þetta frv., því frv. á í sjálfu sér ekkert skylt við neina stefnu, heldur er þetta frv. á þskj. 39 og eins frv. á þskj. 26 flutt til að bæta úr tilteknu ástandi sem væntanlega og vonandi verður bráðabirgðaástand þangað til ný stefna hefur verið mótuð í landbúnaðarmálum og sú stefna er orðin virk. — Að þessum orðum mæltum ætla ég að láta stefnumál um landbúnaðinn eiga sig í tengslum við þetta frv.

Ég vil með örfáum orðum þakka hv. þm. Stefáni Valgeirssyni ræðu hans áðan. Ég veit að við erum nákvæmlega sammála um að frv. var ekki hægt að afgreiða á þingrofsdaginn. En hefði þingflokkunum tekist að ná samkomulagi um málið áður en það var flutt og eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson hafði heitið að beita sér fyrir, en hann hafði síðan rofið þær tilraunir sem gerðar voru, hefði væntanlega verið mögulegt að afgreiða frv. í upphafi 102. löggjafarþingsins í desember. Það hefði ég talið að væri mikils virði. Þetta vona ég að við hv. þm. Stefán Valgeirsson séum nákvæmlega sammála um.

Síðan hóf hv. þm. að ræða um Bjargráðasjóðinn og talaði auðvitað mjög fallega um þau mál, á þá lund að hann vildi að Bjargráðasjóðurinn sinnti hlutverki sínu sem tryggingasjóður í neyðartilvikum og að Alþ. þyrfti að taka á málinu á þá lund að efla tekjustofna sjóðsins. Þetta er allt saman hárrétt og alveg í samræmi við það sem ég sagði áðan. En þau skeyti, sem hv. þm. var að senda í leiðinni, var ekki réttmætt að senda, hvorki í átt til mín, þó að það væri að litlu leyti gert, né heldur hæstv. núv. landbrh. Þessi skeyti átti öll að senda hæstv. fyrrv. vinstri stjórn, sem hv. þm. studdi, því að eins og ég hef þegar sagt, hjálpaði sú vinstri stjórn verðbólgunni til að eyðileggja Bjargráðasjóðinn og ýmsa aðra sjóði í landinu með því að skerða tekjustofna þessara sjóða. (Gripið fram í.) Ekki með því að stuðla að því að styrkja tekjustofnana eða afla nýrra tekjustofna. Þetta ætti hv. þm. Stefán Valgeirsson að hafa í huga þegar hann ræðir þessi mál.

Það má vel vera að hæstv. fyrrv. landbrh. hafi viljað leggja til önnur lánskjör á útlánum Bjargráðasjóðs en gert var. Hann hefur þá ekki komið því fram. Það er kannske nokkur vorkunn þó menn spyrji eins og hv. þm. Árni Gunnarsson. Hvernig á að veita lánsfé úr sjóði eins og Bjargráðasjóði sem verður að afla fjár til starfsemi sinnar með lánum, eins og kjörin eru nú á almennum lánamarkaði? Fram hjá því má hv. þm. Stefán Valgeirsson ekki líta. Ef hann ætlast til að starfsemi Bjargráðasjóðs geti haldið áfarm í landinu gerist annað tveggja að hann verður að ákveða lánskjör sín í samræmi við þau kjör sem eru á lánum sem hann þarf að taka til starfsemi sinnar, eða þá hann hrynur. Svo er hitt, sem ég minntist á í ræðu minni áðan og hv. þm. tók undir, að efla veður tekjustofna sjóðsins. Það var sannarlega vanrækt af hv. vinstri stjórn. Þetta hefur þó margsinnis orðið að gera. Var það síðast gert í árslok 1976 og var full þörf á að hæstv. vinstri stjórn gerði það á síðasta ári. Aldrei hefur verðbólgan verið jafnhraðfara, aldrei hafa tekjustofnar, sem bundnir eru í föstum krónum, rýrnað jafnört. Aldrei fyrr hefur það skeð, að ríkisstj. í landinu hafi gengið til liðs við þessa þróun með því að skerða tekjustofnana beint til ríkissjóðs. Aldrei hefur þörfin verið ríkari. Aldrei hefur verið meiri ástæða fyrir þm. að flytja ræðu eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson gerði áðan og brýna eigin ríkisstj. til þess að hún kæmi því fram sem gæti orðið til þess að Bjargráðasjóður sinni hlutverki sínu.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég ætla að hætta á að gefa það loforð að níðast ekki á tímanum. Sannast sagna hafði ég ekki hugsað mér að taka til máls um þetta frv. við 1. umr., en ég get ekki stillt mig um að segja örfá orð og þá fyrst og fremst vegna þeirra orða sem hv. þm. Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e., viðhafði áðan, því að það var alveg greinilegt að það var nokkurn veginn sama ræðan og hann flutti þegar til umr. var frv. okkar sjálfstæðismanna um svipað efni og frv. sem hér liggur fyrir. Ég gerði þá nokkrar aths. við ræðu hans, en það virðist vera sannleikur að erfitt er að kenna sumum að sitja rétt. Það er erfitt að snúa mönnum til réttrar áttar sem af einhverjum sökum hafa fengið villu yfir höfuðið.

Hv. þm. hafði þau orð áðan, að við mundum finna til þess eðlilega, þeir sem hefðu komið bændum í þann vanda sem þeir ættu nú við að stríða. Flokksbróðir hans hafði þau orð rétt á undan honum að vandinn væri tvíþættur, hann væri vegna harðæris og hann væri vegna góðæris. Ég veit ekki hvort við sjálfstæðismenn, sem berum hag bænda sérstaklega fyrir brjósti, erum svo máttugir að við getum ráðið því, hvort góðæri eða harðæri er í landinu. En við sitjum áreiðanlega með þeim hug á Alþ. að við getum leyst vandamál sem upp koma hjá þeim þjóðfélagsþegnum sem verða fyrir örðugleikum.

Hv. þm. sagði einnig áðan að þó svo að bændur hefðu nú fengið heimildir til að stjórna þessum málum hefði hvorug þeirra heimilda verið notuð enn sem veittar voru með lögum í fyrra. En ég vildi þá spyrja hv. þm. hvernig í ósköpunum hann ætlaði að fara að minnka framleiðsluna

á kjötinu í haust með því að nota kvóta og koma honum á s. l. vor. Það er eins og þessi orð séu töluð innan úr lokaðri tunnu og að maðurinn hafi ekki haft neitt tækifæri til að kynna sér hvernig þær heimildir eru, sem þarna á að beita og ég vona að komi að gagni þegar þær fá að njóta sín, en þær ná ekki árangri að fullu fyrr en 1—3 árum eftir að þær eru veittar.

Ég hygg að það hafi verið alennt mál manna að komið hafi í ljós þegar fram á veturinn kom, að ekki mundi vera þörf á að beita kjarnfóðurgjaldinu vegan mjólkurframleiðslunnar, hún hefði dregist það mikið saman, auk þess sem tíðarfarið á s. l. sumri var með þeim hætti að rík nauðsyn var fyrir menn að fá kjarnfóður keypt við ekki allt of háu verði til þess að koma þeim bústofni fram sem þeir lífsnauðsynlega þurftu að setja á vetur, skaði þeirra er nógur samt. Það er rétt að lagaheimildirnar hafa ekki verið notaðar, en það er af þessum sökum.

Tími minn er ekki ýkja langur, en ég vildi enn fremur taka það fram, að sú till., sem er í frv. okkar sjálfstæðismanna um að Byggðasjóði verði gert að greiða niður það lán sem væntanlega yrði tekið til að bæta bændum útflutningsskaðann, er fyrst og fremst til komin vegna þess að við ætlum ekki að íþyngja skattþegnunum með þessum ráðstöfunum. Ef hv. 6. þm. Norðurl. e. vill skoða málið hleypidómalaust sér hann að við höfum ekki lagt til að lagt yrði meira fé til Byggðasjóðs. Það verður því ekki um neina skattheimtu að ræða þess vegna. Byggðasjóðsgjaldið er ákveðið fyrir fram, og við ætlumst til þess að Byggðasjóður geti notið sín að verulegu leyti þó að hann ráðstafi tekjum sínum að hluta í þetta næstu 3 ár. Það er ekki svo stór hluti af ráðstöfunartekjum sjóðsins að hægt sé að segja að verið sé að binda hendur hans óeðlilega. Og ég vil enn fremur benda á að þessi ráðstöfun á fé Byggðasjóðs er fullkomlega réttlætanleg, bæði vegna þess að hún kemur til með að styrkja byggð í landinu, eins og ætlunarverk sjóðsins er, og hins, að ég tel að byggðasjóðsfé hafi í allt of litlum mæli gengið til þess atvinnuvegar, sem hér hefur verið rætt um, þ. e. til landbúnaðarins. Með þessu móti mundi það þó geta gerst að nokkru.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Sameinað þing, 14. fundur.

Þriðjudaginn 22. jan., kl. 2 miðdegis.

Eftirlitsskylda Tryggingastofnunar ríkisins á gjaldtöku tannlækna, fsp. (þskj. 37). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 37 lagði ég fram fyrir jól eftirfarandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. varðandi eftirlitsskyldu Tryggingastofnunar ríkisins á gjaldtöku tannlækna og framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978, áður 56/1973, sem hljóðar svo:

„1) Hvernig er háttað eftirliti Tryggingastofnunar ríkisins á gjaldtöku (gjaldskrám) tannlækna og tannréttingalækna, miðað við þær greiðslur er ríkið, sjúkrasamlög og sveitarfélög greiða til þeirra samkv. lögum?

2) Hversu há fjárhæð var greidd til þessara aðila gegnum kerfið árið 1978 og það sem af er árinu 1979?

3) Hvernig er háttað eftirliti Tryggingastofnunar ríkisins með gjaldtöku og greiðslu til lækna í heilsugæslukerfinu almennt?

4) Hvað líður útgáfu margræddra reglugerða varðandi framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978 (áður nr. 56/1973)?

5) Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu heilbrmrn. til að jafna þann mikla aðstöðumun sveitarfélaga sem er varðandi greiðslu kostnaðar við rekstur heilsugæslustöðvar, sem ekki eru reknar í beinum tengslum við sjúkrahús?"

Þegar sú breyting á heilbrigðisþjónustu gekk í gildi, að ríki og sveitarfélög greiða tannlæknisþjónustu, sbr. 44. gr. laga um almannatryggingar, varð fljótlega ljóst að þessi breyting varð miklu meiri að umfangi kostnaðarlega en almennt hafði verið reiknað með. Sérstaklega voru mörg sveitarfélög vanbúin að mæta þessum miklu útgjöldum, sem jafnframt juku gífurlega hlut sjúkrasamlaga. Þess eru dæmi, að á s. l. ári nam þessi kostnaður í sveitarfélagi með um 1100 íbúa 7—10 millj. kr., þ. e. 50% kostnaður vegna tannlækninga skólabarna, sem þýðir 14—20 millj. kr. tekjur viðkomandi tannlæknis á árinu aðeins vegna skólabarna.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 1979 voru áætluð laun hjá tannlælnadeild um 750 millj. Og í áætlun fyrir 1980 er gert ráð fyrir launum til skólatannlækna í hálfu starfi hjá borginni, rúmlega 400 millj. kr. Í blaðaskrifum á s. l. ári kom fram að laun skólatannlækna hjá Reykjavíkurborg á s. l. ári hafa numið 17—28 millj. kr., sé miðað við heils árs starf, eða 70—112 þús. kr. á dag. Hvort hér er um að ræða nákvæmar tölur vil ég ekki fullyrða, en augljóst er að hér er um gífurlegar fjárhæðir að ræða. Því er nauðsynlegt að fá að vita hvernig Tryggingastofnun ríkisins framkvæmir eftirlit með þessum útgjöldum. En samningar milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins eru dagsettir 19. apríl 1975.

Erfitt er að gera sér ljóst hvernig taxtar tannlækna eru gerðir. Miðað við upplýsingar, sem ég hef aflað, er miðað við rekstur eins manns stofu í 60 m² húsnæði í ársbyrjun 1979, sem nemur 21 millj. kr. á ári. Þar er launaliðurinn um 51%, efni 11.6% og aðstoðarstúlka 10.7%. Síðan eru alls konar rekstrarliðir, þ. á m. afskriftir um 8%. Hvergi er sýnt hvaða breyting verður ef tannlæknir er í fríu húsnæði og gengur að fullbúinni tannlæknastofu. Þetta er aðeins brot af þessu vandamáli.

Þá er áhugavert að fá að vita hvernig eftirlit er með gjaldskrám lækna heilsugæslustöðva í sambandi við rekstur þeirra. Ég veit að menn hafa fengið þau svör hjá Tryggingastofnun ríkisins, að eftirlit sé mjög misjafnt eftir sjúkrasamlögum. En í gildi eru samningar við Læknafélag Íslands, þar sem launaréttur lækna er miðaður við 60% af rekstrarkostnaði stöðvar.

Haustið 1978 spurði ég um það hér á hv. Alþ., hvenær vænta mætti reglugerðar um framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu. Þá var svar hæstv. heilbrmrh. að fyrstu reglugerðir þar um væru væntanlegar strax eftir áramót 1978—1979. En þær eru því miður ókomnar enn, og veldur það mjög miklum erfiðleikum í samskiptum og rekstri þessara stöðva. Í sama skipti spurðist ég fyrir um ráðstafanir til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga varð-

andi greiðslu kostnaðar við rekstur heilsugæslustöðva sem ekki eru reknar í beinum tengslum við sjúkrahús,en þess eru víða dæmi, að þessi munur er allt að því tí- eða tólffaldur.

Hæstv. félmrh. svaraði því til, að hann mundi láta skoða þetta mál og gera úrbætur. Þetta vandamál er að mestu óleyst enn. Heilbrigðismálin eru í dag einn þýðingarmesti þáttur útgjalda ríkisins, sem er áætlaður um 110 milljarðar, sem er 35% miðað við fjárlagadæmið 1980. Það hlýtur því að vera mikilvægt að yfirstjórn þessara mála og skipulag sé öruggt og í sífelldri endurskoðun og menn viti hvernig framkvæmdin er.

Þess vegna leyfði ég mér að bera fram þessar fsp. og vænti þess að fá svör.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég er algjörlega sammála hv. fyrirspyrjanda um það, að þessi mál þurfa að vera í sífelldri endurskoðun og eru það, ekki kannske nógu örri, en í sífelldri endurskoðun eru þau.

Ég er líka sammála honum um það, að þessi kostnaður við tannlækna er hrikalega hár, og þeir hafa að mínu mati og hafa alltaf haft allt of há laun miðað við aðra launþega í þessu landi. En þeir hafa þá aðstöðu að geta að verulegu leyti skammtað sér sjálfir launin.

Vegna þriggja fyrstu liðanna í fsp. leitaði ég til Tryggingstofnunar ríkisins um upplýsingar og fékk þar þessi svör:

Varðandi fyrsta liðinn segir Tryggingastofnunin: Í samningi milli Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands er heimild um eftirlit af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins með gjaldtöku tannlækna og gilda sömu reglur um eftirlit sérfræðinga í tannréttingum sem annarra sérfræðinga og almennra lækna. Samningur þessi var undirritaður hinn 19. apríl. 1975, og hljóðar 5. gr. hans svo með leyfi forseta:

„Tannlæknir gefur sjúklingi kvittun fyrir greiddri tannlæknishjálp og greinir tímabil þegar hjálpin er veitt. Í kvittun skal greina eftir hvaða aðalgjaldskrárliðum greitt er. Tannlæknishjálp veitta börnum 3—10 ára má verðleggja eftir tímaeiningum í gjaldskrá, sem þá skulu greindar bæði í kvittun og á tannkorti. Kvittanir skulu gefnar á auðkennd eyðublöð, ætluð til notkunar eingöngu þegar ætlað er að réttur til endurgreiðslu sé fyrir hendi. Fjárhæð skal skrifuð með bókstöfum. Ekki skal tannlækni skylt að gefa kvittun í þessu formi þegar sjúklingur greiðir ekki að fullu, heldur má láta nægja viðurkenningu til bráðabirgða fyrir móttekinni fjárhæð. Tryggingarnar endurgreiða ekki nema kvittun í fyrirskrifuðu formi, sem stjórn Tannlæknafélags Íslands semur. Eftirlit með gjaldtöku tannlæknis má frmkvæma þannig, að trúnaðartannlæknir trygginganna skoði tannkort hjá honum og beri saman við reikninga, eftir því sem trúnaðarmaðurinn telur sig þurfa. Trúnaðartannlæknir skal boða komu sína og semja við tannlækni um hentugan tíma til slíkrar skoðunar. Fyrir tíma, sem trúnaðartannlæknir óskar aðstoðar tannlæknis við skoðun gagnanna, greiðist samkvæmt tímataxta tannlækna. Kortin eru eign tannlæknis og er honum hvorki skylt né heimilt að láta þau af hendi. Gögnin skal hann hafa tiltæk í tvö ár. Trúnaðartannlæknir ræður hvort hann kallar sjúklinga til skoðunar."

Svo sem fram kemur í 5. gr. samningsins milli Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands fer eftirlitið fram á þann veg, að tryggingatannlæknir ber saman tannkort eða sjúkraskrá tannlæknis og greiðslukvittun. Hefur stjórn Tannlæknafélgs Íslands samkvæmt samningnum ótvíræðan rétt til þess að kanna greiðslukvittunarformið. Gildandi greiðslukvittun veitir alls ekki að mati Tryggingastofnunarinnar nægar upplýsingar um þær tannaðgerðir sem framkvæmdar hafa verið og greitt fyrir. Þá er gerð tannkorta með ýmsu móti og torveldar það mjög eftirlit.

Þau gögn, sem tryggingatannlæknir hefur á milli handa við eftirlitið, eru að mati Tryggingastofnunar hvergi nærri nógu nákvæm. Telja verður að með 5. gr. samningsins hafi ekki fengist tæknilegur grundvöllur fyrir nægjanlega virku eftirliti með gjaldtöku tannlækna. Hefur því tryggingatannlæknir lagt fram tillögur sem miða að nákvæmara og fljótvirkara eftirliti. Við gerð þeirra var stuðst við skipulag þessara mála á Norðurlöndum, þar sem afskipti ríkis af tannlæknaþjónustu hafa staðið um langt árabil.

Tillögur þessar fjalla um breytt skipulag á taxta Tannlæknafélagsins, hönnun staðlaðrar sjúkraskrár fyrir tryggða sjúklinga og nýja greiðslukvittun, þar sem tannaðgerðir eru tilgreindar og kostnaðarupphæð þeirra sundurliðuð. Tillögur þessar hafa verið kynntar stjórn Tannlæknafélags Íslands og munu teknar til umræðu í samstarfsnefnd Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands.

Það er von Tryggingastofnunarinnar, að samkomulag geti tekist um tillögur tryggingatannlæknis, svo að ekki þurfi að koma til uppsagnar samningsins."

2. liður fsp. er þessi: Hversu há fjárhæð var greidd til þessara aðila gegnum kerfið árið 1978 og það sem af er árinu 1979?"

Á árinu 1978 voru greiddar tæpar 845 millj. kr. vegna tannlækninga tryggðra sjúklinga. Á árinu 1977 voru greiddar tæpar 700 millj. kr. í sama skyni og árið 1976 rúmar 322 millj. og 500 þús. kr. Ekki liggja enn þá fyrir niðurstöðutölur fyrir árið 1979, en gert var ráð fyrir 790 millj. kr. á fjárlögum í þessu skyni.

3. liður fsp: „Hvernig er háttað eftirliti Tryggingastofnunar ríkisins með gjaldtöku og greiðslu til lækna í heilsugæslukerfinu almennt?"

Eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins með gjaldtöku og greiðslu til lækna í heilsugæslukerfinu er háttað á eftirfarandi veg:

a. Tryggingastofnun ríkisins hefur undanfarin ár sent mann í sjúkrasamlög landsins sérstaklega til eftirlits með greiðslum til lækna. Er miðað við að hvert samlag sé sótt heim á minnst tveggja ára fresti, en oftar ef þörf krefur.

b. Tryggingastofnun fær senda til yfirferðar einstaka reikninga heilsugæslulækna til sjúkrasamlaga. Er hér bæði um að ræða reikninga, sem samlög telja sérstaka ástæðu til að athuga, og reikninga, sem Tryggingastofnun óskar eftir.

c. Haldin eru námskeið á vegum Tryggingastofnunar ríkisins á tveggja ára fresti fyrir starfsfólk sjúkrasamlaganna. Á þeim er m. a. leiðbeint um meðferð og eftirlit með reikningum heilsugæslulækna.

d. Tryggingastofnun fær sendar mánaðarlegar skilagreinar frá flestum sjúkrasamlögum um fjárhæðir greiddar einstökum heilsugæslulæknum.

e. Tryggingastofnun ríksins hefur ekki eftirlit með greiðslum þeim er sjúklingar inna af hendi til lækna í heilsugæslukerfinu.

f. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga

sjúkrasamlaga eftir hvert ár, þ. á m. reikninga heilsugæslulækna. Er Tryggingastofnun gert viðvart ef sérstakar misfellur koma í ljós.

Þessu til viðbótar upplýsir Tryggingastofnun ríkisins að ekki séu fullkomnar upplýsingar um framlög sveitarfélaga til þessara mála, því að á vegum Tryggingastofnunar er þær upplýsingar ekki að fá fyrr en öll bókhaldsatriði eru endanlega kunn, þ. e. ekki fyrr en 1—1½ ári eftir að greiðslur fara fram. — Hér lýkur upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í fjórða lagi er spurt hvað líði útgáfu margræddrar reglugerðar varðandi framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57 frá 1978.

Strax og lög um heilbrigðisþjónustu komu til framkvæmda voru gefnar út tvær reglugerðir samkv. þeim lögum, þ. e. reglugerð um landlækni og embætti landlæknis og reglugerð um starfsmannaráð sjúkrahúsa. Þá hefur verið sett reglugerð um starfsháttu heilbrigðismálaráða samkv. 7. gr. laganna, og ráðh. hefur fengið tillögur landlæknis um erindisbréf héraðslækna og erindisbréf heilsugæslulækna, og er þess að vænta að gengið verði frá þessum tveim erindisbréfum nú á næstu dögum. Þá hefur verið sett erindisbréf fyrir hjúkrunarforstjóra samkv. 17. gr. laganna.

Þær tvær aðalreglugerðir, sem ég tel að þurfi að setja, en beðið hefur verið með að skipa nefndir til að semja, eru reglugerð samkv. 24. gr., um flokkun sjúkrahúsa, og reglugerð samkv. 19. gr., um stærð heilsugæslustöðva, fyrirkomulag, læknafjölda og annað því tengt. Ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið sett nefnd til að gera tillögur að reglugerð um þessi tvö atriði, er sú, að það var talið skynsamlegt að nokkur reynsla fengist um starfrækslu heilsugæslustöðva, bæði í dreifbýli og þéttbýli, áður en þessar reglugerðir væru settar, svo og um það, hvernig yrði um samvinnu heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, þar sem þessar stofnanir eru í sambýli. Nú hefur það orðið svo, að lítil reynsla hefur enn fengist af starfrækslu heilsugæslustöðva í þéttbýli vegna þess að ekki hafa fengist fjármunir til byggingarframkvæmda heilsugæslustöðva á þéttbýlissvæðum og lítið starfslið hefur fengist til þessara stöðva. Það hefur því verið skoðun rn., að tæplega væri tímabært að setja þessar reglugerðir, þar eð ónóg reynsla væri af þessu enn sem komið er. Í sambandi við málefni heilsugæslustöðva verður að minna á að á vegum rn. voru gefnar út leiðbeiningar um starfsemi heilsugæslustöðva, sem komu út í riti rn. nr. 1 frá 1976, og hefur þetta rit verið leiðbeinandi í sambandi við uppbyggingu heilsugæslustöðvanna.

Í fimmta og síðasta lagi er spurt um það, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu heilbrmrn. til að jafna þann mikla aðstöðumun sveitarfélaga sem er varðandi greiðslu kostnaðar við rekstur heilsugæslustöðva sem ekki eru reknar í beinum tengslum við sjúkrahús.

Lög um heilbrigðisþjónustu gera ráð fyrir því, að þar sem heilsugæslustöðvar eru staðsettar við sjúkrahús séu bein rekstrartengsl milli þessara eininga. Þetta er að sjálfsögðu gert í hagræðingarskyni og má gera ráð fyrir því, að ávallt verði einhver munur á því að reka heilsugæslustöð í tengslum við sjúkrahús eða reka hana sem sjálfstæða einingu. Hvort hér er um óeðlilega mikinn mun að ræða er að sjálfsögðu hægt að deila um. En því hefur verið haldið fram af heilbrmrn., að ef um óeðlilega mikinn mun væri að ræða á rekstrarkostnaði þessara heilsugæslustöðva, þá væri það vegna þess að einhver kostnaður væri færður á sjúkrahúsþjónustuna sem ætti að vera á heilsugæslustöðvunum. Á vegum daggjaldanefndar hefur verið gerð könnun einmitt á þessum atriðum, og hefur hvergi komið fram að þeir, sem reka sjúkrahús og heilsugæslustöð saman, hafi fært óeðlilegan kostnað á sjúkrahúsaþjónustuna.

Við breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu á árinu 1978 var gert ráð fyrir því, að ráðh. setti gjaldskrá um greiðslur sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp, og var hér verið að færa kostnaðarhluta frá sveitarfélögum og yfir á sjúkrasamlög. Haustið 1978 skipaði ég nefnd undir forustu þáv. alþm. Braga Níelssonar til þess að gera gjaldskrártillögur í samræmi við þessi lagaákvæði og gerði ráð fyrir að nefndin skilaði störfum í ársbyrjun 1979, eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á hér áðan.

Því miður hefur þessi nefnd enn ekki lokið störfum þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar rn. um að nauðsyn sé að hún flýti starfi sínu.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir svör hans. Enda þótt þau hafi ekki skýrt að öllu leyti það sem um var spurt, þá eru þau samt þess eðlis að þau ber að þakka. Ég vil minna á það, að þegar breytingin var gerð um tannlæknaþjónustuna, þá var ein meginröksemdin fyrir því, að eðlilegt væri að haga þessu þannig að sjúkrasamlög og sveitarfélög greiddu þennan kostnað, tryggja átti með eftirliti Tryggingastofnunarinnar að þarna yrði um eðlilega gjaldtöku að ræða. Það var mjög gagnrýnt af mörgum aðilum, að verið væri að gefa kerfinu laust beislið, ef má orða það svo, til gjaldtöku, tannlæknastéttinni, og eftirlitið hjá Tryggingastofnuninni yrði vafasamt, ef það ætti að ná þeim tilgangi sem að var stefnt. Og því miður hefur komið fram að þessi gagnrýni var réttmæt.

Ég tel ástæðu til að endurtaka hér hluta af því sem hæstv. ráðh. las upp úr 5. gr. samnings milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunarinnar í sambandi við þetta eftirlit. Þar segir svo:

„Trúnaðartannlæknir skal boða komu sína og semja við tannlækni um hentugan tíma til slíkrar skoðunar. Fyrir tíma, sem trúnaðartannlæknir óskar aðstoðar tannlæknis við skoðun gagna, greiðist samkvæmt tímataxta tannlækna."

Síðan er talað um kortin, sem eru eign tannlæknisins og eru í hans vörslu. Ég vil benda á að það er mjög sérkennilegt, að þar sem á að endurskoða eða rannsaka hluti, þá getur viðkomandi aðili, sem á að rannsaka hjá, ráðið því sjálfur, hvenær viðkomandi rannsókn á sér stað og hvernig hún skuli fram fara.

Þetta læt ég nægja um þennan þátt, en ég vil geta þess einnig hér, að víða er þessi tilhögun þannig að viðkomandi sjúkrasamlag greiðir allan kostnaðinn beint til viðkomandi tannlæknis. En sums staðar er það aftur þannig að sveitarfélög greiða 50%, en sjúkrasamlagið 50%.

Að því er varðar eftirlit með heilsugæslulæknum vil ég aðeins minna á það hér, að þetta eftirlit, sem á að vera í höndum Tryggingastofnunar ríkisins, er mjög vanbúið að ná þeim tilgangi sem að er stefnt. Ég hef verið á fundi hjá tryggingaráði eða fulltrúum tryggingaráðs, þar sem þetta mál kom til umræðu varðandi heilsugæslustöðvarnar, og þar var fúslega játað að Tryggingastofnunin gæti ekki annast þetta eftirlit eins og til er ætlast, hún hefði hvorki til þess mannafla né möguleika.

Tilfært var, að það væri aðeins rannsakað hjá þeim sjúkrasamlögum sem beinlínis leituðu til Tryggingastofnunarinnar í sambandi við þessi vandamál. Af þessum sökum þarf örugglega til að koma betra eftirlit og annað skipulag.

Í sambandi við reglugerðirnar verð ég að segja það, að það, sem mestu máli skiptir í sambandi við þetta nýja skipulag heilbrigðisþjónustunnar, og það, sem allir voru sammála um á sínum tíma, þegar þessi lög voru sett 1973, að væri einn veigamesti þátturinn í lögunum um heilbrigðisþjónustuna, eru einmitt heilsugæslustöðvarnar. Með þeim lögum er verið að tryggja að allir íbúar landsins nálgist það að eiga sambærilega aðstöðu til heilbrigðisþjónustu. Þess vegna var uppbygging heilsugæslustöðvanna gífurlega mikilvægur þáttur í þessu öllu saman. En það er einmitt í sambandi við rekstur heilsugæslustöðvanna sjálfra sem skortur á reglugerðum er hvað tilfinnanlegastur. Það stendur beinlínis í þeim lögum, að allar ákvarðanir um starf heilsugæslustöðvanna, samskipti við lækna og aðra aðila skuli ákvarða með reglugerð. Þess vegna er mjög tilfinnanlegt fyrir þá, sem þurfa að standa fyrir rekstri heilsugæslustöðva, að þetta skuli ekki hafa verið sett enn þá í framkvæmd.

Í sambandi við aðstöðumun sveitarfélaga, sem ráðh. minntist á áðan, vil ég segja, að ég batt miklar vonir við að sú nefnd, sem hann nefndi hér réttilega og átti að skila af sér í byrjun árs 1979, mundi ljúka störfum, vegna þess að það er ákaflega mikilvægt atriði, sérstaklega fyrir þau sveitarfélög í dreifbýlinu sem reka þessar stöðvar, að á þessu verði gerð viss skipulagsbreyting. Ég þori að fullyrða — og ég hef nægar sannanir fyrir því — að þessi mismunur er slíkur að víðast í þéttbýlinu, þar sem sjúkrahúsin eru og menn geta farið beint inn á sjúkrahúsin og fengið þessa þjónustu, þar er kostnaður heilsugæslunnar í viðkomandi sveitarfélögum á bilinu 1500—2500 kr. á íbúa. En hjá hinum sveitarfélögunum, þar sem þetta er ekki í tengslum við sjúkrahúsin, er það ódýrast um 10 þús. kr. á íbúa og allt upp í 18 þús. kr. á íbúa miðað við s. l. ár. Þetta er aðstöðumunur, sem ég held að hv. alþm. dyljist ekki að er óeðlilegur. Þetta þarf að jafna, og ég treysti því, að hæstv. trmrh. beiti sér fyrir því að bæði Tryggingastofnun ríkisins og hans rn. hefji nú rösklega vinnu við að koma þessum málum í það horf sem æskilegt er.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er rétt, sem fram kom í grg. hv. 1. þm. Vesturl., að tannviðgerðir skólabarna eru orðnar gífurlegur kostnaðarliður sveitarfélaga. Meðan ég starfaði sem gjaldkeri Mosfellshrepps hafði ég tækifæri til að fylgjast nokkuð með reikningum frá tannlækum, og ég held að meginatriði þessa máls sé það, að framkvæmdar séu í ríkum mæli dýrar viðgerðir, svo sem gullfyllingar og/eða gullkrónur svonefndar, sem er hár kostnaðarliður í þessum viðgerðum. Það, sem ég held að sé aðalatriðið í þessu, er að það þurfi að endurskoða hvort raunhæft sé að opinberir aðilar eigi að greiða þessar dýru viðgerðir án nokkurs eftirlits eða aðhalds þar um. Það er í ýmsum tilvikum e. t. v. nauðsynlegt, en það er ekki víst, að það sé alltaf brýn þörf á því að framkvæma þessar dýru viðgerðir á svo ungum börnum sem raun ber vitni. Það er mikils virði að huga vel að þessum lið heilbrigðisþjónustunnar og ætti að leggja ríka áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og jafnframt að greiðslu á kostnaði við þessar tannviðgerðir verði þannig háttað, að hagsýni sé gætt fyrir báða aðila.

Mér dettur í hug í sambandi við þetta eftirlit, sem hv. flm. talaði um að við reyndum einu sinni að láta Tryggingastofnunina skoða reikning sem okkur þótti vera úr hófi hár, og það kom að sjálfsögðu ekkert út úr því. Það var staðfest, að þessi ákveðna viðgerð hefði verið framkvæmd á barninu. Hitt var svo annað mál, hvort það var bráðnauðsynlegt að framkvæma svo dýra viðgerð sem þarna var um að ræða, sem kostaði mörg hundruð þús. kr. Ég held að þetta sé aðalatriðið, að hugað sé vel að þessum lið, að það sé e. t. v. hægt að veita þarna eitthvert aðhald í því, hvort slíkar viðgerðir séu alltaf nauðsynlegar.

Hafísnefnd, fsp. (þskj. 44). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 44 hef ég ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni borið fram fsp. um það til hæstv. félmrh., hvers vegna hafísnefnd var leyst frá störfum. Fsp. hljóðar þannig:

„1. Hvaða ástæður lágu til þess, að ríkisstj. tók þá ákvörðun að leysa hafísnefnd frá störfum áður en hún var búin að skila af sér því verkefni sem henni var falið að inna af hendi?

2. Hefur ríkisstj. falið öðrum að ljúka þeim störfum sem hafísnefnd hafði ekki leyst af hendi?“

Hafísnefnd var skipuð af hæstv. félmrh. 6. apríl s. l. Í skipunarbréfinu segir með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að skipa nefnd með fulltrúum þingflokka til þess að gera úttekt á þeim vanda, sem skapast hefur á hafissvæðum, og tillögur til úrbóta.“

Tildrög þessarar nefndarskipunar voru þau, að sveitarstjórnarmenn og kaupfélagsstjórar á hafissvæðinu höfðu samband við þm. og óskuðu eftir því, að hafísnefnd yrði sett á fót eins og gert var á hafísárunum 1965 og 1968. Ég hafði t. d. samband við Ólaf Jóhannesson, sem þá var forsrh., um að þessi nefnd yrði tilnefnd, og ég hygg að aðrir þm. af Norðurlandi muni hafa haft samband við aðra ráðherra.

Áður en nefndin hóf störf ræddi hún við hæstv. félmrh. um starfssvið nefndarinnar, og tel ég að ráðh. hafi verið samþykkur þeim tillögum sem nm. settu þá fram um starfssvið og starfstilhögun. Við fleiri ráðh. ræddu nm. um þessi málefni, ýmist einn nm. eða fleiri saman, og kom ekki fram að neinn ágreiningur væri um það, hvað hafísnefnd ætti að taka sér fyrir hendur eða hvert hennar verksvið væri.

Nefndin skilaði bráðabirgðaskýrslu til ríkisstj. 6. júní s. l. Í tveimur köflum hennar kemur fram hvað nm. höfðu í huga og lögðu til er þeir ræddu þessi mál við hæstv. ráðh. Kaflarnir eru á þessa leið, með leyfi forseta:

„Tillögur til úrbóta: Nefndin hefur ákveðið að skipta tillögugerð sinni í tvennt:

Í fyrsta lagi varðandi aðgerðir þegar í stað til þess að bæta beint og óbeint tjón eftir megni.

Í öðru lagi um ráðstafanir til lengri tíma sem gætu dregið úr erfiðleikum og tjóni vegna hafískomu í framtíðinni. Þar er einkum um að ræða samgöngu- og birgðamál, einnig aðild grásleppusjómanna að sjóðakerfinu.“

Síðar segir í lokakafla þessarar skýrslu:

„Í þessari skýrslu er tjón hvergi nærri tilgreint ná-

kvæmlega í tölum. Þó er ljóst að um umtalsverðar upphæðir verður að ræða. Þegar heildarniðurstaða liggur fyrir, þá getur það skipt verulegum upphæðum til eða frá, hvernig t. d. grásleppubátunum nýtist framlenging á veiðitíma og svo hvernig ríkisstj. bregst við tillögum nefndarinnar um að veita þrem togurum undanþágu frá veiðibanni í sumar, enn fremur netabátum frá þeim byggðarlögum sem byggja atvinnulíf sitt á sjávarafla og urðu fyrir verulegum töfum í vetur við fiskveiðar vegna hafíss.

Nefndin stefnir að því að afla upplýsinga um birgðastöðu á hafíssvæðinu, þ. e. a. s. eins og hún var þegar ís var landfastur. Af þeim upplýsingum verður hægt að draga ýmsar ályktanir varðandi skipulag birgðamála á svæðinu og tengja niðurstöðu síðustu hafísnefndar. Í haust hyggst nefndin skila tillögum um ýmis framtíðarverkefni, svo að verjast megi betur en nú áföllum vegna hafískomu."

Eftir að farmannaverkfallið skall á og bera fór á vöruskorti, t. d. á fóðurvörum, olíu og áburði, óskaði ríkisstj. eftir því, að hafísnefnd ynni að því að fá undanþágur til þess að flytja þessar vörur á harðindasvæðið. Eftir að verkfallinu lauk hefur enginn fundur verið boðaður í hafísnefnd, að ég veit til, þrátt fyrir að sumir nm. höfðu óskað eftir því. Ég var að vísu spurður að því í eitt skipti í sumar, þegar ég var fyrir norðan, hvort ég yrði tiltekna daga hér í Reykjavík, en það kalla ég ekki fundarboð.

Allt fram á þennan dag hafa borist bréf þar sem kvartað er undan því, að ekki hafi enn fengist eðlileg afgreiðsla ýmissa mála, og óskað eftir skýringum á því. Ég tel að allar slíkar aðfinnslur og kvartanir, sem berast um þau málefni sem hafísnefnd átti að fjalla um, hafi átt að taka til afgreiðslu á fundum nefndarinnar. Eins og fram kom af því, sem ég las hér upp úr bráðabirgðaskýrslu hafísnefndar til ríkisstj., var þar gert ráð fyrir að nefndin aflaði sér upplýsinga um birgðastöðu verslunarfyrirtækja á hafíssvæðinu, þegar ís var landfastur á síðasta vori. M. a. taldi nefndin að af þeim upplýsingum væri hægt að draga ýmsa lærdóma. Enn fremur skyldi athuga geymslurými fyrir olíu og bensín á hafíssvæðinu og möguleika verslana til að birgja sig upp af fóðurvörum og athuga, hvaða breytingar hafa orðið síðan hafísnefnd 1978 lauk störfum, og gera síðan tillögur til úrbóta að loknum þessum athugunum. En mér er ekki um það kunnugt, að nokkuð af þessu hafi verið gert.

Ég gerði mér vonir um að formaður hafísnefndar færi að hressast að kosningum loknum, en þá barst okkur nm. eftirfarandi bréf, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að leysa frá störfum nefnd þá, sem þann 6. apríl s. l. var skipuð til þess að gera úttekt á þeim vanda, sem skapast hefur á hafíssvæðinu, og tillögur til úrbóta. Um leið og þetta tilkynnist yður, er yður sagt upp störfum í nefndinni."

Þetta er skrifað 10. des. Þar sem stöðugt er verið að spyrja okkur fyrirspyrjendur um störf þessarar nefndar og við höfum orðið fyrir ámæli út af starfsleysi hennar allt frá síðustu vordögum og af því að hér er um að ræða öryggismál, sem þörf er að gefa fullan gaum, er þessi fsp. hér fram borin.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Spurt er hvers vegna hafísnefnd var leyst frá störfum með bréfi frá 10. des. s. l. og hvort verkefni hennar hafi verið falin öðrum.

Hinn 6. júní s. l. sendi hafísnefnd fyrrv. ríkisstj. ítarlega bráðabirgðaskýrslu. Var þar gerð grein fyrir störfum nefndarinnar og athugunum og margþættar tillögur gerðar til ríkisstj. um aðgerðir til úrbóta á þeim mikla vanda sem skapaðist á hafíssvæðunum s. l. vor. Í meginatriðum vörðuðu tillögurnar aðgerðir í samgöngumálum, undanþágur frá veiðibanni og fjárhagsaðstoð — ýmist í formi styrkja eða lána — vegna netatjóns, aflatjóns, sérstaks flutningskostnaðar og tímabundinna greiðsluerfiðleika fiskvinnslustöðva og bátaeigenda. Ég held að hv. fyrirspyrjandi hljóti að vera mér sammála um það, að ríkisstj. tók þeim tillögum mjög vel og varð við þeim í öllum meginatriðum, þó að framkvæmdir hafi á sumum sviðum dregist of mikið hjá hinum einstöku sjóðum sem um málin áttu að sjá.

Síðustu aðgerðirnar voru samþykktar í fyrrv. ríkisstj. Á fundi hennar hinn 24. júlí s. l. er bókað í fundargerð þess fundar, að forsrh. hafi lýst því yfir að með þeim teldi hann störfum nefndarinnar lokið. Þetta var 24. júlí, og þar sem fyrrv. forsrh. hafði lýst því yfir, að með þessum aðgerðum teldi hann störfum nefndarinnar lokið, skýrði ég frá því, að ég mundi leysa nefndina frá störfum.

Hins vegar kom í ljós að Bjargráðasjóði og Aflatryggingasjóði, sem hafði verið falin úrlausn ákveðinnar samþykktar ríkisstj., væri nauðsynlegt að fá ýmsar upplýsingar og gögn frá nefndinni og njóta aðstoðar hennar. Fól ég því nefndinni að vera þessum aðilum innan handar og leysti hana ekki frá störfum fyrr en þessum verkefnum lauk í des. s. l. Var þá lokið öllum þeim verkefnum, sem nefndinni hafði verið falið að annast, og hún hafði leyst þau af hendi með sóma að mínum dómi. Leyfi ég mér að vitna í því sambandi til erindisbréfa nefndarinnar. Hið fyrra var dags. 6. apríl og það las hv. fyrirspyrjandi upp, en þar er sagt, að nefndin skuli gera úttekt á þeim vanda, sem skapast hefði á hafíssvæðunum, og tillögur til úrbóta. Með bréfi dags. 30. maí var verkefnum nefndarinnar lýst ítarlegar. Þar sagði svo, með leyfi forseta:

„1. Stuðla eftir föngum að lausn flutningsvandamála á hafíssvæðunum, þótt rætur þeirra megi rekja til annarra aðstæðna en hafíss, svo sem ófærðar og verkfalla.

2. Safna upplýsingum um tjón á veiðarfærum og aðrar fjárhagslegar afleiðingar hafíssins sem til álita kemur að bæta.

3. Gera tillögur um bótagreiðslur til þeirra sem orðið hafa fyrir beinu fjárhagstjóni, þar með talið hvaða tegund tjóns skuli bæta og að hve miklu leyti."

Öllum þessum verkefnum hafði nefndin lokið er hún var leyst frá störfum, eins og áður segir, og frekari verkefni voru henni ekki falin.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er aðili að þessari fsp. með hv. þm. nafna mínum Valgeirssyni. Ég get að vísu ekki tekið undir það, að ég hafi heyrt það í mínu kjördæmi að hafísnefnd hafi sætt ámæli fyrir starfsleysi allt frá vordögum. Ég þykist hafa orðið var við það, að menn hafi verið harla ánægðir tiltölulega með störf nefndarinnar svo lengi sem hún starfaði. Aftur á móti var það alveg ljóst mál, að hafísnefnd sjálf taldi sig ekki hafa lokið störfum fyrr en hún hefði skilað lokaskýrslu sinni til ríkisstj. á sínum tíma, svo sem boðað var. Ég kannast ekki heldur við að nefndin hafi starfað frá 24. júlí til þess tíma er hún fékk sitt lausnarbréf, og ákvarðanir, sem teknar hafa verið, eða störf, sem unnin hafa verið í nafni

hafísnefndar á þeim tíma, eru mér ekki kunn. Það er einnig ljóst, að nefndin átti störfum ólokið, m. a. því að láta afmunstra sig af fúsum og frjálsum vilja og eigin rammleik í lokin, og betur hefði nú hæstv. ráðh. haft samband við hafísnefnd sem slíka undir lokin áður en lausnarbréfið var skrifað.

Ég tel að ummæli fyrrv. forsrh. varðandi það prívat og persónulega álit hans, að nú hefði nefndin lokið störfum, komi þessu máli raunar ekkert við. A. m. k. var það, sem hafísnefnd setti sér sjálf fyrir og ríkisstj. hafði raunar samþykkt að hún ætti að leysa af hendi, ekki komið til skila. Að öðru leyti þakka ég vingjarnleg ummæli hæstv. ráðh. í garð nefndarinnar, en get ekki tekið til mín persónulega a. m. k. þakklæti fyrir þau nefndarstörf sem unnin voru á vegum hafísnefndar eftir 24. júlí.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Vegna þeirrar fsp., sem hér er fram komin, vil ég fá að segja nokkur orð sem formaður þeirrar nefndar sem hér um ræðir, hafísnefndar margfrægrar.

Ég vil geta þess að það hafa líklega fáar nefndir unnið eins snarplega að því verkefni, sem þeim hefur verið falið, og hafísnefnd. Hún hélt 50 fundi, tæplega þó, á tveggja mánaða starfstíma og raunverulegum starfstíma, sem m. a. snerust að mjög verulegu leyti um það að koma vörum og ýmsum varningi til hafíssvæðisins á meðan verkfall Farmanna- og fiskimannasambandsins stóð yfir.

Ég ætla ekki að agnúast við þá félaga mína í hafísnefnd sem ég átti mjög gott samstarf við og hef ekki undan að kvarta á nokkurn hátt. Hins vegar vil ég að það komi skýrt fram, að eftir að verkfalli Farmanna- og fiskimannasambandsins lauk fóru menn að tínast hver til síns heima og höfðu þá þm. búsettir í Norðurlandskjördæmi eystra verið mánuði lengur í Reykjavík en þeim bar, eftir að leyfi þeirra frá þingi hófst. Eftir að þeir voru farnir gerði formaður þrjár tilraunir til þess að boða fund í hafísnefnd, en tókst ekki, vegna þess að nm. voru fjarverandi eða ekki náðist til þeirra af einhverjum orsökum, eins eða tveggja í senn. Síðan fór mjög verulegur tími í skýrslugerðir í sumar og þeim var lokið nú fyrir mánaðamótin nóv.-des. s. l. Þá var gengið frá lánum til allra þeirra manna sem áttu rétt á þeim samkv. skýrslugerð og þeim athugunum sem fram fór á skýrslum.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson lét hér orð falla sem að mínu mati eru nokkuð alvarleg og ég tel að hann verði að renna frekari stoðum undir. Ég vil óska þess, að hann komi á framfæri og sýni hér þau bréf sem honum hafa borist um ófullnægjandi afgreiðslu ýmissa mála, eins og hann orðaði það. Einnig vil ég að hann bendi á og leyfi mér að ræða við þá menn sem hafa flutt ámæli á hendur nefndinni fyrir starfsleysi. Þetta þætti mér gott að fá í hendur, svo að ég gæti sannreynt það.

Ég hef satt að segja ekki miklu meira um þetta að segja annað en það, að þegar nefndin hafði skilað bráðabirgðaskýrslu var mér tjáð óformlega að ég gæti litið svo á að með þessu væri störfum nefndarinnar að mestu lokið. Við þurfum ekkert að fara í grafgötur með það, að ástand þjóðmála var ekki þannig á s. l. hausti, að það væri verulegur fengur að því að fara í gang með nefndarstörf af þessu tagi, og kosningar voru í desember.

Ég veit ekki hvað hv. þm. Stefán Valgeirsson vill að nefndin geri eftir að ríkisstj. hefur nánast tekið þá ákvörðun að hennar störfum sé lokið og að hún hafi sinnt þeim frumskyldum sem fram komu í skipunarbréfi.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það er verst að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér inni. Ég man ekki betur en um það væri rætt við ráðh., að við skiluðum skýrslu með tillögum til úrbóta á haustmánuðum, eins og kemur fram í skýrslunni, sem ég las upp úr áðan, og þess vegna kemur mér það ákaflega undarlega fyrir sjónir, ef fyrrv. forsrh. hefur lagt til að leggja nefndina niður. Það er alger misskilningur hjá ráðh., að hafísnefnd hafi verið búin að ljúka störfum. Ég geri ráð fyrir að hann viti betur. Ég er t. d. hér með bréf í höndum, sem er skrifað 13. des. og undirritað af þremur mönnum norður á Þórshöfn, Jóhanni Jónssyni, Ólafi Rafni Jónssyni og Óla Þorsteinssyni. Það eru bornar fram miklar kvartanir í þessu bréfi um afgreiðslu mála. Það eru t. d. kvartanir yfir því, að málum báts, sem lenti í hafís, eina bátsins, sem varð fyrir verulegum skemmdum, hafi ekkert verið sinnt, hann hafi orðið fyrir stórtjóni, en hafi enga úrlausn mála sinna fengið. Enn fremur kemur fram í þessu bréfi, sem er sjálfsagt að láta fyrrv. formann hafísnefndar fá ljósrit af, mikil óánægja í sambandi við afgreiðslu á lánum vegna þorskaneta og skýrsla og skrá yfir það, hvað þeir hafi verið hlunnfarnir í því máli. Og hér koma reikningar frá heildsölufyrirtæki, sem ég fékk þó enn síðar, til þess að staðfesta þetta mál.

Ég ætla ekki í þessum ræðustól að fara að lesa upp bréf og aðfinnslur. (**Gripið fram í:** Þú ert nú að gera það.) Ég er ekki að gera það, ég er bara að taka dæmi, vegna þess að hv. þm. Árni Gunnarsson skoraði á mig að nefna dæmi. En hérna er þetta bréf, og fleiri bréf er ég með. Þess vegna var spurt um það, hverjum hæstv. félmrh. hefði falið að inna þessi störf af hendi. Er það misskilningur hjá mér einum, að rætt hafi verið um það við hæstv. fyrrv. ríkisstj., að þessi skýrsla yrði gefin í sambandi við birgðamálin? Ég gæti líka lesið hér upp úr skýrslu hafísnefndar 1968, þar sem gerðar eru ábendingar um að það þurfi að sinna þessum málum áfram og einmitt að vinna þau verkefni sem við ræddum um og vorum allir sammála um í hafísnefnd að vinna þyrfti.

Ég vil svo þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, en ég harma það, ef öðrum er þá ekki falið þetta verkefni svo að það verði unnið, þ. e. a. s. að athuga, hvað þurfi að gera, og gera tillögur til úrbóta og enn fremur að ljúka þeim málum sem þurfti.

Það kom fram hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að það hefur ekki verið haft samband við nefndina í heild um eitt einasta mál síðan verkfallinu lauk í vor. Ekkert. Og þær afgreiðslur sem síðan hafa átt sér stað eru ekki samþykktar eða um þær teknar ákvarðanir af hafísnefnd.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Það má vel vera að kvartanir hafi komið alveg fram í desember yfir ýmsu í þessu sambandi. En þá eru það ekki kvartanir vegna starfa hafísnefndar, heldur kvartanir vegna afgreiðslu sjóða, t. d. Bjargráðasjóðs og annarra slíkra sjóða. Það vantaði að þeirra mati ýmis lagafyrirmæli eða breytingar á lögum, og voru sett brbl. til að veita þær heimildir sem þessar sjóðsstjórnir töldu að vantaði. Það hefur engum verið falið að vinna verkefni hafísnefndar. Aftur á móti hefur ýmsum verið falið að koma hugmyndum hennar og samþykkt ríkisstj. í framkvæmd. Og það eru kannske þeir aðilar sem hægt er að kvarta undan, stundum réttilega og stundum vegna

þess að lög vantar.

Hitt er svo annað mál, að það getur vel verið að rétt sé að svona nefnd eigi að starfa varanlega, áfram eigi að huga að þessum málum upp á framtíðina. En það er allt annað mál og utan við það verksvið sem þessari hafísnefnd var ætlað.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Mér er bæði ljúft og skylt sem eina fulltrúa fyrrv. stjórnarandstöðu í hafísnefnd að taka undir þau ummæli formanns, að mér vitanlega hefur önnur þingnefnd ekki starfað meira en hafísnefnd gerði í þá tvo mánuði sem hún starfaði í raun. Þar var mjög snarplega á málum tekið. Ríkisstj. fékk tillögur nefndarinnar í hendur eins fljótt og kostur var, og meðal þeirra tillagna var einróma tillaga okkar fjórmenninga um verulegar samgöngubætur á Norðurlandi eystra, sem ná raunar suður um og austur í Vopnafjörð. Þessar samgöngubætur er nú verið að framkvæma. Þannig var snarplega á málum tekið.

Það má hins vegar segja, að nokkuð hafi skort á, eftir að sjóðir og stofnanir fóru að taka við þessu máli, að nægilega vel hafi verið að því unnið. Í fyrstu var ríkisstj. fyrrv. með tillögur nefndarinnar nokkuð lengi í athugun hjá sér, áður en hún fól sjóðum og stofnunum framkvæmd málsins. Síðan hefur hafísnefnd ekki fylgst með störfum þessara aðila, en til þess hefði kannske verið full ástæða.

Út af því, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði um þetta ákveðna mál á Þórshöfn, þá er það alveg rétt hjá honum, að það hefur komið fram megn óánægja í sambandi við þennan eina bát þarna sem skemmdist verulega í hafís og var mjög lengi frá veiðum meðan á viðgerð stóð. Ég kynnti mér hvernig þetta mál stæði hjá Aflatryggingasjóði, og var mér tjáð að ekki væri unnt samkv. reglum sjóðsins að bæta þessa frátöf. Varð þessi útgerðarmaður fyrir mjög verulegu tjóni, sem var mjög sérstaks eðlis, og hefði sjálfsagt verið æskilegt að fjalla alveg sérstaklega um það í þessari ágætu nefnd.

Ég vil taka undir þau orð hæstv. ráðh., að ástæða sé til þess að hyggja að þessum málum þannig að forða megi frá verulegu tjóni af völdum hafíss, ef þessi vágestur skyldi heimsækja okkur á ný, sem alltaf má búast við. Og þá vil ég alveg sérstaklega vekja athygli á því, að það er mjög nauðsynlegt að hyggja að því, að hafísspár geti komist hér á laggir, að hægt sé að standa þannig að hafísspám, að þær séu sæmilega áreiðanlegar. En mér er sagt af sérfróðum mönnum, að það væri unnt að gera með allnokkrum undirbúningi.

Kaup á togurum, fsp. (þskj. 44). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 44 hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um kaup á togurum og um togarasölur erlendis. Mikið hefur verið rætt um kaup og sölu á togurum að undanförnu og ekki að ástæðulausu. Mörgum hefur fundist — og hafa verið sögusagnir uppi í sambandi við þau mál — að það sé misjafnt hvernig mönnum gengur að komast yfir togara. Talið er að sum byggðarlög hafi verið hindruð í að komast yfir togara þó að aðstaða þar sé öll með þeim hætti að vinnsla úr sjávarafla sé eina atvinnugreinin sem hægt er að koma við, eins og sakir standa, til þess að halda uppi atvinnu fyrir það fólk sem þar býr. En á sama tíma er keyptur hver togarinn á eftir öðrum til sama byggðarlagsins, jafnvel þó þeir veiði eingöngu til sölu á erlendum mörkuðum. Í þessu sambandi hefur verið bent á togarkaup til Hafnarfjarðar, og þá fyrst og fremst á kaupin á togarnum Ými, sem keyptur var frá Bretlandseyjum á síðasta ári. Eftir sögusögnum að dæma er það hrein krossgáta, hvernig farið var að því að koma þeim kaupum í kring. Vonandi er hægt að skýra það, og fer þá best á því að það sé gert. Hins vegar er talið að þessi togari selji allan afla sinn í Bretlandi og einnig annar togari sem sama útgerðarfélag á og gerir út.

Í blaðaviðtali við framkvæmdastjóra eins hraðfrystihúss fyrir skömmu er gefið í skyn hvernig hægt sé að komast yfir togara í Bretlandi án þess að greiða þá í reiðufé. Sé eitthvað til í því, sem þar kom fram, eru þessi mál komin á mjög alvarlegar brautir að mínum dómi. Hvorki hæstv. ríkisstj. né Alþ. getur komist hjá því að ræða þessi mál og upplýsa þau fyrir þjóðinni, því hvaða aðilar vilja liggja undir þeim grun, að það sé látið afskiptalaust að togarakaup erlendis frá séu gerð, jafnvel með vafasömum hætti, en á sama tíma séu veiðar takmarkaðar fyrir innlendar fiskvinnslustöðvar og hindruð togarakaup fyrir staði sem skortir mjög tilfinnanlega hráefni til vinnslu, svo hægt sé að halda uppi sæmilegri atvinnu.

Því hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. sjútvrh.:

1. Hvaða aðilar hafa keypt togara frá 1. sept. 1978 og til þessa dags: a) nýja, b) notaða, c) hvaðan var hver þeirra keyptur?

2. Hvað hafa margir togarar selt afla sinn erlendis á sama tíma? a) Hvað heita þessir togarar og hvaðan er hver þeirra gerður út? b) Hvað hefur hver þeirra farið margar söluferðir á umræddum tíma? c) Hvert var heildaraflamagn þessara togara, er þeir seldu erlendis á þessu tímabili? d) Hvert var heildarverð, sem fékkst fyrir þennan afla? e) Hvað hefði fengist fyrir þennan afla í gjaldeyri, ef hann hefði verið unninn í fiskvinnsluhúsum okkar og engar togarasölur átt sér stað erlendis á þessum tíma?

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Sú fsp., sem hér er borin fram, hefur verið upplýst af Fiskifélagi Íslands og verður í fyrri hluta svarsins stuðst við upplýsingar þaðan, og síðari hluti svarsins er eingöngu frá Fiskifélaginu kominn.

Þar er fyrst til að taka, að það er spurt hvaða aðilar hafi keypt togara frá 1. sept. 1978 og til þessa dags.

Um nýsmíði erlendis er það að segja, að frá 1. sept. 1978 til þessa dags hafa tveir skuttogarar, sem smíðaðir voru erlendis fyrir Íslendinga, komið til landsins. Um báða hafði verið samið og lántökuheimildir veittar fyrir nefndan 1. sept. 1978. Þetta voru bv. Tálknfirðingur BA 325, smíðaður í Noregi fyrir Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf. og bv. Júlíus Geirmundsson ÍS 270, smíðaður í Noregi fyrir Gunnvöru hf. á Ísafirði. Þá eru enn fremur í smíðum í Portúgal tveir skuttogarar fyrir Íslendinga, sem einnig hafði verið samið um smíði á fyrir 1. sept. 1978 og var gengið endanlega frá eftir þann tíma. Kaupendur að þessum togurum eru BÚR og Útver hf., Ólafsvík. Mér er ekki kunnugt um frekari nýsmíði skuttogara erlendis fyrir Íslendinga.

Um notaða skuttogara, keypta af erlendum aðilum, er þetta að segja: Frá 1. sept. 1978 til þessa dags hafa þrír

notaðir skuttogarar verið keyptir af erlendum aðilum. Um þau kaup hefur verið samið eftir 1. sept. 1978.

Það er í fyrsta lagi, að Meitillinn hf., Þorlákshöfn, keypti notaðan skuttogara frá Frakklandi, sem nú heitir bv. Þorlákur ÁR, og seldi um leið úr landi bv. Brynjólf ÁR 4. Til þessara kaupa veitti fyrrv. ríkisstj. heimild til erlendrar langtímalántöku og lán var veitt úr Fiskveiðasjóði vegna kaupanna.

Í öðru lagi keypti Stálskip hf., Hafnarfirði, notaðan skuttogara frá Bretlandi, sem nú heitir bv. Ýmir HF 342. Til þessara kaupa var engin heimild til erlendrar langtímalántöku veitt og ekkert lán úr Fiskveiðasjóði, enda skipið keypt eins og frílistavara.

Í þriðja lagi keypti Hraðfrystihús Keflavíkur hf., Keflavík, bv. Júlíus Geirmundsson af norskri skipasmíðastöð, og heitir sá togari nú bv. Bergvík KE 22. Norska skipasmíðastöðin hafði tekið skipið upp í smíðaverð nýs skuttogara. Fyrrv. ríkisstj. samþykkti þessi kaup fyrir sitt leyti og veitti heimild til erlendrar langtímalántöku þeirra vegna. Ekkert lán var veitt úr Fiskveiðasjóði vegna kaupanna.

Fjórði notaði skuttogarinn mun reyndar vera væntanlegur innan skamms, en þar er um að ræða notaðan franskan skuttogara, sem Síldarvinnslan hf. á Neskaupstað kaupir. Vegna þessara kaupa var veitt heimild af hálfu fyrrv. viðskrh. til erlendrar langtímalántöku, það gerðist í sept. 1979, en hins vegar er ekkert lán veitt úr Fiskveiðasjóði til kaupanna.

Þetta trúi ég að svari fyrsta hluta fsp., um kaup erlendis frá.

Um nýsmíði innanlands er það að segja, að frá 1. sept. 1978 til þessa dags hefur einn skuttogari, smíðaður innanlands, verið afhentur eigendum. Er það bv. Sigurbjörg ÓF 1, sem Slippstöðin hf. á Akureyri smíðaði fyrir Magnús Gamalíelsson hf. á Ólafsfirði. Um þá smíði var samið og láni lofað úr Fiskveiðasjóði á árinu 1977. Þá mun u. þ. b. vera að ljúka smíði á skuttogara fyrir Tálkna hf. á Tálknafirði hjá Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts hf. á Akranesi. Um þá smíði var samið og láni lofað úr Fiskveiðasjóði á árinu 1977. Enn fremur hefur Fiskveiðasjóður veitt lánsloforð vegna þriggja togara, sem nýlega er hfin smíði á hér innanlands. Það er í fyrsta lagi nýsmíði hjá Stálvík hf. í Garðabæ fyrir BÚR. Í öðru lagi nýsmíði hjá Skipasmíðastöð Marsellíusar Bernharðssonar hf. á Ísafirði fyrir Sverri sf., Grindavík. Í þriðja lagi nýsmíði fyrir Hjálmar Gunnarsson og Gunnar Hjálmarsson, Grundarfirði, hjá Þorgeiri og Ellert hf. á Akranesi.

Um nýsmíði skuttogara innanlands er þess loks að geta, að einhverjir smíðasamningar hafa verið gerðir sem Fiskveiðasjóður hefur a. m. k. ekki enn samþykkt fyrir sitt leyti. Þarna er t. d. um að ræða samninga, sem Slippstöðin hf. á Akureyri hefur gert við aðila á Húsavík og á Skagaströnd, og samning sem Stálvík hf., Garðabæ, hefur gert við aðila á Hólmavík.

Að síðustu skal þess getið, að á tímabilinu 1. sept. 1978 til þessa dags hefur einn skuttogari skipt um eigendur, auk þess sem áður er talið. Hér er um að ræða bv. Siglfirðing SI 150, sem áður var bv. Fontur ÞH 255. Skipið er nú í eigu Siglfirðings hf. og er gert út frá Siglufirði, en var áður í eign Útgerðarfélags Þórshafnar hf. og gert út frá Þórshöfn. Eigendaskiptin urðu með þeim hætti, að Ríkisábyrgðasjóður keypti skipið á nauðungaruppboði og seldi síðan núverandi eiganda.

Þetta trúi ég svari þætti fsp. um stöðu togarasmíðimála.

Síðan er spurt: Hvað hafa margir togarar selt afla sinn erlendis á þessum sama tíma, þ. e. frá 1. sept. 1978 og til þessa dags? Hér hef ég yfirlit frá Fiskifélagi Íslands um tímabilið frá 1. sept. 1978 til 20. des. 1979.

Spurt er um það, hvað þessir togarar heiti og hvaðan hver þeirra sé gerður út, hvað hver þeirra hafi farið margar söluferðir á umræddum tíma, hvert hafi verið heildaraflamagn þessara togara er þeir seldu erlendis á þessu tímabili, hvert sé heildarverð og hvað hefði fengist fyrir þennan afla í gjaldeyri ef hann hefði verið unninn í fiskvinnsluhúsum.

Ég trúi að það sé til hagræðis að svara a- og b-hluta spurningarinnar í einu lagi. Svarið er svona:

Breki frá Vestmannaeyjum, ein söluferð.
Klakkur frá Vestmannaeyjum, tvær söluferðir.
Sindri frá Vestmanneyjum, þrjár söluferðir.
Vestmannaey frá Vestmannaeyjum, sjö söluferðir.
Bjarni Herjólfsson frá Selfossi, sex söluferðir.
Guðsteinn frá Grindavík, fjórar söluferðir.
Jón Dan frá Grindavík, þrjár söluferðir.
Ólafur Jónsson frá Sandgerði, fjórar söluferðir.
Erlingur frá Garði, átta söluferðir.
Aðalvík frá Keflavík, tvær söluferðir.
Bergvík frá Keflavík, tvær söluferðir.
Júní frá Hafnarfirði, tvær söluferðir.
Maí frá Hafnarfirði, ein söluferð.
Otur frá Hafnarfirði, átta söluferðir.
Ýmir frá Hafnarfirði, ellefu söluferðir.
Arnbjörn frá Reykjavík, fjórar söluferðir.
Ásbjörn frá Reykjavík, tvær söluferðir.
Ásgeir frá Reykjavík, ein söluferð.
Engey frá Reykjavík, sex söluferðir.
Hjörleifur frá Reykjavík, ein söluferð.
Ingólfur Arnarson frá Reykjavík, þrjár söluferðir.
Karlsefni frá Reykjavík, ellefu söluferðir.
Snorri Sturluson frá Reykjavík, þrjár söluferðir.
Viðey frá Reykjavík, átta söluferðir.
Vigri frá Reykjavík, tíu söluferðir.
Ögri frá Reykjavík, tólf söluferðir.
Krossvík frá Akranesi, ein söluferð.
Lárus Sveinsson frá Ólafsvík, þrjár söluferðir.
Runólfur frá Grundarfirði, sjö söluferðir.
Guðmundur í Tungu frá Patreksfirði, ein söluferð.
Framnes frá Þingeyri, ein söluferð.
Gyllir frá Flateyri, ein söluferð.
Bersi frá Súðavík, ein söluferð.
Arnar frá Skagströnd, tvær söluferðir.
Drangey frá Sauðárkróki, fjórar söluferðir.
Hegranes frá Sauðárkróki, ein söluferð.
Skafti frá Sauðárkróki, tvær söluferðir.
Dagný frá Siglufirði, átta söluferðir
Sigluvík frá Siglufirði, sjö söluferðir.
Sigurey frá Siglufirði, tíu söluferðir.
Stálvík frá Siglufirði, sex söluferðir.
Siglfirðingur frá Siglufirði, tvær söluferðir.
Snæfell frá Hrísey, ein söluferð.
Ólafur Bekkur frá Ólafsfirði, tvær söluferðir.
Sólberg frá Ólafsfirði, tvær söluferðir.
Sigurbjörg frá Ólafsfirði, ein söluferð.
Björgúlfur frá Dalvík, tvær söluferðir.
Björgvin frá Dalvík, ein söluferð.
Sólbakur frá Akureyri, tvær söluferðir.

Rauðinúpur frá Raufarhöfn, sex söluferðir.
Brettingur frá Vopnafirði, tvær söluferðir.
Gullberg frá Seyðisfirði, fjórar söluferðir.
Gullver frá Seyðisfirði, fjórar söluferðir.
Barði frá Neskaupstað, tvær söluferðir.
Birtingur frá Neskaupstað, tvær söluferðir.
Bjartur frá Neskaupstað, tvær söluferðir.
Hólmanes frá Eskifirði, ein söluferð.

Þá tel ég mig hafa svarað a- og b-lið fsp. Undir lið c var spurt hvert hafi verið heildaraflamagn þessara togara er þeir seldu erlendis á þessu tímabili. Það var 30 074 146 kg.

Undir staflið d er spurt: Hvert var heildarverð, sem fékkst fyrir þennan afla? Heildarsöluverð reyndist 11 218 061 342 kr.

Þá er spurt, hvað hefði fengist fyrir þennan afla í gjaldeyri ef hann hefði verið unninn í fiskvinnsluhúsum okkar og engar togarasölur átt sér stað erlendis á þessum tíma. Svarið er: 7 384 535 450 kr. Þetta er samkv. útreikningum Fiskifélags Íslands á því, hvað hefði fengist fyrir þennan afla ef hann hefði verið verkaður hér heima.

Um forsendur þessa útreiknings er sjálfsagt að taka það fram, að þeir eru óvissir, og Fiskifélagið tekur fram varðandi þær forsendur, að það beri að leggja áherslu á að útreikningar þeir, sem hér er um að ræða við samanburð á verðmæti ísfisks, sem landað hefur verið erlendis á tilgreindu tímabili, og hugsanlegu útflutningsverðmæti sama afla, geti ekki verið óyggjandi, en megi þó teljast ekki fjarri lagi. Eftirgreind matsatriði skyldu engu að síður höfð í huga:

Það er reiknað með 10% rýrnun aflans í siglingu miðað við löndun innanlands. Hins vegar rýrnar sá fiskur einnig nokkuð sem bíður vinnslu í fiskverkunarhúsi, miðað við innvigtaðan afla úr skipi, en hér er ekki gert ráð fyrir slíkri rýrnun.

Í öðru lagi er um að ræða olíukostnað. Eins og kunnugt er reynist olíuverð í íslenskum höfnum mun hærra en erlendis. Í Þýskalandi og Bretlandi kaupa skipin olíu á hagstæðu verði miðað við verðlag hér. Samkvæmt áreiðanlegum upplýsingum nam hráolíuverð í des. s. l. í Bretlandi 92—98 kr. eftir höfnum, en í Þýskalandi var verðið ívið hærra, losaði 100 kr. á lítra. En á sama tíma var hráolíuverð hér á landi 155 kr. á lítra.

Í þriðja lagi: Varðandi erlendan kostnað í þessum fyrirvörum er sagt, að reiknað sé með tollum og löndunarkostnaði í erlendum höfnum samkvæmt reikningum. Þess ber að geta, að töluverður erlendur kostnaður er innifalinn í vinnsluverðmæti hérlendis, svo sem orka, umbúðir o. fl.

Í fjórða lagi: Á því tímabili, sem um ræðir, hefur meðalverð á kg af ísfiski seldum erlendis hækkað töluvert miðað við sterlingspund eða þýsk mörk, og raunar mun meira en nemur hækkun á frystum flökum og blokk. Meðalverð tímabilsins í heild gefur því ekki alls kostar rétta mynd.

Loks vill Fiskifélagið benda á í fimmta lagi, að ýmsar ástæður virðast vera til aukinna siglinga, auk aflatoppa, sem valdið hafa erfiðleikum á að losna við aflann innanlands, og hagstæðs verðs á ísfiski erlendis. Er rétt að benda á staðgreiðslu afla sem landað er erlendis. Í sumum tilfellum a. m. k. verða útgerðarfyrirtæki, sem selja aflann innanlands, að þola nokkurn greiðslufrest með tilheyrandi vaxtakostnaði.

Ég tel mig þá hafa rakið allítarlega svör við þeim fsp. sem hér voru bornar fram. Um sögusagnir og aðdróttanir tel ég ástæðulaust að ræða. Þar er um tilhæfulausar ágiskanir að ræða að mínum dómi og allsendis ósæmilegar.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. En ég verð að segja það, að ég er ekki nógu fljótur að átta mig á þessum lestri öllum, en mér finnst margt athyglisvert við þessar upplýsingar, og ráðh. endar mál sitt á því, að sögusagnir og aðdróttanir í sambandi við skipakaup væru með öllu ósæmilegar og ástæðulausar.

Ég viðurkenni það, að ég er ekki sérfræðingur í að versla erlendis. En ég fæ ekki skilið hvernig hægt er að fara og kaupa skip án þess að fá nokkurs staðar fyrirgreiðslu. Ég skil það ekki. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort honum finnist ekkert athugavert við það eða hvort athugað hafi verið hvernig þetta getur skeð. Það kann að vera að til séu skýringar sem komu þá ekki fram í hans máli. Mér skilst að þarna sé um að ræða kaup á nokkrum skipum. Í einu tilvikinu, í sambandi við Ými — það hefur þá farið fram hjá mér ef það hefur verið — kom ekki fram að það hafi verið látið skip í staðinn fyrir Ými. Mér skildist, ef ég hef tekið rétt eftir, að í hinum tilvikunum báðum hafi það verið gert. Hér hlýtur að vera um miklar upphæðir að tefla. Geta menn farið til annarra landa, hver og einn, og keypt skip án þess að hafa einhverja ábyrgð frá stjórnvöldum? Það væri gaman að fá þetta upplýst.

Ég man ekki betur en að í sambandi við togarakaupin í Neskaupstað væri um að ræða bæjarábyrgð, sem tekið var fram í fréttum, kannske misminnir mig þetta. En að segja að þetta sé með öllu ástæðulaust, án þess að þetta sé þá upplýst frekar en hæstv. ráðh. gerði, það vil ég ekki viðurkenna.

Mismunur á því að selja afla erlendis eða vinna hann hér heima virðist skipta verulega miklum upphæðum eins og þarna er talið. Það var annars vegar rúmir 11 milljarðar, sem fékkst fyrir að selja aflann erlendis, en með því að vinna hann hér heima fengjum við eftir þessum tölum ekki mikið fyrir vinnuna. Ég skil þetta ekki. Það kann að vera, að mikið eða eitthvað af þessum afla séu fisktegundir, sem eru erfiðar í vinnslu, og það sé skýringin á einhverju af þessu, en þetta eru athyglisverðar upplýsingar í meira lagi, ef réttar reynast.

Ég tók ekki eftir því — það kann að vera að ég hafi ekki heyrt það — en ég tók ekki eftir að hæstv. ráðh. nefndi Rán í Hafnarfirði í þessum lestri. Sá togari er gerður út, að mér er tjáð, af sama fyrirtæki og Ýmir, og mér er sagt — ég veit það ekki og spyr því að því, hvort hann hafi ekki líka selt mjög mikinn afla erlendis. Það kemur kannske fram seinna í dag eða þá síðar í sambandi við söluna á Dagnýju, en í máli hæstv. ráðh. var ekki getið um þá sölu til Hafnarfjarðar, sem átti sér stað fyrir áramót.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. En ég sé ástæðu til að óska mjög eftir upplýsingum um þetta tvennt og skýringum á því, hvort sem ráðh. getur það nú eða síðar, hvernig það megi vera, að við fáum langtum meira fyrir fiskinn með því að selja hann óunninn á erlendum mörkuðum, og enn fremur um það, hvort ég gæti farið út í lönd og keypt skip og þurfi ekki að gera grein fyrir hvernig ég fari að því.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Togaraútgerð og skipakaup eru meðal veigamestu þátta í okkar hagkerfi og þeirri byggðastefnu sem við viljum leggja áherslu á í þessu landi. Hæstv. sjútvrh. hefur orðið frægur fyrir að beita fádæma hörku, óskiljanlegri hörku, gagnvart einu bæjarfélagi, sem er meðal gróskumestu útgerðarstaða hér á landi, og hamla eftir bestu getu gegn því, að það bæjarfélag geti endurnýjað skipakost sinn. Hann hefur á þann hátt greinilega hafið hér á loft stefnu í skipakaupum sem virðist ekki taka nokkurt tillit til þess, hvernig fiskvinnslufyrirtækjum viðkomandi staða er háttað, hvort um er að ræða veigamikinn þátt í atvinnulífi bæjarfélagsins eða hve vel viðkomandi bæjarfélag liggur við miðum. Ef hæstv. sjútvrh. væntir þess, að hann verði tekinn alvarlega í þessari stefnumótun, þá vil ég taka undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að kaup togarans Ýmis þurfa að upplýsast algerlega hér á Alþ. af hæstv. ráðh. Þetta skip hefur verið notað til þess að flytja afla af Íslandsmiðum til útlendra hafna á sama tíma og hæstv. ráðh. hefur beitt eindæma hörku gagnvart endurnýjun togaraflota byggðarlaga í landinu, annarra en síns heimabæjar, Hafnarfjarðar. Ég vil enn fremur óska eftir því við hæstv. fyrrv. fjmrh., Tómas Árnason, sem hér var í þingsalnum fyrir skömmu, að hann geri grein fyrir því hér í umr., hvers vegna hann beitti sér fyrir því að selja viðbótartogara til Siglufjarðar í ráðherratíð sinni sem fjmrh., þegar ljóst er að frá engu bæjarfélagi á landinu hefur verið siglt jafnrækilega með afla eins og frá Siglufirði. Í ljós kemur í skýrslu sjútvrh. hér áðan, að 33 söluferðir eða nánast þrjár í mánuði allt árið um kring hafa verið farnar af togaraflota þessa bæjarfélags.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að togarakaup og endurnýjun togaraflota eru meðal viðkvæmustu mála fyrir byggðarlögin í þessu landi og fyrir efnahagslíf landsheildarinnar. Tveir ráðh., sem eiga hlut að skipakaupum líkt og með togarann Ými og þann togara, sem fjmrn. beitti sér fyrir að væri seldur til Siglufjarðar, eiga að gefa þjóðinni greinargóða og fulla skýringu á þessum ráðstöfunum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er ákaflega misjafnt hversu lagnir menn eru að segja gömul, einföld og þó sífellt ný sannindi á alþýðlegan hátt, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson gerði í upphafi máls síns: Það er mjög misjafnt hvernig mönnum gengur að komast yfir togara. Svo hefur verið lengi. Og einhvern veginn fannst mér hann líta til hv. þm. Sverris Hermannssonar, sem sat honum til hægri handar, þegar hann mælti þetta.

Ég geri ráð fyrir því, að við verðum að ætla annan tíma og rýmri til þess að ræða þá hliðina, sem lýtur að útgerð togaranna og tengslum togaranna við fiskiðjuverin í landinu, og einnig til þess að ræða það atriði sem lýtur að hagkvæmni þess að láta skipin sigla. Ég saknaði þess í svari hæstv. ráðh. áðan, að hann skyldi ekki taka af okkur dálítið ómak með því að fara út í það að greina okkur frá fisktegundunum sem siglt var með í þessum siglingum, yfir 100 siglingum á rösku einu ári, sem hann gerði okkur grein fyrir áðan.

Þegar borið er saman verðið, sem fæst fyrir fiskinn í erlendri höfn og fengist hefði fyrir hann ef hann hefði verið unninn hér innanlands, þá er þetta náttúrlega úrslitaatriði. Eins og stendur er efalaust heppilegt fyrir okkur að láta sigla með sumar fisktegundir við gefnar aðstæður á erlendan markað og fá þannig hærra verð fyrir. Hitt er að mínu viti algerlega óafsakanlegt, þegar siglt er með þorsk á erlendan markað samtímis því sem ýmis byggðarlög á landi hér eru svipt hráefni sem veitir fólkinu á þeim stöðum vinnu, eins og átti sér stað s. l. sumar, — eins og útfærð hefur verið aðferð hæstv. sjútvrh. við takmarkanir á úrtöku úr þorskstofninum, að heimila þá siglingu, eins og hann hefur gert, til aflasölu erlendis á vöru sem okkur vantar til þess að vinna í fyrstihúsunum hér heima.

Ég geri ráð fyrir að lögum samkv. geti sá maður — ef við víkjum að því með hvaða hætti menn komast yfir togara — sem á nóga peninga til þess farið til útlanda og keypt sér togara. En spurningarnar, sem fram voru bornar varðandi kaupin á Ými og möguleika á því að festa kaup á togurum erlendis með sérsamningum, sem m. a. mundu tryggja sölu á afla erlendis upp í kaupverð, eru náttúrlega spurningar sem við þyrftum að taka hér til meðferðar og óska þess þá af hæstv. núv. sjútvrh. eða næsta sjútvrh., ef svo brátt ber að, að hann kafi dálítið dýpra í málið en hæstv. ráðh. gerði í svari sínu áðan og að við göngum þannig frá þessu, að við þurfum ekki að bera ónefnda menn fyrir óljósum sögum, og ræðum þetta mál þá til hlítar, þannig að menn verði ekki bornir brigslum.

Bogi Sigurbjörnsson: Forseti. Mig langar aðeins til þess að blanda mér í þessar umr. um togarakaup og útgerð togara og kannske sérstaklega út af því, að það hefur verið rætt um slæma aðild útgerðaraðila frá Siglufirði í þessum málum.

Þá er líklega fyrst að geta þess, sem hv. þm. að sjálfsögðu vita, að höfuðútgerðarfyrirtækið á Siglufirði er Þormóður rammi hf. Aðaleigandi þess er ríkið sjálft, sem á 62%, Siglufjarðarkaupstaður 30% og einstaklingar 8%. Þormóður rammi á tvo af fimm togurum sem voru til á Siglufirði, Stálvík og Sigluvík, og dæmið hefur verið þannig, að það fyrirtæki hefur átt verulegan þátt í að sigla með sinn afla. En ég veit ekki hvort menn hafa gert sér ljóst, af hverju siglt er með aflann.

Því miður hefur togaraútgerð þessa ágæta félags gengið þannig og verið rekin við slíkar aðstæður, að hún hefur ekki fengið aðstöðu til þess að byggja sig upp svo að viðunandi sé. Má segja, að á hverjum föstudegi vantar peninga til að borga út almenn laun. Þetta hefur verið algert neyðarbrauð, þessar siglingar, hjá þessum skipum a. m. k., og ekki gert í neinum öðrum tilgangi en að fá í fyrsta lagi peningana fyrr inn, í öðru lagi í einstaka tilfellum að fá meiri peninga, en fyrst og fremst að fá peningana sem allra fyrst inn. Ef þetta á að leggja forráðamönnum þessa fyrirtækis til lasts, þessa neyðarkosti, þá er illa komið. Það hefur raunverulega oft verið leitað eftir því að staða þessa fyrirtækis yrði bætt, en árangur takmarkaður. Og það get ég fullyrt, að það hefur oft verið raunverulega fisklítið í landi einmitt út af þessari stöðu.

Það var komið hér inn á kaup á Siglfirðingi, sem keyptur var til Siglufjarðar á síðasta ári, og deilt á fyrrv. fjmrh. fyrir að þessi kaup hefðu átt sér stað. Ég veit ekki hvernig fiskiðjuver, sem á engan togara og engan bát og ekkero fley, á að halda gangandi sínum rekstri og fá ekki heimild til skipakaupa. Það er fyrirtæki á Siglufirði, sem heitir Ísafold, er keypti Siglfirðing, og hefði það ekki fengið að kaupa þetta skip, þá væri alls ekki um neinn

rekstur þar að ræða meira. Það var teflt upp á líf og dauða að fá þetta skip eður ei. Það getur vel verið, að það sé raunverulega stefnumið hjá stjórnvöldum, að þar sem ekkert skip er fyrir hendi, en fiskiðjuver, þar sé engin ástæða til að greiða úr. Ég skil ekki slíka stjórnsýslu.

Þá er útgerðarfyrirtæki á staðnum, Togskip hf., sem hefur gert út langan tíma, allt frá 1970. Það gerði út bv. Dagnýju, skip sem sigldi og hefur siglt og er ekki í tengslum við eitt eða neitt frystihús, hvorki þar né annars staðar, enda með frystilestum og öðru slíku, sérstaklega hagstætt til siglinga. Dagný hefur landað öðru hverju, þegar þannig hefur staðið á, en ekki til þess að byggja á því. Þetta útgerðarfyrirtæki fékk leyfi til að flytja inn notaðan togara frá Frakklandi, Sigurey, með því skilyrði að hinu skipinu, Dagnýju, yrði skipt burt. Þetta féllust eigendur þessa útgerðarfyrirtækis á og átti að framkvæma og hefði verið framkvæmt, en þá kom til vandamálið með Þórshöfn, að þar vantaði hráefni í fiskiðjuverið, og var samið við þessa aðila að skipið fengi leyfi til veiða til að leggja þar upp að hluta. Eins og þeir, sem hafa fylgst með því máli, sjálfsagt vita, hefur því miður gengið á ýmsu með þær landanir. Bæði hafa verið erfið skilyrði, skilst mér, í höfninni á Þórshöfn og ýmsar erfiðar aðstæður við að glíma. Ég þekki það mál ekki nógu mikið, en skipið hefði ekki verið gert út frá Siglufirði á þorskveiðar nema til hefði komið fiskveiðileyfi út á Þórshöfn. Já, eins og ég sagði áðan þekki ég málið ekki nægilega. En það hlýtur að vera mál stjórnvalda, ef þau gefa út leyfi með einhverjum ákveðnum skilyrðum og ef skilyrðin eru svikin, eins og talið hefur verið, þá hlýtur að vera við þá að sakast sem gáfu út leyfið, að draga það þá ekki til baka. Nú er þetta úr sögunni þannig séð, skipið hefur verið selt til Hafnarfjarðar á s. l. ári, svo að nú eru aðeins fjórir togarar á Siglufirði. Mér er alveg ljóst, að þessir þrír togarar, sem eru bundnir þar við frystihús, þyrftu að leggja upp afla úr hverri einustu veiðiferð í þessi fiskiðjuver. Það er algerlega út úr neyð sem þeir eru látnir sigla. Það er bara til að losa peninga sem fyrst og bæta bágborna fjárhagsstöðu.

Þetta er staða þessara fiskiðjufyrirtækja á Siglufirði, því miður, jafnvel þó að þau séu í eigu ríkisins að langmestum hluta.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég held að það sé rétt að menn átti sig á, hvernig skipulag þessara mála er, þegar umr. af þessu tagi fara fram, hver eru raunverulega afskipti ríkisins af togarakaupum, hvaða stjórntækjum er unnt að beita samkv. því skipulagi sem við búum við.

Í fyrsta lagi er það fram að taka, að fiskiskip eru á frílista, þau eru ekki háð innflutningsleyfum. Þau hafa verið á frílista að undanförnu. Engin af undangengnum ríkisstj. hefur tekið þá ákvörðun að taka fiskiskip af frílista. Þess vegna eru þau ekki háð innflutningsleyfum. Flestar vörur, sem við notum hér, eru auðvitað ekki háðar innflutningsleyfum heldur. Flestar vörur okkar eru sem betur fer á frílista. En ráðin, sem hafa verið tiltæk, hafa verið lánafyrirgreiðsla, sem svo er nefnd, þ. e. spurningin um hvers konar lán væru veitt úr innlendum sjóðum eða hvers konar heimild væri leyfð til lántöku erlendis frá. Þetta eru þau tvö stjórntæki sem hafa verið notuð til að hafa hemil á eða greiða fyrir togarakaupum, eftir því hvað menn hafa viljað gera á hverjum tíma.

Fiskveiðasjóðslánin eru innlend, eins og ljóst er. Þar hefur lánskjörum verið breytt eftir því sem menn hafa talið á hverjum tíma að væri nauðsynlegt og eðlilegt til að ná fram ákveðinni stefnumörkun í þessum efnum, ýmist til að auka innkaup á togurum eða til að draga úr þeim. Um nokkur undangengin ár hefur verið talin ástæða til að þrengja þessi kjör. Menn hafa auðvitað ekki gert það að gamni sínu, heldur vegna þess að menn hafa séð fram á að ef of rúmur innflutningur yrði á fiskiskipum og skipastóllinn yxi hratt eða hann yxi yfirleitt, þá væru menn í raun og sannleika að rýra kjör útgerðarinnar í heild og sjómanna, það kæmi minna í hlut hvers og eins þegar um væri að ræða takmarkaða auðlind, sem af er tekið, og það þess vegna takmarkað sem kæmi í hlut heildarinnar. Þeim mun fleiri sem bitust um það, þeim mun minna kæmi í hvern hlut. Þetta er auðvitað grundvallarskýringin á því, að menn hafa gripið til ráðstafana til að hafa hemil á innkaupunum. Það er ekki gert af illmennsku. Það er gert af góðmennsku. Það er til að sjá til þess að hagur þeirra, sem í greininni starfa, sé bærilegur og fari ekki versnandi.

Síðan er það spurningin um erlendu lántökurnar. Þar þarf sérstaka heimild sem viðskrn. veitir. Slíka heimild veitti fyrrv. viðskrh. að því er varðaði t. d. togarakaupin á Neskaupstað. Þar með var það mál komið í farveg og hafði sinn gang, hvaða skoðun svo sem sjútvrh. hafði á því.

En þó að hvorki sé sótt um Fiskveiðasjóðslán né erlenda lántöku er samkv. þeim reglum, sem í gildi eru, hægt að flytja inn skip. Það var sú staðreynd sem fyrrv. viðskrh. stóð frammi fyrir að því er varðaði kaupin á Ými. Þar var einungis um það að ræða, að samkv. gildandi lögum og reglum í landinu hlaut útgerðarmaðurinn að fá yfirfærslu fyrir vörur sem voru á frílista. Þetta er kerfið. Ég get verið jafnundrandi og þið á því, að menn skuli hafa þá fjármuni sem þarf til að kaupa skip með þessum hætti, og ég er alveg sannfærður um að þetta sé að ýmsu leyti varasamt fyrirkomulag. En þetta er það kerfi sem við höfum búið við. Og ég held að þó að menn gagnrýni ýmislegt í þessu sambandi sé alveg nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir með hvaða hætti þetta kerfi vinnur, hvaða stjórntækjum menn ráða yfir, eins og fyrirkomulagið er núna.

Ég hef verið gagnrýndur fyrir að hafa beitt fádæma hörku gagnvart einu bæjarfélagi, nefnilega Neskaupstað. (**StJ:** Dalvík líka.) Nú já, Dalvík líka, þá það. Sannleikurinn í málinu er þessi: Eftir að ljóst varð að það var áframhaldandi innflutningur á skipum og það þurfti að grípa til mjög verulegra takmarkana á þorskveiðunum taldi fyrrv. ríkisstj. ekki stætt á öðru en standa gegn innflutningi á skipum. Fjárfestingaráætlun fyrrv. ríkisstj. byggðist á því, að ekki yrði um frekari innflutning á fiskiskipum erlendis frá að ræða. Það var á þessum tímamótum og að þeim atburðum gerðum, sem hér hafa verið raktir aðrir, sem Síldarvinnslan á Neskaupstað hafði áhuga á að kaupa skip erlendis frá. Á sama tíma var það stefnumörkun ríkisstj. og ég held allra þingflokkanna, að efla ætti innlendan skipasmíðaiðnað. Hvað er líklegra til þess að efla innlendan skipasmíðaiðnað en hann fái verkefni? Ég spyr líka vegna þess að menn eru að tala um sölu á fiski erlendis: Hvaða munur er á því að láta smíða skip erlendis eða selja fisk erlendis? Er það ekki sams konar útflutningur á verkefnum sem menn vilja gjarnan láta vinna hér innanlands? Þannig var staðan í málinu á þessum tíma og það var á grundvelli þessara

tveggja atriða, um að halda skipasmíðinni innanlands eftir því sem mögulegt væri og með tilliti til þeirrar stefnumörkunar ríkisstj. í heild að ekki skyldi verða um frekari innflutning á fiskiskipum að ræða, sem ég lét koma skýrt og skorinort fram mína skoðun og beitti þeim ráðum, sem ég réð yfir til að vinna gegn þessum innflutningi.

En það er fleira í þessu máli, nefnilega það, að ekki er hægt að tala um þetta sér sérstaka árás mína á Neskaupstað. Auðvitað valdi Neskaupstaður sér þetta hlutverk. Hann vildi brjótast út fyrir ákveðna línu og honum tókst það. Hann tók upp bardagann gegn stefnumörkun ríkisstj. og braut hana að hluta til niður. En það voru ótalmargir aðrir sem höfðu áhuga á að kaupa togara. Menn geta auðvitað velt því fyrir sér, hvers vegna Neskaupstaður ætti að fá leyfi frekar en Reyðarfjörður eða þeir aðilar t. d. á Suðurnesjum og Suðurlandi sem höfðu sótt um, eða t. d. Akranes og þar fram eftir götunum. Þetta er auðvitað ekkert einfalt mál. Ef menn ætla að hafa hemil á stækkun skipastólsins er það auðvitað aðgerð sem ekki getur staðið nema skamman tíma að standa gegn öllum skipakaupum því að ákveðin endurnýjun verður að eiga sér stað. En sannleikurinn er sá, að menn hafa ekki fundið betra ráð enn þá til þess að fá jafna og eðlilega tæknilega endurnýjun. (**Gripið fram í:** Í hvaða kjördæmi hefur fjölgað mest togurum síðan hæstv. ráðh. tók við?) Það hef ég ekki lagt saman, enda reyni ég ekki að standa eftir þeirri reglu að úthlutað sé eftir kjördæmum. Það geri ég alls ekki.

Ég held að þessi mál öll eigi að vekja okkur til umhugsunar um hvernig við eigum að hafa stjórnkerfið í þessum efnum, hvernig við eigum að hafa hemil á stærð skipastólsins þannig að afkoma skipanna og sjómannanna geti verið sem best. Mér finnst ekki að við höfum fundið neitt himneskt skipulag í þeim efnum, og mér hefur ekki fundist neitt sérlega skemmtilegt að beita þeim aðferðum sem ég hef þurft að beita til þess að standa við þá stefnumörkun sem hefur verið uppi af hálfu ríkisstj. og líklega flestra, ef ekki allra flokka.

Það var vikið hér að öðru máli, varðandi Dagnýju. Ég tel að hér sé um aðra fsp. að ræða, herra forseti, og mun ekki gera það að umtalsefni undir þessum lið. Það er auðvitað athyglisvert, að mörgum þykir gagnrýni vert hversu margar söluferðir eru farnar til útlanda og þeim sé misjafnt skipt. en það koma líka samstundis upp varnaðarorð og varnir fyrir því að menn skuli fara slíkar söluferðir, t. d. að afkoman sé misjöfn. Ég held að einmitt það sé aðalskýringin á því, að söluferðir eru farnar, og hjá flestum hverjum sé um það að ræða að þeir séu að bjarga sér fjárhagslega með því að fara söluferðirnar. — Og ef söluferðum er misskipt eftir einstökum stöðum hugsa ég að það sé fyrst og fremst til marks um að þær séu flestar farnar þaðan sem afkoman í greininni er verst.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr., en út af þeim orðum, sem féllu hjá hæstv. sjútvrh. síðast, finnst mér rétt að komi fram hvað það er sem gagnrýnt hefur verið. Það er ekki gagnrýnt að stöðva innflutning skipa, heldur hitt, að þegar möguleiki er á að selja gamalt skip úr landi fyrir annað nýrra sé það stöðvað. Þó verið sé að beita aðhaldsaðgerðum í þessum efnum, sem hefur verið beitt og ég er sammála hæstv. ráðh. um, er óskynsamlegt, þegar möguleiki er á því að losna við gamalt úrelt skip, eins og Neskaupstaður gat gert og gerði, að neita um innflutning þegar útgerðin átti jafnmikið í skipinu og raun ber vitni. Það er einnig um fleiri að ræða en Neskaupstað, þó að mest hafi verið um það mál rætt opinberlega.

Það var í sjálfu sér ekki mikið við því að segja þó að hæstv. ráðh. gerði þetta. En lítum á það, að Gunnvör hf. á Ísafirði fékk leyfi til að selja skuttogarann Júlíus Geirmundsson úr landi til Noregs og gerði um leið samning um nýtt skip. Þá lagði sjútvrn. á það, með bréfi til útgerðaraðilans Gunnvarar hf. á Ísafirði, ríka áherslu að seljandi gerði kaupanda að fullu ljóst að ekki yrði veitt leyfi til að selja og flytja skipið aftur til landsins, eins og segir orðrétt í þessu bréfi. Það var alveg hreint og klárt, að hin norska skipasmíðastöð, sem Gunnvör hafði samið við, hafði tekið togarann Júlíus Geirmundsson upp í kaupverð hins nýja skips og því var alveg öruggt að hann færi úr landi. En þá gerist það, að þar sem þetta er jafnvel tryggt og raun ber vitni er leyft að kaupa sama skip aftur til landsins. Þetta gerði að verkum að þeir aðilar, sem fóru fram á það sama og Neskaupstaður, t. d. annað útgerðarfélag á Ísafirði, Hrönn hf., og sennilega fleiri, áttu bágt með að sætta sig við afgreiðslu mála. Þetta var hæstv. ráðh. mest gagnrýndur fyrir.

Ég tel fyrir mitt leyti rangt að farið. Þó að verði að beita aðhaldsaðgerðum eins og þessum, sem nauðsynlegt er að beita og ég er ráðh. alveg sammála um, mega þær ekki kosta að ekki sé hægt að láta fara fram eðlilega endurnýjun flotans. Ég er alveg sammála ráðh. um að stuðla eigi að íslenskri skipasmíði. En íslenskar skipasmíðastöðvar taka ekki gömul, úrelt skip, þegar samningar eru gerðir við þær, og við losnum ekki við þau skip úr landi með öðrum hætti. Þess vegna eigum við ekki að mínum dómi að hafna möguleikum þegar þannig er ástatt að hægt er að losna við skip sem eru orðin þjóðhagslega óhagstæð í rekstri og við getum stuðlað að endurnýjun flotans í staðinn. Þetta ber á milli. Ég tek ekki undir gagnrýni á hendur ráðh. fyrir að beita aðhaldsaðgerðum, en þarna sýndi hann óþarfa hörku að mínum dómi.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Aðeins örstutt aths.

Það er einmitt líka vegna þess hvernig til hefur tekist með skipti á skipum og eftir því sem mér varð það ljósara sem ég taldi nauðsynlegt að staldra við í þessum efnum. Við getum eiginlega sagt að reglan hafi verið einhvern veginn á þá leið, að skipt væri á hinum útfluttu skipum jafnóðum, og svo endaði það á því, að það fór árabátur úr landi. Þetta er að vísu ýkt, en það var í þessa áttina. Og ég hef einmitt á þessum tíma verið að reyna að koma fram breytingum í þessum efnum þannig að þau skip, sem áttu að fara úr landi, færu úr landi. Það hefur nokkuð miðað í þeim efnum. (**MB:** Hvað eru árabátar stórir hjá hæstv. ráðh.?) Ég sagði nú að þetta væri ýkt mynd. (**Gripið fram í:** Hvað hafa mörg farið til Suðurnesja?) Af árabátunum? (**Gripið fram í:** Nei, þau sem áttu að fara úr landi.) Ég veit ekki til að það sé nema eitt, ekki a. m. k. sem mér er kunnugt um á mínu tímabili, og það liggur alveg ljóst fyrir og ég rakti það áðan.

En það er önnur klemma í þessu máli. Menn sjá auðvitað hvað það getur verið hagkvæmt og þægilegt og boðið þægileg kjör að skipta út á við, ef ég má orða það svo, flytja inn skip og flytja úr landi skip á móti. En þá

verða menn líka að hyggja að stöðu hins íslenska skipasmíðaiðnaðar og hvernig staða hans er í samkeppni við slíkt fyrirkomulag. Ég held að það sé atriði sem við eigum að hyggja að.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths.

Í því tilfelli, sem ég nefndi, var það alveg pottþétt að eldri Júlíus Geirmundsson var seldur úr landi og engar áhyggjur hægt að hafa um að honum yrði breytt í árabát eða árabátur seldur fyrir hann. En þá gerist það, að hann er keyptur til landsins. Það, sem var alveg öruggt í þessum efnum, brást.

Hins vegar var allt of seint tekin upp þessi regla og gekk á ýmsu, en ég tel að það skipti mestu máli að ef möguleiki sé á að losna við gömul og óhentug skip eigum við auðvitað að gera það, eins og Norðfirðingar gerðu. Þeir voru að losna við, að mig minnir, 12 ára gamalt skip, og það var alveg sjálfsagt að gera það.

Við greiðum hvorki fyrir né setjum okkur upp á móti skipasmíðastöðvunum innanlands með því að knýja útgerðina til að eiga og reka úrelt skip. Þeir geta þá ekki látið smíða innanlands og þá sitja þeir áfram uppi með sitt gamla og úrelta skip. Hins vegar má auðvitað meta það og vega hverju sinni hvað er úrelt skip og hverjum á að leyfast að endurnýja skip sem eru tiltölulega ný eða nýleg. En þeim, sem eiga mikið framlag til þess, er síst af öllu hægt að meina það.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þetta eru orðnar nokkuð ítarlegar umr. í fsp.-tíma, en ég get ekki stillt mig um að drepa á örfá atriði sem hér hafa komið fram, og ég held að sé ekki rétt að láta umr. ljúka öðruvísi en gera þeim fyllri skil.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson byrjaði á að belgja sig út yfir sölum togara frá Siglufirði erlendis. Það hafa fleiri togarar siglt en Siglufjarðartogararnir. Hv. þm. var að vísu með háa tölu, en úr kjördæmi hans hafa þeir látið sig hafa það að sigla líka, og ef hann legði saman hygg ég að hann fengi talsvert hærri tölu þar.

Hv. þm. beindi fsp. til hv. þm. Tómasar Árnasonar, hvers vegna hann hefði samþykkt sölu á togara til Siglufjarðar. Þannig er mál með vexti, að þessi togari, sem nú er á Siglufirði, á sér töluvert langa sögu. Einu sinni reyndu þeir að gera hann út frá Suðurnesjum. Þá hét hann Suðurnes. Svo fór hann til Þórshafnar. Þeir skírðu hann Font. Á hvorugum staðnum tókst að gera þetta skip út. Þegar Siglfirðingar voru búnir að eignast skipið stóð ekki á því að það fór að afla. Þá komst allt í lag, þá reyndist þetta vera prýðilegasta skip. Það voru engin vandræði með skipið lengur þegar komnir voru á það góðir sjómenn og dugandi forstöðumenn fyrir útgerðinni.

Á Siglufirði eru tvö frystihús, en ekki sama fyrirtæki sem á þau. Annað fyrirtækið heitir Þormóður rammi. Það er rekið með ríkisaðild og gerir út tvo togara. Þeir hafa stundum, eins og hér hefur komið fram, orðið að sigla vegna þess að útgerðarfélagið hefur verið í miklu basli og hefur orðið að láta skipin sigla stundum til að útvega sér peninga til þess að þau kæmust út til veiða, hreinlega til þess að þurfa ekki að binda skipin. Hitt fyrirtækið, Ísafold, átti ekki skip fyrr en í fyrravor, að það eignaðist Siglfirðing. Þar hefur allt gengið með skaplegum hætti og raunar með blóma síðan.

Svo er á Siglufirði útgerðarfyrirtæki sem heitir Togskip hf. Það átti um tíma tvo togara. Þetta fyrirtæki er brautryðjendafyrirtæki í skuttogaraútgerð á Íslandi og hefur verið rekið af miklum dugnaði og þrótti, en ekki í tengslum við frystihús á Siglufirði, og það er ástæðulaust að vera að kasta steinum að forráðamönnum þess.

Togskipið Dagný átti að leggja upp á Þórshöfn, en minna varð úr því en upphaflega var ætlað. Eru ýmsar orsakir til þess. Það er ekki rétt, að það hafi verið allt saman svikið. Það voru ýmsar orsakir sem ég vil ekki, úr því að forseti er farinn að hraða málinu, fara nánar út í á þessu stigi málsins, en þar var um bilanir að ræða, það var um miklu óhagstæðara fiskmat að ræða á Þórshöfn en annars staðar, og þar var um vandræði í höfninni að ræða og ýmislegt fleira.

Ég er ekki sérstakur talsmaður þess að togarar sigli með afla, en í sumum tilfellum getur verið þjóðhagslega mjög hagkvæmt og hagkvæmt fyrir bæjarfélögin og hagkvæmt fyrir útgerðirnar að sú aðferð sé viðhöfð, sbr. tölur ráðh. um 4 milljarða meiri gjaldeyrishagnað af að sigla með aflann en vinna hann hérlendis. Við þurfum á gjaldeyri að halda, og fiskverð og olíuverð er þannig, að eina leiðin til að halda útgerðarfyrirtækjum gangandi í sumum tilfellum er að skipin sigli að einhverju marki.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Enn ítreka ég að ég óska þess, að tekinn verði rýmri og vítalausari tími en við höfum haft til að ræða þessi umfangsmiklu mál til nokkurrar hlítar.

Ég hefði ekki kvatt mér hljóðs öðru sinni ef hv. þm. Páll Pétursson hefði ekki tekið upp á því að myrkva þau ljós, sem fyrr höfðu skinið í sölum Alþingis, og upplýst ástæðurnar fyrir því, að Fonturinn var seldur frá Þórshöfn á sínum tíma, nýuppgert skip með miklum kostnaði, sem Þórshafnarbúar sátu uppi með skuldirnar af, — selt fyrir sáralítið fé, gott skip, til Siglufjarðar, að því er virðist aðilum sem litlum skyldum gegna í sambandi við íbúa Siglufjarðar hvað það varðar að útvega þeim atvinnu við að vinna fisk og gera hann að dýrmætri vöru til útflutnings. Sú saga hefur verið sögð hér áður. Það vil ég fullyrða við hv. þm., að hvorki skorti dugnaðinn hjá þeim Þórshafnarbúum né fyrirhyggjuna í stjórn fyrirtækis þegar um var að ræða útgerð á því skipi. Því var komið yfir á hendur Þórshafnarbúum með litlum heilindum, og giftan, sem skipinu fylgdi, var þá eftir því.

Aðeins í lokin, fyrst ég er kominn hingað upp, vil ég biðja hæstv. sjútvrh. að skýra enn betur fyrir okkur spurninguna, sem hann bar hér fram, um mismuninn á því að láta smíða fyrir okkur skip erlendis og að selja ísfisk óunninn úr landi. Ein af ástæðunum fyrir því, að við höfum orðið að láta smíða fyrir okkur skip erlendis, er sú, að ýmsum byggðarlögum hefur legið svo á að afla sér farkosts til þess að ná í fisk til vinnslu, til þess að útvega fólki sínu atvinnu heima fyrir. Ein af ástæðunum hefur m. a. verið sú, að hv. valdsmenn, hæstv. ráðh., hafa heimilað útgerðarbröskurum að sigla með óunnið hráefni til útlanda samtímis því sem gerðar hafa verið vægast sagt mjög vafasamar ráðstafanir til að hindra fiskveiðar frá þeim stöðum þar sem atvinnu vantar, þar sem fólk vantar hráefni til vinnslu í frystihúsunum. Og svo má spyrja hvort einhver munur sé á að leyfa flutning á 30 þús. tonnum af ísvörðum fiski úr landi til sölu á ísfiskmarkaði erlendis á þeim tíma, þegar takmarkaðar eru fiskveiðar á miðunum okkar í kringum landið, og því að

láta smíða fiskiskip erlendis. Þetta er eins og menntaskólagrín. Það minnir á fáránleika þríliðunnar, sem hefur gengið í gegnum íslenskan húmor öldum saman, að bera fram svona spurningu.

Ég óska eftir að hæstv. ráðh. veki sjálfur máls á þessum atriðum hér í þinginu. Það væri gott, hentugt og smekklegt af honum að gera það í tíma þar sem okkur gefst tóm til að ræða þessi mál af nokkurri skynsemi. Ég efast ekkert um að ráðh. muni fúslega taka þátt í slíkum umr. og jafnvel hvetja til þeirra, ef verða mætti til að upplýsa þessi mál.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hér er um býsna umfangsmikið mál að ræða og erfitt að segja margt af viti á svo stuttum tíma sem gefst til þess. En þegar rollubændur úr afdölum Norðurlands eru farnir að ræða þessa hluti finnst mér ekki óeðlilegt þó að þeir, sem eru aldir upp við sjávarsíðuna, leggi ofurlítið til málanna.

Ég er sammála hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og hæstv. ráðh. í því, að gæta þarf nokkurs hófs í því að flytja inn fleiri skuttogara. En hæstv. ráðh. orðaði þetta þannig, að hann vildi standa á móti frekari innflutningi á fiskiskipum. Það orð á ekki við um skuttogara í öllum tilfellum, því að fiskiskip geta nefnilega verið af öðrum tegundum, allt frá árabátum og upp í skuttogara, og þar á milli eru mótorbátar. Það er vissulega orðin þörf á því og veruleg þörf að endurnýja vélbátaflotann. Þess vegna vil ég leggja á það áherslu, að þegar hæstv. ráðh. segir að hann vilji vera á móti því að flytja inn skip frá útlöndum vona ég að hann eigi ekki við að ekki megi flytja inn ný fiskiskip af þeirri stærð sem nauðsynlega vantar nú í ýmsum byggðarlögum. M. a. stendur til af Vestmanneyinga hálfu að leita eftir smíði á heppilegum fiskiskipum til veiða við suðurströndina.

En í þessu þarf að vera regla sem gildir jafnt fyrir alla. Hún má ekki vera mishörð. Ef það á að vera reglan að menn skuli selja sambærileg fiskiskip til útlanda í staðinn fyrir þau, sem koma inn í landið, er ekki nóg að flytja þau til Suðurnesja, því að þau eru nú ekki orðin enn í útlöndum að fullu, þó að hluta sé. Og harkan verður að vera jafnmikil við alla í afstöðu hæstv. ráðh. og annarra yfirvalda í þessum efnum.

Það var næsta furðulegt hvernig menn komu fram við Norðfirðinga í þessu máli, þar sem þeir gátu losnað við 12 ára gamalt skip fyrir feiknamikla peninga. Ekki stóð til að flytja það annað en til útlanda, þ. e. beint til Frakklands, ekki koma við í Keflavík. (*Forseti hringir*).

Hæstv. forseti er farinn að ókyrrast og það að vonum vegna þess hversu margir eru málglaðir hér. En ég held að ég verði að fá að segja örfá orð varðandi siglingar. Ég er þeirrar skoðunar, að gæta eigi hófs í siglingum með fisk til útlanda. En hins vegar getur verið allt í lagi að leyfa fiskibátum og togurum að fara með farma til útlanda öðru hverju. Sannleikurinn er sá, að það er nokkur fiskfriðun í því að fiskibátar fari með afla til útlanda, því að þeir drepa ekki ofveiddan þorskstofninn á meðan þeir eru í siglingunum. Og fyrir fisk á þeim markaði fæst einmitt ákaflega gott verð og miklu hærra en við fáum í Ameríku, því að þegar menn eru að reikna verðið á kg er það með haus og beinum og öllu saman og þeir geta skorið fiskinn niður í tvennt og tvöfaldað verðið á hverju kg. Það er auðséð að þar getur verið um ákaflega skynsamlegar aðgerðir að ræða.

Hitt er svo annað mál, að þegar menn kaupa togara hér án þess að fá nokkurs staðar lán eða lánsheimild erlendis og taka peningana beint upp úr vasanum fara að vakna ýmsar grunsemdir. Ég ætla ekki að leggja meira út af því. En varðandi útgerð Ýmis er það staðreynd, að í skýrslum segir að hann selji allan afla sinn erlendis, til Englands. Í raun og veru er þarna um útgerð að ræða sem virðist ekki vera öðruvísi en ensk útgerð. Hver er munurinn á þessari útgerð eða því að enskur togari fái að valsa inni í landhelginni og miklu lengra en flestallir aðrir togarar Íslendinga vegna stærðarinnar? Menn skulu athuga það.

Herra forseti. Ég gæti auðvitað sagt um þetta mjög margt í viðbót. En vegna þess að ég vil ekki níðast á tímanum ætla ég að láta nægja að segja að þær upplýsingar, sem voru veittar um togaraútgerð á Siglufirði, vöktu mikla furðu mína. Það var sem sagt til fiskverkunarstöð á Siglufirði sem átti ekki bát og átti ekki togara, og til þess að hún gæti starfað þurftu þeir að fá nýjan skuttogara. En þegar þessi togari bætist við aukast aðeins siglingar með fisk frá Siglufirði. Það var sem sagt komið nóg af þeim fyrir, miklu meira en nóg af þeim á staðnum. Ég held að það hafi verið óskynsamlegt að fjölga togurum á Siglufirði og skynsamlegra hefði verið að setja þennan togara annars staðar þar sem hann raunverulega vantar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessar umr. meðan ég hafði von um að koma hér að fsp. sem legið hefur fyrir síðan fyrir jól frá mér, en full ástæða væri þó til að segja margt um það sem hér er til umr. Tímans vegna vil ég takmarka mig við örfá atriði.

Vandinn í sambandi við endurnýjun fiskiskipa og kaup á nýjum skipum er margþættur. Við fengum að kynnast því, sem störfuðum í síðustu ríkisstj., eins og ég geri ráð fyrir að allir kannist við sem hafa verið í ráðherrastarfi, og ég öfunda út af fyrir sig ekki hæstv. sjútvrh. af því hlutskipti sem hann hefur búið við. En meginatriðið í þessum málum er að sjálfsögðu að reyna að gæta samkvæmni í gerðum. Ég hygg að þar hafi hæstv. ráðh. misstigið sig nokkuð. Ég geri ráð fyrir að hann sjái nú að það hefði betur verið öðruvísi að málum staðið t. d. í sambandi við innflutning á togaranum Júlíusi Geirmundssyni.

Það er mjög erfitt að standa frammi fyrir atriðum eins og óskum Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, og neita henni um eðlilega endurnýjun á skipakosti. Um það mál hefur verið rætt í blöðum og menn kastast á hnútum þar að lútandi. Það mál hefur leyst þannig, að innan fárra daga kemur það skip til heimahafnar sem keypt var í staðinn fyrir annað sem selt var úr landi.

Í síðustu ríkisstj. var ég í þeirri aðstöðu að eiga að gæta hagsmuna innlends skipasmíðaiðnaðar og leitast við að hlúa að honum. Það var unnið á þeim tíma með góðum skilningi í ríkisstj. almennt að því að leita leiða til að hlúa að innlendum skipasmíðaiðnaði. Ég kom af stað áætlunargerð varðandi aðstöðu innlendra skipsmíðastöðva og reyndi að glöggva mig á stöðu skipasmíðaiðnaðarins hér, samkeppnisstöðu hans miðað við erlendan skipasmíðaiðnað. Ég veit ekki annað en í góðum gangi sé vinna að því að glöggva stöðuna. Það hefur þegar nokkuð áunnist frá því sem var, m. a. vegna þess að veitt var fjármagn á síðustu fjárfestingar- og lánsfjáráætlun til stofnlána í

íslenskum skipasmíðastöðvum. Það vantar hins vegar mjög mikið á að þær séu samkeppnishæfar eins og eðlilegt væri vegna þess hvernig að þeim hefur verið búið um mjög langt skeið. Það er því ekkert undarlegt þó að útgerðarmenn vilji leitast við að fá fiskiskip með mun hagstæðari kjörum erlendis frá, þar sem þau eru til í allríkum mæli og hægt að fá þau nánast langt undir kostnaðarverði.

Við megum ekki láta þessa aðstöðu verða til þess að slá slöku við að byggja upp skipasmíðaiðnað okkar þannig að hann verði samkeppnishæfur og geti leyst sem allra flest verkefni í sambandi við fiskveiðiflota okkar og reyndar önnur verkefni. En það þarf einnig að gera áætlanir um endurnýjun flota okkar og stilla þetta saman. Það áleit ég og ég held fleiri í fyrrv. ríkisstj. að þyrfti að gera. Þar þarf að horfa á m. a. þá staði þar sem ósamræmi er í afla, í afköstum útgerðarinnar og aðstöðu í landi. Það þarf að reyna að stilla saman fjárfestinguna þannig að hún nýtist sem best, það sé samkvæmni í fiskveiðiskipum viðkomandi staða og vinnsluaðstöðu í landi, að þar hallist sem minnst á. Á þetta vantar mjög mikið. Allmargir staðir á landinu þurfa nauðsynlega á skipum að halda, nýjum veiðiskipum eða viðunandi fiskiskipum til þess að nýta bæði vinnsluaðstöðu, fyrirliggjandi fjárfestingu og mannafla sem hefur ónóg verkefni í landi. Ég ætla ekki að fara að telja slíka staði upp, en þeir eru í mínu kjördæmi, á Austurlandi, og þeir eru víðar. Þetta þarf að fara yfir. Það dæmi, sem hér var rakið frá Siglufirði, finnst mér vera mjög lýsandi um ósamkvæmni í þessum efnum og nánast gott til að glöggva fyrir mönnum hvernig þarna getur hallað á.

Svo þarf að sjálfsögðu að fyrirbyggja að útlendingar geti komist inn í lögsögu okkar með veiðiskip sem flutt eru inn vegna þess að fiskiskip eru á frílista, eins og gerist með skipið Ými í Hafnarfirði. Ég vil út af fyrir sig ekkert fullyrða um hvernig það skip er fengið eða fyrir hvaða fjármuni. En það er mikil spurning hvort ekki sé réttmætt að taka fiskiskip af frílista til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig eða útlendingar geti komið hér inn skipum sem sigli svo að meginhluta með aflann til útlanda.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér þykir fyrir því ef ég hef myrkvað ljós í hugskoti hv. þm. Stefáns Jónssonar. Það er ekki vanþörf á að þar sé sem bjartast. Hann sagði að hvorki hefði skort dugnað né fyrirhyggju við útgerð togarans Fonts á Þórshöfn. Útgerðin var svo góð og fyrirhyggjan svo mikil að þeir splæstu á hann 11 vélstjórum sama árið. Hann sagði líka að það hefði verið nýuppgert skip þegar það kom til Siglufjarðar. Dálítið þurfi nú að dytta að því samt þegar þangað kom. Svo lét hann í það skína, að þetta skip hefði verið notað í siglingar. Það hefur á s. l. ári farið tvær söluferðir til útlanda. Það er nú allt og sumt sem Siglfirðingur sigldi á árinu 1979.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði að það væri erfitt að segja margt af viti. Það vefst nú stundum fyrir honum, en hann verður bara að leggja það erfiði á sig. Hann vildi meina að rollubændur ofan úr afdölum mættu ekki tala um sjávarútvegsmál. Hv. þm. Garðar Sigurðsson lætur sig stundum hafa það að tala hér um landbúnaðarmál og það er líka áreynsla fyrir hann að tala um þau af viti. En ég held að ég taki mér það bessaleyfi að ræða sjávarútvegsmál með a. m. k. jafnmiklum rétti og Garðar Sigurðsson um landbúnaðarmál.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 15. fundur.

Þriðjudaginn 22. jan., að loknum 14. fundi.

Aðild Íslands að Genfarbókuninni, þáltill. (þskj. 99). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Neðri deild, 22. fundur.

Þriðjudaginn 22. jan., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 103). — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er flutt, tengist því frv. um breyt. á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins sem enn fremur verður lagt fyrir hér á eftir. En tilgangur þessa frv. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum er þríþættur:

Í fyrsta lagi að auðvelda fiskvinnslunni að greiða olíugjald til fiskiskipa með því að lækka útflutningsgjald af sjávarafurðum frá því stigi sem gildandi er nú, sem er 6%, í 5,5%. Hér er því lagt til að hluti af því fé, sem að óbreyttum lögum rynni til sjóða sjávarútvegsins, fari til að létta útgerðinni róðurinn eftir þá miklu hækkun olíuverðs sem orðið hefur á undanförnum missirum.

Í öðru lagi er tilgangurinn að afla tekna til aflajöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs til þess að gera deildinni kleift að standa undir greiðslu verðuppbóta samkv. því frv., sem mælt verður fyrir hér á eftir, á afla einstakra fisktegunda í því skyni að beina sókn frá einstökum fisktegundum til annarra sem fremur eru taldar þola veiðar. Þessar aflajöfnunarbætur kæmu að sjálfsögðu til skipta milli útvegsmanna og sjómanna eins og annað fiskverð.

Í þriðja lagi er samkv. þessu frv. ætlað sérstaklega fé af útflutningsgjaldi til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa til þess að létta þeim að taka óhentug skip úr rekstri.

Um fyrsta atriðið, lækkun útflutningsgjaldsins með tilliti til olíuverðshækkunar, má vísa til fordæmis sem gefið var í lögum nr. 3. frá 2. mars 1979, en þá var einmitt gripið til hliðstæðra aðgerða, þegar lögunum um útflutningsgjald var breytt og gjaldhlutfallið lækkaði úr 6% í 5% af verðmæti útfluttra sjávarafurða.

Um annað atriðið er það að segja að samhliða þessu frv. er flutt frv. um stofnun sérstakrar aflajöfnunardeildar við Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og vísast til aths. með því frv. um það mál. Með því frv., sem hér er flutt, eru aflajöfnunardeildinni tryggðar varanlegar tekjur af útflutningsgjaldi, en auk þess eru heimildar-

ákvæði þess efnis, að sjóðstjórn Aflatryggingasjóðs geti fært fé milli deilda, þ. e. milli almennu deildar sjóðsins og aflajöfnunardeildar, ef þörf krefur. Auk þess eru í frv. ákvæði til bráðabirgða til þess að tryggja fé til að ljúka greiðslu uppbóta á karfa og ufsa vegna ársins 1979.

Nefnd, sem ég skipaði s. l. vor til að endurskoða lög um Aflatryggingasjóð, varð sammála um að mæla með flutningi frv. um aflajöfnunardeildina og frv. um útflutningsgjaldið að því er starfsemi Aflatryggingasjóðs varðar. Enn fremur hefur verið samstaða um þetta frv., og reyndar frv. bæði, í Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Með ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi til greiðslu úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa, sem er þriðji þáttur þessa frv., er verið að marka fastan farveg fyrir þá starfsemi sem hófst með lögum nr. 95/1978 og á sér reyndar lengri aðdraganda. Auk þess sem hluta af útflutningsgjaldstekjum er ráðstafað til þessara þarfa er í frv. ákvæði þess efnis, að heimilt sé að úthluta tekjuafgangi, sem verða kann eftir greiðslu iðgjaldsstyrks úr Tryggingasjóði fiskiskipa, til úreldingarstyrkja.

Fjárhagur Aflatryggingasjóðs og Tryggingasjóðs fiskiskipa er um þessar mundir talinn traustur. Því er nú talið fært bæði að lækka útflutningsgjaldið svo og að breyta nokkuð skiptingu tekna af gjaldinu í því skyni að afla aflajöfnunardeild Aflatryggingasjóðs tekna til að standa undir greiðslu verðuppbótanna og enn fremur að afla tekna til greiðslu úreldingarstyrkja.

Það sést af fskj., sem fylgir með frv., hverjar séu lauslegar áætlanir um tekjur sjóða og eins lauslegar hugmyndir um fjárþörf Aflatryggingasjóðs og Tryggingasjóðs fiskiskipa á árinu 1980, miðað við verðlag og gengi í upphafi þessa árs. Af þessum áætlunum má ráða að bæði hin almenna deild Aflatryggingasjóðs og áhafnadeild hans, svo og Tryggingasjóður fiskiskipa, þoli þann tilflutning á tekjum, sem hér er gert ráð fyrir, án þess að það þurfi að koma niður á starfsemi þeirra. Enn fremur má benda á að þessir sjóðir njóta annarra tekna en útflutningsgjaldstekna, svo sem tekna af eignum, auk þess sem almenna deildin fær mótframlag úr ríkissjóði.

Herra forseti. Með tilliti til þess að brýnt er að ákveða fiskverð og þetta frv. leggur m. a. grundvöll að þeirri ákvörðun vil ég óska þess að það fái eins skjóta afgreiðslu í þessari d. og hv. d. telur mögulegt, og legg til að frv. verði vísað til hv. sjútvn. og 2. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég lít svo á að þau tvö mál, sem eru á dagskránni, frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum og frv. um breyt. á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, séu í raun og veru flutt af þeirri ástæðu fyrst og fremst að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs, eins og í raun og veru kom fram í orðum hæstv. sjútvrh. áðan. Í sjálfu sér finnst mér ekki nema eðlilegt að þessi frv. séu flutt og þau komi til meðferðar og athugunar frekar í sjútvn. Hins vegar sakna ég þess, að ekkert liggur enn þá fyrir Alþingi í sambandi við framlengingu á tímabundnu olíugjaldi til fiskiskipa, því að ég tel að þau þrjú atriði, þessi tvö frv. og væntanlegt frv. um olíugjald, séu forsenda þess að hægt sé að ganga frá fiskverðsákvörðun, og nú er liðið á fjórðu viku frá því að fiskverð átti að liggja fyrir.

Nú er erfitt fyrir ríkisstj., sem situr og er starfsstjórn og hefur ekki á bak við sig nema 10 þm., annað en að leita samstarfs við aðra þingflokka eða örugglega þá meiri hluta Alþ. til að lögfesta þau frv. sem þarf til að byggja fiskverðsákvörðun á. Því miður hefur ekki, að ég best veit, verið rætt við neinn þingflokk um þessi tvö frv. sem fóru í prentun fyrir helgi og var útbýtt í gær. Efnislega erum við sjálfstæðismenn samþykkir þessum frv., en þó höfum við nokkrar athugasemdir fram að færa.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum er lækkað frá gildandi lögum úr 6% í 5.5% til þess að greiða fyrir fiskvinnslunni að geta tekið á sig hækkað fiskverð. Eftir því sem hefur heyrst og að sumu leyti sést er staða fiskvinnslunnar erfið. Hins vegar er ekki unnt að ræða um tilteknar væntanlegar hækkanir á fiskverði áður en heildarlausn liggur fyrir og meiri hluti Verðlagsráðs sjávarútvegsins hefur fallist á einhverja ákveðna lausn. En margt bendir til þess, miðað við þær verðbætur sem aðrir hafa fengið á þessu tímabili, að ekki verði hjá hækkun komist. Þrátt fyrir góða stöðu meginþorra útgerðarinnar, þó með undantekningum, í lok þessa árs verður ekki hjá því komist að fiskverð hækki bæði til sjómanna og útgerðar.

Þrátt fyrir þá breytingu á útflutningsgjaldi, sem hér er lögð til og miðað við þá stöðu, sem ég best veit að fiskvinnslan er í, þykir mér líklegt að fiskvinnslan þurfi á auknum tekjum að halda eða fleiri krónum. Því vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. að því, hvort til umræðna hafi verið við lausn þessara mála einhvers konar gengissig til að bæta fiskvinnslunni upp hallann. Þá er auðvitað mjög komið undir því, hvort það eigi að vera hratt gengissig eða hvort gengið eigi að síga á löngum tíma, því ef ákveðið er hratt gengissig skömmu eftir að fiskverð er ákveðið kemur það auðvitað fiskvinnslunni meir til góða en hægt gengissig sem hækkar vextina að sama skapi og kemur þá síður til góða. Jafnframt væri nauðsynlegt að fá upplýsingar um hvenær hæstv. ráðh. hyggst leggja fram frv. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, því þó að það liggi í loftinu að það gjald, sem var í gildi til síðustu áramóta, lækki eitthvað verður auðvitað ekki hjá því komist að halda því áfram um sinn.

Varðandi frv., sem hér liggja fyrir — ég leyfi mér að ræða bæði frv. í einu til þess að spara tíma, þá er veigamesta breytingin í fyrra frv. að lögfest er aflajöfnunardeild Aflatryggingasjóðs og að hún eigi að fá fasta hlutdeild í útflutningsgjaldinu eða 20%. Aflatryggingasjóður hefur fram að þessu skipst í almenna deild og áhafnadeild. Ég er sammála því, að um sinn verði verðjafnað á milli tegunda, sem eru vannýttar eða ekki fullnýttar, til að minnka sóknina í fullnýttar og ofveiddar fisktegundir. Hins vegar er ég andvígur því, að sett sé á til frambúðar hið svokallaða aflajöfnunargjald. Ég held að tímasetja eigi þessar verðbætur, en ekki að líta alfarið á þær sem framtíðarlausn, því að aðstæður geta breyst og breytast vonandi. Hér er um að ræða að taka fjármuni frá einum í útgerðinni og fiskvinnslunni og færa til annarra innan sömu atvinnugreinar. Það getur verið hæpið að slíkt gildi til langframa.

Með frv. um Aflatryggingasjóð er fskj. um hugmyndir um verðbætur. Þessar hugmyndir um verðbætur ná til bæði ufsa og karfa, sem voru verðbættir á s. l. ári. Ég gerði nokkrar aths. þegar brbl voru hér til staðfestingar í des. Þá benti ég á að ufsi með verðbótum hefði hækkað frá 1. júní 1977 til 1. júlí 1979 um 120% og karfi hefði hækkað með verðbótum á þessu sama tímabili um 98%, en hins vegar hefði grálúða ekki hækkað á þessu tímabili nema um 30% og minni grálúðan um aðeins 28%, en sú fisktegund var ekki verðbætt á s. l. ári. Eftir því sem ég

best veit var sóknaraukning í grálúðuna um 5000 tonn eða 50% hækkun frá árinu 1978 og því eðlilegt að þeir sjómenn og sú útgerð, sem stundaði grálúðuveiðar fengju verðbætur. Nú er grálúðan komin inn í hugmyndir um verðbætur fyrir 1980 og ég fyrir mitt leyti hef ekkert við það að athuga.

Í frv. um Aflatryggingasjóð er gert ráð fyrir að heimilt sé að færa fé milli aflajöfnunardeildar og hinnar almennu deildar sjóðsins, þannig að hvert einstakt ár geti hluti aflajöfnunardeildar mest orðið 25%, en minnst 15% af útflutningsgjaldinu.

Ákvæði til bráðabirgða er í frv. þess efnis að tryggja fé til að ljúka greiðslu uppbóta á karfa og ufsa vegna ársins 1979. Ég sé ekki annað en að það verði að fallast á það, því það er skuldbinding sem búið er að gefa. Það er talið að hér vanti um 200 millj. kr., og taka þurfi 100 millj. úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs og 100 millj. úr Tryggingasjóði fiskiskipa.

Þó að ég sé þeirrar skoðunar að það geti gengið að þrengja um hríð kosti almennu deildar Aflatryggingasjóðs vegna þess, hvað útlit og veiðar og afkoma hefur verið góð á s. l. ári og mikill afli víðast hvar, er mér hins vegar sárara um að taka enn til viðbótar 100 millj. kr. úr Tryggingasjóði fiskiskipa. Þegar aldurslagasjóðurinn var lögfestur í sambandi við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gengust útgerðarmenn af frjálsum vilja inn á að greiða iðgjald til aldurslagasjóðsins. Ef eftirstöðvar yrðu af Tryggingasjóði fiskiskipa var ætlun og ásetningur stjórnvalda á þeim tíma og loforð að þeim fjármunum, sem þá yrðu eftir, yrði varið til aldurslagasjóðs til þess að flýta fyrir því að taka úrelt og þjóðhagslega óhagkvæmt fiskiskip úr notkun og bæta eigendum að vissu marki upp tjón þeirra við að missa skipin og fá engar aðrar tjónabætur en þessar. Afgangsfjármagni Tryggingasjóðs hefur nú verið eytt að verulegu leyti. Á s. l. ári, var gripið til þess að til að greiða stóran hluta af verðbótum á ufsa og karfa og þar af leiðandi tekið frá þeim brýnu verkefnum sem aldurslagasjóði eru ætluð. En úr því sem komið er og þar sem hér er um eftirstöðvar að ræða hvað þetta snertir, þá treysti ég mér ekki, þrátt fyrir að ég sé mjög á móti þessu, til annars en að samþ. að ákvæðið til bráðabirgða í frv. um útflutnigsgjald fari í gegn.

Ef við lítum á fskj. I, þar sem eru áætlanir um tekjur sjóða sjávarútvegsins af útflutningsgjaldinu og fjárþörfina á árinu 1980, sjáum við að ákaflega mikið hefur verið þrengt að hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs. Ef miðað væri við verðlag í árslok 1979 og gjaldstofn útfluttra sjávarafurða næmi 245 milljörðum kr. hefði almenna deildin samkvæmt lögunum frá 1976 átt að hafa 3234 millj., samkv. lögunum 1979 tæpar 2400 millj., en í frumvarpsdrögum frá 14. jan. 1980 ætti almenna deildin að hafa rúmar 2000 millj. Verðbótunum á fisktegundir er ætlað samkv. hugmyndum sömu frv.-draga að nema hvorki meira né minna en tæplega 2700 millj. kr. Áhafnadeildin er samkvæmt hugmyndum þessara frv.-draga komin í 2830 millj., miðað við rúmar 3800 millj. 1976. Það hlýtur að vera reikningsdæmi sem eigi nokkurn veginn að liggja fyrir.

Töluvert er þrengt að Tryggingasjóði fiskiskipa og skal ég ekkert fjölyrða frekar um það. En hluta af tekjum hans á að verja, eins og kallað er í frv. og fskj. þess, til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa, 404 millj. kr. Ég er alveg sammála því, sem er hér í frv., að rétt sé að verja hluta af Tryggingasjóðnum í framhaldi af því sem ákveðið var í þeirri ríkisstj. sem ég átti sæti í á sínum tíma. Hins vegar tel ég réttara og eðlilegra að þeim fjármunum verði veitt til aldurslagasjóðsins og aldurslagasjóður fiskiskipa fari með bótagreiðslurnar allar eða stjórn hans. Sú stjórn er kjörin af útvegsmönnum að 2/5, af fulltrúum útvegsmanna í gegnum bátaábyrgðarfélögin í landinu að 2/5, þannig að í raun og veru eiga útgerðarmenn 80% aðild að stjórn aldurslagasjóðsins og Samábyrgðar Íslands, en aðeins einn fulltrúi er skipaður af ríkisvaldinu. Ég tel því að það sé eðlilegra og einfaldara í sniðum að þessir aðilar annist að öllu leyti verkefni aldurslagasjóðsins, þó ég geti fúslega fallist á að þeim fjármunum, sem koma beint af útflutningsgjaldinu, verði ráðstafað með nokkru frjálslegri hætti en lögin um aldurslagasjóð gera ráð fyrir og þá með sérstakri reglugerð sem sjútvrn. gæfi út.

Mér finnst að mörgu leyti séu heldur þrengdir kostir Fiskveiðasjóðs, og má hann síst við því. En ég ætla ekki að ræða það. Þá heildarmynd höfum við ekki fyrr en við sjáum lánsfjáráætlunina lagða fram í hv. Alþ., sem ég fyrir mitt leyti er farinn að vera óþolinmóður eftir að sjá, því að samkv. efnahagslögunum frá s. l. ári hvílir sú lagaskylda á ríkisstj. nú, sem ekki var áður, að leggja lánsfjáráætlun fram jafnhliða fjárlagafrv. enda er ekki hægt að sjá heildarstefnu nema hvort tveggja sé lagt fyrir Alþ. Ég vil nú leyfa mér, þó að lánsfjáráætlun heyri ekki undir hæstv. sjútvrh., að spyrja hann, af því ég sé að hæstv. fjmrh. er hér ekki, hvort lánsfjáráætlunin sé ekki alveg að koma og hvort henni verði ekki útbýtt á Alþ. mjög fljótlega.

Í sambandi við þessi frv. var ég að spyrja hæstv. sjútvrh. spurninga sem er nú frekar fyrir fjmrh. að svara. Ég spurði um hvort þm. fengju ekki að sjá alveg á næstunni lánsfjáráætlun, hvort henni yrði útbýtt þannig að við sæjum hver ætlunin væri í sambandi við t. d. Fiskveiðasjóð í þessu tilfelli, þó lánsfjáráætlunin sé auðvitað, eins og allir vita, margfalt víðtækara og stefnumarkandi plagg.

Þegar verið er að kreppa að öllum til þess að standa undir verðbótum finnst mér skjóta nokkuð skökku við og sýna að vissu leyti rausn, þó að það sé ekki stór tala af heildarupphæðinni, að hækka um þriðjung framlagið til Landssambands ísl. útvegsmanna, þ. e. upphæðina frá árinu á undan, og líka um þriðjung til samtaka sjómanna, — ég læt þá þessa aðila fylgjast að, — að fara úr 61 millj. til hvors í 81 millj. Þetta lítur út á við hálfleiðinlega út, finnst mér, en kannske eru einhverjar frekari skýringar á því að verið sé að hækka þarna um þriðjung þegar verið er með samdrátt á öðrum sviðum. Þetta er auðvitað hvorki stórt atriði né til þess að deila mikið um, en ég hefði talið að það ætti að vera í samræmi við annað í þessum samdrætti.

Ég legg áherslu á að skoða sérstaklega í n. hvort aflajöfnunardeildina eigi að lögfesta til frambúðar eða hvort eigi að líta á hana og starf hennar tímabundið í lögum. Það má auðvitað svara þeirri aths. á þann veg, að Alþ. geti alltaf breytt lögum. Það er ekki það sem ég á við. Mér er kunnugt um það eins og öðrum, að með því að setja ákvæðið inn í lögin án þess að það sé tímabundið má telja að komin sé fram nokkurs konar fyrirlýsing Alþ. um að þessi verðjöfnun eigi að halda áfram og vera til frambúðar. Í raun og veru stendur ekki deila um mikilvægi þess að koma verðjöfnun á núna, heldur fyrst og fremst um „prinsip"-atriði, hvort eigi að líta á slíkt sem fram-

tíðarverkefni eða tímabundið verkefni. Ég er þeirrar skoðunar fyrir mitt leyti, að líta beri á verðjöfnunina sem tímabundið verkefni.

Svo var hitt atriðið í sambandi við úreldingarsjóðinn sem ég gat um áðan. Það vil ég mjög gjarnan skoða betur í n. sem fær þessi mál til umr. og ég á sæti í.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, sem ég sagði í byrjun, og spyrja hæstv. ráðh. hvort frv. um tímabundið olíugjald verði ekki lagt fram á morgun eða svo til þess að við sjáum heildarlausnina á því, hvernig ríkisvaldið hugsar sér að leysa fiskverðsmálin. Það kveður við alls staðar að það er orðin mikil óánægja með hvað fiskverðsákvörðunin hefur dregist úr hófi fram. Þó að til þess liggi að sumu leyti nokkuð gildar orsakir má þó aftur benda á að þessi dráttur er orðinn óhæfilega langur. Hitt er ekki nýtt, það hefur áður gerst að fiskverðsákvörðun hefur ekki verið tekin í tíma og hafa liðið nokkrir dagar fram á það tímabil sem hún hefur átt að gilda.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég tek boði forseta og mun ræða þessi bæði mál í einu lagi.

Hér er um mál að ræða sem varðar þær umr. sem nú fara fram um fiskverð, mjög mikilvægar umr., en ákaflega viðkvæmar jafnframt. Það er sjálfsagt og eðlilegt að sjómenn fái fiskverðshækkun eftir þær hækkanir sem aðrir hafa fengið. Hins vegar er jafnframt nauðsynlegt að þeirri ákvörðun fylgi sem minnst röskun eða breyting á gengi og fiskkaupendum verði gert sem auðveldast að mæta þeirri fiskverðshækkun á annan hátt. Við framsóknarmenn munum engan veginn standa gegn því, að samkomulag náist, en vinna að framgangi þeirra mála sem að slíkur stuðla og lögð verða fyrir Alþingi.

Hins vegar vil ég taka undir það, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að það er að sjálfsögðu annmarki á meðferð þessa máls að myndin liggur ekki öll fyrir. Okkur er öllum ljóst að fleiri ákvarðanir þarf að taka en þær tvær sem felast í þessum tveimur frv., t. d. um olíugjaldið sem hér hefur verið nefnt, og væri æskilegt að fá upplýsingar um það. Ég hygg að það yrði mjög til að greiða fyrir framgangi þessara mála ef sjútvrh. gæti fyllt nokkuð inn í þessa heildarmynd, annaðhvort núna eða í viðræðum við sjútvn. þegar hún fær málin til meðferðar.

Um þau mál, sem hér liggja fyrir, og þær breytingar, sem þar er lagt til að gera, skal ég vera stuttorður. Mér sýnist sú hugmynd, sem þarna kemur fram um aflajöfnunardeild, athyglisverð að ýmsu leyti og tel að lengi geti verið þörf á slíku tæki til að dreifa eða breyta sókn í fiskstofna, eins og þarna er ætlunin. Hins vegar orkar ætíð nokkuð tvímælis þegar slíkt er gert af opinberum aðilum. T. d. er ljóst að afkoma útgerðarinnar nú er nokkuð misjöfn. Afkoma togaraflotans er stórum betri en bátaflotans, svo að segja má að um nokkra skattlagningu á bátaflotann sé að ræða. Sömuleiðis hefur mér skilist að vart muni vera ástæða til að auka sóknina mjög í ufsastofninn. Hann mun vera nálægt því fullnýttur og spurning hvort það beri að gera nú. En þetta er atriði sem að sjálfsögðu verða rædd í sjútvn.

Ég ætla að hafa fá orð um málið, eins og ég sagði áðan, en legg áherslu á að fá fyllri upplýsingar, ef þær liggja fyrir, og sérstaka áherslu á að leitað verði eftir samkomulagi um fiskverð þannig að gengisbreyting á eftir verði sem minnst. Við þekkjum öll þá kollsteypu sem slíkt hefur í för með sér fyrir efnahagslífið og er engum til góðs.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð, þar sem ég er tímabundinn og þarf að hverfa af þingfundi, sem svar við þeirri fsp. sem hv. 1. þm. Vestf. beindi til mín áðan.

Það var á sínum tíma niðurstaða lögfræðinga fjmrn., eftir athugun sem ég bað um að þeir gerðu, að minnihlutastjórn Alþfl., sem þá var orðin starfsstjórn, bæri stjórnskipuleg skylda til að leggja fram fjárlagafrv. í upphafi þings, án tillits til þess, hversu langur eða skammvinnur ferill slíkrar stjórnar yrði, og án tillits til þess, hvort hún hefði stuðning við það fjárlagafrv. sem hún legði fram. Var fjárlagafrv. lagt fram í upphafi þessa þings til að fullnægja þeirri stjórnskipulegu skyldu og enn fremur gagnaðist frv. sem vinnuplagg fyrir fjvn., þó svo að það lægi að sjálfsögðu ekki ljóst fyrir, þegar frv. var fram lagt, hvort nokkur þingmeirihluti gæti myndast á Alþ. um ýmis meginatriði þess.

Um lánsfjáráætlun gegnir nokkuð öðru máli. Það hvíldi ekki á ríkisstj. stjórnskipuleg skylda um framlagningu lánsfjáráætlunar, og þó að eigi að leggja lánsfjáráætlun fram með fjárlagafrv. hefur oft verið misbrestur á því. Hins vegar hefur af hálfu ríkisstj. verið unnið að gerð lánsfjáráætlunar og haldið áfram þeirri vinnu sem hafin var af fráfarandi ríkisstj. og fyrrv. hæstv. fjmrh. Það starf er langt komið. Út af fyrir sig væri fljótlegt að ljúka því sem eftir er, þannig að lánsfjáráætlun væri hægt að leggja fyrir þingið. Ég hef hins vegar talið miklu ákjósanlegra og æskilegra að það yrði ekki gert fyrr en meirihlutaríkisstj. væri komin til valda, þannig að um leið og lánsfjáráætlun væri sýnd þeim, sem þar hefðu hagsmuna að gæta, gefinn talsvert ríkari ádráttur en við getum gefið um að þeir mættu a. m. k. treysta nokkurn veginn á að þingið mundi fallast á þær framkvæmdir sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir. Ef ekki verður unnt að leysa úr stjórnarkreppunni mjög fljótlega er mér þó alveg ljóst að þingið þarf að fá lánsfjáráætlun sem vinnuplagg, þó svo sá galli sé á að aðilar í þjóðfélaginu, sem hafa hagsmuna að gæta, geti að sjálfsögðu ekki treyst á að þingið afgreiði eins og minnihlutaríkisstj. leggur til ýmis meginatriði í slíkri lánsfjáráætlun. Ef svo fer að umtalsverður tími líður án þess að meirihlutastjórn myndist hér, sem ég vona að verði ekki, getur svo farið að mér verði nauðugur einn kostur að leggja fram lánsfjáráætlun, a. m. k. svo að þingið geti haft eitthvert vinnuplagg við að styðjast í umfjöllun sinni um lánsfjármál. Þeim undirbúningi er svo langt komið af hálfu ríkisstj. að út af fyrir sig er ekki erfitt að ljúka honum á tiltölulega fáum dögum svo hægt sé að leggja fram áætlun.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og það mál, sem er næst á dagskránni, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, eru hvort tveggja viðfangsefni sem eru nátengd ákvörðun fiskverðs. Þó eru þessi mál minni háttar í samanburði við þau stórmál sem fyrst og fremst tengjast ákvörðun fiskverðs, þar sem er annars vegar ákvörðun um olíugjald og hins vegar ákvörðun um gengi íslensku krónunnar.

Eins og öllum má vera ljóst hefur íslenskt efnahagslíf verið í miklum vítahring á undanförnum árum, og væntanlega er það vilji allra flokka að við reynum að brjótast út úr þeim vítahring. Það hefur verið skoðun Alþb., að grundvallaratriði í þeim tilgangi að brjótast út úr þessum vítahring sé að breyting verði á stefnunni í gengismálum

og unnt verði að hægja verulega á því sífellda gengissigi sem verið hefur um nokkurra ára skeið. Sannleikurinn er auðvitað sá, að hið látlausa gengissig er eins konar fíknilyf útflutningsatvinnuveganna og þetta fíknilyf verður að taka frá atvinnuvegunum fyrr en síðar. Ég vil því leggja áherslu á það hér að mjög þýðingarmikið er að við ákvörðun fiskverðs nú verði reynt að komast hjá gengissigi eða gengisbreytingu eins og nokkur kostur er.

Hins vegar er ekki neinn ágreiningur um þá meginstefnu, að sjálfsagt verður ekki hjá því komst, að fiskverð hækki eitthvað, og jafnframt er eðlilegt að olíugjald verði lækkað. Olíugjaldið helst þó e. t. v. enn um sinn, þótt vissulega hefði verið æskilegast að það hafði verið algerlega afnumið, því að enn um sinn verður sjálfsagt óhjákvæmilegt að reyna að létta útgerðinni róðurinn vegna þess mikla olíukostnaðar sem á útgerðarrekstur hefur fallið. Það virðist því jafnframt nokkuð eðlileg stefna að reyna að lækka útflutningsgjaldið úr 6% í 5.5%, þannig að unnt sé með öðrum hætti að koma til móts við útgerðina, og jafnframt virðist eðlileg ráðstöfun að halda uppi verðjöfnun á fisktegundum, eins og gert er ráð fyrir að framkvæmt verði með nýjum hætti samkv. því frv. sem verður næst á dagskrá.

Ég vil nú skjóta því að í framhjáhlaupi, að eitthvað finnst mér það einkennileg málkennd hjá þeim mönnum, sem hér hafa starfað og hafa fundið nafn á deildina, að nefna hana aflajöfnunardeild, því ekki er mér kunnugt um að til standi að jafna afla milli eins eða neins. (**Gripið fram í:** Milli tegunda.) Það er ekki meiningin að jafna aflanum milli tegunda. Það hlýtur að felast í því röng hugsun. Það er auðvitað ósköp einfaldlega verið að jafna verðinu, það er verið að verðjafna milli tegunda. Þess vegna hlyti deildin að heita verðjöfnunardeild ef hún ætti að standa undir nafni eða nafnið að vera í samræmi við tilgang hennar. En þetta er að sjálfsögðu aukaatriði málsins. Ég held að hitt sé aðalatriðið, að verðjöfnun af þessu tagi á fyllsta rétt á sér. Það er frekar spurning hvort koma á á framtíðarskipulagi með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Markmiðið er vafalaust rétt: að reyna að dreifa sókninni frá ofnýttum stofnun í þær fisktegundir sem fremur þola auknar veiðar.

Það er óvenjulegt ástand í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir. Við búum við starfsstjórn sem hefur sagt af sér og enginn meiri hluti á Alþ. vill kannast við. Þegar slíkt ástand er ríkjandi er meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að Alþ. hafi frumkvæði og forustu á þessu sviði sem öðrum. Það hlýtur því að falla í hlut deilda Alþingis og sjútvn. að marka þarna ákveðna stefnu, þar sem enginn ákveðinn þingmeirihluti er fyrir hendi. Við slíkar aðstæður er alveg sérstaklega nauðsynlegt að þm. fái í hendur öll gögn og upplýsingar sem mál varða. Verð ég að kvarta yfir því í þessu sambandi, að öll gögn málsins skuli ekki liggja fyrir nú þegar og að þau skuli ekki hafa legið fyrir löngu fyrr, því að afskaplega erfitt er að meta einn eða tvo aukaþætti málsins þegar aðalatriði þess liggja eftir og upplýsingar skortir. Ég vil því eindregið hvetja hæstv. ráðh. til að senda sjútvn., sem fær þetta mál til meðferðar, allar upplýsingar og gögn um ákvörðun fiskverðs nú þegar, þannig að menn geti búið sig undir að marka stefnuna í þessum málum.

Það bar á góma áðan, hvort ekki væri orðið tímabært að núv. hæstv. ríkisstj., eins og hana ber að nefna samkv. þingsköpum, legði fram lánsfjáráætlun, sem enn þá sést ekki enda þótt lög kveði á um að slík áætlun skuli lögð fram jafnhliða fjárlagafrv. Ég verð að segja eins og er, að ég er mjög hikandi við að taka undir slíka umkvörtun, vegna þess að ég lít á þessa stjórn sem gervistjórn, eins og til hennar var stofnað í upphafi, hef aldrei gert til hennar miklar kröfur og vænti þess, að hún hverfi frá völdum sem allra fyrst. Satt best að segja undra mig hinar tíðu tiltektir þessarar stjórnar til að leika alvörustjórn, sem hún að sjálfsögðu er ekki. Hún er gervistjórn og formlega séð starfsstjórn. Mér finnst t. d. heldur hjákátlegt ef hæstv. fjmrh. er með áform uppi um að halda hér virðulega og stórbrotna fjárlagaræðu og fá umr. um fjárlagafrv. í framhaldi þess, þótt vissulega geti enginn komið í veg fyrir að slík ræða sé flutt ef hann á þá ósk heitasta. Það virðist sem sagt fullkomlega óeðlilegt að það ástand, sem nú er ríkjandi, að gervistjórn sé hér við völd, verði varanlegt, og hætta er á því, ef hér fer fram fjárlagaumr. með venjulegum hætti, að þá séu menn að ýta undir að það ástand haldi áfram sem nú er. Auðvitað verður þjóðin og landið að fá nýja stjórn og það alvörustjórn. Hitt er rétt og ég vil taka undir það, að ef svo fer að fjmrh. ætlar að halda fjárlagaræðu og gerir það, sem vel má vera að verði innan tíðar eftir því sem manni skilst, ber honum að sjálfsögðu að framfylgja settum lögum og leggja þar jafnhliða fram lánsfjár- og fjárfestingaráætlun.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að flytja langa ræðu við 1. umr. þessa frv., því að það á eftir að ræða málið allt saman og aths. við það í n. Auk þess geri ég ráð fyrir að það eigi eftir að ræða þessi mál í þingflokkunum. Ég geri því ráð fyrir að aðalumr. um það verði við 2. umr., eftir að það hefur fengið meðferð í sjútvn.

Það gera sér allir ljóst að með svo miklum þorskveiðitakmörkunum sem settar hafa verið á togarana er ekki gert ráð fyrir að þeir liggi allan þann tíma aðgerðalausir og þess vegna þurfi þeir að sækja í annað. Það er auðvitað ekki á margt að róa í þeim efnum, en að glíma við aðrar fisktegundir, eins og ufsa og karfa, máske grálúðu og jafnvel eitthvað fleira. En sannleikurinn er sá, að hér á landi hefur verð á ufsa og karfa verið svo lágt að með núverandi olíuverði er ákaflega erfitt og varla hægt að ætlast til þess að menn geti gert út á þær fisktegundir. Það er augljóst mál.

Ég geri því ráð fyrir að flestallir hér séu sammála um að bæta þurfi upp verðið á þessum fisktegundum — og grálúðu einnig, ef menn gera þá yfirleitt ráð fyrir að sótt sé í þær tegundir. Einhvers staðar verður að taka til þess peningana. Ég á ekki von á að það verði upp á teningnum nú fremur en fyrri daginn, að peningar komi inn í sjávarútveginn frá öðrum en honum sjálfum. Það hafa engir aðrir atvinnuvegir í landinu burði til að styðja við sjávarútveginn eða leysa þau vandkvæði sem kunna að koma upp í honum. Það hefur ævinlega verið reglan að tilflutningur hefur verið innan þessa atvinnuvegar sjálfs, því að aðrir hafa ekki bolmagn til að styðja hann. Það er nú í lögum, að vísu brbl., ákvæði um hvernig skuli fara með að bæta upp þessar tegundir. Það mál þekkja allir hér. Þess vegna verð ég að segja, að ég álít nauðsynlegt, eins og ástandið er nú, að halda verðuppbótum áfram. Hitt er annað mál, að það hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um hvort eigi að festa slíka gjaldtöku í lögum til frambúðar, því að bæði ég og aðrir, sem hér hafa talað, vona að ástandið, sem nú er, sé aðeins bráða-

birgðaástand. Um þetta hafa verið skiptar skoðanir og einnig um nokkur önnur atriði, eins og t. d. kom fram í máli hv. 1. þm. Vestf. Þess vegna held ég að varla sé tímabært að ræða málið fyrr en menn hafa rætt aths. vandlega og þær leiðir sem hugsanlega kæmu til greina í staðinn til tekjuöflunar eða hvaða form verður haft á henni.

Ég vil að lokum leggja á það áherslu, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. reifaði hér, — hann reifaði hina stórpólitísku þætti í þessu sambandi eðlilega fremur en ég, — að við í sjútvn. fáum í hendurnar þau plögg sem til eru og tiltæk eru til skoðunar varðandi fiskverðsákvörðunina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 104). — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu notfæra mér það hagræðingaratriði að stikla fram og aftur, eins og aðrir hafa gert, og sjálfsagt hefði verið þægilegra að mæla fyrir báðum frv. í einu.

Það frv., sem hér liggur fyrir, varðar Aflatryggingasjóð og má líta á það frekar sem meginefni beggja frv., sérstaklega stofnun aflajöfnunardeildar við sjóðinn. Hugmyndin er að marka skýran farveg fyrir greiðslu verðuppbóta á einstakar fisktegundir í því skyni að með þeim hætti sé unnt að beina sókn fiskiskipaflotans frá einstökum fisktegundum og í aðrar sem fremur eru taldar þola veiðar. Ég tel að reynslan á s. l. ári af verðuppbótunum hafi sýnt að hér sé um mikilvægt stjórntæki að ræða sem þess vegna sé eðlilegt að festa í skýrum, sérmörkuðum farvegi. Ég vil láta í ljós ánægju mína með þær undirtektir sem það hefur fengið í ræðum þeirra sem talað hafa hér á undan. Hinu geta menn auðvitað velt fyrir sér, hversu varanlega aðgerð eigi hér að vera um að ræða. Ég hyllist til þess, að í náinni framtíð muni hér verða um stjórntæki að ræða sem sé nauðsynlegt og muni vera til mikilla bóta. Hitt er annað mál, að það kann að vera góð regla að hafa gildistíma laga takmarkaðan, e. t. v. svo sem 5 ár eða eitthvað slíkt, til þess að Alþ. einmitt taki málið upp að nýju hverju sinni. Þessi regla ætti þá reyndar að gilda almennt til þess að líta á hvort tilgangur viðkomandi lagasetningar og aðstæður í þjóðfélaginu fari saman á þeim tíma. Sannleikurinn er auðvitað sá, að það er ævinlega hætta á að lög verði úrelt og séu í gildi án þess að þau svari til tilgangs síns. Við höfum um slíkt ýmis dæmi.

Frv. það, sem hér er flutt, er enn fremur flutt í því skyni að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar, þar sem framhald verðuppbóta á vannýttar tegundir kemur inn í þá mynd. Ég vil sérstaklega minna á að við ákvörðun fiskverðs frá 1. júlí, sem þá var tekin með samkomulagi allra aðila í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, var ákveðið að greiða sérstaka verðuppbót á ufsa- og karfaverð. Áður höfðu farið fram viðræður við ríkisstj. af hálfu aðila í Verðlagsráði um slíkar ráðstafanir, og lög voru sett um það efni.

Frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið til umfjöllunar á tveimur vettvöngum, eins og sagt er, þ. e. annars vegar í sérstakri aflatryggingasjóðsnefnd og hins vegar í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Aflatryggingasjóðsnefndin hefur mælt eindregið með frv. í þessum búningi. Í henni áttu sæti: Jón Sigurðsson, formaður, Jakob Jakobsson fiskifræðingur, Hrafnkell Ásgeirsson lögfræðingur, Kristján Ragnarsson formaður LÍÚ, Óskar Vigfússon formaður Sjómannasambands Íslands, Ingólfur Ingólfsson fyrrv. formaður Farmanna- og fiskimannasambandsins, Jón Páll Halldórsson útgerðarmaður á Ísafirði, Már Elísson fiskimálastjóri, Vilhelm Þorsteinsson framkvæmdastjóri á Akureyri og Ólafur Björnsson útgerðarmaður í Keflavík, sem reyndar var fjarstaddur þegar þetta mál var afgreitt. Nm. voru sammála um að mæla með flutningi þessa frv. Sú afstaða er byggð á því, að hér sé um skynsamlegt nýmæli að ræða, að hér sé um skynsamlega stefnumörkun að ræða. En hún er líka byggð á því, að lagasetningin breyti ekki fjárhæð framlaga úr ríkissjóði til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs, eins og tekið er fram í álitsgerð nefndarinnar.

Í frv. felst skipulagsbreyting. Að hluta til er hún til staðfestingar á orðnum hlut, þar sem er sameining almennu bátadeildarinnar og deildar togaraflotans og tillögur um að felld verði úr gildi ákvæði um jöfnunardeild sjóðsins og hlutverk, en við hlutverki hennar taki almenna deildin. Hins vegar skal stofnuð ný deild við sjóðinn, aflajöfnunardeild. Kveðið er á um með hvaða hætti hún skuli starfa. Ákvæði eru um ákvörðun verðuppbóta á hverju verðtímabili. Gert er ráð fyrir að Verðlagsráðið eða yfirnefnd þess ákveði bótafjárhæð innan þeirra marka sem tekjur deildarinnar hrökkva til, en sjútvrh. staðfesti þessar ákvarðanir. Ákvarðanirnar séu hins vegar teknar að fengnu áliti um sóknarþol í hina ýmsu fiskstofna.

Þetta eru meginatriði frv. Ég vil svo víkja aðeins að nokkrum atriðum sem komu fram áðan.

Það er vissulega rétt að það eru fleiri mál í deiglunni sem snerta fiskverðið, enda hefur það komið fram í málflutningi mínum hér. Það er sérstaklega spurt eftir frv. um olíugjald. Ég er að vona að það geti komið fljótlega fyrir d. Ég skal þó ekki segja hvort það yrði á morgun eða svo, eins og einn þm. orðaði það hér á undan mér. En ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að sjá til þess, að sjútvn. fái þau gögn sem nauðsynleg eru til að móta viðhorf sín til þessara mála, og hvet til þess að hún kalli þá til líka þá aðila sem þetta varðar sérstaklega, þ. e. aðila úr greininni og úr þeim nefndum sem hafa lagt drög að þeim frv. sem hér liggja fyrir.

Það var minnst á nafnið aflajöfnunardeild. Það má sjálfsagt lengi deila um hvað sé rétt nafn á hlutunum. Hugsunin að baki þessu nafni er auðvitað sú, að hér sé um að ræða jöfnun aflans milli fisktegunda, það sé verið að dreifa aflanum eða jafna honum á fisktegundir. Það er beinlínis verið að beina sókn úr einni tegund í aðra. Hvernig það fellur að málsmekk einstakra manna getur auðvitað verið misjafnt.

Um gengismálin, sem hér var aðeins minnst á, vil ég að sjálfsögðu láta í ljós þá von að ekki þurfi að koma til mikillar gengisbreytingar, eða gengissigs af þessu tilefni, en áður en séð er fyrir endann á málinu verður ekki um það fullyrt.

Ég held svo að menn eigi að íhuga hvort Aflatryggingasjóður gegni ekki einmitt hlutverki sínu mjög vel með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og að

þær aðgerðir, sem gripið er til til að greiða verðuppbætur eða aflajöfnunarbætur, muni þá koma í veg fyrir að greiða þurfi bætur af öðru tagi úr sjóðnum og þess vegna sé hér um raunverulega kjaratryggingu að ræða, þar sem kannske er þá farið frekar eftir þeirri aðferðinni að sjá til þess, að ekki þurfi að greiða bætur vegna fiskileysis, og stuðlað sé að sem skynsamlegastri nýtingu fiskstofnanna. Auðvitað getur mönnum verið eftirsjá að því að fjármunir fari úr einni deild í aðra, en í heild er ekki um að ræða skerðingu á Aflatryggingasjóðnum samkv. þessu frv. og virðist séð fyrir þeirri fjárþörf sem miðað er við. Hins er svo að vænta, að menn geti haft mismunandi skoðanir á ýmsu sem kemur fram í þessu frv.

Ég vil að lokum láta í ljós sérstaka ánægju með þau jákvæðu viðhorf, sem hafa komið fram hér gagnvart þessu máli og ítreka þá ósk mína, að frv. geti fengið sem greiðasta afgreiðslu í þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Efri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 23. jan., kl. 2 miðdegis.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 86). — 1. umr.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir hv. þd. um breytingu á lögum varðandi meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, er einungis endurnýjun á frv. eða lögum, sem hafa verið endurnýjuð frá ári til árs nú undanfarin ár, og stafar af því að þó að töluvert hafi áunnist um endurbyggingu sláturhúsa svo að þau verði í góðu lagi, þá hefur sú uppbygging þó ekki gengið hraðar en svo, að enn má búast við að þurfi að slátra í ólöggiltum sláturhúsum, en þó þannig að það verði ekki framkvæmt nema yfirdýralæknir og héraðsdýralæknar fjalli um þau mál og leyfi. Er því talið nauðsynlegt að fá að framlengja heimild ráðh. til að leyfa slátrun í slíkum sláturhúsum, og um það fjallar það frv. sem ég mæli hér fyrir. Ég hygg að þetta liggi öllum það ljóst fyrir, að um það þurfi ekki mörg orð að hafa, og leyfi mér að æskja þess, að málið verði að lokinni umr. látið ganga til hv. landbn. til skoðunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 24). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 24 hef ég ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e. leyft mér að flytja lítið frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Breytingin er í því fólgin, sem kemur fram í 1. gr., að b-liður 1. mgr. 39. gr. almannatryggingalaga orðist svo:

„Að veita styrk til öflunar hjálpartækja sem nauðsynleg eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta.“ Þetta er sem sagt það sem gildir í dag og er í almannatryggingalögunum, en breytingin felst aftur í viðbótinni sem er þannig: „Skal styrkurinn einnig gilda um vistfólk á stofnunum.“

Með þessu frv. fylgir stutt grg., en þar segir með leyfi forseta:

„Á nýafstöðnu þingi Landssamtakanna Þroskahjálpar kom fram svo hljóðandi tillaga frá Jóhanni Guðmundssyni lækni og stjórnarmanni í Þroskahjálp og var einróma samþykkt:

„Landsþing Þroskahjálpar, haldið 23. sept. 1979, samþykkir að fara þess á leit við yfirvöld tryggingamála, að þau beiti sér fyrir því að hjálpartæki fyrir þroskahefta verði greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Þar sem þarfir fyrir slík hjálpartæki eru augljóslega mismunandi eftir stofnunum er erfitt að reikna þennan kostnað inn í daggjöld þeirra. Því verður að teljast eðlilegt í framkvæmd að Tryggingastofnun ríkisins greiði þennan kostnað beint eins og gert er þegar um kaup á hjálpartækjum til annarra þjóðfélagsþegna er að ræða.“

Svo segir í samþykkt Þroskahjálpar hér um, en þetta mál hefur nokkuð lengi eða allt frá því að samtökin voru stofnuð verið til meðferðar á þingum þess og verið vakin á því athygli oftar en einu sinni, og veit ég ekki annað en að komið hafi verið á framfæri í viðkomandi rn. óskum um að hér yrði á breyting. En til að koma þessari samþykkt nú beinlínis á framfæri hér á Alþ. er frv. þetta flutt. Hér er um mikið misrétti að ræða og óeðlilegt í alla staði. Nú vitum við það, að að störfum er endurskoðunarnefnd tryggingalaga. Auðvitað fer hún meira í hin veigamiklu atriði þar sem breytingar þarf að gera, og því gæti vel farið svo, að þessi ágæta nefnd færi minna í ýmis þau atriði sem eru smærri, en skipta þó þá einstaklinga ákaflega miklu sem um er að ræða hverju sinni.

Í þessu tilfelli er það staðreynd, að á þessum stofnunum mörgum hverjum, þar sem þroskaheftir dveljast, hefur verið mikil vöntun hjálpartækja af þeirri einföldu ástæðu að hjálpartækin verða að reiknast inn í daggjöldin og það er erfitt að samræma þetta tvennt. Tryggingastofnunin hefur sem sagt ekki talið sér skylt að koma þar á móti. Þetta hefur þá komið daggjaldamegin algerlega og afleiðingin orðið sú í mörgum tilfellum, meira að segja mörgum mjög nauðsynlegum tilfellum, að hjálpartæki hafa ekki fengist, forstöðumenn viðkomandi stofnana hafa ekki treyststst til þess að fá þau hjálpartæki sem nauðsynleg eru.

Ég hef hér í höndunum stutta grg. fyrir þessari till. frá Jóhanni Guðmundssyni lækni, sem hefur mjög mikið fengist við þessi mál og haft mikil afskipti af þeim og haft afskipti af stofnunum einnig sem hafa átt við þessi vandkvæði að stríða. Með leyfi forseta vil ég lesa þá grg. sem hann hefur sent til stuðnings þessu litla frv.:

„Ef einstaklingur hefur af lífinu hlotið þau örlög að verða að skiljast frá fjölskyldu sinni til að dveljast á sólarhringsstofnun fyrir vangefna, er ekki aðeins andlega þroskaheftur, heldur einnig það lamaður að hann getur ekki gengið, kemst ekkert nema hann sé keyrður í hjólastól, getur ekki sjálfur stjórnað honum, — ef fleiri sérfræðingar hafa ráðlagt rafdrif í hjólastól vegna þess hvað fötlunin er á háu stigi, til þess að hann geti sjálfur farið ferða sinna innan húss sem utan, er svarið frá Tryggingastofnun ríkisins við þessari málaleitun synjun, þar

sem sjúklingur er á stofnun.

Þá er það sýnilegt, að opinberir aðilar í landinu eru að gera upp á milli einstaklinga, á milli heimila, því að sólarhringsstofnanir eru ekki bara stofnun, heldur heimili þessa fólks. Ef sami einstaklingur hefði verið heima hjá fjölskyldu sinni, þá hefði þessi hjólastóll ekki mætt veggjum í kerfinu.

Einstaklingur er vangefinn, gerð hefur verið aðgerð á innyflum hans og hann verður að nota saurpoka framvegis. Hann er á sólarhringsheimili. Það heimili varð að greiða fyrri hluta árs 1979 um hálfa millj. kr. á þriggja mánaða fresti fyrir þessa saurpoka. Tryggingastofnun ríkisins neitaði að greiða þessa poka af því að þessi einstaklingur er á stofnun. Ef þessi einstaklingur væri heima hjá fólki sínu væri honum ekki neitað um þessa greiðslu af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins. Þó vita tryggingayfirvöld manna best, hversu daggjöld þessara stofnana eru skorin við nögl sér, og ráða ekki við slíkan kostnaðarauka nema þá að taka það t. d. af fæðispeningum heimilisins.

Hver einasti Íslendingur, hvort sem hann er einstaklingur á heimili sínu, meðal fjölskyldu sinnar eða á heimili sínu á sólarhringsstofnun, er einstaklingur og á rétt sem slíkur. Því er það skýlaus réttur einstaklings á stofnun að hann eigi sama rétt til úthlutunar hinna ýmsu hjálpartækja, þurfi hann þeirra með, og eftir sömu reglum og aðrir í þjóðfélagi okkar. Þetta er þó aðeins eitt lítið dæmi um hve réttur einstaklinga á stofnunum er almennt fyrir borð borinn í þjóðfélaginu."

Hér lýkur þessari stuttu grg. Jóhanns Guðmundssonar læknis. Ég vil láta hana nægja sem fullnaðarröksemd fyrir því, að frv. þetta er flutt.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 23. jan., kl. 2 miðdegis.

Orlof, frv. (þskj. 49). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 49 hef ég leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Páli Péturssyni og Árna Gunnarssyni frv. til l. um breytingu á orlofslöggjöfinni. Þetta frv. er um breytingu á 11. gr. téðra laga og efnislega er það samhljóða frv. sem ég flutti á 99. löggjafarþinginu, en varð þá ekki útrætt.

Lagt er til að breyta 11. gr. orlofslaganna, sem hljóðar þá svo:

„Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé að launþegi fái það í hendur, þegar hann tekur orlof. Félmrh. setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Einstök verkalýðsfélög hafa þó óskoraðan rétt til þess að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir. Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn."

Hér er um það að ræða, að skotið er inn í 11. gr. orlofslaganna þessari viðbót: „Einstök verkalýðsfélög hafa þó óskoraðan rétt til þess að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir."

Nú er það svo, að almennt held ég að menn séu um það sammála, að sú breyting, sem gerð var á orlofslögunum 1971, ef ég man rétt, var til mikilla bóta. Það hefur sýnt sig og sýndi sig strax, að innborgun eftir gírókerfinu var miklu meiri en eftir gamla fyrirkomulaginu sem var með merkjunum. Eigi að síður tel ég og margir fleiri, og það hefur komið fram í áliti ýmissa verkalýðsfélaga, að hér megi mun betur um bæta en sú löggjöf gerir ráð fyrir sem nú er í gildi. Það er öllum ljóst, að orlofsgreiðslurnar nú eiga samkv. lögunum að borgast inn í gírókerfið sem Póstur og sími hefur allan veg og vanda af. Því miður, segi ég, hefur það komið í ljós allt of oft, að ekki er sem skyldi sinnt því innheimtufyrirkomulagi sem nauðsynlegt er, eigi þessi mál að verða í lagi. Það eru mörg dæmi þess, að atvinnurekendur liggja með svo og svo miklar upphæðir fjármuna í svo og svo langan tíma eftir að þeir eiga að vera búnir að skila þeim inn í gírókerfið. Þetta hefur að sjálfsögðu það í för með sér, að launþegar glata vegna þessa fjármunum, því að a. m. k. allt til þessa hefur það ekki verið gert, að ég best veit, að greiddir hafi verið vextir af orlofsfé sem þannig er til komið miklu seinna en lög gera ráð fyrir, en hefði ella verið greitt hefði verið um að ræða greiðslu á réttum tíma.

Auk þessa er það svo annað atriði í þessu, að þetta fyrirkomulag, sem hér er um að ræða og við leggjum til, er líka breyting í þá átt að orlofsfé verði ávaxtað í heimabyggð. Við teljum ástæðulaust að stórar fjárfúlgur, sem greiddar eru inn vegna orlofs, séu sendar hingað til Reykjavíkur til geymslu hjá ríkisstofnun og að sú sama ríkisstofnun borgi orlofsþegum tiltölulega litla vexti miðað við það sem þeir gætu fengið ella, ef breytt væri í það fyrirkomulag sem hér er gert ráð fyrir, að þetta yrði ávaxtað í sparisjóðum eða bönkum á viðkomandi svæði og síðan fengju launþegar greidda þá vexti sem um er að ræða á hverjum tíma af þessu fé.

Með þessu vinnst auðvitað tvennt. Í fyrsta lagi, að ávaxta féð á þeim stað sem það fellur til, en ekki senda það í burtu, og í öðru lagi, sem er ekki síðra, að launþegar fái hæstu vexti á hverjum tíma sem þeir mögulega geta fengið, en búi ekki við það, eins og nú er, að fá einungis 11% vexti eins og borgað er hjá Pósti og síma, en gætu samkv. því, sem við leggjum hér til, fengið á bilinu 32—36% líklega. Þetta er vissulega geysilegur munur og að okkar áliti ástæðulaust fyrir löggjafann að standa gegn því, að slík breyting eigi sér stað, ef aðilarnir á vinnumarkaðinum vilja og geta komið sér saman um annað fyrirkomulag á greiðslu þessara fjármuna. Þetta er því tiltölulega einfalt mál að okkar viti, einföld breyting, sem er í því fólgin, að þessir aðilar hafi heimild til þess, ef þeim sýnist svo, að semja um annað fyrirkomulag á greiðslu orlofsfjár en nú er samkv. lögum.

Nú er það að sjálfsögðu opinbert leyndarmál, að mörg fyrirtæki í landinu munu hafa þennan hátt á, þ. e. þau borga ekki inn í gírókerfið. Aðeins til glöggvunar fyrir hv. þm. um það, hvaða fjármuni er hér um að ræða, gæti

ég trúað t. d. að á svæði eins og Vestfjörðum væru það 500—600 millj. kr. á árinu 1979 sem greiddar hefðu verið vegna orlofsfjár. Hér er því ekki um að ræða litlar upphæðir, bæði að því er varðar að hafa þetta í heimabyggð og ekki síður hitt, að launþegar fái af þessu þá vexti sem þeir í raun og veru gætu fengið, ef löggjöfin bannaði þeim það ekki. Okkur finnst óeðlilegt að löggjöfin standi í vegi fyrir því, að í þessu tilfelli geti aðilar komið sér saman um æskilegra form á þessum málum að áliti beggja, því að auðvitað er hér aðeins um að ræða heimild fyrir þessa aðila til að semja um þetta með þeim hætti sem hér er lagt til, en enga skyldu.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta. Eins og ég sagði áðan hafa allmörg verkalýðsfélög óskað eftir því að fá heimild til þess að gera þetta. Mér er kunnugt um, að um þetta hefur verið rætt milli aðila vinnumarkaðarins á sumum svæðum, en þeir telja sig ekki geta gert þetta með samningum vegna þess að löggjöfin leyfi það ekki. En ég þykist fullviss um að það er hægt að ná um þetta skynsamlegra samkomulagi ef löggjafinn þvingar menn ekki til að halda því í því formi sem það nú er. Og það er óskynsamlegt að mínu viti og okkar, að löggjafinn knýi þessa aðila inn í óæskilegra kerfi en ella væri hægt að ná með breytingu á löggjöfinni.

Ég vænti þess, að þm. geti, þegar þeir hugleiða þá breytingu sem hér er lögð til, orðið okkur sammála um að þetta sé breyting í átt til hins betra. Við viljum a. m. k. láta á það reyna, hvort ekki er vilji fyrir því hér á hv. Alþ. að launþegar fái í þessu tilfelli þann rétt sem þeir telja sér betur henta fái þá ávöxtun síns fjár sem þeir eiga kost á með þessari breytingu.

Ég skal ekki að sinni a. m. k., herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð, en ég vænti þess, að þetta mál fái afgreiðslu á þessu þingi, og ég vænti þess, að þm. verði jákvæðir til þess með hliðsjón af því hvers eðlis málið er.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hv. 1. flm. þessa frv. hefur lýst efni þess og skýrt frá því, að hann hafi áður flutt þessa till. í frv.-formi fyrir um það bil tveimur þingum. Á 100. löggjafarþinginu urðu dálitlar umr. hér í þessari hv. d. um þessi mál vegna frv. sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. flutti um breytingu á orlofslögunum, þar sem gert var ráð fyrir að Póstgíróstofan fengi frekari heimildir til þess að fá upplýsingar hjá atvinnurekendum sem bæri skylda til að greiða orlof. Í þeim umr. komu fram ýmis sjónarmið og tók þátt í þeim m. a. hv. fyrrv. þm. Eðvarð Sigurðsson. Í þeim umr. lét ég koma fram sjónarmið sem ég tel ástæðu til þess að árétta þegar við 1. umr. þessa máls, þótt ég eigi sjálfur sæti í þeirri n. sem lagt er til að fjalli um málið að lokinni 1. umr. þess.

Ég tel að frv., sem hér liggur fyrir, sé spor í rétta átt og sé í þeim anda sem ég talaði um á því þingi sem ég minntist á áður. Það er stundum þannig, að við erum að bæta ýmis kerfi, og á sínum tíma var það til mikilla bóta þegar orlofslögunum var breytt úr merkjafyrirkomulaginu í það fyrirkomulag sem við höfum núna. En þá leiddu kannske færri hugann að því, hvort kerfið væri í sjálfu sér úrelt orðið. Við skulum leiða hugann að því, að orlofslögin voru sett fyrir mörgum áratugum við allt önnur skilyrði en nú eru í landinu. Þau voru sett á þeim tímum þegar almenningur í þessu landi tók sér ekki sumarfrí, og þau voru sett til þess að tryggja að allur almenningur, og sérstaklega launþegar í verkalýðsfélögunum, fengi tækifæri til þess að taka sér frí nokkrar vikur á ári hverju.

Nú eru breyttir tímar. Það fé, sem fæst útborgað að vori til í því skyni að launþegar taki sér frí, er jafnvel notað til allt annars. Fyrir það eru keypt sjónvarpstæki, bílar, greiddar útborganir í húsnæði o. s. frv. Því vaknar sú spurning, hvort það kerfi, sem byggt hefur verið upp, nái enn þeim tilgangi sem í upphafi var ætlast til af því. Ég held því fram, að það sé mun meira gagn að því fyrir launþegana, fyrir þá lausráðnu launþega sem eru í þessu orlofskerfi, að fá þær upphæðir, sem hér er um að ræða, beint með sínum launum, þá megi leggja niður það kerfi, sem hefur verið byggt upp í kringum orlofsféð.

Það náði auðvitað ekki nokkurri átt, að til skamms tíma voru vextirnir af orlofsfénu 5%. Þeir hafa nú verið hækkaðir upp í 11%, en menn vita að það dugir hvergi nærri til að ná verðbólgustiginu, þegar það er orðið 40—80%, svo að ég nefni þau mörk sem hafa verið nefnd á undanförnum mánuðum. Ég vil þess vegna strax í upphafi segja frá því, að ég hef gælt við þá hugmynd, hvort ekki bæri að gera á löggjöfinni um orlof miklu stórkostlegri breytingar en hér er verið að fara fram á að gerðar verði. Ég lýsi þó yfir stuðningi við þá hugsun, að einstök verkalýðsfélög geti samið um þessi mál við vinnuveitendafélögin á viðkomandi stöðum á landinu og þá komi jafnvel til greina að orlofsféð sé greitt beint út eða þá greitt til verkalýðsfélaganna og látið ávaxtast í lífeyrissjóðum eða með öðrum hætti sem verkalýðssamtökin og atvinnurekendur koma sér saman um.

En það er önnur ástæða fyrir því, að ég tek til máls við 1. umr. þessa máls, og hún er sú, að ég vil gjarnan fá að vita hve mikill rekstrarkostnaður skapast vegna þess að Póstgíróstofan hefur með höndum þessa starfsemi. Hvað kostar að halda úti þessu kerfi? Mér þætti vænt um það, ef hæstv. ráðh. gæti gefið einhverjar upplýsingar um þetta. Það getur vel verið að hann sé ekki í stakk búinn til þess nú á þessum fundi d., en ef svo er, þá þætti mér vænt um að þær upplýsingar kæmu hér fram, því að þetta kerfi hefur verið til athugunar hjá rn. frá því í fyrra, þegar um það var fjallað af fyrrv. hæstv. ríkisstj. Í því sambandi er rétt að það komi fram, að Eðvarð Sigurðsson talaði fyrir því sjónarmiði á 100. löggjafarþinginu, að allir launþegar í landinu, líka þeir sem eru fastráðnir, ættu að falla undir orlofskerfið eins og það er í dag, til þess að ná fram í fyrsta lagi jafnvægi milli launþeganna og hins vegar til þess að lækka hlutfallslega fastakostnaðinn af þessu kerfi. Þetta er að mínu viti hugsun á öndverðum meiði við mína. Ég held að við ættum að leiða hugann að því fyrst og fremst, hvort við getum ekki losað okkur við þennan kostnað. Er það ekki öllum til hagsbóta? Atvinnurekandinn verður hvort sem er að standa skil á þessu fé, launþeginn fær það fyrr í hendurnar og getur komið því í það verðgildi sem verðbólgan fær ekki grandað, og við losum okkur við ákveðinn rekstrarkostnað, ákveðinn hluta af því bákni sem byggt hefur verið upp hjá Pósti og síma í kringum þetta kerfi.

Ég vildi láta þessi sjónarmið koma fram. Ég hef gert það áður úr þessum ræðustól, og ég mun athuga þetta mál með þessu hugarfari í þeirri hv. n. sem fær málið til meðferðar. Og ég vona að hv. flm. skoði þessi sjónarmið sem stuðning við fyrirliggjandi tillögu.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég get ekki svarað þeirri spurningu nákvæmlega sem til mín var beint af síðasta hv. fyrirspyrjanda, hvað kerfið kosti mikið, en á s. l. ári, þegar heildarvextir greiddir af Seðlabankanum voru um 11%, þá kostaði rekstur kerfisins um það bil helminginn af því eða sem nemur 5—5.5% vöxtum, eitthvað í þá áttina. Það er alltaf verið að bæta kerfið og taka í notkun betri vélar og búnað, þ. e. tölvur, þannig að kostnaðurinn á að fara hlutfallslega verulega mikið lækkandi.

Þessi 11.5%, sem nú eru greidd, hækka auðvitað með öðrum vöxtum. Það verkar þannig, að Seðlabankinn greiðir hæstu vexti sem hann treystir sér til. Nú er þetta fé stutt inni, það er í mesta lagi að meðaltali 4—5 mánuði yfir árið því að það er greitt út tvisvar, safnast yfir allt árið og greitt út tvisvar: í maíbyrjun og svo aftur í júlí, þannig að ég býst við að að meðaltali sé þetta fé ekki inni nema 3—4 mánuði á ári.

Þetta frv. gerir að öðru leyti ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði þann kostnað, sem Póstgíróstofan tekur nú í vaxtamismun, og það er sagt, að innheimtan hafi ekki verið nægilega hörð o. s. frv. En ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að það er ekki allt fengið með þeirri breytingu sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þetta er allt gott út af fyrir sig, ef allir vinna á sama stað alla tíð. En þetta vinnur mjög illa þar sem menn fara á milli byggðarlaga. Við skulum segja t. d. í útgerðarstöðum eins og Vestmannaeyjum. Orlofið yrði lagt inn á reikning hvers og eins í bankann þar. En bankinn hugsar ekkert um hvað gerist ef sjómaður kemur og sjómaður fer. Hann eltir hann ekki uppi. Sjómaðurinn þarf sjálfur að eltast við þetta út um allt land á eftir, og það er enginn sem fylgist raunverulega með því, hvort þetta kemur inn eða kemur ekki inn. En það gerir einmitt Pótsgíróstofan. Hún fylgist með því og gefur launþeganum þetta upp á þriggja mánaða fresti. Og hún er með lögfræðilega innheimtu hjá þeim sem eru í vanskilum. Hver ætti að borga þann brúsa, ef þetta fyrirkomulag yrði tekið upp? Líklega mundu bankarnir ekki gera það, en þeir yrðu þá sá aðili sem peningarnir yrðu lagðir inn hjá.

Svo vil ég vekja athygli á öðru. Nú er Póstgíróstofan skyldug til að borga orlofsféð, þó að kaupgreiðandinn sé ekki búinn að greiða það. Á hvers herðar á að leggja þá skyldu ef þetta frv. verður að lögum? Ég vildi vekja athygli á þessu.

Það eru fleiri hliðar á þessu máli en hér koma fram, þó að þetta sé vissulega athyglisverð hlið á málinu. (**Gripið fram í:** Hver er rekstrarkostnaðurinn?) Ég sagði áðan að rekstrarkostnaður hefði verið tæpur helmingurinn af vöxtunum meðan þeir voru 11%, og orlofsféð er að meðaltali líklega fjóra mánuði inni á ári. Krónulega get ég ekki svarað því, en get aftur á móti gefið upplýsingar um það á næsta fundi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er örstutt aths. vegna orða sem komu fram í ræðu hv. 10. þm. Reykv. Ég skal heils hugar taka undir þau orð hans, að það beri allt að gera til þess að ná fram sparnaði í þessu kerfi sem öðrum í okkar þjóðfélagi. En vegna þeirrar bollaleggingar sem hann var með um hvort ekki væri hægt að greiða þetta með launum, þá bendi ég á þá hættu sem verður samfara því. Við höfum fyrir okkur þá staðreynd, að stór hluti, jafnvel meginhluti launþega þessarar þjóðar, telst til svokallaðra láglaunastétta — þó það virðist nú vera mjög afstætt hugtak hjá sumum í þessu þjóðfélagi og ég tala nú ekki um hér á hv. Alþ. Ég tel því að ef þetta fyrirkomulag væri tekið upp, þá mætti búast við að orlofsféð rynni — og rennur að sjálfsögðu — beint inn í almenn laun og verður metið sem slíkt og verður að eyðslueyri þessa fólks strax og það fær þessa peninga í hendur. Það gengur til hinnar daglegu framfærslu. Þegar svo kemur að því, að þetta fólk vill taka orlof og fara í frí, þá eru engir peningar til. Þótt leitað verði sparnaðar og farið verði inn á það fyrirkomulag sem hv. 1. flm þessa frv. leggur til að verði farið og ég styð, þá held ég að nokkur hætta sé samfara hugmyndum hv. 10 þm. Reykv., og ég vil óska eftir að þessi varnaðarorð fylgi með til n., þegar málið verður tekið til athugunar þar.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þau mál, sem eru hér til umr. nú vegna frv. hv. þm. Karvels Pálmasonar o. fl., voru rædd nokkuð á næstsíðasta Alþingi, 100. löggjafarþinginu, eins og hv. þm. Friðrik Sophusson gat um. Hv. þm Friðrik Sophusson greindi frá þeirri skoðun, sem þar hafði komið fram hjá Eðvarð Sigurðssyni, formanni Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sem þá sat á Alþingi. Eðvarð Sigurðsson lagði í ræðu sinni áherslu á það meginatriði, sem hv. 1. landsk. þm. Pétur Sigurðsson, nefndi áðan, að orlofsféð væri ekki hugsað sem eyðslueyrir. Ég held að þetta verði varla betur skýrt en með því að lesa — með leyfi hæstv. forseta — stuttan kafla úr þessari ræðu sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson flutti og vitnað var til áðan. Eðvarð Sigurðsson sagði:

„En grundvallarhugsunin var sú, að menn ættu þetta fé þegar þeir færu í orlof. Það væri kannske alveg á sama hátt hægt að leggja niður t. d. lífeyrissjóðina, það væri kannske hægt að leggja niður að verulegu leyti almannatryggingar, færa þessa kostnaðarliði inn í kaupið og segja svo við fólkið: Þið eruð búin að fá greitt vegna þessa kostnaðar. — Málið er ekki svona. Málið er þannig, að það væri aðeins í örfáum undantekningum, bæði varðandi orlofsfé og lífeyrisgreiðslur, að menn hefðu þennan hátt á. Þess vegna voru lögin sett, þess vegna hafa menn líka komið sér saman um lífeyrissjóðina. Þetta grundvallarsjónarmið verða menn að hafa í huga. Þetta fé á að vera fyrir hendi þegar orlof er tekið."

Eðvarð Sigurðsson hélt áfram á þessa leið:

„Hitt er svo annað mál, að sjálfsagt eru margar aðferðir hugsanlegar til þess að ná þessu marki. En þetta grundvallarmarkmið verður að vera fyrir hendi. Sjálfur hef ég gjarnan verið þeirrar skoðunar, að 1971, þegar orlofsmerkin voru lögð niður og gírógreiðslurnar teknar upp, hefði gjarnan mátt taka í þetta kerfi, gírókerfi, greiðslur alls orlofsfjár allra launþega. Með því móti hefði skapast traustur grundvöllur fyrir því, að hægt hefði verið að verðbæta þetta fé nokkurn veginn í samræmi við vöxt verðbólgu og dýrtíðar, vegna þess að þá hefði þarna verið um svo stórkostlega fjármuni að ræða, sem aðeins örlítill hluti af hefði þurft að fara til rekstrar.

Í öðru lagi hefði að mínu viti," heldur Eðvarð Sigurðsson áfram," ef þessi leið hefði verið farin, verið hægt að fá grundvöll — og ákjósanlegasta grundvöll sem menn hefðu getað fengið — fyrir margs konar launa-„statistik" sem því miður er ákaflega bágborin í landi okkar.

Ég vil undirstrika að þetta orlofsfé er ekki viðbót á launin í eðli sínu. Það er hluti af launum sem geymdur er á þennan hátt. Ég held að það sé í verkalýðshreyfing-

unni fullkominn vilji til þess að skipa þessum málum á hagkvæmasta hátt, bæði hvað snertir rekstur og annað. En út frá því grundvallarsjónarmiði, þeirrar grundvallarreglu, að orlofsféð sé ekki eyðslueyrir, ekki daglegur eyðslueyrir, heldur eigi að vera fyrir hendi þegar orlof er tekið, verða allar aðferðir varðandi orlofskerfið að ganga."

Úr því að þetta mál bar hér á góma á hv. Alþ. og vitnað var til þeirrar ræðu alveg réttilega af hv. þm. Friðrik Sophussyni, sem Eðvarð Sigurðsson, formaður Dagsbrúnar, hélt hér í fyrra, þótti mér rétt að koma þessu sjónarmiði á framfæri og vil fara þess á leit við hv. félmn., að hún taki einnig tillit til þeirra sjónarmiða þegar hún fjallar um málið.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil byrja á því að vekja athygli á þeirri tölu, sem hæstv. ráðh. gat ekki um hér áðan. Hann sagði að það væri, ef ég skildi hann rétt, helmingurinn af vöxtunum sem færi í kostnað, eins og vextirnir voru fyrir hækkun. Ef það er rétt, sem kom fram hjá hv. 1. flm. málsins, að það væru 500 millj. sem legðust til sem orlofsfé á Vestfjörðum, þá eru það 12.5 millj. af því fé sem fara beint til rekstrar í þeirri deild hjá Pósti og síma sem heldur þessum málum gangandi. Ég vek athygli á þessu, og svo geta menn leikið sér við að margfalda þessa tölu til þess að finna út hvað hún er há að öllum líkindum fyrir allt landið.

Það, sem skiptir máli, er að átta sig á því, að það er engin trygging fyrir að fólk, sem fær þetta fé útborgað þegar hægt er að fá það útborgað, noti það í sumarleyfi sínu. Það er margt fleira sem þetta fólk hugsar um að leggja fjármagn í. Ég hef sjálfur reynslu af því og hef séð það allt í kringum mig, að þetta fólk geymir alveg eins fjármuni á bankabókum til að eyða í sumarfríi sínu. Þegar það hins vegar fær útborgað orlof fara þær greiðslur í allt annað, enda er lögunum ekki fylgt út í ystu æsar hvað þetta snertir.

Það, sem skiptir þó öllu máli fyrir launafólkið í landinu, er að þessi hluti af launum, sem þarna er geymdur, sé verðbættur, og það gerir íslenska ríkið ekki. Það greiddi 5% vexti þegar verðbólgan var allt að því 10 sinnum meiri. Það er komið upp í 11% og enn er verðbólgan a. m. k. þrisvar, fjórum, fimm eða jafnvel sex sinnum meiri. Það er einmitt þetta vandamál sem við erum að ræða hér um. Og ég treysti fólkinu sjálfu betur til þess að leysa þetta vandamál með því að leggja þetta fé inn á bankabækur, inn á fastar bankabækur, heldur en ég treysti Pósti og síma, þótt þar séu ágætir menn, til að geyma og varðveita þetta fé. Og ég treysti verkalýðsfélögunum betur til að semja þannig fyrir sína umbjóðendur en ríkisstarfsmönnum, hversu góðir sem þeir eru.

Það er þetta sem um er að ræða, og það er þess vegna sem ég lét þessi sjónarmið koma fram í fyrri ræðu minni. Og ég bið menn um að átta sig á því, að hér er um það að ræða, hvort við eigum endalaust að halda áfram að hugsa í þá veru, að ríkisvaldið og þeir, sem fara með völdin á hverjum tíma, eigi að sjá fyrir öllum sköpuðum hlutum fyrir fólkið í landinu. Ég held að það sé kominn tími til þess, vegna breyttra aðstæðna og breyttra skilyrða, að við hugsum annað slagið, ég geri ekki meiri kröfur en það, um það, hvort ekki sé hægt að ímynda sér að fólkinu sjálfu sér treystandi fyrir eigin hag.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess að fagna því, hversu góðar undirtektir þetta mál hefur fengið, og með hliðsjón af því hef ég a. m. k. ástæðu til að ætla að málið ætti að geta fengið greiða göngu í gegnum þingið og jákvæða. (Gripið fram í.) Já, fær það kannske í dag. En út af því, sem hér hefur komið fram, langar mig til að fara örfáum orðum um einstaka þætti.

Það má vera út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, að það þyrfti eða væri æskilegt að gera stórkostlegri breytingu á orlofslöggjöfinni en hér er lagt til. En ég er út af fyrir sig ekki reiðubúinn til að standa að eins stórkostlegri breytingu á orlofslögunum og t. d. kom fram í máli hans, því að það er alls ekki ætlun mín eða okkar, sem að þessu frv. stöndum, að orlof verði greitt út sem eyðslueyrir með kaupi, síður en svo. Við gerum ráð fyrir að hið sama gildi áfram, að þetta séu peningar eða fjármunir sem eru lagðir til hliðar og að fólk geti fengið þá útborgaða á þeim tíma sem gert er ráð fyrir að launþegar geti tekið sér frí frá störfum og farið í orlof. Hér er einungis um það að ræða, að við gerum ráð fyrir, að ef af þessari breytingu yrði, þá yrði þetta fé lagt inn á bankabækur sem væru bundnar til árs, þannig að fólk fengi þetta fé ekki út fyrr en orlofsár er hafið. Ég undirstrika það, að það er ekki okkar ætlun að þetta fé verði borgað út jafnhliða kaupi og þannig notað sem eyðslueyrir. Það er víðs fjarri. Breytingin miðar ekki að því.

Út af því, sem hæstv. félmrh. sagði, vil ég aðeins segja það, að mönnum þykir kannske mikið upp í sig tekið að halda því fram, að það hafi verið slæleg innheimta hjá Póstgíróstofunni. En ég fullyrði það, því að ég hef reynslu af því sjálfur. Hún hefur talið sig standa frammi fyrir þessu vandamáli án þess að geta gert neitt.

Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðh., að ekki er allt fengið með þessari breytingu, það er okkur ljóst. En við teljum þó að það sé svo mikið fengið með henni, að hún sé réttlætanleg, svo mikið til hins betra, að það sé réttlætanlegt að gera þessa breytingu.

Það kom jafnframt fram hjá hæstv. ráðh., að nú bæri Póstgíróstofunni skylda til þess að greiða orlofsfé þó ekki sé búið að greiða af atvinnurekendanna hálfu. Þetta er rétt. En mér dettur ekki í hug að halda annað en að t. d. þau verkalýðsfélög, sem mundu semja við sína viðsemjendur um að þetta fé yrði greitt inn á bankabækur í viðkomandi peningastofnun, sæju um að viðkomandi peningastofnun yrði skuldbundin á sama hátt og Póstgíróstofan til að greiða út féð þó ekki væri komin greiðsla frá atvinnurekendunum. Ég vil að tækifæri sé til að semja um þessa hluti jafnframt, þannig að ég sé ekki að neinn hængur sé á þessari breytingu. Það er jafnframt hægt að fá samkomulag við þessar peningastofnanir um skyldu þeirra til að greiða þetta fé út, þó að viðkomandi vinnuveitendur séu ekki búnir að greiða til þeirra, þannig að það á ekki að standa í vegi fyrir því, að þessi breyting verði gerð.

Ég held að það sé ekki fleira sem ég þyrfti að ræða út af því sem hér hefur komið fram í umr. Ég tók ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar svo, að það væri jákvæður málflutningur við þessar breytingar. (**Gripið fram í:** Ertu nokkuð hissa á því?) Ja, ég tók hana svo. Sé það ekki rétt, þá vænti ég þess, að hv. þm. leiðrétti það. En ég gat ekki skilið betur en það væri stuðningur við þessa breytingu, að því gefnu, að hér væri ekki verið að breyta í þá átt að fólk ætti að fá þetta sem eyðslueyri. Það er alls ekki ætlun

okkar.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þetta meira, en taldi rétt að þetta kæmi þó fram.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Vegna síðustu orða hv. 6. landsk. þm. vil ég taka það fram, að ég er jákvæður gagnvart því að orlofsmálin séu athuguð. Ég tók í ræðu minni enga sérstaka afstöðu til þess frv., sem hv. þm. og fleiri hafa flutt hér, en minnti á ákveðin grundvallarsjónarmið varðandi orlofsmálin, sem Eðvarð Sigurðsson, formaður Verkamannafélagsins Dagbrúnar, gerði grein fyrir úr þessum ræðustól á síðasta þingi. Og ég fór þess á leit við hv. félmn., að hún tæki mið af þeim grundvallarsjónarmiðum þegar hún afgreiddi þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 93). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um breytingu á ákvæðum um sektaheimild lögreglumanna og lögreglustjóra. Sektaheimildir þessar eru samkv. núgildandi lögum bundnar við 7000 kr. að því er varðar lögreglumenn og 60 þús. kr. að því er varðar lögreglustjóra. Fjárhæðir þessar, sem bundnar eru við tiltekna málaflokka, brot á umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta og lögreglusamþykktum, hafa staðið óbreyttar frá árinu 1976. Vegna verðlagsþróunar undanfarin ár er nauðsynlegt að hækka fjárhæðir þessar.

Sú skipan að afgreiða mál með lögreglusekt hefur gefið góða raun og léttir verulega starfi af dómstólum.

Með frv.þessu er lagt til að sektaheimildir lögreglumanna hækki í 30 þús. kr. og sektaheimild lögreglustjóra í 300 þús. kr. Jafnframt felst í frv. ákvæði er mundi heimila lögreglustjóra að ákveða, auk sektarákvörðunar, eignaupptöku vegna brota sem sektaheimildin nær til, enda fari verðmætið eigi fram úr 100 þús. kr. Með þessari heimild verði lögreglustjóra mögulegt að ljúka með sektargerð ýmsum smámálum sem nú þurfa að fara fyrir dómara, einkum málum er varða meðferð áfengis. Hér er um að ræða hliðstæða heimild og tollyfirvöld hafa haft um árabil.

Eins og áður segir hafa sektargerðir þessar gefið góða raun og létt verulegu starfi af dómstólum. Hins vegar er svo um hnúta búið, að máli verður ekki lokið með þessari aðferð nema aðili samþykki. Ef hann samþykkir ekki þessa málsmeðferð verður máli vísað til meðferðar dómstóla.

Herra forseti. Ég hef þá rakið meginefni frv. þessa. Ég legg til að að lokinni umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, frv. (þskj. 102). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Að tilhlutan félmrn. hefur verið útbúið frv. það til l. um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum sem lagt hefur verið fram í þessari hv. d. sem 67. mál á þskj. 102. Um frv. þetta get ég verið stuttorður. Eins og segir í aths. við frv. þykir rétt, þegar svo háttar til í sveitarfélagi að engar jarðir eru í ábúð, en allt búfjárhald er á vegum íbúa í kauptúni, að ráðh. verði veitt heimild til að samþykkja reglugerð um búfjárhald í sveitarfélagi, ef sveitarstjórn telur nauðsyn bera til að setja slíka reglugerð, þótt íbúar þess séu færri en 1000 að tölu, en við þá tölu er miðað í gildandi lögum. M. ö. o.: það er verið að veita kauptúnum með færri íbúa en 1000 sömu réttindi og sömu skyldur í þessum efnum og fjölbýlli stöðum.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. þessarar hv. d. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 88). — 1. umr.

Flm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 88 frv. til l. um breyt. á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem miðar að því að leysa hinn gífurlega ójöfnuð sem stöðugt hefur verið að aukast í raforkuverði landsmanna.

Eitt stærsta hagsmunamál allra landsmanna í dag er að eiga kost á nægri raforku á hagstæðu og jöfnu verði. Á sama hátt er nauðsynlegt fyrir hinar dreifðu byggðir landsins að mismunur raforkuverðs, jafnt til heimilisnotkunar sem atvinnurekstrar, verði ekki til að raska búsetu og atvinnuþróun í landinu.

Á sjöunda áratugnum var verðmunur á raforku 20—25% og þótti mikill og þá var rætt um að dregið yrði úr honum þegar nægileg raforka yrði fyrir hendi og Búrfellsvirkjun væri komin í gang. Þegar þróunin stefndi í þá átt, að þessi mismunur færi yfir 25%, var lagt á almenna raforkusölu í landinu 13% verðjöfnunargjald sem rann til RARIK til verðjöfnunar. Þrátt fyrir þetta verðjöfnunargjald, sem reyndar var hækkað úr 13 í 19% á s. l. ári, hefur þessi mismunur stöðugt verið að aukast og þó mest s. l. 2—3 ár og nemur víða 60—90% og á sumum töxtum jafnvel yfir 100%. Jafnframt þessu hefur hagur RARIK sífellt farið versnandi og veldur því fyrst og fremst að upp hafa safnast hjá RARIK mjög óhagkvæm gengistryggð lán með háum vöxtum, þannig að vextir og afborganir vegna félagslegra framkvæmda um land allt leggjast með fullum þunga á notendur dreifikerfis RARIK. Þannig fór um 1/3 af tekjum RARIK á s. l. ári eða 3.3 milljarðar til greiðslu vaxta og afborgana. Við þetta verður ekki unað. Þetta verður ekki lagfært með frekari hækkun verðjöfnunargjalds, enda hefur það alltaf verið skilgreint sem bráðabirgðaskattur frá ári til árs.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér, mun þurfa

um 2 milljarða til að jafna raforkuverðið, ef rafhitunarkostnaður er ekki meðtalinn. En afgangurinn af þeim tekjustofni, sem fæst með samþykkt frv., færi til lækkunar á rafhitunarkostnaði. Veruleg lækkun á þeim kostnaði verður og til þess, að þeir, sem nú búa við olíuhitun og ekki eiga völ á hitaveitum, geta með talsverðri hagkvæmni breytt yfir í rafhitun, en að sjálfsögðu er alger forsenda þess, að tengsl rafhitunartaxta og olíuverðs verði rofin svo og að næg orka og flutningslínur séu fyrir hendi.

Fjárhagsvanda RARIK verður að leysa með einum eða öðrum hætti úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna, annaðhvort með beinum greiðslum úr ríkissjóði eða með því að auka tekjur Byggðasjóðs og gera honum kleift að veita framlög í þessu skyni til RARIK eins og hér er lagt til. Þar sem rætt er um RARIK í máli mínu á ég einnig við Orkubú Vestfjarða eftir stofnun þess.

Með þeirri breytingu, sem í frv. felst, er lagt til að Byggðasjóði sé falið þetta verkefni, enda segir í lögum nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, VI. kafla, um Byggðasjóð, 28. gr.:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Samkv. þessari grein í lögunum um Byggðasjóð getur þetta verkefni vissulega fallið undir hann. Óbreytt orkuverð stuðlar að búseturöskun í landinu ef svo heldur fram sem nú er. Hér er því lagt til að tekjur Byggðasjóðs verði auknar eins og frv. ber með sér, sem þýðir um 3.3 milljarða tekjuaukningu, og fjárhagsvandi RARIK að hluta þannig leystur og þar með stefnt að sem jöfnustu raforkuverði um allt land. Jafnframt verði RARIK gert að endurskoða gjaldskrá sína frá grunni, lækka verð á raforku og afnema hækkunartengsl hitunartaxta við söluverð dísilolíu, svo sem áður kom fram. Eðlileg byggðaþróun í landinu er undir því komin, að tekið verði á þessu máli.

Að svo mæltu legg ég til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal nú ekki tala langt mál um þetta frv. Ég get að sjálfsögðu tekið undir flest af því, sem hv. flm. sagði um þetta mál almennt eða um nauðsyn þess að jafna raforkuverð í landinu, og margt af því, sem fram kemur í grg. varðandi þessi atriði. Hins vegar sé ég ástæðu til þess að vara nokkuð við því að fara út á þá braut að gera Framkvæmdastofnunina og Byggðasjóð að einhvers konar afgreiðslustofnun fyrir ýmsa sérmarkaða tekjustofna. Ég held að það sé verið að fara út á nokkuð hættulega braut og vafasama, en nokkur tilhneiging hefur verið upp á síðkastið að fela Framkvæmdastofnun og Byggðasjóði einhvers konar afgreiðslu á sérstaklega mörkuðu fjármagni sem ríkisvaldið hefur með höndum og vill vissulega nota til góðra hluta. Ég held að þetta sé mjög vafasöm stefna, og ég vil gera aths. við þetta mál að þessu leyti.

Að vísu kemur það fram í 1. gr. þessa frv., að hv. flm. gerir ráð fyrir að hækka það framlag sem ríkissjóður leggur Byggðasjóði samkv. 27. gr. laga um Framkvæmdastofnun, en eigi að síður er hér um algera afmörkun á fjármagni að ræða. Ég held að Framkvæmdastofnun sé í þessu tilfelli alveg óþarfur milliliður. Ef á að afla meira fjár til að jafna raforkuverð í landinu, sem vissulega er mikil nauðsyn að gera og ég get tekið undir, þá sé ég ekki ástæðu til að það verði gert fyrir milligöngu Byggðasjóðs eða lagt á starfsmenn Framkvæmdastofnunar að framkvæma það. Ég sé ekki mikil rök fyrir því.

En af því að þetta mál er hér til umr. leyfi ég mér að minna á annað mál, þó að það mál sé að sjálfsögðu ekki til umr., en það er þó ástæða til að vekja á því athygli. Það er 26. mál þingsins, sem fjallar um greiðslu bóta vegna óverðtryggðrar framleiðslu búvara og er flutt af hv. sjálfstæðismönnum, ég held næstum að segja öllum sem í deildinni eru, en þar er einnig gert ráð fyrir að sú kvöð sé lögð á Byggðasjóð, að hann endurgreiði 3 millj. kr. framlag sem flm. þess frv. hugsa sér að verði lagt fram til þess að greiða bætur vegna óverðtryggðrar framleiðslu landbúnaðarvara. Þarna er enn verið að leggja á Byggðasjóð byrðar fyrir fram af Alþingi. Ég tel að þarna sé verið að taka upp stefnu sem er mjög vafasöm, að ekki sé meira sagt, og ég vil gera aths. við það í framhaldi af því sem ég sagði um það frv. sem hér er til umr. um breytingu á lögum um Framkvæmdastofnun og er flutt af hv. 6. þm. Suðurl.

Ég minnist þess, og ég held að ég muni það rétt, að hv. sjálfstæðismenn voru eitt sinn með þá hugmynd og till. uppi um það — það mun hafa verið fyrir kosningarnar 1978 — að verja svo og svo miklu fjármagni Byggðasjóðs fyrir fram til vegagerðar. Ég gæti líklega talið upp, ef ég athugaði minn gang dálítið betur, miklu fleiri hugmyndir sem fram hafa komið úr ýmsum áttum, ekki síst frá sjálfstæðismönnum, um að afmarka starfsemi Byggðasjóðs fyrir fram með löggjöf frá Alþ., sem sagt hafa alveg nákvæmar forskriftir um það, hvernig verja skuli fjármagni Byggðasjóðs. Ég veit að allt þetta er gert í góðum tilgangi. Samt sem áður hlýt ég að minna á þetta til viðvörunar, því að hér er áreiðanlega ekki verið að ganga út á mjög skynsamlega braut. Svo lengi sem Byggðasjóður starfar — sem ég vona að verði sem lengst og hann verði sem öflugastur — held ég að fari best á því og sé affarasælast að stjórn sjóðsins fari með málefni hans að öllu verulegu leyti.

Þetta eru þær aths. sem ég vildi gera við þetta frv., þó að ég taki hins vegar heils hugar undir almennar hugleiðingar hv. flm. um nauðsyn þess að jafna raforkuverð í landinu.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu tveggja síðustu hv. ræðumanna, sem rætt hafa um málefni Byggðasjóðs m. a.

Það er alkunna að forráðamenn Byggðasjóðs og ráðamenn halda því fram, og það með réttu, að sjóðurinn sé fyrst og fremst ætlaður til stofnlána, ekki til rekstrar, og annað, að hann sé viðbótarlánasjóður sem komi til styrkingar öðrum stofnsjóðum til þess að vinna að vissum málum. En ég vil minna á hið raunverulega hlutverk Byggðasjóðs, sem fjallað er um í 28. gr. laga um þau efni. Þar er sagt að hlutverk Byggðasjóðs sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 10. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði. — Þetta stendur skrifað.

Nú er það svo í seinni tíð, — ég dreg ekki í efa og það

viðurkenna allir að Byggðasjóður hefur innt af hendi mikilvægt hlutverk og komið víða að stórgóðu liði úti um byggðir landsins, — en í seinni tíð vex þeirri skoðun fylgi að það eigi í raun og veru að leggja niður „landamæri" Byggðasjóðs og fara að veita úr honum lán m. a. til þéttbýlisins hér á Reykjanesi og höfuðborgarsvæðinu. Ef sú stefna verður ríkjandi meira og minna í framtíðinni er ekki óeðlilegt að henni verði svarað á þann hátt að fitja upp á tillögum þess efnis að Byggðasjóður láti til sín taka í mikilvægum málum sem varða hinar dreifðu byggðir um allt land.

Hv. síðasti ræðumaður vék að því, að við sjálfstæðismenn hefðum gert tillögur um að fé úr Byggðasjóði rynni til vegamála. Hann gaf það einnig í skyn, sem rétt er, að við hefðum nefnt Byggðasjóð í sambandi við erfiðleika bændastéttarinnar. Loks nú getur frummælandi þess, að eðlilegt sé að leita til Byggðasjóðs þegar jafna á hið stórkostlega misrétti sem ríkir hvað varðar raforkuþjónustu við landsmenn. Mér finnst að þessi þrjú atriði, þó að þau kosti að sjálfsögðu mikið fé, séu í raun og veru eðlilegt andsvar við þeim tillögum sem nýlega hafa verið samþykktar af forráðamönnum Byggðasjóðs og gera ráð fyrir því, að mér skilst, að „landamæri" Byggðasjóðs verði raunverulega lögð niður og hann láti til sín taka — að sönnu að góðu einu — hvar sem vera skal um byggðir landsins.

Flm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég vil út af orðum hv. þm. Ingvars Gíslasonar segja það, að ég gat þess í ræðu minni áðan og las upp rökstuðning sem er einmitt fyrir því, að Byggðasjóði verði falið það verkefni að jafna raforkuverð, *því að eins og í lögunum stendur* gæti það vissulega undir hann fallið. Og ég lagði til tekjuaukningu til Byggðasjóðs vegna þessa verkefnis, ég vil taka það skýrt fram. Það var ekki gert í hinum tveim þáttunum sem hann gat um, varðandi vegamálin og til landbúnaðarins. Þar var ekki lögð til tekjuaukning Byggðasjóðs. Hins vegar eru þau mál sama eðlis og ekki óeðlilegt að Byggðasjóður kæmi þar inn í, sannarlega ekki. Þetta vildi ég láta koma fram.

Hv. þm. gat þess réttilega, að fé þyrfti til að koma og það væri mikið verkefni að jafna raforkuverðið. En hann sagði ekki hvar ætti að taka til þess fjármuni. Ég lagði áherslu á í ræðu minni áðan að þarna þyrfti að koma til fé úr sameiginlegum sjóði landsmanna með einum eða öðrum hætti. Hvaða leið verður í því farin geri ég ekki að höfuðmáli. Ég benti á þá leið, að það færi um Byggðasjóð. Hin leiðin getur líka verið, að fé komi beint af fjárlögum. En ég held að allir hljóti að vera sammála um að til þessa verður að koma fé og það strax og það verði ekki seinna en við afgreiðslu fjárlaga í vetur að taka á þessu máli. Ég held að slíkt sé alveg óhjákvæmilegt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta öðru en því að ég vil undirstrika að ég fæ ekki séð að þetta nauðsynjamál, sem það er að útvega fjármagn til jöfnunar á raforkuverði, þurfi að fara í gegnum Byggðasjóð og Framkvæmdastofnun. Ég fæ ekki séð að það sé nein ástæða til að gera Byggðasjóð að afgreiðslustofnun, eins og ég hef sagt, í þessu efni.

Hvað varðar ræðu hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar var margt athyglisvert í því sem hann sagði. Það er rétt, að orðið hefur nokkur breyting í stjórn Byggðasjóðs varðandi hugmyndir um hvernig ráðstafa skuli fé sjóðsins. Ég hef lengi átt sæti í sjóðsstjórninni og hef reynt að beita mér af megni gegn því, að úthlutunarreglunum verði verulega breytt frá því sem löngum hefur verið, og ég fellst á það með hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, að það er ákaflega óeðlilegt að svo komnu máli a. m. k. Ég sé ekki annað en það verði löng bið þangað til rök verða fyrir því að fara að veita fé úr Byggðasjóði inn á mesta þéttbýlissvæði í landinu. Þetta er alveg augljóst mál, um það erum við sammála. Samt sem áður held ég að við megum ekki gera of mikið úr þessu. Sannleikurinn er sá, að þróunin hafði verið smám saman í þá átt að farið var að veita fé til margs konar hluta hér á þéttbýlissvæðinu, t. d. til útgerðarinnar. Það var farið að veita næstum því alveg jafnt til útgerðar hér á þéttbýlissvæðinu og til annarra staða. Það eina, sem eftir var, var iðnaðurinn. Má vel vera að þegar svo var komið hafi ekki um það munað þó að reglunum yrði breytt með þeim hætti sem gerðist ekki alls fyrir löngu.

Hins vegar væri ástæða til að ræða starfsemi Byggðasjóðs miklu nánar og í hvaða farveg það starf hefur fallið. Það er hverju orði sannara, sem hér hefur komið fram, að Byggðasjóður hefur víða komið til liðs við uppbygginguna í landinu og úti um landsbyggðina. En ég held því miður að að sumu leyti hefði sú starfsemi mátt falla í dálítið annað far en verið hefur. Það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að Byggðasjóður sé til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en jafnframt gert ráð fyrir að á vegum Framkvæmdastofnunarinnar séu gerðar ýmsar byggða- og landshlutaáætlanir, og það hefur vissulega verið gert. En gallinn við áætlunargerðina er fyrst og fremst sá, að sáralítið hefur verið gert til að framkvæma á grundvelli áætlananna, þ. e. að gera framkvæmdaáætlanir sem væru byggðar á þess háttar áætlanagerð. Þetta held ég að sé höfuðágallinn á starfsemi Byggðasjóðs þau ár sem hann hefur starfað. Ég held að það sé mikið hugleiðingarefni fyrir þá, sem stjórna Framkvæmdastofnuninni og Byggðasjóði og áætlunardeildinni, að fara meira út á þá braut að gera landshlutaáætlanir og síðan skynsamlegar framkvæmdaáætlanir, beinar og „konkret" áætlanir, og leggja þeim áætlunum fjármagn eins og til þarf. Mér finnst vera eðlilegra að ræða um starfsemi Byggðasjóðs á þeim nótum en að gefa beinar forskriftir á Alþ. um hvernig ráðstafa skuli fjármagninu og það í jafnstórum stíl og gert er í því frv., sem hér er til umr., og reyndar í því frv., sem ég var að minnast á áðan, frá sjálfstæðismönnum um greiðslur til bænda. Mér finnst að þar sé höggvið nokkuð stórt og teknar nokkuð stórar sneiðar í einu, og mér virðist að þar sé um að ræða mjög óeðlilega forskrift af Alþingis hálfu í þessum efnum. Ég vil vekja á þessu athygli og vara við því, að þannig verði starfað í framtíðinni.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. hefur þann tilgang að afla fjár til að jafna raforkuverð í landinu og tekur því á viðamiklu vandamálu, sem nauðsynlegt er að gefa gaum og leysa fyrr en síðar. Það er rétt að vekja athygli á því, að eins og segir í grg. frv. er mikill verðmunur á gjaldskrám rafveitna, jafnvel svo mikill að muni 60—90% á sumum töxtum eða meira. Ég hef ekki við höndina yfirlit um gjaldskrár rafveitna, en ég hygg að þetta sé rétt. Ég get upplýst t. a. m. að heimilistaxti er 55% hærri hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og gjaldskrár sumra rafveitna munu vera lægri en Rafmagnsveitu Reykjavíkur. En

þetta er rétt að verði upplýst og tekin saman skrá yfir rafmagnsverð í landinu frá hinum ýmsu raforkusölufyrirtækjum og þá greinilega skýrt hvert verðið er eftir hinum ýmsu töxtum.

Það er sem sé ljóst að mikill verðmunur er á raforku í landinu og þann verðmun þarf að jafna. Að því höfum við stefnt með tillöguflutningi, sem erum í forsvari hjá Rafmagnsveitum ríkisins, og höfum lagt til að veitt yrði til þess fé úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Álitamál er hvort veita eigi fé úr Byggðasjóði, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, en þó er rétt að hafa í huga að með frv. er ekki verið að leggja auknar fjárhagslegar skuldbindingar á Byggðasjóð, eins og jafnvel mátti skilja á orðum hv. þm. Ingvars Gíslasonar. Ég ætla ekki að slá því föstu að hér sé um rétta leið að því marki að ræða að jafna raforkuverðið, en víst er að tilgangur frv. er af hinu góða.

Ég mun ekki við þetta tækifæri rekja þessi mál ítarlega. Ég mun gera það frekar við önnur tækifæri hér á Alþ. og vænti þess að gefast muni tilefni til þess þegar fjárlagaumr. fer fram. Það er, eins og hér hefur fram komið, hin mesta nauðsyn að þá verði tekið á málinu þannig að fé verði ráðstafað í þessu skyni, hvort sem sú leið verður valin, sem hv. flm. þessa frv. bendir á, eða brugðist við með öðrum hætti. Ég mun því ekki efnislega fara langt út í þessa sálma núna.

Hv. þm. Ingvar Gíslason benti á áðan, að verið væri að leggja auknar kvaðir á Byggðasjóð samkv. frv. þm. Sjálfstfl., og sagði nokkuð stórt höggvið og átti þar við frv., sem ég er 1. flm. að, um greiðslu bóta vegna óverðtryggðrar framleiðslu búvara. Ég hef rætt það mál og er ekki ástæða til að endurtaka neitt, en bendi hv. þm. á, ef hann hefur gleymt því eða ekki verið við umr., að fyrir árið 1979 á næstsíðasta Alþ. við afgreiðslu fjárl. var tekið fjármagn af Byggðasjóði og því ráðstafað með fjárlagaafgreiðslu til tiltekins verkefnis, sem nam 1130 millj. kr. Þetta var mjög veigamikill hluti af öllu ráðstöfunarfé Byggðasjóðs á árinu 1979. Það sem við flm. þskj. 26 höfum lagt til, er ekki nærri því eins stórt höggvið, svo að notað sé orðalag hv. þm. Ingvars Gíslasonar, við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1979. Mér þykir líklegt að hv. þm. hafi staðið að því og sú ríkisstj. sem hann studdi og bar ábyrgð á.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Þessi umr. hefur að nokkru fjallað um Framkvæmdastofnun ríkisins og er kannske rétt að leggja nokkur orð í belg um þá stofnun. Henni veita forstöðu tveir framkvæmdastjórar, sem jafnframt eru alþm. Því til viðbótar eru síðan fimm menn í stjórn þessarar ágætu stofnunar sem enn fremur eru jafnframt alþm. Eins og kom fram í máli hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar hafa „landamæri" í sambandi við lánveitingar þessarar stofnunar smátt og smátt verið að hverfa svo að eftir stendur raunar að stofnunin er orðin fjórði ríkisbankinn, að því viðbættu kannske að hún lánar til nokkuð sérhæfðra verkefna. Því má svo bæta við að vextir þessa ríkisbanka munu vera nú, að ég hygg, um 22% eða mun lægri en svarar til þeirrar almennu vaxtastefnu sem reynt hefur verið að reka í landinu upp á síðkastið.

Ég vil að sú skoðun komi fram í umr. að Framkvæmdastofnun hefur mjög breytt um svip frá því að hún var sett á laggirnar í byrjun þessa áratugs. Hún er orðinn fjórði ríkisbankinn þrátt fyrir margítrekaða yfirlýsingu bæði flokka og manna á hinu háa Alþingi um að að því skuli stefnt að ríkisbönkunum skuli ekki fjölgað, heldur skuli þeim fækkað úr þremur í tvo, en þó með þeirri sérstöðu að svo hefur verið um hnútana búið, bæði að því er varðar framkvæmdastjórn og stjórn þessarar stofnunar, og þannig njörvað að henni er stýrt beint frá Alþingi. Ég held að þetta sé vond uppsetning og vond þróun sem hafi hér átt sér stað. Ég held að löggjafarvald og framkvæmdavald blandist saman með óeðlilegum hætti. Hluti fjárveitingavaldsins er raunverulega aðeins fluttur til, freistingarnar eru miklar, að ekki sé talað um þegar vaxtastefna stofnunarinnar er önnur og stundum talin hagstæðari fyrir lántakendur en hin almenna vaxtastefna er í landinu.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar, að það sé löngu orðið tímabært að hv. Alþ. endurskoði lög um Framkvæmdastofnun ríkisins með þeim hætti að annaðhvort sé viðurkennt, að hér er risið upp fjórða ríkisbankabáknið í landinu, og að reglur um þessa starfsemi verði þá með þeim hætti, eða á hinn bóginn, að þeim verkefnum, sem þessi stofnun hefur haft, sé skipt og þau flutt annað. Áætlunargerðir eru auðvitað af hinu góða, en hinar pólitísku lánveitingar, sem þarna hafa farið fram, hygg ég að séu af hinu illa og hafi valdið, hin síðari ár a. m. k., vandræðum að því leyti að það á ekki að vera hlutverk Alþ. að stjórna fjármagni með þeim hætti sem þarna er gert.

Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að verja löngum tíma í að ræða um Framkvæmdastofnun ríkisins og síst við hæstv. dómsmrh., því að hann er aldeilis ófær til þess, því að hann þekkir ekkert til starfsemi hennar, hefur aldrei haft fyrir því að kynna sér hana að einu eða neinu leyti, heldur búið sér til mynd af henni sem hann annaðhvort hefur hróflað upp sjálfur af fullkominni vanþekkingu eða farið eftir fullyrðingum annarra sem hafa haft svipað viðhorf til að bera, kjallaramanna Dagblaðs o. s. frv.

Það eru sjö þm. í stjórn Framkvæmdastofnunar, en ekki fimm, svo að ég byrji fyrst á stafrófinu fyrir hæstv. dómsmrh. því fer auðvitað víðs fjarri að hér sé risinn upp ríkisbanki. En á það má minna og kynna honum, að framkvæmdasjóður, sem starfar í þessari stofnun, var arftaki Framkvæmdabankans á sínum tíma og að því leyti er þetta banki sem starfar með mjög líku sniði að öðru leyti en því, að Framkvæmdasjóður gegnir ekki almennum viðskiptum, heldur er nær eingöngu endurlánasjóður fyrir atvinnuvegasjóði og þýðingarmikill hlekkur í fjármálastjórn ríkisins, enda er lánsfjáráætlun, að því leyti sem heyrir til Framkvæmdasjóðs, útbúin af stjórn sjóðsins og afgreidd af ríkisstj. og Alþ. þegar svo ber undir.

Ég hef ekki í höndum reikninga Framkvæmdasjóðs Íslands eins og þeir standa nú, en ég vil fullyrða fyrir fram að afkoma hans er miklu best af öllum þeim sjóðum, sem reknir eru í þessu landi, og hefur hann verið rekin harðar og skilvísar en aðrar fjármálastofnanir þessarar þjóðar, — Þetta bið ég menn að dæma þegar hægt er að leggja fyrir reikninga sjóðsins, — og einmitt á þá vísu sem hæstv. dómsmrh. og hans flokkur hafa þóst berjast fyrir, að fé hans hefur verið betur verðtryggt en fé annarra sjóða. Er ég þá ekki að rugla saman almennum vöxtum og verðtryggingu, sem mönnum hættir allt of oft til, líka hæstv. dómsmrh. og flokksmönnum hans.

Það var talað um miklar freistingar í sambandi við vaxtakjör Byggðasjóðs. Það er rétt, að í upphafi voru vextir af almennum lánum Byggðasjóðs 6%, ákveðnir af vinstri stjórninni sem setti þessa stofnun á fót. Ef menn skoða nú söguna, þar sem menn eru farnir að rifja tíðum upp fyrir sér hinar sögulegu staðreyndir, hvort sem það leiðir til sátta eða ekki, skulu menn athuga að það, sem lagt var úr vör með á sínum tíma, 1971, með lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins hefur ekki náð fram að ganga. Það var reitt hátt til höggs þá með stofnun sem virtist eiga að vera yfirbjóðandi lands og sjávar. En því fór víðs fjarri að hún yrði í framkvæmd neitt með því sniði, enda lögunum breytt í grundvallaratriðum frá því sem þá var, fyrir utan það sem lögin, eins og þau voru í upphafi, frá des. 1971, voru aldrei framkvæmd, en það sá m. a. ríkisstj. 1971—1974 um, af því sem þáv. ráðh. sáu í hendi sinni að ekki kom til nokkurra greina að slíkt nýtt drottnunarvald tæki við e. t. v. meginhluta af því verkefni sem þegar átti að vera í höndum framkvæmdavaldsins. — Freistingar fylgja og síðan eru nýir pennar og fjölmiðlafulltrúar mættir til leiks hér sem snúa sömu sveifinni og halda fundi í sjónvarpssal, þar sem þeir beina allri orku sinni að því að dekkja sem mest myndina af starfsemi þessa háa Alþingis og þeim fulltrúum sem þar sitja. Nýjasta dæmið er frá því í gær og ætti hæstv. dómsmrh. manna best að kannast við sviðsetninguna. Ef því er haldið fram, að þeir fjölmiðlar séu aðeins símstöð sem gefur samband og rétta mynd af störfum á hinu háa Alþingi, þá eru það vægast sagt ósannindi.

En ég vil biðja hæstv. dómsmrh. að athuga það hjá félaga sínum, hæstv. bankamálaráðh., viðskrh. Kjartani Jóhannssyni, hvernig standi hjá þeim, hvernig þeir hafi það viðskiptabankarnir sem hann hefur yfir að segja, hvernig afkoma hafi verið hjá þeim, hvort svo kunni til að bera að t. a. m. Landsbanki Íslands hafi þurft að láta prenta fyrir sig seðla í ómældu upplagi á s. l. ári. Viðskiptabankarnir eru meginstoðin ef á að takast að draga úr spennu og peningamagni í umferð í þessu þjóðfélagi. Ég veit vel að þeir komast vel af í Búnaðarbankanum, enda er sú stofnun sérkennilega rekin, svo að ekki sé meira sagt. En ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það, sem ég hef ekki í höndum, hversu miklum fjárfúlgum sú fjárhæð nam, hversu mikil fjárfúlga það var sem Seðlabankinn þurfti að prenta fyrir viðskiptabankana. Það vill nefnilega þannig til, að þeir, sem láta undan freistingunum, að því er talið er og fullyrt er, í Byggðasjóði þurftu ekki á seðlaprentun að halda vegna þess að þar í sjóði voru 710 millj. á s. l. áramótum. Enda þótt, eins og fram hefur komið í þessum umr., fjárveiting til hans væri skorin niður um 1130 millj. við fjárlagaafgreiðsluna í des. 1978 voru 710 millj. þar í sjóði og mundi þó margur vilja kannske renna augunum til þess að þá var kosningaár, þeir a. m. k. sem ætla að þetta gangi yfirleitt fyrir sig sem kosningaveiðar eða mútumennska. Allt þetta hlýtur að koma fram hér og ætti að vera til umr. þegar skýrsla Framkvæmdastofnunar ríkisins liggur fyrir, eins og hún gerir á hverju ári, þar sem lesa má hverja einustu smáfjárveitingu sem veitt er af hálfu stofnunarinnar, bæði Byggðasjóðs og Framkvæmdasjóðs, og væri gaman að fá að líta ofan í slíkar skýrslur frá öðrum lánastofnunum og væri þess þá að vænta að hæstv. bankamálaráðh., viðskrh., sæi okkur fyrir slíku gagni. En þá kemur skýrsla um starfsemi stofnunar þessarar til umr. hér í Alþ. þegar forsrh., sem hún heyrir undir, flytur skýrslu sína og hún liggur fyrir í heild og þm. hafa kynnt sér hana.

Ég lagði aðeins lykkju á leið mína vegna þeirrar umr. sem orðið hefur um Framkvæmdastofnunina í tilefni af frv. hv. 6. þm. Suðurl. Það er alveg rétt, að menn hafa hugað að því að Byggðasjóðurinn gæti tekið að sér fleiri verkefni, og ég er m. a. þeirrar skoðunar. Það er rangt, sem hefur verið haldið fram hér, að „landamæri" hans séu úr sögunni. Á hinn bóginn er það mín skoðun að hann eigi í vaxandi mæli að beina sjónum sínum að almennum fjárfestingum, eftir að talið verður að hans þurfi ekki eins við til að rétta við atvinnumál í hinum dreifðu byggðum landsins og áður var. Þar hefur okkur tekist vel upp og náð stórkostlegum árangri. Þessi sjóður hefur eflst að fjármunum og ég álít að í vaxandi mæli hljóti hann að beina spjótum sínum að því að verða almennur fjárfestingarlánasjóður. Þá hlýtur verksvið hans að víkka og mat hans meira að fara eftir gagnsemi og nytsemi framkvæmdanna en staðsetningu fyrirtækja. Eins er það að ég hef haft mestan áhuga á að Byggðasjóður, svo öflugur sem hann er orðinn, haldi tekjum sínum, en hann taki þátt í að verulegum hluta einu mesta byggðamáli þessarar þjóðar og það eru bættar samgöngur. Og það var í upphafi tillögugerðar minnar og fleiri Sjálfstfl.-manna um varanlega vegagerð sem ég lagði til að þá, þegar sú till. var lögð fram, yrði veittur 1 milljarður úr Byggðasjóði í óafturkræfu framlagi til þessara mikilvægu og einna mikilvægustu framkvæmdanna sem okkar bíður að ráðast í, varanlegrar vegagerðar. Ég held einmitt að þetta sé, fyrir utan að vera eitt brýnasta byggðamálið, eitt mikilvægasta málið til þess að sætta þéttbýli og strjálbýli um þennan lífsnauðsynlega sjóð strjálbýlisins. — Ég get í framhjáhlaupi minnt hv. þm. á uppruna hans, sem var gamli Atvinnubótasjóðurinn sem þm. strjálbýlisins börðust fyrir og fengu stofnaðan á sínum tíma, að vísu ekki með miklu fjármagni, en síðan var gamli Atvinnujöfnunarsjóðurinn sem stofnaður var við byggingu álversins í Straumsvík. Til hvers halda menn? Til þess að láta strjálbýlið njóta einhvers af ávöxtunum af því stórfyrirtæki sem byggt var hérna á þéttbýlissvæðinu. Síðan tók hann nafnið Byggðasjóður við stofnun Framkvæmdastofnunarinnar.

Það er of langt mál hér að fara að rekja sögu baráttunnar fyrir jafnvægi í byggð landsins. En ef menn halda að þeir geti rifið hana upp með rótum með svo yfirborðskenndum kjaftavaðli sem uppi hefur verið hafður í sambandi við starfsemi Byggðasjóðs og Framkvæmdastofnunar er það mikill misskilningur, þá er það grundvallarmisskilningur. Ég hef árum saman setið hér þegjandi undir þessu skvaldri af því að það hefur varla verið hönd á það festandi í manneskjulegum og röksemdalegum umr. En af því sem stutt var í varaforseta gerði ég mér hingað erindi vegna þess að þessar fávíslegu fullyrðingar koma enn á ný í dagsljósið án nokkurs tilefnis án þess að málið hefði verið rannsakað eða haft hefði verið fyrir því að kynna sér málavexti að einu eða neinu leyti.

Ég sé á hinn bóginn ekki beina ástæðu til þess, ef menn marka ákveðna stofna fjármagns til ákveðinna aðgerða eins og að jafna orkuverð í landinu, að því fjármagni sé rennt í gegnum Byggðasjóð. Ef markaður verður tekjustofn til að veita til þessara hluta, eins og hér er gerð tillaga um, sé ég ekki að hann eigi erindi í gegnum Byggðasjóð. Þá er hægt að verja fé á fjárlögum beint til

þess arna og aðrar stjórnsýslumiðstöðvar geta annað því. — En sem ég segi, um Framkvæmdastofnunina sem slíka mun ég ekki frekar ræða, heldur bíða þess tíma sem skýrsla verður um hana flutt af hæstv. forsrh. og öll kurl hafa komið til grafar, reikningar hennar og nákvæmar skýrslur sem jafnan eru gefnar og útbýtt er hér í þingsölum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég held að hæstv. dómsmrh. hafi hafið þennan þátt umr. vegna þess hve lítið er að frétta af stjórnarmyndunarviðræðunum, sem þjóðin bíður nú eftir að heyra eitthvað nánar um. Það er svo sem ágætistilbreyting fyrir okkur að fjalla um það sígilda umræðuefni sem Framkvæmdastofnunin er, þ. e. Byggðasjóður og Framkvæmdasjóður, þótt ekki sé það beinlínis í beinu framhaldi af efni þess frv. sem hér liggur fyrir til umr. Það er þó ástæða til að nefna örfá atriði vegna þeirra ræðna sem hafa verið fluttar af hv. síðustu tveimur ræðumönnum.

Það er ljóst, að „landamerki" sjóðsins, ef nota má orðalag hæstv. dómsmrh., hafa verið útvíkkuð, Reykjanes hefur verið tekið inn. Mér er ljóst að á sínum tíma stóðu talsverðar deilur og ágreiningur innan stjórnmálaflokkanna og standa jafnvel yfir enn um útvíkkun á „landamerkjum" sjóðsins. Það er hins vegar eðlilegt að hér komi fram frv., og það fleiri en eitt og fleiri en tvö, um til hvers eigi að nota þá peninga sem til ráðstöfunar eru. En það mun vera árið 1971 sem ákveðið var á Alþ. að veita skyldi sem næmi 2% af útgjöldum ríkisins í Byggðasjóð. Síðan var ráðstöfunarféð hlutfallslega minnkað þannig að það varð 2% í heild sinni og þá að meðtöldum endurgreiðsluafborgunum lánanna.

Til hvers er slíkur sjóður? Það er eðlilegt að spurt sé. Hér koma fram ýmsar hugmyndir. Reyndar er tillöguflutningur alþm. besta dæmið um að í landinu er engin byggðastefna til. Og það er þess vegna sem settir hafa verið yfir þennan sjóð m. a. alþm. Á sínum tíma voru það fulltrúar stjórnarflokkanna. Hv. síðasti ræðumaður lýsti því hvernig hugmyndin var upphaflega að þeir skyldu starfa. Sem betur fer varð aldrei neitt af því. En því miður gerðist það að hæstv. ríkisstj., sem starfaði 1974—1978, hélt þessari vitleysu áfram. Og hún gerði meira, hún staðfesti lögin um „kommissarana" svokölluðu, og nú er nánast ekki hægt að losa sig við þá þótt menn fegnir vildu, því að þeir hafa að mig minnir eins árs uppsagnarfrest. Á tímum tíðra stjórnarskipta, eins og eru í landinu um þessar mundir, tekur því varla að segja þessum mönnum upp, jafvel þá að menn vildu að þeir tilheyrðu flokki forsrh. á hverjum tíma. Þannig verður það næsta stig áreiðanlega að festa það í stjórnarskránni að þeir tveir menn, sem nú eru „kommissarar", verði það áfram þar til þeir komast á ellilaun og hafa úr einhverju að spila.

Þetta segi ég af því að orðið hafa sífelldar deilur um þetta mál. Ég ætla að nefna það í þessum hv. þingsal, að innan Sjálfstfl. voru miklar deilur um málið á sínum tíma, og ég staðhæfi að stór hluti flokksins var á móti þeirri skipan sem verið hefur að þessu leyti í lögum um Framkvæmdastofnun, og tek ég það þó aftur fram að lögin eru þó miklu þekkilegri nú en í upphafi stóð til að þau yrðu.

En á að láta niðurgreiðslu á rafmagnsverði og olíu eða uppbætur vegna útfluttra landbúnaðarafurða fara um þennan sjóð? Þetta eru spurningar sem við stöndum frammi fyrir á hinu háa Alþingi. Hv. síðasti ræðumaður segir nei. Hann segir: Það er eðlilegt að þessi sjóður þróist og verði almennur fjárfestingarlánasjóður. Þar get ég verið sammála honum, að eðlilegt sé að hann verði m. a. notaður til að vinna að varanlegri vegagerð í landinu. Þetta tel ég e. t. v. vera eðlilegustu byrjunina. Í fyrsta lagi vegna þess að ég er sannfærður um að öll þjóðin, bæði þeir, sem búa í dreifbýli, og hinir, sem búa í þéttbýli, geta komið sér saman um að það sé hlutverk sjóðsins. Í öðru lagi vegna þess að góðar samgöngur á landi hljóta að leiða til allt annarra viðhorfa þegar þjónustumiðstöðvum, atvinnurekstri og annarri starfsemi í landinu er ákveðinn staður. Þess vegna er þetta eðlileg byrjun á byggðastefnu sem ekki er til í landinu. Gerist það einhvern tíma, að við losum okkur við verðbólguna og þessi sjóður verði almennur fjárfestingarlánasjóður, vaknar hins vegar önnur spurning og hún er sú, hvort sjóðurinn verður ekki óþarfur, hvort ekki er eðlilegra að það kerfi, sem til er í landinu og dreifir fjármagni um landið, hið almenna bankakerfi, taki við hlutverki hans. Og ég vil biðja menn um að hugleiða hvort ekki sé ástæða til að hugsa frekar í þá veru en að hugsa alltaf: Þetta er einu sinni komið á og nú skulum við viðhalda því um allan aldur.

Ástæðan fyrir því, að ég kom hér upp, er í fyrsta lagi að benda á að mér þykir ekki þekkilegt hvernig alþm. eru settir sem „kommissarar" yfir þessa stofnun, en í öðru lagi að undirstrika, að það er aðeins afsakanlegt vegna þess að engin byggðastefna er til í landinu. Það er þess vegna sem Alþ. hefur valið þá leið að láta þá menn með sínu pólitíska innsæi sjá um úthlutun úr Byggðasjóði. Báðir tveir eru ágætir menn, og ég fer ekki í launkofa með það álit mitt á þessum mönnum að þeir eru sjálfsagt þm. best hæfir til að dreifa lánsfjármagni stofnunarinnar á þá staði sem þeir telja að það eigi að lenda á. Nú er ég viss um að þeir brosa og segja: Við förum í einu og öllu eftir því sem þessi sjö manna stjórn Framkvæmdastofnunarinnar segir. Þetta er alveg rétt. En til hvers er þá verið að hafa alþm. þarna? má þá aftur spyrja. Ef þessir alþm. fara í einu og öllu eftir því sem stjórnin segir þeim spyr maður á móti: Til hvers er þá að hafa alþm. sem „kommissara"? Staðreyndin er nefnilega sú, að þeir ráða miklu meira en þeir þykjast gera. Það segi ég ekki út í bláinn. Það segi ég vegna þess að ég hef heyrt það frá mönnum, sem ég treysti, og er ekki að segja það til að koma óorði á þessa hv. alþm. Það er aðeins til að sýna fram á að þeir eru vandanum vaxnir og virðast hafa meiri tíma í sólarhringnum til að sinna vinnu sinni en venjulegt fólk í þessu landi.

Í öðru lagi kom ég hér upp til að undirstrika, að það vantar byggðastefnu, og á meðan hún er ekki til skilgreind og skýr verðum við sífellt að deila um það á hinu háa Alþingi hvorir hirða meira af hinum, landsbyggðin eða stór-Reykjavíkursvæðið. Það er þess vegna eðlilegt að við, í stað þess að vera sífellt að reyna að koma þessum jöfnuði þarna fyrir og öðrum jöfnuði annars staðar fyrir, borga uppbætur með þessu fé o. s. frv., tökum einu sinni á málinu þannig að við áttum okkur á því í heild og ákveðum hver skuli vera sú heildstæða byggðastefna sem við viljum fylgja. Auðvitað verður þar að koma til pólitískt mat. En því miður hafa íslensku flokkarnir brugðist þeirri skyldu sinni og þess vegna verða hér á hv. Alþingi umr. á borð við þessar.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa farið nokkuð inn á aðra braut en hv. flm. þeirrar till., sem hér er til umr., hefur sjálfsagt gert sér grein fyrir og verið rætt um hið sígilda mál: hlutverk Byggðasjóðs. Það, sem kom mér til að standa upp og segja örfá orð, var ræða hv. þm. Friðriks Sophussonar, sem var að mörgu leyti mjög athyglisverð.

Hann lagði fram spurningar um til hvers slíkur sjóður væri, hann fullyrti að engin byggðastefna væri til í þessu landi og gaf enn fremur upplýsingar um að stór hluti Sjálfstfl. hefði verið á móti lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins, Byggðasjóð og hlutverk Byggðasjóðs. Þetta held ég að hafi aldrei áður komið fram jafnskýrt og opinberlega og vekur mjög mikla undrun mína, því að ég hef alltaf litið þannig á að Sjálfstfl. vildi þrátt fyrir allt gjarnan og hefði sýnt í verki á mörgum sviðum að hann vildi gjarnan stuðla að uppbyggingu um landið allt og hefði fylgt fram góðum málum sem hefur verið hægt að nefna byggðastefnu í orðsins fyllstu merkingu.

Einmitt vegna þess að hv. alþm. getur haldið þessari firru fram tel ég ástæðu til að benda á nauðsyn þess að menn eins og t. d. hv. þm. Friðrik Sophusson og aðrir skoðanabræður hans tækju sér ferð á hendur um landsbyggðina. Þeir ættu að heimsækja þorp og bæi og komast í beina snertingu við slagæð þjóðarinnar í þorpum og bæjum, þar sem fram fer að mestum hluta útflutningsframleiðsla þjóðarinnar ásamt innanlandsframleiðslunni. Það er nauðsynlegt að menn kynni sér raunveruleikann í þessum málum, framfarir og uppbyggingu, áður en þeir koma hér upp og halda ræður eins og hér var haldin áðan. Ég vil fullyrða að jafngreindir og ágætir menn og hv. þm. mundu þá fara að skilja betur, hvað er raunveruleg byggðastefna í landinu, og skilja betur, hvort um hefur verið að ræða fjáraustur úr Byggðasjóði sem hafi farið í ónauðsynlegar framkvæmdir. Ég vil ráðleggja þetta endilega og held að það sé nauðsynlegt áður en menn fara að ræða þjóðmál á þann hátt sem hér hefur komið fram.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér þykja ýmsar ræður orðnar býsna hvatlegar upp á síðkastið og ekki síst sú hin síðasta, þegar hv. 1. þm. Vesturl. uppgötvaði allt í einu að sjálfstæðismenn hefðu verið á móti Byggðasjóði. Var svo að heyra á orðum hans sem sjálfstæðismenn hefðu ekki verið frumkvöðlar að því að móta byggðastefnu hér á landi. Ætti hann raunar að kynna sér söguna betur, því að það vita þeir sem það mál þekkja að þrjú nöfn ber þar fremst. Mestir ákafamenn í þessum efnum á sínum tíma voru Sigurður Bjarnason og nafnarnir Gísli *Jónsson og Gísli Guðmundsson.*

Ég held að í öllum þeim stærstu átökum sem gerð hafa verið í byggðamálum hafi mest munað um framlag sjálfstæðismanna. Ég vil m. a. minna á Atvinnujöfnunarsjóð í því sambandi, og ég vil minna á að fyrsta skipulega áætlunin, sem gerð var í atvinnumálum og munaði um, var gerð að tilstuðlan sjálfstæðismanna á viðreisnarárunum, svo að ekki þarf um þetta að þrátta eða deila.

En hitt er rétt, sem hér hefur komið fram, að í ýmsum efnum hefur ekki verið tekið nægilega markvisst á atvinnumálum strjálbýlisins og enginn vafi er á því að s. l. ár, árið 1979, er eitthvert versta ár sem strjálbýlið hefur átt frá lýðveldisstofnun, eins og fram kemur ef maður kynnir sér stöðu ýmissa atvinnufyrirtækja úti á landi og hug fólksins þar. Þar er víða um mjög geigvænlegan samdrátt að ræða, og þess verður líka vart að fólkið treystir sér ekki til að leggja eigið fjármagn í áhættusaman rekstur til að byggja upp byggðarlag sitt eins og áður, vegna þess að ríkisvaldið hefur orðið æ óvinveittara atvinnurekstrinum. Þetta veit ég að hv. 1. þm. Vesturl. hefur orðið var við í kjördæmi sínu. Þessa hefur mjög víða orðið vart. Ef við t. d. tölum um það landshorn sem fjærst er Reykjavík, norðausturhorn landsins, eru þar mjög margvíslegir erfiðleikar sem steðja að einmitt af þessum sökum. Og það er hægt að halda áfram að rekja þetta.

Við getum rifjað upp margar fjálglegar ræður og mörg fjálgleg orð sem sögð hafa verið í sambandi við hliðargreinar í landbúnaði. Bændur hafa verið hvattir til þess að leggja fjármagn sitt í fiskrækt, í minkaeldi, í eitthvað sem gæti gefið eitthvað í aðra hönd og þannig þétt byggðina í sveitunum. Ef við lítum svo á hvernig að þessu er staðið verðum við í fyrsta lagi vör við að fjármagn til *þvílíks atvinnurekstrar liggur alls ekki á lausu, fjár*magnsstofnanir eru lokaðar fyrir þessum aðilum. Ef um óhöpp verður að ræða af eðlilegum ástæðum, annað hvort að stofninn hrynur niður vegna sjúkdóms, er skorinn niður eða þá ef maður fer út í silungseldi og mikið af seiðum fellur, þá eiga þessir aðilar ekki innangengt í Bjargráðasjóð og verða sjálfir að standa undir slíkum óhöppum. Þarna hefur ekki verið staðið nægilega vel að. Og við getum haldið áfram að rekja þetta. Grundvöllurinn í þessu efni og ýmsum öðrum er náttúrlega að efla manninn sjálfan til dáða og gera það mögulegt, m. a. með því, sem það frv. stefnir að sem hv. flm. flytur, að jafna raforkuverðið á landinu, að gera aðstöðu manna til rekstrar jafna um allt land og hafa ekki of mikla mismunun í þeim efnum. Það held ég að sé mjög mikið atriði.

Hitt er svo ofurlítið skemmtilegt að hlusta á, þegar upphafsmaður neðanjarðarhagkerfisins er farinn að tala um að ríkisbönkum hafi fjölgað, — hæstv. dómsmrh. sem kom inn í þessa stofnun sem hvítur engill, en minnir núna á doppótta tilraunaféð á Hólum í Hjaltadal þegar siðgæðið er annars vegar. Ég verð að segja, að hann hefur áreiðanlega valdið ýmsum vonbrigðum í þeim efnum, og má þar rifja upp ýmsar stöðuveitingar, eins og þegar fyrrv. alþm. fékk stöðu umboðsmanns án heimildar Alþingis til þvílíkrar veitingar.

Það er hins vegar rétt, að ýmsar stofnanir hér mætti vel leggja undir bankakerfið, leggja niður, eins og t. d. Húsnæðismálastofnun ríkisins og láta fjárveitingar úr þeirri stofnun fara í gegnum bankana, eins og við sjálfstæðismenn höfum raunar lengi barist fyrir. Áreiðanlega mætti einnig í sambandi við t. d. Tryggingastofnun ríkisins spara stórkostlegt fé með því að einfalda framkvæmdina, bæði með aukinni tölvuvinnslu og með því að sleppa þar óþörfum milliliðum.

Það er víða sem stjórnmálamenn, ef þeir eru þannig gerðir, geta mismunað fólki. Það er afskaplega víða. En ég held að reynslan hafi samt sýnt að í framkvæmd hefur Framkvæmdastofnun ríkisins farið fram úr öllum vonum manna, einkanlega hin síðustu árin og einkanlega á síðasta ári, vegna þess að þar hefur verið traust stjórn og réttsýni ráðið ríkjum.

Byggðasjóður hefur vissulega mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna til jöfnunar á rekstrarstöðunni víðs vegar um landið. Það er hægt að tala um að menn t. d.

norður á Kópaskeri hafi sömu aðstöðu til þess að afla fjár til nauðsynlegrar endurnýjunar o. s. frv. og fyrirtæki sem er hér í Reykjavík. Ég held þó að ef menn athuga það mál sé það alls ekki rétt. Það er alls ekki út í bláinn sem Byggðasjóður var stofnaður. Ég held að nauðsynlegt sé fyrir okkur að reyna að byggja landið uppp hringinn í kringum landið, og þá verður þessi stofnun að vera til.

Ég held líka, að það sé ýmislegt sem ekki hefur verið nóg gert að í sambandi við þessi mál, og vil sérstaklega nefna flutningavandamálin. Það er nú komið svo vörubílaflotanum að nær ógerningur er að endurnýja hann vegna þess hversu háir tollar eru á þessum tækjum og hversu dýr þau eru orðin, en skattalög á hinn bóginn á þann veg að menn hafa ekki getað átt eigið fé í rekstri, fest það í sínum rekstri, heldur hefur það verið étið upp jafnóðum af ríkisvaldinu, ýmist með tollum, hvatvíslegum ráðstöfunum eða margvíslegum sköttum. Það hlýtur raunar að koma upp sú spurning núna, hvort ekki sé nauðsynlegt að létta sköttum og aðflutningsgjöldum af vöruflutningaflotanum til að gera aðföng ódýrari. Það kemur líka til greina að ganga lengra í þá átt. Það fjármagn, sem er til ráðstöfunar innanlands, liggur ekki lengur á lausu og við verðum að horfast í augu við að við mætum nú margvíslegum örðugleikum, sem ekki voru áður, af þeim sökum að búið er að éta fjármagnið upp í verðbólgunni og vegna úreltra og rangra skattalaga.

Í þessu sambandi er kannske freistandi að minnast á einn þátt í rekstri strjálbýlisins, sem er verslunin. Verslun um allt land hefur átt í verulegum erfiðleikum — og kannske miklu fremur úti í hinum dreifðu byggðum — vegna verðbólgunnar og vegna hinna dýru aðfanga sem ég var að tala um. Er ástæða til að koma inn á það mál síðar þegar betra tilefni gefst til en núna.

Ég veit ekki hvort er ástæða til að tala miklu meira um þetta mál. Við 11. landsk. þm., Egill Jónsson, höfum flutt um það till. að alþm. skipi nefnd til að ráðast gegn því misrétti sem orðið er hér á landi vegna mismunandi húshitunarkostnaðar. Það er gífurlega stórt mál og í sumum byggðarlögum langstærsta málið sem þar er um að ræða. Það er auðvitað hægt að fara þar fleiri en eina leið. Menn verða bara að koma sér niður á einhverja ákveðna leið í þeim efnum og fylgja henni eftir og gera það áður en fjárlög verða afgreidd á þessu ári. Það vantar fjármagn og það verður að útvega með einhverjum hætti og jafnframt að ráðast í einhverjar aðgerðir til að leysa þetta mál til frambúðar.

Ég vil svo að síðustu segja það í sambandi við Rafmagnsveitur ríkisins, sem raunar eru hér til umr., að nauðsynlegt er að athuga rekstrargrundvöll þeirra. Það er íhugunarefni að Rafmagnsveiturnar hafa búið við óhagstæðari lán en aðrar orkuveitur og af þeim sökum hefur rekstur þeirra orðið erfiðari en ella. Það er líka umhugsunarefni, að Rafmagnsveitunum hefur verið falið að ráðast í margvísleg félagsleg verkefni án þess að fjármagn hafi komið á móti til að standa undir þeim rekstri.

Ég sé nú að hæstv. iðnrh. er ekki við, annars hefði verið freistandi að spyrja hann spurninga í þessu sambandi, kannske fyrst og fremst hvort hann hugsi sér að standa við þau fyrirheit sem fyrirrennari hans gaf ýmsum mönnum úti um landið um framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitnanna, en það verður að bíða betri tíma.

En sem sagt vona ég að ummæli hæstv. dómsmrh. áðan, að augu hans hafi aftur opnast fyrir því að stjórnmálamenn eiga ekki að misbeita valdi sínu, vísi til þess, að við eigum ekki eftir að kynnast fleiri embættaveitingum á borð við þær sem orðið hafa undanfarið, ekki aðeins embættaveitingar þessa hæstv. dómsmrh., heldur líka þess, sem á undan var, og þeirrar ríkisstj., sem kvaddi á undan þeirri sem nú situr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Nú er klukkan rúmlega 4 og þingflokksfundatími kominn. Ég hef ákveðið að halda svo fast við tímasetningar sem frekast má verða. Enn eru menn á mælendaskrá, og við höfum þá eitthvað að hlakka til og getum byrjað að hita okkur upp strax á mánudaginn því að hæstv. dómsmrh. er næstur.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 16. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., kl. 2 miðdegis.

Aukin nýting í fiskvinnslu, þáltill. (þskj. 105). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisstofnunum, þáltill. (þskj. 107). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ráðstöfun á aðlögunargjaldi, fsp. (þskj. 68). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég leyfði mér fyrir jól að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. um ráðstöfun á aðlögunargjaldi. Fsp. er í fjórum liðum og varðar ráðstöfun á tímabundnu aðlögunargjaldi sem lagt var á samkv. lögum nr. 58/1979, en Alþ. samþ. lög um þetta efni s. l. vor.

Ég ætla í upphafi að leyfa mér að lesa fsp. og víkja síðan að henni nokkrum orðum.

Fyrst er spurt: „Hvernig rökstyður ríkisstj. ráðstöfun sína á tímabundnu aðlögunargjaldi á árinu 1979 með tilliti til ákvæða 7. gr. laga nr. 58/1979 og þeirrar kynningar á málinu, sem fyrrv. ríkisstj. beitti sér fyrir gagnvart EFTA og EBE og leiddi til þess að EFTA samþ. formlega að gjaldið yrði lagt á?“

2. liður: „Hvert er í einstökum atriðum það „uppsafnaða óhagræði“ og hverjar eru forsendur fyrir þeim endurgreiðslum til útflutningsiðnaðar og annarra greina samkeppnisiðnaðar, sem ríkisstj. ákvað í nóv. s. l. að fá skyldu samtals 516 millj. kr. af aðlögunargjaldi á árinu 1979?“

Í þriðja lagi: „Hvaða tillögur hefur ríkisstj. mótað um ráðstöfun tekna af tímabundnu aðlögunargjaldi á árinu 1980?“

Og í fjórða lagi: „Hefur ríkisstj. tekið afstöðu til þess, með hvaða hætti og hvenær eigi að afnema „uppsafnað óhagræði“ innlends samkeppnisiðnaðar eða afla tekna til endurgreiðslu þess framvegis?“

Varðandi þessa fsp. vil ég minna á að tilgangurinn með álagningu hins tímabundna aðlögunargjalds var fyrst og fremst: Í fyrsta lagi að skapa innlendum samkeppnisiðnaði lítils háttar framlengingu á tollvernd frá því sem ella hefði orðið samkv. ákvæðum fríverslunarsamninga, og var það í samræmi við stefnuyfirlýsingu fyrrv. ríkisstj. Og í öðru lagi að skapa fjárhagslegt svigrúm til nauðsynlegra iðnþróunaraðgerða, sbr. 7. gr. laganna um tímabundið aðlögunargjald, en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekjum af aðlögunargjaldi á árinu 1979 skal varið til sérstakra iðnþróunaraðgerða samkv. nánari ákvörðun ríkisstj., að fengnum tillögum iðnrh.

Á sama hátt skal tekjum af gjaldinu á árinu 1980 varið til eflingar iðnþróunar samkv. ákvæðum fjárlaga."

Samkv. ákvörðun fyrrv. ríkisstj. 6. febr. 1979 var tekin stefna á að leggja þetta gjald á, en jafnframt var samþ. í ríkisstj. að áður en endanleg ákvörðun yrði tekin skyldi sendinefnd fara til EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu til að kynna viðhorf Íslands og kanna undirtektir, eins og segir í þessari ríkisstjórnarsamþykkt.

Tvær nefndir unnu síðari hluta vetrar að kynningu þess máls hvor á eftir annarri. Hin fyrri var eins konar embættismannanefnd, en hin pólitísk nefnd, báðar undir forustu Inga R. Helgasonar hrl. Með honum voru í síðari nefndinni tveir valinkunnir alþm., þeir Einar Ágústsson fyrrv. utanrrh. og Eiður Guðnason, hv. núv. 5. þm. Vesturl. Sú nefnd heimsótti ríkisstjórnir EFTA-landa, allra nema Portúgals, og náði mjög góðum árangri þar eð EFTA-ráðið samþykkti formlega álagningu gjaldsins. Sá rökstuðningur, sem fram var borinn gagnvart EFTA-ráðinu, var iðnaðarpólitísks eðlis og reistur á fyrirvara sem Ísland gerði við inngönguna í EFTA og fallist var á á ráðherrafundi EFTA 3. des. 1970, en sá fyrirvari heimilaði okkur að grípa til ráðstafana til bjargar ýmsum iðngreinum sem ættu í vök að verjast vegna tollalækkana sem af EFTA-aðildinni leiddi.

Mál þessi eru ítarlega rakin í grg. með frv. um aðlögunargjald, sem lagt var fram í þinginu af hæstv. fjmrh. í fyrra. Þar kemur m. a. greinilega fram það mat íslensku kynningarnefndanna, að ekki var unnt að vinna álagningu gjaldsins stuðning með rökum um skattaóhagræði eða aðra mismunun gagnvart íslenskum samkeppnisiðnaði sem stafaði af íþyngjandi gjöldum hér innanlands og mismunun gagnvart atvinnuvegunum innbyrðis, svo sem með mismunandi háu aðstöðugjaldi og launaskatti. Talsmenn okkar lögðu áherslu á nauðsyn á lengdum aðlögunartíma fyrir íslenskan samkeppnisiðnað, sem notaður yrði jafnframt til að treysta undirstöður iðnaðar hérlendis. Var í því sambandi m. a. vísað til stefnumörkunar um iðnþróun, sem þá hafði verið undirbúin í iðnrn. og á vegum samstarfsnefndar um iðnþróun. Lögin taka líka af tvímæli um að tekjum af gjaldinu skyldi varið til sérstakra iðnþróunaraðgerða, en tekjurnar voru áætlaðar um 600 millj. kr. á síðari árshelmingi 1979 og hafa verið áætlaðar allt að 1700 millj. kr. fyrir árið 1980.

Iðnrn. fól samstarfsnefnd um iðnþróun s. l. sumar að gera tillögu um ráðstöfun tekna af gjaldinu. Flutti ég tillögu þessarar samstarfsnefndar, sem í eiga sæti fulltrúar frá helstu samtökum iðnaðarins og starfsfólks í iðnaði, óbreytta í ríkisstj. fyrri hluta októbermánaðar s. l. Hún fól í sér í fyrsta lagi ráðstöfun á fé til sérstakra tiltekinna iðnþróunarverkefna að upphæð 250 millj. kr. og í öðru lagi að leggja það, sem afgangs var, til Iðnrekstrarsjóðs, 350 millj. kr., með það fyrir augum að sjóðurinn verði því til úthlutunar lána og styrkja til að stuðla að nýsköpun og brýnum verkefnum í iðnaði eftir nánari athugun. Stefnumörkun ráðuneytisins var að efla sjóðinn þannig og fá honum aukið verksvið. Jafnframt skyldi tryggt að fjármagn þetta nýttist sem best til undirstöðuaðgerða varðandi iðnþróun og í nýiðnaðarverkefni og yrði ávaxtað fram yfir gildistíma hins tímabundna aðlögunargjalds sem rennur út við lok þessa árs.

Ég ætla ekki að gera að sérstöku umtalsefni tillögur hæstv. fyrrv. fjmrh. um meðferð þessa aðlögunargjalds, því það væri of langur lestur og varðar ekki beinlínis þá fsp. sem hér er til umr., en þá ráðstöfun gagnrýndi iðnrn. harðlega s. l. haust. Hins vegar lýtur fsp. að meðferð núv. hæstv. ríkisstj. á gjaldinu samkv. ákvörðun sem tekin var af henni að tillögu núv. hæstv. iðnrh. í nóv. 1979. Með þeirri ákvörðun var að verulegu leyti snúið við blaði frá því sem áður var fyrirhugað og ákveðið að ráðstafa meginhluta tekna af gjaldinu til að endurgreiða svokallað „uppsafnað óhagræði", allt að 516 millj. kr. af um 700 millj. kr. sem þá hafði verið áætlað að gjaldið mundi gefa á s. l. hálfu ári sem það var innheimt. Eins og ég gat um áður tel ég að sú ráðstöfun á gjaldinu stangist á við ákvæði laga um gjaldið og undirstöðu þeirra samninga sem tókust við EFTA um álagningu gjaldsins og Efnahagsbandalag Evrópu gerði ekki sérstakar athugasemdir við.

Ég tel að með ráðstöfun hæstv. núv. ríkisstj. á aðlögunargjaldinu á liðnu ári sé verið að grípa til handahófsaðgerða til að reyna að bæta úr rekstrarerfiðleikum íslenskra iðnfyrirtækja, sem bregðast hefði átt við með öðrum hætti en verja þessum dýrmæta tekjustofni til þess að rétta þar við. Og það er spurt um hvert stefni á árinu 1980 með ráðstöfun gjaldsins og hvað ríkisstj. hyggi á í því efni.

Ég vil segja að það kom mér mjög á óvart að þessi stefna var tekin af hæstv. ríkisstj., og ég veit að margir aðilar í iðnaði hafa mikið við það að athuga. Það sýna t. d. ljóslega viðbrögð Sambands málm- og skipasmiðja, sem óskuðu sérstaklega eftir því við iðnrn. að gjaldinu yrði varið til iðnþróunarverkefna, en ekki úthlutað til umbjóðenda þeirra, fyrirtækja í málmiðnaði og skipaiðnaði. Á það var svo fallist eftir þrábeiðni þessa sambands. Ég hygg að ólíkt happadrýgra hefði verið að ráðstafa þessu gjaldi til tiltekinna verkefna og sérstaklega til Iðnrekstrarsjóðs, þannig að hann gæti íhugað hvernig gjaldinu yrði best ráðstafað til undirstöðuverkefna í íslenskum iðnaði og til að treysta iðnþróun til frambúðar.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Svar mitt við þeim fsp., sem hv. þm. var að gera grein fyrir í ræðu sinni, hljóðar svo:

Ríkisstj. ákvað hinn 8. nóv. 1979 að áætluðum tekjum af aðlögunargjaldi, 700 millj., yrði varið á eftirfarandi hátt:

Til útflutnings-, veiðarfæra-, umbúða-, fóður-, málm- og skipasmíðaiðnaðar 516 millj. kr., til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins 45 millj. kr., til tilrauna með saltvinnslu á Reykjanesi 70 millj. kr., til starfsþjálfunar í fata-, ullar- og skinnaiðnaði 30 millj. kr., til rannsókna á *steinullariðnaði og álbræðslu* 24 *millj.* kr., til sérstakra iðnþróunaraðgerða á Norður- og Austurlandi í samvinnu við viðkomandi sambönd sveitarfélaga 10 millj. kr.

Þessi ráðstöfun á tekjum af aðlögunargjaldi hefur verið kynnt EFTA og rökstudd þannig, að tekjum af gjaldinu hafi verið varið til að styrkja stöðu vissra iðngreina með því að fjármagna almennar framleiðniaukandi aðgerðir og starfsþjálfun.

Eins og kom fram í aths. um frv. til l. um sérstakt tímabundið aðlögunargjald er höfuðmarkmið þeirra laga að veita íslenskum iðnaði aukinn tíma til aðlögunar að fríverslun og skapa fjárhagslegt svigrúm til nauðsynlegra iðnaðaraðgerða. Bakgrunni þeirrar stefnu, sem mörkuð var með álagningu aðlögunargjalds, er m. a. lýst í grg. með frv. á eftirfarandi hátt:

„Þessi stefnumörkun á rætur sínar að rekja til þess, að eftir því sem lengra hefur liðið á aðlögunartíma íslensks iðnaðar að fríverslun hefur komið greinilegar í ljós að staða hans á heimamarkaði er í mörgum greinum veikari en æskilegt væri. Enn fremur hefur þróun útflutningsiðnaðar hér á landi orðið mun takmarkaðri en ráð hafði verið fyrir gert, miðað við þann tollfrjálsa markað sem hann fékk aðgang að með aðildinni að EFTA og gerð viðskiptasamnings Íslands við EBE. Þessi staða iðnaðarins á sér margar ástæður sem hér verður lauslega drepið á.

Þótt samið hafi verið um 10 ára aðlögunartíma tollalækkana gagnvart bandalögunum má benda á, að hvert skref tollalækkana var mun stærra en iðnaður annarra þjóða Vestur-Evrópu þurfti að taka á sig í aðlögun sinni að fríverslun, þar sem algengt var að íslenskir verndartollar væru allt að 100% í upphafi aðlögunartímans á móti 10—30% verndartollum í upphafi fríverslunar í Evrópu.

Á þeim tíma, sem íslenskur iðnaður hefur þurft að aðlagast fríverslun, hefur hagvöxtur verið mun hægari í Vestur-Evrópu en á sjöunda áratugnum, þegar önnur lönd álfunnar gengu til fríverslunarsamstarfs, en þetta var tímabil óvenjumikils hagvaxtar. Þessi almennu skilyrði, samhliða því að samkeppnisþjóðir okkar hafa sumar hverjar gripið til víðtækra og vaxandi stuðningsaðgerða við sinn iðnað, hafa ugglaust hamlað þróun íslensks iðnaðar á þessu tímabili.

Á áttunda áratugnum fer fyrst að gæta í ríkum mæli vaxandi samkeppni á mörkuðum Vestur-Evrópu frá láglaunalöndum Suðaustur-Asíu. Þessar þjóðir hafa á síðustu árum rutt sér mjög til rúms á mörkuðum hinna þróuðu þjóða og þá helst í vinnuaflsfrekum greinum sem krafist hafa lítillar tækniþekkingar. Má raunar segja, að margar hefðbundnar iðngreinar Vestur-Evrópu eigi í mjög miklum erfiðleikum vegna þessarar þróunar og vafasamt að þær nái nokkru sinni fyrri styrk. Mikilvægt er að Íslendingar dragi réttar ályktanir af þessari þróun við uppbyggingu iðnaðar hér á landi.

Sambýli íslensks iðnaðar við öflugan sjávarútveg hefur að margra dómi verið verulegur þröskuldur á þróunarbraut hans á síðustu árum, þegar verndartollar vega ekki lengur upp það misræmi sem verður til innbyrðis milli sjávarútvegs og iðnaðar, með margháttaðri sérstöðu sjávarútvegsins. Má þar nefna hærri framleiðni, betri fjármagnsfyrirgreiðslu, aðstöðumun í sköttum og að því ógleymdu að á undanförnum árum hefur útvegurinn notið hagstæðra ytri skilyrða. Gengisskráning sú, sem af þessari hagstæðu þróun hefur leitt, hefur verið iðnaðinum ófullnægjandi eins og mörg dæmi undanfarin ár sýna, bæði hvað varðar samkeppnisstöðu á heimamarkaði og við útflutning.

Þá má nefna sem veigamikla skýringu á þróun iðnaðarins á þessum áratug, að af hálfu stjórnvalda hefur hingað til ekki verið mótuð samræmd stefna um iðnþróun með þeirri nauðsynlegu samstillingu margvíslegra aðgerða sem slík stefna óhjákvæmilega gerir kröfu til. Skortur á slíkri stefnu hefur valdið því að iðnaðurinn býr að mörgu leyti við ófullnægjandi samkeppnisaðstæður sem brýna nauðsyn ber til að bætt verði úr."

Hér lýkur tilvitnun í grg. með frv. og skýrir vel tilgang og fyrirætlan löggjafans í sambandi við lagasetninguna um aðlögunargjaldið.

Eins og kom skýrt fram í grg. með lagafrv. og ég var að lesa nú hefur sambýli íslensks iðnaðar við sjávarútveg að mörgu leyti verið erfitt. Margháttaður aðstöðumunur þessara greina hefur endurspeglast í gengisskráningunni vegna ráðandi stöðu sjávarútvegsins í útflutningi landsmanna. Gengið tengir innlent og erlent verðlag saman og af þeim sökum er hlutverk þess einkum að koma á samræmi milli innlends og erlends verðlags og kostnaðar þannig að samkeppnisstaða innlendra atvinnuvega gagnvart erlendum sé viðunandi. Á þann hátt er lagður grunnur að jafnvægi þjóðarbúsins gagnvart öðrum löndum.

Vegna sérstöðu íslensks efnahagskerfis hefur gengisskráning einkum miðast við afkomu í sjávarútvegi og hefur þessi gengisstefna valdið íslenskum iðnaði miklum vanda, sérstaklega í kjölfar samninga Íslendinga við Fríverslunarsamtök Evrópu og Efnahagsbandalagið, en fyrir þann tíma var iðnaður verndaður með háum tollmúrum og innflutningshöftum. Með þátttöku Íslendinga í fríverslunarsamtökum og þar með afnámi tolla og hafta í utanríkisviðskiptum hefur þýðing gengisskráningarinnar fyrir íslenskan iðnað gjörbreyst. Gengið er nú nákvæmlega jafnþýðingarmikið fyrir afkomu útflutningsiðnaðar og iðnaðar í samkeppni við innflutning og það er fyrir sjávarútveginn.

Af ýmsum ástæðum hefur það misræmi, sem er í aðbúnaði sjávarútvegs og iðnaðar, ekki verið afnumið enn þá. Af þeim sökum er rík ástæða að verja hluta tekna af aðlögunargjaldinu til sérstakra aðgerða vegna útflutningsiðnaðarins og þess iðnaðar sem á í samkeppni við innflutnig sem aðlögunargjald leggst ekki á. Þessi ráðstöfun er í fullu samræmi við 7. gr. laga nr. 58/1979.

Reiknað hefur verið út að sá mismunur, sem stafar af því að fiskveiðar greiða ekki launaskatt, greiða lægra aðstöðugjald en iðnaður og skattfríðindi sjómanna, skekki gengisskráningu um 3.6%. Þetta er almennt nefnt „uppsafnað óhagræði".

Þegar aðlögunargjaldið var lagt á leiðréttist aðstöðumunur eða „uppsafnað óhagræði" þeirra iðnfyrirtækja sem eiga í samkeppni við innfluttan iðnvarning og á leggst aðlögunargjald. Í innflutningi leggst aðlögunargjald ekki á veiðarfæri, umbúðir, fóðurvörur, skip og ýmsar vörur í málmiðnaði. Til þess að þessar iðngreinar svo og útflutningsgreinarnar fái leiðréttingu vegna „uppsafnaðs óhagræðis" taldi ríkisstj. rétt að ráðstafa mestum hluta af tekjum af aðlögunargjaldi með áðurnefndum hætti að þessu sinni. Var ákvörðun þessi tekin eftir að iðnrh. hafði ráðgast við forustumenn í íslenskum iðnaði. Jafnframt var leitað aðstoðar Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, Félags ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna um framkvæmd þessarar ákvörðunar.

Í fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar, bls 166, segir um ráðstöfun á tekjum af aðlögunargjaldinu:

„Þá er gert ráð fyrir að þeim hluta af aðlögunargjaldi, sem innheimtist á árinu 1980, verði ráðstafað á árinu 1981. Tekjur af aðlögunargjaldi eru áætlaðar 1.7 milljarðar á árinu 1980.“

Í fjárlagafrv. því, sem núv. ríkisstj. lagði fram á Alþ., er bætt við nýju viðfangsefni: aðlögunargjaldi undir lið lánasjóða iðnaðarins, en til viðfangsefnisins renna 300 millj. kr. Gert er ráð fyrir að þessari fjárhæð verði ráðstafað til iðnaðarmála á líkum kjörum og gilda hjá lánasjóðum iðnaðarins að fenginni atvinnuvegaáætlun samkvæmt 22. og 23. gr. laga nr. 13 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

Framlög til viðfangsefnisins iðnþróun hækka um 200 millj. kr. og er þar um hluta af tekjum af aðlögunargjaldi að ræða. Fjárveitingunni verður samkv. síðari ákvörðun iðnrh. og fjmrh. varið til sérstakra áhættuverkefna og endurgreiðslu lána sem slíkum verkefnum fylgja.

Iðnrn. lagði fram í byrjun des. tillögur um ráðstöfun aðlögunargjalds á árinu 1980. Þar var gert ráð fyrir sömu stefnu og ríkisstj. samþykkti hinn 8. nóv. 1979. Af 1700 millj. skyldi 1200 millj. kr. varið til útflutningsiðnaðar, veiðarfæra-, umbúða-, fóður- og málm- og skipasmíðaiðnaðar, en 500 millj. til annarra iðnþróunaraðgerða, þar af 270 millj. kr. framlag í Iðnrekstrarsjóð. Tillögur þessar koma nú til kasta fjvn. og Alþingis.

Hér vil ég geta þess til skýringa, að sökum tímaskorts var ekki fjallað eins ítarlega um tillögurnar í fjárlagafrv. og iðnrn. óskaði eftir, og því er tekið hér svo til orða — tillögur þessar koma nú til kasta fjvn. og Alþ. — að þær verða verulega ítarlegri en lagt er til í fjárlagafrv.

Í fjórða lagi er spurst fyrir um hvort ríkisstj. hafi tekið afstöðu til þess, með hvaða hætti og hvenær eigi að afnema „uppsafnað óhagræði“ innlends samkeppnisiðnaðar eða afla tekna til endurgreiðslu þess framvegis.

Til að afnema það sem nefnt er „uppsafnað óhagræði“ eru tvær leiðir færar. Sú fyrri er að gengi íslensku krónunnar verði leiðrétt sem því nemur og gengisákvörðunin taki aukið mið af rekstrarhorfum í iðnaði. Í öðru lagi verði misvægi milli rekstraraðbúnaðar iðnaðar og sjávarútvegs afnumið.

Ljóst er að niðurfelling aðlögunargjaldsins í lok þessa árs mun setja iðnaðinn í vanda á nýjan leik. Nauðsynlegt er því að gera ýmsar ráðstafanir til að mæta þeim vanda. Eðlilegt væri að iðnrh. setti á fót starfshóp til að gera tillögur um þessi mál, en mér hefur hins vegar fundist rétt að doka við með slíkt ef vera mætti að ný ríkisstj. væri alveg á næsta leiti og þá eðlilegra að ákvörðun um þetta kæmi í hlut þess iðnrh. er þá kæmi til starfs.

Að lokum vil ég geta þess, að þessi aðferð við úthlutun á aðlögunargjaldi hefur verið kynnt EFTA og það ekki haft við málið að athuga á annan hátt en þann, að því hefur alltaf verið illa við aðlögunargjaldið. Eins og lögin eru og allir hér í þd. munu vita er ætlast til að í lok þessa árs falli gjaldið niður.

Ég held að ég þurfi ekki að taka fleira fram að sinni. — Það er kannske rétt að geta þess, að yfirleitt hefur rn. fengið þakkir fyrir hvernig aðlögunargjaldinu var úthlutað eða því beitt, m. a. hefur ullariðnaðurinn mjög þakkað fyrir sig og fleiri aðilar. Eini aðilinn, sem kvartaði undan meðferð þessari sérstaklega, var það samband sem hv. þm. nefndi áðan, málm- og skipasmíðasambandið. Um það hefur náðst samkomulag milli þess og rn. hvernig málum verður hagað, þannig að ég held að sambandið sé nú fullkomlega ánægt með það.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans við fsp. mínum um þetta efni. Ekkert í þeim svörum kom mér út af fyrir sig á óvart, þar eð í fréttatilkynningu sem iðnrn. sendi frá sér í nóv. komu fram röksemdafærslur af svipuðu tagi og hér voru fram bornar.

Mér þótti athyglisvert að hæstv. ráðh. vitnaði allmikið í upphafi í grg. með frv. um aðlögunargjald, en hann vék ekki að því atriði, sem ég kom að áðan, að samkomulag það, sem náðist við EFTA um álagningu gjaldsins, byggðist ekki á þeirri röksemdafærslu sem iðnrn. nú ber fram varðandi ráðstöfun gjaldsins. Það „uppsafnaða óhagræði“, sem þar er lagt til grundvallar og Félag ísl. iðnrekenda hefur sérstaklega fært rök fyrir að sé á rekstraraðstæðum íslensks samkeppnisiðnaðar miðað við sjávarútvegs og komi fram í gengisóhagræði, hreif ekki sem röksemd á vettvangi þessara fríverslunarsamtaka sem við eigum aðild að. Og ég get vel skilið að aðstæður, sem við höfum í hendi okkar varðandi þessa atvinnuvegi okkar, séu ekki taldar sérstakt tilefni til styrkja af þessu tagi eða álagningar slíkra gjaldstofna.

Meginatriðið í þessu máli, sem kann að virðast nokkuð flókið fyrir suma hv. þm. sem ekki hafa sett sig þeim mun meira inn í það, er að brýn nauðsyn er á að treysta undirstöður samkeppnisiðnaðar okkar. Það verður ekki best gert með því að dæla inn tímabundið styrkjum til íslenskra iðnfyrirtækja, eins og hér er verið að gera, án þess að tryggja að ástæðurnar fyrir umræddu óhagræði séu afnumdar. Það verður best gert með því að gera almennar ráðstafanir til að treysta margháttaðar undirstöður í iðnaði okkar og skjóta fótum undir ný verkefni á sviði iðnaðar okkar og efla þannig iðnþróun.

Ég tel því að sú gagnrýni, sem ég bar fram áðan, hafi við fyllstu rök að styðjast og að það sé hið mesta óráð hvernig hæstv. ríkisstj. hefur tekið á þessu máli, það séu handahófsvinnubrögð. Hún hefur ekki beitt sér á neinn hátt fyrir því, svo mér sé kunnugt, og hæstv. ráðh. staðfesti það raunar, að afnumið verði hið „uppsafnaða óhagræði“, sem lagt er til grundvallar úthlutun á verulegum hluta af þessu gjaldi. Og ég verð að segja það, að ég tel að þetta mál sé eitt af nokkrum málum sem upp úr standa og eru þess eðlis að með öllu er óeðlilegt að stjórn af því tagi sem nú situr taki ákvarðanir í slíku máli, nema það sé þá ábyrgðarflokkur ríkisstj., Sjálfstfl., og hv. þm. hans sem styðja slíka gjörð. Mér þykir rétt að spyrjast sérstaklega fyrir um, hvort þar hafi verið leitað álits á þessu máli.

Það kom fram í máli hæstv. ráðh. að iðnrn. hafi gert tillögur vegna ársins 1980 um að halda áfram endurgreiðslum á „uppsöfnuðu óhagræði“ að upphæð 1200 millj. kr. af áætluðum 1700 millj. kr. tekjum af þessu gjaldi. Ég tel þessa fyrirætlan á sama hátt mikillar gagnrýni verða. Ég vil benda sérstaklega á að í fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. er alls ekki gert ráð fyrir þeim greiðslum. Þær eru þar hvergi gjaldamegin svo mér sé kunnugt. Ég vænti að hv. fjvn.-menn leggi við eyra. Hitt er rétt, að þar er gerð þó bragarbót frá þeirri dæmalausu meðferð hæstv. fyrrv. fjmrh., Tómasar Árnasonar, að ætla að hirða tekjur af þessu tímabundna gjaldi til stuðnings iðnaðinum í ríkiskassann á árinu 1980, en það er látið að því liggja í aths. við frv. hans, að þær geti verið til ráðstöfunar á árinu 1981. Þetta er þó aðeins skárra hjá hæstv. ríkisstj. sem nú situr. Hún er þó með 500 millj. kr.

til sérstakra verkefna og fyrirhugaðra lánveitinga til iðnþróunarverkefna, en hjá fyrrv. hæstv. fjmrh. var, algerlega andstætt þeim tillögum, sem fyrir honum lágu, og gegn þeim samtölum, sem milli okkar höfðu farið, ekki gert ráð fyrir krónu af þessu gjaldi til iðnþróunaraðgerða á árinu 1980.

Ég tel að hér sé um eitt af eflaust mörgum stórum málum að ræða, sem hv. fjvn. þurfi að taka til gaumgæfilegrar athugunar, og ég vænti þess, að það verði gert og þá höfð til hliðsjónar lagafrv. og grg. með lagafrv. ásamt lögunum, sem samþykkt voru s. l. sumar, og þau áform, sem uppi voru hjá fyrrv. ríkisstj. og iðnrn. á þeim tíma um ráðstöfun á þessu gjaldi.

Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli hv. þm. á þeirri meðferð sem fjárveitingar til iðnaðarmála hafa fengið á hv. Alþ. um árabil. Það er með þeim hætti að það er Alþ. til lítils sóma. Beinar fjárveitingar til málefna iðnaðarins hafa farið lækkandi ár frá ári frá árinu 1973 að telja. Þær námu um 0.84% af upphæð fjárlaga á því ári og höfðu ekki farið hærra um skeið. En þær voru komnar á s. l. ári niður í 0.46% af fjárlagaupphæð, og samkv. fjárlagafrv. fyrrv. hæstv. fjmrh. var þetta hlutfall enn lækkað niður í 0.32%. Það kann að vera að hlutfallið nú sé aðeins skárra vegna 500 millj. sem ég gat um áðan, ég vil ekki fara með það, en eftir stendur að málefni iðnaðarins hafa fengið hina hraklegustu meðferð í sambandi við stuðning af opinberri hálfu á undanförnum árum. Þetta gerist á sama tíma og eiginlega allir stjórnmálaflokkar ljá iðnþróun varaþjónustu, hafa á orði nauðsyn iðnþróunar í landinu og hafa fyrir augum í skýrslum og grg. að það eru ekki aðrir atvinnuvegir líklegri til þess að taka við mönnum sem koma út á vinnumarkaðinn á næstu árum. Um það liggja fyrir skýrar grg., m. a. frá Framkvæmdastofnun ríkisins, að á næstu þremur árum séu líkur á að iðnaðurinn þurfi að taka við 3000 nýliðum í störf og 5—6 þús. ef horft er til næstu 8 ára. Það gerist ekki nema menn taki sig á í sölum Alþingis og taki með öðrum hætti á fjárveitingum til iðnaðarmála en gert hefur verið. Það verður vissulega ekki allt tekið beint úr ríkissjóði. Þar skiptir að sjálfsögðu meðferð á lánasjóðum iðnaðarins og fjárveitingum til þeirra talsverðu máli. Á því kom fram aukinn skilningur í tíð fyrrv. ríkisstj., þannig að staða t. d. Iðnlánasjóðs vænti ég að verði betri en áður var, en sótt var fast á að fá aukið fjármagn til hans.

En það verður að brjóta hér í blað, og það má til, að mínu mati, að hverfa frá þeirri stefnu sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið að burðast við að setja fram, því að það er í engu samræmi við það, hvernig æskilegt er og réttmætt er að ráðstafa þessu gjaldi, burt séð frá þeim samningum sem gerðir hafa verið. Ég treysti því, að hv. fjvn. taki þessi mál til gaumgæfilegrar skoðunar og líti á tillögurnar sem lágu fyrir s. l. haust frá iðnrn. um þetta efni.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég er bæði sammála og ósammála hv. þm. sem talaði áðan. Ég leit svo á að þær tillögur, sem lágu fyrir í iðnrn. frá honum og hv. starfsmanni sem hann hafði aðallega fengið til að skoða þessi mál, væru að verulegu leyti skýjaborgahugmyndir. Og ég leit líka svo á að í þeirri aðstöðu, sem við erum nú í, þýddi ekki að horfa á skýjaborgir, þó það væri skemmtilegra, við yrðum að skoða raunveruleikann. Raunveruleikinn var sá, að þessi gjöld voru lögð á til að bæta hag útflutningsiðnaðarins og hag þeirra sem áttu í samkeppni við innflutningsiðnað. Þess vegna hagaði ég mér eftir því að þeir aðilar, sem gjöldin voru ætluð til hagræðis, fengju að njóta þessa, en ekki að fénu væri dreift í smáum upphæðum hingað og þangað til undirbúnings einhverju sem væri æskilegt að kæmi eftir 2, 3, 4, eða 10 ár. Þetta er grundvallarmunurinn á skoðun minni og hæstv. fyrrv. ráðh. um hvernig nota skyldi fé þetta.

En ég er sammála hv. þm. um að hv. fjárveitingavald þarf að veita iðnaðinum miklu betri fyrirgreiðslu en hefur verið gert undanfarið, vegna þess að hjá iðnaðinum hlýtur að liggja vaxtarbroddurinn að þeim atvinnugreinum sem geta tekið við þeim aukna mannafla sem kemur á vinnumarkaðinn næstu ár. Hinu verð ég jafnframt að vekja athygli á, að undir iðnaðinn heyra líka orkumálin og þar hefur að mörgu leyti verið reynt að taka talsvert á málum, þannig að ef það er skoðað líka er framlagið til iðnaðarins ekki eins hraklegt og ef maður tekur iðnaðinn í þrengri merkingu. En ég skal samt sem áður fúslega taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér, að það þarf bæði í fjárlögum, lánsfjáráætlun og í umr. og atfylgi hér á Alþ. að taka meira og betra tillit til iðnaðarins með það fyrir augum að gera hann hæfari um að taka við þeim mannafla sem auðsjáanlega hlýtur að bætast á vinnumarkaðinn hvað úr hverju og við sjáum ekki að hinir atvinnuvegirnir, aðalatvinnuvegirnir, eins og sjávarútvegur og landbúnaður, geti nema mjög takmarkað tekið við.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég skal ekki ganga á tímann frekar, ég hef sjálfsagt notað rösklega minn tíma áðan, en ég vildi aðeins koma að aths. vegna þeirra ummæla hæstv. iðnrh., að fyrir hafi legið í rn. tillögur, sem hann líkti við skýjaborgir, varðandi ráðstöfun á aðlögunargjaldi vegna ársins 1979. Ég vil mótmæla þessu, þó að ég sé út af fyrir sig ekkert feiminn við að taka við einkunninni skýjaborgahugmynd. Það hafa ýmis framfaramál í landinu verið nefnd skýjaborgir, þó að svo hafi ekki reynst þegar tekist hefur að hrinda þeim í framkvæmd. Ég held að í þessu orði endurspeglist kannske mismunandi mat og vantrú á fyrirliggjandi hugmyndir.

En ég tel rétt að það komi fram, að fyrir utan fjárveitingu til tiltekinna verkefna, sem eru í gangi og verið er að vinna að, iðnþróunarverkefna, að upphæð 250 millj. kr., gerði rn. ráð fyrir að ráðstafa til Iðnrekstrarsjóðs afganginum af gjaldinu, einmitt til þess að vel mætti gaumgæfa til hvaða undirstöðuverkefna ætti að verja því. Það var hugsunin að svipað yrði með farið á árinu 1980 til þess að gjaldstofninn entist iðnaðinum til lengri tíma en gjaldtakan á aðlögunargjaldinu, sem er til ársloka 1980.

Ég vil svo bæta því við, að ég tel að orkumálin, þó að stundum sé talað um orkuiðnað, séu það sérstæð og standi þannig utan við að það sé ekki réttmætt að vera að rugla þeim reytum saman þegar verið er að fjalla um fjárveitingar til iðnaðarmála.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þegar vinstri stjórnin hóf störf haustið 1978 var það eitt af stefnumiðum hennar að freista þess að fá framlengdan aðlögunartíma Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu. Hugmynd ríkisstjórnarflokkanna var að fresta lækkun tolla, því þrepi sem átti að taka gildi frá og með 1. jan. 1979. Enda þótt þetta væri mjög skýrt ákvæði í samstarfsyfirlýsingu

stjórnarflokkanna, sem þá voru, náðist ekki um það samkomulag, þegar á átti að herða, innan þáv. ríkisstj. og því var valin sú leið að reyna aðrar aðferðir til þess að knýja á um lengdan aðlögunartíma Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu.

Undir þeim forsendum var aðlögunargjaldið samþykkt af Fríverslunarbandalaginu á sínum tíma, að hér væri verið að grípa til ráðstafana til að styrkja íslenskan iðnað til frambúðar gagnvart þeirri samkeppni innflutningsvara sem fylgdi aðildinni að EFTA. Þetta grundvallaratriði finnst mér alveg óhjákvæmilegt að menn hafi í huga og þm. átti sig skýrt á því, að þessi ráðstöfun hafði þann tilgang númer eitt að styrkja íslenskan iðnað, samkeppnishæfni hans til frambúðar, þ. e. í lengd, en ekki aðeins í bráð. Sú aðferð, sem fyrrv. hæstv. fjmrh., Tómas Árnason, ætlaði að nota í þessu skyni, að taka þessa peninga í ríkissjóð, í ríkishítina, en ætla þeim ekki sérstakan farveg til iðnaðarins, var vitaskuld algjörlega fráleit. Og sú aðferð, sem núv. hæstv. ríkisstj. virðist beita í þessu skyni, er einnig fráleit, eins og hér hefur verið lýst af hv. 5. þm. Austurl. Þó er hún alveg sérstaklega fráleit vegna þess að hér er um að ræða starfsstjórn annars vegar og hins vegar er hér um að ræða *tiltekinn millirikjasamning sem Íslendingar hafa gert* gagnvart Fríverslunarbandalaginu þegar samþykkt þess er gerð í maímánuði 1979 um álagningu þessa aðlögunargjalds.

Mér finnst að það skipti ákaflega miklu máli að allir hv. alþm. átti sig á hvað hér var í rauninni um þýðingarmikið skref að ræða þegar Fríverslunarbandalagið samþykkti lengri aðlögunartíma. Það skref þýddi að Fríverslunarbandalagið viðurkenndi að Ísland hefði algjöra sérstöðu innan bandalagsins. Það hefur ekki gerst áður og kemur í rauninni þvert á kenningar ýmissa embættismanna og annarra sem börðust fyrir aðild Íslands að EFTA á sínum tíma og töldu útilokað að Íslendingar gætu náð fram slíkri sérstöðu. Félag ísl. iðnrekenda hafði árum saman reynt að knýja á um að viðurkennd yrði sérstaða sem fælist í svokölluðu „gengisóhagræði". Því var algjörlega hafnað af þessum aðilum. En þegar fyrrv. vinstri stjórn lagði spilin þannig á borðið að hér væri verið að knýja á um aðeins lengri aðlögunartíma vegna sérstöðu hins íslenska markaðar og hins íslenska iðnaðar, þá var á þau sjónarmið fallist. Mér finnst mikilvægt að átta sig á þessu, ekki síst fyrir þá hv. alþm. sem hér sitja enn og báru ábyrgð á því að Ísland var knúið inn í fríverslunarbandalagið á sínum tíma.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Aðeins stutt aths.

Ég vil taka fram, að ég veit ekki betur en fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafi gert ráð fyrir að leggja fram ákveðnar tillögur um ráðstöfun aðlögunargjalds til styrktar íslensks iðnaðar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1980. Þetta kemur raunar fram að nokkru leyti í aths. með því fjárlagafrv. sem fyrrv. fjmrh. lagði fram. En allir vita hvernig fór með framhald þessa máls, þar sem fyrrv. ríkisstj. fór frá völdum eftir að þeir atburðir skeðu á s. l. hausti sem enn eru í fersku minni.

Í fjárlagafrv. núv. hæstv. fjmrh., sem hann hefur lagt fram, er lagt til að til lánasjóða iðnaðarins fari 300 millj. og til iðnþróunar, þ. e. til nýrra viðfangsefna í iðnaði, 200 millj. kr. af aðlögunargjaldinu. Fyrir fjvn., sem nú hefur starfað um hríð, hefur ekkert erindi eða frekari skilgreining á þessum atriðum borist frá núv. hæstv. iðnrh., eins og raunar hefur komið hér fram.

Ég vildi aðeins segja það hér, að ég geri ráð fyrir að fjvn. sem og flestir hv. alþm. hafi mikinn áhuga á að málefnum iðnaðarins verði komið í það form að til framtíðarheilla horfi. Við höfum áreiðanlega allir fullan áhuga og skilning á þessum málum. En eðlilega bíður núv. fjvn. eftir stefnumótun ríkisstj., og ég held þess vegna að á þessu stigi málsins sé ákaflega lítið hægt að fjölyrða um framtíð þessa máls, fyrr en ný ríkisstj. verður mynduð og væntanlega leggur þá stefnu sína fyrir fjvn. til úrvinnslu. — Ég vildi láta það koma fram hér, að ég veit ekki til þess að það sé nokkur fyrirstaða gegn því að gera það sem mögulegt er til eflingar íslenskum iðnaði, ekki hvað síst í sambandi við það mál sem hér hefur komið fram.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Það er aðeins stutt aths. út af því sem kom fram hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni.

Frá tillögum iðnrn. var gengið í des., að vísu ekki fyrr en seint í des., og þær sendar hagsýslustofnun af því að þá var ekkert Alþingi. Ég skal taka það á mig. Að hinu hef ég ekki gáð, eftir að þing kom aftur saman, að tillögurnar kæmust til fjvn., en ég skal bæta úr því strax.

Hagræðingarlán til iðnaðar, fsp. (þskj. 68). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég lagði í desembermánuði s. l. fram fsp. til hæstv. iðnrh. varðandi hagræðingarlán til iðnaðar. Fsp. er svo hljóðandi:

„Samkv. 26. gr. laga nr. 13/1979 er gert ráð fyrir, að ríkisstj. útvegi 1000 millj. kr. að láni til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins á árinu 1979.

Fyrrv. ríkisstj. samþykkti s. l. haust, að af þessari upphæð skyldu 400 millj. kr. koma í hlut iðnaðar.

Hvað hefur ríkisstj. gert til að útvega þetta fjármagn og ráðstafa því í samræmi við lagafyrirmæli og heimild til lántöku samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979?"

Ég vil fara um þessa fsp. nokkrum orðum.

Í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl., sem vitnað er til í fsp., er gert ráð fyrir lántöku að upphæð 1000 millj. kr. á árinu 1979 til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins og 2000 millj. kr. sérstakri lántöku í sama skyni á árinu 1980. Þetta mál var til meðferðar í fyrrv. ríkisstj. á s. l. sumri og þar knúði ég á um skiptingu á þessu fjármagni og lagði fram tillögur í ríkisstj. um að til iðnaðarins kæmu 400 millj. kr. Raunar höfðum við ráðh. atvinnumála á þeim tíma, hæstv. landbrh., sjútvrh. og ég, fjallað um þetta mál okkar á milli og náð samstöðu um að til iðnaðarins kæmi þessi upphæð og til sjávarútvegsins eða fiskiðnaðar jafnhá upphæð, en til landbúnaðar 200 millj. kr. Á þessa skiptingu var fallist, hún var staðfest af fyrrv. ríkisstj., en tillaga mín um að þessum 400 millj. kr. yrði ráðstafað til Iðnlánasjóðs til útlána í umræddu skyni náði ekki fram að ganga, eða réttara sagt: afstöðu til hennar var frestað þegar þetta mál var til meðferðar á einum af síðustu fundum fyrrv. ríkisstj.

Til frekari glöggvunar vil ég geta þess, að í lögum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979 og lögum þar að lútandi um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og

aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar er gert ráð fyrir þessari lántöku að upphæð 1000 millj. kr. til hagræðingarmála, að slík heimild verði þar inni. Í texta fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979, á bls. 15, stendur, með leyfi hæstv. forseta, svofellt:

„Ríkisstj. getur, auk þess sem fram er sett hér, heimilað Framkvæmdasjóði að taka 1000 millj. kr. sérstaklega að láni á árinu til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins."

Í lögum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er þessi upphæð innifalin í upphæð samkv. 9. gr., þar sem Framkvæmdasjóði er heimilað að taka erlend lán á árinu 1979 að fjárhæð 4450 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, eins og þar stendur. Þannig liggur fyrir, að heimild til þessarar lántöku er lögfest, að það er jafnframt lögfest samkv. lögunum um stjórn efnahagsmála að þessi upphæð skuli tekin að láni og nýtt til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins. Ég veit að á það hefur verið knúið við núv. hæstv. ríkisstj., ég hygg bæði hæstv. iðnrh. og fjmrh., að tryggja að þetta fé yrði til ráðstöfunar á liðnu ári. En ég hygg að undirtektir hafi ekki verið þær sem vonast var eftir. Það verður væntanlega upplýst í svari hæstv. ráðh.

Ég vil að það komi fram hér einnig, að þegar í undirbúningi voru lög um stjórn efnahagsmála lögðum við Alþb.-menn, þingflokkur Alþb. og ráðh. Alþb., mjög ríka áherslu á að það yrði gert átak til að efla atvinnuvegi landsins þannig að þeir skiluðu meira, að þar yrði gert átak til hagræðingar og framleiðniaukningar. Sérstakur kafli, V. kafli, þessara laga fjallar einmitt um málefni atvinnuveganna og þar er að finna þá lagagrein sem ég vitnaði í áðan. Það kann vissulega ekki góðri lukku að stýra ef ákvarðanir af þessu tagi eru ekki framkvæmdar, og ég hygg að hér hafi orðið misbrestur á. Ég tel að einmitt á þessu sviði þurfi að gera mjög verulegt átak, eins og raunar hefur verið mjög til umr. í sambandi við þær tilraunir til stjórnarmyndunar, sem nú standa yfir, og þá fyrst og fremst í tillögum okkar Alþb.-manna í sambandi við þau efni. En svar fáum við væntanlega frá hæstv. ráðh. um þetta, og ég vil ekki segja meira um það að sinni.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Fyrrv. iðnrh. lagði hinn 15. okt. s. l. fyrir ríkisstj. tillögu þess efnis, að umræddum 400 millj. kr. yrði varið til hagræðingar í iðnaði og yrði Iðnlánasjóði falið að veita fyrirtækjum lán í þessu skyni. Tillaga þessi fékk ekki afgreiðslu á þeim fundi. Tveim eða þrem dögum síðar hygg ég það hafi verið sem fyrrv. ríkisstj. fór frá.

Það er rétt, að á þessum ríkisstjórnarfundi var formlega samþykkt skipting á þeim 1 milljarði kr. sem verja átti til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins samkv. 26. gr. laga nr. 13/1979 og samkv. heimild í lánsfjáráætlun ríkisstj. Skiptingin var, eins og hv. þm. tók held ég fram, að til landbúnaðarins ættu að fara 200 millj., 400 millj. til sjávarútvegsins og 400 millj. kr. til iðnaðarins.

Núv. ríkisstj. tók þá ákvörðun að erlend skuldasöfnun yrði takmörkuð sem frekast væri kostur, og var því ákveðið að fresta um sinn útvegun þessa fjár, enda má vísast líta svo á að hér hafi fremur verið um stefnumark að ræða og heimild en lögbundna skyldu þótt ugglaust hafi menn á því mismunandi skoðanir.

Annað get ég í raun og veru ekki sagt um þessa fsp. en það, að hvorki fyrrv. né núv. ríkisstj. hefur útvegað þetta fé. Ég held að fyrrv. ríkisstj. hafi heldur enga tilburði haft til þess, nema ég verð að nefna eina undantekningu sem virðist hafa farið eftir dálítið sérstakri leið. Rn. landbúnaðarins hafði, þegar ég kom þar inn fyrir dyr, útvegað 100 millj. kr. hjá Framkvæmdastofnun ríkisins til að fjármagna byggingu og uppsetningu refabúa við Eyjafjörð. Ég varð fyrst var við þetta þannig að það komu menn frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og óskuðu eftir sérstakri ráðstöfun á 100 millj. kr. sem eftir væru. Þegar ég fór betur ofan í þetta var ég leiddur í allan sannleika um þessar eitt hundrað milljónir og hvernig að útborgun þeirra hefði verið staðið. Áframhald af þessu var það, að þegar kom lengra fram á þann tíma sem ég hef setið í landbrn. reyndust 100 millj. ekki nægilegar til þess að fullljúka refabúunum og kaupum á dýrum þangað, þannig að það hefur verið að því staðið að fá til viðbótar hjá sama lánsaðila 40 millj. kr. Þannig má segja að 140 millj. kr. hafi verið útvegaðar til landbúnaðarins, en ekkert til iðnaðarins og ekkert til sjávarútvegsins. Þetta held ég að sé nokkurn veginn sannleikurinn í málinu.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans og upplýsingar um þetta efni, en ég vil ítelja það mjög, að svo hafi verið haldið á þessu máli af núv. hæstv. starfsstjórn að ekki hefur verið framfylgt lagafyrirmælum um þessa lántöku og þeirri stefnumörkun sem fyrrv. ríkisstj. stóð að með lagasetningu um þetta efni og með því að skipta þessu fjármagni milli atvinnuveganna. Það hefur ekki verið farið eftir henni. Ég tel að hér sé í rauninni alveg verið að brjóta gegn skýrum lagafyrirmælum um þetta mál og stjórnaraðgerðum að þessu leyti. Ég tók það svo, að sá fyrirvari, sem kom fram á áðurnefndum ríkisstjórnarfundi frá ráðh. Alþfl., þar sem þessi skipting var samþ., hafi fyrst og fremst verið sá, að þeir vildu, vegna þess að sýnilega voru stjórnarskipti í nánd og núv. starfsstjórn var þá upprennandi, aðeins doka við að ganga frá þessu máli. Ég dró ekki þann skilning af umræðum um þetta efni hjá ráðh. Alþfl., sem þeir tóku þátt í í ríkisstj., að þeir ætluðu að koma í veg fyrir að þessa fjármagns yrði aflað og það notað í því skyni sem lög mæltu fyrir.

Það kom fram í svari hæstv. ráðh. að á annað hundrað millj. kr. hafa farið til sérstakrar ráðstöfunar í landbúnaði. Ég vil út af fyrir sig ekki ítelja það. En það er mjög til samræmis við aðrar aðgerðir núv. hæstv. starfsstjórnar í sambandi við málefni iðnaðarins, að svo skuli hafa verið haldið á þessu máli að ákveðið var að nýta ekki fyrirliggjandi lántökuheimild undir því yfirskini að ekki mætti bæta við erlendum lántökum. Ég held að það sé umhugsunarefni fyrir menn, hvort það eigi að vera leiðarstjarna okkar að við eigum að hafna því að taka lán — og þar með erlend lán — til brýnna aðgerða í atvinnulífi landsmanna og þá ekki síst á sviði iðnaðar, en auðvitað einnig á sviði annarra atvinnuvega. Ég tel að það séu engin rök fyrir því að hika við að afla lánsfjár til aðgerða sem eiga að koma atvinnuvegum okkar til góða, eiga að auka framleiðni þeirra. Lántökur af slíku tagi og ráðstöfun fjármagns á, ef rétt er á haldið, að skila sér aftur á stuttum tíma í þjóðarbú okkar.

Það hefur komið fram hjá ýmsum á undanförnum mánuðum og vikum, að það geti verið torvelt að efla

þannig innlenda atvinnuvegi okkar að verulega meira verði til skipta í þjóðarbúskapnum en verið hefur. Þar er trú manna mjög misjöfn á hverju hægt sé að ná fram. Það er sannarlega skiljanlegt að þeir aðilar, sem þannig halda á málum að hika við að útvega nauðsynlegt fjármagn til þessara mála, hafi ekki mikla trú á því að hægt sé að ná árangri á þessu sviði. Ég tel að sú ákvörðun, sem hæstv. ráðh. greindi hér frá og tekin var af þessari hæstv. starfsstjórn, sem svo er kölluð, sé ekki gildari en svo að það beri að útvega þetta fjármagn til viðbótar þeim 2000 millj. kr. sem lög um stjórn efnahagsmála kveða á um að taka skuli að láni til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins, — það beri að bæta því fjármagni við á þessu ári til þess að efla undirstöður atvinnulífs okkar og sérstaklega til þess að auka þar framleiðni.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið né heldur taka upp þau efnisatriði sem hér er verið að ræða, en þessar umr. eru satt að segja dálítið skringilegar. Hér er verið að krefja starfsstjórn sagna og bera henni á brýn að hún fari ekki að lögum. Það gerir hæstv. fyrrv. iðnrh., þótt vitað sé að hann átti í stríði innan sinnar hæstv. ríkisstj. um sömu mál og varð reyndar að lúta í lægra haldi fyrir hv. þm. Tómasi Árnasyni, sem þá var fjmrh. Hitt er svo annað mál, að það er eðlilegt að fyrrv. hæstv. ráðh. komi í ræðustól nú og afsaki sig í bak og fyrir þar sem hann hafi ekki farið að lögum. Undir það skal tekið og undirstrikað að þessar umr. eru þess vegna kannske eðlilegar.

Ég vil láta koma fram, að ég hef fulla samúð með þeim málstað sem kemur fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni efnislega. En ég get ekki orða bundist þegar hann kemur hér og fer að skammast út í þá stjórn sem nú situr og er valdalaus með öllu, er starfsstjórn, og ætlast þannig til meira af henni en eigin stjórn. Það er raunar það sem hv. þm. er að gera.

Við þurfum jafnframt að hafa í huga, að þessi tvö mál, sem hefur verið rætt um í dag, eru samofin aðildinni að Fríverslunarbandalaginu og samningum við Efnahagsbandalag Evrópu. Þeir samningar eru ekki einhliða til hagræðis fyrir þær þjóðir sem flytja til landsins. Þeir eru öðrum þræði til þess að við getum eflt útflutning okkar. Þetta eru tvíhliða samningar sem báðir aðilar eiga að hafa gagn af. Því er rangt þegar hv. þm. Svavar Gestsson, fyrrv. viðskrh., kemur hér upp í stól og lætur líta svo út að þetta sé einhliða fyrirbæri orðið til að hamast á Íslendingum, þannig að útlendingar geti flutt hingað vörur til landsins og skákað íslenskum iðnaði. Þetta verða menn ætíð að hafa í huga þegar rætt er um þessi viðskiptamál.

En það, sem eiginlega rak mig upp í ræðustólinn, eru þau orð fyrrv. hæstv. ráðh., að hér beri að fara að lögum. Ég veit ekki betur en í þeim lögum, sem heita lög um stjórn efnahagsmála o. fl., nr. 13 frá 1979, finnist varla grein sem farið hafi verið eftir.

Ég get nefnt ýmsar tölur í þessum lögum. Í 10. gr. segir, að það eigi að lækka ríkisútgjöld, og nefndar 1000 millj. kr. Við getum flett þessum lögum áfram og litið á ýmsar tölur. Við getum litið á 30. gr.: „Á árinu 1979 skal að því stefnt að aukning peningamagns í umferð fari ekki fram úr 25% frá upphafi til loka árs.“ Með leyfi forseta er ég að lesa úr þessum lögum. — Var farið að þeim lögum? Í 31. gr. er fjallað um innistæðubindinguna 28%. Svona má lengi telja. Svo kemur fyrrv. ráðh. í ræðustól á Alþ. og segir: Á ekki að fara að lögum? Það hefur aldrei verið farið eftir þessum lögum, og væri viðurlagabálkur í þeim sætu kannske einhverjir hv. alþm. inni fyrir vikið.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að haga orðum mínum þannig að þau þurfi að vekja upp deilur, en ég get ekki orða bundist út af sumu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði áðan.

Ég leit á það sem skyldu okkar í hinni svokölluðu starfsstjórn að halda þannig á málum að við ykjum ekki að óþörfu á þann vanda sem fyrir væri. Og ég tel það eitt af vandamálum okkar, hve ríkið er í miklum skuldum. Þess vegna, þó mér væri alveg ljóst að líka væri nauðsyn að efla iðnaðinn, sjávarútveginn og landbúnaðinn eftir þeim línum sem getið er um í efnahagslögunum sem við höfum verið að ræða um, taldi ég sjálfsagt og skylt að búa samkvæmt þeim aðstæðum sem fyrir hendi voru. Ég taldi þýðingarmest að verjast skuldasöfnun eins og málin stóðu. Þess vegna fylgdi ég þeirri tillögu, sem kom fram í ríkisstj., að láta við svo búið sitja, fyrst fyrrv. ríkisstj. hefði ekki útvegað þetta fé skyldum við ekki heldur gera það og ætla frekar að málin þróuðust þannig, að fremur væri vel búið en illa búið þegar næsta ríkisstj. tæki við. Það var þetta sem ég vildi taka fram.

Að sjálfsögðu lít ég svo á, að stundum verður að taka erlend lán til að efla vissar atvinnugreinar. En mér var ekki ljóst að á þessu stigi málsins væri það rétt, af því að við yrðum að búa við þær aðstæður sem fyrir hendi voru. Það er dálítið annað fyrir ríkisstj., sem hefur eitthvert langtímamarkmið fram undan, heldur en aðra, sem býst við að vera kannske farin eftir einn mánuð, að taka stórar ákvarðanir. Í þessu tilfelli er ég þeirrar skoðunar, að þeir, sem búast við að sitja stutt, verði framar öðrum að gæta þess að skuldir hækki ekki.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er aðeins af því, að hv. þm. Friðrik Sophusson fór að blanda inn í umr. óskyldu atriði og dálítið einkennilegu, sem ég vil segja örfá orð.

Hann sagði að lögin um stjórn efnahagsmála, nr. 13 frá 1979, hefðu alls ekki verið framkvæmd. Ég held að þetta séu stóryrði sem hv. þm. geti ekki staðið við. Ég hef ekki lögin við höndina, en ég kann svolítinn graut í þeim. M. a. vil ég benda honum á að II. kafli fjallar um samráð. Það var eitt af seinni verkum mínum í fyrrv. ríkisstj. að ganga frá reglugerð um það efni. Ef samráð hefur ekki verið framkvæmt eins og stendur í þeirri reglugerð og lögunum er það á ábyrgð þeirrar stjórnar sem nú situr. Það þýðir ekkert að vera að klifa á því að hún sé starfsstjórn. Þetta er stjórn sem ber fulla ábyrgð. Og ef ráðh. vilja ekki bera ábyrgð verða þeir að gera svo vel að fara til forseta og fara þess á leit við hann að hann hverfi frá fyrri ákvörðun sinni um að biðja þá að sitja lengur, því að þeir losna ekki undan ábyrgðinni meðan þeir sitja í stólunum.

III. kaflinn fjallar um fjárlagagerð, ef ég man rétt. Ég hygg að við fjárlagagerð og við undirbúning fjárlagafrv., sem fyrrv. ríkisstj. stóð að, hafi verið fylgt ákvæðum laganna bókstaflega. Annars er fyrrv. fjmrh. betur fær til frásagnar um þau atriði.

IV. kaflinn fjallar, ef ég man rétt, um lánsfjáráætlun og atriði þar að lútandi. Mér er óhætt að segja að í tíð fyrrv. ríkisstj. var líka unnið að undirbúningi lánsfjáráætlunar á þeim grundvelli sem er lagður í efnahagslögunum.

V. og VI. kaflinn munu fjalla um peningamál og

vaxtamál. Þar er m. a. gert ráð fyrir að tekin verði upp verðtrygging og að henni verði að fullu komið á í áföngum fyrir árslok 1980. Ég veit ekki betur en í höfuðatriðum hafi verið farið eftir því og þeim stefnumörkum sem sett eru í þessum köflum. Vera kann að það séu einhverjar prósentur nefndar þar sem einhverjir höfðu sérstakan áhuga á. Það er gott að hafa þær á pappír, en það er ekki alltaf sem þær standast í veruleikanum. En það er hæpið af hv. þm., sem er lögfræðingur, að vera að tala um lögbrot í því sambandi eins gífuryrt og hann gerði, að jafnvel mundu menn sitja inni fyrir þær sakir að ekki hefði verið farið eftir þessum lögum.

Ef ég man rétt er næsti kafli á eftir um verðbætur á laun. Ég veit ekki betur en að farið hafi verið alveg nákvæmlega eftir þeim kafla við útreikning á verðbótavísitölu. Að vísu var gerð breyting á bráðabirgðaákvæði hans með lögum.

Svo er kafli um vinnumarkaðsmál. Ég veit ekki betur en hæstv. félmrh. hafi unnið að því að hrinda honum í framkvæmd, jafnt fyrir andlátið sem eftir upprisuna, — jafnt í tíð fyrrv. ríkisstj. og í tíð núv. stjórnar. Hann hefur ráðið sérstakan mann, að ég ætla, sem fulltrúa eða deildarstjóra í félmrn. til þess að annast um þessi mál, sem geta verið mjög mikilvæg að mínum dómi.

Svo er kafli um endurskoðun á sjóðum sjávarútvegsins. Ég efast ekki um að hæstv. sjútvrh. hefur hugað að þeim málum.

Það eru því ekki rök til þess fyrir hv. þm. að haga máli sínu eins og hann gerði.

Herra forseti. Það er stærra viðfangsefni að ræða um þessa löggjöf en svo að hægt sé að gera slíkt í fyrirspurnatíma, enda var þetta innskot og aukaþáttur hjá hv. þm. En jafnvel þó menn hafi ánægju af því að auglýsa sjálfa sig og skjóta auglýsingaþáttum inn í annars óskyld mál mega menn ekki gerast offara eins og hv. þm. með því að vera með jafngífurlegar fullyrðingar og hann fór með áðan.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður.

Mér þykir ágætt að hv. þm. Ólafur Jóhannesson hefur leitt mig í allan sannleika. Hann gerði það forðum þegar hann kenndi mér lög í Háskólanum. Ég sagði áðan að ef viðurlagabálkur væri í lögunum, sem aðalhöfundur laganna sá fyrir að þýddi ekki að hafa í þeim, gæti svo farið að menn yrðu að sæta einhverri refsingu. En sá bálkur er ekki til í lögunum og þess vegna er ekki um slíkt að ræða.

Ég skal viðurkenna fúslega að sumt í þessum lögum hefur verið framkvæmt. Lögin eru nánast lögbinding á samningum fyrrv. stjórnarflokka um hvert átti að stefna. Það er ekki venjulegt að setja slíkt stefnuatriði í löggjöf, held ég, en það var gert að þessu sinni og voru ærnar ástæður til, en dugði þó ekki lengi því að einn flokkurinn klauf sig út úr því lögbundna stjórnarsamstarfi.

Að lokum þetta: Ef prósentur eru aðeins tölur til að skrifa á blað, en ekki til að fylgja ef þær eru settar í lög, er ég hræddur um að ýmsir líti björtum augum til framtíðarinnar, ekki síst ef við lesum áfengislöggjöfina með þessum hætti því að þá mega allir drekka bjór á Íslandi.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég skal segja örfá orð og verða við tilmælum hæstv. forseta um það.

Varðandi fjárlagagerðina vil ég taka það fram og taka af öll tvímæli og staðfesta það sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson sagði áðan, að farið var að þeim ákvæðum sem um hana giltu og sett voru í löggjöfina nr. 13 frá 1979, sem nefnd hefur verið lög um stjórn efnahagsmála o. fl. eða Ólafslög.

Varðandi atriði, sem hér kom fram um niðurskurð ríkisútgjalda, er rétt að kveðið er á um það í lögum nr. 13/1979 að ríkisútgjöld skyldu skorin niður um 1 milljarð á árinu 1979. Lagabrotum í því efni vísa ég algerlega frá mér, vegna þess að árið var alls ekki liðið þegar ég lét af embætti. Ég hafði í undirbúningi tillögur í þessu efni. Þær hafa að nokkru verið framkvæmdar, en ekki til fulls. Það var skorið niður, held ég, um 500 millj., ef ég man rétt, og því var borið við, að nokkru leyti með fullum rétti, að það var liðið það mikið á árið að erfitt hefði verið að koma við niðurskurði. Ég hygg að kosningarnar hafi haft sitt að segja í þessum efnum, svo ég segi ekki meira um það.

Atriði, sem mér hefur borist til eyrna að hafi verið rædd áðan undir öðrum lið, skal ég ekki ræða hér, enda er það ekki rétt, heldur aðeins skjóta því að fyrrv. iðnrh., hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að til fjmrn. bárust engar sundurliðaðar tillögur um hvernig ráðstafa skyldi hinu sérstaka iðnþróunargjaldi. Í lögum er tekið fram að það skuli verja tekjum af því gjaldi á þessu ári til eflingar iðnþróun samkv. ákvæðum fjárlaga, og gert er ráð fyrir að iðnrn. geri tillögur um hvaða sérstakar iðnþróunaraðgerðir það skuli vera. Slíkar tillögur bárust ekki fjmrn., þannig að ekki voru tök á að leggja fyrir Alþ. í fjárlagafrv. sundurliðaðar tillögur um til hvaða iðnþróunaraðgerða gjaldið skyldi renna á þessu ári. Mín ætlun var sú, en mér entist ekki aldur í embætti til þess, að gera nánari grein fyrir þessu máli í fjárlagaræðu, en hana flutti ég aldrei, eins og kunnugt er. Þá hefði ég rætt þetta mál og gert grein fyrir því, hvers vegna málið var lagt fram í fjárlagafrv. eins og raun ber vitni um. — Til viðbótar við það er þess að geta, að ég lagði þetta fjárlagafrv. fram á eigin ábyrgð. Það er svo mál út af fyrir sig.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Varðandi fsp. hefur komið skýrt fram hjá hæstv. iðnrh., að hann hefur metið það svo og ríkisstj. hans að ekki væri ástæða til að leggja út í það hagræðingarátak sem gert var ráð fyrir í umræddum lögum. Ég hef sagt álit mitt á því og hvernig ég lít á þann lagabókstaf. En það er fróðlegt fyrir menn að átta sig á hvaða viðhorf hæstv. ríkisstj. hefur í þessum efnum og varðandi fleiri þætti í málefnum iðnaðarins.

Svo aðeins vegna þess sem kom fram hjá fyrrv. hæstv. fjmrh., 1. þm. Austurl., Tómasi Árnasyni, að engar tillögur hefðu borist fjmrn. varðandi ráðstöfun á aðlögunargjaldi, vil ég segja þetta: Hann skaut að vísu inn orðunum „engar sundurliðaðar“, og það var ákveðinn öryggisventill. Það var gott að hann sagði þetta, því að við undirbúning fjárlaga í seinni hluta júnímánaðar var gerð um það tillaga frá iðnrn. að höfðu samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun að tekjur af aðlögunargjaldi skyldu færðar til gjalda í fjárlagafrv. undir liðnum til iðnþróunar, en þegar tekjuáætlun hefði borist frá fjárlaga- og hagsýslustofnun um afraksturinn af þessu gjaldi á árinu 1979 ætlaði iðnrn. að leggja fram sínar tillögur. Tekjuáætlun hafði ekki til okkar komið og ég vissi ekki til að það væri neinn ágreiningur um að þessi upphæð stæði þarna í fjárlagafrv. hæstv. þáv. fjmrh. Það var einmitt verið að vinna að sundurliðuðum tillögum um

þetta efni um það leyti sem fyrrv. ríkisstj. fór frá.

Tómas Árnason: Herra forseti. Lögin um hvernig aðlögunargjaldi skuli ráðstafað hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekjum af aðlögunargjaldi á árinu 1979 skal varið til sérstakra iðnþróunaraðgerða samkv. nánari ákvæðum ríkisstj., að fengnum tillögum iðnrh.

Á sama hátt skal tekjum af gjaldinu á árinu 1980 varið til eflingar iðnþróunar samkv. ákvæðum fjárlaga."

Það var engin spurning um, að tekjur af þessu gjaldi mundu nema um 1700 millj. kr. á þessu ári, í þann mund sem gengið var frá fjárlagafrv. En það lágu ekki fyrir neinar tillögur frá iðnrn. um til hvaða sérstakra iðnþróunaraðgerða gjaldið skyldi renna. Og það var aldrei ætlun mín að þannig væri farið að með þetta mál að iðnrn. eitt réði hvernig frá því væri gengið. Gert er ráð fyrir því samkv. lögunum að það skuli gert í fjárlögum. Þess vegna vildi ég ekki ganga frá málinu í einu lagi þannig að það væri á færi iðnrh. eins og fjvn. að ganga frá ráðstöfun gjaldsins. Ég vildi að það væri ríkisstjórnarmál og kæmi fram í fjárlagafrv. sundurliðað. Um það hefur þessi deila snúist.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég harma að jafnmætur maður og ég tel Hjörleif Guttormsson, hv. þm., vera skuli — áreiðanlega viljandi — mistúlka orð mín áðan. Það, sem ég sagði, var ekki að ég teldi ekki þörf á fjármunum til iðnþróunarverkefna, heldur hitt, að ég hefði metið það í þeirri stöðu sem við vorum í nú, að réttara væri að komast hjá auknum erlendum lántökum en að fara í umræddа iðnþróun. Þar með sagði ég ekki að ekki væri þörf á iðnþróun, heldur hitt, að ég mat það meira virði að verjast auknum lántökum eins og málin stóðu og standa.

Tekjuskipting og launakjör, þáltill. (þskj. 14). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 24. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., kl. 3.50 síðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 103, n. 113). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. um útflutningsgjald af sjávarafurðum og sömuleiðis og jafnframt um 69. mál, þar sem fjallað er um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þessi mál eru í samhengi og verða varla sundur slitin. Þess vegna leyfi ég mér að óska þess að mega nefna nú þessi mál bæði.

Það er skemmst frá því að segja, að n. hefur orðið sammála um afgreiðslu málsins og tekið tillit til ýmissa þeirra aths. sem fram komu við 1. umr. málsins. Og til þess að gera langt mál stutt held ég að sé rétt að greina frá þeim breytingum sem n. leggur til að gerðar verði.

Varðandi 68. mál eru þessar breytingar í þrennu lagi:

Fyrst að lagt verði af orðið „Aflajöfnunardeild" og í staðinn tekið orðið: Verðjöfnunardeild, sem breytist þá alls staðar þar sem það kemur fram í frv. Okkur fannst að þetta orð næði betur þeirri merkingu sem leggja ber í það á þessum stað.

Undir sama lið, við 2. gr., er brtt. um að hætt verði við að veita fjármuni í sérstaka úreldingarstyrki sem rn. eigi síðan að útbýta, heldur verði skiptavaldinu forðað frá ráðuneytismönnum og komið í stofnun sem sér um svipað verkefni, þ. e. aldurslagatryggingar. En ég legg áherslu á að fjármunum þeim, sem úr þessum sjóði koma í aldurslagatryggingar, eigi að skipta samkv. reglum sem sjútvrn. setur, en ekki þeim reglum sem gilda um úthlutun aldurslagatrygginganna nú.

Í þriðja lagi varð að gera svipaða breytingu á 6. gr. vegna þess að þar er vísað til úreldingarstyrkjanna einnig.

En að síðustu, — og skiptir kannske mestu máli varðandi þær aths. sem fram komu við frv. hér, þar sem menn lögðu áherslu á að þeir vonuðu að um væri að ræða tímabundið ástand og ekki væri æskilegt að festa verðjöfnun í lögum til frambúðar, — var farin sú leið að setja á gildistíma laganna tímamörk. Um það var nokkuð rætt hversu langur gildistíminn ætti að vera. Sumir vildu styttri tíma, aðrir lengri, en til samkomulags var því komið inn í brtt. að hafa hann tvö ár. Sá tími ætti að nægja til að sjá hvernig lögin kæmu út í raun og veru að þessu leyti, og ætti einnig að verða nægilegur umhugsunarfrestur fyrir menn sem hefðu áhuga á að fjármagna verðjöfnunina með einhverjum öðrum hætti. Það er ekki ólíklegt að útflutningsgjöldin verði endurskoðuð jafnvel miklu fyrr en þetta, í lok ársins 1981, þannig að þetta ákvæði ætti ekki að verða til neinna vandkvæða.

Herra forseti. Þessar eru brtt. n. við 68. mál um útflutningsgjald af sjávarafurðum. N. leggur sem sagt til að málið verði samþykkt með þessum breytingum.

Um 69. mál, sem ég vil leyfa mér að nefna hér einnig, eru gerðar sams konar breytingar, þannig að skipt er um orðið „aflajöfnunardeild", og sömuleiðis eru í 7. gr. frv. sett sams konar tímamörk. Um þetta varð n. sammála og með þeim breytingum leggur n. til að málið verði samþykkt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Mér hefur skilist, að mjög mikilvægt sé að ljúka þessum málum í dag, og er nokkuð undrandi á að hæstv. sjútvrh. skuli ekki vera viðstaddur. (**Forseti:** Mér er um það kunnugt að hæstv. ráðh. er við það bundinn í Ed. að mæla fyrir frv. sem snertir þetta mál, um olíugjald.) Ég ætla þá ekki að gera hlé á máli mínu, en skil að hæstv. ráðh. verður að sinna því einnig og erfitt er fyrir hann að vera á báðum stöðum. Ég tek orð forseta til greina að því er það varðar.

Hér er um að ræða mjög umfangsmikið mál. Það er í sjálfu sér mjög erfitt fyrir þm. að standa frammi fyrir svo stórum málum sem þessu og það skuli ekki vera tími til að líta á hvaða áhrif slík lagasmíð muni hafa.

Það kemur hér fram að gert er ráð fyrir að koma upp verðjöfnunardeild sem á að hafa til umráða 2.7 milljarða kr. til að hafa áhrif á fiskveiðistefnu okkar, hvaða fisktegundir skuli veiddar. Ég á von á að þeim peningum verði fyrst og fremst varið til þess að auka karfaveiði. Það er nefnd hér ufsaveiði, þó að ég sé mjög efins um að það sé svo mikill ufsi við landið að ástæða sé til að auka mjög sókn í hann. A. m. k. verður hans ekki mikið vart á grunnslóð eins og oft var fyrir nokkrum árum.

En það, sem mér finnst mestu máli skipta í þessu sambandi, er ekki einstakir fiskstofnar, sem þó eru mikilvægir, heldur einnig veiðiaðferðir. Það skiptir mestu máli varðandi veiði okkar að koma afla okkar sem bestum á land og ná sem bestum gæðaflokki. Við erum hér einnig með bátaflota, sem á í erfiðleikum, þótt hann vilji oft gleymast í umr. um fiskveiðimál. Hér er bæði bátafloti og togarafloti. Bátaflotinn hefur átt í erfiðleikum á undanförnum árum og þar hefur ekki farið fram nein eðlileg endurnýjun. Ég tel fulla ástæðu til þess að einnig væri heimilt að greiða nokkra uppbót á línufisk, t. d. að sumarlagi, til þess að beina áhuganum að þeirri veiðiaðferð. Mikill hluti bátaflotans er á trolli yfir sumartímann. Það er dýrt, þeir eyða mikilli olíu. Það gæti verið þjóðhagslega rétt að beina bátaflotanum meir að línuveiðum. Það er greidd 10% uppbót á línufisk af fiskkaupendum. Ég teldi koma fyllilega til greina að nota hluta af því fjármagni til slíkra hluta, sem sagt ekki aðeins til að hafa áhrif á hvaða tegundir fisks eru veiddar, heldur einnig með hvaða aðferðum, til þess að koma því til leiðar að sem mest og best verði gæði aflans sem kemur á land.

Þar sem þannig stendur á, að mér skilst að ekki sé hægt að ganga frá ákvörðun fiskverðs án þess að þessum málum ljúki, hef ég ekki hugsað mér að flytja brtt. við frv. á þessu stigi máls, enda erfitt að kasta fram slíkum till. án þess að þær hljóti nauðsynlega athugun í stofnunum sjávarútvegsins. En ég vil harma að hv. n. hefur ekki gefist tími til að fjalla nánar um með hvaða hætti stjórnun skuli fara fram og ráðstöfun á þessum peningum og þá sérstaklega með tilliti til bátaflotans, því að ljóst er að bátaflotinn mun ekki njóta þeirra peninga sem á að leggja í þennan sjóð. Hann mun að mestu leyti, ef ekki að öllu leyti, renna til togaraútgerðarinnar. Ég er ekki að segja það með því hugarfari að þessum tveimur flotum eigi að stilla upp sem einhverjum andstæðum, þvert á móti. Ég er aðeins að minna á að menn verða einnig að íhuga að hér er bátafloti sem á í erfiðleikum, sem hefur orðið út undan og hefur ekki verið hafður í huga sem skyldi varðandi fiskveiðimál okkar og mörkun fiskveiðistefnu okkar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og frsm. sjútvn. tók fram varð samkomulag í n. um afgreiðslu á þessum frv. Það, sem hv. 3. þm. Austurl. sagði, get ég þó tekið undir. Hins vegar er sjútvn. stillt upp við vegg að afgreiða þessi frv. á svo að segja engum tíma. Það er þegar komin hálf fjórða vika fram yfir þann tíma að fiskverð átti að liggja fyrir, og þó að við hefðum gjarnan viljað hugleiða þau efni, sem hv. þm. ræddi um, hefði það haft í för með sér enn frekari drátt á fiskverðsákvörðuninni.

Ég lít svo á, eins og ég tók fram við 1. umr. þessara mála, að verðbætur á ákveðnar fisktegundir til þess að auka sókn í þær og minnka um leið sóknina í tegundir, sem eru fullveiddar eða ofveiddar, séu ákvæði til bráðabirgða, eins og við í raun og veru staðfestum með brtt. n., með tilliti til þess að ekki er tími til að taka annað upp.

Mér er alveg ljóst að fyrst og fremst er verið að greiða þessar verðbætur til mikils hluta togaraflotans og á kostnað bátaflotans að verulegu leyti, en þó ekki að öllu leyti.

Ég er ekki mjög mikill talsmaður þess að gera eigi þetta með þeim hætti sem hér er lagt til, þó að ég sætti mig við það. Ég held að verðbótagreiðsla eigi ekki að vera verkefni Aflatryggingasjóðs, en get undir þessum kringumstæðum fallist á að framlengja það fyrst slíkt var tekið upp á s. l. ári.

Línufiskur er greiddur enn hærra verði en annar fiskur. Kaupendur greiða 10% ofan á hið ákveðna verð Verðlagsráðsins. Lengi vel greiddi ríkissjóður sérstakar bætur á línufisk. Þær bætur hafa farið lækkandi á seinni árum og eru alveg niður felldar. Ég fyrir mitt leyti harma þá afstöðu sem Alþ. hefur tekið til þessara mála, sérstaklega í fjárlögum ársins 1979, þar sem bætur frá ríkinu voru lækkaðar stórkostlega og það mikið að því tók eiginlega ekki að vera að hafa þær lengur í fjárlagafrv. Eftir því sem ég best man eru engar verðbætur á línufisk í því frv. sem lagt hefur verið fram á Alþingi. — En ég tel, að þessi mál þurfi að athuga nánar, og tek undir þær ábendingar sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég vil taka undir með hv. 3. þm. Austurl. í sambandi við þetta mál, ekki hvað síst um málefni bátaflotans, því að það atriði er þegar orðið stærra vandamál en fram hefur komið til þessa, hvernig á að fara með bátaflotann, ekki síst þann hluta hans sem hefur orðið að stunda togveiðar, miðað við þær nýju aðstæður sem nú liggja fyrir í þjóðfélaginu, olíuverðshækkunina. En ég vildi koma hér að því sem snýr að stjórnun fiskveiðanna — því miður er hæstv. sjútvrh. ekki viðstaddur, — en ég tel að það sé miður farið að í eins veigamiklu málefni og fiskveiðar eru fyrir þjóðina skuli ekki hafa verið unnið öðruvísi að en raun ber vitni.

Ég vil minna á það hér, að nokkrir alþm. fengu skipunarbréf á s. l. hausti, í byrjun sept. ef ég man rétt, um að þeir væru skipaðir í nefnd til þess að gera tillögur og ræða við hagsmunaaðila um fiskveiðistefnu og gera þar jafnvel ákveðnar tillögur til lagasetningar. Nefndin hefur aldrei verið kölluð saman.

Ég tel að það sé einnig í sambandi við svona viðamikil mál lágmarkskrafa að haldnir séu fundir í landshlutunum með sjómönnum og öðrum aðilum til þess að ræða í fullri hreinskilni um þessi mál og hvernig best væri að haga stjórn á þeim.

Hins vegar er ljóst að eins og málum er nú háttað er ekki um annað að ræða en afgreiða þessi mál, eins og hér hefur verið farið fram á. Ég mun að sjálfsögðu standa að því. Ég vil lýsa ánægju yfir að n. hefur þó gert þá breytingu, sem mér finnst mikilvæg í þessu máli, að lögin eiga ekki að gilda nema í tvö ár.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það er samdóma álit n. að ljúka verði þessu máli. Ég vil ekki leyfa mér að draga það samdóma álit hennar í efa, en í framhaldi af orðum hv. 1. þm. Vestf. og viðtölum mínum við nokkra nm. í sjútvn. vænti ég þess og mælist til þess, að með því að þetta mál verði afgreitt ljúki n. ekki störfum sínum

varðandi það. Ég held að það hljóti að koma fyllilega til greina að n. taki málið til frekari athugunar og beiti sér þá fyrir breytingum að lokinni slíkri athugun.

Ég segi fyrir mig, að ég gæti út af fyrir sig vel flutt brtt. eða frv. til l. um breytingu á væntanlegum lögum, en ég tel farsælla ef líkt yrði gert á breiðum grundvelli og áframhaldandi vinna og athugun færi fram í n. og n. kæmi fram með breytingar í þá átt. Ég held að það sé alveg rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að það er til skammar hvernig uppbótum á línufisk er háttað. Hér er um slíkan gæðafisk að ræða að það hlýtur að vera mikilvægt að beina sókn okkar að þeirri veiðiaðferð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 113,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 113,2 samþ. með 21shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 113,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður, sjávarútvegsins, frv. (þskj. 104, n. 114). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég hafði eiginlega sagt það sem segja þurfti varðandi þetta mál vegna þess að það má frekast líta á það sem hluta af því máli sem þegar hefur verið rætt. En mönnum hefur orðið tíðrætt um vissa hluti aðra en þá sem í frv. eru, eins og t. d. að borga uppbætur á línufisk, sem hafði verið gert í langan tíma, en hefur því miður verið lagt af núna.

Ég er sammála hv. 3. þm. Austurl., Halldóri Ásgrímssyni, um að full er ástæða til þess að hvetja til og reyna að örva með einhverjum hætti línuveiðar á vissum stöðum við landið. Það er ekki nokkur vafi á að rétt væri að eitthvað verulegt væri gert í því efni, ekki aðeins með verðuppbótum, heldur einnig með því að skipuleggja t. d. sameiginlegar beitingastöðvar taka upp beitingavélar, sem eru í stöðugri framþróun þó að þær hafi þar sem gengur misjafnlega í þessum efnum, eins og að þeir skuli ekki geta tekið við karfa eins og aðrir landsmenn, svo að dæmi sé nefnt.

En það er mikil spurning í mínum huga hvort það sé rétt leið að sækja uppbæturnar á línufiskinn í Aflatryggingasjóð. Það er ekki eins tengt því, sem nú er verið að gera, og virtist koma fram í máli hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, það er svolítið annað þó að þetta sé allt dálítið skylt.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði að peningarnir rynnu frá bátunum til togaraútgerðarinnar. Allt er það rétt. Það er þó aðeins rétt að hluta, því að það gefur auga leið, að sá stóri floti togara, sem veiðir næstum eingöngu þorsk, hlýtur að leggja býsna mikið af mörkum í þessu skyni. Það má benda á að talsverður hluti togara fer ekki á karfa- og ufsaveiðar. Þarna er því ekki eingöngu um að ræða að færa peninga frá bátaflotanum yfir til togaranna, heldur einnig tilfærslu innan togarahópsins.

Svo má líka benda á, ef menn hafa ekki vitað það, að bátar fiska líka ufsa þó að þeir stundi lítið karfaveiðar af eðlilegum ástæðum. Og ég vil segja það hérna, hafi menn ekki haft hugmynd um það, að hér við suðurströndina hafa menn árum saman og áratugum veitt býsna mikinn ufsa. Sem dæmi um það get ég sagt ykkur að uppistaðan í sumarafla bátaflotans á Suðurlandi var lengi ufsi og það m. a. s. meira en helmingur alls aflans á sumrin og fór upp í 70% sum árin af aflanum. Nú hefur hins vegar brugðið svo við að þegar fiskifræðingarnir okkar, þeir ágætu og vísu menn, bentu á að ufsastofninn væri vannýttur sést ekkert af honum. Ég er ekki að efast um að hann hafi verið til, því að útreikningarnir hér á skrifborðunum hljóta að vera réttir. En hann er bara ekki í sjónum þar sem við erum að gá að honum. Þeir Breiðfirðingar fengu að vísu að sjá dálítið af honum í haust, vestur af bjarginu, að mig minnir, og voru að reyna að sækja hann þangað við erfið skilyrði. En ufsaveiðin hefur minnkað mjög mikið við Suðurlandið.

Það væri gersamlega útilokað að gera út á togveiðar á ufsa með því verði sem er á honum núna án þess að verðið yrði bætt upp. Það er því ekki eingöngu neikvætt fyrir bátaflotann að taka þátt í þessu, þó að ljóst sé að meginástæðan til þess að verið er að þessu er að hægt er að halda togurunum úti þó að þorskveiðibann sé. Það er auðvitað kjarni málsins. Togarar eru dýr og mikil tæki og erfitt að binda þá við bryggju meira en þrjá máuði á ári, því að þorskveiðibann á þessu ári er gert ráð fyrir að standi yfir 100 daga.

Ég vil að lokum geta þess að hæstv. sjútvrh. er ánægður með afgreiðslu, nefndarinnar á frv., þó að við höfum orðið til þess að breyta nokkuð hugverki hans.

ATKVGR.

Brtt. 114,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 114,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 114,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 25. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., að loknum 24. fundi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 119 (sbr. 103)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 120 (sbr. 104)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 24. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., kl. 3.50 síðdegis.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 116). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs frá 1. jan. 1980, en um áramót gengu úr gildi lög nr. 88/1979 um 9% olíugjald til fiskiskipa utan skipta. Meginefni þessa frv. er að lögfesta sams konar olíugjald og gilti á árinu 1979, en lækka það í 5%. Þörfin fyrir gjald af þessu tagi er enn brýn, því að olíuverðshækkunin, sem var tilefni upphaflegu lagasetningarinnar um olíugjald, hefur reynst bæði meiri og langvinnari en vonast var til þegar gjaldið var fyrst ákveðið.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að engin atvinnugrein hefur orðið jafnharkalega fyrir barðinu á hinni gífurlegu olíuverðshækkun á síðustu misserum og sjávarútvegurinn. Þegar í upphafi síðasta árs var olíukostnaðurinn útveginum þungbær og síendurteknar hækkanir á olíuvörum frá þeim tíma hafa enn aukið á þennan vanda. Góð aflabrögð hafa hins vegar bætt nokkuð úr skák. Gasolíuverð er núna rúmlega 155 kr. á lítra, en var fyrir tæpu ári 58 kr. Svartolíuverðið er núna 108 500 kr. pr. tonn, en var 41 800 kr. pr. tonn fyrir ári. Fram undan er hætta á frekari hækkun, en þó eru vonir við það bundnar að nýir viðskiptasamningar við breskt ríkisolíuhlutafélag geti dregið úr þeirri hættu þegar kemur fram á síðari hluta ársins. En allt er það þó háð mikilli óvissu.

Í fyrsta skipti voru sett lög um olíugjald í marsmánuði á s. l. ári, um 2.5%. Síðan var það hækkað í 7% frá 15. maí og enn um mitt ár, eða frá 20. júlí, var olíugjaldið utan skipta hækkað í 12%, en að auki kom þá 3% olíugjald til skipta, enda höfðu laun launþega í landi almennt hækkað um 3% í júní.

Hinn 28. sept. s. l. varð samkomulag í yfirnefnd Verðlagsráðs um nýtt fiskverð, er gilti frá 1. okt. Ákvörðunin fól í sér að skiptaverð hækkaði um 9.2%. Var forsendan fyrir þeirri ákvörðun að olíugjald til fiskiskipa, sem hafði verið 15%, yrði 9% frá 1. okt., og jafnframt var 3% olíugjaldið, sem komið hafði til skipta, fellt inn í fiskverðið. Um þessa lausn varð algert samkomulag.

Þegar verð á olíu var ákveðið hinn 10. des. s. l. var talið að þær gasolíubirgðir, sem þá voru verðlagðar, entust út janúar, en svartolíubirgðir fram í miðjan febrúar. Við þá verðákvörðun var miðað við skráð verð í Rotterdam, sem er 328.83 dollarar að fob-verðmæti, en í des. hefur verðið verið hærra eða á bilinu 350—360 dollarar og í janúar hefur það verið yfir 360 dollara. Það er því líklegt að hér sé um að ræða 7—9% hærra verð samkv. Rotterdam-skráningu en við var miðað í desembermánuði s. l. Gefur það nokkra tölulega hygmynd um hvað fram undan kunni að vera að því er gasolíuverð varðar.

Svartolíuverð hefur hins vegar lítið breyst frá því að verðákvörðun var tekin, þannig að það eru ekki líkur á umtalsverðri breytingu á svartolíuverði á næstunni ef dæma má af markaðsverði.

Til marks um þær upphæðir, sem hér eru til viðmiðunar, má benda á að 7% hækkun á olíu mundi kosta fiskveiðarnar um 1500 millj. kr. á ári. Með tilliti til þess, hvernig horfur eru nú, er ráðlegt að halda áfram að hafa olíugjald, en hins vegar skynsamlegt að lækka það, enda til þess svigrúm, úr 9% í 5%.

Það má minna á í þessu sambandi að útflutningsgjald af sjávarafurðum mun lækka samkv. frv., sem liggur fyrir Alþ., úr 6% í 5.5% og þannig verða til þess að létta greiðslu olíugjaldsins ef að lögum verður.

Það er megintilgangur þessa frv., eins og reyndar tveggja annarra frv. sem liggja fyrir Nd., að tryggja sem best hag sjávarútvegsins á árinu 1980 og greiða fyrir fiskverðssamningum sem nú eru í deiglunni og virðist fyrirsjáanlegt að samkomulag geti náðst um, enda verði þau frv. að lögum, sem liggja fyrir hv. Alþ., og þ. á m. frv. sem hér er mælt fyrir. Með tilliti til þess að fiskverðsákvörðun hefur dregist mjög vil ég beina því til d. að hún hraði afgreiðslu þessa lagafrv. eftir föngum þannig að mál þessi öll geti, ef mögulegt er, verið frágengin í kvöld. Það mundi draga úr óvissu í þjóðfélaginu.

Ég legg að lokum til að málinu verði vísað til hv. sjútvn. og 2. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar olíugjald til fiskiskipa kom til umr. hér í deildinni fljótlega eftir að hún tók til starfa bar ég fram þá ósk við hæstv sjútvrh. að hann aflaði d. upplýsinga um hvernig olíugjaldið hefur komið á misjafnan hátt niður eftir veiðitegundum, eftir útgerðarstöðum, eftir tegundum fiskiskipa. Hæstv. sjútvrh. hafði góð orð um að útvega þær upplýsingar. Síðan eru liðnar nokkrar vikur og hæstv. ráðh. hefur haft ærinn tíma til að efna þetta loforð. Ég sakna þess, að hvorki í grg. með frv. né í ræðu hæstv. ráðh. var vikið að þessu einu orði.

Ég er þeirrar skoðunar að olíugjald, lagt á með þeim hætti sem hér er gert, sé óeðlileg aðferð til þess að mæta vanda útgerðarinnar, það komi mjög misjafnlega niður og geti beinlínis haft í för með sér verulegan hagnað fyrir fjölmarga aðila og því sé nauðsynlegt að finna aðrar aðferðir í þessum efnum. Ég vil því ítreka þá fsp. mína til hæstv. ráðh., hvers vegna þessar upplýsingar hafa ekki verið veittar. Auðvelt hefði verið á þeim langa tíma sem nú hefur verið að leggja grundvöll að ákvörðun fiskverðs að vinna að öflun þessara upplýsinga. Ég ítreka hér

margra vikna gamla ósk við hæstv. ráðh. um að láta þessar upplýsingar í té.

Hvað snertir ósk ráðh. um að hraða þessu máli, þá er það ansi seint fram komið. Ráðh. gaf hér í þinginu fyrir nokkru loforð um að það kæmi miklu fyrr fyrir þingið en hann hefur nú lagt það fram. Ýmsir þm. skuldbundu sig í dag, áður en þetta frv. var lagt fram, til annarra fundarhalda en hér í d. Ég tel mikið vafamál hvaða möguleikar séu til þess að verða við ósk ráðh., enda er hún mjög seint fram komin og frv. miklu seinna en hann lofaði þinginu.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Strax að loknum þeim umr., sem fóru fram hér í desembermánuði, ef ég man rétt, og hv. þm. vitnaði til, gerði ég ráðstafanir til þess að aflað yrði upplýsinga af því tagi sem óskað hafði verið eftir. Ég stóð reyndar í þeirri meiningu að þær hefðu borist sjútvn., en ég mun að sjálfsögðu að fenginni þessari aths. gera ráðstafanir til að *ýta við því máli og sjá til þess að þær berist, ef þær hafa* ekki verið sendar, sem nú virðist vera upplýst.

Í annan stað var minnt á að frv. væri seint fram komið. Það er að sjálfsögðu rétt. Efnisatriði frv. voru send sjútvn. til kynningar fyrir nokkrum dögum, en ekki var unnt að móta afstöðu til upphæðar olíugjaldsins fyrr en í gær, þegar fyrir lá með hvaða hætti væri unnt að ná samkomulagi um fiskverð á grundvelli þess frv. þá um leið sem hér liggur fyrir. Ég hefði viljað geta komið frv. að fyrr og að tími hefði verið rýmri, en aðstæðurnar hafa sniðið mér þennan stakk og ég vænti þess, að menn mæti því með skilningi og það þurfi ekki að verða til þess að raska þeim áætlunum sem þm. hafa haft um notkun tíma síns í kvöld, enda trúi ég að þessi d. sanni það eins og oft áður að hún getur rösklega á málum haldið þegar henni sýnist svo.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það blasir að vísu við okkur að engum verður hagur að því að við tefjum afgreiðslu *mála af þessu tagi, eins og hagað er olíu*gjaldsmálinu sem hér liggur fyrir. Hitt er okkur öllum í fersku minni, með hvaða hætti olíugjaldsmálið bar á fjörur okkar síðast, í fyrra, og einnig að óskað var eindregið eftir upplýsingum um skiptingu gjaldsins mjög einarðlega í desember. Ég tel með öllu óviðunandi að þannig skuli staðið að málinu að Ed. sé sett í slíka tímaþvingun sem raun ber vitni um.

Varðandi okkur Alþb.-þm. hér í d. er skemmst af að segja, að við erum boðaðir til þingflokksfundar nú kl. 4, einnig að boðaður hefur verið sameiginlegur fundur þingflokks og framkvæmdastjórnar kl. 5 og undan því verður ekki vikist að við sækjum þá fundi.

Ég ítreka að ég vil ekki á nokkrun hátt tefja fyrir eðlilegri afgreiðslu þessa máls. En ég sé ekki að það geti staðið nokkrar vonir til þess að deildin afgreiði þetta mál í dag. Það er fráleitt. Vandræðaskapur hæstv. sjútvrh. er viðfangsefni út af fyrir sig, e. t. v. í lauslegum tengslum bæði við tíma og rúm og er þá sérstakt umhugsunarefni fyrir þingflokk Alþfl., en við hljótum að ætla okkur þann tíma, sem þegar hafði verið ákveðinn til annarra þingstarfa.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur oftar en nú haft þann hátt á að koma með mál sín svo seint til þingsins að allur tímafrestur er nánast úti. Þinginu er stillt upp við vegg eins og hæstv. ráðh. gerði nú. Það hefur ekki tóm til að skoða málið á eðlilegan hátt, enda málið umdeilt. Það er ekki sök þingsins, hvorki þessarar hv. d. né einstakra þm., þótt ekki takist að afgreiða málið innan örfárra klukkustunda frá því að hæstv. ráðh. þóknast að leggja það fyrir deildina.

Ég vil taka skýrt fram, að það er hæstv. sjútvrh. sem með seinagangi sínum og töfum í þessu máli ber alla ábyrgð á því hve seint ákvarðanatakan hefur gengið. Það er hvorki samboðið hæstv. ráðh. né þinginu að leggja jafnveigamikið mál í efnahagskerfi landsins og jafnumdeilt mál og hér er á ferðinni fyrir þingið með þeim hætti að mönnum sé gefinn nánast nokkurra klst. frestur til að athuga málið og afgreiða það, enda hefur hæstv. ráðh. óskað eftir að það verði afgreitt í kvöld. Ef málið var í slíkri tímaþröng sem hæstv ráðh. vill hér láta að liggja bar honum að hafa forgöngu um að leggja málið fyrir þing fyrr. Þar að auki hefur hæstv. ráðh. átt hlut að þeim stjórnarmyndunarleik, sem formaður Alþfl. stundar þessa dagana, *og hefur í þeim leikaraskap sent þing*flokkunum bréf sem hann sjálfsagt krefst svara við, þannig að það er flokkur ráðh., Alþfl., sem á meginsök á þeim fundahöldum sem eru í þinginu í dag fyrir utan deildafundi.

Það er því á engan hátt hægt að sakast við aðra en hæstv. ráðh. og flokk hans Alþfl. ef töf verður á afgreiðslu mála hér. Ég tel fullkomlega óverjandi að olíugjaldinu sé hvað eftir annað ýtt í gegnum þingið með þeim þrýstingi að eðlilegar upplýsingar og eðlilegar umr. um jafnumdeilt atriði fáist ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn með 12 shlj. atkv.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 115). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til að taka af öll tvímæli um að forsetar Alþingis geri sérkjarasamninga við starfsfólk Alþingis. Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, 35. gr., segir:

„Forsetar Alþingis hafa aðild og úrskurðarvald um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins samkv. lögum þessum.“

Hinn 25. okt. 1974 var undirritaður fyrsti sérkjarasamningur Alþingis og Starfsmannafélags ríkisstofnana fyrir hönd starfsmanna Alþingis. Með gildistöku laga nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, fengu starfsmenn Alþingis fyrst formlegan samningsrétt, þar sem í þeim var m. a. fellt niður undanþáguákvæði um að lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nái ekki til starfsmanna Alþingis. En þar sem fjmrh. fer með kjarasamninga fyrir hönd ríkissjóðs samkv. þeim lögum þykir rétt, til að taka af öll tvímæli um að forsetar Alþingis fjalli um sérkjarasamninga starfsfólks þess eins og hingað til, að setja það ákvæði *sem hér um ræðir inn í lögin, hliðstætt því sem er í lögum* um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umr.

vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Afgreiðsla mála úr nefndum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Er þá lokið dagskrá þessa fundar, en næsti fundur verður boðaður kl. 6 í dag. Ef þær nefndir verða búnar að ljúka störfum, sem dagskrármálunum var vísað til, verða þau mál tekin fyrir. En í tilefni af því, sem hefur verið sagt í umr. á þessum fundi, vil ég taka það fram, sem raunar er augljóst, að það er á valdi viðkomandi nefnda hvenær málin verða afgreidd frá þeim.

Efri deild, 25. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., kl. 6 síðdegis.

Olíugjald til fiskiskipa, (þskj. 116, n. 122). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Forseti. Sjútvn. Ed. hefur komið saman og fjallað um frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, 79. mál. N. hefur rætt þetta frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþ. án breytinga. Undir það skrifa allir nm. sjútvn. — Stefán Jónsson skrifar undir með fyrirvara, en hann sat fund nefndarinnar í forföllum Geirs Gunnarssonar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 26. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., að loknum 25. fundi.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 116). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 119 (sbr. 103)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er hluti af stærri heild, nefnilega um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, en frv. liggur fyrir um það samkv. næsta dagskrárlið.

Meginefni beggja þessara frv. er í fyrsta lagi að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs, sem er nú um það bil að fæðast, og það liggur ljóst fyrir að á grundvelli þeirra frv. til l., sem hér eru til meðferðar, og þess frv. til l., sem var til meðferðar áðan, mun unnt að ganga frá fiskverði.

Í annan stað er þess að geta, að hér er um að ræða nýmæli af því tagi að aflajöfnunarbótum eða verðuppbótum á vannýttum tegundum er komið í fastan sérgreindan farveg og séð til þess að sérstök deild, sem stofnuð er innan Aflatryggingasjóðs, hafi tekjur til að standa undir væntanlegum bótum af þessu tagi.

Þá er gert ráð fyrir sérstöku framlagi til úreldingarstyrkja sem munu renna til aldurslagasjóðs og vera þar til úthlutunar eftir reglum sem sjútvrn. setur.

Enn er það, að útflutningsgjald af sjávarafurðum mun samkv. frv. um útflutningsgjald af sjávarafurðum lækka úr 6% samkv. gildandi lögum í 5.5%, en á s. l. ári var það reyndar 5% samkv. sérstökum lögum. Það er skoðun þeirra aðila, sem um þessi mál hafa fjallað, og þá sérstaklega nefndar, sem ég skipaði til þess að líta á hlutverk Aflatryggingasjóðs, að hér sé um skynsamlega breytingu að ræða, og hefur nefndin öll orðið sammála um að mæla með því að frv. verði bæði samþykkt.

Inn í frv. um Aflatryggingasjóð eru teknar breytingar, sem áður hafa verið samþykktar í lögum, þannig að lögin um Aflatryggingasjóð liggja þá fyrir með heildstæðum hætti eins og búningur þeirra er hér.

Ég trúi að hv. þm. í d. hafi haft tækifæri til að athuga þau frv., sem hér liggja fyrir, og þekki þess vegna efni þeirra allvel og því sé ástæðulaust að fjölyrða mjög um þetta efni, enda skýra bæði frv. sig mjög vel með aths. sem þeim fylgja.

Ég vil vænta þess, að d. geti haft skjóta afgreiðslu á þessum málum. Ég legg til, að frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum verði vísað til 2. umr. og n., og vænti þess, að unnt verði að ljúka afgreiðslu þessara mála í kvöld.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 120 (sbr. 104)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vísa til ræðu minnar áðan, undir seinasta dagskrárlið, varðandi framsögu með þessu frv. um breyt. á lögum um

Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Ég legg til að því verði enn fremur vísað til 2. umr. og sjútvn. og fái skjóta afgreiðslu í deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 27. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., kl. 6.40 síðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 119 (sbr. 103), n. 123). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976. N. leggur til að það verði samþ. eins og það hefur verið afgreitt frá Nd.

Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðsluna, en undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Lárus Jónsson, Egill Jónsson, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur Karlsson og Guðmundur Bjarnason.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 120 (sbr. 104), n. 124). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 16. sept. 1971, með áorðnum breytingum, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. N. hefur rætt þetta frv. og er sammála um að það verði samþ. eins og það hefur komið til hv. Ed. frá Nd.

Það á sama við og um fyrra frv., að Geir Gunnarsson var fjarverandi. Aðrir, sem rita undir nál., eru Stefán Guðmundsson, Lárus Jónsson, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Guðmundur Bjarnason og Karl Steinar Guðnason.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 28. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., að loknum 27. fundi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 119 (sbr. 103)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 127).

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 120 (sbr. 104)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 128).

Neðri deild, 26. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., kl. 6.30 síðdegis.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 116). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það frv. til l. sem hér liggur fyrir deildinni. Ég trúi að hv. þm. deildarinnar sé þetta mál það kunnugt.

Staða málsins er sú, að fiskverðsákvörðun getur legið fyrir á grundvelli þeirra lagafrv., sem nú hafa verið til umfjöllunar í þinginu, og þ. á m. á grundvelli þess frv. sem hér er lagt til að verði að lögum. Samkv. því er gert ráð fyrir að olíugjald lækki úr 9% í 5%. Um þetta mál virðist geta orðið samstaða allra aðila í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Ég vil einungis geta þess, að þegar seinast var tekin ákvörðun um verð á gasolíu var við það miðað að fobverð gasolíu væri 328.83 dollarar, en skráð verð í des. hefur verið á bilinu 350—360 dollarar, eða um það bil 30

dollurum hærra, og svipað hefur gilt um janúarmánuð. Menn mega því eiga von á að gasolíuverðið hækki um kannske 7—9% ef marka má þessar tölur. Hækkun olíu til fiskiskipa um 7% þýðir um 1.5 milljarða á ársgrundvelli.

Að lokum vil ég benda sérstaklega á það vegna misskilnings sem gætir víða í þjóðfélaginu, að hér er alls ekki um neins konar olíustyrk að ræða. Hér er í rauninni um það að ræða að sjómenn hafa gengist undir það með tilliti til þess að kaup þeirra eigi ekki að hækka með hækkandi olíuverði, að fram hjá skiptum verði tekinn hluti af hinu eiginlega fiskverði sem fiskvinnslan greiðir, sá hluti sem nefndur er olíugjald.

Ég ítreka, að um þetta mál lítur út fyrir að verða samstaða í Verðlagsráði sjávarútvegsins, og legg áherslu á að það geti hlotið sem skjótasta afgreiðslu. Von mín er sú, að hv. d. sjái sér fært að ljúka þessu máli í kvöld.

Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Það er ævinlega afar óæskilegt að taka fram hjá skiptum eitthvað af verðmæti aflans. En ástandið varð óeðlilegt þegar olía hækkaði svo mjög sem við vitum að gerðist hér, og sjómenn sættu sig við að olíugjaldið yrði tekið fram hjá skiptum. En nú er lagt til að olíugjaldið verði lækkað úr 9% í 5%. Þá fagna sjómenn auðvitað þeim hluta sem þeir fá nú til skipta, en að sama skapi gæti ég trúað að þeir menn væru óánægðir sem þurfa að gera út á togveiðar með þessari dýru olíu með mun lægra olíugjaldi. Það er nefnilega segin saga að dauði eins er annars brauð í þessu efni. Það hefur einnig verið bent á að olíugjaldið kemur ákaflega misjafnlega niður vegna mismunandi aðstöðu á mörgum sviðum hjá flotanum.

N. hefur orðið sammála um að samþykkja þetta olíugjald og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Tveir hv. nm. voru fjarstaddir afgreiðslu málsins, þeir hv. þm. Karvel Pálmason og hv. þm. Halldór Blöndal.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 27. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., kl. 6.45 síðdegis.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 116, n. 125). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um þetta mál á fundi sínum og eins og menn hafa auðvitað tekið eftir var tíminn naumur þannig að um málið hefur ekki farið fram ítarleg umr. í n. á þeim fundi. Hins vegar var málið rætt áður en það kom til n. og fyrir hagkvæmni sakir í morgun, þegar hin sjávarútvegsmálin voru rædd, þau sem voru afgreidd í dag, þannig að málið hefur fengið skárri meðferð en tími sá, sem við vitum að fór í síðasta fund, gæti bent til.

Neðri deild, 28. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., að loknum 27. fundi.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 116). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 129).

Efri deild, 29. fundur.

Mánudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 111). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. það um veitingu ríkisborgararéttar, sem hér liggur fyrir, er árlegur viðburður. Í frv. þessu er greint frá 25 umsækjendum og fullnægja þeir allir skilyrðum þeim sem sett hafa verið af allshn. beggja þd., sbr. nál. á þskj. 830 frá 99. löggjafarþingi, dags 2. maí 1978. Enn fremur hefur rn. hlutast til um að afla umsagna um umsækjendur hjá viðkomandi lögreglustjóra og sveitarstjórnum á dvalarstöðum umsækjenda, sbr. 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt.

Herra forseti. Ég þarf ekki að öðru leyti að orðlengja um þetta, en þess er óskað, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Niðurgreiðsla á olíu til upphitunar húsa (þskj. 112). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er til komið af brýnni nauðsyn. Það er komið fram til þess að bæta þegar í stað úr ástandi sem er óþolandi. Nálægt 1/4 hluti þjóðarinnar býr nú við þetta ástand. Það eru þeir sem nota olíu til upphitunar húsa. Þetta frv. fjallar um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa til að létta þessu fólki byrðar þær sem það hefur nú að bera.

Hin gífurlegi kostnaður við olíukyndingu er ekki nýr af nálinni þótt keyrt hafi um þverbak á síðasta ári. Sögu þessa má rekja allt til ársins 1973, en þá voru fyrirséðar mjög miklar verðhækkanir á olíu, þegar olíukreppan fyrri var í aðsigi. Árið 1974 var hafin niðurgreiðsla á olíu til að draga úr áhrifum af hækkun olíuverðs á hitunarkostnað íbúðarhúsnæðis Síðan hefur þessum varnaraðgerðum verið fram haldið, en hafa nú reynst algjörlega ófullnægjandi.

Verð á gasolíu til húshitunar hefur hækkað frá 1. júlí 1973 úr kr. 5.30 hver lítri í kr. 155.25 nú. Samkvæmt þessu hefur olíuverð á þessu tímabili 29.3-faldast. Á sama tíma hefur styrkur til niðurgreiðslu olíu hækkað úr 1800 kr. á ársfjórðungi fyrir hvern mann í 18 000 kr. á íbúa, eða tífaldast.

Athuganir hafa leitt í ljós, að verkamaður þurfti að greiða átta vikna dagvinnulaun fyrir gasolíu til upphitunar á fjölskylduíbúð miðað við kaupgjald og gasolíuverð 1. júlí 1973, 11.5 vikna dagvinnulaun miðað við kaupgjald og gasolíuverð, að frádregnum olíustyrk, 1. mars 1979 og 14.8 vikna dagvinnulaun miðað við kaupgjald og gasolíuverð, að frádregnum olíustyrk, 21. des. 1979. Tilsvarandi hlutfallstölur af árslaunum fyrir dagvinnu eru sem hér segir: 1. júlí 1973 15.4%; 1. mars 1979 22.1%; og 21. des. 1979 28.5%.

Ef sami maður hefði átt þess kost að kaupa tilsvarandi orku í heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur á tilgreindum viðmiðunartímum hefði 3.5 vikna dagvinnukaup nægt fyrir ársnotkun miðað við 1. júlí 1973, 2.5 vikna laun miðað við 1. mars 1979 og 2 vikna laun miðað við 21. des. 1979.

Samkvæmt þessu kostar olíukynding meira en tilsvarandi orka í heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur sem þessu nemur: Miðað við verðlag 1. júní 1973 4.5 vinnuvikur eða 8.7% af árslaunum. Miðað við verðlag 1. mars 1979 9 vinnuvikur eða 17.3% af árslaunum. Og miðað við verðlag 21. des. 1979 12.8 vinnuvikur eða 24.6% af árslaunum verkamanna í fiskvinnu miðað við 40 klst. vinnuviku. Er þá búið að draga frá olíustyrk eins og hann var á þeim tíma sem um var að ræða.

Það vekur sérstaka athygli, að á sama tíma og byrðar þess, sem býr við olíukyndingu, nálega tvöfaldast léttast yfir 40% byrðar þess, sem nýtur tilsvarandi orku í heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur.

Upplýsingar og samanburður á hitunarkostnaði, sem ég hef gert, byggjast á athugunum Fjórðungssambands Vestfirðinga, sem framkvæmdastjóri þess, Jóhann T. Bjarnason, hefur unnið. Vísa ég nánar um þetta efni til grg. með frv. og fylgiskjala. Athuganir þessar eru byggðar á rauntölum varðandi upphitunarkostnað á Ísafirði. En þær hafa fullt gildi til upplýsinga um ástand þessara mála um allt land hjá þeim sem búa við olíukyndingu íbúðarhúsnæðis, þar sem olíuverð er alls staðar það sama.

Það er úr þessu ástandi sem frv. þessu er ætlað að bæta. Meginstefna frv. er að komið sé til bjargar með því að gera mögulegt að olíukostnaður við olíukyndingu húsnæðis verði á hverjum tíma sem næst því sem upphitunarkostnaður er hjá nýjustu hitaveitum sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Kostnaður við olíukyndingu yrði samkv. frv. ákveðinn eftir viðmiðunarreglu sem felur í sér sjálfvirkar breytingar á olíuniðurgreiðslu eftir hreyfingum á olíuverði og gjaldskrám hitaveitna. Þetta þýðir, að niðurgreiðsla olíu er tvöfölduð frá því sem verið hefur, miðað við verð á olíu og gjaldskrá hitaveitna þegar frv. var lagt fram. Skal ég nú gera nánari grein fyrir efni frv.

Til þess að ná þeim tilgangi, að kostnaður af olíukyndingu verði sem næst upphitunarkostnaði hjá nýjustu hitaveitum, er sett regla til að ákveða fjárhæð niðurgreiðslna af olíu. Ekki þykir viðhlítandi að miða gagngert við nýjustu hitaveitu á hverjum tíma, þar sem um gæti verið að ræða afbrigðilegan kostnað í sumum tilfellum. Þess vegna er sett viðmiðunarregla sem er ætlað að gefa festu í framkvæmd til þess að ná settu marki.

Í frv. er þannig kveðið á um þetta, að verð olíu skuli greitt niður sem nægir til að olíukostnaður við kyndingu húsa verði eigi hærri en sem nemur 2.5- földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Samkvæmt þessu er fjárhæð niðurgreiðslu á olíu miðuð við verð hjá hitaveitum. Þetta verð er fundið með því að reikna út svokallað vegið meðaltal, þannig að orkuverð hverrar hitaveitu í kr./kwst. er margfaldað með tölu íbúa á hverju hitaveitusvæði. Margföldunartölurnar fyrir allar hitaveiturnar eru lagðar saman og loks deilt í summu þeirra með samanlögðum íbúafjölda allra hitaveitusvæðanna. Er þá komið hið vegna meðaltal, sem síðan er margfaldað með 2.5. Miðað við gjaldskrá hitaveitna, þegar frv. þetta var lagt fram, kemur þá út orkuverðið 9.68 kr./kwst., en orkuverðið

hjá nýrri hitaveitu, Hitaveitu Suðurnesja, er nú 8.63 kr./kwst. Þetta þýðir að olía til húshitunar, sem nú kostar 23.70 kr./kwst. er greidd niður í 9.68 kr./kwst.

En viðmiðunarregla þessi felur í sér sjálfvirkar breytingar á fjárhæð niðurgreiðslna á olíu, þar sem hún skal ákveðast fjórum sinnum á ári eftir gjaldskrám hitaveitna og olíuverði á hverjum tíma. Þannig getur niðurgreiðsla á olíu farið vaxandi eða minnkandi eftir því hver þörfin er til að ná því markmiði, að kyndingarkostnaður verði sem næst upphitunarkostnaði hjá nýjustu hitaveitum.

Kostnaður við hitun 450 m³ einbýlishúss er nú áætlaður 978 þús. kr. á ári ef kynt er með olíu. Ef fjögurra manna fjölskylda býr í húsinu fengi hún 288 þús. kr. í olíustyrk á ári. Raunverulegur kyndingarkostnaður er því 690 þús. kr. á ári. Nemur þá niðurgreiðslan 29.5% af olíuverði. Í frv. þessu, sem hér er til umræðu, felst, þegar það er lagt fram, að niðurgreiðsla á verði olíu til húshitunar verður 59%. Þetta þýðir að í dæmi því, sem hér er tekið, nemur olíustyrkurinn á ári 576 þús. kr. í stað 288 þús kr., eða styrkurinn tvöfaldast. Raunverulegur kyndingarkostnaður verður 402 þús. kr. í stað 690 þús. kr.

Í frv. er að finna ákvæði um hverjir skuli njóta niðurgreiðslu á olíu og um form olíustyrkja. Er í þessu efni sumt óbreytt frá gildandi lögum, en annað felur í sér veigamiklar breytingar frá því sem verið hefur.

Í gildandi lögum er svo mælt fyrir, að olíustyrkir skuli greiðast hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna sem eru á framfæri hans. En í þessu frv. er gert ráð fyrir að styrkur vegna hverrar íbúðar sé greiddur einum aðila, þ. e. húsráðanda. Húsráðandi íbúðar er eigandi íbúðar eða leigjandi íbúðar. Einstaklingur, sem leigir herbergi í húsnæði hjá öðrum, telst í þessu sambandi einn í fjölskyldunni og olíustyrkur vegna hans greiðist húsráðanda. Þetta horfir til einföldunar í framkvæmd niðurgreiðslnanna.

Önnur og eigi veigaminni breyting er fólgin í því ákvæði frv. að upphæð olíustyrks fari bæði eftir fjölskyldustærð og stærð íbúðar. Í gildandi lögum er ekki tekið tillit til íbúðarstærðar. Þá er ekki tekið tillit til raunverulegrar orkunotkunar. Þetta getur verið sérstaklega óréttlátt gagnvart fólki sem býr eitt sér í íbúð, og á það oft við gamalt fólk. Er þá vegið að þeim er síst skyldi. Með frv. þessu er ætlunin að gera hér bragarbót á. Í reglugerð verður svo að kveða nánar á um með hverjum hætti skuli ákveða upphæð olíustyrkja, Skal þá að *sjálfsögðu við það miðað, að olía verði í hverju tilfelli* greidd niður sem næst að sama hundraðshluta og nemur heildarniðurgreiðslunni. Athyglisverðar eru hugmyndir um leiðir til að ákveða upphæð olíustyrkja, sem settar eru fram í nál. um jöfnun á hitunarkostnaði frá okt. s. l., sem samið var af nefnd sem fyrrv. iðnrh. skipaði til að gera tillögur um leiðir til jöfnunar á hitunarkostnaði.

Það er nýmæli í frv., að olíustyrki skal greiða til þeirra sem nota olíu til upphitunar atvinnuhúsnæðis. Þetta þykir eðlileg ráðstöfun til þess að jafna þann aðstöðumun sem nú er hjá atvinnurekstrinum í landinu eftir því, hvert orkuverðið til húshitunar er. Þessi niðurgreiðsla færi fram með beinum framlögum til hvers fyrirtækis eða atvinnurekanda fyrir sig.

Frv. gerir ráð fyrir niðurgreiðslu olíu til skóla og annarra menningarstofnana, sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana og dvalarheimila fyrir unga og aldna. Þetta ákvæði ber að skýra rúmt, og heyra hér undir t. d. kirkjur, þótt ekki sé sérstaklega nefnt. Í núgildandi lögum er aðeins gert ráð fyrir að heimavistarskólar á grunnskólastigi njóti olíustyrks. Hér er því um að ræða víðtækari niðurgreiðslu en nú er.

Lagt er til með frv. þessu að olíustyrkur sé greiddur þeim aðilum sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa orkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Þetta kemur í þarfir bænda, sem enn njóta ekki sveitarafvæðingarinnar. Ákvæði þetta er óbreytt frá gildandi lögum.

Enn er ótalið að verð olíu, sem hitaveitur nota sem orkugjafa og rafveitur nota til framleiðslu rafmagns til upphitunar húsa, skal greitt niður. Hér er gert ráð fyrir að greiða orkuveitum styrki sem koma til góða orkunotendum í lægri gjaldskrám. Það er nýmæli, að olía sé greidd niður til hitaveitna sem nota þann orkugjafa. Að því marki sem olía er notuð tekur þessi niðurgreiðsla einnig til hitaveitna sem bæði nota jarðvarma og olíu. Hins vegar er það ekki nýmæli, að greidd sé niður olía til framleiðslu rafmagns, eins og hér er gert ráð fyrir, því að svo er mælt fyrir í gildandi lögum: Styrki skal greiða rafveitum að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar húsnæðis.

Áríðandi er að engir hljóti olíustyrk aðrir en þeir sem til er ætlast. Bein ákvæði um þetta er að finna í frv. Lögð er áhersla á að öll framkvæmd þessara mála verði sem einföldust og þess gætt að koma í veg fyrir misnotkun á niðurgreiðslunni.

Sú skipan er nú, að viðskrh. fer með mál er varða *olíuniðurgreiðslu. Hér er gert ráð fyrir að á verði sú* breyting, að mál þessi heyri undir iðnrh. Þykir þetta eðlileg breyting þar sem hér er um að ræða orkumál og þau fer iðnrh. með.

Er þá komið að kostnaði af niðurgreiðslunni. Í frv. segir að ríkissjóður skuli greiða í Orkusjóð óafturkræft framlag, sem varið skal til að greiða niður verð á olíu til upphitunar húsa. Það er nýmæli, að þetta fjármagn gangi gegnum Orkusjóð. Þykir það eðlileg meðferð og er hliðstætt því sem nú er um verðjöfnunargjald af rafmagni.

Útgjöld ríkissjóðs vegna olíuniðurgreiðslunnar verða breytileg eftir hreyfingum á verði olíu og gjaldskrám hitaveitna. Og þegar litið er til lengri tíma koma fram áhrifin af þeim orkuframkvæmdum sem nú er unnið að og gera mögulegt að hita upp húsnæði með innlendum orkugjöfum í stað olíu. Hefur nú verið sett fram það markmið, að um 80% af því húsnæði, sem í árslok 1978 *var hitað upp með olíu, verði á árinu 1983 hitað upp með* innlendum orkugjöfum. Gangi þetta fram hraðminnkar á næstu árum það fjármagn sem þarf til niðurgreiðslu olíu. Það ber því að líta á þau miklu fjárútlát, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, sem bráðabirgðaskipan. En til þess að svo verði má einskis láta ófreistað að hraða þeim orkuframkvæmdum, sem leysa olíuna af hólmi til húshitunar, svo og að leggja áherslu á orkusparandi aðgerðir.

En hvað sem þessu líður felur frv. í sér mikinn kostnað á árinu 1980. Áætla má að niðurgreiðslan á þessu ári muni nema 7—8 milljörðum kr. Um þetta efni vísa ég til útreikninga á áætluðum niðurgreiðslum olíu, sem Edgar Guðmundsson verkfræðingur hefur gert og er að finna á fskj. VI. með frv.

Þá er til þess að taka, hvernig eigi að gera ríkissjóði mögulegt að mæta þeim útgjöldum sem frv. þetta felur í sér. Langt er nú síðan talið var sjálfsagt að leggja fram almannafé til jöfnunar á hitunarkostnaði í landinu. Með

lögum nr. 5/1975, um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðshækkana, var fjár aflað til niðurgreiðslu olíu með því að leggja 1% gjald á söluskattsstofn. Áætlað var að þessi tekjustofn gæfi fyrir árið 1980 rúma 5 milljarða kr. En tekjustofn þessi er nú ekki lengur fyrir hendi. Hann var aflagður árið 1977. Síðan hefur sú skipan verið, að fjárhæð þeirri, sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni, skuli varið til að draga úr áhrifum olíuverðshækkunar á hitunarkostnað íbúða.

Ef frv. þetta verður samþykkt, sem ég vænti fastlega, bæri að ákveða fjárhæð í fjárlögum hverju sinni fyrir útgjöldum samkv. því. Það væri að formi til óbreytt skipan frá því sem nú er. En það er eftir spurningin, hvar eigi að taka peningana. Fyrir mitt leyti svara ég þessu á þann veg, að það skuli gert án skattahækkana með því að skera niður á móti önnur útgjöld ríkisins. Það mætti gera á árinu 1980 með flötum niðurskurði á öðrum málaflokkum en orkumálum. Ég reikna í þessu sambandi ekki með þeim útgjöldum ríkissjóðs sem hann á að bera að óbreyttum reglum um niðurgreiðslu olíu. Ég geri ekki ráð fyrir að nokkur fyrirfinnist, sem vilji afnema niðurgreiðslu á olíu eða minnka hana frá því sem nú er. Þess vegna hef ég í huga niðurskurð sem svarar viðbótarútgjöldum ríkissjóðs vegna þessa frv., en það mundi nema um 1% af fjárlagaupphæð. Hin leiðin er að fá ríkissjóði markaðan tekjustofn til að standa undir olíuniðurgreiðslunni eins og áður var. Það fer væntanlega eftir ríkjandi stjórnarstefnu í ríkisfjármálum hvor aðferðin yrði viðhöfð. En hvaða leið sem farin yrði felur þetta frv. í sér, að undir niðurgreiðslu olíu sé staðið með skatttekjum ríkissjóðs, svo sem alltaf hefur verið.

Frv. þetta fjallar ekki um heildarskipan á verðjöfnun á þeim orkugjöfum sem þjóðin notar. Það mál er í biðstöðu nú og tekur tíma að leysa. En hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á verðjöfnun hljóta allir sanngjarnir menn að sjá, að við svo búið má ekki sitja sem nú er hjá þeim hluta þjóðarinnar sem notar olíu til upphitunar húsa. Þær búsifjar, sem verðhækkun olíu veldur þessu fólki, eru svo miklar að jafna má við áföll vegna náttúruhamfara eða aðra óáran, sem sjálfsagt þykir að hið opinbera bæti úr þegar í stað. Aðgerðaleysi í þessum efnum er í hróplegri mótsögn við anda þeirrar samhjálpar og skilnings sem þjóðin er vön að sýna þeim sem í nauðum eru staddir.

En hér er ekki einungis um sanngirnismál að ræða, heldur hagsmunamál þjóðarheildarinnar. Ef ekkert er aðhafst og ekki er skjótt við brugðið vofir yfir brottflutningur fólks frá olíuhitunarsvæðunum og stórfelld byggðaröskun í landinu, öllum til ómælanlegs tjóns.

Í þessu ljósi ber að líta á það frv. sem hér er til umræðu.

Herra forseti. Að loknum þessum umræðum legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þetta frv. til l. um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa er eitt af þeim málum sem ekki þolir neina bið, vegna þess að um fimmtungur þjóðarinnar býr nú við ástand sem er gjörsamlega ófullnægjandi og getur ekki varað lengi án þess að það hafi alvarlegar afleiðingar af ýmsu tagi. Þess vegna verða Alþ. og ríkisstj. að bregðast fljótt við í þessu efni og bæta úr því ófremdarástandi sem ríkir í upphitunarmálum þjóðarinnar. Eins og 1. flm. tók réttilega fram ríkir mikið misrétti í þessum efnum vegna hækkunar á olíuverði. Þetta hefur margvíslegar afleiðingar fyrir líf manna og afkomu og tekur á sig ýmsar skringilegar myndir, eins og t. d. ef athugað er samhengið milli upphitunarkostnaðar og launa í landinu. Það er ekki alveg vansalaust fyrir Alþ. og ríkisstj. að búa við kerfi sem er þannig, að ef hitaveitugjöld í Reykjavík eru hækkuð, þá hækka öll laun í landinu, vegna þess að þessi liður gengur inn í vísitölugrundvöllinn. Ef aftur á móti upphitunarkostnaður vex stórkostlega, margfaldast úti um landsbyggðina, þá verður engin breyting á launum vegna þess að vísitölugrundvöllurinn er miðaður við framfærslukostnað í Reykjavík. En þetta er aðeins ein mynd af þessu máli, sem ég ætla ekki að fara að efna til umræðna um, þ. e. nauðsynina á því að gera breytingar á vísitölugrundvellinum. Það er allt annað mál.

Menn standa frammi fyrir því, að tvær olíukreppur hafa skollið á á einum og sama áratug. Hækkun á verði gasolíu til húshitunar hefur orðið slík, að hún nemur hvorki meira né minna en 150 kr. á hvern einasta lítra. Verðið var 5.30 kr., en er nú 155.25 kr., hefur sem næst 30-faldast. Þessi röskun á högum manna er svo stórfelld að henni má hiklaust jafna til, eins og segir orðrétt í grg. fyrir frv., „áfalla vegna náttúruhamfara".

Í árslok 1973 eða þar um bil þrefaldaðist olíuverðið og hélt áfram að hækka fram á árið 1974, svo að um mitt ár 1974 hafði olíuverð fjórfaldast miðað við það sem var á miðju ári 1973. Þá var auðvitað nauðsynlegt að grípa til ráðstafana til að draga úr hitunarkostnaði þess íbúðarhúsnæðis, sem kynt var með olíu. Og þá var, eins og frummælandi tók fram, ákveðið að verja sem svaraði 1% söluskatts til þess að greiða niður olíu til húsahitunar. Olíukreppan, sem skall á efnahagslíf okkar á árinu 1979, var raunverulega enn þá stórfelldari en jafnvel olíukreppan 1973 og 1974. Ég hef kynnt mér hvernig þessi samanburður lítur út. Ef miðað er við meðalgengi dollars á árinu 1979 námu útgjöld Íslendinga til olíukaupa það ár 52 milljörðum kr., eða höfðu nákvæmlega tvöfaldast frá árinu áður. Útgjöldin jukust um 26 milljarða á einu einasta ári. Ef miðað er við sama mælikvarða varð hækkunin milli áranna 1973 og 1974 12 milljarðar, eða m. ö. o. olíuinnkaup hækkuðu úr 8 milljörðum 1973 í 20 milljarða 1974. Þessi samanburður sýnir glögglega að höggið af olíukreppunni á s. l. ári er enn þá tilfinnanlegra en nokkru sinni var 1973 og 1974.

Fyrst nam olíustyrkurinn um 1800 kr. á ársfjórðungi á hvern mann. Síðan hefur hann verið hækkaður jafnt og þétt, fyrst í 2600 kr., síðan í 5000 kr. og nemur nú 18 000 kr. Það er nálægt lagi, að olíustyrkurinn hafi tífaldast á sama tíma og olíukostnaðurinn hefur þrítugfaldast. Þetta sýnir í raun og veru ljóslega hvað hér er um að ræða alvarlegt mál.

Olíukreppan bitnar auðvitað fyrst og fremst á þeim sem þurfa að nota olíuna, og í þessu tilfelli þeim sem þurfa að hita upp híbýli sín með olíu. Það kemur fram í grg. fyrir frv., að áætlaður kostnaður við hitun 450 m^3 einbýlishúss er nú rétt um 1 millj. kr. ef kynt er með olíu. Og ef fjögurra manna fjölskylda býr í húsinu mundi olíustyrkurinn nema 288 þús. kr. Með þessu frv. er lagt til að tvöfalda olíustyrkinn, í þessu tilfelli þannig að hann mundi þá nema 576 þús. kr. á ári.

Hér er um að ræða kyndingarkostnað sem nemur 700 þús. kr. á einu ári eða um 60 þús. kr. á hverjum einasta mánuði. Ég held að það sé nærri lagi, að í miklu stærra einbýlishúsi hér í Reykjavík eða á hitaveitusvæði Reykjavíkur mundi upphitunarkostnaður ekki nema

200 þús. kr., sennilega innan við 200 þús. kr. (**Stj**: Hvað miklu stærra?) Til þess að fá samanburð held ég að sé ekki fjarri lagi að áætla að upphitunarkostnaður hér á Reykjavíkursvæðinu í einbýlishúsi, sem er 450 m^3, mundi nema nálægt 100 þús. kr., þannig að munurinn er sjöfaldur. Þetta er nú aðeins til að gefa til kynna hvað hér er um að tefla. Og hér verður auðvitað að grípa í taumana, því að það er ekki hægt að búa við þetta ástand til lengdar. Og það eru engar líkur á, því miður, að það verði lækkun á verði gasolíu til upphitunar, þvert á móti er ástæða til að ætla að það fari hækkandi a. m. k. um sinn. Ég hef ekki trú á því, að þróunin verði á þá leið á næstunni og kannske ekki á næstu áratugum, að olíuverð lækki aftur nema þá lítillega. Ég held að tilhneigingin hljóti að verða í hækkunarátt. Hvað þessi stökk verða stór og hvað þetta verður hratt, um það er erfitt að spá.

Það eru um 65—70% af íbúum landsins, sem njóta hitaveitu, en um 20%, sem verða að kynda hús sín og híbýli með olíu, og allt að 10%, sem hita upp með rafmagni. Það gefur auga leið, að það er ákaflega þýðingarmikið að bregðast fljótt við í þessum efnum og hraða framkvæmdum við hitaveitur og raunar orkuframkvæmdum til þess að minnka olíukaup til landsins til upphitunar. Á s. l. sumri beitti fyrrv. ríkisstj. sér fyrir því að hraða sérstaklega þessum framkvæmdum. Voru gerðar ráðstafanir til að afla fjármuna í þessu skyni. Um mitt sumar eða u. þ. b. var gefin út af hálfu ríkisstj. fréttatilkynning um þessi málefni og fengnar heimildir til fjáröflunar í þessu skyni. Þessu starfi þarf að halda áfram og frekar að síga á en hitt, því að í þessu felst auðvitað lausnin í þessum málum, að hagnýta þá orku sem fyrirfinnst hér í landinu.

Aðalreglan, sem kemur fram í þessu frv., felst í 1. og 2. gr. þess og í grg. fyrir frv., þar sem segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginatriði þessa frv. er, að komið sé til bjargar með því að gera mögulegt, að kostnaður við olíukyndingu húsnæðis verði á hverjum tíma sem næst því, sem upphitunarkostnaður er hjá nýjustu hitaveitunum, sem hafa jarðvarma að orkugjafa."

Það er gerð sú till. í þessu frv. að breyta þeim reglum, sem gilt hafa í þessum efnum, á þá leið, að í stað þess að þetta sé hreinlega nefskattur sé einnig tekið tillit til stærðar íbúðarhúsnæðis. Það er alveg ljóst, að í mörgum tilfellum, og þá alveg sérstaklega þegar um gamalt fólk er að ræða, er þessi regla, sem hefur viðgengist, ekki nægilega réttlát. Það þarf að taka tillit til stærðar húsnæðis, til þess að hún verði réttlátari en hún er nú, því að hún hefur bitnað um of á gömlu fólki sem hefur ekki möguleika á því að breyta til um búsetu.

Samkv. frv. er verið að leggja til að verja 7—8 milljörðum kr. úr ríkissjóði til þess að greiða niður húshitunarkostnað. Þegar fyrrv. ríkisstj. undirbjó fjárlagafrv. á síðasta ári var fylgt ákveðinni stefnu sem sú ríkisstj. hafði markað í þessum málum, og kemur hún fram í grg. fyrir fjárlagafrv. sem ég lagði fram á haustþinginu. Þessi stefna var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er stefna ríkisstj., að umrædd hækkun olíuverðs leiði ekki til hækkunar á upphitunarkostnaði heimila."

Gert var ráð fyrir að þessi mál yrðu til meðferðar á Alþingi þegar fjallað yrði um fjárlagafrv. Í fjárlagafrv. sjálfu var lagt til að verja 2.3 milljörðum kr. í þessu skyni. En það var auðvitað öllum ljóst þá, að það var hvergi nærri fullnægjandi og þetta mál þurfti sérstaka meðferð hér á Alþingi.

Ég tel það galla á þessu frv., að ekki skuli vera í frv. sjálfu gert ráð fyrir að afla fjár í þessu skyni. Eins og frummælandi tók fram eru ýmsar leiðir í þessu efni. Ég tel þær aðallega þrjár:

1) Að skera niður önnur útgjöld úr ríkissjóði sem svarar um 5 milljörðum kr., ef þetta frv. gengur fram, þar sem það gerir ráð fyrir útgjöldum sem nema 7—8 milljörðum, en á fjárlagafrv. eru 2.3 milljarðar.

2) Að afla sérstaklega fjár, eins og gert var 1974, til þess að standa undir þessum kostnaði.

3) Að fara einhvers konar blandaða leið í þessu efni.

Ég fyrir mína parta er hlynntur því, að farin yrði sú leið að setja upp sérstakan tekjustofn í þessu skyni. Ég gæti vel hugsað mér að hann yrði eins og var 1974, að ákveðið yrði að hækka söluskatt um 1% og verja í þessu skyni þeim tekjum sem inn koma af því, þ. e. um 5 milljörðum kr., til viðbótar þeim 2.3 milljörðum úr ríkissjóði sem gert er ráð fyrir að leggja fram samkv. fjárlagafrv. í þessu skyni. En ef það yrði gert, þá væri eðlilegt að reyna að ná samkomulagi um að tryggja til frambúðar, að þessi fjáröflun yrði eins og ástatt er tekin út úr vísitölugrundvelli.

Gert er ráð fyrir því í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl., að frv. til l., sem lögð eru fyrir Alþ., skuli metin, lagt skuli kostnaðarmat á útgjaldaáform frv., sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, og að slíkt mat skuli liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma. Er gert ráð fyrir að fjárlaga- og hagsýslustofnun annist þetta kostnaðarmat.

Það er mikill galli, þegar menn leggja til veruleg útgjöld úr ríkissjóði og ætlast til að annað sé skorið niður, að gera ekki grein fyrir því, hvað það er sem á að skera niður. Ég er ekki reiðubúinn til að gera grein fyrir því, hvað á að víkja fyrir þessu, og þess vegna er ég hlynntur því, að sérstakur tekjustofn verði settur á fót til þess að standa undir þeim kostnaði sem leiðir af þessu frv.

Vonandi verður það svo fyrr en seinna að útgjöldin fara minnkandi. Frummælandi og 1. flm. frv. gerði grein fyrir því í sinni framsöguræðu, að útgjöld samkv. frv. eru breytileg. Eftir því sem miðar í þá átt að fjölga hitaveitum og fleiri landsmenn eiga kost á að hita híbýli sín með hitaveitum minnka þessi útgjöld væntanlega. Þess vegna er engin ástæða til þess að ætla að sá tekjustofn, sem yrði settur á fót núna til þess að bregða hart við, þyrfti að standa um alla eilífð. Þetta er bráðabirgðaástand, sem ég er sannfærður um að allir sanngjarnir menn í öllum stjórnmálaflokkum eru sammála um að þolir ekki bið að leysa úr.

Ég geri ráð fyrir að þetta mál bíði nýrrar ríkisstj., vegna þess að hér er um að ræða veruleg útgjöld úr ríkissjóði, og ef það verður löng bið, sem við skulum vona að verði ekki, þá er þeim mun meiri ástæða til að tryggja tekjur til að standa undir þessu máli. Þá er ekkert óeðlilegt að Alþ. afgreiði málið þannig. En ég hef ekki trú á því, að auðvelt verði að fá fljótan framgang þessa máls, nema tekjur verði tryggðar, því að ef það verður ekki gert, þá hlýtur það að bíða nýrrar ríkisstj., nýrra fjárlaga, að kveða á um hvernig þessum útgjöldum verður mætt. Þess vegna hallast ég að því, eins og ég hef sagt hér áður, þó að ekki hafi verið gerð um það till. í frv., að það verði tryggður tekjustofn til þess að standa undir þeim kostnaði, sem hér um ræðir, og að afgreiðslu þessa máls hér á Alþ. verði hraðað sem allra mest, því að það

þolir enga bið.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Hæstv. forseti. Ég vil taka fram, að hér er hreyft máli í frv. á þskj. 112 sem er ekki aðeins athyglisvert, eins og menn hafa bent á, heldur líka svo knýjandi, að Alþ. og ríkisstj. verða að leysa það nú á þessu þingi. Það er ekki nokkur vafi á því, að hér er komið að máli þar sem skilur mest á milli um réttindi þéttbýlis og dreifbýlis. Hér er um misrétti að ræða sem hefur þegar haft mjög alvarleg áhrif á jafnvægi byggðar í landinu og mun, ef fram heldur, stuðla meira að því, að byggð raskist í þessu landi, en nokkurt eitt mál annað. Mér er t. d. kunnugt um, þó að vonandi séu ekki mörg tilfelli um slíkt, að gamalt fólk, sem hefur ekkert fyrir sig að leggja annað en lífeyristekjur, hefur orðið að neita sér um einföldustu þarfir, hefur orðið að segja upp dagblaðinu sínu og sjónvarpinu, einfaldlega sökum þess að hinar lágu tekjur, sem þetta fólk hefur, duga ekki til að greiða kyndingarkostnað til viðbótar við þessar eðlilegu mannlegu þarfir. Þannig hefur þetta gamla fólk orðið að leggja það á sig, til þess að geta haldið á sér hita, að segja upp áskrift að blaði, sem það hefur keypt áratugum saman, og segja upp áskrift að sjónvarpi. En fyrir margt þetta gamla fólk er sjónvarpið næstum það eina sem það getur haft sér til dægrastyttingar.

Hins vegar vil ég taka undir það, sem hér hefur áður fram komið, að gallinn á frv. er að sjálfsögðu sá, að það gerir ráð fyrir að varið sé fjármunum sem ekki eru til. Til þess að hægt verði að gera það, sem frv. leggur til að gert verði, vantar auðvitað það sem við á að éta, það vantar peningana sem nota skal til þessara þarfa. Ég verð að segja eins og hv. þm. Tómas Árnason, að til þess að málið komist í höfn verður að sjálfsögðu að gera annað af tvennu: annaðhvort að útvega fjármagnið, sem mér virðist vera um 7 milljarðar kr. á árinu 1980, og þá væntanlega að frádreginni þeirri fjárhæð sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, 2.3 milljörðum, — annaðhvort verður að útvega þetta fé með aukinni skattheimtu af einhverju tagi ellegar þá að skera niður framkvæmdir og framlög sem því svarar. Miðað við fyrri reynslu af slíku býst ég við, að þegar til á að taka veitist mönnum erfitt að finna þá liði, hvort það eru framkvæmdaliðir eða rekstrarliðir, sem þola svo mikinn niðurskurð, og hefur vafist fyrir mönnum að finna sparnaðarliði þó ekki væri nema fyrir broti af þeirri upphæð sem hér er um að ræða. Menn skyldu gera sér grein fyrir því, að um 80% af ríkisútgjöldum er beinn og óbeinn launakostnaður. Ekki er auðvelt að skera þar niður öðruvísi en að segja fólki upp vinnu. Hin svonefndu rekstrargjöld, sem eru að sjálfsögðu nokkuð mikil, eru það sem menn hafa yfirleitt höggvið í ár frá ári. Þau eru eingöngu nú orðið sniðin við brýnustu þarfir ríkis og ríkisstofnana, þ. e. húshitunarkostnað þeirra, ljósakostnað, póst- og símagjöld og annað slíkt, pappírskostnað, prentunarkostnað o. fl. Ég er hræddur um, þó þessar fjárhæðir séu háar í tölum fjárlaga, að erfitt sé fyrir menn að ná umtalsverðum niðurskurði þar, svo að ef menn ætla að skera niður fé sem einhverju máli skiptir, þá verða menn óhjákvæmilega að gera það á framkvæmdaliðum. Ég er hræddur um að það vefjist fyrir mönnum sem skera niður ríkisframkvæmdir umfram það, sem þegar hefur verið gert í því sambandi, um kannske 4—5 milljarða kr. Gallinn á frv. er að sjálfsögðu ekki sá góði vilji, sem í því kemur fram, né heldur hugmynd um lausn málsins, sem í frv. er að finna, heldur hitt, að Alþ. verður, ef það afgreiðir málið — sem það verður að gera með einum eða öðrum hætti — auðvitað að fá með einhverjum hætti þá peninga sem það á að nota í þessu skyni.

Ég vil aðeins í þessu sambandi skýra hv. d. frá þeirri vinnu sem núv. ríkisstj. hefur innt af hendi til undirbúnings því, að Alþ. geti kynnt sér þá kosti, sem um er að velja í sambandi við þessi húshitunarmál, og síðan gert upp hug sinn um hvaða kostur sé bestur.

Eins og hv. þm. Tómas Árnason tók fram, var gert ráð fyrir því, þegar fjárlagafrv. 101. löggjafarþings var lagt fram hér á Alþ. í haust, að verja til niðurgreiðslu á olíu til húshitunar 2.3 milljörðum. Þá þegar var ljóst að í þessari áætlun fólst mjög verulegur niðurskurður á greiðslu olíustyrks til húshitunar. Miðað við forsendur fjárlagafrv. hefði áætlunin um olíuniðurgreiðsluna þurft að vera a. m. k. 1200 millj. kr. hærri en var í frv. til þess að halda óbreyttu gildi olíustyrks miðað við olíuverð. Miðað við allar stærðir óbreyttar vantaði í fjárlagafrv. hæstv. fyrrv. ríkisstj. um 1200 millj. kr. til þess að olíustyrkur héldi verðgildi sínu, án þess þó að gert væri ráð fyrir því að olíuverð hækkaði nokkuð á árinu. Hvað sem segir í grg. fjárlagafrv., þá er það eigi að síður staðreynd, að áætlun frv. um greiðslu olíustyrks gerði ráð fyrir mjög verulegri lækkun styrksins milli ára í verðmæti. Hins vegar efa ég ekki og býst raunar við að það hafi verið ætlun hæstv. ríkisstj. að taka málið upp milli umr. um fjárlagafrv.

Við tókum þetta til sérstakrar skoðunar í fjmrn. og ríkisstj. og létum kanna fyrir okkur sérstaklega hvaða möguleikar væru til þess að taka á þessu olíuhitunarmáli. Miðað við að færa upphæðina í fjárlagafrv. til þess verðgildis, að olíustyrkurinn héldi verðgildi sínu milli ára, hefði, eins og ég sagði áðan, þurft að hækka hann í áætlun frv. um a. m. k. 1200 millj. kr. Ég lét athuga það sérstaklega, hvort hægt væri að afla þess fjár með álíka mikilli eða jafnhárri niðurfærslu á öðrum ríkisútgjöldum. Út af fyrir sig reyndist það vera hægt, þannig að ég hafði tilbúnar till. í ríkisstj. um hækkun olíustyrksins í fjárlagafrv. úr 2.3 milljörðum kr. í 3.5 og um 1200 millj. kr. lækkun ríkisútgjalda á móti. (Gripið fram í.) Það var hins vegar álit ríkisstj., að þessi aðgerð væri hvergi nærri nægjanleg til þess að tryggja hagsmuni þeirra sem þurfa á olíu að halda til upphitunar húsa, m. a. og einkum og sér í lagi vegna þess, að ég held að enginn, jafnvel ekki bjartsýnasti maður, hefði þorað að láta sér til hugar koma að olíuverðið héldist óbreytt á árinu 1980. Þó svo að lagt yrði upp í fjárlagagerð með áætlun um olíustyrk að upphæð 3½ milljarður — sem á pappírnum virtist vera óbreytt verðgildi styrksins frá árinu 1979 — var þegar ljóst að það mundi ekki nægja. Það urðu að koma til aðrar aðgerðir en þær sem olíustyrkurinn í núverandi mynd gerir ráð fyrir.

Það er ekki aðeins nauðsynlegt að breyta um greiðsluform á styrknum — en eins og menn vita hefur fyrirkomulagið á greiðslu hans verið mjög gagnrýnt af ýmsum orsökum sem ég ætla ekki að fara út í hér — heldur var líka ljóst að okkar mati í ríkisstj. að breyta þurfi mjög verulega þeim aðferðum sem notaðar höfðu verið, bæði til þess að afla fjár til olíustyrksins og eins til þess að greiða hann út. Það þurfti einnig að útvega mun meira fé en þá 3½ milljarð sem um var að tefla.

Í stórum dráttum er um að ræða tvær hugmyndir í sambandi við þessi olíuhitunarmál og jöfnun húshitun-

arkostnaðar aðrar en þær að greiða olíustyrk með mikils til óbreyttu fyrirkomulagi. Báðar þær leiðir, sem til athugunar geta komið í því sambandi, hafa verið í vinnslu og undirbúningi að tilhlutun ríkisstj., og er nú komið á það stig að hægt er að fara að vinna þær út í endanlega frumvarpsgerð, þannig að sú ríkisstj., sem væntanlega tekur við stjórnvelinum á næstu dögum — eða þá Alþ. sjálft og þingflokkarnir ef einhver dráttur verður á því — getur fengið þessi gögn og gert síðan upp við sig hvor aðferðin teljist þekkilegri.

Fyrri aðferðin er sú, að taka upp beina verðjöfnun á húshitunarkostnaði, þ. e. að taka ákvörðun um það — eins og t. d. er gert ráð fyrir í þessu frv. til l. um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa — hver vera skuli mestur munur á ódýrustu og dýrustu upphitun húsa. Í þessu frv. er lagt til að sá munur sé 2.5, þ. e. að hæsta húshitunarverð verði ekki meira en 2.5-falt vegið meðalverð hjá hitaveitum landsins. Þetta er að sjálfsögðu sú grundvallarákvörðun sem menn þurfa að taka ef ætlunin er að beita þessari beinu verðjöfnun á húshitunarkostnað. Aðferðin til að koma því fram gæti síðan verið sú, að sérstakur skattur yrði á lagður, ekki á hitaveitur til fullrar jöfnunar, eins og oft hefur verið um rætt, heldur á mismuninn, mismun á húshitunarverði hjá t. d. þeim hitaveitum, sem bjóða lægst verð, og á þeim húshitunarsvæðum, þar sem óhagkvæmasta verðið er. Þá yrði mismunurinn skattlagður með verðjöfnunargjaldi, þannig að enn yrði verulegur munur á hæstu og lægstu kostnaðarsvæðunum — að því leytinu til vel að merkja, að dregið yrði mjög úr sjálfum mismuninum, en þær hitaveitur eða þau hitaveitusvæði, sem í dag bjóða ódýrustu hitaorkuna, mundu áfram gera það, en munurinn á milli dýrustu og ódýrustu húshitunarsvæðanna yrði miklu minni en hann er nú. Þessi hugmynd er sem sé fólgin í því að skattleggja verðismuninn. Til þess að hægt sé að framkvæma þetta þarf að fá nákvæmar upplýsingar um húshitunarkostnað á öllum helstu húshitunarsvæðum í landinu og með þeim húshitunaraðferðum sem þar er beitt. Þar á ég við hvort notuð er orka frá kyndistöð, hvort notuð er rafhitunarorka, hvort notuð er olíuorka til húshitunar ellegar hvort um er að ræða hitaveitu, eins og t. d. hér í Reykjavík.

Ríkisstj. hefur látið undirbúa þetta mál, þannig að hægt er að taka afstöðu til slíkrar framkvæmdar um jöfnun húshitunarkostnaðar. Mikið starf hefur þegar verið unnið, þ. e. að safna öllum upplýsingum um húshitunarkostnað á hinum ýmsu landssvæðum og með hinum ýmsu kyndingaraðferðum. Það er sem sé búið að afla allra þeirra umfangsmiklu gagna, sem þarf að kanna til þess að hægt sé að átta sig á því, hvernig þessi beina verðjöfnunaraðferð yrði í framkvæmd. Þeirri gagnasöfnun allri er lokið og þegar hafin smíði frv. til laga um slíka verðjöfnun, þannig að þeir sem mundu þá að málinu koma — hvort sem það yrði nú ríkisstj. eða Alþingi — gætu þar séð svart á hvítu hvernig hægt væri að beita slíkri tegund verðjöfnunar. Ég á von á því, að ekki sé eftir nema fárra daga verk við gerð slíks frv.

Fyrsti kosturinn, sem til greina kemur í þessu sambandi, er, eins og ég áðan sagði, mikils til óbreyttur framkvæmdamáti á greiðslu olíustyrks. Annar kosturinn er bein verðjöfnun, sem ég nefndi áðan. En þriðji kosturinn sem til greina kemur felst í nál. um till. um leiðir til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Sú skýrsla var unnin á vegum iðnrn. í októbermánuði 1979. Þessi hugmynd gengur út á að fella niður núverandi verðjöfnunargjald af raforku, en innleiða sérstakan orkuskatt á allar tegundir orku og orkusölu. Næmi orkuskatturinn einni krónu á hverja kwst. og þá á hverja þá orkueiningu sem væri ígildi hennar. Þetta mundi þýða að það þyrfti að hækka verð á raforku um eina krónu á kwst. sérstaklega í þessu sambandi, sem gilti auðvitað um öll rafveitusvæði á landinu. Það þyrfti einnig að hækka verð á bensíni og olíum um 6.50 til 7 kr. á hvern lítra og þá jafnt á olíu, sem notuð yrði til húshitunar, og á annarri olíu.

Nefndin, sem gerði till. um þennan almenna orkuskatt, gerði síðan ráð fyrir að tekjunum af honum yrði skipt í tvennt, þær yrðu um 11 milljarðar kr. í heild, hluta af tekjunum yrði síðan ráðstafað í sérstakan sjóð til þess að hraða framkvæmdum í hitaveitumálum, en hluta af tekjunum yrði varið til þess að verðjafna raforku- og upphitunarkostnað.

Við nánari athugun hefur komið í ljós, að það er ekki hægt að framkvæma þetta með þeim hætti sem nefndin gerði ráð fyrir, það er ekki hægt að leggja slíkan orkuskatt á raforkusölu til stóriðju, því við höfum gert skuldbindandi samninga sem gera okkur það ekki fært. Sú niðurstaða verður að sjálfsögðu til þess, að tekjurnar af slíkum orkuskatti, sem álagður yrði eftir hugmyndum umræddrar nefndar, yrðu allmiklu lægri en nefndin gerði ráð fyrir, eða um 6—8 milljarðar í stað 11, þannig að líkur eru á því, ef þessi leið yrði valin, að þá yrði ekki eftir — nema þá með mun hærri orkuskatti — nein fjárhæð til þess að hraða orkuframkvæmdum í landinu eins og menn gerðu ráð fyrir, heldur mundi öll fjárhæðin og jafnvel meira til þurfa að fara aðeins í verðjöfnun á kyndikostnaði.

Þetta er þriðja meginleiðin sem til greina kemur. Það er einnig verið að leggja síðustu hönd á samningu frv. og útfærslu á verðjöfnun á húshitunarkostnaði samkv. þessari leið, svo að með fárra daga fyrirvara geta Alþingi, þingflokkar eða sú ríkisstj., sem við tekur, fengið nákvæma lýsingu á öllum þeim kostum, sem til greina koma, ásamt því, hvernig þeir yrðu fjármagnaðir, þannig að hægt væri að taka í senn afstöðu til aðferðarinnar um verðjöfnun og til þess, hvernig sú aðferð yrði fjármögnuð.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram til þess að skýra hv. þd. frá því sem gert hefur verið á umliðnum vikum til þess að reyna að undirbúa þetta mál eins vel og kostur er í hendur þingmanna eða væntanlegrar ríkisstj., svo að menn geti séð svart á hvítu og valið um þær þrjár meginleiðir til jöfnunar á húshitunarkostnaði sem öllum, sem um málið hafa fjallað, ber saman um að til greina komi.

Umr. frestað.

Neðri deild, 29. fundur.

Mánudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 90). — 1. umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 90 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr.

59 frá 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit. Meðflm. mínir eru hv. þm. Vesturl. sem sæti eiga í þessari d. Frv. þetta gengur út á það að bæta tveim höfnum í tölu tollhafna. Það eru hafnirnar í Neshreppi utan Ennis á Snæfellsnesi, þ. e. Rifshöfn, og Grundarfjarðarhöfn.

Samkv. gildandi lögum frá 1969 eru nú 13 aðaltollhafnir á öllu landinu og 20 tollhafnir. Verði þetta frv. samþ. fjölgar tollhöfnum um 2 og verða þá 22 á landinu öllu. En þá er að athuga hvað er aðaltollhöfn og hvað er tollhöfn í skilningi áðurnefndra laga. Aðaltollhöfn er höfn þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram. Tollhöfn er á hinn bóginn höfn þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Nú eru tvær tollhafnir á Snæfellsnesi: í Stykkishólmi og Ólafsvík. En í Rifi á Snæfellsnesi er höfn sem starfar þar samkv. lögum nr. 38 frá 14. mars 1951, þ. e. landshöfnin í Rifi, og í Grundarfirði var vígð ný höfn 22. jan. 1977 og tekin þá í notkun. E. t. v. má segja að hafnirnar á norðanverðu Snæfellsnesi séu óþarflega margar og þéttar. En við þessu verður ekki gert þó að þetta kunni að valda einhverri gagnrýni. Það eru þegar fjórar starfandi hafnir á þessu svæði, allar reknar með myndarbrag, og við hverja höfnina er þéttbýli sem fer vaxandi með hverju ári sem líður. Að sjálfsögðu er hver höfnin um sig lífæð viðkomandi byggðarlags. Það er eðlilegt að þessum fjórum höfnum, þó að skammt sé á milli þeirra, eða innan við 90 km frá Stykkishólmi út í Rifshöfn, á norðanverðu nesinu sé gert nokkuð jafnhátt undir höfði að því er tekur til þeirra mála er hér um ræðir og þær sitji nokkurn veginn allar við sama borð að því leyti.

Sennilegt er að höfundum laganna frá 1969 hafi þótt ofrausn að hafa fjórar tollhafnir á þessu svæði. Þeir hafa máske talið auðveldara og eðlilegra að láta tvær hafnir nægja. Ég vil því víkja að þessu atriði nokkrum fleiri orðum.

Ég vil geta þess, að undanfarin ár hefur engin tollþjónn verið á Snæfellsnesi, en á hinn bóginn hafa lögreglumenn starfað í öllum kauptúnum á norðanverðu nesinu. Þeir hafa annast tollgæslu jafnframt undir umsjón viðkomandi yfirvalda og haft nána samvinnu sín á milli í þeim málum sem og öðrum störfum. Ég held að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel eins og víðar þar sem tollgæsla og löggæsla er þannig sameinuð í hendi sömu manna. Í Rifi er og hefur verið hreppstjóri, sem jafnframt á sæti í stjórn Rifshafnar og er öllum málum vel kunnugur á staðnum. Að sjálfsögðu má á það benda, að í lögum um tollheimtu og tolleftirlit sé að finna heimildir sem nota megi, svo sem gert hefur verið, til að veita undanþágur við framkvæmd laganna án þess að þeim sé breytt að þessu leyti. Mér er fullljóst að tollafgreiðsla á Snæfellsnesi er ekki mjög mikil, því að það er nú einu sinni svo að skip sem koma frá útlöndum eru flest tollafgreidd í Reykjavíkurhöfn, án þess að ég sé þar með að segja að það sé til fyrirmyndar. En hver sem rennir augunum yfir upptalningu þá sem í lögunum gefur að líta og les um þær 13 aðaltollhafnir, sem þar greinir, og 20 tollhafnir hlýtur að sjá óðar í hendi sér að hinar góðu hafnir í Grundarfirði og Rifi eiga þar heima.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta, en vil að svo mæltu leggja til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita, frv. (þskj. 110). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. um sérstaka meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita fyrir ökutæki o. fl., er nú lagt fram öðru sinni, en frv. var upphaflega flutt undir þinglok veturinn 1977—1978. Var því þá vísað til n., en kom ekki til frekari meðferðar á Alþingi.

Frv. þetta er, eins og segir í aths., samið af réttarfarsnefnd að ósk dómsmrn. og fjallar um umfangsmikinn þátt mála, er lögregla og dómstólar fást við, og miðar að einföldun og hraðari meðferð þeirra. Fjöldi þeirra mála er mjög mikill. Má nefna sem dæmi að miðar festir á bifreiðar í Reykjavík vegna vanskila á að greiða í stöðumæli voru 77 594 á síðasta ári. Er ökumanni þá boðið að ljúka máli sem greiðslu svokallaðs aukaleigugjalds. Nú lýkur ekki öllum málum með því og voru í Reykjavík gefin út 34 166 sektarboð á síðasta ári af hálfu lögreglustjóra í þeim tilvikum. Ef sektarboði er ekki tekið er máli svo vísað til dómara.

Ljóst er að miklu varðar ef unnt er að einfalda meðferð þessara mála. Frv. þetta miðar að slíku. Er lagt til að hætt verði að meðhöndla mál þessi sem refsimál. Málin eru „afkriminaliseruð", eins og það er stundum kallað, og þá meðhöndluð sem einkamál. Hefur svo þegar verið gert í nágrannalöndum okkar og gefið góða raun. Frv. fjallar nánar um meðferð þessara mála, sem ég tel ekki ástæðu til að rekja hér frekar, en vísa til grg. sem með frv. er.

Rétt er að geta þess, að frv. er flutt óbreytt eins og það var lagt fram hið fyrra sinni. Frv. hafði þá verið sent Umferðarráði til umsagnar og komu ýmsar ábendingar fram í umsögn þess um atriði sem talið var að koma mætti fyrir með öðrum hætti þótt meginhugsun frv. sé í rétta átt. Ábendingar Umferðarráðs voru sendar þn. þeirri sem málið fékk til meðferðar þá. Þá hefur komið fram að borgaryfirvöld í Reykjavík, m. a. umferðarnefnd Reykjavíkur, eru að fjalla um málin þessa dagana. Er rétt að þn. sú, sem fær málið nú til meðferðar, kynni sér ábendingar Umferðarráðs og viðhorf borgaryfirvalda, en hér er um að ræða mál sem einnig snertir hagsmuni sveitarfélaga og þá sér í lagi Reykjavíkurborgar.

Herra forseti. Ég tel ekki rétt að hafa fleiri orð um þetta, en legg til að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. miðar þetta frv. að því að gera einfaldari alla meðferð brota varðandi ranga notkun stöðureita, þ. á m. stöðumæla. Enn fremur er það veigamikill þáttur í frv. að brot samkv. þessum lögum teljast ekki refsiverð í skilningi refsiréttar, þau koma t. d. ekki fram á sakavottorði eða, eins og það heitir á lélegu máli, brot þessi eru „afkriminaliseruð".

Áður en mál þetta fer til þn. í þessari d. vil ég koma að nokkrum aths. og vil þá víkja að því, sem reyndar kom

fram í ræðu hæstv. dómsmrh., að þegar hafa komið fram ýmsar aths. við frv. sem áður hafa verið sendar þeirri n. sem fjallaði um frv. á fyrri stigum. T. d. hefur sú aths. komið fram, að eðlilegt sé að sami aðili sjái um eftirlit samkv. þessum lögum og fái tekjurnar af innheimtunni. Þá hefur verið talið eðlilegt að sveitarfélagið sé sá aðili sem það gerir. Það er ekki nægilega skýrt í frv. Reyndar er aðalreglan samkv. 2. gr. frv. að gjald skuli lagt á í ríkissjóð vegna brota sem þetta lagafrv. fjallar um, en hins vegar mjög óljóst ákvæði í 3. mgr. 3. gr. um hvaða gjöld eigi að renna í sveitar- eða bæjarsjóði, en þar er talað um að stöðumælaverðir taki laun úr sveitar- eða bæjarsjóði, enda renni stöðumælagjöld í sveitar- eða bæjarsjóð. Nú eru stöðumælagjöld a. m. k. tvenns konar, þ. e. þau gjöld sem sett eru í sjálfa mælana, en hins vegar svokallað aukaleigugjald sem menn greiða eftir að þeir hafa fengið miða á bíla sína. Það gjald rennur nú einnig í sveitarsjóð, en ekki er að sjá samkv. frv. að sveitarsjóður eigi að halda þeim tekjum svo sem hingað til hefur verið. Ég held því að hér sé um að ræða atriði sem nauðsynlegt sé að taka tillit til og það sé eðlilegra og horfi til meiri einföldunar og betri vinnubragða að einn og sami aðili sjái um stöðumæla- og bílastæðamál yfirleitt og þá sé eðlilegt að það sé sveitarstjórn og sveitarsjóður sem hafi þær tekjur sem koma vegna brota á settum reglum, enda hafi þá sveitarsjóður jafnframt eftirlitið og þau útgjöld sem því fylgja.

Það er annað atriði samkv. þessu frv. sem ég vil gjarnan koma með aths. við, en það er aths. sem ég held að ekki hafi komið fram áður. Í 7. gr. er gert ráð fyrir að gjöld, sem á falla, njóti lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. En í 2. tl. segir að lögveð samkv. þessari grein gangi á undan öllum veðum öðrum en lögveðum vegna bifreiðagjalda og iðgjalda vegna lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækisins. Við þetta ákvæði vil ég gera aths. Hér er um að ræða mjög óvissar upphæðir sem kunna að falla á einstakar bifreiðar, og því skapar það ákaflega mikið óöryggi fyrir þá sem eiga t. d. samningsveð í bifreiðum, en bifreiðar eru mjög algengar sem andlag fyrir samningsveð, t. d. í sambandi við kaup og sölu, bæði á nýjum og notuðum bifreiðum. Ef jafnóvissar upphæðir og hér um ræðir eiga ávallt forgang fyrir samningsveðum er líklegt að bifreiðar verði lítt nothæfar sem andlag fyrir veð, því að slík gjöld koma aldrei fram á veðbókarvottorðum og menn því ávallt í fullkominni óvissu um hvað hvíli á viðkomandi bifreið þegar menn fá veðbókarvottorð. Ég held að óþarflega strangar reglur séu þarna settar — eða lagt til að séu settar — og þess vegna sé eðlilegra og raunar ekki mikil áhætta fyrir ríkissjóð eða sveitarsjóð að hafa einungis lögveð eða lögtaksrétt, en að lögveðið sé þá í tímaröð eins og önnur veð, þannig að þeir, sem vilja nota bifreiðar sem samningsveð, séu ekki í jafnmikilli óvissu og þeir yrðu ef þetta yrði regla. Þessi regla gildir um skip og hefur gert það að verkum, eins og mönnum er kunnugt um, að skip eru ákaflega ótrygg veð sem samningsveð vegna þess að sjótjón ýmiss konar hlaðast á skipið og ganga fyrir. Það kann að vera að slíkt sé eðlileg regla í þeim tilvikum, og hún á sér langa sögu, en ég held að ekki eigi að fara inn á sömu braut varðandi bifreiðar.

Þessar aths. vildi ég láta fram koma áður en frv. fer til n. hér í hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 88). — Frh. 1. umr.

Sigurgeir Bóason: Herra forseti. Varðandi það frv. til l., sem hér er til umr., vil ég láta koma fram þá skoðun mína, að ég styð eindregið að gert verði verulegt átak til að jafna verð á raforku, en hins vegar tel ég að ekki eigi að nota Byggðasjóð í þeim tilgangi. Þetta vekur þá spurningu, hvert eigi að vera hlutverk Byggðasjóðs í framtíðinni, en ýmsir virðast komnir á þá skoðun að þeim verkefnum, sem Byggðasjóður hefur aðallega unnið að, þ. e. atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, sé lokið og því sé rétt að sjóðurinn snúi sér að öðru.

Nýlega var samþykkt í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að Byggðasjóður sveigði æ meira inn á þá braut að verða almennur fjárfestingarlánasjóður þar sem gagnsemi framkvæmda væri metin án tillits til staðsetningar, eins og þar segir. Þetta hljómar e. t. v. ekki illa, en hér er að mínum dómi mjög alvarlegt mál á ferðinni sem allir hv. þm. af landsbyggðinni ættu að gefa gaum.

Auðvitað er það rétt, eins og allir þekkja, að mikið átak hefur verið gert til uppbyggingar atvinnulífs víðs vegar um landið á undanförnum árum. Hér ber fyrst að nefna skuttogarana og miklar endurbætur á frystihúsum og fiskvinnslustöðvum. Þetta hefur leitt til þess, að í stað stopullar atvinnu við sjávarsíðuna er atvinna nú víðast hvar nóg og samfelld allt árið. Má því segja að nú sé kominn í framkvæmd fyrsti kafli byggðastefnunnar. En þá er það annar kaflinn, og það er sá kafli sem Byggðasjóður á nú að snúa sér að. Lífið á landsbyggðinni á og verður að vera meira en nýtískuverbúðalíf í kringum skuttogara og frystihús. Til að þessir staðir verði aðlaðandi til búsetu þarf verslun og önnur þjónusta að þróast í takt við atvinnuvegina.

Því miður er ástandið víða þannig, að þegar vinnunni sleppir er sest upp í flugvél og flogið til Reykjavíkur og þangað sótt margvísleg þjónusta og flestar vörur fyrir utan brýnustu nauðsynjar. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú, að þannig er búið að smásöluverslun í dreifbýli að reksturinn skilar engu til nauðsynlegrar uppbyggingar og umtalsverð stofnlán til byggingar verslunarhúsnæðis hafa ekki fengist. Af þessum ástæðum er mjög víða stundaður verslunarrekstur við erfið skilyrði, í gömlu og óhagkvæmu húsnæði, meira af vilja en mætti, án þess að nokkur möguleiki sé á uppbyggingu eða endurbótum. Bilið milli þessara verslana og verslana í Reykjavík breikkar stöðugt. Fólk leitar í auknum mæli út fyrir staðinn með sína verslun, sem aftur leiðir til enn óhagkvæmari rekstrar. Það er því sameiginlegt hagsmunamál verslana í dreifbýli og íbúa dreifbýlisins að nú verði brotið blað og verulegt átak gert í verslunarmálum. Nú þegar þarf að gera myndarlegt átak til að byggja upp smásöluverslun í dreifbýlinu. Að mínum dómi er hér einmitt það verkefni sem Byggðasjóður á að snúa sér að, en hingað til hefur Byggðasjóður talið það fyrir utan sinn verkahring að lána til byggingar verslunarhúsnæðis.

Fleira mætti nefna. Mjög mikilvægt er að komið verði á fót léttum framleiðsluiðnaði í mörgum sjávarbæjum og þorpum til að skapa heilsteyptara atvinnulíf. Störf við sjávarútveg og fiskvinnslu eru erfið og ekki á allra færi að stunda þau. Ef fólk á þessum stöðum missir heilsu af einhverjum ástæðum og hefur ekki þrek til að stunda hin grófari störf á það oft ekki annarra kosta völ en að flytjast búferlum á höfuðborgarsvæðið, oft gegn vilja sínum. Hér er einnig verkefni sem Byggðasjóður á að takast á við.

Auðvitað verða sjávarútvegur og fiskvinnsla höfuðatvinnuvegir í bæjum og þorpum við sjávarsíðuna, og ef okkur auðnast að byggja upp þorskstofninn mun hlutverk þessara staða í þjóðarbúskapnum enn aukast í framtíðinni. Því er mjög mikilvægt að stöðirnir verði aðlaðandi til búsetu. Til að það megi takast verður verslunarþjónusta og ýmis iðnaður að þróast með höfuðatvinnuvegunum. Þá fyrst hefur byggðastefnan borið þann árangur sem að var stefnt.

Það er því reginmisskilningur að hinu sérstaka hlutverki Byggðasjóðs við landsbyggðina sé lokið. Vil ég beina því til þeirra hv. alþm., sem sæti eiga í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, að þeir hugsi sig vel um áður en þeir leggja niður „landamæri" Byggðasjóðs og gera hann að almennum fjárfestingarlánasjóði.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Verðjöfnun á orku er til umr. hér á Alþ. á þessum vikum og mánuðum og það er sannarlega gott. Nú þessa stundina er verið að ræða um slíka verðjöfnun og aðferðir í því sambandi í báðum deildum þingsins. Í Ed. mun vera til umr. nýframlagt frv. um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar, og hér erum við að ræða frv. sem gerir ráð fyrir að Byggðasjóður komi inn í verðjöfnun á raforku og til þess verði varið um þriðja hluta tekna Byggðasjóðs. Ég tel það mjög góðs vita að þessum málum er hreyft hér á Alþ. með ýmsum hætti. Það minnir okkur á það ófremdarástand sem ríkir í þessum efnum, bæði varðandi raforkuverð og eins upphitunarkostnað hjá þeim sem nota olíu, og við skulum vona að það styttist í að þessi mál verði tekin þeim tökum sem viðunandi mega teljast.

Ég tel að það sé mjög brýnt að stjórnvöld hafi forustu við lausn þessa máls og leitað verði samstöðu með flokkum um leiðir til viðunandi verðjöfnunar á orku í landinu. Ég tel að sú aðferð, sem till. sú fjallar um sem hér er til umr., leysi ekki mikinn vanda út af fyrir sig, að færa ákveðna upphæð í gegnum Byggðasjóð til þessa verkefnis, þó að ég skilji vel þann góða hug hv. flm. sem að baki býr. Með þessu mætti reikna með að meira fjármagn kæmi til þessara mála, ef menn hyrfu þá ekki að því að skerða verðjöfnunargjald á móti. Það verður ekki lesið út úr sjálfu frv. um breyting á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins hvort auka skuli tekjur Byggðasjóðs sem þessu nemur, heldur einfaldlega að þriðja hluta tekna hans skuli varið í þessu skyni. Ég tel að það væri varhugavert að ætla Byggðasjóði þátttöku af þessu tagi nema fulltryggt væri að tekjur hans væru auknar sem því svaraði.

Ég tel hins vegar að æskilegt sé að fara aðrar leiðir í sambandi við verðjöfnunarmálin. Inn á þær var raunar komið í umr. um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku sem var til meðferðar í þessari hv. þd. í desembermánuði s. l., þar sem það gjald var framlengt. Í þeim umr. kom það álit fram, bæði frá meiri hl. og minni hl. iðnn. þessarar hv. d., að æskilegt væri að ríkið tryggði þeim raforkufyrirtækjum, sem búa við verstan fjárhag og eru því með mjög óeðlilega háar gjaldskrár, betri stöðu til þess að lækka þær og bjóða viðskiptavinum sínum raforku með eðlilegum kjörum.

Ég minnti á við umr. þá, að hjá fyrrv. ríkisstj. náðist um það samstaða að breyta mjög til varðandi fjármögnun Rafmagnsveitna ríkisins. Ég tel rétt að rifja hér upp, með leyfi hæstv. forseta, hvað segir í aths. með fjárlagafrv. um þetta efni, vegna þess að ég tel brýnt að hv. fjvn. taki eftir þessu atriði og taki það til meðferðar og fylgi því eftir. Ég trúi ekki öðru en sú samstaða, sem skapast hafði um þetta efni, ríki enn í þingsölum og það megi ná fram mjög verulegum árangri til bóta varðandi fjárhag Rafmagnsveitnanna og þá einnig varðandi verðjöfnunarmálin ef eftir því verður farið. En um þetta segir á bls. 221 í fjárlagafrv. sem lagt var fram á 101. löggjafarþinginu:

„Ríkisstj. samþykkir að frá og með árinu 1980 beri ríkissjóður allan kostnað af félagslegum framkvæmdum sem Rafmagnsveitum ríkisins er falið að ráðast í og standa fyrir. Verði gert ráð fyrir slíku framlagi frá ríkissjóði í fjárlagafrv. fyrir árið 1980. Um mat á félagslegum þætti framkvæmda verði fjallað af fulltrúum frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og iðnrn.

Ríkisstj. hefur jafnframt ákveðið að fram fari gagngerð athugun og úttekt á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins."

Um það fjallaði þetta samkomulag ríkisstj. sem var tekið upp í aths. með fjárlagafrv. á haustþinginu, hinu stutta.

Að þessum málum var unnið hjá fyrrv. ríkisstj. með ýmsum hætti. Það er ekki rétt, sem fram kemur í grg. með þessu frv., að mismunur á raforkuverði hafi stöðugt verið að aukast, eins og þar segir, „og þó mest s. l. 2—3 ár og nemur víða 60—90% og á sumum töxtum jafnvel yfir 100%". Það hefur oft komið fram, að með hækkun verðjöfnunargjaldsins, sem lögleitt var veturinn 1978—1979, tókst að verja þeim tekjum, sem þannig fengust, til þess að draga úr verðmismun á raforku á almennum taxta til heimilisnota úr 88% í 53.5% eða þar um bil, þannig að þarna var um talsverða leiðréttingu að ræða þó að það væri aðeins spor í þá átt sem verða þarf til þess að viðunandi geti talist. Þetta held ég að sé rétt að menn hafi í huga. En ég held að með breyttum tökum á fjárhag Rafmagnsveitnanna megi ná verulegum árangri í þessu máli og koma þessu fyrirtæki ríkisins á eðlilegan rekstrargrundvöll, þó að fleira þurfi til að koma. Allir hv. þdm. muna, geri ég ráð fyrir, eftir hugmyndum, tillögum og viðleitni fyrrv. ríkisstj. til þess að koma á einu orkuöflunarfyrirtæki í landinu sem byði raforku í heildsölu á sama verði til allra landshluta. Ef það mál hefði komist í höfn eins og ætlað var værum við nær því marki að hafa dregið úr verðmismun á raforku. Ég vænti þess, að ekki verði langt þangað til því takmarki verður náð, og að því þarf að vinna.

Þá vil ég í þessu samhengi geta þess, sem fram hefur komið í fjölmiðlum, að ég hygg, að nefnd, sem starfaði á vegum fyrrv. ríkisstj. og var skipuð af iðnrn., skilaði áliti varðandi tillögur um leiðir til jöfnunar á upphitunarkostnaði, en það var meginverkefni nefndarinnar. Hún skilaði áliti í októbermánuði s. l., rétt áður en fyrrv. ríkisstj. fór frá völdum. Því nefni ég þetta hér, þó að þarna sé um að ræða jöfnun á upphitunarkostnaði, að í tillögum þessarar nefndar, sem vann sitt starf vel og

rösklega, var gefin bending um breytta tekjuöflun til verðjöfnunar á orku. Það mál hefur ekki verið mikið í umr. síðan, en ég tel rétt að koma því hér á framfæri, því að þar er hreyft hugmynd sem ég tel að sé allrar athygli verð og eigi að athuga í alvöru varðandi verðjöfnun á orku. Í þessu nál. segir í kafla sem heitir „Fjármögnun" — við skulum líta í hann — varðandi fjármögnun til jöfnunar á húshitunarkostnaði, en þar er gert ráð fyrir að þyrfti um 7500 millj. kr. á fjögurra ára bili, lagði nefndin til: Núverandi verðjöfnunargjald af raforku og olíu verði fellt niður, en í þess stað lagður almennur orkuskattur á alla orkusölu í landinu, þar með talið orkusölu til stóriðju og orkunotkun til hitunar húsa. Orkuskatturinn verði ákveðinn 1 kr. á kwst., miðað við verðlag í sept. 1979, og lagður á endanlegan notanda orkunnar.

Heildarverðjöfnunargjald af raforku er áætlað á þessu ári um 2.7 milljarðar kr. Verðjöfnunargjald af olíu er um 2.2 milljarðar á ári miðað við verðákvörðun í júlí 1979.

Heildartekjur af orkuskatti yrðu sem hér segir miðað við 1 kr. á kwst. eða jafngildi þess: Af raforku, þar sem um er að ræða 2700 gwst. ef stóriðjunotkun yrði talin með, samtals 2.7 milljarðar. Á heitt vatn, sem er jafngildi í gwst. eða 2700 gwst. umreiknað — þetta eru að sjálfsögðu áætlunartölur — einnig 2.7 milljarðar. Og af olíu og olíuvörum 6400 gwst. notkun og tekjurnar 6.4 milljarðar. Samtals fengjust þannig af 11 þús. gwst. 11 milljarðar kr. með orkuskatti sem næmi 1 kr. á hverja kwst.

Og áfram segir í þessu nál.:

„Þetta fyrirkomulag mundi leiða til þess, að verðjöfnunargjald af olíu og bensíni, sem nú er um 3.50 kr. á lítra, félli niður. Orkuskattur að upphæð 1 kr. á kwst. jafngildir um 10 kr. á lítra, þannig að útsöluverð á bensíni og olíu mundi hækka um 6.50 kr. á lítra. Verðjöfnunargjald á raforku til almennrar heimilisnotkunar er nú 4—6 kr. á kwst. Orkuskatturinn mundi því leiða til lækkunar á raforkuverði um 3—5 kr. samkv. heimilistaxta. Raforkuverð til upphitunar mundi hins vegar hækka um 1 kr. á kwst svo og raforkuverð til stóriðju. Orkuverð á heitu vatni til upphitunar í Reykjavík mundi hækka úr 2.87 kr. á kwst. í 3.87 kr. á kwst., sem jafngildir um 35% hækkun. Upphitunarkostnaður með olíu mundi hækka úr 22 kr. á kwst. í tæpar 23 kr. á kwst."

Og að lokum segir í álitinu um þessa fjáröflun og nýtingu hennar:

„Nefndin leggur til að tekjum af orkuskatti verði ráðstafað til verðjöfnunar á raforku, til verðjöfnunar á eldsneyti, til verðjöfnunar á upphitunarkostnaði, til Orkusjóðs vegna framkvæmda í orkumálum, til Orkustofnunar vegna rannsókna á nýtingu innlendra orkugjafa og leiðum til að draga úr olíuinnflutningi. Auk þess leggur nefndin til að í fyrstu verði hluta af orkuskatti varið til að fjármagna orkusparnaðarlán Húsnæðismálastofnunarinnar."

Með þessari hugmynd, sem er sett fram í nefndinni, er vakin athygli á tekjuöflunarleið til verðjöfnunar á orku sem ég tel allrar athygli verða. Það er ljóst að þarna eru atriði sem þurfa gaumgæfilegrar skoðunar við. M. a. er þarna gert ráð fyrir að orkuskattur verði lagður á orkusölu til stóriðju. Slík álagning á slíkum skatti er að sjálfsögðu samningsatriði og þyrfti að taka það upp sérstaklega við þá aðila sem þar er um að ræða. En ég tel að það sé eitt af brýnum atriðum í orkumálum okkar að fá fram leiðréttingu á því orkuverði sem stóriðjuver, fyrst og fremst álverið í Straumsvík, búa við, það hljóti að vera verkefni stjórnvalda á næstunni og næstu árum að leita leiða til þess að fá leiðréttingu á því verði sem þar er um að ræða. Þá getur gjaldtaka af þessu tagi einnig komið inn í myndina.

Ég vil í þessu sambandi minna á að víða um heim er nú í athugun að fá fram leiðréttingu á orkusölu og verði til orkufreks iðnaðar sem byggist á samningum sem gerðir voru meðan verðlag á orku var allt annað en orðið hefur eftir þróun síðasta áratugs, og við hljótum að gefa þessum atriðum gaum. Ég get tekið sem dæmi að í Noregi hafa þessi mál verið til athugunar að undanförnu, og er nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast með því sem þar er að gerast. Á Nýja-Sjálandi hefur samningum verið sagt upp að þessu leyti, og er einnig rétt að fylgjast með slíku. Þetta eru mál sem skipta okkur miklu, og það mál, sem hér er til umr., skiptir marga í þessu landi afar miklu og sú umr., sem hér fer fram á Alþ. um tillögur varðandi verðjöfnun á orku, minnir okkur á að þarna þarf að stíga skref í rétta átt fyrr en seinna. Þarna er hagur heilla landshluta og fólks í heilum landshlutum í húfi og þarna er á ferðinni hætta á stórfelldri röskun byggðar ef ekki verður við brugðist.

Ég met þann hug sem fram kemur í þessu frv., en ég tel að fara eigi aðrar leiðir í þessu sambandi, en vil síður en svo draga úr því, að þeirra verði leitað fyrr en seinna.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er vissulega hreyft mikilvægu máli, en ég held að það sé ekki nema lítill hluti af því sem þarf um að tala í sambandi við jöfnun á aðstöðu.

Þetta frv. gerir ráð fyrir að ákveðnum hluta af tekjum Byggðasjóðs verði varið til jöfnunar á raforkuverði í landinu. Út af fyrir sig er það góðra gjalda vert. En ég held að nauðsynlegt sé að menn horfist í augu við þann vanda sem er í heild í sambandi við ekki einungis raforkumálin, heldur og upphitunarkostnaðinn sem er orðinn mjög stór baggi á að vísu tiltölulega litlum hluta þjóðarinnar, en slíkur baggi að hann er að verða — ef ekki þegar orðinn — það mikið vandamál að hann mun valda stórkostlegri byggðaröskun ef ekki verður þegar í stað tekið á því máli.

Ég hygg að öllum hv. þm. sé þetta ljóst, en sé þeim það ekki er nauðsynlegt að þeir kynni sér það, að nú er svo komið að á svonefndum olíukyndingarsvæðum þarf hver íbúðareigandi að borga á bilinu frá 100—130 þús. a. m. k. í hverjum einasta mánuði til að hita upp venjulegt íbúðarhúsnæði. Það segir sig sjálft að fólk á olíukyndingarsvæðum unir ekki slíku ástandi öllu lengur. Ég held því að þó að þetta frv. sé út af fyrir sig góðra gjalda verð tilraun til að jafna aðstöðu manna sé það ekki nema brot af því sem þarf að gera.

Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég held að fara þurfi aðra leið í þessu efni og taka allt dæmið með í reikninginn. Og ég sé ekki að Alþ. geti lengur daufheyrst við því að hér verði tekið til hendinni og lausn verði fundin á líklega einu mesta hagsmunamáli fyrir þann hluta þjóðarinnar sem býr við þessi kjör nú — eða ókjör kannske réttara sagt.

Ég skal ekki fara öllu fleiri orðum um þetta. Ég tel nauðsynlegt að það verði nú þegar gerð að því gangskör að leysa málið á heildargrundvelli þannig að hinn gífurlegi mismunur hverfi og þeim drápsklyfjum, sem nú hvíla á líklega um eða yfir 20% af þjóðinni, verði af því fólki létt og það sem allra fyrst.

En menn hafa ekki aðeins rætt jöfnun á orkuverði í umr. um þetta mál. Menn hafa rætt almennt um Framkvæmdastofnun sem slíka. Mér finnst oft þegar ég hlýði á slíkar umr. furðu gegna það sem sumir þm. láta út úr sér um þá stofnun. Það er eins og þar sé um slíka stofnun að ræða að varla sé verjandi að hafa hana til í þjóðfélaginu. Mér heyrist á sumum hverjum þm. að þar sé á ferðinni slíkt fyrirtæki að það ætti sem allra fyrst að leggja upp laupana. Ég er annarrar skoðunar. Ég tel að á þeim tiltölulega stutta tíma, sem stofnunin hefur starfað, hafi Framkvæmdastofnun og Byggðasjóður látið margt gott af sér leiða. Stofnunin hefur breytt búsetumöguleikum víðs vegar úti á landsbyggðinni þannig að staðir, sem áður voru í sannkallaðri niðurníðslu, eru nú að mörgu leyti orðnir mjög byggilegir. Ég er ekki með þessu að segja alfarið að ekki megi setja út á þessa stofnun, það er ýmislegt sem þar mætti bæta og svo er að sjálfsögðu um öll mannanna verk, en í heild tekið held ég að stofnunin hafi náð þeim tilgangi sem henni var ætlað þegar hún var sett á fót.

Menn tala um að þm. eigi ekki að sitja í hinum og þessum stofnunum og útdeila fjármunum, það eigi einungis að vera verkefni embættismanna í kerfinu. Ég er síður en svo á þeirri skoðun. Ég tel ekkert alfarið réttlætismál að það sé embættismannanna að útdeila úr sjóðum eða stofnunum, það sé ekkert síður þörf á því að þm., sem kjörnir eru af almenningi í landinu, hafi puttana á þeim afgreiðslum.

Menn tala um fyrirgreiðslupólitík af öllu tagi, ekki síst í Framkvæmdastofnun. Það má vel vera að eitthvað slíkt megi finna þar. En ég efast um að þar yrði réttlátar skipt þó að einhverjir embættismenn úr kerfinu kæmu til og hefðu síðasta orðið í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Fá siðferðisvottorð hjá forstjórunum.) Það má vel vera að þetta sé siðferðisvottorð frá forstjórunum. Þeim, sem ekki líkar, er þá í lófa lagið að koma hér upp á eftir og bæta um betur ef þeir hafa eitthvað annað mat á þeim forstjórum sem um er að ræða. En það er ekki sérstök ástæða fyrir mig að vera neitt að hæla þeim tilteknu tveim forstjórum sem nú eru taldir vera fyrir þessari stofnun.

Ég tel að það sé síður en svo alfarið nauðsynlegt að útiloka þm., hverju nafni sem þeir nefnast, frá því að vera með í ráðum þegar verið er að úthluta fjármagni sem á að fara til þess fyrst og fremst, eins og í þessari stofnun, að auka atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem hafa orðið á eftir og hafa orðið úti vegna rangrar stjórnarstefnu á hinum ýmsu tímum. Það var og er tilgangur Framkvæmdastofnunar ríkisins að jafna búsetuna þannig að það sé í raun og veru nánast sama hvar á landinu menn búa, að þeir eigi að hafa sem jafnasta aðstöðu. (Gripið fram í.) Er það hæstv. dómsmrh. sem þarna er kominn?

Það er kannske ástæðulaust að vera að ræða öllu meira um þessa hluti í þessum dúr. En fyrst menn hefja almennar umr. um Framkvæmdastofnunina sem slíka er ég reiðubúinn til að taka þátt í þeim. Ég vildi að hér kæmi fram, að ég tel það ekki rétt sjónarmið hjá þeim sem halda því fram að þar hafi átt sér stað einhver sérstök fyrirgreiðslupólitík, sem menn tala þá um í óvirðingartón. Ég held að ef menn skoði málið fordómalaust, sem helst allir ættu að gera, komist menn að raun um að Framkvæmdastofnunin hefur verið þjóðþrifafyrirtæki sem var nauðsynlegt að koma á fót til að rétta hlut landsbyggðarinnar vegna þess hvernig farið var með hana á vissu árabili, er aðrir staðir í landinu voru látnir njóta forgangs af allri þeirri uppbyggingu sem þá átti sér stað. Stofnun þessi var svar við því sem hafði gerst á árunum þar á undan. Og það er síður en svo að því verkefni Framkvæmdastofnunar eða Byggðasjóðs sé lokið. Það er enn fyrir hendi fullt af verkefnum sem eru þess eðlis að nauðsynlegt er að sinna þeim og að þau hafi forgang til þess að rétta frekar hlut þeirra, sem höllum fæti standa víðs vegar úti á landsbyggðinni, og jafna þar með búsetu manna án tillits til þess hvar þeir eru búsettir á landinu.

Flm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Út af orðum hv. 5. þm. Austurl. vil ég geta þess, að þótt ríkið taki nú þegar á sig að standa undir hinum félagslega þætti RARIK, sem nauðsynlegt er að verði gert og þó fyrr hefði verið, eins og fram kom hjá honum, vantar enn stórfé til að jafna raforkuverðið. Um það fjallar þetta frv. Samkv. upplýsingum RARIK þarf til verðjöfnunar um 2 milljarða. Rafhitunarkostnaður er þar ekki meðtalinn, en afgangurinn af tekjum frv., eins og það liggur fyrir, færi til að jafna þann kostnað, og húshitunarkostnað allan í landinu þarf að sjálfsögðu að jafna, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um.

Þessar umr. hafa að ýmsu leyti verið gagnlegar, og vil ég sérstaklega þakka þeim sem tekið hafa vel í málið. En mér hefur þótt á skorta hjá ýmsum ræðumönnum, einkanlega þegar þetta mál var til umr. um daginn, að taka á því máli, sem fyrst og fremst var til umr., að jafna orkuverðið í landinu, heldur vildu ýmsir hv. þm. þá gleyma sér í þeirri endalausu umræðu sem ávallt verður þegar Framkvæmdastofnun ríkisins ber á góma á hv. Alþ. Umr. varð þannig að hluta til að drepa á dreif jafnþýðingarmiklu máli sem jöfnun orkuverðsins er, og var það vissulega slæmt. Hins vegar vona ég þrátt fyrir það, að umr. veki til umhugsunar um þetta mál og við skoðun í n. náist samkomulag um raunhæfa lausn til að jafna raforkuverðið, þannig að um leið og menn hafna þeirri leið, sem í frv. felst, ef menn vilja það, bendi þeir á aðra sem leiði til sama markmiðs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 17. fundur.

Þriðjudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn landgrunns Íslands, fsp. (þskj. 44). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Fyrsta mál Alþingis haustið 1978 var till. til þál. um rannsókn landgrunns Íslands, sem flutt var af átta þm. Sjálfstfl., einum úr hverju kjördæmi. Till. hljóðaði þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að ráða nú þegar íslenska og erlenda sérfræðinga til að afla sem ítarlegastra upplýsinga um landgrunn Íslands og afstöðu til landgrunns nálægra ríkja.“

Till. þessi var síðan samþ. einróma hér í Sþ. 22. des.

1978.

Í grg. með till. segir, með leyfi forseta:

„ Réttindi strandríkja til landgrunns utan 200 mílna efnahagslögsögu eru nú mjög til umræðu á alþjóðavettvangi. Reglur þjóðaréttar í því efni munu mótast á næstunni. Þekking okkar á íslenska landgrunninu, utan 200 mílnanna, til suðurs, vesturs og á Íslandshafi á Jan Mayen-svæðinu er ekki nægilega mikil, en fyllri upplýsingar gætu haft úrslitaþýðingu, er við heimtum þann rétt er Íslandi ber. Einskis má því láta ófreistað til að afla allra þeirra upplýsinga, sem finnast kunna án sérstakra vísindarannsókna, né skirrast við að leggja í kostnað við slíkar rannsóknir."

Nú spyr ég hvað orðið hafi um framgang þessa máls og er fsp. í fjórum liðum:

1) Hvað hefur ríkisstj. gert til að framfylgja ályktun Alþingis frá 22. des. 1978 um rannsókn landgrunns Íslands?

Eins og tillöguliðurinn ber með sér er um almenna fyrirspurn að ræða.

2) Hvaða íslenskir sérfræðingar hafa verið ráðnir og hvað hafa þeir gert?

En eins og tillagan ber með sér bar að ráða íslenska sérfræðinga.

3) Hvaða erlendir sérfræðingar hafa verið ráðnir og hvað hafa þeir gert?

Tillagan ber einnig með sér að erlenda sérfræðinga átti að ráða.

4) Telur ríkisstj. nægilega unnið að öflun upplýsinga um landgrunn Íslands og afstöðu til landgrunns nálægra ríkja til að íslenskra hagsmuna verði gætt til hins ítrasta á Hafréttarráðstefnunni eða í samningum við önnur ríki?

Mér er ljóst að nokkuð hefur verið unnið að rannsókn landgrunnsins, talsvert hér norður af landinu. En þó hygg ég að þær rannsóknir hafi ekki fyrst og fremst beinst að því að afla upplýsinga sem að haldi gætu komið á Hafréttarráðstefnu, a. m. k. er mér ekki kunnugt um að beinlínis hafi verið að því stefnt.

Nú vill svo til, að næsti og væntanlega síðasti fundur Hafréttarráðstefnu hefst eftir rúman mánuð og verður í tveim áföngum, síðari áfanginn væntanlega í ágúst, og þess vegna ríður á miklu að allar þær upplýsingar liggi fyrir sem unnt hefur verið að afla og unnt kann að verða að afla nú á þessum örskamma tíma, og á það þó sérstaklega við um landgrunn Íslands til suðurs, þ. e. í átt að Rockall-hásléttunni, og svo auðvitað á Íslandshafi vegna Jan Mayen. Hins vegar varðar kannske minnu hvaða upplýsingar liggja fyrir um Reykjaneshrygg, því að á fundum Hafréttarráðstefnunnar, sem haldnir hafa verið síðan till. var flutt, hefur íslensku fulltrúunum tekist að gæta þannig réttinda á því hafsvæði að nokkuð ætti að vera öruggt að réttur okkar á Reykjaneshrygg væri tryggður. En ég spyr sem sagt að þessu nú, vegna þess að mjög mikilvægt er að upplýsingarnar liggi fyrir og hraustlega verði unnið þann stutta tíma sem eftir er þar til næsti fundur Hafréttarráðstefnunnar hefst.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Fsp. hv. 5. landsk. þm. fjallar um mál er snerta bæði iðnrn. og utanrrn. Hef ég því haft samráð við hæstv. fors.- og utanrrh. varðandi svar mitt.

Í upphafi er rétt að minna á það, að síðan umrædd ályktun var gerð hafa gengið í gildi lög nr. 41 frá 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Er í þeim lögum að finna ákvæði um landgrunnið, m. a. um skilgreiningu þess, afmörkun milli landa og landgrunnsrannsóknir sem taka mið af þróun þessara mála að þjóðarétti, einkum í framhaldi af starfsemi Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Eins og fsp. þessari er háttað tel ég rétt að rekja nokkuð þróun þessara mála s. l. tvö ár, og felast í því yfirliti svör við þremur fyrstu liðunum í fsp. hv. þm.

Á s. l. ári var sitthvað aðhafst varðandi landgrunnsrannsóknir við Ísland, svo sem almenn upplýsingasöfnun um landgrunnið. Í máli mínu hér á eftir mun ég af þessu tilefni víkja að niðurstöðum setlagakönnunarinnar sem framkvæmd var í árslok 1978 samkv. leyfi iðnrn. frá í ágúst 1978, en úr þeim rannsóknum var unnið á s. l. ári. Hef ég til upplýsinga látið dreifa til þm. prentaðri skýrslu um það mál.

Um starfsemi innlendra sérfræðinga er það fyrst að nefna, að á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í sept. 1978 var dr. Guðmundi Pálmasyni jarðeðlisfræðingi, forstöðumanni jarðhitadeildar Orkustofnunar, falið að vera sendinefnd Íslands til ráðuneytis. Á s. l. ári var hann svo skipaður í sendinefndina. Sat hann tvo fundi Hafréttarráðstefnunnar árið 1979 og af því tilefni tók hann saman fyrir íslensku sendinefndina greinargerðir um þau hafsbotnssvæði sem áhugaverðust eru með tilliti til réttinda okkar gagnvart öðrum ríkjum. Auk þess hefur verið fylgst gjörla með því sem fram hefur komið af hálfu annarra aðila um þessi svæði, m. a. að því er varðar Jan Mayen-svæðið.

Til þess að fjalla ítarlega um þekkingu okkar á landgrunninu og til að semja skýrslu um stöðu mála fór iðnrn. þess á leit við fjmrn. með bréfi, dags. 14. mars 1979, að sérstök fjárveiting yrði veitt til þess að unnt yrði að ráða tímabundið starfsmann við Orkustofnun til þess að safna og fjalla um gögn og upplýsingar varðandi hagnýtar rannsóknir og þekkingu á landgrunninu við Ísland, ekki aðeins með tilliti til olíuleitar, heldur einnig með tilliti til meðferðar mála á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Með bréfi fjmrn., dags 17. júlí 1979, var fallist á að veita umbeðna aukafjárveitingu, 6 millj. kr. Í byrjun október hóf síðan störf hjá Orkustofnun Karl Gunnarsson jarðeðlisfræðingur og vinnur hann nú að gerð yfirlitsskýrslu um núverandi stöðu þessara mála. Stefnt er að því, að skýrslugerðinni ljúki áður en næsti fundur Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna hefst 27. febr. n. k. Með þessum ráðstöfunum og öðrum, sem gerðar voru á s. l. ári, er stefnt að því að byggja upp hjá Orkustofnun haldgóða sérþekkingu til umfjöllunar um mál af þessu tagi í framtíðinni. Í fjárlagatillögum fyrir 1980 lagði iðnrn. til að 11.3 millj. kr. yrðu á fjárlögum 1980 ætlaðar til þessarar starfsemi innan jarðhitadeildar Orkustofnunar. Í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir að hér sé um fasta stöðu að ræða, heldur áætlað fyrir því sem tímabundnu verkefni á fjárlögum 1980.

Þá hefur áður verið greint frá því hér á þinginu, að á árinu 1978 fóru fram viðræður á vegum iðnrn. við ýmsa erlenda aðila um rannsóknir á setlögum á landgrunninu norðan við landið.

Hinn 17. ágúst 1978 heimilaði iðnrn. rannsóknarfyrirtækinu Western Geophysical Corporation að framkvæma slíkar rannsóknir. Hér var um að ræða bergmáls-, segul- og þyngdarmælingar frá skipi á fjórum línum norðan við landið, samtals um 1100 km að lengd. Mæl-

ingar voru framkvæmdar í nóv. og des. 1978. Í umboði iðnrn. var Orkustofnun falið að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd þessari. Hafði hún um tíma eftirlitsmann, sérmenntaðan í jarðeðlisfræðum, um borð í skipinu og var það í samræmi við ákvæði leyfisins um að leyfishafa væri skylt að veita slíkum fulltrúa óhindraða aðstöðu til þess að fylgjast með öllum gangi rannsóknanna. Unnið var að mælinum í London á fyrri hluta árs 1979 og tók sérfræðingur Orkustofnunar, Ólafur Flóvenz jarðeðlisfræðingur, þátt í allri úrvinnslu gagnanna. Í samræmi við skilmála leyfisveitingarinnar afhenti síðan rannsóknarfyrirtækið iðnrn. eintak af öllum gögnum og niðurstöðum könnunarinnar á miðju s. l. ári og eru þau gögn öll í vörslu Orkustofnunar. Niðurstöðum þessarar setlagakönnunar hef ég látið dreifa til þm. í skýrsluformi, eins og fyrr er getið.

Meginatriði eru þau, að mæld var þykkt setlaga á sjávarbotninum norðan við landið á fjórum mælilínum, að samanlagðri lengd 857 km. Þrjár af þessum línum lágu út frá ströndinni, en sú fjórða hornrétt á þær nálægt brún landgrunnsins. Mælilínurnar voru í stórum dráttum ákveðnar samkv. tillögum rannsóknarfyrirtækisins, en af hálfu okkar Íslendinga voru þó gerðar á þeim nokkrar breytingar með hliðsjón af upplýsingum, sem aflað hafði verið með þyngdarmælingum á vegum Orkustofnunar, sem gerðar voru árið 1972—1973 innan ramma rannsóknaráætlunar landgrunnsnefndar. Kom í ljós að þær breytingar juku verulega upplýsingagildi setlaga setþykktarmælinganna. Miðlínan út frá landinu reyndist einna áhugaverðust með tilliti til setlaga. Þar kemur fram setlagalægð um 200 km löng og með hámarksþykkt setlaga um 4000 m. Sjávardýpi er þar hvergi meira en 400 m. Berggrunnurinn undir setlögunum er þarna sums staðar brotinn sundur og ná misgengi upp í setlögin, stundum alveg upp á sjávarbotninn. Jarðlagaskipaninni á þessum stað svipar að sumu leyti til þess sem fundist hefur á öðrum stöðum í heiminum þar sem kolvetni hafa safnast fyrir í setlögum. Á hinum mælilínunum koma einnig fram setlög, en mjög misþykk, allt að 2000 m þykk. Þau gögn, sem fengist hafa, gefa þó aðeins mjög grófa hugmynd um dreifingu setlaga á landgrunninu norðan við landið.

Þótt ofangreind könnun hafi að mörgu leyti gefið nýjar og áhugaverðar upplýsingar um setlög á íslensku yfirráða svæði, eru þó, ef litið er til lengri tíma, rannsóknir á jarðlögum hafsbotnsins mjög stutt á veg komnar og þar þörf á myndarlegu átaki. Það helsta, sem gert hefur verið af hálfu okkar Íslendinga til þessa af almennum rannsóknum, eru jarðeðlisfræðilegar mælingar sem gerðar voru innan ramma landgrunnsnefndar á árunum 1972—1973. Ýmsar almennar rannsóknir hafa einnig verið gerðar af erlendum aðilum og þá með leyfi Rannsóknaráðs, en skil geta oft verið óglögg milli almennra og hagnýtra rannsókna. Þannig geta almennar rannsóknir í ýmsum tilfellum haft talsverða hagnýta þýðingu. Iðnrn. hefur falið Orkustofnun að fylgjast á hverjum tíma með stöðu þekkingar á þessum málum. Á þann hátt verður væntanlega hægt að gefa yfirlit yfir þekkingu okkar á hafsbotninum á hverjum tíma, eftir því sem tilefni gefast til, t. d. vegna þarfa sendinefndar Íslands á Hafréttarráðstefnunni.

Ég hef gert ráðstafanir til að samdar verði reglur um rannsókn á auðlindum landgrunnsins í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Í því sambandi og við frekari aðgerðir á þessu sviði mun eins og hingað til verða gætt ítrustu náttúruverndarsjónarmiða.

Þá hyggst iðnrn. beita sér fyrir annars vegar nánari könnun, þéttari mælingum á þeim svæðum, er áhugaverðust reyndust úti fyrir Norðurlandi, og hins vegar frumkönnun á nýjum svæðum, t. d. á Íslands-Jan Mayen-hryggnum og fyrir Suðurlandi. Ekki hefur enn verið tekin afstaða til þess, hvernig framkvæmdum verði hagað, en hugsanlegt væri áframhaldandi samstarf við Western Geophysical Corporation, annað hvort sem verktaka fyrir iðnrn. eða sjálfstæðan rannsóknaraðila er fái leyfi til frekari kannana á sama hátt og áður, en mjög góð reynsla verður að teljast af samstarfinu við rannsóknarfyrirtæki þetta. Að öðru leyti en því, sem felst í ofangreindri starfsemi, hefur ríkisstj. ekki átt frumkvæði að því að erlendir sérfræðingar starfi að landgrunnsrannsóknum við Íslands.

Ég vona að ég hafi hér gert fullnægjandi grein fyrir þeim atriðum sem felast í fyrstu þremur tölul. fsp. Að því er varðar 4. tölul. sérstaklega er rétt að taka fram, að samkomulag hefur enn ekki náðst á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna varðandi afmörkun landgrunns strandríkja. Hans G. Andersen, formaður sendinefndar Íslands, og dr. Guðmundur Pálmason hafa átt viðræður við sérfræðinga frá ýmsum löndum, þ. á m. Bandaríkjunum, Bretlandi, Færeyjum, Írlandi og Kanada, með hliðsjón af þeim gögnum sem Guðmundur hefur safnað saman. M. a. með skýrslu þá, sem nú er í vinnslu hjá Orkustofnun, sem viðmiðun verður þessum athugunum haldið áfram á næsta fundi ráðstefnunnar í mars með það fyrir augum að nægilega traustur grundvöllur verði fyrir hendi til stefnumörkunar, samningaviðræðna og ákvarðana af hálfu íslenskra stjórnvalda. Til þeirra mála, sem hér hafa verið rædd, þarf að veita sérstakar auknar fjárveitingar til langs tíma. Vilji Alþ. gera það er það gleðiefni allra sem að þessum málum vinna.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur hér gefið. Því miður er það ekki mikið, sem gerst hefur frá því að þessi till. var flutt hér á hinu háa Alþingi 10. okt. 1978, umfram það sem áður var ákveðið og ekki snertir rannsókn landgrunnsins beinlínis vegna réttargæslu okkar gagnvart öðrum þjóðum og í sambandi við afmörkun ytri landgrunnsmarka. En engu að síður var skýrslan áhugaverð og ég endurtek þakkir fyrir hana.

Ég kemst ekki hjá að lýsa því sem skoðun minni, að slælega hafi verið á þessum málum haldið. Þrátt fyrir einróma samþykkt Alþingis hefur sem sagt enginn erlendur sérfræðingur verið ráðinn t. d., sem ríkisstj. var þó fyrirlagt að gera, og fé til starfsemi innlendra sérfræðinga hefur verið mjög af skornum skammti. En hitt ber að játa, að í sambandi við Jan Mayen-málið hefur verið unnið vel að undanförnu að ýmiss konar upplýsingasöfnun sem ekki kostaði mikið fé og ekki þurfti sérstaka sérfræðigna til. Er það fyrst og fremst að þakka, að ég hygg, Ólafi Egilssyni í utanrrn. sem hefur unnið mjög gott starf. Hann hefur notið atstoðar t. d. Páls Imslands, sem ritað hefur um Jan Mayen-svæðið um nokkurra ára skeið og er talinn jafnvel vita meira um það svæði jarðfræðilega séð en nokkur maður annar í víðri veröld. Eins er það gleðilegt, að ungur maður, Karl

Gunnarsson, hefur verið ráðinn starfsmaður Orkustofnunar til þess að flýta fyrir þessum rannsóknum.

Ég er hér með tvær aðrar fsp., sem snerta landhelgismálið, en þar sem hæstv. utanrrh. er hér ekki nú skal ég ekki fara að ræða það mál beinlínis.

En í sambandi við þetta mál sérstaklega er þess að gæta, að bókstaflega ekkert hefur verið gert til þess að afla upplýsinga um hafsvæðið suður af Íslandi, en þar gætu verið jafnmiklir hagsmunir okkar Íslendinga og jafnvel á Jan Mayen-svæðinu. Þar hefur því miður lítið sem ekkert verið að gert. Fulltrúar á Hafréttarráðstefnu hafa að vísu reynt að viða að sér kortum og upplýsingum og í samtölum við menn þar aflað þeirra upplýsinga sem þeir gátu, en þar með er líka allt upp talið. Það hafa engir vísindamenn farið þarna suður á bóginn og engar vísindarannsóknir verið stundaðar.

Það gekk óneitanlega dálítið erfiðlega að fá menn, bæði hér á hinu háa Alþingi, suma hverja a. m. k., og almenning til að átta sig á því haustið 1978, að Íslendingar ættu verulegra hagsmuna að gæta á Jan Mayen-svæðinu. Það tók allmarga mánuði, langt fram á ár 1979, þar til menn gerðu sér grein fyrir því. Síðan hefur verið vel unnið, það skal játað, en þó ekki nægilega að jarðfræðirannsóknum og skortir enn upplýsingar til þess að gæta okkar málstaðar í þeim samningum sem fram undan eru við Norðmenn áður en margar vikur líða, og ég vona að það verði a. m. k., áður en næsti fundur Hafréttarráðstefnu hefst, unnt að taka málið upp.

En þarna suður frá, eins og ég sagði áðan getur verið um gífurlega mikilvæga hagsmuni að ræða sem menn hafa ekki gefið gaum. Þar er um að ræða land sem nefnt er Rockall-hásléttan, og partur af henni er svonefndur Hattonbanki. Þetta er sokkið land, sem upphaflega var áfast við Grænland. Fyrir um það bil 100 millj. ára byrjaði landrek og klofnun þarna suður frá, og þá myndaðist gjá á milli þessa núverandi sokkna lands og Írlands og Skotlands og er nú yfirleitt um 200 mílna breið og um 2—3 þús. m djúp. Það er hin upphaflega klofnun og myndun Atlantshafsins. Þetta sokkna land var þá áfast við Grænland, en síðan kemur nýr rekás, þar sem núna er Reykjaneshryggurinn og framhald hans til suðurs og vesturs, og þess vegna eru full rök fyrir að halda því fram, að þetta svæði sé miklu frekar eðlilegt framhald af Íslandi og Færeyjum og sé á því hafsvæði, en ekki hinu skoska og breska.

Því miður höfum við ekki gætt réttar okkar á þessu svæði sem skyldi. Bretar hófu tilkall til þessa svæðis og hafa gert það allt frá því 1971. Þá byrjuðu þeir að lýsa yfir ýmiss konar friðunarráðstöfunum og öðru slíku á þessu svæði. Írar tóku síðan til við sömu iðju árið 1974. Síðan hafa þeir raunar mótmælt tilraunum Breta á þessu svæði til þess að helga sér mikið land, en við hins vegar ekki.

Þetta kemur allt nánar til umr. þegar þeim fsp. verður svarað, sem ég gat um áðan, en fram hjá hinu verður ekki gengið, að þarna höfum við sofið á verðinum. Mönnum hefði átt að vera ljóst að þarna var um mikilvæg réttindi að ræða, allt frá því að þessi þáltill. var flutt 10. okt. 1978 eða útbýtt væntanlega þann 11., en tíminn sem síðan er liðinn hefur lítið sem ekkert verið notaður. Við erum þess vegna mjög vankunnandi. Við vitum þó að setlagakenningin svonefnda, sem Írar styðjast mest við og eru frumkvöðlar að, getur e. t. v. einmitt hentað okkur á þessu svæði, þar sem mikil setlög, sem borist hafa frá Íslandi, eru einmitt vestast í þessu svæði, og þau setlög af íslensku bergi brotin ná raunar allt suður í Biskayaflóa. Þannig gæti jafnvel setlagakenning Íra komið okkur að haldi í þeirri baráttu sem við eigum fram undan þarna suður frá. Ef við hefðum þær upplýsingar, sem okkur vanhagar um, stæðum við betur að vígi.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er áhugavert mál sem hér liggur fyrir og spurst hefur verið fyrir um, og það er þakkarvert að hæstv. iðnrh. hefur lagt hér fram skýrslu, þó að ekki sé í löngu máli, um könnun á setlögum á landgrunninu út af Norðurlandi. Um þetta atriði var send út fréttatilkynning á s. l. sumri, nokkurn veginn með sömu upplýsingum og hér koma fram.

Hv. fyrirspyrjandi, Eyjólfur Konráð Jónsson, kvartar undan því, að ekki hafi orðið sá árangur af samþykkt þáltill. varðandi rannsókn á landgrunni Íslands sem til hafi verið stofnað. Það er hægt að taka undir það, að æskilegt hefði verið að meira hefði verið unnið á þessu sviði en raun ber vitni, en þó liggur það fyrir og ég held að sú þáltill., sem hann hafði frumkvæði að að samþykkt var á Alþ. rétt í lok ársins 1978, hafi ýtt á eftir aðgerðum á þessu sviði og ráðningu íslensks sérfræðings, sem hóf störf á seinni hluta síðasta árs. Sú ráðning var af hálfu iðnrn. lögð fyrir ríkisstj. með það fyrir augum að þessi sérfræðingur tæki saman gögn, erlend og innlend, um jarðfærðilega gerð hafsbotnsins á núverandi íslensku yfirráðasvæði og því svæði sem hugsanlega yrði síðar íslenskt með samningum eða alþjóðareglum. Sérstaka áherslu átti að leggja á þau svæði sem umdeilanleg geta orðið, í þeim tilgangi að varpa sem skýrustu ljósi á stöðu okkar í væntanlegum samningum, og ætlað var að hann semdi yfirlitsskýrslu um stöðu núverandi þekkingar á þessum málum. Það dróst því miður lengur en skyldi að fallist væri á aukafjárveitingu til þessarar ráðningar, og því hóf þessi sérfræðingur störf síðar en við hefðum talið æskilegt sem yttum á eftir framkvæmd þessarar ályktunar að þessu leyti.

Nú er það kunnugt, að það eru fleiri rn. en iðnrn. sem koma inn í meðferð okkar landgrunnsmála, og þess vegna er afar brýnt að þær reglur, sem hæstv. iðnrh. greindi frá að rn. hefði ýtt á eftir að samdar yrðu á grundvelli laganna frá í fyrra um landgrunn, landhelgi o. fl, verði samdar og komið verði á skipulegu samstarfi þeirra rn. sem hér eiga hlut að máli. Hér er um geysilega stórt mál að ræða fyrir framtíð okkar og af mörgu að taka. Það er því sérstaklega brýnt, að í okkar stjórnkerfi verði markaðir skynsamlegir farvegir til þess að unnið sé vel og skipulega að þessum málum. Alþ. þarf svo að tryggja að nauðsynlegar fjárveitingar verði veittar, og ég hvet mjög til að það verði gert. Þó að í upphafi sé um tímabundna ráðstöfun að ræða eða litið á þetta sem tímabundið verkefni, þá er væntanlega öllum ljóst að hér er verið að leggja út á braut sem framhald verður að verða á. Þetta varðar að sjálfsögðu almennar vísindalegar rannsóknir og þekkingu okkar á landgrunninu, en einnig hagnýt atriði varðandi sjávarbotninn, lífrænar auðlindir, sem honum tengjast, en einnig ólífrænar, og svo stóru spurninguna um orkulindir undir sjávarbotni, hugsanleg kolvetni eða olíu þar.

Ég fagna því, að í máli hæstv. ráðh. kom fram að umhverfissjónarmið verði framarlega í sambandi við þessi mál. Það er að sjálfsögðu skylt, að þar sé ítrustu varkárni gætt, og alveg sérstaklega þýðingarmikið að við

Íslendingar höfum fyllstu yfirsýn yfir þessi mál, þó svo að við fáum stuðning erlendra aðila í sambandi við upplýsingaöflun eftir markaðri stefnu.

Smásöluverslun í dreifbýli, fsp. (þskj. 106). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurgeir Bóasson): Herra forseti. Ég hef lagt fram eftirfarandi fsp. til hæstv. viðskrh.:

Á árinu 1976 var skipuð nefnd til að athuga sérstök vandamál smásöluverslana í dreifbýli. Þessi nefnd skilaði áliti og tillögum í apríl 1978. Hvað er álit ríkisstj. á tillögum nefndarinnar og hvað hefur verið unnið að því að bæta aðstöðu smásöluverslana í dreifbýli?

Tilefni þessarar fsp. eru hin sérstöku vandamál smásöluverslana í dreifbýli, en skipta má vandamálum smásöluverslana í dreifbýli í tvo meginþætti. Í fyrsta lagi eru það rekstrarvandamál og í öðru lagi uppbyggingarvandamál. Samkv. niðurstöðum margvíslegra athugana, sem gerðar hafa verið, er ljóst að rekstrargrundvöllur smásöluverslana í dreifbýli er mun lakari en rekstrargrundvöllur verslana í þéttbýli. Ástæður þessa eru margar og vil ég hér nefna sex atriði:

1. Vegna fjarlægðar frá heildsala verður veltuhraði vörubirgða hjá verslunum í dreifbýli mun minni en í verslunum í þéttbýli. Þessi staðreynd, að vörubirgðir verslana í dreifbýli hljóta ávallt að vera meiri en hjá verslunum í þéttbýli, hefur í för með sér að verslanir í dreifbýli hafa meiri rekstrarfjárþörf, vaxtakostnaður verður mun meiri, meira húsrými þarf fyrir lager og aukin hætta er á rýrnun vörubirgða.

2. Kostnaður vegna pantanaafgreiðslu og heimsendingar á vörum vegur þungt í dreifbýlisverslun, en er naumast til hjá verslunum í þéttbýli.

3. Lánsviðskipti eru mun meiri hjá dreifbýlisverslunum en hjá verslunum í þéttbýli og af því hlýst aukinn kostnaður.

4. Verslun með sérvörur — er þá átt við tilbúinn fatnað, búsáhöld, vefnað og fleiri þess háttar vörur — er sérstaklega erfið í dreifbýlinu vegna kostnaðar við birgðahald.

5. Ýmsir kostnaðarliðir, eins og rafmagn, hiti og sími, vega mun þyngra hjá verslunum í dreifbýli en verslunum í þéttbýli.

Að lokum vil ég nefna að smásöluálagning á landbúnaðarvörur er mjög lág og stendur ekki undir nema hluta dreifingarkostnaðar. Þetta kemur sérstaklega hart niður á dreifbýlisversluninni, þar sem hlutdeild landbúnaðarvara í sölu þeirra er mun meiri en hjá verslunum í þéttbýli.

Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, eru hin sérstöku rekstrarvandamál verslana í dreifbýli. Vegna erfiðs rekstrar í mörg ár og vegna þess að engin umtalsverð stofnlán hafa verið fyrir hendi til uppbyggingar verslunarhúsnæðis stendur dreifbýlisverslunin nú mjög víða frammi fyrir miklum uppbyggingarvanda. Víða er verslað í gömlu og óhagkvæmu húsnæði án þess að nokkur möguleiki sé á nauðsynlegum endurbótum eða uppbyggingu. Eins og fram kemur í fsp., var skipuð nefnd á árinu 1976 til að kanna þessi mál og benda á leiðir til úrbóta. Þessi nefnd skilaði áliti í apríl 1978. Í grg. nefndarinnar segir m. a., með leyfi forseta:

„Smásöluverslanir í dreifbýli eiga við mikla erfiðleika að etja umfram smásöluverslanir í þéttbýli, sem m. a. felast í litlum veltuhraða, miklu birgðahaldi, miklum lánsviðskiptum, meiri rekstrarkostnaði o. fl. Þessir erfiðleikar hafa aukist á síðustu árum vegna verðlags- og kostnaðarhækkana. Þá skapa mismunandi aðstæður eftir landshlutum sérstök staðbundin vandamál."

Síðan segir í áliti nefndarinnar: „Nefndin telur brýnt að sem fyrst verði fundin lausn á þessum vandamálum. Hún bendir á að hér er ekki einvörðungu um afmörkuð vandamál dreifbýlisverslana að ræða, heldur einnig þjóðfélagsins í heild. Það, sem máli skiptir, er hvað og að hve miklu leyti það er talið þjóðfélgslega nauðsynlegt að viðhalda verslunarþjónustu. M. ö. o.: ef talið er þjóðfélagslega æskilegt að halda uppi byggð á ákveðnum stöðum í dreifbýli verður að tryggja neytendum þar nauðsynlegustu verslunarþjónustu."

Þá bendir nefndin á eftirfarandi leiðir til úrbóta, sem ég ætla að hlaupa á:

1. Nefndin leggur til, að álagningu í smásölu á þeim landbúnaðarvörum, sem Sexmannanefnd verðleggur, verði breytt á þann veg, að hún standi undir eðlilegum dreifingarkostnaði. Samkv. fyrirliggjandi gögnum virðist meðalálagning smásöluverslana vera lægri utan Reykjavíkur en í Reykjavík og telur nefndin að það stafi m. a. af óraunhæfri smásöluálagningu á landbúnaðarvörum þar sem þær vörur vega hlutfallslega meira í sölu dreifbýlisverslana.

2. Frjálslegri verðmyndunarreglur mundu veita dreifbýlisverslun aukna möguleika á því að aðlaga verslunarþjónustu sína þörfum byggðarlagsins og koma á æskilegri verkaskiptingu milli smærri og stærri byggðakjarna, jafnframt því sem hún gæti því betur sinnt verslunarþjónustu á hverjum tíma.

3. Tryggt verði að dreifbýlisverslanir hafi aðgang að lánum vegna fjárfestingar, t. d. úr Byggðasjóði, en jafnframt settar sérstakar reglur um skilyrði lánveitinga.

4. Dreifbýlisverslunum verði heimilað að hækka birgðir í samræmi við reglur sem settar verði þar um.

5. Leysa þarf þá greiðslufjárerfiðleika sem dreifbýlisverslunin telur sig hafa orðið fyrir í lánsviðskiptum sínum við ríkisfyrirtæki. Í því sambandi verði athugað hvort ekki sé hægt að heimila dreifbýlisverslunum skuldajöfnun við ríkissjóð vegna vöruúttektar eða þjónustu við ríkisfyrirtæki, þegar skil eru gerð á söluskatti eða lögboðnum ríkisálögum, sérstaklega virðist það vera ósanngjarnt að ætla dreifbýlisverslunum að standa skil á söluskatti af vöru eða þjónustu sem hún á sama tíma á útistandandi hjá ríkisfyrirtækjum.

6. Leiðrétta þarf þá mismunum sem fram kemur milli dreifbýlis og þéttbýlis að því er varðar álagningu á söluskatti þar eð skatturinn er krafinn af flutningskostnaði.

7. Auðvelda þarf rekstrarráðgjöf við dreifbýlisverslanir með þátttöku stjórnvalda.

Ég hef talið upp atriði sem nefndin leggur til. Ég vil sérstaklega benda á þá tillögu nefndarinnar, að Byggðasjóður veiti lán til byggingar á verslunarhúsnæði. Ég tel að hér sé einmitt það verkefni sem Byggðasjóður á tvímælalaust nú að snúa sér að.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni, en óska eftir svari hæstv. viðskrh.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Sú nefnd, sem hér er vísað til, var á sínum tíma skipuð af þáv. viðskrh., Ólafi Jóhannessyni, en vegna kosninga og

stjórnarskipta, sem urðu fljótlega eftir að nefndin skilaði áliti, gafst þeim ráðh. og þeirri ríkisstj. ekki tími til þess að fjalla frekar um málið. Það verður að segjast líka, að núv. ríkisstj. hefur ekki fjallað um tillögur nefndarinnar sérstaklega, og ef mig misminnir ekki, þá voru þessar tillögur ekki heldur teknar formlega fyrir í síðustu ríkisstj. Það er þess vegna ekki um það að ræða, að ég geti lýst áliti ríkisstj. í þessu efni.

Í þessu *nál.* er m. a. bent á að smásöluálagning á landbúnaðarvörur stæði ekki undir eðlilegum dreifingarkostnaði og gerði það dreifbýlisversluninni mjög erfitt fyrir. Í þessu sambandi má geta þess, að í des. 1978 varð nokkur hækkun á smásöluálagningu landbúnaðarvara. Vorið 1979 var enn fremur gerð almenn lagfæring á verslunarálagningu, annarri en á landbúnaðarvörum, og það kom auðvitað dreifbýlisversluninni að nokkru gagni. Þáv. viðskrh. taldi hins vegar í framhaldi af þeirri lagfæringu að þörf væri á að kanna sérstök vandamál dreifbýlisverslunar frekar, og það er eitt af verkefnum nefndar, sem hann skipaði 29. mars 1979 og ætlast er til að skili áliti í vor.

Ég vil líka geta þess, að skömmu áður en fyrri nefndin var skipuð samþykkti verðlagsnefnd heimild til handa verslunum utan Reykjavíkursvæðisins að leggja álagningu ofan á sannanlegan flutningskostnað. Sá álagningarauki, þótt ekki sé mikill, hefur að sjálfsögðu komið dreifbýlisversluninni sem slíkri til góða. En þó að ég geti ekki reifað hér álit ríkisstj. í þessum efnum, þá held ég að rétt sé að víkja stuttlega að þeim atriðum, sem nefndin gerði tillögur um og fyrirspyrjandi rakti hér glögglega áðan.

Fyrsta ábendingin var um álagningu í smásölu á landbúnaðarvörur. Um álagninguna í smásölu er það vitað mál, að hún er skert þannig, að hún svarar ekki til tilkostnaðarskiptingar. Þetta trúi ég að öllum sé ljóst og veldur auðvitað vissum erfiðleikum í versluninni.

Í annan stað bendir nefndin á frjálslegri verðmyndunarreglur. Það má segja að smuga hafi opnast til þeirrar áttar með hinum nýju verðlagslögum og verðlagsráði, sem nýlega hefur tekið til starfa, þó að sjálfsagt verði sporin í þeim efnum smá. En menn hljóta að þreifa sig áfram til þeirrar áttarinnar.

Að því er varðar aðgang að lánum vegna fjárfestingar, t. d. úr Byggðasjóði, þá mun það vera svo, að í undantekningartilvikum séu veitt lán úr Byggðasjóði til framkvæmda af þessu tagi. En ég get tekið undir þau sjónarmið, sem komu fram hjá fyrirspyrjanda varðandi hlutverk Byggðasjóðs í þessum efnum, að auðvitað er það í verkahring sjóðsins m. a. — og á að vera — að stuðla að því, að þjónusta af þessu tagi geti verið bærileg. Það er a. m. k. mitt álit.

Í fjórða lagi benti nefndin á að dreifbýlisverslun yrði heimilað að hækka birgðir í samræmi við reglur sem settar verði þar um. Hér er í rauninni verið að gera ráð fyrir því að leysa úr á grundvelli verðbólgu, en auðvitað er það að hluta til vandamál sem hefur skapast vegna verðbólgunnar. En þetta hafa menn nú ekki treyst sér í.

Það er bent á hvort ekki sé unnt að heimila dreifbýlisverslunum skuldajöfnun við ríkissjóð vegna vöruúttektar og þjónustu við ríkisfyrirtæki. Ég get upplýst að þetta er til athugunar í fjmrh. Hins vegar varðandi það að leiðrétta þá mismunun sem felst í álagningu á söluskatti, þar sem skatturinn er krafinn af flutningskostnði, þá hafa athuganir á þessu máli leitt í ljós að það sé mjög torvelt úrlausnar, og má reyndar vísa til álits nefndar um verðjöfnun á flutningskostnaði í þeim efnum.

Í sjöunda lagi er rætt um rekstrarráðgjöf, að auðvelda dreifbýlisversluninni að njóta rekstrarráðgjafar og þá með þátttöku stjórnvalda. Ég tel að þarna sé um mjög áhugavert atriði að ræða.

Enn fremur bendir nefndin sérstaklega á, að samhliða því sem stjórnvöld láta þessi mál til sín taka verði að sjálfsögðu að gera þær kröfur til verslananna að þær geri allt sem í þeirra valdi stendur til að leysa sín mál sjálfar, og undir það sjónarmið hlýt ég að taka.

Það dylst auðvitað engum, að þegar heimiluð sölulaun eru alfarið bundin við innkaupsverð, þá er verðbólgan eldur sem brennir upp lager verslunarfyrirtækja um svo og svo mörg prósent á mánuði og hrekur þau út í þá vörn að eiga helst aldrei vörur stundinni lengur. Segja má að þetta hái alveg sérstaklega dreifbýlisversluninni, því að hún hlýtur að dreifa öðru fremur nauðsynjavörum sem lúta ströngustu verðlagsákvæðum. Hún þjónar afskekktum stöðum, þangað sem aðflutningar eru stopulir, og hún er á mörgum stöðum ábyrg sem aðalverslun sem ekki má láta birgðir sínar þrjóta. Þetta eitt, þó ekki kæmi fleira til, er auðvitað ærin ástæða til þess að leita eftir hagfelldara verðlagskerfi. Og ég vil láta það álit í ljós, að við það starf er auðvitað þörf fyrir náið samstarf stjórnvalda og verslunarinnar í landinu. En þetta er auðvitað jafnframt eitt af ótalmörgum dæmum þess, að verðbólgan er ósamþýðanleg heilbrigðu viðskiptalífi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Byggðasjóður hefur ekki enn þá veitt fjármagn til byggingar verslunarhúsnæðis í landinu, og það er ekki komið að því að mínum dómi að hann taki til við það. Það eru kannske undantekningartilfelli og aðeins eitt, sem ég man eftir, þegar fátækt verslunarfélag norður í Haganesvík varð fyrir því að vegur var lagður fram hjá því um langan veg og það skilið eftir úti á eyðigranda, sem áður var ekið um, að einhver lítil aðstoð var veitt. Kom þó fleira til þar. Byggðasjóður hefur aðeins rétt hjálparhönd vegna byggingar vörugeymslna sem hefur komið verslunarþjónustu til góða, en annars ekki.

Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh. og eins hv. fyrirspyrjanda, að komið sé að því að Byggðasjóður geti axlað þá byrði sem er því samfara að lána fé til byggingar verslunarhúsnæðis í landinu, enda er ég ekki þeirrar skoðunar, að skórinn kreppi í þessum sökum að því er snertir húsrými og aðstöðu vegna þessarar þjónustu. Og enn má geta þess, að ég veit ekki betur af kunnugleika mínum af landsbyggðinni en að þar hafi verið sæmilega og sé sæmilega búið að ýmsum verslunarfyrirtækjum og mörgum mjög víða um landið í nýjum og góðum húsakynnum.

Byggðasjóður hefur haft mikið umleikis í sambandi við fiskiðnað og tekið vel til þar. Það var álitið að fé hans kæmi best í þann stað niður að hefja stuðning við útgerð og fiskvinnslu. Og það hefur áreiðanlega sannast, að það var rétt stefna. Það, sem næst liggur fyrir hjá Byggðasjóði, er vitanlega efling iðnaðar, stórefling hans. Ef menn hafa kynnt sér og borið saman fjárveitingar hins opinbera og fjármagnsfyrirgreiðslu til iðnaðar og annarra aðalatvinnuvega — landbúnaðar, sem ég hygg að hafi þar vinninginn, og síðan sjávarútvegs — þá liggur hlutur okkar í iðnaði alveg eftir. En það er fyrirsjáanlegt og allir sammála um að iðnaður verður að taka við svo til

öllum nýjum vinnandi höndum sem koma á vinnumarkað í landinu í vaxandi mæli á næstu árum.

Byggðasjóður hefur — eins og því miður aðrar stofnanir sem hafa átt að gegna því hlutverki að vinna að uppbyggingu iðnaðar — látið þau mál of afskipt. Á þessu verður að verða breyting. Í þessu efni er því ærið hlutverk til handa Byggðasjóði. Og að þessu gefna tilefni vil ég taka fram, að ég álít langt í land með að Byggðasjóður hafi efni á því, þótt hann hafi eflst verulega á undanförnum árum, að verja fjármagni sínu í húsbyggingar verslunarþjónustunnar í landinu, þótt sums staðar kunni þar að vera pottur brotinn.

Fyrirspyrjandi (Sigurgeir Bóasson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans við fsp. Eins og fram kom í svari ráðh. hefur lítið verið gert í þessum málum. Það, sem einna helst hefur verið gert, er að það hefur verið skipuð enn ein nefndin, og mér sýnist að þessi mál ætli að vera mjög lengi á umræðustiginu. En mörg undanfarin ár hafa margvíslegar athuganir og kannanir verið gerðar í þessum málum, og fyrirliggjandi eru miklar upplýsingar um hvern einstakan þátt. Ég er þó ekki með þessu að ásaka núv. hæstv. viðskrh., því að það er greinilegt, að ekkert samband er á milli seinagangsins í þessum málum og þess, hver hefur verið viðskrh. á hverjum tíma. Ég vil hins vegar skora á hæstv. ríkisstj. — eða væntanlega hæstv. ríkisstj. — að taka af skarið og koma í framkvæmd þessum umbótamálum verslana í dreifbýli.

Sala á togaranum Dagnýju, fsp. (þskj. 52). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 52 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um sölu á togaranum Dagnýju SI 70. Ekki kemst ég hjá því að hafa nokkurn formála að þessari fsp.

Hlutafélagið Togskip á Siglufirði var eigandi og útgerðaraðili Dagnýjar. Þetta hlutafélag keypti annan togara erlendis frá, sem heitir Sigurey, en hlutafélagið Togskip fékk ekki þorskveiðileyfi fyrir tvo togara. Um það bil sem Sigurey var tilbúin að fara á veiðar, sem var sumarið 1978, var framkvæmdastjóri Togskips búinn að gera samning um sölu á Dagnýju til Jökuls á Raufarhöfn. En sú sala strandaði á því, að ekki fékkst þorskveiðileyfi fyrir skipið, þó vilyrði um það hefði áður verið gefið, ef af þessum kaupum yrði, og þó að Jökull og hraðfrystihús Þórshafnar hefðu gert með sér samning vegna þessara fyrirhuguðu skipakaupa um að hraðfrystihús Þórshafnar fengi ákveðið aflamagn bæði af Dagnýju og Rauðanúp ef þessi skipakaup kæmust á. En hraðfrystihús Þórshafnar hefur skort tilfinnanlega hráefni allt frá því að nýja húsið tók til starfa og raunar lengur, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt um.

Í fyrirspurnatíma hér á hv. Alþingi gefst ekki tími til að ræða um orsakir þess, að hraðfrystihús Þórshafnar skortir mjög tilfinnanlega hráefni. Sérstaklega vantar það þó yfir vetrarmánuðina, frá byrjun nóvember fram í marslok. Vegna þessa ástands gerðu Sigurður Finnsson f. h. Togskips og Ingimar Einarsson f. h. sjútvrh. samkomulag á árinu 1978 um það, að sjútvrh. leysti Togskip h. f. undan loforði um að það stundi ekki þorskveiðar á Dagnýju, en í stað þess hét framkvæmdastjóri Togskips því að hefja landanir á Þórshöfn um miðjan nóvember

það ár og landa þar veturinn 1978—1979 og aftur 1979—1980, til marsloka bæði árin, og var miðað við að landanir hvorn vetur yrðu a. m. k. 1000 tonn.

Hins vegar kom Dagný með 302 tonn í fyrravetur til Þórshafnar og nú í vetur hefur hún komið með tvo slatta, samtals 153 tonn, og er nú í slipp, að ég best veit, og ekki víst að hún komist á veiðar a. m. k. í þessum mánuði, svo að ekki reynist ástæða til þess að verðlauna fyrri eigendur hennar fyrir efndir á þessu samkomulagi. En nú er búið að selja Dagnýju til Hafnarfjarðar án þess að bjóða Þórshöfn skipið til kaups eða Jökli á Raufarhöfn sem áður hafði gert kaupsamning um skipið, eins og ég greindi frá áður.

Ég er hér með í höndum afrit af bréfi frá stjórn Hraðfrystistöðvar Þórshafnar til hæstv. sjútvrh., dags. 22. nóv. 1979, en í niðurlagi þessa bréfs segir m. a., með leyfi forseta:

„Það er nú krafa stjórnar Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h. f., að sjútvrn. geri nú þegar væntanlegum eigendum skipsins ljóst, að samkomulag þetta gildir til 1. apríl 1981 samkv. 4. gr. samkomulagsins."

Ég vil því spyrja hæstv. ráðh. hvort ráðuneytið hafi sett fram slíka kröfu, að Dagný landi afla á Þórshöfn veturinn 1980—1981 samkv. 4. gr. umrædds samkomulags.

Út af þessu máli hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. sjútvrh. og vonast eftir að fá viðhlítandi svör:

1. Telur ráðh. eðlilegt að heimila sölu á togaranum Dagnýju SI 70, sem hafði togveiðiheimild til þorskveiða fyrir Þórshöfn, staðbundið og skilyrt við það byggðarlag, til Hafnarfjarðar, staðar sem hefur nóg hráefni og gerir nú út a. m. k. tvo togara til sölu á ísfiski eingöngu erlendis, án þess að bjóða áðurgreindu byggðarlagi forkaupsrétt að skipinu?

2. Telur ráðh. það ekki sanngirnismál, að byggðarlag, sem fékk togveiðiheimild á þorskveiðar fyrir bv. Dagnýju vegna ótryggs atvinnuástands, haldi heimildinni, geti það nýtt sér hana? Væri í framhaldi af því ekki eðlilegt, að sú togveiðiheimild, sem bv. Dagný hefur haft vegna Þórshafnar til þorskveiða, falli ella niður?

3. Telur ráðh. það samrýmast hagsmunum þjóðarinnar að stuðla að kaupum á togurum til veiða fyrir fisksölur erlendis, fremur en til vinnslu hér innanlands, eins og gert er með sölunni á Dagnýju til Hafnarfjarðar? Eða ætlar ráðh. að beita sér fyrir því, að Hraðfrystihús Þórshafnar fái leyfi til að kaupa nýjan eða notaðan togara erlendis frá, eitt sér eða í samvinnu við aðra, til að tryggja rekstur hraðfrystihússins þar og koma í veg fyrir atvinnuleysi á staðnum?

4. Mun hæstv. ráðh. beita sér fyrir því, að togarar og önnur togskip fái því aðeins fiskveiðileyfi, að þeir landi afla sínum hér innanlands, ef fiskvinnslustöð eða stöðvar vantar fisk til vinnslu og óska að fá afla þeirra keyptan?

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Fsp. hv. þm. er sett fram í fjórum töluliðum. Ég mun svara þeim hverjum fyrir sig, en ég vil fyrst gera nokkra grein fyrir tengslum bv. Dagnýjar SI 70 við Þórshöfn á Langanesi og aðdraganda málsins.

Á miðju ári 1977 setti þáv. ríkisstj. reglur um veitingu heimilda fyrir erlendum langtímalánum vegna kaupa á fiskiskipum erlendis frá. Eitt meginefna þessara reglna var skilyrði um sölu skips úr landi fyrir hvert innflutt skip. Nú háttaði svo til, að Togskip hf. á Siglufirði, sem

átti og gerði út bv. Dagnýju, hafði hug á að kaupa notað togskip erlendis frá. Til þess að öðlast rétt til heimildar til erlendrar langtímalántöku hlaut Togskip hf. að þurfa að selja bv. Dagnýju úr landi samkv. fyrrgreindum reglum.

Nú hafði Togskip hf. ekki hug á því að selja skipið úr landi, og í stað ýmissa annarra bragða, sem neytt var til framhjáhlaups á þessari reglu, tók Togskip hf. þann kost að lýsa því yfir, að bv. Dagný mundi ekki stunda þorskveiðar eftir komu nýja skipsins ef fyrirtækið fengi heimild til erlendrar lántöku vegna kaupa á öðru notuðu togskipi erlendis frá. Að fenginni þessari yfirlýsingu var lántökuheimildin veitt af þeirri ríkisstj. sem þá sat.

Nú er það grundvallarstaðreynd, að öllum íslenskum skipum eru þorskveiðar heimilaðar þar og þá sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir. Þess vegna gæti það orðið ágreiningsatriði, hvort nokkuð annað en venjulegt siðferði og drengskapur gat bundið Togskip hf. við fyrrgreinda yfirlýsingu. Það er a. m. k. ljóst, að skilgreiningin togveiðiheimild einstaks skips, sem virðist vera grundvallaratriði þessarar fyrirspurnar, er enn ekki til í íslenskum lögum. Þrátt fyrir vafa að lögum og þótt hugurinn stæði til þorskveiða stóð Togskip hf. við yfirlýsingu sína. Um líkt leyti gerast ýmsir þeir atburðir sem skapað hafa verulegan vanda í hráefnisöflun fiskvinnslunnar á Þórshöfn. Sjálfsbjargarviðleitnin leiddi þessa aðila saman og úr varð samkomulag fyrir milligöngu stjórnvalda, sem efnislega var á þá leið, að Togskip hf. var leyst undan margnefndri yfirlýsingu gegn samningsbundnu loforði um tilteknar tímabundnar landanir afla hjá Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. Ég trúi að hún heiti Hraðfrystistöð Þórshafnar, en ekki Hraðfrystihús Þórshafnar, eins og greint er í fyrirspurninni. Það er svo auðvitað sjálfsagt mál, enda tekið fram í samkomulagninu, að selji Togskip hf. Dagnýju fylgja þau skilyrði um landanir á Þórshöfn með í kaupunum.

Þær fyrirspurnir, sem hér liggja fyrir, virðast gefa tilefni til þess að skýra þennan aðdraganda og þessar grundvallarstaðreyndir málsins, svo að þar fari ekkert á milli mála, m. a. um það, að hér hafi verið um heit af hálfu Togskips að ræða um það, hvernig það mundi haga sér, og það, að togveiðiheimild einstaks skips, sem fsp. virðist grundvölluð á, er ekki til í íslenskum lögum eða reglum.

Að þessu sögðu skal ég svara, eftir því sem mögulegt er, þeim töluliðum sem hér eru bornir fram.

Um tölul. 1: Stjórnvöld geta hvorki heimilað né bannað sölu skipa milli innlendra aðila.

Um tölul. 2: Togveiðiheimildir einstakra skipa þekkjast ekki að íslenskum lögum, og því, sem ekki er til, er náttúrlega hvorki hægt að halda til streitu né fella niður.

Um tölul. 3: Mér er ekki kunnugt um að stjórnvöld eða opinberar stofnanir hafi stuðlað að þeim kaupum sem hér er rætt um, en afstaða mín til kaupa á togurum erlendis frá, eins og nú er ástatt, er víst tvímælalaust neikvæð, eins og allir vita sem fylgjast með efni íslenskra fjölmiðla.

Um tölul. 4: Eins og áður er vitnað til eru ekki gefin út nein fiskveiðileyfi fyrir einstök togskip, og þess vegna er auðvitað ekki hægt að beita því sem tæki í stýringu af því tagi, sem hér er óskað svara við, og þess vegna ekki unnt að svara þessari fyrirspurn.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka ráðh. fyrir hans svör, þó að ekki væri raunar mikið á þeim að græða. Á sínum tíma, þegar hraðfrystistöðin Jökull á Raufarhöfn gerði samning um kaup á Dagnýju, stóð eingöngu á því að fá leyfi fyrir Dagnýju til þorskveiða. Hvernig skyldi standa á því?

Mér er kunnugt um það, að reglunum í sambandi við Fiskveiðasjóðs hefur verið breytt, þ. e. a. s. að reynt er að lána meira til hraðfrystihúsa til hagræðingar þar en til fiskiskipa. En á sama tíma sem þetta gerist er í raun og veru stuðlað að því að taka skip frá stöð sem vantar hráefni.

Ráðh. sagði að engin lög væru um það, að heimildir þyrfti til togveiða. Hvers vegna er beitt leyfum til annarra veiða? Er ekki hægt að beita reglugerð á sama hátt, og eru ekki takmarkaðar veiðar á togveiðum? Ég veit ekki betur. Er ekki hægt alveg á sama hátt að stjórna því með reglugerð, hvort t. d. menn fá leyfi til þess að sigla á erlendan markað með fisk þegar vantar hráefni í vinnslustöð hér á landi? Ég skil ekki muninn á þessu, og ég vil ekki taka það gott og gilt, að ekki sé hægt að stýra þessu á sama hátt og öðrum veiðum er stjórnað, ef vilji er fyrir hendi og skilningur.

Það eru kannske tilviljanir sem valda því — ég hef ekki getað rannsakað það mál til hlítar — en okkur sýnist að á þessum tíma fari nokkuð margir togarar í Reykjaneskjördæmi, þó að erfitt sé að fá skip á aðra staði. Þetta er kannske tilviljun, en þetta eru samt sem áður atriði sem tekið er eftir annars staðar og mikið rætt um.

Ég tel það algjörlega óviðunandi, að togarar séu að veiða fyrir erlendan markað, eins og er, á sama tíma og stöðvar, sem eru eins vel byggðar upp og t. d. stöðin á Þórshöfn, Fiskiðjusamlag Húsavíkur og fleiri slíkar stöðvar, fá ekki nauðsynlegt hráefni til vinnslu. Og ég sé ekki að það sé í samræmi við þá stefnu sem hæstv. sjútvrh. hefur talið sig fara eftir, þ. e. að reyna að auka og bæta vinnsluna í landi og auka fjármagn til slíkra stöðva, því að það hlýtur að vera hagkvæmast að nota þær stöðvar, sem til eru, áður en lagt er í aðrar stöðvar.

Í sambandi við fyrirspurn, sem ég var hér með um daginn, sá ég að a. m. k. einn togari er ekki þar á skrá, sem mér er tjáð að hafi selt marga farma erlendis, en það er togarinn Rán. (**Gripið fram í:** Ætli hann hafi ekki flokkast undir báta hjá Fiskifélaginu?) Það getur verið. Það getur vel verið að hann flokkist undir báta, en það er togskip. Ég er ekki svo kunnugur því, hvaða stærð er á Rán, en mér er þó tjáð að hún fiski eingöngu fyrir erlendan markað.

Ég varð fyrir vonbrigðum með undirtektir ráðh. Ég hélt satt að segja að það hlyti að vera í undirbúningi nú að setja einhverjar reglur í sambandi við veiðileyfi fyrir togskip eins og önnur skip, þannig að hægt væri að stjórna þessum veiðum og stjórna vinnslunni, samkv. því sem hann hefur sjálfur sagt að hann vildi stefna að.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það stendur nú að vísu í þessari skrá yfir íslensk skip 1980, sem hér hefur verið útbýtt, að Rán sé síðutogari, ef það upplýsir nokkuð í sambandi við deilu þeirra sjútvrh. og hv. 2. þm. Norðurl. e.

Ég vil segja í sambandi við það mál sem hér er til umr., að það er ekki vonum fyrr, má segja, að það kemur á dagskrá. Og ég skil raunar vel þær fyrirspurnir sem hér eru bornar fram af hv. 2. þm. Norðurl. e. af góðum hug, en kannske ekki yfirvegaðar sem skyldi. Nú vitum við það, sem erum kunnug málefnum norður þar, að í tíð

hæstv. síðustu ríkisstj. var af lítilli fyrirhyggju haldið á atvinnumálum þeirra Þórshafnarbúa með þeim afleiðingum að fótunum var alveg kippt undan hráefnisöflun staðarins, þrátt fyrir það að hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, hefði lofað því fyrir þær kosningar, að Þórshafnarbúar mundu fá nýjan togara fyrir gamlan, ef hann yrði einn þeirra sem stæðu að stjórnarmyndun eftir þær kosningar. En efndirnar urðu þær, að þeir misstu það sem fyrir var og stóðu uppi togaralausir og eru það enn þá. Og ef við íhugum það ástand sem þar er nú, til viðbótar þeim miklu harðindum sem yfir þennan landsfjórðung hafa dunið, geta menn rétt ímyndað sér að það þurfi að taka duglega á til þess að uppbygging þessa pláss geti áfram haldið og staðið verði við þá viljayfirlýsingu Alþingis, að sérstök landshlutaáætlun verði gerð fyrir Norður-Þingeyjarsýslu til þess að efla byggð þar og ganga þannig frá hnútunum að til frekari fólksfækkunar komi ekki. En það getur enginn maður undrast þótt fyrir komi í sumum byggðarlögum að atvinna verði ekki jafnörugg og áður, að framtak heimamanna til þess að byggja upp reksturinn verði ekki jafnmikið, eins harkalega og síðasta ríkisstj. veittist að öllum atvinnurekstri í landinu, lagði hvern skattinn á fætur öðrum á atvinnufyrirtækin. Og í sambandi við aukaskattlagninguna haustið 1978, þá beindist hún sérstaklega að útflutningsiðnaði atvinnuveganna, að sjávarútveginum og svo þeim iðnaði sem var stór í sniðum og hafði lagt í mikla fjárfestingu. Það, sem er að gerast nú á Þórshöfn, er aðeins bein afleiðing af þeirri stjórnarstefnu sem þá var fylgt.

Í fyrsta lagi lét þáv. hæstv. iðnrh. alveg undir höfuð leggjast að ganga til móts við óskir Sjálfstfl. um það, að í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir s. l. ár yrði lagt fram fé til þess að rétta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, eins og honum var boðið í sambandi við umr. hér á Alþ. um verðjöfnunargjald af raforku, og baðst raunar afsökunar á því, að hann skyldi ekki kunna almenna kurteisi í þeim umr. Ég get enn fremur bent á í sambandi við orkumálin norður þar, að þáv. hæstv. ríkisstj. beitti sér gegn því að borað yrði við Kröflu og hæstv. núv. iðnrh. greiddi atkvæði á móti því hér á Alþ. (Gripið fram í.) Já, ég minnist nú þess, út af því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. segir, þegar hann ætlaði að leysa vegamálin þeirra þarna fyrir norðan fyrir þær kosningar. Hann lagði til að þeir seldu togarann, sem þeir áttu eftir að kaupa, og legðu veg milli Vopnafjarðar og Raufarhafnar fyrir andvirðið. Þú manst eftir þessu. En þeir skildu það ekki á Raufarhöfn. Mér skilst á þér núna að þú skiljir þetta ekki heldur lengur. Þú hefur kannske aldrei skilið það.

Ég vil svo að síðustu, úr því ég tók til máls, spyrja hæstv. sjútvrh., ef hann er hér við, hvort það hafi nokkuð komið til orða í sjútvrn. að líta sérstaklega á þá staði, sem eiga í sérstökum erfiðleikum með hráefnisöflun, í sambandi við heimildir til togarakaupa erlendis frá, eða hvort hann haldi sig við það, að ekki verði veitt leyfi til togarakaupa erlendis frá nema undir þeim kringumstæðum að menn eigi jafnmikið fé og þeir á Norðfirði og geti gengið fram hjá rn. og Fiskveiðasjóði.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hún er allsérkennileg þessi ræðutækni, sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur komið sér upp, að vissu leyti alveg pottþétt, í aðalatriðum á þá lund að segja ósatt um það á Alþ., sem ég hafi sagt á Raufarhöfn, og segja ósatt um það á Raufarhöfn, sem ég hafi sagt á Alþingi. Með þessum hætti er hægt að komast drjúgum álengdar á hinni pólitísku framabraut, þó sérstaklega þegar menn taka sig nú til og beita þessari aðferð ekki aðeins við pólitíska andstæðinga sína, heldur við nánustu pólitíska samstarfsmenn. En það er eins og Norðmaðurinn segir: „Det er nu en anden sag."

Ég hvatti ekki Þórshafnarbúa til þess að kaupa Fontinn á sínum tíma. Það var Geir Hallgrímsson, þáv. forsrh., sem bauð þeim það ágæta skip til kaups undir votta, og er samþingismaður Halldór Blöndal vottur frá þeim fundi, þegar það átti sér stað. Ekki hét ég heldur Þórshafnarbúum því, að ég skyldi útvega þeim nýtt skip fyrir Fontinn. En ég hélt því fram á Þórshöfn, sem satt er, að þáv. ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar fyrst og fremst stæði í óbættri sök við Þórshafnarbúa fyrir það í fyrsta lagi að loka fyrir smíði á togskipum innanlands í sinni stjórnartíð og koma í veg fyrir, að hægt væri að afla nýrra skipa erlendis frá, og láta þá síðan hafa ónýtt skip með slíkum okurkjörum, sem þar voru á ferðinni, til þess að afla hráefnis í það nýja fiskiðjuver, sem byggt var í tíð vinstri stjórnarinnar 1971—1974.

Ég viðurkenni það sem hæstv. sjútvrh. segir, það er ekki á valdi sjútvrh. að veita eða synja um leyfi til togara eða íslenskra fiskiskipa, sem sigla með afla sinn og selja erlendis. Viðskmrh. fjallar um þau mál, það er rn. hans að veita leyfi til aflasölu erlendis. Og nú er stutt úr svefnherbergisdyrum sjútvrh. í eldhúsið hjá viðskrh. þessa dagana. Þessu verður því ekki við borið, ef menn vilja á annað borð hafa nokkurt eftirlit með slíkum aflasölum.

Ég veit að hæstv. sjútvrh. er sér meðvitandi um það, að hér er um að ræða mikið vandamál, þar sem eru aflasölurnar erlendis á þeim tíma þegar frystihús á ýmsum stöðum kringum land skortir hráefni til vinnslu, svo að til atvinnuleysis horfir í sjávarplássunum. Ég efast ekki um að hæstv. sjútvrh. vilji taka þau mál til íhugunar, hvarflar ekki að mér að það muni standa á góðum vilja hans til slíks. En þó uggir mig nú — ég vil ekki segja að ég voni — að úrlausnin komi á hendur annars manns í sæti sjútvrh. en Kjartans Jóhannssonar. Hér er um að ræða mál sem Alþ. verður að hafa hönd í bagga með, láta sig ákaflega miklu skipta hvernig verður til lykta leitt.

Kaup á togurum, fsp. (þskj. 44). — Frh. einnar umr.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Á fundi í Sþ. ekki alls fyrir löngu urðu allmiklar umr. um ísfisksölur íslenskra skipa erlendis svo og togarakaup vegna fsp. frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni til hæstv. sjútvrh. Umr., sem hér fara fram nú, eru nokkuð tengdar og skyldar þeim. Ég ætti ekki nú að fara að ræða þessi mál, til þess gefst betri tími síðar. En vegna þess, að ég var á mælendaskrá þegar áður nefnt mál var tekið út af dagskrá, og vegna þeirra umr., sem þá fóru fram, á ég erfitt með að segja ekki nokkur orð og þá sérstaklega að gefnu tilefni.

Vegna sölu á Fontinum vil ég segja það, og það tek ég skýrt fram að er vegna umr. sem fóru fyrir nokkru fram hér í hv. Alþ., að ég sé ekki hvaða tilgangi þjónar að kasta steini að þeim útgerðarmönnum á Siglufirði sem keyptu það skip og gera nú út byggðarlagi sínu og þjóðinni allri til hagsbóta. Ég held að hv. þm. ættu heldur að þakka þeim mönnum, sem standa að þessari undirstöðuatvinnugrein, en reyna að gera þá tortryggilega á hv. Alþingi.

Um endurnýjun togaraflotans væri margt hægt að segja út af þeim umr. er hér fóru fram. En ég geymi það til betri tíma, — ekki þó af því að ég taki mark á þeim orðum hv. 4. þm. Suðurl. að menn úr dölum norður eigi ekki að hafa afskipti af slíkum málum.

Einn hv. þm. sagði í umr. um daginn að útgerðarbraskarar væru að sigla með fiskinn til erlendra hafna. Ja, það er nú það! Útgerðarbraskarar! Hverjir eru þessir útgerðarbraskarar? Miðað við þá skýrslu, sem sjútvrh. gaf, kemur fram að um 60 togarar hafa siglt með afla á því umrædda 16 mánaða tímabili, fyrir utan báta. Af þessum 60 togurum eru átta úr kjördæmi hv. þm. og einn togarinn hefur farið sex söluferðir, en 14 togarar hafa farið eina söluferð og 16 togarar hafa farið tvær söluferðir á umræddu 16 mánaða tímabili. Á þessu sést að margir útgerðaraðilar láta skip sín aðeins fara eina söluferð á hverju ári. Nú er það svo, sem betur fer, segi ég, að ekki geta allir siglt með afla til erlendra hafna þegar þeim sýnist svo. Á þessu ári hefur verið tekin upp viss stjórnun, m. a. til þess að tryggja hagstæðari og öruggari markaði erlendis.

Ég er ekki kominn í þennan ræðustól til að tala fyrir ísfisksölum erlendis. (Gripið fram í.) Skipulag veiða og vinnslu er hreint ekkert smámál. Þeim tíma, sem færi í að ræða um þau mál, væri vel varið á hv. Alþ. En ég held að við getum geymt það og frestað þeim umr. þangað til við ræðum almennt um skipulag veiða og hvernig þeim málum verður háttað á yfirstandandi ári þegar sjútvrh. kynnir þær hugmyndir sínar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri nú, en ég legg áherslu á að rétt er að hafa í huga að ísfiskmarkaðir bæði í Englandi og Þýskalandi og jafnvel víðar eru okkur mikils virði og við þurfum nokkuð að gera til að halda þeim mörkuðum. Ég sé ekki ástæðu til að rökstyðja það hér frekar, svo viss er ég um að hv. alþm. eru þau rök fyllilega ljós. Þeir rúmlega 11 milljarðar, sem fengust fyrir umræddan afla, eru þjóðinni meira virði en svo, að hér sé hægt að tala um braskarasjónarmið ákveðinna útgerðaraðila.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aths. skal vera örstutt.

Í ræðu minni átti ég við með einkunninni útgerðarbraskari í þessu sambandi þá menn sem er látið haldast uppi að sigla samtímis því með aflann sem takmarkaðar eru þorskveiðar og ýsuveiðar fyrir frystihúsin og fólkið sem vinnur í frystihúsunum, í stað þess að hafa atvinnu fyrir fólkið sem er að auka verðmæti aflans. Ég átti við þá menn sem er látið haldast uppi að taka þennan fisk frá fólkinu, sem vantar hráefni til vinnslu, og sigla með hann til útlanda til að selja hann á hæsta verði, þegar markaðir falla þar til, til þess að standa undir rekstri á skipum sem þeir hafa engan siðferðilegan eða eðlilegan rétt á að hafa undir höndum.

Búvöruverð, fsp. (þskj. 52). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 52. hef ég lagt fram fsp. til hæstv. landbrh. um búvöruverð.

1. des. s. l. átti búvöruverð að hækka til framleiðenda samkv. 7. og 9. gr. laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Sexmannanefnd varð sammála um þær hækkanir sem lagðar voru fyrir hæstv. ríkisstj., bæði hækkun vegna launahækkana, hækkana, sem höfðu orðið á rekstrarvörum til landbúnaðar, og hækkana á vinnslu og dreifingarkostnaði. Ríkisstj. ákvað þó að fresta því að verðið tæki gildi, og urðu það í reynd 12 dagar.

Mér er kunnugt um að það hefur gerst áður að frestað hefur verið um nokkra daga að búvöruverðshækkun kæmi til framkvæmda, en ég hygg þó að það hafi verið gert með þeim bókaða fyrirvara af hendi landbrh. hverju sinni, að fullar bætur yrðu greiddar úr ríkissjóði fyrir þann tekjumissi er af frestuninni leiddi svo að bændur bæru ekki skaða af. Ég hef ekkert um það heyrt, að slík bókun hafi verið gerð nú varðandi frestunina 1. des. eða fram komið nein yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. um það efni.

Það, sem vakti þó athygli mína hvað mest í sambandi við afgreiðslu á búvöruverðinu í desembermánuði s. l., var að hæstv. ríkisstj. skyldi leyfa hluta af hækkuninni, því að leyfð var hækkun sem svarar til hækkunar á launa- og rekstrarlið verðlagsgrundvallarins, en neitað um hækkun sem leiðir af hækkuðum launum þess fólks, sem vinnur við vinnslu og dreifingu afurðanna, og hækkun vegna þeirra hækkana, sem orðið hafa á umbúðum síðan 1. sept. s. l.

Nú skiptir það engu fyrir bóndann hvaða liðir það eru sem ekki fékkst hækkun á. Fólkið, sem vinnur við vinnslu og dreifingu mjólkurvaranna, krefst launahækkana og fær laun sín auðvitað greidd og 13.2% hækkun eins og aðrir fengu á þeim tíma. Auðvitað verður líka að greiða umbúðirnar fullu verði. Ef ekki fæst að hækka afurðirnar sem þessu nemur kemur það niður á framleiðandanum. Bændur verða að borga mismuninn af sínu kaupi. Það skiptir því engu máli hvort neitað hafi verið um hækkun vegna rekstrarvaranna, launaliðar verðlagsgrundvallar eða vegna vinnslu- og dreifingarkostnðar. Ef öll hækkunin fæst ekki uppi borin kemur það niður á kaupi bóndans.

Hækkunin, sem neitað var um reyndist vera yfir desembermánuð hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík um 36.7 millj. eða um 441 millj. á ársgrundvelli. Um er að ræða um 51% af mjólkurframleiðslunni í landinu, sem Mjólkursamsalan tekur á móti, og mun því heildartjónið fyrir bændastéttina í landinu vera um 865 millj. kr. á ársgrundvelli.

Ég vil einnig undirstrika, að það hefur aldrei áður gerst að ríkisstj. hafi neitað hluta af þeirri hækkun á búvöru sem Sexmannanefnd hefur samþykkt, og dreg ég mjög í efa að fyrir því sé nokkur lagalegur grundvöllur.

Í 4. gr. framleiðsluráðslaganna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta."

Þessi afgreiðsla hæstv. ríkisstj. þýðir að bændur fá 9.87% hækkun á laun sín þegar aðrar stéttir í landinu fá 13.20%, því að 865 millj. kr. vöntun á mjólkurverðið reynist vera 2.77% á mjólkurverðið eða 4.33% á launalið verðlagsgrundvallarins, en launaliðurinn er um 56% af grundvellinum. Ekki getur verið að hæstv. ríkisstj., sem er skipuð mönnum sem vilja telja sig fulltrúa og málsvara jafnaðarstefnu, hafi staðið vitandi vits að þessu máli á þann veg að bændastéttin ein er afskipt vegna þeirra hækkana sem urðu á launum í desembermánuði s. l.

Í kvöldfréttum hljóðvarps 17. des. s. l. kom eftirfarandi frétt fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur ákveðið með tilliti til almennra að-

stæðna í verðlags- og efnahagsmálum að samþykkja ekki verðhækkanir fyrst um sinn sem fari fram úr 9%, enda hafi hlutaðeigandi aðili fengið samþykkta verðhækkun á síðustu fjórum mánuðum. Samþykktin tekur þó hvorki til verðbreytinga á vöru eða þjónustu, þar sem launakostnaður er meginþáttur framleiðslukostnaðar, né til olíuvöru. Viðskrh. hefur gert fulltrúum í Verðlagsráði grein fyrir þessari samþykkt. En í frétt frá viðskrn. segir jafnframt að þessi afstaða ríkisstj. muni gilda þar til annað hefur verið ákveðið."

Af þessari ástæðu leyfði ég mér í des. að leggja fram á Alþ. fsp. til hæstv. landbrh.:

„1. Á hvaða lagagrundvelli ákvað ríkisstj. að fresta gildistöku þess búvöruverðs, er Sexmannanefndin ákvað að ætti að taka gildi 1. des. s. l. ?

2. Telur ríkisstj., að hún hafi haft lagalegan rétt til að heimila, að hluti af verðákvörðun Sexmannanefndar komi til framkvæmda 12. þ. m., en synja framkvæmd hluta af verðbreytingunni?

3. Fellur ekki sá hluti, sem synjað var, undir þær verðbreytingar, sem heimilaðar eru samkv. samþykkt ríkisstj. 17. þ. m. s. l., þar sem þær eru að mestum hluta vegna launabreytinga?

4. Hve hárri fjárhæð launa sinna tapa bændur vegna umræddrar frestunar, eða ætlar ríkisstj. að bæta bændum tapið og þá hvenær?"

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur borið fram fsp. til mín sem er í fjórum liðum og hann hefur gert grein fyrir.

Fyrsta spurningin er á þessa lund: „Á hvaða lagagrundvelli ákvað ríkisstj. að fresta gildistöku þess búvöruverðs, er Sexmannanefndin ákvað að ætti að taka gildi 1. des. s. l.?"

Þessu svara ég svo:

Í lögum um kjaramál, nr. 121/1978, í 7. gr., eru eftirfarandi ákvæði:

„Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var 9. sept. 1978 nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstj."

5. mgr. sömu greinar hljóðar svo:

„Ríkisstj. getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn."

Þetta er svar mitt við fyrstu spurningunni, að ríkisstj. hefur tvímælalaust heimild til að fresta gildistöku í þessu tilfelli eða hafna.

Önnur spurning hljóðar svo: „Telur ríkisstj., að hún hafi haft lagalegan rétt til að heimila, að hluti af verðákvörðun Sexmannanefndar komi til framkvæmda 12. þ. m." — þ. e. 12. des. — „en synja framkvæmd hluta af verðbreytingunni?"

Svar: Á grundvelli fyrrnefndra lagaákvæða hefur verið skylt að leita staðfestingar ríkisstj. á verðákvörðunum þar til bærra verðlagsyfirvalda áður en þær hafa getað komið til framkvæmda. Þetta á jafnt við um verðákvörðun á landbúnaðarafurðum og verð á vöru og þjónustu sem breytingum hefur tekið. Það hefur jafnframt verið túlkun manna á þessum lagaákvæðum, að ríkisstj. væri ekki heimilt að breyta verðákvörðunum viðkomandi verðlagsyfirvalds, en eingöngu að staðfesta eða hafna. Þetta kom m. a. fram við verðákvörðun á búvörum í sept. s. l., þegar þáv. ríkisstj. ákvað að fresta gildistöku nýrrar verðlagningar á meðan málin voru í umfjöllun hjá ríkisstj. Það fordæmi og að ríkisstj. heimilaði ekki hækkun á vinnslu- og heildsölukostnaði á mjólk og smásöluálagningu á búvöru í júlímánuði s. l., sem taka átti gildi samkv. verðákvörðun Sexmannanefndarinnar vegna 3% almennrar grunnkaupshækkunar, tekur af allan vafa um rétt ríkisstj. til hliðstæðra aðgerða í des. s. l. Þá ákvað ríkisstj., svo sem kunnugt er, að leyfa hækkun á verði til bænda samkv. ákvörðun Sexmannanefndarinnar, en jafnframt að heimila ekki á sama tíma hækkun á vinnslu- og heildsölukostnaði á mjólk, pökkunar- og heildsölukostnaði á kartöflum og smásöluálagningu á búvörum.

Samkv. lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. ákveður Sexmannanefnd eftirfarandi verð á landbúnaðarafurðum: Grundvallarverð til bænda, heildsöluverð, smásöluverð. Samkv. þessum lögum má breyta grundvallarverði til bænda ársfjórðungslega, eða 1. sept., 1. des., 1. mars og 1. júní ár hvert. Hins vegar má breyta heildsölu- og smásöluverði vegna breytinga á vinnslu- og dreifingarkostnaði ótímabundið vegna breytinga á kostnaði við þessa liði. Á því byggist beiðni Framleiðsluráðs landbúnaðarins um að hækka verð í heildsölu og smásölu á s. l. sumri, sem ríkisstj. veitti ekki heimild til. Það tekur af allan vafa um rétt ríkisstj. nú um að hafna verðhækkun á sömu liðum, en í þess stað að veita leyfi til hækkunar á grundvallarverði til bænda.

Þriðja spurning: „Fellur ekki sá hluti, sem synjað var, undir þær verðbreytingar, sem heimilar eru samkv. samþykkt ríkisstj. 17. þ. m." — þ. e. 17. des. — „Þar sem þær eru að mestum hluta vegna launabreytinga?"

Svar: Ríkisstj. lítur svo á að ákvörðun hennar um búvöruverð tekin í des. gildi án tillits til 9% reglunnar.

Fjórða spurning: „Hve hárri fjárhæð launa sinna tapa bændur vegna umræddrar frestunar, eða ætlar ríkisstj. að bæta bændum tapið og þá hvenær?"

Það hefur ekki verið gerður útreikningur á hvaða tölum frestun búvöruverðshækkananna í des. s. l. nemur. Sá dráttur, sem varð á búvöruverðshækkun til bænda í des. s. l., var 12 dagar. Frestur á verðhækkunum í sept. s. l. var 17 dagar. Tekjuminnkun bænda í hvoru þessara tilvika vegna dráttar á framkvæmd verðlagningarinnar hlýtur að vera áætlun sem niðurstaða ræðst út frá á þeim forsendum sem gefnar eru, t. d. eins og hvort heildsöluaðilarnir eiga að taka á sig lakari fjárhagsafkomu eða hvort þeir geti látið bændur bera fulla ábyrgð á rekstrinum ef endar ná ekki saman á tekjum á gjöldum á árinu. Ákvörðun um að bæta bændum upp frestun hækkunar á búvöruverði 12 daga í des. s. l. hefur ekki verið tekin. Rétt er að taka fram, að fyrrv. ríkisstj. hafði heldur enga ákvörðun tekið varðandi 17 daga frest í sept. og lögfestur bótaréttur mun ekki til.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil segja það, að mér finnst eðlileg sú fsp. sem hér er fram borin af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. Ég vil leyfa mér að draga í efa lagaheimild ríkisstj. til að fresta að hluta gildistöku búvöruverðsins vegna þess að það er a. m. k. umdeilt af lögfróðum mönnum hvort verðstöðvunarlög, sem hæstv. ráðh. vitnaði til, ná yfir sérlög eins og lög um Fram-

leiðsluráð landbúnaðarins. Ég er auðvitað ekki lögfróður maður, en ég leyfi mér að draga skýringar hæstv. ráðh. í efa.

Hitt er ljóst, að hæstv. ráðh. sækir fordæmi sitt til fyrrv. hæstv. vinstri stjórnar s. l. sumar, sem ítrekað frestaði ýmist hluta, eftir því sem hann greindi, af dreifingarkostnaði eða, eins og gerðist 1. sept. s. l., að frestað var gildistöku búvöruverðsins sem Sexmannanefnd hafði þó verið sammála um. Ég vil þess vegna segja það, að um leið og ástæða er til þess að fsp. sé hér fram borin er ekki síður ástæða til að spyrjast fyrir um hvað líði endurgreiðslu á þeim halla sem bændur í landinu hafa orðið fyrir vegna frestunar vinstri stjórnarinnar á gildistöku búvöruverðsins 1. sept. Sú frestun stóð í 17 daga, að ég hygg, eins og hæstv. ráðh. greindi frá, og samkv. fyrstu áætlunum um þann halla, sem á bændur féllu af þeirri ráðstöfun, var gert ráð fyrir að það væru 267 millj. kr. sem einvörðungu féllu á mjólkurframleiðendur. Við nánari athugun eða þegar þetta dæmi hafði verið gert upp hækkaði talan verulega eða upp í 450 millj. kr.

Ástæða hefði verið til þess að hæstv. ráðh. greindi einnig nokkuð frá þessu máli og hv. fyrirspyrjandi hefði enn fremur beint geiri sínum að þessari ráðstöfun jafnframt.

Ég vil geta þess, að ég hef undir höndum ljósrit af bréfi formanns Stéttarsambands bænda til fyrrv. landbrh., Steingríms Hermannsonar, sem er ritað 2. okt. s. l. Þar er greint frá samþykkt á aðalfundi Stéttarsambands bænda sem ég hygg að hv. fyrirspyrjandi hafi tekið þátt í sem fulltrúi, og segir þar — með leyfi hæstv. forseta — svo hljóðandi:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1979 telur þá ákvörðun ríkisstj. að fresta gildistöku verðlagsgrundvallar, sem taka átti gildi 1. sept., móðgun í garð bændastéttarinnar þar sem fullt samkomulag var í Sexmannanefnd um gerð hans. Fundurinn mótmælir harðlega og vekur athygli á að allur frestur á gildistöku nýs búvöruverðs er tvímælalaust brot á 1. mgr. 6. gr. laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Fundurinn telur því einboðið að fullar bætur komi vegna frestunarinnar."

Í bréfi þessu er vitnað til bókaðra orða hæstv. fyrrv. landbrh., Steingríms Hermannssonar, þar sem hann setur fram sínar skýringar á þessu máli og gefur tiltekin fyrirheit.

Ástæða væri til þess að spyrja: Hví leysti ekki hæstv. fyrrv. ríkisstj. úr þessu máli áður en hún fór frá völdum í okt. s. l.? Hvers vegna greiddi ekki fyrrv. hæstv. landbrh. þann halla, sem á bændum skall af þessari ráðstöfun, áður en hann fór úr veldisstóli sínum?

Umr. frestað.

Sameinað þing, 18. fundur.

Þriðjudaginn 29. jan., að loknum 17. fundi.

Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 118). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins, þáltill. (þskj. 121). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Grasögglaverksmiðjur, þáltill. (þskj. 28). — Ein umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 28 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um grasögglaverksmiðjur. Flm. ásamt mér eru þrír aðrir þm. Sjálfstfl. í Norðurl. e. og Norðurl. v. Till. þessi hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að hraðað skuli uppbyggingu grasögglaverksmiðjanna í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu, þannig að þær geti tekið til starfa á árunum 1981 og 1982.

Fjár til framkvæmda verði aflað á þrennan hátt:

1. Með framlögum úr heimahéruðum, eftir því sem aðstæður leyfa.
2. Með framlögum á fjárlögum.
3. Með lánsfé.

Tekið verði til rækilegrar athugunar hvort ekki er hagkvæmt að nýta jarðvarma eða raforku til rekstrar verksmiðjanna, enda þess gætt að láta slíkar athuganir ekki tefja framkvæmdir."

Segja má að till. þessi eigi sér nokkurn aðdraganda. Í lögum nr. 45 frá 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, eru í fyrsta skipti tekin upp ákvæði um grasögglaverksmiðjur í löggjöf hér á landi. Löggjöf þessi var undirbúin af nefnd sem þáv. landbrh., Ingólfur Jónsson, skipaði, og skilaði sú nefnd áliti með verulegum breytingum á þágildandi lögum um Stofnlánadeild o. fl. sem síðan voru afgreiddar með lögum nr. 45 frá 1971.

Þegar þessi lög voru afgreidd voru starfandi þrjár grasögglaverksmiðjur hér á landi: ein, sem rekin var og upp byggð af einkaaðilum, í Brautarholti á Kjalarnesi, tvær ríkisreknar á Suðurlandi, þ. e. í Gunnarsholti og á Stórólfsvelli. Um það bil var einnig að hefjast uppbygging grasögglaverksmiðju í Saurbæ í Dölum sem var á vegum einkaaðila, en sú grasögglaverksmiðja var síðan keypt af ríkinu og fengin Landnámi ríkisins til rekstrar og sérstakri stjórn sem að því starfar lögum samkvæmt.

Á grundvelli þeirra laga, sem ég hef hér vitnað til, laga nr. 45 frá 1971, var sett á laggir nefnd sem skipuð var, samkv. því sem þau lög greina, af Landnámi ríkisins annars vegar og Búnaðarfélagi Íslands hins vegar. Í þá nefnd voru valdir af hálfu Búnaðarfélags Íslands Björn Bjarnarson, Árni G. Pétursson og Ketill Hannesson, en af hálfu Landnáms ríkisins Árni Jónsson, Stefán H. Sigfússon og Pálmi Jónsson. Þessi nefnd tók til starfa haustið 1971 og skilaði áliti í mars 1972.

Í áliti nefndarinnar, sem prentað er að hluta til sem fskj. með grg. þessarar till., segir m. a. að nefndin líti svo á að með staðsetningu nýrra verksmiðja þurfi öðru framar að taka mið af tveimur afgerandi þáttum: Annars vegar ræktunaröryggi, fullnægjandi landsstærð og vinnslutíma, á hinn bóginn markaðssvæðum og flutningaleiðum. Í framhaldi af þessum markmiðum gerði nefndin mjög víðtækar athuganir með tilliti til þess að markmiðunum yrði náð, auk þess sem nefndin lagði

mjög mikla vinnu í athugun á málinu öllu og leitaði til allra þeirra sérfræðinga sem finnanlegir voru innanlands og auk þess til erlendra sérfræðinga til að afla þeirrar reynslu sem erlendis hafði fengist af rekstri af þessu tagi.

Í áliti nefndarinnar kemur svo fram, þegar hún skilar áliti, m. a. eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin mælir með því, að verksmiðju á Norðurlandi verði valinn staður í landi Lauftúns, Krossness og Löngumýrar í Skagafirði. Þessar jarðir, að undanteknum 10 hekturum og húsum Löngumýrarskóla, eru í eigu Landnáms ríkisins. Nefndin byggir þessa skoðun sína fyrst og fremst á því, að talið er að ræktun sé öruggari í Hólminum í Skagafirði en á því landi sem um er að ræða í Suður-Þingeyjarsýslu. Séu kalárin 1965—1968 höfð í huga mundi þurfa meira land í Suður-Þingeyjarsýslu til að tryggja svipað rekstraröryggi og í Hólminum, og má í því sambandi vísa til skýrslna héraðsráðunautanna á þessum svæðum til kalnefndar."

Enn fremur segir svo varðandi Austurland, með leyfi forseta:

„Á Austurlandi er lagt til að valinn verði staður í landi Flateyjar í Mýrahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, fyrst og fremst vegna þess, að ræktun þar yrði ódýrari en í Vallanesi og meiri möguleikar á landsumráðum."

Það, sem vitnað er til hér um staðsetningu, er í framhaldi af þeim athugunum sem nefndin hafði gert og leitað víða fanga til, m. a. skýrslna frá héraðsráðunautum, eins og fram kemur. Sérstakar athuganir beindust á Norðurlandi að tveimur stöðum þegar í upphafi, þ. e. Vallhólmi í Skagafirði annars vegar og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu hins vegar, og á Austurlandi að Héraði, einkum þó Vallanesi, annars vegar og Austur-Skaftafellssýslu hins vegar. Niðurstöður nefndarinnar í sambandi við staðsetningu, sem henni var falið að gera tillögur um, þ. e. um fjölda og staðsetningu verksmiðjanna sem nefndinni er falið að gera tillögur um, eru því þær, að nefndin telur að valdir verði þessir staðir og uppbygging fari fram að lokinni áætlanagerð um stærð og rekstur í þeirri röð sem hér segir:

„Í Hólminum í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Í landi Flateyjar, Mýrahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

Þá leggur nefndin til að athugaðir verði möguleikar á undirbúningi að stofnun verksmiðju í Saltvík, Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, ef unnt yrði að fá land fyrir verksmiðju af hagkvæmri stærð.

Þessum verkefnum ásamt stækkun verksmiðjunnar í Gunnarsholti verði lokið á næstu fimm árum.

Nefndin telur rétt, að unnið verði áfram við áætlunargerð um þessi mál, og verði á þessu ári lögð aðaláhersla á að komast að því, hvaða stærð verksmiðju muni verða hagkvæmust hér á landi. Lokið verði við að gera 10 ára áætlun 1973—1974."

Í þessu kemur fram til viðbótar við þær tillögur, sem nefndin gerir um staðarval og röð verkefna, að hún leggur áherslu á að áætlun sú, sem nefndin lætur þar með frá sér fara, verði í stöðugri endurskoðun og að 10 ára áætlun verði lokið árin 1973—1974.

Svo sem eðlilegt má telja voru niðurstöður nefndarinnar lagðar fyrir stjórnir Búnaðarfélags Íslands annars vegar og Landnáms ríkisins hins vegar. Er skemmst af að segja að stjórn Búnaðarfélags Íslands samþykkti tillögur nefndarinnar óbreyttar, en landnámsstjórn samþykkti tillögurnar með lítils háttar breytingum.

2. júní 1972 ritar þáv. landbrh., Halldór E. Sigurðsson, bréf til landnámsstjórnar, en þar kemur fram, með leyfi forseta, svo hljóðandi:

„Með skírskotun til bréfs landnámsstjórnar, dags. 28. maí s. l., þar sem gerðar eru tillögur um staðsetningu grænfóðurverksmiðja á landinu, vill rn. hér með samþykkja áætlun landnámsstjórnar um grænfóðurverksmiðjur þessar á þann hátt sem hér greinir:

1. Flatey í Mýrahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.
2. Hólmurinn í Skagafirði.
3. Saltvík, Suður-Þingeyjarsýslu."

Enn segir: „Það skal að lokum tekið fram, að gera verður ráð fyrir að áætlaður framkvæmdatími lengist frá tillögum nefndarinnar í allt að 8 árum."

Með bréfi þessu breytir þáv. landbrh. út af þeirri röð sem nefndin, sem tillögurnar upphaflega gerði, valdi í niðurstöðum sínum. Tekur ráðh. Flatey í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu sem nr. 1 til uppbyggingar, í stað þess að nefndin, sem um málið fjallaði af hálfu Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins, hafði valið Vallhólm í Skagafirði sem nr. 1.

Í framhaldi af þessu var hafist handa um framkvæmdir í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu og til þess varið fjármagni, og hófst rekstur þeirrar verksmiðju á miðju sumri 1975. Þessi verksmiðja hefur síðan verið í rekstri og má segja að í raun hafi hún í fyrsta skipti náð fullum afköstum á s. l. ári.

Jafnframt þessu var nokkru fé varið til undirbúnings verksmiðjunum í Vallhólmi í Skagafirði og í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu, en þó var jafnan um mjög takmarkaðar fjárveitingar að ræða. Þó var jafnan nokkru fé veitt á fjárlögum til þessara verksmiðja þangað til við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1979. Þá fékkst í fyrsta skipti, síðan verksmiðjurnar komu á dagskrá, ekki ein króna til þessa verkefnis á fjárlögum ríkisins.

Þær framkvæmdir, sem þegar hefur verið unnið að við þær verksmiðjur sem hér er gerð tillaga um að hraða byggingu á, eru í fyrsta lagi að þegar staðsetning hafði verið valin í Skagafirði var allt það land, sem sú verksmiðja þurfti á að halda, í ríkiseign og þurfti því ekki að verða um sérstök landakaup að ræða. Á hinn bóginn var slíkt ekki fyrir hendi hvað snerti Suður-Þingeyjarsýslu, en fljótt var að því horfið að kaupa jörðina Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu og spildu úr landi Laxamýrar, sem er nágrannajörð Saltvíkur, þannig að þar má einnig telja fullnægjandi land fyrir verksmiðju af þeirri stærð sem hyggilegast þykir að reisa, þ. e. verksmiðju sem hefur svokallaða eimingargetu upp á 5 tonn á klst., sem framleiðir u. þ. b. 2500—3000 tonn af grasköglum á ári. Á báðum stöðum er því um nægjanlegt land að ræða. Á báðum stöðum hefur landið verið girt. Á báðum stöðum hefur framræsla farið fram eftir því sem þurft hefur að ræsa landið. Í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu er búið að rækta yfir 100 hektara tún, en undirbúningsræktun hefur farið fram í Vallhólmi í Skagafirði, þannig að þar hefur verið brotið nokkuð af landi og þar hefur farið fram allmikil grænfóðurrækt. Að öðru leyti stendur landið sundurgrafið og flakandi.

Mikið undirbúningsstarf hefur einnig verið unnið á þessu árabili og það af ýmsum toga. Mikil gögn liggja fyrir varðandi uppbyggingu þessara verksmiðja og er nokkuð, en þó ekki nema í tiltölulega litlum mæli, vitnað til þeirra gagna í fskj. sem eru prentuð með þáltill. Hvort tveggja er, að lögð hefur verið fram vinna af hálfu

heimaaðila, sem að málinu hafa starfað, og enn fremur hefur verið unnið mikið starf af hálfu Landnáms ríkisins og nokkuð að tilhlutan landbrn. til þess að afla upplýsinga um tiltekna hluti. Þannig hefur farið fram veruleg athugun á með hvaða hætti væri hagkvæmt að nota innlenda orkugjafa við þurrkara í þessum verksmiðjum. Nú síðast liggur fyrir grg. frá Stefáni Erni Stefánssyni verkfræðingi, frá 30. júní 1979, um það efni málsins. Sú grg. er allítarleg og var skilað á s. l. ári til landbrn., en nokkrar af niðurstöðum þeirrar grg. eru prentaðar með þessari þáltill.

Í þeim niðurstöðum kemur fram að hagkvæmara muni vera að nota jarðvarma í Saltvík en í Hólminum. Þó ekki sé dómur lagður á, hvort hagkvæmara sé að nota jarðvarma en aðra orkugjafa í Hólminum út af fyrir sig, sýnast aðstæður betri fyrir jarðvarma í Saltvík. Hins vegar eru aðstæður hagstæðari fyrir raforku í Hólminum en í Saltvík. Enn er það svo, að það er ekki fyllilega leyst tæknilega á hvern hátt þurrkari væri byggður fyrir raforku, en talið er af tæknimönnum að það megi leysa án þess að fyrirsjáanlegir séu miklir örðugleikar.

Enn fremur hafa farið fram verulegar athuganir á tæknilegri hlið þeirra mála að nota jarðvarma í stað svartolíu við hitun þurrkarans, og er talið að tæknileg hlið þess máls sé a. m. k. að mestu leyti leyst. Þó þarf enn að gera athuganir á þeim þætti málsins og er að því vikið í sjálfri tillgr. Þó er sagt í tillgr. að þær athuganir megi ekki verða til þess að draga málið enn á langinn. Og þó að það kunni að koma nokkuð spánskt fyrir sjónir er þurrkarinn ekki nema einn hluti þeirrar vélasamstæðu sem þarna er um að ræða, og það er fyrst og fremst þurrkarinn sem þyrfti að skipta um eða breyta ef skipt væri um orkugjafa við það að knýja verksmiðjuna þegar hún tæki til starfa. Þess vegna er ekki mjög mikill aukakostnaður því fylgjandi að taka verksmiðju í notkun í fyrstu lotu með t. a. m. svartolíu og breyta síðan yfir í aðra orkugjafa, jarðvarma eða raforku, þegar menn hefðu séð fyrir endann á hvernig það yrði haganlegast gert.

Af hálfu fyrrv. landbrh., Halldórs E. Sigurðssonar, voru á árinu 1976 skipaðar nefndir heimamanna á báðum stöðum til þess að fjalla um undirbúning að byggingu þessara verksmiðja. Þessar nefndir unnu verulegt starf. Er ég að sjálfsögðu kunnugri því starfi sem unnið var varðandi verksmiðjuna í Vallhólmi þar sem ég var einn nm. Sú nefnd heimamanna, sem um þá verksmiðju fjallaði, skrifaði t. a. m. öllum samvinnufélögum, búnaðarsamböndum og hreppabúnaðarfélögum í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum um þetta mál og spurðist fyrir um hvort þau vildu eiga aðild að uppbyggingu og rekstri verksmiðjunnar og þá í hvaða formi. Þessar fsp. voru sendar þeim aðilum sem mestar líkur voru taldar til af heimaaðilum að hefðu fjármagn aflögu til að leggja í uppbyggingu og rekstur verksmiðjanna.

Það hefur jafnan verið svo, að verulegur áhugi hefur verið fyrir því heima fyrir, að heimamenn ættu verksmiðjurnar að hluta, að myndað yrði hlutafélag um uppbyggingu þeirra og rekstur. Á þessu stigi var það samt svo, að þau svör, sem nefndinni, er fjallaði um verksmiðjuna í Vallhólmi, bárust, voru öll á þann veg að aðilar lýstu fyllsta stuðningi og áhuga á byggingu verksmiðjunnar, en vildu ekki skuldbinda sig með beinni aðild að byggingu eða rekstri hennar að svo komnu máli. Ég tel að verulegar líkur séu fyrir því, að áhugi á aðild heimamanna hafi vaxið og það svo verulega að mikil ástæða sé til að taka þessa athugun málsins upp að nýju og leita eftir því, hvort um fjármagn yrði ekki að ræða heima fyrir og þá í því skyni að verksmiðjurnar geti að hluta til orðið eign heimamanna, eign hlutafélags sem ætti þær og ræki.

Varðandi þetta mál hefur borist fjöldi fundasamþykkta og ályktana og ekki ástæða til þess að rekja þær ályktanir mjög. Sumpart er nokkuð til þeirra ályktana vitnað í grg. till. og er ekki mikil ástæða til að ítreka það. En nýlega hafa borist m. a. ályktanir frá Búnaðarsambandi Skagafjarðar og kjörmannafundi í Skagafirði og er rétt að lesa þær ályktanir, þær eru stuttar. Í ályktun frá kjörmannafundi Stéttarsambands bænda fyrir Skagafjarðarsýslu 11. júlí s. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjörmannafundur Stéttarsambands bænda fyrir Skagafjarðarsýslu, haldinn að Varmahlíðarskóla 11. júlí 1979, skorar á alþm. kjördæmisins og ríkisstj. að beita sér fyrir því, að framkvæmdir við fyrirhugaða grasköglaverksmiðju í Vallhólmi hefjist hið allra fyrsta og eigi síðar en vorið 1980."

Á aðalfundi Búnaðarsambands Skagfirðinga 1979 var m. a. gerð eftirfarandi samþykkt, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Búnaðarsambands Skagfirðinga haldinn að Varmahlíðarskóla 25. júlí 1979 ítelur harðlega að ekki skuli enn hafa fengist fjármagn til byggingar fyrirhugaðrar grasköglaverksmiðju í Vallhólmi. Fundurinn beinir því enn þeirri eindregnu áskorun til landbrh. að hlutast til um eftirfarandi nú þegar:

1. Að skipuð verði sérstök stjórn yfir þessa væntanlegu verksmiðju.
2. Útvegað verði fjármagn til þess að hefja ræktun á landi verksmiðjunnar.
3. Hraðað verði rannsókn á því, hvaða orkugjafa muni hagkvæmast að nota við grasköglaframleiðsluna."

Bréfið með þessari ályktun er dags. á Sauðárkróki 26. júlí 1979, undirritað af Agli Bjarnasyni.

Margir fleiri aðilar norðanlands hafa ályktað um þetta efni og lýst miklum áhuga sínum á, að þessu máli verði komið áfram, og jafnframt lýst mikilli óánægju sinni með þann drátt sem orðið hefur á uppbyggingu þessara verksmiðja.

Það er rétt að það komi fram, að eftir að bygging Flateyjarverksmiðjunnar hófst og eftir að fyrrv. ráðh., Halldór E. Sigurðsson, breytti þeirri röð, sem upphaflega voru gerðar tillögur um, hafa t. a. m. fjárveitingar, þó litlar hafi verið, fylgst að til verksmiðjanna beggja. Það hefur einnig verið svo, að á báðum stöðum hefur málið verið á því stigi, eftir að það komst á nokkurn rekspöl, að ástæða hefur þótt til að láta verksmiðjurnar nokkuð fylgjast að og ekki þótt vera grundvöllur til þess að skilja þar svo mjög í sundur. Þess vegna er gert ráð fyrir því í þessari till., að uppbygging þeirra á lokastigi fylgist nokkuð að og þeim verði lokið á þann hátt að þær geti tekið til starfa á árunum 1981 og 1982.

Miðað við þær framkvæmdir, sem þegar hafa verið unnar á báðum stöðum og ég hef hér í stórum dráttum dregið fram, er reiknað með af hálfu landnámsstjóra að unnt sé að koma verksmiðjunum í rekstur miðað við núverandi verðlag fyrir um 400—500 millj. kr. á hvorum stað. Það skal tekið fram, að sú áætlun er mjög lausleg, mjög gróf, og vafalaust að meira fjármagn þarf til þess að verksmiðjurnar verði fullbúnar og þeim komið í endan-

legt horf. Það er rétt að hafa í huga þegar fjallað er um þetta mál.

Til þess að unnt væri að taka verksmiðju í notkun árið 1981 væri nauðsynlegt að vinna land og sá í verulegan hluta af því næsta sumar, einnig að skipuleggja verksmiðjulandið og verksmiðjusvæðið allt, panta vélar og hefja byggingu verksmiðjuhúss næsta haust. Vorið 1981 yrði þá lokið við byggingu hússins, vélar settar niður, keypt tæki, lokið vegagerð og ýmsum lögnum, svo sem fyrir vatn, rafmagn o. s. frv., og mætti þetta þá allt verða til þess að unnt væri að taka verksmiðjuna í notkun á því ári. Þetta er þó stíf áætlun og ekki framkvæmanlegt að gera það hraðar en hér er um rætt. Eðlilegt væri að önnur verksmiðjan tæki til starfa á árinu 1981 og hin á árinu 1982, þannig að þetta mál væri nokkru léttara en ef báðar ættu að taka til starfa á sama ári.

Ég skal ekki fara út í það að greina á milli með stífum orðum hvor ætti að vera fyrr á ferðinni sem nemur einu ári, en aðeins minna á allan aðdraganda málsins, sem ég var mjög viðriðinn og var á þá lund í upphafi að verksmiðjan í Vallhólmi í Skagafirði ætti að vera nr. 1.

Í tillgr. er gert ráð fyrir að fjármögnun þessa máls verði með þrenns konar móti: Í fyrsta lagi með framlögum úr heimahéraði eftir því sem unnt reynist eða aðstæður leyfa. Í öðru lagi með framlögum á fjárlögum. Og í þriðja lagi með lánsfé. Á þessari stundu er ekki hægt að segja um það með neinni vissu, hversu mikill þáttur heimamanna gæti verið í fjármögnun verksmiðjanna. Þó er nauðsynlegt að reyna og fá úr skorið hvort sá vilji, sem ég og fleiri þykjast hafa orðið varir við af hálfu heimamanna í þessu skyni, verður í raun fyrir hendi þegar til kasta kemur að leggja fram fé. Minna má á að fyrrv. þm. í Norðurl. v., séra Gunnar Gíslason, ritaði grein um þetta efni í eitt dagblaðanna fyrir nokkrum árum, og mér er kunnugt um að áhugi þess mæta manns hefur ekki minnkað fyrir þessum þætti málsins síðan, nema síður sé.

Það verður ekki hjá því komist, ef sú áætlun á að standast, sem tillgr. gerir ráð fyrir, að taka verksmiðju til nota á árinu 1981, að við afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár verði veitt verulegt fjármagn í því skyni. Í sambandi við það mál getur fjárlagatalan verið nokkuð rúm. Þar verður því ekki um neinar endanlegar fjárveitingar að ræða, vegna þess að enn er nauðsynlegt, eins og ég hef getið um, að athuga hlut heimamanna og svo ekki síður hitt, að að einhverju leyti má, einkum á lokastigi, notast við lánsfé sem hlýtur að verða með í þessu máli.

Hér er ekki ástæða til að fara að rekja þá sjóði sem mundu lána til uppbyggingar þessara verksmiðja, en lánsfé hefur verið veitt af ýmsum lánastofnunum, t. a. m. með uppbyggingu grasköglaverksmiðjunnar í Flatey í Mýrahreppi, svo að það eru ekki líkur til annars en að a. m. k. sama mundi gilda um þær verksmiðjur sem hér eru gerðar tillögur um.

Það, sem að framan er rakið og er gróf yfirferð yfir þá sögu sem liggur að baki þeirri stöðu sem við stöndum í varðandi þetta mál, sýnir ljóslega að hægt er að koma verksmiðjunum upp eins og till. gerir ráð fyrir ef fjármagn skortir ekki. Norðlendingar eru orðnir langþreyttir á þessu máli. Þeir eru orðnir langþreyttir á því að horfa á þau lönd, sem tekin hafa verið frá til þessara nota, sundurflakandi í hjarta byggðarlaga sinna. Þetta er enn sárara í árferði eins og gengið hefur á síðasta ári, þegar hvarvetna blasir við grasleysi og knappt er um heyfóður. Lengur verður tæpast unað því aðgerðaleysi sem verið hefur, enda komið fram yfir allar áætlanir um tímasetningar í þessu máli, eins og að framan er rakið.

Hér er enn fremur um þau þjóðhagslegu markmið að ræða að efla fóðuriðnað í landinu sjálfu, gera okkur óháðari innflutningi á fóðurvörum og draga úr gjaldeyriseyðslu til fóðurkaupa. Framleiðsla beggja verksmiðjanna verður væntanlega um 6000 tonn á ári, ef þær eru byggðar í þeirri stærð sem áætlanir liggja fyrir um, og er þar um að ræða aðeins lítinn hluta af því kjarnfóðri sem við flytjum inn árlega. Síðustu árin hefur innflutt fóður verið þetta frá 60—70 þús. tonn á ári, og er hér því aðeins um að ræða skref í áttina til þess að draga úr innflutningi sem hægt væri að minnka a. m. k. um helming eða meira með framleiðslu grasköggla í landinu sjálfu.

Vert er að vekja athygli á að á síðasta ári voru í fyrsta skipti fluttir inn grasköglar. Heyrst hafa vaxandi kröfur um frekari innflutning þeirra vegna þess að framleiðsla innanlands s. l. sumar seldist mjög fljótt upp og eru þeir nú að heita má ófáanlegir í landinu. Allt sýnir þetta ljóslega hve nú er nauðsynlegt að taka á í þessu máli, enda væntum við flm. þess að málið fái góðan byr á hv. Alþingi.

Harðindin, sem gengið hafa yfir landið s. l. ár, einkum norðanvert, knýja á um að leitað sé leiða til að bæta úr þeim vandamálum sem harðindum fylgja. Fáar leiðir sýnast augljósar, en þeim mun meiri ástæða er til að fara þær leiðir sem við blasa til úrbóta. Þær leiðir, sem blasa við til þess að bægja frá okkur fóðurskortinum og til þess að bæta úr því ástandi sem fylgir harðindum á borð við þau sem yfir landið gengu á s. l. ári, eru ekki síst að efla innlenda fóðurframleiðslu, að fjölga þeim fyrirtækjum sem framleiða grasköggla, að gera nú lokaátak til þess að hrinda fram því máli sem tillögur voru gerðar um fyrir nærri einum áratug.

Ég vænti þess, að hv. Alþ. taki jákvætt á þessu máli og ekki einasta að sú till., sem hér er flutt, fái góðar undirtektir og verði samþ., heldur enn fremur að hv. Alþ. sjái sér fært að veita fjármagn til þessara mála til þess að það komist fram í raun sem við stefnum að með flutningi till. okkar.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. atvmn. og síðari umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta mál. Hér er hreyft þörfu og nauðsynlegu máli. Reyndar hefur því verið hreyft fyrr, því að flm. eru ekki að koma auga á þetta nú fyrst. Alþ. hefur vitað lengi af þessum verksmiðjubyggingum, eins og glögglega kemur fram í fskj., og ákvörðun er löngu tekin um að verksmiðjurnar skuli reistar.

Í ítarlegri ræðu frummælanda var rakin forsaga málsins. Það er raunaleg saga. Það er nauðsynlegt að koma hreyfingu á þetta mál. Ég er hins vegar ekki viss um að aðferð hv. flm. sé hin heppilegasta. Ég hefði talið að það hefði verið fullt svo heppilegt að standa öðruvísi að þessu máli. Í fyrsta lagi: Ef leið þáltill.-flutnings á þessu stigi hefði verið farin til þess að vekja athygli á málinu, og það var kannske að sumu leyti brotaminnsta, vafningaminnsta og fyrirhafnarminnsta aðferðin fyrir þm., hefði verið ekki óviðeigandi að gefa öðrum þm. á Norðurlandi tækifæri til að standa að málinu sem meðflm. En eðlilegast hefði ég þó talið að upphafið hefði orðið að reyna fremur að mynda um það breiðari hreyf-

ingu heima fyrir og koma málinu af stað að nýju þar. Það hefði verið smekklegt að hafa samband við heimamenn, m. a. með tilliti til þess að þeir hafa látið frá sér fara fjöldamargar ályktanir. Ég tók nú ekki eftir einni, sem ég veit um að gerð hefur verið, í ræðu frummælanda. Það er ályktun frá Iðnþróunarfélagi Skagafjarðar, en það mun láta þetta mál til sín taka. Með tilliti til þess að vinna málinu fé í heimahéruðum hefði ég talið það líklegri aðferð til að afla með sæmilega skjótum hætti fjárframlaga einstaklinga og heimaaðila að reyna að stuðla að því, að þeir hefðu um málið nokkurt frumkvæði.

Ég hygg, að öllum sé ljós nauðsyn þessa máls, og ég efa ekki, að hv. 1. flm beitir áhrifum sínum — og reyndar 2. flm. líka — í hv. fjvn málinu til framdráttar.

Hv. frsm. marg trekaði í ræðu sinni að verksmiðjan í Flatey í Skaftafellssýslu hefði orðið til þess að tefja fyrir byggingu verksmiðjanna fyrir norðan. Verst að hv. þm. Egill Jónsson skuli ekki hafa haft tækifæri til að vera hér á fundinum og taka þátt í umr. úr því að byggingu og rekstur Flateyjarverksmiðju bar á góma. — Ég hygg að við getum allir verið sammála um að það hefði komið sér vel í árferði eins og þessu ef þessar verksmiðjur hefðu verið komnar þarna fyrir norðan.

Ég vil bæta því við, að þrátt fyrir almennt mjög slæma grassprettu s. l. sumar á Norðurlandi var reyndin sú, að á því svæði, þar sem Skagafjarðarverksmiðjan á að rísa, þ. e. í Hólminum í Skagafirði, var ástandið tiltölulega gott. Staðsetning verksmiðjunnar virðist því rétt og heppileg.

Varðandi fjármögnun til þessara verksmiðja, sem getið er um í tillgr. eða röðinni, tel ég að það hefði mátt raða öðruvísi fjárframlögunum. Ég hefði viljað nefna nr. 1 framlög á fjárlögum og nr. 2 framlög úr heimahéruðum eftir því sem ástæður leyfa. En allt um það held ég að við ættum að snúa okkur að því að knýja á um byggingu þessara verksmiðja.

Ég vil á þessu stigi ekki frekar en 1. flm. fara ítarlega út í að greina hvor verksmiðjan ætti að rísa á undan. Það sýnist sjálfsagt sitt hvorum. En það er pláss fyrir þessar verksmiðjur báðar, það er þörf fyrir þessar verksmiðjur báðar og við skulum flýta okkur að reisa þær báðar.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Norðurl. v., taldi að standa hefði átt öðruvísi að þessu máli en með flutningi þessarar þáltill. og að mynda hefði átt breiðari fylkingu heima fyrir um framgang málsins, eins og hann komst að orði. Þær ályktanir, sem borist hafa, og áskoranir frá heimamönnum miða einmitt að því að málið verði tekið upp á Alþ., eins og nú er gert, og mér er kunnugt um að það er breið fylking heima fyrir, a. m. k. veit ég vel um það í Skagafirði. Ég hef verið á þó nokkrum fundum meðal bænda, t. d. í Slátursamlagi Skagfirðinga, þar sem mál þessi hafa verið rædd og um þau gerðar ályktanir, og mér er fullkunnugt um að séra Gunnar Gíslason, sem hefur beitt sér mjgg í þessu máli og ritað um það, hefur einmitt hugsað sér að hafa um það forustu með mörgum mætum mönnum öðrum í Skagafirði og hafði raunar ákveðið að boða til almenns fundar í októbermánuði s. l., um það leyti sem ósköpin öll dundu yfir, en það var ekki talið heppilegt að blanda þessu máli beint inn í slagsmál um kosningar og þess vegna varð ekki af því.

En það skýtur nokkuð skökku við að segja annars vegar, að breiðfylkingu eigi að mynda heima fyrir, en síðan að halda því fram að það hefði þurft að leggja megináherslu á framlög á fjárlögum, en síðan nr. tvö, eins og ræðumaður komst að orði, hefðu komið framlög heimamanna eftir því sem þeir hefðu óskað. Auðvitað er skemmtilegra að standa þannig að málinu að það séu heimamenn sem hafi forgönguna, um það skulum við reyna að vera sammála. En þá er líka eðlilegt að fyrsti liður till. verði frumkvæði heimamanna og þau fjárframlög sem þeir hyggjast leggja fram. Og einmitt sá forgöngumaður að þessu máli, sem ég var að nefna, kom með tillögu um, að bændur t. d. í þessum héruðum legðu fram eitt kýrverð og greiddu það t. d. á 1—2 árum, og hefur einmitt hugsað sér að halda sér við þá tillögu. Ef það væri gert og síðan kæmu fyrirtæki heima fyrir til skjalanna væri hægt að safna mjög miklu fé. Þetta fyrirtæki á að sjálfsögðu að vera í eigu heimamanna og því stjórnað af þeim og þess vegna er það eðlilegur framgangsmáti að um fyrirtækið, og þau bæði væntanlega, verði stofnuð almenningshlutafélög í eigu heimamanna, og till. er einmitt flutt að ósk þessara manna.

Umr. frestað.

Kaup og sala á fasteignum, þáltill. (þskj. 35). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Sú þáltill., sem hér er flutt, miðar að því að fela ríkisstj. að láta þegar í stað fara fram endurskoðun á lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938, og öðrum þar að lútandi lögum og reglum sem um fasteignaviðskipti gilda og gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupanda og seljanda í fasteignaviðskiptum.

Við slíka endurskoðun skal kveða nánar á en nú er um þá viðskiptahætti sem í fasteignasölu gilda, svo sem skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna, ábyrgð þá, sem hvílir á sölu- og kaupaðilum í slíkum viðskiptum, svo og um fasteignaviðskipti á byggingarstigi.

Um það er því sérstaklega að ræða, eins og fram kemur í þáltill., að endurskoðun fari fram á þeim lögum sem nú gilda um fasteignasölu, en þau eru frá 11. júní 1938 og hafa litlum breytingum tekið síðan.

Eins og nú er tryggir núv. löggjöf mjög óljóst réttarstöðu kaupenda og seljenda og mjög eru einnig óljósar skyldur fasteignasalans í slíkum viðskiptum. En í fasteignaviðskiptum hefur reynslan sýnt að oft koma upp ýmis ágreiningsatriði sem löggjafinn hefur ekki séð fyrir eða talið ástæðu til að tryggja, en geta skipt sköpum um fjárhag og réttarstöðu margra í eignaskiptum og íbúðarkaupum og reynslan hefur ótvírætt sýnt að nauðsynlegt er að tryggja betur í löggjöf. Endurskoðun hlýtur því að vera nauðsynleg á gildandi lögum með tilliti til þess, hvað fasteignaviðskipti eru orðin snar þáttur í þjóðlífinu og hvað íbúðareigendum hefur farið fjölgandi á undanförnum árum, auk þess sem í ljósi reynslunnar hefur ýmislegt komið fram sem ástæða er til að tryggja nánar í slíkum lögum.

Í þáltill. sjálfri eru tilgreind nokkur atriði sem að mati flm. er nauðsynlegt að tryggja nánar í lögum. Þau atriði, sem þar eru tilgreind, eru ekki tæmandi, en aðeins hreyft nokkrum sem að gagni gætu komið við slíka endurskoðun, — ábendingar sem eiga að tryggja betur en nú er

réttarstöðu kaupenda og seljenda í slíkum viðskiptum.

Með endurskoðun laga um fasteignasölu, þar sem m. a. væri tryggð betur en nú er réttarstaða kaupenda og seljenda og færð í lagabúning m. a. þau atriði sem tiltekin eru í þáltill., mætti koma á bættum viðskiptaháttum í fasteignasölu, sem reynslan hefur sýnt að full ástæða er til að tryggja með lagasetningu til að fyrirbyggja óþarfa ágreining og koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón sem af slíkum viðskiptum getur skapast. Það segir sig sjálft, að um er að ræða gífurlegar fjárhæðir í slíkum viðskiptum og oftast aleigu fólks, þannig að mikilvægi fullkominnar og mjög nákvæmrar lagasetningar um slík viðskipti hlýtur að vera ótvírætt, enda hagsmunir margra í húfi að vel sé frá slíkum viðskiptum gengið.

Ekki er að efa að margir fasteignasalar gera sér ljósar skyldur sínar og ábyrgð í slíkum viðskiptum og margir hverjir uppfylla nú þau almennu ákvæði sem hér er lagt til höfð verði hliðsjón af við endurskoðun á lögum um fasteignasölu og öðrum þar að lútandi lögum og reglum sem um fasteignaviðskipti gilda. Engu að síður er það almenn skoðun, að í ljósi fenginnar reynslu beri að herða og gera nákvæmari alla lagasetningu í þessu efni, þannig að öllum, sem í fasteignaviðskiptum eiga, séu ljósir viðskiptahættir og sú ábyrgð sem á þeim hvílir. Nákvæm lagasetning tryggir að undan slíku sé ekki hægt að víkja.

Þó nokkur þeirra atriða, sem bent er á í þáltill., skýri sig sjálf og óþarfi sé að geta þeirra nánar í framsögu, enda sum þeirra einkum nánari útfærsla á þeim reglum sem í gildi eru, koma þó fram í þáltill. nýmæli sem ekki eru í gildandi lögum og vert er að benda sérstaklega á.

Í fyrsta lið er drepið á að fasteignasölum skuli gert skylt að láta liggja frammi nákvæma lýsingu á fasteigninni og ástandi hennar, göllum, ef einhverjir eru, og kvöðum sem eigninni fylgja. Í því skyni er þeim skylt að skrá á stöðluð úttektareyðublöð ástand og lýsingu á fasteigninni, og skulu fasteignasali og seljandi rita nöfn sín á úttektarblöðin til staðfestingar því að lýsingin á eigninni sé í fyllsta samræmi við ástand hennar. Slík trygging hefur sýnt sig að geta í mörgum tilfellum verið mjög nauðsynleg, enda hefur oft komið upp ágreiningur í þessu efni í fasteignaviðskiptum sem hægt væri að fyrirbyggja ef slík kvöð fylgdi.

Í öðrum lið er kveðið á um að fasteignasali skuli láta liggja frammi veðbókarvottorð strax og hann fái eignina í sölu, þannig að kaupandi geti kynnt sér það áður en hann gerir bindandi kauptilboð í eignina, en slík veðbókarvottorð liggja að öllu jöfnu ekki frammi fyrr en gengið er frá endanlegum kaupsamningi, — einnig að á ábyrgð fasteignasalans sé að fyrir liggi samþykki þinglýsts eiganda eignarinnar sé seljandi ekki þinglýstur eigandi hennar.

Í þriðja lið er kveðið á um þá ábyrgð fasteignasalans að við gerð kaupsamnings séu tilgreind nákvæmlega öll atriði sem nauðsynleg eru til þess að réttur kaupenda og seljenda sé nægilega tryggður. Mætti hugsa sér að staðlaðan kaupsamning væri skylt að nota í slíkum viðskiptum.

Í liðum 2 og 3 kynni einhver að segja að væri um sjálfsögð atriði að ræða, en engu að síður, hversu sjálfsögð sem þau eru, hefur reynslan sýnt að nauðsynlegt er að tryggja þau betur í lögum til að fyrirbyggja ýmislegan ágreining og fjárhagslegt tjón.

Í fjórða lið eru tilgreindar reglur um auglýsingu fasteigna varðandi nettó- og brúttóstærð eignarinnar, en allur gangur virðist vera á því í fasteignasölu og oft handahófskennt hvaða stærðir eru upp gefnar á eigninni.

Nýlegt dæmi um fasteignaviðskipti á byggingarstigi, þar sem byggingaraðili stóð ekki við gerðan samning við kaupendur, sýnir ljóslega að nauðsynlegt er að tryggja betur en nú er fasteignaviðskipti á byggingarstigi.

Í fimmta lið segir:

„Ef um er að ræða fasteignaviðskipti, sem gerð eru á byggingarstigi eignar, skal kveða nákvæmlega á í kaupsamningi um réttarstöðu kaupanda, ef byggingaraðili stendur ekki við gerðan samning, og þess gætt í hvívetna að réttarstaða kaupanda gagnvart byggingaraðila sé tryggð. — Þau atriði, sem sett eru sem frávik í slíkan samning vegna afhendingardags eignarinnar, skulu tilgreind og byggingaraðila gert að sæta sektum ef dráttur verður á afhendingu innan þess ramma sem kaupsamningur segir til um.

Auk þess skal kveða á um rétt kaupanda til að fá afsal á eigninni þá þegar, ef sannanlegt er að fjárhagsstaða byggingaraðilans sé með þeim hætti að hann hafi ekki staðið við eða sýnt er að hann standi ekki við gerðan samning og kaupandi hins vegar staðið við sinn hluta samnings, þannig að greiðslur hans standi undir verðmæti eignarinnar á því byggingarstigi sem það var eða væri í við slíkar aðstæður."

Í sjötta lið segir að sölulaun skuli miðast við fasteignamatsverð eignarinnar og hlutföll þeirra ákveðin af því eða við aðrar sambærilegar fastar viðmiðunarreglur sem ekki hafa áhrif á verðmyndun fasteignarinnar. Nauðsynlegt er að sölulaun taki mið af fasteignamatsverði eða öðru sambærilegu til að fyrirbyggja að þáttur sölulauna geti verkað sem hvati í hærra verðlag fasteignasalans á eignum, þar sem þau miðast nú við söluverð eignarinnar.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þáltill. og óska eftir að henni verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild. 30. fundur.

Miðvikudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Niðurgreiðsla á olíu til upphitunar húsa, frv. (þskj. 112). — Frh. 1. umr.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um efni þessa frv., þ. e. þann óviðunandi mun sem er fyrir hendi varðandi kyndingarkostnað húsa eftir því hvar þau eru á landinu. Um þetta mál hefur mikið verið rætt og ritað og flestir eða allir sammála um að hér þurfi að koma til aðgerðir til frekari jöfnunar en nú á sér stað.

Fram að þessu hafa einungis þm. úr kjördæmum úti á landsbyggðinni rætt þetta frv. og að sjálfsögðu lýst sig samþykka þeirri stefnu að létta byrðar þess fólks sem á ekki kost á annarri húsahitun en olíukyndingu eða rafmagni frá dísilvélum. Ég get fyllilega tekið undir þær hugmyndir sem uppi eru um að komið verði frekar en nú er gert til móts við það fólk úti á landsbyggðinni sem hefur hlotið sérstök fjárhagsleg áföll vegna olíu-

verðshækkana umfram aðra landsmenn og þá helst umfram þá sem búa hér á höfuðborgarsvæðinu. Fólk úti á landsbyggðinni býr við margs konar kostnað umfram okkur sem búum hér í mesta þéttbýlinu, t. d. varðandi flutningskostnað, og greiðir jafnvel söluskatt af þeim flutningskostnaði. Vissulega er ekki á þann ójöfnuð bætandi með því að láta þetta fólk bera án frekari jöfnunar þann mismun í kyndingarkostnaði sem stafar af áfalli sem öll þjóðin á að bera sem mest sameiginlega. Málið er því augljóst að þessu leyti, og sem betur fer flestir sammála í því efni, að hér þarf að tryggja aukna jöfnun.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til að styrkur vegna olíukyndingar, sem nemur 2.3 milljörðum í fjárlagafrv., verði hækkaður um 6 milljarða á þessu ári eða í 8.3 milljarða kr., eftir því sem fram kemur í fskj. VI með frv. Það er að vísu nokkurt misræmi í því fskj. og í almennu grg. með frv., en í henni segir að heildarkostnaður muni nema 7—8 milljörðum. Er hér miðað við óbreytt olíuverð og óbreytta gjaldskrá frá því sem nú er.

Þetta er allt gott og blessað og ýmsir gætu án efa hugsað sér meiri jöfnun. Slíka jöfnun má framkvæma með ýmsum hætti: sérstökum skatti, orkujöfnunargjaldi sem tæki þá e. t. v. til jöfnunar rafmagnsverðs til heimilisnota á ríkara mæli en nú á sér stað, jafnvel með beinu framlagi úr ríkissjóði og þá aukinni almennri skattheimtu ef ekki er unnt að benda á ákveðinn og tiltekinn niðurskurð annarra útgjalda.

Þá kem ég að aðalorsökinni til þess, að ég taldi ástæðu til að segja hér nokkur orð. Ég tek það fram, að ég tel aukna jöfnun svo sjálfsagt mál að óþarft sé að þm. haldi hér langar ræður hver á eftir öðrum um þann efnisþáttinn út af fyrir sig. En mig undrar á að í því frv., sem hér er til umræðu og fjallar um aukningu ríkisútgjalda um hvorki meira né minna en 6 milljarða á ári, miðað við núgildandi olíuverð og gjaldskrár, skuli hvergi, í frv. eða í grg. þess, minnst einu orði á tekjuöflun til að standa undir þessum kostnaði. Mig undrar þetta enn meir vegna þess að að þessu frv. standa meðal annarra fyrrv. fjmrh. og núverandi formaður fjvn. Flokkar þessara hv. þm., eða a. m. k. annars þeirra, hafa í stefnuskrá og stjórnarmyndunarviðræðum boðað stórfellda lækkun ríkisútgjalda, stórfellda lækkun skatta. (Gripið fram í.) Já, ég sagði það, a. m. k. annar þeirra. En hér leggja þeir til að ríkisútgjöld verði aukin um 6 milljarða kr. á ári án þess að minnst sé í frv. eða grg. þess einu orði á það, hvernig á að fara að því að greiða þessa viðbótarupphæð. Það væri þægilegt ef unnt væri að leysa erfið mál með svo auðveldum hætti, ákveða fjárveitingu með lögum, en láta fjáröflunina lönd og leið. Þessi aðferð er líka síst af öllu í samræmi við þá ágætu stefnu, sem sumir hafa boðað af kappi í ræðu og blöðum, að ákveða beri tekjuhlið fjárlaga fyrst og raða svo og velja útgjöld inn í tekjurammann. En hér er lagt til að fara þveröfugt að, hækka útgjöldin með lögum um 6 milljarða, en sleppa tekjuöfluninni. Ég er ekki að halda því fram, að í hvert sinn sem þm. flytja till. um málefni sem hafa í för með sér útgjöld, t. d. við afgreiðslu fjárlaga, verði skilyrðislaust að hafa sérstaka tekjuöflun á reiðum höndum. Oft er um tiltölulega litlar upphæðir að ræða, — upphæðir sem raska ekki aðalniðurstöðu og aðalgrundvelli fjárlaga, hafa lítil áhrif á áætlaðan rekstrarjöfnuð. Með þessu frv. er hins vegar verið að fjalla um 6 milljarða kr. á ári, og ég ítreka það, að ég undrast að fyrrv. fjmrh. og formaður fjvn. skuli flytja slíkt frv. án þess að í greinum þess eða grg. sé minnst einu orði á þá hlið málsins sem að tekjuöfluninni snýr.

Fyrsti flm. og frsm. fyrir frv., hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, fór nokkrum orðum um þessa hlið málsins í framsöguræðu sinni og hafði lausnina á reiðum höndum, þótt ekki hafi verið talin ástæða til að nefna hana í frv. eða grg. þess. Það á að gerast án skattahækkana með flötum niðurskurði á öðrum málaflokkum en orkumálum. Þetta er aðaltillaga hans. Þá er á það að líta, að hér er um að ræða 6 milljarða kr. og stór átök í niðurskurði á fjárlögum hafa viljað renna út í sandinn í slíkri viðleitni hjá öllum flokkum þótt um margfalt lægri upphæðir hafi verið að ræða, svo að lítið er á svona ákvörðunum úr ræðustóli byggjandi, jafnvel þótt um drjúgum lægri upphæð væri að ræða.

Hv. þm. sagði síðan orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess vegna hef ég í huga niðurskurð sem svarar viðbótarútgjöldum ríkissjóðs vegna þessa frv., en það mundi nema um 1% af upphæð fjárlaga.“

Nú er ekki alveg ljóst hvað hv. þm. á við þegar hann talar hér um fjárlög. Hann gæti átt við það fjárlagafrv. sem liggur fyrir þinginu. Ef svo er fer hann með gróflega rangt mál því að niðurskurður þyrfti samkv. því að nema 1.9%, jafvel þótt orkumálin, sem hann vill undanskilja, séu reiknuð með. Hér skakkar því 90%. Og 1.9% flatur niðurskurður mundi þá samkv. till. þm. þýða t. d. um 650—660 millj. kr. niðurskurð samanlagt á ellilífeyri, tekjutryggingu, uppbótargreiðslum, heimilsuppbót, örorkulífeyri og örorkustyrk, barnalífeyri, mæðralaunum og ekkju- og makabótum. Hlutur ríkissjóðs í þessum greiðslum nemur um 34 milljörðum kr. á fjárlagafrv. fyrir árið 1980, svo þetta mundi eiga að lækka samkv. till. um niðurskurð um 650—660 millj. kr.

Ef hv. þm. hefur á hinn bóginn ekki sagt skakkt til um 90% þegar hann tilgreinir 1% af upphæð fjárlaga, þá hefur hann ekki átt við fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir, heldur kynni hann þá að vera að fjalla um hugmyndir sínar um væntanleg fjárlög þessa árs, en samkv. því ættu ríkisútgjöld á næsta ári að nema 600 milljörðum kr. í stað 330 á fjárlagafrv. Ef þetta eru upplýsingar um hugmyndir Sjálfstfl. um afgreiðslu fjárlaga, þá eru þær býsna merkilegar, en varla geta þær talist í samræmi við þá stefnu um ríkisfjármál í þeirri leiftursókn sem boðuð var fyrir kosningar. Og hv. 1. þm. Austurl., 2. flm., Tómas Árnason, nefndi í sinni ræðu að 1% söluskattur dygði til greiðslu á þeirri aukningu olíustyrks sem frv. gerir ráð fyrir. Það er líka rangt. Til þess að afla 6 milljarða kr. þyrfti söluskattur að hækka um 1.25 stig, en þarna skakkar þó ekki nema fjórðungi.

Ég tek undir það, að ráðstafanir til að auka jöfnuð varðandi kyndingarkostnað eru sanngirnismál og ég hef talið rétt að um það efni heyrðust raddir fleiri þm. en úr dreifbýliskjördæmunum. Ég fyrir mitt leyti er tilbúinn að standa að slíkum aðgerðum þó að þær þýði aukin útgjöld fólks í mínu kjördæmi þar sem það er blessunarlega undantekning að það njóti olíustyrks.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að vandamálið, sem leysa þurfti fyrst, sé aðferðin við fjáröflunina, ákvörðun um hana. Ákvarðanir í því efni eiga að liggja fyrir þegar útgjöldin, þ. e. greiðslan á olíustyrknum, eru ákveðin. Það er minnsti vandinn að ráðstafa peningunum þegar búið er að afla þeirra, en frv. fjallar ekki um annað.

Það frv., sem hér er til umræðu, fjallar um mikilvægt mál, og ég hygg að flestir eða allir þingmenn séu sammála

um að það þurfi raunhæfa úrlausn. En vegna þess að þetta frv. fjallar einungis um útgjaldahliðina af hálfu ríkissjóðs, en það er auðveldasti þáttur málsins að koma fjármagni í lóg, því hins vegar sleppt að minnast á nauðsynlega tekjuöflun á móti, þá felst því miður engin lausn á vandamálinu í þessu frv. Og ég ítreka það, að ég held að það sé nýmæli að sjá fyrrv. fjmrh. og formann fjvn. flytja frv. sem er svo úr garði gert, en fjallar þó um svo gríðarlega útgjaldaaukningu ríkissjóðs. Ég er þeirrar skoðunar, að sú nefnd, sem fær þetta frv. til meðferðar, eigi að fjalla um undirstöðuþátt þessa máls, fjáröflun til frekari jöfnunar olíukostnaðar vegna húshitunar, en ekki láta nægja að afgreiða frv. í þeirri mynd sem það er hér. Annað væri sýndarmennska. Hér er fjallað um vandamál sem fyrst og fremst verður að leysa með raunhæfri lausn. Ég teldi því eðlilegast að frv. yrði vísað til hv. fjh.- og viðskn., en ekki til iðnn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Í fjarveru 3. flm. þessa frv. vil ég segja hér örfá orð.

Mörg jöfnunar- og jafnréttismál, sem landsbyggðarfólk berst fyrir, eru brýn. Mismunun þjóðfélagsþegna, jafnt í opinberri þjónustu sem annarri, er í raun óþolandi og hlýtur að verða að takast sem ein heild til úrlausnar eða a. m. k. til mikilla úrbóta. Samfélagsskyldan í þeirri lífskjarajöfnun, því hér er um lífskjarajöfnun að ræða fyrst og fremst, er ótvíræð. Að henni ber að snúa okkur öllum jafnt, því að hér er um þjóðhagslega nauðsyn að ræða. Jöfn búseta við sem sambærilegust skilyrði alls staðar er framleiðslulega séð, út frá nýtingu auðlinda okkar, ekki síst sjávarauðs, sjálfsögð og nauðsynleg og mætti margt um það mál segja, enda einstakir þættir þess og málið í heild oft til umræðu hér, oft hafa verið átök gerð, en langt í land enn að marki hafi verið náð sem í nokkru gæti fullnægjandi talist.

Hér mætti nefna mörg dæmi þar sem íbúar landsins búa við misrétti af ýmsu tagi sem afgerandi áhrif hefur á lífskjör þeirra. Hér er þó reifað það mál sem á síðustu árum hefur staðið langt upp úr hjá íbúum köldu svæðanna svokölluðu. Kyndingarkostnaðurinn gnæfir upp úr í misréttinu, svo sem hér hefur verið rækilega rakið í umræðum á mánudaginn var. Ekki þar fyrir að ekki hafi margvíslegt verið aðhafst til að draga hér úr. Þegar í olíukreppunni fyrri, þegar olíuhækkunin mikla varð þá, var reynt að mæta hinum mikla mismun og var gert að mjög verulegu leyti og myndarlega. Olíustyrkurinn þá tók gildi og sjálfstæður gjaldstofn var lagður á til að mæta þeim útgjöldum sem af olíustyrknum leiddi. Alla þá sögu er óþarft að rekja, það hefur ýmist verið gert nú eða oft áður. Þó skal minnt á marga harða baráttu fyrir því, að raungildi þessa olíustyrks héldist á fjárlögum þannig að fólk hefði það sama á ári hverju, en það er einnig of löng saga til að rekja hér.

Það er líka rétt að minna á nokkra þætti og nokkur atriði frá síðasta ári þar sem reynt var af hálfu ríkisstj. að gera hér á bragarbót. Sumt af því komst í framkvæmd. Ég nefni það sem dæmi, að olíustyrkurinn var tvöfaldaður að raungildi haustið 1978 og síðan fylgdi hann hækkun olíuverðs og hækkaði þannig úr 2 600 kr. á mann á ársfjórðungi í 18 200 kr. á síðast ársfjórðungi 1979. Hér var auðvitað um verulega bragarbót að ræða. Það var unnið að samstilltu átaki í orkusparnaðaraðgerðum. Það var m. a. gert með aðstoð og fræðslu um stillingu kynditækja. Bæði var það gert með því, að sendir voru menn út á landsbyggðina til sérstakra athugana á þessu og tilrauna, og síðan komu menn suður til Reykjavíkur á námskeið um stillingu kynditækja, þar sem sveitarfélögin sendu menn til þess að þeir gætu numið nauðsynleg fræði til þess að bæta hér eitthvað úr skák. Af þessu hefur víða orðið verulegur árangur, þar sem þeir menn, sem á þessi námskeið fóru, hafa margir hverjir unnið mjög samviskulega að þessu verki. Þá hefur ýmislegt annað komið í ljós í sambandi við kyndingu yfirleitt og orðið til þess að draga verulega úr kostnaði. Einnig var vakin sérstök athygli á því, að ganga þyrfti betur og vandlegar í það stóra atriði sem snertir einangrun húsnæðis. Það þarf ekki að minna á hröðun orkuframkvæmdanna með 2 300 millj. kr. framlagi s. l. sumar, sem var gert með sérstöku tilliti til að draga úr dísilkeyrslu og styrkja dreifikerfi með tilliti til rafhitunar. Enn skal minnt á þá húshitunaráætlun sem samþykkt var af fyrrv. ríkisstj. í júlí s. l. að tillögu þáv. iðnrh., að útrýmt skuli á næstu fjórum árum 80% af núverandi olíukyndingu með innlendum orkugjöfum, þ. e. jarðvarma, fjarvarmaveitum eða beinni rafhitun. Einnig var gert ráð fyrir að styrki eða hagstæð lán til einangrunar húsnæðis yrði hægt að veita á árinu 1980. Þessi atriði eru nú komin að nokkru inn í það frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem liggur hér fyrir hv. d., en greinilegt er að þar þarf vel að vinna. Síðan var gerð viss athugun á þeim húshitunarleiðum sem helst kæmu til greina fyrir þéttbýlisstaði, hvort þar væri um að ræða jarðvarma, fjarvarmaveitur eða beina rafhitun. Þessi áætlun var unnin á vegum RARIK í samvinnu við Orkustofnun og fleiri. Af því höfðu margir mikið gagn og hafa á prjónunum í framhaldi af því.

Síðast, en ekki síst má nefna það, að nefnd vann á vegum iðnrn. að tillögum um jöfnun hitunarkostnaðar og sendi frá sér álit í okt. 1979 þar sem hvort tveggja er gert: lagðar til grundvallar tillögur um úrbætur í þessum efnum og um leið fjáröflunarleiðir, gerð grein fyrir því, á hvern hátt megi jafna þennan kostnað betur og meira en nú er gert. Þar er fjallað um ýmsar orkusparandi aðgerðir, upplýsingamiðlun um kyndingu húsa og einangrun og sömuleiðis um svipað markmið varðandi upphæð olíustyrks og minnst er á í þessu frv. og ýmsar breytingar á greiðslu olíustyrksins. En einmitt vegna þess, sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, skal þess getið, að einnig var í því nál. séð vel fyrir fjáröflunarþættinum. Nefndin lagði til, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt:

„Nefndin leggur til að núverandi verðjöfnunargjald af raforku og olíu verði fellt niður, en í þess stað verði lagður almennur orkuskattur á alla orkusölu í landinu, þar með talið orkusölu til stóriðju og hitunar húsa. Tekjum af orkuskatti verði varið til verðjöfnunar á raforku, eldsneyti og hitunarkostnaði, til Orkusjóðs vegna framkvæmda í orkumálum og til Orkustofnunar vegna rannsókna á nýtingu innlendra orkugjafa og leiðum til að draga úr olíuinnflutningi."

Síðan er þessi orkuskattur skýrður nokkru nánar, og skal ég ekki fara nánar út í það hér, en hér er um að ræða miklu víðtækari aðgerð. Ég heyrði það á hæstv. fjmrh., þegar hann var að ræða þetta mál hér á dögunum, að hann dró þennan orkuskatt nokkuð í efa og alveg sérstaklega virtist hann viðkvæmur fyrir því að erfitt væri að koma þessu við varðandi stóriðjuna. En n. var sem sagt sammála um að leggja þennan orkuskatt til og hann er fyllilega til athugunar og ætti að vera stjórnvöldum til

leiðbeiningar í því efni, að til þessarar jöfnunar yrði aflað fjár með raunhæfum hætti.

Ég vil hins vegar þakka hv. 1. flm. þessa frv. það frumkvæði sem hann hefur hér tekið varðandi þessa hlið málsins, frekari jöfnun á húskyndingarkostnaðinum, m. a. með stórauknu framlagi og hins vegar með breyttu fyrirkomulagi á greiðslu olíustyrksins þar sem vissulega var og er endurskoðunar þörf.

Í umræðum s. l. mánudag var varpað fram af hálfu hæstv. fjmrh. vissum hugmyndum um aðrar leiðir, bæði jöfnun þessa mikla kostnaðarmismunar og eins í sambandi við fjáröflun. Sjálfsagt er að kanna öll þau mál, þó ég hyggi að sú leið í sambandi við jöfnunina, sem í þessu frv.-formi er reifuð, sé að mörgu leyti heppileg, þó að ég telji rétt að hafa þar einnig meir til skoðunar þær niðurstöður sem sú nefnd, sem ég vitnaði í áðan, lagði til í sínu nál. Það hljóta nefndir þingsins hins vegar að taka til rækilegrar athugunar.

Eins og komið var inn á áðan hlýtur fjármögnunin sem fyrr að vera höfuðvandinn og það þarf ekki að minna öllu rækilegar á það en gert var hér áðan. Það hefur í engu reynst auðvelt oft á tíðum að halda eðlilegri upphæð í fjárlögum og það m. a. s. þrátt fyrir markaðan tekjustofn í upphafi sem átti að duga. Og auðvitað er það staðreynd, að í frv. því til fjárlaga, sem nú liggur fyrir og enginn veit hver örlög fær, vantar auðvitað mikið á að fullnægja þeim ákvæðum sem hér er farið fram á að verði sett til jöfnunar. Að því þarf hins vegar að vinna sem ötullegast með öllum tiltækum ráðum því ástandið beinlínis krefst þess. Hitt er svo aðalatriðið, og á það vil ég auðvitað leggja aðaláherslu eins og flestir þeir, sem um þessi mál fjalla, gera, að þegar til lengri tíma er litið er það vitanlega það sem skiptir máli, að við vinnum markvisst og skipulega að útrýmingu húshitunar með erlendum orkugjöfum, nýtum innlenda í staðinn, þá sem hagstæðastir og tiltækastir eru hverju sinni við þær aðstæður sem á hverjum stað eru. Að því var unnið — og ber vissulega að taka það skýrt fram — að því var unnið af miklum röskleik þegar síðari olíukreppan skall á. Á því mikla starfi þarf að verða verulegur skriður og full ástæða er til að vænta þess, að svo verði.

Sameiginleg tillögugerð nú frá fulltrúum allra flokka bendir í þá átt, að menn séu fyllilega reiðubúnir til átaks sameiginlega að þessu marki, reiðubúnir að leita þar hagkvæmustu leiða hverju sinni. Inn í þetta blandast að sjálfsögðu mismunur á orkuverði almennt, raforkuverði í landinu, hinn stórkostlegi vandi Rafmagnsveitna ríkisins og hvernig þar megi sem best og skjótast úr bæta. Það ætti einnig að vera unnt með einingu manna um svo sjálfsagða hluti í raun, þó áföll hafi þar orðið á liðnu ári og ekki tekist að leggja þann eina trausta grundvöll sem færir okkur sem fyrst sama orkuverð, þ. e. sameiginlegt orkuöflunarfyrirtæki fyrir landið allt. En ekki skal hér nánar út í það viðkvæmnismál farið.

Við þurfum að sameina kraftana í þessum efnum. Langtímamarkmiðið er eitt. Það kostar mikla fjármuni að leysa erlenda orkugjafa af hólmi. En hitt er þó enn dýrara og því er vandalaust að sýna fram á þjóðhagslega nauðsyn þessa markmiðs, sem ekki má þó vera of fjarri, þarf ekki og á ekki að vera það. Á meðan þurfum við að jafna metin af fremsta megni. Að því miðar frv. þetta, og því hlýt ég að lýsa yfir fullum stuðningi við meginhugsun þess og tilgang og fagna því og svo þeirri einingu sem þar hefur skapast og verður vonandi víðtæk og sterk, einnig í því að afla fjár til verkefnisins.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum úr þessum ræðustóli hvílíkt réttlætis- og sanngirnismál hér er á ferðinni. Það hafa, held ég, allir þeir hv. þm., sem kvatt hafa sér hljóðs í þessu máli, um það rætt. Sá ójöfnuður, sem viðgengst nú í þessum efnum, það misrétti sem þeir verða að þola sem búa við þann kost að þurfa að kynda hús sín með olíu, er auðvitað gersamlega óviðunandi eins og rækilega er rakið í fskj. með því frv. sem hér er til umr.

Það gefur auga leið og sér hver maður, að haldi svo sem horfir í þessum efnum, — og ekki virðast verulegar langtímabreytingar í sjónmáli að því er varðar verð á olíu, — þá mun þessi gífurlegi mismunur og það misræmi, sem nú er, valda verulegri búseturöskun í landinu. Sú búseturöskun verður væntanlega á þann veg, að þeir, sem lægstar tekjurnar hafa, þá í flestum tilvikum væntanlega gamalt fólk og ungt fólk sem er að stofna heimili, — það fólk flytur burt af olíusvæðunum og flytur á hitaveitusvæði, þar sem það getur hækkað sínar ráðstöfunartekjur um kannske 80—100 þús. kr. á mánuði eingöngu með því að skipta um íbúðarhúsnæði og flytjast þangað sem er önnur upphitun en olía. Þetta verður ekki aðeins dýrt fyrir hitaveitusvæðin, þangað sem þetta fólk flytur, heldur verður þetta mjög dýrt fyrir þjóðina í heild, og það skyldu menn hafa mjög í huga þegar um þessi mál er rætt.

Til þess að jafna þann mun, sem hér er um að ræða eru auðvitað ýmsar leiðir. Frv., sem hér er til umr., fjallar aðeins um eina þessara leiða. Um leiðir má deila. Það hefur verið bent hér á ýmsar fleiri aðferðir til að ná jöfnuði í þessum efnum, sem ég hygg að allir hv. þm. séu sammála um að stefna beri að. Mönnum er nú loks orðið ljóst, að þetta er nauðsyn og að þetta má ekki öllu lengur dragast. En aðalatriði þessa máls er auðvitað það, að Alþ. taki þá afstöðu að þennan mun og þetta misræmi beri að leiðrétta. Það er mergur málsins. Ég óttast ekki, ef samkomulag næst um að leiðrétta þennan mun, þennan gífurlega ójöfnuð, að ekki verði unnt að ná samkomulagi um að afla tekna til þess. Mergur málsins er að Alþ. taki afstöðu í þessu máli til að leiðrétta þennan mismun, og þetta frv. er flutt að mínu mati fyrst og fremst til að þrýsta á um það. Ég geri ekki ráð fyrir að flm. sé afar fast í hendi með hverjum hætti þetta verði gert, aðeins að það verði gert, þannig að þetta misræmi verði úr sögunni að eins miklu leyti og unnt er. Og það er til að þrýsta á þetta sem ég styð þetta frv., og mér finnst vissulega koma til greina að ræða hér aðrar leiðir í þessum efnum en þarna er bent á.

Það má kannske rétt vera, að hér sé fremur um að ræða mál sem fjh.- og viðskn. d. ætti að fjalla um heldur en iðnn.

Ég held að það sé alveg ljóst, að við svo búið í þessum efnum má ekki lengur standa og það er skylda Alþingis að knýja á um aðgerðir og láta aðgerðir koma til framkvæmda í þessum efnum.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það hafa nú að vonum orðið nokkrar umr. um þetta frv. og er ekki nema gott um það að segja. Ég hef ekki heldur miklar aths. að gera við flest sem sagt hefur verið, nema ég hef verulegar aths. að gera við það sem hv. 4. þm. Reykn. sagði. Ég er honum þakklátur fyrir það, að hjá

honum kom fram sú skoðun sem liggur til grundvallar þessu frv., að það þurfi að leysa úr þeim vanda sem hér er við að glíma, það þurfi að koma til bjargar þeim sem búa við hið mikla misrétti í upphitunarmálunum. En í máli hans kom fram mjög mikill misskilningur, og ég harma að hann skuli ekki hafa kynnt sér þetta mál betur en svo að til þessa misskilnings þyrfti að koma.

Hv. þm. sagði m. a., að það væri misræmi á milli grg. þessa frv. og fskj. VI, þar sem eru útreikningar á kostnaði sem fylgir frv. Þetta er mikill misskilningur. Ef hann les fskj. VI vel sér hann að þar er m. a. sérstök tafla yfir það, hvaða áhrif það hefur ef gjaldskrár hitaveitna breytast og hækka. Þar eru tekin dæmi ef gjaldskrár eru óbreyttar, ef hækkunin verður 10%, ef hún verður 20%, ef hún verður 30% og 40%. Fleira er hér þessu til skýringar. En menn verða að hafa í huga, eins og ég tók skýrt fram í minni framsöguræðu og frv. ber með sér, að það er breytilegt fjármagn sem þarf til niðurgreiðslnanna, því að það fer á hverjum tíma eftir því hvert olíuverðið er annars vegar og hins vegar hverjar gjaldskrár hitaveitnanna eru. (Gripið fram í.) Hv. 4. þm. Reykn. kallaði hér fram í og sagði: Niðurlagið. — En hvað stendur í niðurlagi VI. fskj.? „Ef tekið verður tillit til væntanlegra hækkana á gjaldskrám hitaveitna, virðist mega gera ráð fyrir um 7 milljarða niðurgreiðslum á árinu 1980." (Gripið fram í.) Já, með ákveðnum forsendum. Samkv. því dæmi kemur út að þetta geti verið 8.35 milljarðar. Í grg. er sagt 7—8 milljarðar, og ég hygg að menn sjái ekki mikið misræmi hér á milli. Ég held að það sé nánast samræmi. En það er sagt í grg. 7—8 milljarðar, af því að það er ekki hægt að segja um þetta nákvæmlega af þeim ástæðum sem ég greindi. Mér finnst því ekki að þetta sé veigamikið ádeiluefni á þetta frv.

En öllu furðanlegri var aths. þessa hv. þm. um þann viðbótarkostnað til olíuniðurgreiðslu sem fælist í þessu frv. og því sem ég sló fram í framsöguræðu minni, að hann næmi um 1% af fjárlögum. Hv. þm. segir að þetta sé rangt, það eigi að standa 1.9%. Í framsöguræðu minni gerði ég skýrt grein fyrir því, að það, sem ég átti við, væri viðbótarkostnaður frá því að það giltu óbreyttar reglur um niðurgreiðslu á olíu sem nú gilda. Það var skýrt tekið fram. Hv. þm. vitnaði í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, og sagði að í því væru áætlaðir 2.3 milljarðar til niðurgreiðslu í ár, og hann miðar við þessa tölu. Í samræmi við það, sem ég var að segja, miða ég við þá tölu sem það kostar að fylgja óbreyttum reglum, og ef hv. þm., sem ég efast ekki um, hefur lesið grg. með fjárlagafrv., þá er þar tekið fram, að miðað við óbreyttar reglur þurfi 3.6 milljarða og það er sú tala sem ég miða við. En hv. þm. vill taka sem heilagan sannleik eða grundvöll til að byggja á það sem hæstv. fjmrh. hefur lagt til í því fjárlagafrv. sem hér er. Það geri ég ekki. Ég geng út frá þeim reglum sem nú gilda, vegna þess að ég reikna ekki með að neinn hv. þm. vilji afnema niðurgreiðslurnar eða minnka þær frá því sem nú er. Og það er náttúrlega fáránlegur heilaspuni þegar hv. þm. finnur á þessum forsendum út að ég reikni með eða það sé nánast stefna mín eða míns flokks, eins og hann var að ýja að, að næstu fjárlög væru upp á 600 milljarða. Allt er þetta misskilningur sem ég veit að svo ágætur þm. og greinargóður sem hv. 4. þm. Reykn. sér þegar málið er athugað.

Aðrir ræðumenn í þessum umr. hafa komið inn á kostnaðarhlið málsins, sem er að sjálfsögðu eðlilegt, enda ræddi ég líka sérstaklega um hana. Einhver sagði að það væri ókostur á þessu frv. að ekki væri tekið fram hvernig ætti að afla fjár til að standa undir niðurgreiðslunum. Það er sjónarmið út af fyrir sig. Ég minni á það, að fyrst þegar niðurgreiðslurnar voru teknar upp, árið 1974, voru samþ. tvenn lög í þessu efni. Annars vegar voru reglurnar og ákvörðunin um að olía skyldi niðurgreidd. Hins vegar var svo frv. um hvernig fjárins skyldi aflað, og það var þá með þeim hætti að lagt var 1% gjald á söluskattsstofn. Og ef við værum jafnstórhuga núna og menn voru við miklu minna vandamáli árið 1974, þá ætti þessi gjaldstofn nú að gefa rúma 5 milljarða. En hvers vegna er þá ekki nú, þrátt fyrir það sem var gert 1974, í sömu lögum gert ráð fyrir að ákveðin sé leiðin til fjáröflunar? Það eru sérstakar ástæður fyrir því. Auðvitað hefðum við flm. gjarnan viljað taka það upp í frv., en hér er um svo mikil fjárútlát að ræða, að það er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir að það hljóti að mótast að einhverju leyti eða öllu leyti af því, hver stjórnarstefnan er, hver er stefna ríkisstj. í ríkisfjármálunum. Og við vitum það allir jafnvel, að þá stefnu er ekki að fyrirfinna eins og stendur.

Eðlilegt framhald af þessu máli hlýtur að verða að það verði ákveðið og kveðið á um hvernig fjárins verður aflað. Það kann að vera að það geti legið ljósar fyrir áður en frv. kemur aftur til hv. d. úr meðferð n. Ég held því að við ættum ekki að gera of mikið úr þessu atriði á þessu stigi málsins. Mergurinn málsins er, eins og hv. meðflm. minn, hv. 5. þm. Vesturl., sagði, að ákveða að komið verði til bjargar í þeim vanda sem sá hluti þjóðarinnar á við að búa sem býr við olíukyndingu. Hér hefur enginn talað í þessum umr. sem ekki viðurkennir þennan vanda. Ég tók það fram og það er tekið fram í grg. okkar flm., að það verði að líta á þetta frv. út frá þeirri skoðun, að hinum óbærilegu byrðum þeirra, sem búa við olíukyndingu, megi jafna við tjón vegna náttúruhamfara eða annarrar óáranar. Ef þetta er rétt, þá er skrum eitt og hræsni að segja þetta, ef menn bregðast þá ekki við eins og vandinn væri svo mikill sem í þessu felst og að við eigum að vera ákveðnir að leysa þennan vanda. Við erum ekki sjálfum okkur samkvæmir ef við gerum það ekki. Ef þarf að bjarga manni í nauðum, þá gera menn það, en eru ekki að tefja tímann og stofna öllu í bráðan voða með því að segja: Það verður fyrst að ákveða hvernig á að borga þessa björgun.

Málið liggur einfaldlega svona fyrir. Með þessum orðum mínum er ég ekki að gera lítið úr kostnaðarhlið þessa máls, þvert á móti. En með því að samþykkja þetta frv. óbreytt eða í breyttu formi erum við að taka ákvörðun um það, að við ætlum að vera sjálfum okkur samkvæmir, ekki aðeins að úthella tárum yfir þeim vanda sem þetta fólk hefur við að glíma. Við ætlum að leysa vandann.

Ég held að það sé ákaflega þýðingarmikið að hraða afgreiðslu þessa máls svo sem verða má. Það er ákaflega þýðingarmikið að fyrir liggi vilji Alþingis í þessu efni þegar gengið verður frá afgreiðslu fjárlaga. Þó sé ég ekki að það sé um annað að ræða en annaðhvort verði farin sú leið, sem hefur verið farin síðan 1977, að ákveða í fjárlögum þá upphæð í þessar þarfir sem nauðsynlegt er, eða þá hin leiðin, sem ég kom einnig inn á í minni framsöguræðu, að taka upp þráðinn frá 1974 og ákveða sérstakan tekjustofn, markaðan tekjustofn í þessu skyni.

Ég sagði áðan, að ég vonaðist til að afgreiðslu þessa máls yrði hraðað. Ég vil láta þess getið, að ég hef átt viðræður við hv. þm. Hjörleif Guttormsson, sem er for-

maður iðnn. Nd., og er gert ráð fyrir að geta haft sameiginlega fundi nefndanna beggja.

Hv. 4. þm. Reykn. lýsti þeirri skoðun sinni, að þetta mál ætti ekki að fara til iðnn., heldur til fjh.- og viðskn. af því að hér væri um fjárhagsmál að ræða. Mig furðar á því, að jafnþingvanur maður og þessi hv. þm. er skuli koma með slíka hugmynd sem þessa. Ef þetta ætti að vera reglan, þá yrðum við að breyta þingsköpum frá því sem nú er og yrðum að taka upp allt aðrar venjur en við höfum búið við, ég vil segja frá því að Alþingi var endurreist. Það er nú einu sinni svo, að það er varla nokkurt frv. sem felur ekki í sér einhver fjárútlát. Og ég er hræddur um, ef ætti að fylgja þessari reglu, að það væru nokkuð mörg frv. sem færu til fjh.- og viðskn. Ég held að við gætum þá farið að leggja niður hinar nefndirnar. Málum þessa efnis hefur auðvitað alltaf verið vísað til iðnn., frv. báðum 1974, og annað fjallaði um skattlagningu sem hefði þýtt á þessu ári, eins og ég sagði áðan, rúma 5 milljarða útgjöld. Því var vísað til iðnn. Það er ekki ástæða að fjölyrða frekar um svo augljóst mál sem þetta.

Ég vil að lokum biðja menn að hafa í huga viss atriði varðandi þetta frv., hafa það í huga að þetta frv. fjallar einungis um niðurgreiðslu olíu. Það er ekki vegna þess að verðjöfnun orkugjafa almennt þurfi ekki að taka til meðferðar, en sumir hv. þm. hafa vikið að því. En það mál er miklu víðtækara, og ég hef orðað það svo, að það væri í vissri biðstöðu. Engum, sem er inni í þeim málum dettur í hug að á því fáist heildarlausn á næstu vikum eða mánuðum. Við höfum kosið að taka út úr þennan þátt, sem ekki þolir bið, til þess að fá skjóta lausn, enda gerir frv. ráð fyrir að ákvæði þessa frv. gildi frá síðustu áramótum.

Ég vil enn fremur minna á það, að frambúðarlausn á þeim málum, sem þetta frv. fjallar um, er fólgin í því, að þær framkvæmdir verði gerðar í orkumálunum í landinu sem nauðsynlegar eru til þess að það sé hægt að leysa olíuna af hólmi sem orkugjafa til upphitunar húsa. Þess vegna er þetta frv. í eðli sínu um bráðabirgðaráðstafanir. En það þarf að gera bráðabirgðaráðstafanir vegna þess að málið þolir ekki bið, og því leggjum við áherslu að afgreiðslu þess verði flýtt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í sambandi við þá ræðu sem hér var síðast flutt.

Það má að sjálfsögðu alltaf deila um tölur og ekki síst í sambandi við það frv. sem hér er til umræðu. Það breytir náttúrlega ekki dæminu svo að neinu nemi, hvort niðurgreiðslukostnaðurinn er 7—8 milljarðar eða 8.3 milljarðar, sem ég tilgreindi og er óumdeilanlega rétt ef gengið er út frá þeim forsendum sem ég tilgreindi líka, þ. e. óbreytt ólíuverð og óbreyttir taxtar. Það er ekki höfuðmálið í þessu sambandi. Það er óumdeilanlegt, að til þess að sjá fyrir þessum niðurgreiðslum þarf að hækka fjárlagafrv. um sem nemur 5.2—6 milljörðum kr. og það dugar ekki eins prósents niðurskurður, sem líka er ljóst að mundi vera erfitt að framkvæma. Það er því ekki heil brú í þeim hugmyndum hv. frsm., að þetta mál verði leyst einfaldlega með því að skera það niður í fjárlagafrv. sem á vantar þessa 5.2—6 milljarða. 1% dugir ekki til þess. Það er ekki heldur aðalatriðið. Aðalatriðið er að hér er verið að leggja fram frv. sem óumdeilanlega fjallar um milljarða kr. útgjöld úr ríkissjóði án þess að nokkrar till. séu gerðar um það, hvernig á að leysa fjáröflunina, sem er lykillinn að lausn þessa máls. Það er enginn vandi að flytja frv. um að það skuli borga peninga úr ríkissjóði, það geta allir. Það leysir ekki málið. Við, sem viljum auka jöfnunina og bæta úr því misrétti sem fólk úti á landsbyggðinni býr við vegna hækkandi olíukostnaðar sem bitnar á því fólki, en ekki þeim sem búa hér í þéttbýlinu, — við, sem viljum auka þessa jöfnun, eigum ekki að víkja okkur undan því að leysa líka þessa hlið málsins.

Þá minntist hv. ræðumaður á að ég hafi lagt til að vísa frv. til fjh.- og viðskn. Ég sé ekki skynsemina í því að vísa máli, sem er beint millifærsluatriði varðandi fjárupphæðir á fjárlögum, sérstaklega í iðnn. Þetta er niðurgreiðslumál, en það er ekki heldur að mínum dómi aðalatriðið, heldur hafði í huga að það væru kannske meiri líkur til þess að fjh.- og viðskn. fengist til að fjalla um fjáröflunarhlið málsins. Ef iðnn. er tilbúin til að gera það, þá gæti ég eins fellt mig við að málið færi í iðnn. Það er ekki það sem skiptir máli, heldur að fjáröflunarþáttur þessa máls, aðalþátturinn, sé leystur. Ef iðnn. sem sagt er tilbúin til þess að taka að sér að gera þetta að frv., — þetta er ekki nema hálft frv., — þá er það alveg meinalaust af minni hálfu að samþykkja að það fari til iðnn. En þá ætlast ég líka til að hún taki á málinu.

Hv. ræðumaður sagði: „Það þarf að leysa þennan vanda.“ Þetta frv. fjallar ekki um að leysa vandann, og það er það sem ég vildi vekja athygli á. Það þarf að leysa vandann. Þess vegna þarf í frv. líka að fjalla um fjáröflunina. Ef iðnn. fæst til að taka það að sér að gera till. um þann þáttinn líka, þá er ég mjög ásáttur um það.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til þess að fara enn mörgum orðum um þetta mál. Hv. 4. þm. Reykn. hafði nú ekkert á móti því að máli færi til iðnn. Það var líka eðlilegt, þegar hann var búinn að athuga málið nánar, að hann kæmist að þeirri niðurstöðu. Ég vil segja honum að það hefur aldrei hvarflað að mér að kostnaðarhlið þessa máls yrði ekki rædd á þeim vettvangi, því að það er augljóst. Það er líka augljóst, eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, að þessi kostnaður verður greiddur af skatttekjum, í hvaða formi sem það verður. En vegna þess að okkur flm. er umhugað að þetta mál nái fram að ganga, þá þótti okkur hyggilegra að athuga nánar, hvaða form yrði haft á þessari skattheimtu eða útgjöldum ríkissjóðs, og eins og ég tók fram áðan, ef mætti freista þess að taka einhver mið af væntanlegri stjórnarstefnu í ríkisfjármálunum.

Ég kann ekki við orðbragð hv. 4. þm. Reykn., þegar ég er búinn að leiðrétta misskilning, sem fram kom í hans fyrri ræðu, og skýra á ný það sem ég skýrði í minni framsöguræðu, hvernig þetta margumtalaða 1% af fjárlögum, sem ég setti fram, er fengið. Ég byggi á tölu sem er 3.6 milljarðar, en hann á tölu sem er 2.3 milljarðar. En svar hans er það eitt, að ekki sé heil brú í því sem ég hafi verið að segja. Það er þetta orðbragð sem ég kann ekki við. En mest er um vert að menn séu sammála um að leysa þann vanda sem hér er um að ræða, og ég þakkaði í ræðu minni áðan hv. 4. þm. Reykn. fyrir að vera sammála mér og okkur flm. um það sjónarmið, að það þurfi að leysa þetta mál. Það á að tryggja þessu máli framgang. Mér er forvitni á að sjá þingmann sem héldi því fram, að það væri ekki nauðsynlegt að leysa þetta mál. Og mér er raunar forvitni á að sjá þm. sem neitar því, sem við flm. höldum fram, að hér sé sá vandi á höndum sem megi jafna, eins og það er orðað, við náttúruhamfarir eða aðra

óáran og það sé í hróplegri mótsögn við þann anda skilnings og samhjálpar, sem þjóðin sýnir jafnan undir slíkum kringumstæðum, ef menn eru ekki ákveðnir í að leysa þennan vanda. Og þetta er meira en til þess að bjarga þeim sem búa við hinar þungu byrðar olíukyndingarinnar. Þetta er enn þá meira mál, vegna þess að ef ekki verður ráðin hér bót á hlýtur það að leiða til brottflutnings fólks frá stórum landssvæðum og stórfelldrar byggðaröskunar, og það er vandamál þjóðarinnar í heild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 130). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 frá 8. maí 1978, um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð. Um þetta frv. þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð. Alþekkt er að undanfarið og ekki hvað síst á þessu ári hefur verið mikil gróska í kvikmyndagerð og kvikmyndalist. Nú fyrir nokkrum kvöldum var frumsýnd hér í Reykjavík og Dalvík ný íslensk kvikmynd eftir skáldsögu Indriða G. Þorsteinssonar, og tvær aðrar kvikmyndir munu vera á leiðinni og verða frumsýndar innan skamms.

Það, sem hér er lagt til, er að Kvikmyndasjóður verði efldur mjög á næstu árum. Lagt er til að sérstakt gjald, að fjárhæð 50 kr., skuli lagt á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og renni andvirði þess í Kvikmyndasjóð. Þó eru undanþegnar þessu gjaldi sýningar á íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum fyrir börn. Þá er gert ráð fyrir að gjald þetta skuli innheimt af lögreglustjórum, en í Reykjavík af tollstjóra.

Þá eru í þessu frv. þau nýmæli, að lögin öðlist þegar gildi og gildi til 1. jan. 1983 eða á þriðja ár og að með þessum hætti verði það Alþingis að ákveða á ný hvort þessu skuli fram haldið, þessu skuli hætt eða tekin upp ný leið til að afla fjár fyrir Kvikmyndasjóð.

Gert er ráð fyrir að það sé sérstök krónutala, 50 kr., sem lögð sé á alla aðgöngumiða. Þetta er gert vitandi vits, að hér hefur verið verðbólguástand og að þessi upphæð gæti að öðru jöfnu rýrnað eitthvað eða allverulega á næstu árum. Ég tel að með þessum hætti ætti að vera auðveldara fyrir Alþingi að fallast á þetta frv., — ef þetta yrði reyrt meira í fjötra séu minni líkur á að hv. alþm. styðji þetta mál. Er það út af fyrir sig skiljanlegt, því að hér er auðvitað verið að leggja til að nokkru markaðan tekjustofn, þrátt fyrir þá umræðu og þá tortryggni sem gætt hefur í garð slíkra tekjustofna.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að farið hafa fram verulegar umræður í samfélaginu að undanförnu um það, að menningarstarfsemi af þessu tagi, sem stundum er kölluð frjáls menningarstarfsemi, hafi notið lítils og minnkandi stuðnings af opinberu fé. Það mun vera fyrir því reynsla, bæði hér og annars staðar, að þetta er eitt af einkennum á verðbólgusamfélagi. Hins vegar tel ég eðlilegt um þessa tilteknu listgrein, þar sem verið hefur mikil og vaxandi gróska, að ríkisvaldið komi til móts við þennan vöxt og þessa grósku, og ég teldi það mjög vel ef hv. Alþingi sæi sér fært að samþ. þennan tímabundna tekjustofn til þessarar sérstöku listgreinar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. þessarar hv. deildar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er vissulega góðra gjalda vert, en tilgangur þess er, eins og hæstv. menntmrh. rakti áðan, að efla íslenskan kvikmyndaiðnað og stuðla að því, að Kvikmyndasjóður fái fastan tekjustofn, en framlag til sjóðsins er nú ákveðið hverju sinni í fjárlögum, eins og segir í aths.

Ég vil, þegar þetta frv. kemur nú til 1. umr., beina því til þeirrar n., menntmn. þessarar hv. d., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún taki til mjög gaumgæfilegrar athugunar, hvort ekki sé rétt að í stað þess að miða þetta við fasta uphæð, 50 kr., eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. þessa frv., verði þess í stað miðað við það hlutfall sem 50 kr. eru nú af verði aðgöngumiða í kvikmyndahús, þannig að þetta framlag til kvikmyndagerðar haldist óbreytt að raungildi út það tímabil sem þessum lögum er ætlað að gilda. Það er margföld reynsla fyrir því, að þegar ákveðið er krónutöluframlag til ákveðinna þarfa með þessum hætti, sem er raunar umdeilt, þá er það framlag kannske í góðu gildi meðan verið er að samþykkja lögin og rétt fyrst á eftir, en verður harla lítils virði þegar fram í sækir. Þess vegna finnst mér að menntmn. ætti að taka það til alvarlegrar athugunar að breyta þessu á þennan veg.

Íslensk kvikmyndagerð hefur verið í lægð um langt árabil, en nú hefur þar komið til nýr fjörkippur sem vissulega er ánægjulegur, því að eins og hæstv. ráðh. gat um áðan er nýbúið að sýna eina nýja íslenska kvikmynd við ágætar undirtektir. Tvær aðrar íslenskar kvikmyndir í fullri lengd eru í vinnslu nú og verða væntanlega frumsýndar á næstu vikum og mánuðum og ber sannarlega nýrra við því að slíkt hefur ekki gerst árum saman. Það er líka fagnaðarefni, að þessar kvikmyndir eru að öllu leyti unnar af íslenskum aðilum.

Íslensk kvikmyndagerð hefur að ýmsu leyti borið mjög skarðan hlut frá borði í samkeppni við útlendinga sem hingað hafa komið til að gera kvikmyndir og þá oft jafnframt myndir ætlaðar til sýningar hér á landi. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn þurfa að greiða söluskatt og toll af því efni sem þeir flytja inn til kvikmyndagerðarinnar, svo sem filmum. Það er mjög algengt að þeir þurfi sömuleiðis að leigja tæki erlendis frá til kvikmyndagerðarinnar vegna þess að þau tæki eru ekki öll til hér í landinu. Af þessari leigu þurfa þeir sömuleiðis að borga söluskatt og önnur skyldugjöld. En þeir útlendir kvikmyndagerðarmenn, sem hingað koma, koma með öll tól sín og tæki og filmur með sér og fara héðan án þess að hafa nokkuð greitt af þeim gjöldum sem starfsbræðrum þeirra íslenskum er gert að greiða. Þetta þarf að leiðrétta með einhverjum hætti.

Mér finnst líka athugandi að benda á það í þessu sambandi, þegar verið er að breyta lögum um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð og efla fjárhag Kvikmyndasjóðs og tryggja honum tekjur, hvort ekki mætti taka það til athugunar í þessu sambandi að breyta því fyrirkomulagi, sem er á Kvikmyndasjóði. Hann hefur veitt styrki frá því að hann komst á laggirnar, og hefur tilkoma hans vissulega hleypt nýju lífi í kvikmyndagerð. Ég held að það væri að mörgu leyti æskilegra og eðlilegra

að Kvikmyndasjóður veitti lán þeim íslenskum aðilum sem hyggja á kvikmyndagerð. Ég hygg að íslenskir kvikmyndagerðarmenn séu yfirleitt á því, að það sé eðlilegra að til þessara hluta sé lánað fjármagn og þá kannske í þeim mæli að það nægi til að fleyta verkefnum yfir erfiðustu hjallana og koma þeim til sýningar, — þetta sé eðlilegri leið heldur en að veita lítils háttar styrki.

Þetta vil ég aðeins setja fram til athugunar við meðferð málsins.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil fagna þessu frv. og um leið lýsa yfir ánægju minni yfir því, að í þessi mál er að færast fjörkippur. Það er af eðlilegri ástæðu. Það er vegna þess að lög voru sett um Kvikmyndasjóð á árinu 1978 að frumkvæði þá hæstv. menntmrh., Vilhjálms Hjálmarssonar. Forsaga málsins var hins vegar sú, að hv. þm. Ragnar Arnalds hafði þrívegis á þrem þingum flutt ítarlegt frv. um stofnun Kvikmyndasjóðs með myndarlegu framlagi. Örlög þessa frv. uðru þau, að það fékkst ekki útrætt í tvö skipti, en í þriðja skiptið var því svo vísað til ríkisstj., og út úr því kom svo það lagafrv., sem varð að lögum um Kvikmyndasjóð, en þá með miklum breytingum og til muna lakara í alla staði, sérstaklega varðandi fjármálahliðina, heldur en hafði verið gert ráð fyrir í frv. því sem hv. þm. Ragnar Arnalds hafði flutt á sínum tíma og tók mið af, að mig minnir, ákveðnum almennum skemmtanaskatti. Ákveðin prósenta af skemmtanaskatti skyldi renna til þessa sjóðs.

Það er ekkert nema gott um það að segja, að hér sé um ákveðna, fasta tekjustofna að ræða. Mig minnir að í lögum um Kvikmyndasjóð sé um ákveðna lágmarksupphæð að ræða sem skuli veita á fjárl. hverju sinni, 30 millj. kr. Það er eins og mig minni það. A. m. k. var gert ráð fyrir því við fyrstu fjárlagaafgreiðsluna. Menn töldu sig bundna af því. Ég sé að þessi upphæð hefur nú verið lækkuð niður í 25 millj. Án þess að ég ætli nokkuð að fara að stríða hæstv. menntmrh. eða hv. formanni fjvn., þá minni ég þá á það, að nú er n. að störfum í sambandi við hina ýmsu föstu tekjustofna, þar sem fast er ákveðið um þau mál, og þeir hafa verið miklir talsmenn þess, að allt þyrfti það að endurskoða og helst allt út að falla, að mér hefur skilist stundum, þannig að oft koma hlutirnir ekki vel heim og saman þegar á svo að fara að vinna að hinum einstöku málum. Sannleikurinn er sá í sambandi við hina föstu, afmörkuðu tekjustofna, að þeir reynast býsna vel í ýmsum greinum af þessu tagi. (Gripið fram í.) Já, mjög margir. Þar af leiðandi er vissara fyrir þá, a. m. k. þegar þeir halda fram af eins mikilli ákefð og þeir gerðu í fyrra við samningu Ólafslaganna svokölluðu afnámi allra slíkra fastra tekjustofna, að taka a. m. k. þessa summu út úr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Í framhaldi af ummælum hv. þm. Helga Seljans um markaða tekjustofna vil ég sérstaklega, að því er þetta frv. varðar, vekja athygli á því, að lögum þessum er ætlað að öðlast þegar gildi, en þeim er einnig ætlað að gilda til ákveðins dags, þ. e. 1. jan 1983. Á þessu er reginmunur, vegna þess að það, sem oft hefur gerst um hina mörkuðu tekjustofna, er að þeir eru settir á fót á einhverjum gefnum tíma, en síðan gerist það að samfélagið breytist og þar með þarfirnar, en hins vegar hefur þessum mörkuðu tekjustofnum ekki verið breytt eða þeir afnumdir, svo að iðulega situr samfélagið uppi með slíka afmarkaða tekjustofna sem í raun er ekki lengur þörf fyrir. Í þessu kerfi er auðvitað hvert eitt mál bæði gott og réttlætanlegt í upphafi. En þetta kerfi hefur orðið að beinum frumskógi sem erfitt hefur reynst að brjótast út úr. Fyrir þessu er gert ráð fyrir í þessu frv. Út úr er tekin ein gróskumikil listgrein, kvikmyndagerð, sem sérstök gróska er í um þessar mundir. Henni er útvegað fé með þessum hætti, með því að leggja 50 kr. á selda aðgöngumiða á erlendar kvikmyndir sem hér eru sýndar. En þessu er líka ætlað að falla úr gildi eftir tiltekinn tíma, 1. jan. 1983, og Alþ. yrði þá að ákvarða öðru sinni að halda þessu áfram með þessum hætti eða með öðrum hætti, ef Alþ. sýndist svo, eða fella þetta niður, ef þörfin er ekki lengur fyrir hendi. Á þessu er þess vegna reginmunur, og sú gagnrýni, sem flutt hefur verið á markaða tekjustofna, stendur, eins og af þessu má ljóst vera.

Hv. þm. Eiður Guðnason gat um það, hvort ekki væri rétt að fara í vaxandi mæli að lána úr Kvikmyndasjóði í staðinn fyrir að styrkja úr honum, og ég að mínu leyti tel að það sé skynsamlegt. Þegar menn eru að leggja í gerð stórra og fjárfrekra kvikmynda, þá er augljóst að það krefst mikilla útgjalda fyrst í stað, en tekjurnar koma ekki inn fyrr en alllöngu síðar. Það er tímabilið frá því að gerð kvikmyndarinnar hefst þangað til hún er frumsýnd og fer að skila tekjum sem mörgum hefur reynst vera erfiður hjalli, og hlutverk Kvikyndasjóðs ætti ekki síst að vera að aðstoða menn að komast yfir þann hjalla. Það er með þessa listgrein eins og aðrar listgreinar og svo margt annað, að það getu auðvitað verið erfitt að spá hvað kemur til með að njóta hylli og hvað ekki, og verður auðvitað að gera ráð fyrir slíkum frávikum.

Ég fagna því ef hv. menntmn. telur sig geta gert betur en gert er ráð fyrir í þessu frv. En þó skulum við vona að n. geri ekki svo vel að frv. dagi uppi í þinginu, því að leikurinn er einmitt ekki gerður til þess. Hér er svo mjúklega í mál farið gagngert til þess að meiri hl. Alþ. sjái sér fært að samþykkja málið. Vissulega er það fagnaðarefni ef hægt er að gera enn betur, en höfuðatriðið er samt að þetta frv. verði samþ. fyrr en seinna.

Það er að vísu erfitt að áætla nákvæmlega hversu miklu þessi aðferð getur skilað í fjármunum, en eins og getið er um í aths. við þetta frv. er lauslega áætlað að þetta gefi á þessu ári milli 80 og 90 millj. kr.

Herra forseti. Ég vil ekki hafa fleiri orð um þetta að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 30 fundur.

Miðvikudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 19. fundur.

Fimmtudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Áætlunargerð, þáltill. (þskj. 131). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hefting landbrots, þáltill. (þskj. 132). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kaup og sala á fasteignum, þáltill. (þskj. 35). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að inna hæstv. fjmrh. eftir ástæðum og réttlætingu reglugerðar þeirrar er hann hefur sett varðandi leyfi ferðamanna til kaupa á áfengum bjór. Þetta fagnaðarerindi hæstv. ráðh. var í gær boðað í blaði hans undir manngæskufyrirsögninni „Davíð fær ölið sitt". Ekki getur þó Davíð þessi verið eina réttlæting gerða ráðh. þó að allt það mál sé hið furðulegasta, þ. e. ef menn fremja lögbrot skuli stjórnvöld koma til liðs við þá í stað þess venjulega, og er það nýlunda og alveg sérstaklega hjá hv. flokki sem fjmrh. tilheyrir. En að því slepptu hlýtur að verða spurt um ótvíræða lagastoð þessa tiltækis ráðh. — raunar vildi ég bæta við: lagastoð þeirra undanþága sem áður voru í gildi.

Ég hygg að hæstv. ráðh. vilji benda á lög um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 1. gr., frá árinu 1969, en ég bendi þá á móti á að samkv. reglugerðinni er ekki einungis um innflutning að ræða, það er ekki aðeins komið með áfengt öl til landsins, það er keypt hérlendis yfirgnæfandi, þ. e. í fríhöfninni hér. Þessi lög eru frá 1969, en sjálf áfengislöggjöf okkar hvað þetta varðar, heildarlöggjöfin, er yngri eða frá 1971, og þar eru öll tvímæli af tekin. Ég lít svo á, og það gera margir sem þessi mál hafa kynnt sér, að áfengislögin sjálf eigi hér fyrsta rétt, aðalrétt, og ef tvenn lög fara ekki saman beri að fara eftir þeim yngri og ótvíræðari, sem um leið eru heildarlöggjöf. En ég dreg fyrri lagastoð, frá 1969, líka stórlega í efa sem réttlætingu.

Inn í þetta mál hafa blandast harla vafasöm skrif um forréttindi ákveðinna hópa, sbr. reglugerð frá 1975 um frjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum. Öll þau skrif hafa að einu marki beinst, að þrýsta á um sölu áfengs öls innanlands, en ekki afnámi forréttinda. Þessum svokölluðu forréttindum er ég alfarið andvígur og tel þar í engu á bætandi. Andstaða mín við áfengt öl er alkunn og hún er alger um leið. Ég er sannfærður um að undanþágur þessar muni verða notaðar og séu kannske til þess eins gerðar að ryðja áfengu öli almennt braut inn í þjóðlíf okkar. Ég harma þess vegna ákvörðun hæstv. ráðh., sem ég hugði a. m. k. að væri bandamaður minn í afstöðunni til áfengs öls almennt.

Ég hef aldrei þessu vant kvatt mér hljóðs utan dagskrár að þessu sinni. Það er að sérstakri beiðni þess aðila sem á að vera ríkisstj. og Alþ. ráðgefandi um öll þessi mál, þ. e. áfengisvarnaráðs. Ég mun að loknum svörum ráðh. flytja örstutt álit þess ráðs á ráðstöfun þessari, sem ég held að rétt sé að hv. þm. hlýði á og taki eftir.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Þær spurningar, sem hv. þm. ber fram, eru í rauninni þrjár:

1. Á reglugerðin, sem um er að ræða, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna, sér stoð í lögum? Hefur rn. m. ö. o. heimild til útgáfu þeirrar reglugerðar sem út hefur verið gefin og hefur raunar verið í gildi alllengi þó að sú breyting hafi nú verið gerð sem var tilefni til þessara umr.? Þetta er fysta spurningin.

Önnur spurningin var: Hvaða ástæður lágu aða baki þess að sú ákvörðun var tekin að gera þá breytingu á þessari reglugerð sem var gerð í gær?

Í þriðja lagi spyr hv. þm. um meðferð málsins. Hefur í sambandi við afgreiðslu málsins verið brugðið út af einhverri venju sem á að fylgja og fylgt hefur verið.

Þá er rétt að snúa sér að því að svara fyrstu spurningu hv. þm., hvort ákvörðun þessi eigi sér stoð í lögum.

Fyrst þegar ég kynnti mér þetta mál eftir þau blaðaskrif sem urðu um það fyrir nokkrum dögum taldi ég, eins og hv. þm., að sú reglugerð, sem í er vitnað, ætti sér ekki lagastoð, vegna þess að ákvæðið í áfengislögunum um að bannaður væri innflutningur og framleiðsla á sterku öli á Íslandi væri afdráttarlaust. Ég bað því um sérstaka athugun á þessu máli í fjmrn. Sú athugun leiðir í ljós að áliti lögfræðinga fjmrn., að ekki er rétt sú skoðun, sem ég hafði fyrst, að hér sé um að ræða reglugerð sem vantaði lagastoð, heldur setti Alþ. þvert á móti sérstök lög á sínum stíma vitandi vits til þess að reglugerðin eignaðist stoð í lögum. Ég tek fram að lögfræðingar fjmrn. hafa haft sérstakt samband bæði við Björn Hermannsson og þann fyrrv. ráðh., Magnús Jónsson, sem upphaflega setti reglugerðina og fékk samþykkt á Alþ. lög til stuðnings henni. Álit lögfræðinganna kemur fram í svari mínu á eftir.

Reglugerðin um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl. og m. a. um áfengt öl er sett með stoð í 42. tölul. 3. gr. tollskrárlaga, nr. 120 frá 1976. 42. tölul. 3. gr., sem áður er vitnað til, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjmrn. er heimilt að fella niður gjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni sem greinir í 4. og 5. tölul. 2. gr., enda sé ekki um innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti tiltekinna vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki aðrar innflutningshömlur um slíkan varning en settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana."

Auk heimildarinnar í 42. tölul. 3. gr. tollskrárlaga er rétt að benda á 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63 frá 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Þar segir að ráðh., þ. e. fjmrh. í þessu tilviki, sé heimilt að setja

sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi og tóbaki.

Það er að sjálfsögðu rétt, að í 3. gr. áfengislaga nr. 82 frá 1969, sbr. lög nr. 84 frá 1971, eru settar hömlur við innflutningi áfengis öls. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefur að innihalda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.“

Ákvæði þetta eitt sér slitið úr samhengi við aðra löggjöf og skilið eftir orðanna hljóðan leiðir að sjálfsögðu til þeirrar niðurstöðu að innflutningur á öli sé fortakslaust bannaður. En 3. gr. áfengislaga verður að skoða og skýra með hliðsjón af því ákvæði 42. tölul. 3. gr. tollskrárlaga, þar sem segir m. a. að aðrar innflutningshömlur en þær, sem eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana, gildi ekki um slíkan varning, þ. e. varning ferðamanna og áhafna.

Heimildarákvæði 42. tölul. 3. gr. tollskrárlaga er ekki nýtt af nálinni, þ. e. ákvæði það sem reglugerðin styðst við. Það varð til með lögum nr. 102 frá 22. des. 1965. Heimildarákvæði þessu var ætlað að skapa svigrúm til þess að hægt væri að setja fastar reglur er gilda skyldu um tollfrjálsan innflutning ferðamanna og farmanna á sjó og í lofti til að koma fastari skipan á þau mál en verið hafði fram til þess tíma.

Fyrir nokkrum dögum ritaði Björn Hermannsson tollstjóri grein í dagblaðið Vísi, þar sem hann segir frá aðdraganda þess að þetta heimildarákvæði varð til. Samkv. frásögn Björns kemur fram, að tilgangurinn með lagasetningu þessari var að mynda lagastoð innflutningi farmanna og ferðamanna á áfengi og tóbaki svo og innflutningi farmanna og ferðamanna á öðrum vörum sem tíðkast höfðu, en að áliti fjmrn. var ekki nægileg lagastoð fyrir á þeim tíma.

Mig langar að vitna til orða frsm. með máli því sem þá var frv., en nú er lög, þáv. fjmrh. Magnúsar Jónssonar, og finnst rétt að koma með tilvitnun úr ræðu sem hann flutti við meðferð frv. á Alþ. árið 1965. Þá sagði hæstv. þáv. fjmrh. Magnús Jónsson orðrétt í framsöguræðu í Ed., með leyfi forseta:

„Hins vegar, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, hefur það þróast undanfarna áratugi, að ferðamenn og farmenn hafa fengið að hafa meðferðis ýmsar tegundir af varningi án þess að greiða toll er þeir koma til landsins. Hefur ýmiss konar ósamræmi skapast í sambandi við innflutning þennan, sem í senn hefur valdið tollyfirvöldum miklum erfiðleikum og einnig að sjálfsögðu ferðamönnum og farmönnum, sem áreiðanlega flestir hverjir vilja hlíta settum reglum um þetta efni, ef þær væru fyrir hendi. Ýmsar venjubundnar reglur hafa að vísu skapast, en þessar reglur eru að ýmsu leyti þess eðlis, að þær fá ekki að þróast með eðlilegum hætti og raunar ýmsar ekki staðist að lögum.

Ég veit, að allir hv. þdm. eru mér sammála um hina brýnu nauðsyn þess að tollheimta og tolleftirlit sé í sem föstustum skorðum, og á það hefur verið lögð rík áhersla, svo sem við verður komið, að hindra smygl og ólöglegan innflutning varnings. En þá verður að sjálfsögðu það að vera ljóst bæði tollgæslumönnum og gagnaðilum, þ. e. a. s. þeim, sem til landsins koma með ýmiss konar varning, hvað leyfilegt sé.“

Hæstv. þáv. fjmrh. hélt áfram og sagði:

„Þegar að því kom að ganga endanlega frá þessum reglum, kom í ljós, að ekki aðeins voru mjög vafasamar lagaheimildir fyrir mörgu því, sem þróast hefur í þessu efni, og mörgu því, sem í rauninni allir telja sjálfsagt að gildi, heldur hefur einnig þróast ýmiss konar innflutningur og það um áratugi, sem beinlínis er bannaður í lögum.“

Hæstv. þáv. ráðh. sagði einnig, í framsögu í Nd.:

„Þegar það lá fyrir, að ekki mundi verða auðið að setja þessar reglur nema þá með svo ströngum mörkum, að það er í rauninni engin von til þess, að það væri hægt að framfylgja þeim, ef það ætti að byggja á augljósum lagafyrirmælum, sem nú eru til, varð niðurstaðan, að rétt þótti að leita eftir þeirri heimild, sem felst í frv. því, sem hér er flutt til breytinga á lögum um tollskrá. En heimild þessi felur í sér, að fjmrn. geti sett reglur um tollfrjálsan innflutning ferðafólks og farmanna, er miðist við það, sem eðlilegt má telja í þessum efnum, og yrði þar þá að sjálfsögðu stuðst við alþjóðlegar venjur í því sambandi og þessar heimildir rn. takmarkist ekki af sérlögum nema að svo miklu leyti sem sjálfsagt er og eðlilegt að verði að vera vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.“

Rétt er í þessu sambandi að vekja aftur sérstaka athygli á þeim orðum hæstv. þáv. fjmrh., að heimildirnar, sem hann er að biðja hv. Alþ. að gefa sér lagastoð fyrir, takmarkist ekki af sérlögum eins og t. d. áfengislögunum, nema að svo miklu leyti sem sjálfsagt er og eðlilegt að verði að vera vegna sóttvarna og annarra öryggisráðstafana. Því liggur alveg fyrir hvaða heimild þáv. fjmrh. er að biðja um, og þeir hv. þm., sem samþykktu þessa lagabreytingu, gengu ekki að því gruflandi hvaða erindislok þeir voru að veita hæstv. þáv. fjmrh.

Mér þykir auk þess rétt að minna á að frá setningu laga nr. 102 frá 1965, um breyt. á tollskrárlögum, þar sem nefnd heimildarákvæði í 42. tölul. 3. gr. tollskrárlaga voru í lög leidd, hafa verið sett tvenn lög er snerta innflutning á áfengi. Þar á ég annars vegar við lög nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, og lög nr. 82 frá 1969, þ. e. áfengislög. Frá 1965 hafa verið gefnar út af fjmrn. fjölmargar reglugerðir byggðar á margnefndu heimildarákvæði, þar sem m. a. heimildir ferðamanna til innflutnings á tollfrjálsu áfengi hafa verið rýmkaðar. Í öllum þessum reglugerðum hafa heimildir til innflutnings á öli verið gefnar, en að vísu hingað til aðeins verið bundnar við tilteknar atvinnustéttir í landinu. Telja verður víst að öllum þm. hafi verið fullkunnugt um þau ákvæði sem giltu um tollfrjálsan innflutning farmanna og ferðamanna, og ef ætlun þeirra hefði verið sú við setningu nefndra laga um meðferð áfengis að nema úr gildi heimildarákvæði tollskrárlaganna hefði verið eðlilegt að afstaða hefði verið tekin til slíkrar breytingar með sérstökum ákvæðum í lögum um innflutning og meðferð áfengis eða við breytingar á tollskrárlögum, sem gerðar hafa verið allt frá árinu 1971 og fram á þennan dag. Það er því ljóst af því sem ég að framan hef rakið, að reglugerð sú, sem endurútgefin hefur verið nú og hefur verið gerð að umræðuefni, á sér fyllilega og fullgilda lagastoð og henni var veitt lagastoð með sérstakri lagabreytingu frá Alþ., sem hæstv þáv. fjmrh. bað Alþ. um að gefa til þess að hann gæti gefið út reglugerð þá sem dregið hefur verið í efa hvort lagastoð hafi.

Þetta vona ég að nægi sem svar við fyrstu spurningu hv. þm. um hvort sú reglugerð, sem hér um ræðir, eigi stoð í lögum. Ég var eins og hann á þeirri skoðun, að það væri vafasamt, fyrst þegar ég kynnti mér málið, en niðurstað-

an af þeirri athugun, sem fram hefur farið, sem að mínu viti er skýr og ótvíræð, er í þá átt að hér sé um að ræða reglugerð sem Alþ. hafi sérstaklega heimilað lagastoð við.

Í öðru lagi er það spurning hv. þm., hvers vegna sú ákvörðun var tekin að breyta þeim reglum sem gilt hafa í þessu sambandi, þ. e. að heimild til innflutnings á áfengum bjór væri aðeins bundin við tilteknar atvinnustéttir.

Í þessu sambandi vil ég taka fram, að það er mitt sjónarmið að í slíkum málum eigi eitt og hið sama að ganga yfir alla landsmenn. Það er óeðlilegt að takmarka heimild af þessu tagi við tilteknar atvinnustéttir, þannig að sumar atvinnustéttir þessa lands hafi heimild til slíks tollfrjáls innflutnings, en aðrar ekki. Slíkt er óeðlilegt og ég sé engin rök fyrir því að hafa slíkt misvægi í réttindum eftir atvinnustéttum. Mitt sjónarmið var því annaðhvort að afnema þessa heimild hjá öllum ellegar veita öllum atvinnustéttum hina sömu heimild.

Ég athugaði það sérstaklega að fella heimildina niður á innflutningi á áfengu öli til landsins, þannig að engin atvinnustétt, hvorki farmenn, ferðamenn né flugáhafnir, hefði slíkan rétt. En í því sambandi vil ég taka fram, að nokkru fyrir jólin kom til mín sendinefnd frá farmönnum til að bera upp mjög eindregna ósk um að réttindi þeirra til innflutnings á tollfrjálsu áfengi yrðu rýmkuð. Bentu þeir í því sambandi á að hér væri um að ræða atriði sem þeir litu á sem kjaraatriði fyrir sig, þ. e. ekki aðeins innflutningur á tollfrjálsum varningi almennt, þar með talinn innflutningur á tollfrjálsu áfengi og öli. Og þeir bentu á að á umliðnum árum hefði ítrekað verið í þann sama knérunninn höggvið, að fjmrn. hefði smátt og smátt verið að takmarka þennan rétt sem farmenn hefðu haft, sem hefði aftur á móti haft áhrif til þess að rýra þau kjör sem þeir hefðu notið. Ég féllst ekki á það erindi þeirra að rýmka innflutningsheimildirnar eins og þeir óskuðu eftir, en þeir óskuðu eftir að fá að flytja tollfrjálst inn tvær heilflöskur af sterku eða léttu víni í stað heimildar um tvær þriggja pela flöskur af slíkum drykkjum eins og þeir hafa núna. Hins vegar þóttist ég alveg vita að því yrði ekki vel tekið að margra ára hefð um atriði eins og þetta, sem farmenn telja að snerti mjög verulega kjör sín, yrði afnumin. Þar sem ég taldi það ekki vera ráð greip ég hitt úrræðið, að heimila öllum Íslendingum sama rétt án tillits til þess hvaða atvinnu þeir stunda.

Ég vona að þessi skýring sé nægjanlegt svar við spurningu nr. tvö sem hv. þm. bar fram. Ef einhver á að fá þennan tiltekna rétt er það skoðun mín að sá réttur eigi að ganga jafnt yfir alla. Ég held að við hv. þm. Helgi Seljan hljótum að vera sammála um þá grundvallarafstöðu til mála, þó svo okkur kunni að greina á um hvort sú afstaða á að ná til áfengra drykkja eða hvort áfengir drykkir eigi einir að vera þar undanskildir.

Í þriðja lagi er spurt, hvort einhver annar háttur hafi verið hafður á þessu máli en áður þegar fjmrh. hafa breytt umræddri reglugerð, t. d. hvort nú hafi ekki verið leitað umsagnar áfengisvarnaráðs, sem sé umsagnaraðili í þessu máli. Ég hef einnig aflað mér sérstakra upplýsinga um það og vil skýra frá því, að umsagnar áfengisvarnaráðs hefur aldrei verið leitað þegar reglugerðinni hefur verið breytt, m. a. ekki þegar heimildir ferðamanna til að flytja inn áfengi tollfrjálst voru rýmkaðar að því leyti til, að í stað þess að áður máttu ferðamenn flytja inn tollfrjálsa eina þriggja pela flösku af sterku víni og eina þriggja pela flösku af léttu víni, þá var ákvæðið rýmkað á sínum tíma þannig að ferðamenn máttu taka með sér eina lítraflösku af sterku víni og eina lítraflösku af léttu víni. Þá var umsagnar áfengisvarnaráðs ekki leitað, og var þó í þessu tilfelli verið að auka heimildir ferðamanna til að taka áfengi til landsins. Í engu tilviki, þegar um þessar reglur hefur verið fjallað, hefur verið leitað umsagnar áfengisvarnaráðs, enda eru verkefni og viðfangsefni áfengisvarnaráðs tilgreind í áfengislögum og lúta að framkvæmd þeirra.

Í fjórða lagi vil ég gjarnan, hv. þm. til ánægju, vona ég, skýra frá að sú afstaða mín, sem fram kemur í umræddri reglugerð, breytir ekki afstöðu minni til þess, hvort heimila eigi gerð og innflutning til sölu á sterku öli hér á landi. Ég fellst á að rétt sé að það mál, sala og framleiðsla á áfengu öli á Íslandi, hafi ýmis rök bæði með og móti. En afstaða mín hingað til hefur verið sú, að ég væri andvígur því að heimila innflutning og sölu á sterku öli hér á landi. Sú afstaða mín er óbreytt, þannig að ég er jafnandvígur því að opna nú fyrir þetta og ég hef áður verið. En menn skyldu ekki ræða þetta mál á þeim grundvelli að valið standi milli ástands, sem nú ætti að vera, að það sé ekkert áfengt öl í landi, og þess, sem um er verið að ræða, að heimila framleiðslu og sölu á áfengu öli hér. Staðreyndin er auðvitað sú, og þýðir ekkert fyrir alþm. að loka augunum fyrir því, að á Íslandi getur hver fengið þann bjór sem hann vill. Það er fast verð hér á landi á smygluðum sterkum innfluttum bjór, og þeir, sem ekki vilja kaupa slíka vöru, eiga mjög hægt með að búa sér hana til sjálfir. Það er alveg út í hött ef alþm. og aðrir fjalla um þessi mál án þess að viðurkenna þær einföldu staðreyndir. En þær breyta ekki þeirri skoðun minni, að ég hef verið og er enn mótfallinn því, að þeim ákvæðum áfengislaga verði breytt sem banna innflutning til sölu á sterku öli eða framleiðslu á sterku öli til sölu í landinu. Ég tel slíka breytingu ekki tímabæra, ég tel slíka breytingu ekki æskilega og ég tel að útgáfa þessarar reglugerðar hafi ekkert með það mál að gera.

Ég vil að lokum benda mönnum á að með breytingunni, sem var gerð á reglugerðinni um tollfrjálsan farangur ferðamanna, eru heimildir ferðamanna til innflutnings á tollfrjálsu áfengi ekki rýmkaðar, þær eru ekki auknar. Menn geta eftir sem áður komið til landsins með eina heilflösku af sterku víni og eina heilflösku af léttu víni ef þeir svo kjósa. Ef þeir gera það mega þeir ekki flytja inn áfengt öl. Menn geta hins vegar skipt á annaðhvort einni heilflösku af sterku víni og 12 ölflöskum ellegar einni heilflösku af léttu víni og 12 ölflöskum. Þeir, sem eru góðir í prósentureikningi, eins og margir Íslendingar eru, svo maður tali ekki um flokksmenn hv. fyrirspyrjanda og fljótir að reikna út prósentur, munu fljótlega komast að þeirri niðurstöðu, að ef væri miðað við áfengismagnið, sem flutt yrði inn tollfrjálst, yrðu það vond skipti fyrir áhugamenn um áfengismál, þ. e. þá menn sem áhuga hafa á að flytja mikið af áfengi til landsins tollfrjálst. Þá yrðu það slæm skipti að skipta á 12 bjórflöskum að stærð 0.33 cl og einni flösku af léttu víni. Hér er því ekki um að ræða að auka heimildir til tollfrjáls innflutnings á áfengi. Hér er ekki um að ræða að opna dyr fyrir innflutningi til sölu eða framleiðslu í landinu á sterku öli. Hér er um það að ræða að ákveðnar atvinnustéttir í landinu hafa um margra ára skeið notið tiltekinna réttinda, sem mér þótti ekki ráðlegt að afnema. En það er lífsskoðun mín að menn eigi að vera jafnir gagnvart slíkum réttindum eftir því sem framast er unnt. Hafi ein,

tvær eða þrjár atvinnustéttir þau réttindi, sem hér hafa verið gerð að umræðuefni, finnst mér réttlátt, sjálfsagt og eðlilegt að allir landsmenn, án tillits til stöðu sinnar í þjóðfélaginu eða til þess hvaða verk þeir vinna, njóti sömu réttinda.

Helgi Seljan: *Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh.* svör hans og alllanga og ítarlega ræðu, sem sannfærir mig um það eitt, að hæstv. ráðh. hefur ekki í öllu góða samvisku í þessu efni. Rök þau, sem hann flutti áðan, sannfæra mig heldur í engu, vegna þess að ég tel að áfengislögin séu ótvíræð í þessu efni og það séu þau heildarlög varðandi meðferð og sölu áfengra drykkja sem við eigum fyrst og fremst að fara eftir, þau aðallög sem eftir beri að fara, og það hef ég margítrekað á Alþ. Ég hef ekki verið einn af þeim mönnum sem hafa lokað augunum fyrir því ófremdarástandi sem hér ríkir varðandi smygl og annað því um líkt. Ég hef þvert á móti bent á það ærið oft. Ég hef t. d. bent sérstaklega á hvað hér væri allt of vægt á tekið. Ég benti einnig fyrstur manna á þá hættu sem augljóslega stafaði af því, þegar mönnum var leyft að fara að græða á því hér að flytja inn ölgerðarefni og ölgerðartæki, til hvers það mundi leiða og það mundi síðar verða notað sem ein allsherjarafsökun fyrir því, að af því að ástandið væri nú orðið svona slæmt til viðbótar við smyglið væri ekki eftir nema stíga þetta eina nauðsynlega skref til að heimila sölu og bruggun áfengs bjórs hér á landi.

Hæstv. ráðh. kom einmitt inn á eina röksemdina enn. Hann talaði fagurlega um að eitt skyldi yfir alla ganga. Mismunurinn er nefnilega áfram, nú aðeins milli þeirra sem ferðast eða ekki ferðast, og þar af leiðandi hlýtur næsta röksemd hæstv. ráðh. og fleiri slíkra, sem þannig tala, að vera sú, að nú verði allir að sitja við sama borð og nú hljóti allir að verða að njóta þess sama og þeir sem ferðast til útlanda. Þannig er verið að reyna með öllum mögulegum hætti að renna stoðum undir það, að sú alda skapist nægilega sterk að áfengur bjór verði hér seldur og bjórauðvaldið nái tökum á okkur Íslendingum eins og öðrum.

Ég hef allan skilning og samúð með kjörum farmanna svo og annarra atvinnustétta af því tagi. Ég vil þeim sem best, ekki síður en hæstv. ráðh. En það hlýtur að vera hægt að tryggja kjör þeirra með öðrum og geðfelldari hætti en með því að auðvelda þeim að eitra fyrir sjálfa sig og aðra. Lífskjör þeirra hlýtur að vera hægt að tryggja öðruvísi og betur.

Ég skal lofa því að hefja ekki almennar umr. um þetta mál utan dagskrár, því að það hefur um of viðgengist að menn spretti úr spori í þeim efnum og tali allt of lengi. En með leyfi forseta vil ég, einnig út af því sem kom fram í máli hæstv. ráðh., taka fram eftirfarandi varðandi afstöðu áfengisvarnaráðs. Það er ósköp auðskilið að hvorki hæstv. fjmrh. né aðrir fjmrh. fari í smiðju til þess ráðs og brjóti þannig það samráð, sem þeir eiga að hafa, þegar þeir eru að fara að með þeim hætti sem hann var að lýsa áðan, þegar hann taldi að hann væri svo sem ekki verri en aðrir hvað það snerti. En með leyfi forseta segir áfengisvarnaráð svo:

„Áfengisvarnaráð hefur jafnan litið svo á, að allur innflutningur áfengs öls væri ólöglegur svo og tollfrjáls innflutningur annars áfengis.

Í raun snýst málið um það, hvort áfengislög eða einhver lög önnur eiga að segja fyrir um meðferð áfengis í landinu. Rýmkun reglugerðar, sem grundvallast á öðrum lögum en áfengislögum, um innflutning áfengs öls er í algeru ósamræmi við þá áfengismálastefnu sem nú er uppi með menningarþjóðum.

Heilbrigðistofnun Sameinuðu þjóðanna beindi þeim tilmælum til aðildarþjóða á s. l. ári að reyna að minnka áfengisneyslu með auknum hömlum. Sérstaklega er varað við 1) að bæta við nýjum áfengistegundum, 2) að fjölga áfengisdreifingarstöðum, 3) að selja áfengi vægu verði (tollfríðindi).

Ef menn eru þess sinnis að álíta það forréttindi og af hinu góða að fá að kaupa áfengt öl, þá er misrétti þegnanna enn aukið með þessari reglugerð. Þeir, sem fara landa á milli, fá nú bæði ódýrt vín, sterka drykki og öl. Hinir, sem heima sitja, kaupa á „réttu" verði.

Fjmrh. hefur ekki haft samband við áfengisvarnaráð um þessi mál, enda ekki kleift að setja þessa reglugerð eftir áfengislögum. Ljóst virðist að þarna er gengið erinda þeirra afla sem vilja allt til vinna að koma áfengu öli inn í landið. Þau öfl standa annaðhvort að slíku fyrir vanvisku sakir eða vegna eigin hagsmuna og áfengisauðvaldsins í heiminum. Nú er reynt að læðast bakdyramegin á vafasömum lagagrundvelli, svo að ekki sé meira sagt."

Ég læt þetta nægja frá þessum aðila, sem ég veit að fylgist gleggst og best með þessu í landinu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Mér finnst alveg furðulegt og raunar með öllu óþolandi að ráðh., sem hefur ekki þingmeirihluta á bak við sig, skuli leyfa sér að gefa út reglugerð, sem felur í sér eins umdeilda breytingu og hér um ræðir, og raunar að Alþ. geti engum vörnum við komið nema þá að flytja hér frv. og breyta lögunum sem hæstv. ráðh. segist byggja reglugerðarbreytinguna á. Hæstv. ráðh. las upp úr umr. á Alþ. fyrir fimmtán árum og benti á að lagabreytingin þá hefði verið gerð til þess að gefa út slíka reglugerð. Það eru liðin fimmtán ár síðan. Það sýnir sig að þáv. fjmrh., Magnús Jónsson, hafði ekkert slíkt í huga, því að ef hann hefði haft eitthvað slíkt í huga, hefði hann gefið út þá reglugerð. Þetta er algerlega úr lausu lofti gripið.

Það kann vel að vera, að það sé venja að ráðh. gefi út reglugerðir og geti breytt reglugerðum. En nú situr starfsstjórn að völdum, og ég tel að slíkar stjórnir eða ráðh., sem sitja í slíkum stjórnum, eigi alls ekki að gefa út neinar slíkar breytingar eða reglugerðir, nema nauðsyn beri til svo að þjóðlífið geti gengið með eðlilegum hætti.

Það hefur stundum verið talað um siðleysi hér á Alþ.. af vissum mönnum. Það er minna rætt undanfarna mánuði að vísu. En ég vil spyrja þá, sem hafa mest talað á undanförnum þingum um siðleysi, undir hvað þetta flokkast. Ég veit ekki betur en hæstv. forsrh. hafi oftar en einu sinni og oftar en tvisvar lagt á það þunga áherslu, að það mundi ekkert verða gert af þessari ríkisstj. nema það sem yrði að gera, sem nauðsyn bæri til. Það vona flestir að þessi ríkisstj. fari frá völdum innan skamms, og því er alveg furðulegt að ráðh. skuli leyfa sér að gefa út reglugerð sem þessa. Það er verst að forsrh. er ekki inni. Ég hefði lagt fyrir hann spurningar og spurt hvort það sé — hann er þarna — hvort það sé misminni að hann hafi margsagt að þessi starfsstjórn mundi ekkert gera nema það sem nauðsyn bæri til til þess að þjóðlífið gæti gengið með eðlilegum hætti. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Telur hann raunverulega að slík reglugerðarbreyting sé þess

eðlis að nauðsyn beri til að gera hana?

Ég sé ekki annað en alþm. verði að taka sig saman og athuga þessa löggjöf og hrinda slíkri framkvæmd af höndum sér. Ég man ekki betur en að á þeim 12 árum, sem ég hef setið á Alþ., hafi þrisvar sinnum verið flutt frv. — eða kannske oftar — um að megi framleiða og selja bjór með svipuðu áfengismagni og hér um ræðir. Hvernig hefur Alþ. brugðist við í öll skiptin? Það liggur fyrir og hefur legið fyrir viljayfirlýsing Alþingis hvað eftir annað um þetta mál. Þess vegna vil ég enn og aftur lýsa furðu minni á því, að hæstv. fjmrh. skuli nota síðustu dagana, sem hann situr í ríkisstj.,til að gefa út slíka reglugerð sem þessi er.

Um málefnið að öðru leyti er ekki hægt að ræða hér, ég vil ekki gera það utan dagskrár, en þessi reglugerðarútgáfa hlýtur að leiða af sér að þessi mál komi inn í þingið á næstu vikum eða næstu dögum. Það er raunar mjög athyglisvert, hvernig þetta gerist. Áberandi maður í þjóðfélaginu ætlar að reyna að koma inn í landið áfengum bjór, og þá virðist allt fjmrn. skelfast og gefur þessa reglugerð út. Það er út af fyrir sig kapítuli sem þyrfti að athuga og ræða betur síðar.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Í fyrsta lagi verða þau rök aldrei færð fram, að þarna sé verið að mismuna annars vegar þeim, sem ferðast til útlanda, og hins vegar öðrum landsmönnum. Reglugerðin, sem hér um ræðir, er nefnilega um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna. Það misrétti verður auðvitað ávallt, að þeir, sem ekki ferðast til útlanda, fá auðvitað ekki að taka með sér tollfrjálsan varning frá útlöndum. Til þess að það sé hægt verða menn að ferðast. Þarna er því ekki hægt að rökfæra með sama hætti og ég gerði.

Í sambandi við það hvor lögin eigi að vera ráðandi þarna, áfengislögin eða tollskrárlögin, vil ég aðeins enn vekja athygli þm. á því, að þegar hæstv. fyrrv. fjmrh. óskaði eftir, að Alþ. veitti sér lagalega heimild til að ákvarða um svona hluti með reglugerðarútgáfu, sagði hann orðrétt, að tilgangurinn væri sá, að heimildir rn. takmörkuðust ekki af sérlögum nema að svo miklu leyti sem sjálfsagt er og eðlilegt að verði að vera vegna sóttvarna og annarra öryggisráðstafana. — Þannig liggur alveg ljóst fyrir af hálfu ráðh., þegar hann óskaði eftir þessari heimild frá Alþ., að hann var að biðja um að Alþ. samþykkti heimildir til rn. sem ættu ekki að takmarkast af sérlögum eins og áfengislögunum. Það Alþ., sem samþykkti þetta árið 1965, fór ekki í neinar grafgötur með að það var að veita fjmrh. heimild til að úrskurða um þetta með reglugerð, þannig að sérlög eins og áfengislögin takmörkuðu ekki reglugerðarvald hans. Það var alveg ljóst, um hvað ráðh. var að biðja, og alveg ljóst, hverju Alþ. svaraði. Að sjálfsögðu er ávallt hægt að takmarka slíkar heimildir með lagabreytingu, en í allri meðferð málsins frá 1965 hefur það aldrei verið gert. Ástæðan er mjög einfaldlega sú, að öllum þm. er ljóst að þarna var verið að veita tilteknum atvinnustéttum reglugerðarstoð fyrir hlutum sem þessar atvinnustéttir líta á sem tengdar sínum kjörum, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Afstaða mín er því aðeins sú, að það eigi eitt yfir alla að ganga án tillits til þess hvaða atvinnu menn stunda.

Það er auðvitað alveg fráleitt að ég hafi haldið því fram, að fyrir fimmtán árum, þegar þessi lagastoð var gefin, hafi það Alþ. verið að samþykkja þá ráðstöfun sem ég er að gera núna. Því hef ég aldrei haldið fram, enda væri broslegt að láta sér detta slíkt í hug. Ég er að segja að fyrir 15 árum, þegar Alþ. samþykkti þessa lagabreytingu, var það að gera það til þess að fjmrh. hefði lagastoð fyrir því reglugerðarvaldi sem hann beitti og aðrir fjmrh. hafa síðar beitt, þannig að það væri alveg ljóst að heimild rn. til útgáfu reglugerða um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum takmarkaðist ekki af sérlögum. Þessa ákvörðun tók Alþ. árið 1965, og sú ákvörðun þýðir að án tillits til þess, hvað stendur í sérlögum, svo sem áfengislögum, hefur fjmrh., hver svo sem hann er og þangað til þessum ákvæðum tollskrárlaga verður breytt, heimild til að gefa út reglugerð um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna sem víkur frá ákvæðum sérlaga. Um þetta var beðið og slíka heimild veitti Alþ. Þetta skulu menn athuga. Þetta kom mjög skýrt fram í máli þáv. fjmrh., og þessi afstaða hlýtur að liggja alveg ljós fyrir, þannig að það er ekki rétt og raunar broslegur misskilningur að ég hafi haldið því fram, að fyrir 15 árum hafi þáv. Alþ. verið að ákveða að veita mér leyfi til þess að taka þá sérstöku ákvörðun sem ég tók fyrir nokkrum dögum. Það, sem ég sagði, liggur vonandi ljóst fyrir.

Um það, hvort ráðh. í starfsstjórn hafi leyfi til að gera slíkt sem þetta, þá liggur alveg ljóst fyrir að ráðh. í ríkisstj., hvaða nafni sem hún nefnist, fer með reglugerðarvald. Því verður ekki breytt. Ég vil vitna í því sambandi til mjög merkilegrar ráðstefnu sem lögfræðingar héldu fyrir nokkrum dögum um verkefni og viðfangsefni starfsstjórnar. Það er út af fyrir sig merkilegt, þó að ég vilji ekki draga það inn í þessa umr., að niðurstaða þeirra var að umboð og skyldur starfsstjórnar væru í raun réttri nákvæmlega sömu og umboð og skyldur hefðbundinnar ríkisstj. En svo er spurningin um hvernig menn nota þær heimildir sem þeir hafa í höndum þegar þetta mál kemur upp. Mér var ljóst, að hér væri um reglugerð að ræða sem ætti stoð í lögum og var sérstaklega lögleidd, stóð í lögum fyrir, einmitt til þess að ráðh. kvæði á um þetta. Þá fylgdi ég sannfæringu minni, að fyrst einhverjum tilteknum atvinnustéttum væri veittur einhver tiltekinn réttur umfram aðrar skyldu þau vinnubrögð viðhöfð, fyrst málið kom til skoðunar, að veita öllum landsmönnum sömu réttindi án tillits til þess, hver væri staða þeirra í þjóðfélaginu, án tillits til þess, hvaða starfa þeir gegndu.

Iðnaður á Vesturlandi, þáltill. (þskj. 27). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 27 hef ég ásamt 1. þm. Vesturl. leyft mér að flytja till. til þál. um eflingu iðnaðar á Vesturlandi. Tillgr. er orðuð á eftirfarandi hátt:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um gerð áætlunar um iðnþróun á Vesturlandi."

Grg., sem fylgir till., er stutt, enda þarflaust að bæta mjög miklu við alla þá skrúðmælgi sem fram hefur komið í umr. og á prenti síðustu árin varðandi þátt iðnaðar í traustri uppbyggingu atvinnulífs á þessu landi næstu ár og áratugi. En góð vísa er aldrei of oft kveðin og ég vil því fara nokkrum orðum um það efni sem hér um ræðir.

Eins og segir í grg. er tilgangur till. fyrst og fremst að leggja áherslu á þátt iðnaðar í mótun atvinnumálastefnu næstu ára og að Vesturlandi verði tryggður eðlilegur

hluti í framkvæmd þeirrar stefnu. Í sjálfu sér er ómögulegt að segja fyrir um hvaða mynstur gildi helst í atvinnulegu tilliti, þ. e. hvaða skipting milli atvinnugreina, miðað við hin ýmsu þéttbýlisstig, ráði mestu um eðlilega þróun mannfjölda og bærilega lífsafkomu fólks í hinum ýmsu landshlutum og landinu í heild. Eitt eru menn þó sammála um, og það er að gera verði átak til þess að atvinnulífið verði fjölbreyttara en nú er. Atvinnulífið verður að sjá framtíð sína í meiri verðmætasköpun á sviðum úrvinnslunnar. Við þurfum að horfast í augu við þær staðreyndir, að til þess að halda innri og ytri styrk okkar í efnahagslegu tilliti verðum við að beina stórum hluta af þeim þúsundum einstaklinga, sem koma á vinnumarkaðinn á næstu árum, í arðbær framleiðslustörf á sviði iðnaðar. Ef við erum ekki nægilega vel vakandi fyrir þessu og áræðin eigum við á hættu að framleiðnin standi í stað eða dragist saman. En þá hrapa lífskjör um leið þegar á heildina er litið.

Ef athuguð er skipting mannafla Vesturlands kemur í ljós að samkv. ársverkum 1976 voru 21.1% við landbúnað, 11.2% við fiskveiðar, eða samtals 32.3% í frumvinnslugreinum, miðað við 14.3% á landinu öllu. Árið 1977 var þáttur frumvinnslunnar á Vesturlandi kominn rétt undir 32%, miðað við 13.9% á landinu öllu. Árið 1976 var hluti úrvinnslunar á Vesturlandi 38.5% af mannafla, miðað við 38.2% í landinu öllu. Árið 1977 var hluti úrvinnslu kominn í 39.5% af mannafla Vesturlands. Þjónustugreinar voru með 29.2% árið 1976. Sú tala lækkaði árið 1977.

Eins og áður er getið er hlutur frumvinnslugreina í heildarmannafla Vesturlands stór ef miðað er við landið allt. Hlutdeild úrvinnslugreina er mjög svipuð á Vesturlandi og á landinu öllu. Hins vegar starfa í þjónustugreinum hlutfallslega mun færri en samanborið við landsheild.

Ef atvinnugreinaskiptingin á Vesturlandi er borin saman við landsbyggðina sérstaklega er hlutdeild frumvinnslu, úrvinnslu og þjónustugreina mjög svipuð og á landsbyggðinni í heild, en að sjálfsögðu verulega frábrugðin í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

Miðað við einstök byggðasvæði í landshlutanum er augljóst að um einhæfni í atvinnulífi er að ræða, svo sem á Snæfellsnesi, í Dalasýslu og í Borgarfjarðarsýslu, svo eitthvað sé nefnt, ef frá er talin verksmiðjan á Grundartanga.

Starfsemi, sem flokkast undir annan iðnað, er fyrst og fremst á Akranesi, í Borgarnesi og í Stykkishólmi. Fiskiðnaður er aðallega á Snæfellsnesi og á Akranesi. Segja má að Borgarnes sé dæmigerður byggðakjarni fyrir staði sem byggja afkomu sína á úrvinnslu landbúnaðarvara og þjónustu við landbúnaðinn, enda var þar árið 1977 46.4% vinnuaflsins í þjónustugreinum og 52.9% í úrvinnslu.

Eitt þeirra atriða, sem knýr á að gert verði átak í eflingu iðnaðar á Vesturlandi, er óhagstæð þróun mannfjölda nú síðustu ár. Vakin skal athygli á að hlutfallsleg fækkun varð í landshlutanum frá 1975—1978 miðað við landsheild. Þar var um að ræða öfugþróun sem ekki átti sér stað í neinu öðru dreifbýliskjördæmi landsins á því árabili. Meira að segja var um beina fækkun að ræða milli áranna 1975 og 1976, enda fluttust á árunum 1976—1978 um 380 manns burt frá Vesturlandi umfram þá sem þangað fluttust. Þessi óhagstæða þróun hlýtur að bera þess vitni að ekki er allt með felldu. Enn fremur skal bent á að meðalbrúttótekjur virkra framteljenda í kjördæminu hafa allar götur síðan 1963 verið verulega undir landsmeðaltali brúttótekna. Breytingar á atvinnuþátttöku og atvinnuskipan í landinu, sem eru fyrirsjáanlegar á næstu árum, gera nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafan til að tryggja næga atvinnu og óskert lífskjör fyrir uppvaxandi kynslóð.

Gera má ráð fyrir að nokkur hlutfallslegur samdráttur verði í frumvinnslugreinum, þ. e. landbúnaði og fiskveiðum. Þjónustugreinar munu taka við nokkuð stórum hluta af auknum mannafla, en slíkt mun ekki gerast án þess að verulegur vöxtur verði einnig í úrvinnslugreinum. Þau atriði, sem ég áður nefndi, sýna m. a. þörfina á auknum atvinnutækifærum á Vesturlandi, og slíkt gerist ekki nema skipulagt átak verði gert til eflingar iðnaði í landshlutanum.

Ég hef drepið á nokkur neikvæð atriði í þróuninni að því er varðar einhæfni í atvinnulífi, mannfjölda og tekjur, en allir þessir liðir, hver um sig og ég tala nú ekki um sameiginlega, kalla á aðgerðir. Á hinn bóginn eru ýmsar þær aðstæður fyrir hendi í landshlutanum sem gefa vísbendingu um möguleika á fjölþættri iðnþróun ef hlutirnir eru skoðaðir í réttu ljósi.

Augljóst er að Vesturland er í tiltölulega góðum samgöngutengslum við stærsta markað landsins. Það er stutt í meginorkuflutningslínur, mikill jarðvarmi er þar svo og jarðvarmi er þar svo og jarðefni til iðnaðar. Ýmsar ákjósanlegar aðstæður eru þá fyrir hendi sem æskilegt væri að hagnýta og á mætti byggja, að ógleymdri frekari úrvinnslu sjávarafla og landbúnaðarafurða.

Athyglisvert er að á Vesturlandi er hlutfall fiskiðnaðar miðað við fiskveiðar hið lægsta sem þekkist á þessu landi.

Á grundvelli ályktunar Alþingis frá 1969 hefur Framkvæmdastofnun unnið að gerð Vesturlandsáætlunar frá 1974 í samráði við samtök sveitarfélaga. Árið eftir kom skýrsla um atvinnulífið á Vesturlandi og árið 1976 skýrsla um jarðefni til iðnaðar. Mikil áhersla var lögð á uppbyggingu iðnaðar í byggðaþróunaráætlun fyrir Dalabyggð, sem var fullunnin á síðasta ári. Jafnframt var gerð ítarleg gagnasöfnun á síðasta ári um stöðu atvinnulífsins á öllum þéttbýlisstöðum í landshlutanum. Á vegum Rannsóknaráðs ríkisins hefur verið unnið síðustu 20 ár að rannsóknum á möguleikum til að nýta leirnámur við Búðardal, og á vegum Iðntæknistofnunar og gosefnanefndar hafa ítarlegar rannsóknir verið gerðar á hagnýtingu perlusteins úr Prestahnúki. Í fyrrnefndum skýrslum kemur víða fram bjartsýni um möguleika perlusteins sem hráefnis fyrir iðnað. Sama er að segja um leirinn í Búðardal. Á Snæfellsnesi er mikið magn af gjalli og vikri sem nýta mætti sem hráefni til iðnaðar. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um hvernig nýta mætti þau jarðefni til framleiðslu ásamt því að vera vakandi gagnvart tækninýjungum í námuvinnslu.

Allar fyrrnefndar kannanir hafa mikið gildi sem grundvallarforsendur fyrir frekari iðnþróun á Vesturlandi. Hins vegar hefur á skort markvissari áætlanir um hvernig hugmyndum og möguleikum yrði best hrundið í framkvæmd. Þar hefur fjármagnsfyrirgreiðsla hins opinbera lykilþýðingu.

Eins og fyrr er getið hafa Akranes, Borgarnes og Stykkishólmur unnið sér sess sem iðnaðarbæir. Skipasmíðaiðnaður er þýðingarmikill fyrir Akranes og Stykkishólm. Auk þess er byggingariðnaðurinn á öllum stöðum viðkvæmur vegna sveiflna í efnahagslífi þjóðarinnar

og vegna breytinga á byggingartækni.

Mikil þörf er á eflingu þjónustuiðnaðar á vestanverðu Snæfellsnesi, þar sem leita þarf út fyrir þéttbýlisstaðina um nauðsynlegustu þjónustu, m. a. fyrir flotann. Miðað við okkar aðstæður er ekki vafi á að skipasmíðaiðnaður, bæði viðgerðir og nýsmíði, á mikla framtíð fyrir sér ef rétt er á málum haldið. Þar verður til að koma eðlileg fjármagnsfyrirgreiðsla svo og skipulag um viðhald og endurnýjun skipastólsins. Við skulum minnast þess, að frá árunum 1971—1975 fækkaði þeim um nálega 260 sem unnu við skipaiðnað í landinu. Við skulum enn fremur hafa það í huga, að u. þ. b. helmingur skipsverðs er vinnulaun, skattlögð hér heima og gjaldeyrissparnaður ef smíðað er innanlands. Hér er um milljarða að tefla.

Á liðnu sumri var unnin skýrsla um atvinnumál í Borgarnesi í samráði við Framkvæmdastofnun ríkisins, en eins og kunnugt er liggja vaxtarmöguleikar Borgarness ekki síður en annarra þéttbýliskjarna í auknum iðnaði og þjónustu. Í skýrslunni stendur eftirfarandi varðandi vanda smáfyrirtækja, með leyfi forseta:

„Íslenskur markaður er smár og því eru fyrirtæki, sem framleiða fyrir hann eða veita honum þjónustu, yfirleitt smá í sniðum. Stjórnendur smáfyrirtækja hafa tilhneigingu til að leggja aðaláherslu á einn þátt starfseminnar, þ. e. framkvæmdina, en láta aðra þætti sitja á hakanum, þ. e. stjórn fjármála og markaðsmála. Ástæðan er án efa sú, að fyrirtækin verða oft og tíðum til vegna þekkingar eigendanna á ákveðnum greinum. Stjórnun fyrirtækisins er eitt og góð fagkunnátta annað. Þetta fer stundum vel saman á einni hendi, en ástæðulaust er að líta fram hjá því, að oft er stjórnunin látin sitja á hakanum þannig að markmiðum fyrirtækisins er á engan hátt náð."

Í könnun, sem gerð var meðal fyrirtækja, kom fram að upplýsingar um tækninýjungar og verkþekkingu væru yfirleitt af skornum skammti, annaðhvort væri að upplýsingar lægju ekki á lausu eða fyrirtækin sinntu ekki þeim þætti sem skyldi. Því miður held ég að þessi lýsing sé nokkuð raunsæ á hluta þeirra erfiðleika sem iðnrekstur okkar býr nú við. En auðvitað eru vandamálin miklu, miklu fleiri. Í sem fæstum orðum má segja, að hver dundi í sínu horni án þess að hafa yfirsýn eða samhengi í öllum þáttum starfsins og án eðlilegs sambýlis við aðrar atvinnugreinar, og í mörgum tilfellum vantar forustu, stuðning og stefnumörkun opinberra aðila.

Á síðustu árum hafa miklar umræður og fjölmargar samþykktir verið gerðar um fjölbreytta atvinnuhætti í sveitum landsins. Ég lít svo á, að hverju byggðalagi komi best að hafa atvinnumöguleika sem fjölbreyttasta í efnalegu og félagslegu tilliti, miðað við þær forsendur, að það er ásetningur okkar að byggja landið allt. Og til þess að halda uppi fullri atvinnu á næstu árum og auka framleiðni þjóðarbúsins verðum við í alvöru að stíga ákveðnum skrefum til aukinnar uppbyggingar í iðnaði. Eðlilegt væri að fela Framkvæmdastofnun ríkisins gerð þeirrar áætlunar um iðnþróun á Vesturlandi, sem hér er fjallað um, en í nánu samráði við samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi. Það er von okkar flm., að Alþ. veiti þessu máli brautargengi með því að samþykkja tillöguna.

Herra forseti. Að loknum þessum hluta umræðna legg ég til að till. verði vísað til hv. atvmn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er fjallað um till. til þál. um eflingu iðnaðar á Vesturlandi. Ég vil að sjálfsögðu lýsa fyllsta stuðningi mínum við þessa till., sem hv. 3. þm. Vesturl. hefur gert glögga grein fyrir.

Í grg. er að því vikið, að með till. þessari sé annars vegar reynt að leggja áherslu á þátt iðnaðar í mótun atvinnumálastefnu næstu ára og hins vegar að tryggja Vesturlandi eðlilegan þátt í framkvæmd þeirrar stefnu. Enn fremur er rætt um að eðlilegt sé að fela Framkvæmdastofnun ríkisins gerð þeirrar áætlunar um þróun iðnaðar sem hér erum fjallað. Allt er þetta rétt. En ekkert er nýtt undir sólinni, eins og þar stendur. Það mun hafa verið á 99. löggjafarþinginu að þm. Sjálfstfl. á Vesturlandi, sem þá voru sr. Ingiberg J. Hannesson og ég, fluttu till. til þál. um þróun iðnaðar á Vesturlandi, sem ég leyfi mér að víkja að örfáum orðum af því þessar tvær till. eru náskyldar. Sú till. komst að vísu aldrei alla leið eftir þjóðbraut þingsins, ef svo má segja. Till. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hraðað verði gerð áætlana um iðnþróun á Vesturlandi til þess að treysta atvinnugrundvöll í kjördæminu, einkum þar sem atvinnuástand er ekki öruggt og þar sem iðnaður gæti fyllt upp í og skapað öryggi í atvinnu við hlið hinna hefðbundnu atvinnugreina í sjávarútvegi og fiskvinnslu, landbúnaði, verslun og hinum ýmsu þjónustugreinum."

Í grg. með till. var einnig vikið að þeim áætlunum sem gerðar hafa verið eða undirbúnar á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins um þessi efni. M. a. var bent á þá miklu þörf sem væri víða brýn og aðkallandi í hinum ýmsu dreifðu byggðarlögum landsins, sem yrðu að bíða árum saman eftir samningu áætlana um verkefni sem hrinda þyrfti í framkvæmd sem fyrst ef vel ætti að vera. Sagði m. a. í þeirri grg. efnislega á þá leið, að víða stæðu menn frammi fyrir þeirri staðreynd að ungar vinnandi hendur yrðu að flýja byggðarlög sín og fara annað í atvinnuleit til að geta skapað sér framtíðarmöguleika við sæmilegt atvinnuöryggi.

Margt hefur verið um þessi mál rætt og ritað svo sem hv. frsm. vék að í ræðu sinni hér áðan. Í niðurlagi þeirrar grg. var tekið svo til orða, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslenskt þjóðfélag er í stöðugri og hraðri mótun og hefur tekið stakkasiptum á skömmum tíma frá tiltölulega frumstæðu bændaþjóðfélagi til iðnvædds nútímaþjóðfélags, sem byggir á vaxandi tækniþekkingu og hagræðingu á ýmsum sviðum. Því er nauðsynlegt að samfara hagnýtingu náttúruauðlinda þjóðarinnar fari skynsamleg áætlanagerð um nýtingu þeirra og uppbyggingu, sem verða mun þjóðinni til sem mestra hagsbóta þegar tímar líða."

En sagan endurtekur sig. Ég hef með þessum fáu orðum bent á að hinar umræddu þáltill. tvær, um eflingu iðnaðar og iðnþróun á Vesturlandi, séu náskyldar að efni og anda. En ég vil taka það skýrt fram, að þetta rýrir á engan hátt till. þá sem hér er flutt. Gildi hennar stendur óhaggað. Þetta sýnir aðeins að hér er um mikilvægt mál að ræða, sem ekki er fullunnið, mikið land, sem enn er lítt numið.

Ég get líka getið þess hér til gamans, að fyrsta málið, sem ég talaði fyrir hér í sölum Alþ. fyrir nærfellt aldarfjórðungi, var till. um leirvinnslu í Dalahéraði, eins og hv. frsm vék að áðan.

Blómlegur iðnaður hefur að sjálfsögðu lengi verið stundaður á Vesturlandi, því er ekki að neita og á það má benda. Það má mörg dæmi nefna. Ég ætla að leyfa mér að nefna aðeins sem dæmi Akraneskaupstað, sem er nú

stærsti byggðakjarni Vesturlands. Þar má skipta atvinnulífi í þrjá meginþætti: í fyrsta lagi fiskveiðar og fiskiðnað, í öðru lagi iðnað og framleiðslu iðnaðarvara og í þriðja lagi verslun og þjónustustörf. Mun láta nærri að mati heimamanna að þessir þrír atvinnuvegir séu ámóta stórir þar í sveit.

Í Stykkishólmi munu nú vera búsettir um eða yfir 100 faglærðir iðnaðarmenn. Handaverk þeirra má víða sjá. M. a. leyfi ég mér að nefna í því sambandi félagsheimilið og hótelið á staðnum, en þar lýsa handaverkin gerst, ja, ég vil segja hverri fullkomnun iðnaðarmenn þar hafa náð í sinni grein.

Á iðnsýningu í Borgarnesi fyrir fáum árum kom margt í ljós sem vakti óskipta athygli manna, án þess því hefði fyrr verið sérstakur gaumur gefinn, liggur mér við að segja. Svo mætti lengi telja.

En eins og bent er á í grg. og víðar þarf fjölbreytt iðnaðarstarfsemi að eflast og þróast um allt Vesturland til að tengja saman og styrkja núverandi byggð, þéttbýli og strjálbýli á þessu landssvæði öllu. Þess vegna ber að fagna allri viðleitni, sem minnir á þessi mál, og sérhverri tilraun, sem miðar að því að þoka þeim eitthvað áleiðis.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Sú þáltill., sem hér er nú til umr., er einn vottur af mörgum um aukinn áhuga víða á landinu á að styðja við iðnþróun. Hún er vottur um aukinn skilning manna á því, að renna þurfi fjölþættari stoðum undir atvinnulíf okkar en tekist hefur til þessa og að því þurfi að standa með skipulegum hætti, um það þurfi að gera áætlanir og síðan að hrinda þeim í framkvæmd. Ég lýsi fylgi mínu við till., því ég tel að hún sé aðeins af hinu góða, að það verði hafin vinna fyrir atbeina ríkisstj. að gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Vesturland.

Ég held að rétt sé að fram komi hér, þó að það muni flestir hv. alþm. vita, að starfsemi af slíku tagi er í gangi í sumum landshlutanna nú þegar, og hygg ég að þar hafi kannske ekki komið formlega til frumkvæði ríkisstj., heldur hafi heimaaðilar leitað til stjórnvalda. Unnið er að iðnþróunaráætlun fyrir Norðurland fyrir frumkvæði Fjórðungssambands Norðlendinga, held ég að ég fari rétt með. Það mál var meginumræðuefni á fundi sveitarfélaga á Norðurlandi s. l. sumar, og þar lá fyrir þó nokkur vinna sem gerð hefur verið til undirbúnings iðnþróun í landshlutanum.

Af einstökum landshlutum er þessu starfi lengst komið hvað umræður snertir og vissan undirbúning á Norðurlandi. En einnig á Austurlandi er byrjuð vinna á þessu sviði, líka fyrir frumkvæði heimamanna og sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, sem hafa tekið þetta mál á dagskrá og leituðu á s. l. ári til iðnrn. um stuðning við þá starfsemi. Var sett á laggirnar stuðningsnefnd opinberra aðila við þessa starfsemi þar eystra, ekki ósvipað því og fyrir liggur varðandi Norðurland. Iðnrn. lagði þar nokkuð af mörkum og á fulltrúa í þeirri nefnd svo og stofnanir opinberra aðila, svo sem Iðntæknistofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins og Samstarfsnefnd um iðnþróun. Þarna eru því fjórir aðilar, sem tengdir eru saman, að vinna að þessum málum hver með sínum hætti. Á móti kemur svo nefnd heimamanna, sem tilnefnd hefur verið af fjórðungssambandinu eða aðilum á vegum sveitarstjórnarsambandsins eystra. Frá þessu vil ég greina til glöggvunar fyrir menn á þeirri viðleitni sem þegar er til í öðrum landshlutum.

Ég tel að af þessu starfi megi þegar nokkuð læra, það m. a., að brýnt er að lifandi áhugi sé fyrir hendi heima fyrir á verkefninu. Þó að góður sé hugur stjórnvalda gildir það um iðnað sem annan atvinnurekstur, að hann verður ekki fluttur eða færður á silfurfati frá Reykjavík út í landshlutana, heldur þarf hann — og hlýtur — að byggjast á kröftum í héraði, en jafnnauðsynlegt er að skilningur og eðlilegur stuðningur stjórnvalda komi til.

Varðandi áætlunargerð af þessu tagi er við ýmiss konar vanda að fást. Þar mætir okkur kannske fyrst sá vandi, að hér hefur ekki verið mörkuð almenn iðnaðarstefna af hálfu stjórnvalda, ekki verið afgreidd frá Alþingi. Hér var flutt á þingi s. l. vor þáltill. um iðnaðarstefnu og aftur á haustþingi, en kom raunar aldrei til umr. vegna þess að þannig stóð á þinghaldi. Í þeirri þáltill. var reynt að draga upp meginlínur varðandi æskilega iðnþróun í landinu og stuðning af opinberri hálfu við slíka iðnþróun. Ég tel brýnt, að Alþ. taki afstöðu til slíks undirstöðuþáttar sem iðnaðarstefnu af hálfu stjórnvalda fyrr en seinna, og vænti þess, að mál af þessu tagi komi inn í þingið fyrir tilstilli stjórnvalda áður en langt um líður.

Fyrir utan slíka almenna meginstefnu um iðnþróun þarf að vinna að sérstökum iðngreinaáætlunum varðandi helstu þætti iðnaðar í landinu út frá greinum séð — við getum tekið skipasmíðaiðnað sem dæmi um slíka grein — og þar er nauðsynlegt að líta á landið allt. Það þarf að vera liður í iðnaðarstefnu, að unnin sé upp slík iðngreinaáætlun fyrir meginþættina, og síðan þarf að fléttast inn í þessa uppistöðu svæðaáætlanir um iðnþróun svipað og hér er lagt til. Ég tel að það megi að vísu verða að gagni að vinna upp slíkar svæðaáætlanir, en það er trú mín að þær skili ekki fullum árangri nema búið sé að marka meginstefnu. Og ég tel að það sé á vissan hátt varhugavert að gera áætlanir um uppbyggingu iðnaðar, þ. e. meiri háttar iðnaðar, á tilteknum svæðum nema litið hafi verið yfir sviðið allt, höfð hliðsjón af því, hvaða markaðsmöguleikar liggja fyrir, ef menn eru að byggja á heimamarkaði, og möguleikar eru um útflutningsframleiðslu, hvað er á ferðinni annars staðar í landinu en á viðkomandi svæði í þessum efnum, þannig að ekki verði um að ræða að hver troði skóinn niður af öðrum eða menn lendi í kröggum vegna þess að of margir séu kannske á ferðinni í sambandi við takmarkaðan markað. Nú er ég ekki að mæla gegn því, að um eðlilega samkeppni geti verið að ræða að þessu leyti, hún getur verið af hinu góða. En þegar um verulega fjárfestingu er að ræða er nauðsynlegt að til undirstöðunnar sé vandað.

Ég efa ekki að á Vesturlandi séu margháttaðir möguleikar til iðnaðaruppbyggingar eins og víða í öðrum landshlutum, og þar er raunar nú þegar verulegur iðnaður, einnig framleiðsluiðnaður, sem um munar í þjóðarbúskap okkar. Þann iðnað, sem þarna er fyrir, er hægt að efla og ekki má gleymast, þegar talað er um áætlanir, þýðing þess að efla starfandi iðnfyrirtæki og hlúa að þeim sem best. Ég ætla ekki að fara að bæta við þá upptalningu sem hv. frsm. hefur viðhaft og fleiri sem komið hafa inn í þessa umræðu, þeir þekkja það betur en ég, en ég vænti þess, að sú till., sem hér er flutt, verði til að styðja við iðnþróun og þann iðnað sem fyrir er í þessum landshluta. Það ætti að vera auðveldara fyrir Vesturland en ýmsa landshluta, sem fjær liggja höfuðstaðnum, að hagnýta sér þá þjónustu sem er að fá í opinberum stofnunum sem styðja eiga við iðnaðarstarfsemi og eru hér í Reykjavík. En ég hygg þó að það geti verið að gagni að hugsað verði

til þess á Vesturlandi eins og annars staðar að upp rísi miðstöðvar til að styðja við þessa starfsemi í landshlutanum. Ég tel að það sé mikil nauðsyn á því t. d. á Norðurlandi og Austurlandi að slíkar miðstöðvar komi upp, sem styðji við iðnaðinn á viðkomandi svæði, eins konar þjónustumiðstöðvar sem verði tengiliðir milli meginstofnana sem styðja eiga við iðnþróun og flestar eru hér í Reykjavík eins og aðrar opinberar meginstofnanir fram til þessa.

Það hefur verið stutt að undanförnu af opinberri hálfu við iðnþróunarstarf nyrðra og eystra. Það var veittur stuðningur af aðlögunargjaldi á síðasta ári til slíkrar starfsemi. Ég vænti að eftir að hafin er vinna að iðnþróunaráætlun fyrir Vesturland verði opinberir aðilar einnig til að styðja við þá starfsemi svo sem skylt er. Hins vegar var ekki farið að tillögum sem ég bar fram sem iðnrh. varðandi stuðning við undirbúning að perlusteinsvinnslu og athuganir á möguleikum á útflutningsiðnaði á þeim grundvelli. Það hefði verið reiknað með að af aðlögunargjaldi kæmi nokkur stuðningur við athuganir sem höfðu verið undirbúnar að þessu leyti, en sú varð ekki niðurstaðan eftir stjórnarskiptin. Þar eru hins vegar kostir á ferðinni sem nauðsynlegt er að fá úr skorið fyrr en seinna hvort geti orðið undirstaða verulegs útflutningsiðnaðar. Ég hygg að miklu varði að það fáist úr því skorið fyrr en seinna. Það er svo með ýmis iðnaðartækifæri, að þau eru tímabundin, þau geta verið háð markaðsaðstæðum og menn þurfa að sæta lægi hvenær möguleikar eru fyrir hendi til að komast inn á markað erlendis. Og einmitt í sambandi við perlusteininn virtist slíkur tími kominn, að þar þyrfti að fást skorið úr um hvort möguleiki væri á í samvinnu við söluaðila erlendis að hefja þarna uppbyggingu á útflutningsgrein sem byggðist á hráefnisnámi í Prestahnjúk. Ég vænti þess að þetta tækifæri sé ekki glatað, það verði hægt að fá úr því skorið innan tíðar hvort þarna sé raunhæfur kostur á ferðinni.

En þegar litið er til iðnaðar er um fjölþættan gróður að ræða, og það greinir einmitt iðnaðinn frá öðrum atvinnuvegum, að hann er raunverulega sundurleitari og fjölþættari en annar atvinnurekstur í landinu. Það er kannske m. a. ástæðan fyrir því, að augu stjórnmálamanna hafa opnast seinna fyrir þýðingu skipulagðrar starfsemi og stuðnings af opinberri hálfu við iðnað en við eldri hefðbundnar atvinnugreinar okkar.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég fagna þeirri till., sem hér er til umr., og vænti þess, að hún standi undir nafni: „Till. til þál. um eflingu iðnaðar á Vesturlandi", að þessi áætlun um iðnaðarstefnu á Vesturlandi verði til þess að þar eflist iðnaður.

Það mun hafa verið 1969, að hér var samþykkt eða vísað til ríkisstj. till. um það, að gerð skyldi byggðaáætlun fyrir Vesturland. Síðan hefur að einhverju leyti verið unnið að athugun á gerð slíkrar áætlunar, en fljótlega komist að því, að heildaráætlun fyrir Vesturlandskjördæmi yrði erfið í vinnslu vegna þess hve atvinnuþróun og atvinnuhættir eru breytilegir í kjördæminu. Var horfið að því ráði að skipta kjördæminu í svæði, — það mun hafa verið gert að till. byggðadeildar og í samráði við samband sveitarfélaganna á Vesturlandi — því var skipt niður í svæði eftir atvinnuháttum og þróun atvinnulífs.

Það hefur komið ein áætlun frá byggðadeild í sambandi við þessa áætlunargerð og önnur mun vera í undirbúningi. Sú áætlun, sem er komin fram, er áætlun fyrir Dalabyggð. Hún nær reyndar dálítið út fyrir mörk Vesturlands, því að þrír hreppar í Austur-Barðastrandarsýslu eru líka í þeirri áætlun. Ég held að það sé ekki ástæða til þess að fara að ræða neitt um Dalabyggðaráætlun. Við þm. Vesturl. höfum lagt hér fram ályktun um hana og kemur hún væntanlega til umr. áður en langt um líður.

Áætlunargerð — hver sem hún er — er fyrst og fremst til þess að skapa markmið og leiðir til að byggja upp nýjar atvinnugreinar og styrkja þær sem fyrir eru. Slíkum markmiðum nær áætlunargerð ekki nema tryggt sé að bak við áætlunargerðina sé vilji þeirra sem ráða yfir því fjármagni sem til þarf að áætlunin verði framkvæmd, einnig að áætlunin sé í tengslum við þá stefnu sem ríkjandi er í þjóðfélaginu á þeim tíma sem hana á að framkvæma.

Ráðherrar Alþb. í undanfarandi tveim vinstri stjórnum hafa beitt sér fyrir stefnumörkun á sviði iðnaðarmála. Svo sem fram kom í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar bar hann fram hér á Alþ. þáltill. um iðnaðarstefnu s. l. vor og svo aftur í haust, og skömmu eftir að hann tók við störfum sem ráðh. haustið 1978 skipaði hann nefnd, svokallaða samstarfsnefnd um iðnþróun til þess að gera till. um iðnþróun í landinu. Sú nefnd mun hafa skilað áliti í maí s. l. Álit hennar mun hafa komið sem fskj. um svipað leyti og þáltill. um iðnaðarstefnu var lögð fram hér á hv. Alþingi.

Samþykkt slíkrar iðnaðarstefnu er mikilsverð eða jafnvel nauðsynleg undirstaða þess, að áætlunargerð lík þeirri, sem lagt er hér til að gerð verði fyrir Vesturland, komi að gagni. Sjálfsagt eru ekki skiptar skoðanir um það, að nauðsynlegt sé að efla iðnað á landinu, jafnt á Vesturlandi sem annars staðar. Talið er að iðnaðurinn þurfi að veita 5—6 þúsund manns atvinnu í nýjum störfum á næstu átta árum. Einnig er vitað að víða um land er fyrir hendi vinnuafl sem ekki nýtist við þær aðstæður sem eru fyrir hendi, og væri æskilegt að byggja upp iðnaðarstarfsemi sem gæti nýtt slíkt vinnuafl og skapað þessu fólki atvinnutækifæri.

Á s. l. vetri kannaði atvinnumálanefnd á vegum Kaupfélags Borgfirðinga, Sambands borgfirskra kvenna og Búnaðarsambands Borgarfjarðar hvað væri mikið umframvinnuafl á vinnumarkaði í héraðinu. Á könnunarsvæðinu eru um 380 heimili, en svör bárust aðeins frá 53. Á svæðinu, sem könnunin náði yfir, voru boðin fram 30—40 ársverk fullorðinna auk nokkurra ársverka unglinga. Þessi könnun bendir til þess, að víða um land sé fyrir hendi vinnuafl sem nýtist ekki við hinar hefðbundnu atvinnugreinar. Nauðsynlegt er þar af leiðandi að koma upp atvinnustöðum til þess að nýta þetta vinnuafl og skapa þessu fólki tekjumöguleika. Það verður fyrst og fremst gert með því að byggja upp iðnaðarstöðvar.

Ég minnist þess nú, að það mun hafa verið á s. l. vetri að borin var hér fram af þm. Alþb. till. um könnun á þessu sviði og fékkst samþykkt. Þessi könnun, sem Borgfirðingar framkvæmdu, náði yfir svæðið fyrir ofan Skarðsheiði að Hítará, að Borgarnesi undanskildu. Mér er ekki kunnugt um hvort slík könnun hafi verið gerð í þorpunum eða í þéttbýlisstöðunum, en það er mjög trúlegt að eitthvað svipað ástand — þó af öðrum toga sé — sé þar líka fyrir hendi, þar sé ákveðinn hópur fólks sem ekki hefur aðstöðu til að nýta sína vinnu við þær aðstæður sem þar eru. Það er hlutskipti fólks úti á landsbyggð-

inni að vinna fyrst og fremst að hinum gömlu undirstöðuatvinnuvegum, sjávarútvegi og landbúnaði, og við iðnað og þjónustu sem af þeirri starfsemi leiðir. Sjálfsagt þyrfti áframhaldandi og ný iðnaðaruppbygging að byggjast fyrst og fremst á þessum undirstöðuatvinnuvegum, en jafnframt þarf að skapa fjölbreyttari atvinnutækifæri með uppbyggingu nýrra iðnaðargreina.

Á Vesturlandi er nú fyrir hendi iðnaður af ýmsu tagi umfram þann iðnað sem tengdur er úrvinnslu og þjónustu við sjávarútveg og landbúnað. Þessi iðnaður er fyrst og fremst í Stykkishólmi, Borgarnesi og Akranesi, eins og fram kom í ræðu frummælanda, og má í því sambandi fyrst og fremst nefna iðnaðinn í sambandi við sementsverksmiðju og skipasmíðastöðvarnar. Saumastofur eru á Akranesi og Borgarnesi og trésmíðaverkstæði og ýmislegt fleira. Áform hafa verið uppi um vinnslu perlusteins, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar áðan, en það mál mun vera í biðstöðu sökum þess að ekki hefur fengist fjármagn til að halda þeim könnunum, athugunum og undirbúningi áfram. Ég hef heyrt þá sögu og sel hana ekki dýrar en ég keypti, að þeir á Akranesi, sem hafa stofnað tilraunafyrirtæki til framleiðslu á perlusteini, hafi sótt um fjármagn til þess að koma af stað vinnslu eða fá perlusteinsbrennsluofn. Svar til þeirra frá þeim stofnunum, sem þeir hafa leitað til, var að það væri grundvöllur fyrir því að fjármagn fengist ef hluthafar gætu fjármagnað að hálfu á móti því sem til ráðstöfunar yrði frá opinberum aðilum eða lánveitendum. Ég get ekki látið mér detta það í hug, hvorki í iðnaði né öðrum atvinnugreinum, að það sé möguleiki að koma af stað slíkri starfsemi sem þessari á þeim grundvelli, að lánsfé eða aðkomið fé sé ekki nema helmingur. Slíkt svar er vitaskuld ekkert annað en nei við þeim tilraunum sem þarna voru í gangi.

Eins og hv. þm. Friðjón Þórðarson benti á, hafa verið uppi ýmsar ráðagerðir um leirgerð í Búðardal, þannig að það eru uppi ýmsar hygmyndir um iðnaðarþróun á Vesturlandi, ef fjármagn og möguleikar á öðrum sviðum væru fyrir hendi. Ef sú verður raunin á, að á næstu átta árum þurfi 5—6 þúsund manns atvinnu umfram það sem nú er og einnig þurfi að skapa ný atvinnufyrirtæki miðað við núverandi ástand, gefur það auga leið að byggja þarf upp ný framleiðslufyrirtæki og efla þau sem fyrir eru. Mín skoðun er sú, að þetta þurfi að gera vítt og breitt um landið. Áætlun um iðnþróun á Vesturlandi yrði vegvísir á þeirri leið fyrir Vesturland. Hún þarf að vinnast í samráði við heimafólk, bæði sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila. Áætlunin má ekki koma í stað þeirrar byggðaáætlunar, sem verið er að vinna á Vesturlandi, heldur tengjast þeirri áætlanagerð. Sérstök iðnaðaráætlun fyrir Vesturland hlýtur einnig að tengjast mörkum iðnaðarstefnu fyrir landið allt. Með þetta í huga vona ég að hv. alþm. samþykki þessa tillögu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að um efni till. sem þessarar, um eflingu iðnaðar á Vesturlandi, geti verið nokkur ágreiningur hér í þingsölum. Hitt skyldu menn hafa í huga, þegar tillögur sem þessi eru ræddar og vonandi samþykktar, að áætlanir af þessu tagi leysa ekki allan vanda, þótt orð séu að vísu til alls fyrst.

Það hefur þegar komið fram í ræðum þeirra hv. þm., sem hafa talað hér á undan, að ýmiss konar áætlunargerð, sem m. a. snertir iðnaðarmál, er í gangi varðandi Vesturland. Það, sem auðvitað þarf að huga að í þessu sambandi, eins og hæstv. fyrrv. iðnrh. kom að í ræðu sinni hér á undan, er að slík áætlunargerð fyrir einstaka landshluta verður auðvitað í leiðinni að taka mið af heildinni, og heildariðnþróunarstefna hefur enn ekki verið mörkuð hér, því miður.

Áætlanir af þessu tagi eru vissulega gagnleg hjálpartæki, en þær eru ekki heldur miklu meira ef ekki kemur til það fjármagn sem þarf til að gera þær að raunveruleika. Þm. Vesturlands hafa flutt hér till. í tengslum við áætlun um Dalabyggð. Sú áætlun hefur legið fyrir fullmótuð um nokkurt skeið, en af framkvæmdum hefur ekkert orðið vegna þess að fjármagn hefur ekki fengist. Það er ekki til neins að gera áætlanir, þótt góðar séu, ef þær fá það hlutverk eitt að rykfalla í hillum stofnanakerfisins. Þess vegna þarf meira að koma til. Og ég hygg í þessu sambandi, þegar fjallað er um áætlunargerð í iðnaði, sem vissulega skiptir miklu, og iðnaðurinn þarf, eins og fram hefur komið, að taka við þeirri mannaflaaukningu, sem hér kemur á næstu árum, umfram aðrar atvinnugreinar, þá þarf meira að koma til en áætlanir einar. Í því sambandi hlýtur að mínu mati mjög að koma til álita, hvort ekki er rétt, nauðsynlegt og eðlilegt að taka út úr sérstaklega þau verkefni, sem þegar liggja fyrir og hægt er að byrja að vinna að, eins og perlusteinsvinnsluna, sem var lítillega vikið að áðan.

Þeir, sem hafa talað hér á undan mér, hafa gert nokkra úttekt á stöðu iðnaðar á Vesturlandi, og ég ætla ekki að fara að endurtaka neitt af því hér. Hins vegar eru svæðin og þéttbýlisstaðirnir afskaplega misjafnlega stödd í þessum efnum. Þar sem ástand hefur kannske verið einna lakast og mest er þörf á nýjungum og nýjum iðngreinum, það er í Búðardal og á svæðum þar í grennd. En þar er einmitt um þessar mundir verið að kanna ítarlega hvort ekki sé hægt að koma á fót mjög athyglisverðum nýiðnaði, sútun á selskinnum, sem einnig skapaði margvísleg önnur atvinnutækifæri ef að veruleika verður, svo sem möguleika á iðnaði úr skinnum. Einnig mætti nefna loðdýrarækt, þar sem yrði notað sem fóður það kjöt sem til fellur, og sitthvað fleira hefur verið nefnt í því sambandi.

Það má ekki gleymast í þessu sambandi, þótt talað sé um áætlanir og þær séu vissulega góð hjálpartæki, þá hlýtur gerð þeirra að taka nokkurn tíma. Þær verða að taka tillit til margra þátta, ekki eingöngu á því landssvæði, sem um er að ræða, heldur og á landinu öllu. En það má ekki verða til þess, að þau tækifæri, sem þegar eru fyrir hendi, gleymist.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem þessi þáltill. hefur fengið hér á hv. Alþ., sem sannar að áhugi alþm. er vakandi í sambandi við þessi mál, þ. e. eflingu iðnaðar. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þá skoðun, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., að nauðsyn beri til að marka ákveðna iðnaðarstefnu hér á landi, sem eftir yrði farið í aðalatriðum þegar unnið er að iðnþróun.

Í sambandi við það, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl., vil ég aðeins rifja það upp, sem við leggjum áherslu á í þeirri grg., sem fylgir þessari þáltill., um þátt Framkvæmdastofnunar ríkisins eða byggðadeildar, þar sem við segjum að unnið sé markvisst að gerð byggðaþróunaráætlana fyrir einstök byggðasvæði á Vesturlandi. Við teljum eðlilegt að fela Framkvæmdastofnun gerð þessarar áætlunar um þróun iðnaðar í landshlutanum

sem hér er fjallað um, enda er um verkefni að ræða, sem útfæra þarf í hinum almennu byggðaþróunaráætlunum fyrir einstök byggðasvæði innan landshlutans. Við leggjum einnig áherslu á að þetta sé unnið í samráði við Samband sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi. Það hefur verið stefna þeirra samtaka á liðnum árum, allt frá stofnun þeirra 1969, að stuðla að uppbyggingu á Vesturlandi á sem flestum sviðum, og það hefur verið gert á margvíslegan hátt og höfð um það náin samvinna við byggðadeild Framkvæmdastofnunarinnar.

Í sambandi við þetta mál tel ég mjög til skoðunar og raunar eftirbreytni þá aðferð sem tekin var upp í sambandi við iðnþróunaráætlun fyrir Austfirði, þ. e. að tengja saman starfsnefnd heimamanna í héraði og þá opinberu aðila sem um þessi mál eiga að fjalla. Ég tel það mjög til fyrirmyndar og að það eigi að nota í sambandi við þetta mál.

Það mætti halda langar ræður í sambandi við iðnþróunarmál almennt og þann iðnað, sem er á Vesturlandi, og þann iðnað, sem þarf að koma upp á Vesturlandi, en ég sleppi því hér. Ég vil aðeins vekja athygli á einu stóru máli, sem mikill áhugi er fyrir á Vesturlandi, og það er í sambandi við perlustein. Þetta er af mörgum fróðum mönnum talið vera mál sem þarf að reyna að hrinda fram. Hér gæti orðið um stóriðju að ræða og um öflugan útflutningsiðnað örugglega, ef rétt er á haldið. Þarna þarf að koma til stórt átak, miklar samræmdar aðgerðir bæði héraðsmanna og ríkisvaldsins. Hér er e. t. v. um stærra mál að ræða en hér hefur komið fram, og ég treysti því, að í sambandi við þá athugun, sem við væntum að verði sett í gang ef þessi þáltill. verður samþ., verði ekki hvað síst þessi þáttur tekinn sérstaklega fyrir, því að hér er um nýtt mál að ræða sem hefur vakið athygli víðs vegar um heim þar sem þetta hefur verið kynnt.

Ég vil svo endurtaka þakkir fyrir þessar undirtektir og vænti þess, að þessi þáltill. fái greiðan gang í gegnum hv. Alþingi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Ég er yfirleitt sammála því, sem hv. ræðumenn hafa sagt um þetta efni, og tek undir þau mál sem þeir hafa bryddað upp á, svo sem perlusteininn og aukna nýtingu selskinna, svo að dæmi séu nefnd. Og alveg sérstaklega vil ég taka undir orð hv. 5. þm. Vesturl., þar sem hann benti réttilega á að áætlun ein nægir ekki, ef ekki er veitt blóði í æðar hennar með fjármagni þannig að hún komist í framkvæmd.

Ég þarf að leiðrétta eitt sem ég sagði í ræðu minni áðan. Ég minntist þá á till. sem við séra Ingiberg hefðum flutt á 99. löggjafarþinginu um þróun iðnaðar á Vesturlandi. Ég sagði að þessi till. hefði ekki komist alla leið í gegnum þingið, en það er rangt. Henni var vísað til hæstv. ríkisstj. Þannig hlaut hún þinglega meðferð og hefur væntanlega orðið æðstu yfirvöldum þessara mála að leiðarljósi í mótun iðnþróunarstefnu allra síðustu ára.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aðild Íslands að Genfarbókuninni, þáltill. (þskj. 99). — Ein umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ríkisstj. hefur ákveðið að leggja fram till. til þál. þar sem farið er fram á að Alþ. heimili ríkisstj. að gerast fyrir Íslands hönd aðili að Genfarbókuninni 1979 við hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, sem gerð var í Genf hinn 30. júní 1979. Svo sem kunnugt er hefur Ísland frá 21. apríl 1968 verið fullgildur aðili að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti — The General Agreement on Tariffs and Trade — sem skammstafað er GATT og var gert hinn 30. okt. 1947. GATT, sem var einungis ætlað að vera bráðabirgðasamkomulag, hefur allt frá gildistöku hinn 1. jan. 1948 verið aðalvettvangur viðræðna um tollamál á breiðum alþjóðlegum grundvelli. Er ekki aðeins stefnt að því að lækka tolla verulega, heldur og að draga úr öðrum viðskiptahömlum og afnema mismunun í alþjóðaviðskiptum.

Genfarbókunin 1967 við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, sem gerð var 30. júní 1967 og Ísland varð aðili að á árinu 1968, var mikilvægur áfangi í átt að markmiði GATT. Var bókunin árangur mjög umfangsmikilla marghliða tollaviðræðna, sem fóru fram í Genf á árunum 1964—1967 og ganga almennt undir nafninu Kennedy-viðræðurnar. Ísland hafði orðið bráðabirgðaaðili að GATT árið 1964 og gat þá tekið þátt í þessum viðræðum, sem leiddu til lækkunar á tollum á nokkrum íslenskum útflutningsvörum, en á móti voru lækkaðir innflutningstollar á nokkrum vörum og bundnir tollar á öðrum.

Fljótlega eftir gildistöku Genfarbókunarinnar 1967 þótti ástæða til að lyfta nýju Grettistaki í alþjóðaviðskiptum. Fóru fram marghliða viðskiptaviðræður á vegum GATT á árunum 1973—1979. Viðræður þessar, sem almennt ganga undir nafninu Tokyo-viðræðurnar, hafa verið umfangsmeiri en nokkrar aðrar viðskiptaviðræður á vegum GATT. Alls tóku 99 ríki, m. a. Ísland, þátt í þeim og voru flestir þeirra aðilar að GATT. Lauk viðræðunum með gerð nokkurra alþjóðasamninga um að draga úr viðskiptatálmunum öðrum en tollum o. fl. og töku ýmissa ákvarðana. Hafa samningar þessir og ákvarðanir verið til athugunar hjá stjórnendum ríkja þeirra sem þátt tóku í viðræðunum.

Af samningum þeim, sem viðræðurnar leiddu til, varðar Genfarbókunin 1979 við almennt samkomulag um tolla og viðskipti, sem gerð var 30. júní, Ísland mestu á þessari stundu. Bókun þessi, sem gekk í gildi hinn 1. jan. 1980 gagnvart þeim ríkjum sem gerst höfðu aðilar að henni fyrir þann tíma, gerir ráð fyrir umtalsverðum tollalækkunum á grundvelli tollaívilnanalista, sem nokkrir þátttakenda í ofangreindum samingaviðræðum hafa lagt fram sem fskj. með bókuninni. Af hálfu skrifstofu GATT er lauslega áætlað, að tollar af iðnaðarvörum lækki á grundvelli þessa lista þessara þátttakenda í viðræðunum um hér um bil þriðjung eða svipað og í kjölfar Kennedy-viðræðnanna 1964—1967. Tollalækkanirnar eru þó ekki aðeins bundnar við iðnaðarvörur, heldur og landbúnaðar- og sjávarafurðir.

Í Genfarbókuninni 1979, sem hér er flutt þáltill. varðandi og er í eðli sínu náskyld Genfarbókuninni 1967, er að meginstefnu til gert ráð fyrir lækkun tolla í árlegum áföngum frá og með 1. jan. 1980 til 1. jan. 1987. Var bókunin samþykkt af Íslands hálfu hinn 18. sept. 1979 með fyrirvara um staðfestingu. Er till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að gerast fyrir Íslands hönd aðili að bókuninni lögð fyrir Alþ. nú þegar, þar eð bókunin felur í sér augljósan hagnað Íslandi til handa í formi nokkurra tollalækkana ýmissa ríkja á vörum sem Ísland flytur út.

Nánar til tekið hafa alls 18 ríki og Efnahagsbandalag Evrópu þegar lagt fram ívilnanalista sína sem fylgja bókuninni.

Þar eð umtalsverðar lækkanir hafa orðið á almennum tollum á Íslandi á síðustu árum, jafnframt því sem tollar hafa lækkað gagnvart öðrum aðildarlöndum Fríverslunarsamtaka Evrópu og ríkjum Efnahagsbandalags Evrópu, voru hinar almennu tollalækkanir Íslands á árinu 1973—1978 viðurkenndar sem framlag Íslands til tollalækkana í Tokyo-viðræðunum. Eru því tollalækkanir þær, sem felast í ívilnanalista Íslands með bókuninni, tollalækkanir að formi til, en ekki í reynd, og þarf ekki að breyta íslensku tollskránni eins og hún er í dag. Af þessu er ljóst að aðild Íslands að bókuninni mun beint eða óbeint leiða til hagnaðar vegna tollalækkana á ýmsum vörum, sem skipta okkur máli í ívilnanalistum landanna sem hér um ræðir, á grundvelli reglu hins almenna samkomulags um bestu kjör, fyrst og fremst þó þeirra landa sem teljast hvorki til Fríverslunarsamtaka Evrópu né Efnahagsbandalags Evrópu, þar sem víðtækar tollalækkanir hafa þegar verið framkvæmdar á grundvelli sérstakra fríverslunarsamninga. Meðan á marghliða viðskiptaviðræðum stóð var af Íslands hálfu lögð mest áhersla á að fá Bandaríkin til að veita lækkanir á helstu útflutningsvörum okkar þangað, og skiluðu þær tilraunir nokkrum árangri.

Sé litið á tollalækkanir, sem felast í ívilnunarlistum annarra ríkja á tímabilinu 1980—1987, má nefna, að tollur á langmikilvægustu útflutningsvöru okkar til Bandaríkjanna, frystum fiskflökum (öðrum en blokkfrystum flökum sem eru þegar tollfrjáls) lækkar úr 2.5 í 1.875 cent á pundið á þessu tímabili. Sé miðað við útflutningsmagn af frystum fiskflökum frá Íslandi árið 1978 mun tollalækkunin frá og með árinu 1987, þegar hún er að fullu komin fram, nema yfir 534 þús. Bandaríkjadölum á ári eða um 210 millj. kr. samkv. gengi eins og það er nú. Er þess að vænta, að tollalækkunin skili sér í hækkuðu verði á flökum. Munar um þessa tollalækkun á langmikilvægustu útflutningsvöru okkar. En auk þess tryggir tollalækkunarákvæðið það, að tollur á þessari vöru verður ekki hækkaður af hálfu Bandaríkjamanna.

Auk tollalækkunar á fiskflökum í Bandaríkunum lækkar tollur á óðalsosti þar úr 8% í 6.4%, á ullarpeysum úr 24% í 17% og á ullarlopa og ullarbandi úr 23.4% í 9%. Í Kanada lækka tollar á prjónafatnaði á konur úr 27.5% í 25% og auk þess m. a. á fiskmjöli úr 10% í 5%. Þá verða margar tollalækkanir á vissum vörum, sem Íslendingar flytja út til Japans, Efnahagsbandalags Evrópu, Fríverslunarsamtaka Evrópu, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands, svo sem nánar er greint frá í aths. með þáltill.

Með aðild Íslands að Genfarbókuninni 1979 er stuðlað að því, að sá augljósi hagnaður, sem Ísland hefur af tollalækkunum samkv. ívilnanalistum ofangreindra ríkja, verði raunverulegur um leið og þeir gerast aðilar að bókuninni. Hafa ríkin verið í óðaönn að undirbúa aðild sína að bókuninni og gekk hún í gildi 1. jan. 1980 gagnvart flestum þeim ríkjum þar sem tollalækkanir skipta Ísland máli. Þótt tollalækkanir þær, sem Ísland nýtur vegna aðildar að Genfarbókuninni 1979, séu ekki miklar, þar eð Ísland nýtur mikilla tollafríðinda gagnvart helstu viðskiptalöndum sínum vegna aðildar að Fríverslunarsamtökum Evrópu og viðskiptasamningsins við Efnahagsbandalag Evrópu, þá munar þó um þær, eins og áður segir, einkum í Bandaríkjunum, mikilvægasta viðskiptalandi okkar.

Hitt er og ekki lítils um vert, að á tímum mikilla efnahagslegra erfiðleika í heiminum skuli takast að gera átak til að draga úr viðskiptatálmunum, m. a. tollum, sem hafa ýmist verið afnumdir, lækkaðir eða bundnir við ákveðna prósentutölu. Með aðild sinni að Genfarbókuninni 1979 stuðlar Ísland þannig einnig að því að styrkja sameiginlegt átak þjóða við að auka frjálsræði í alþjóðaviðskiptum, en Íslendingar eru háðari þeim viðskiptum en flestar aðrar þjóðir og hafa augljósan hag af frjálsræði á því sviði.

Ég legg svo til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samvinnufélagalög, frv. (þskj. 36). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mig langar að biðja um að það sé hringt svolítið fastar, a. m. k. að samflokksmenn hæstv. forseta verði hér einhver jir staddir, þeir hafa stundum tekið þátt í umr. um þetta mál. — Úr því að það ber ekki árangur, þá skal ég byrja.

Ég flyt hér till. til þál. um ný samvinnufélagalög. Þessi till. var flutt seint á þingi í fyrra og varð ekki útrædd og er nú endurflutt. Eins og menn vita, hafa verið hér á Alþ. samþ. ný hlutafélagalög sem tóku að fullu gildi um s. l. áramót. Um íslenskan félagarétt er það að segja, að það var ör þróun í þeim efnum á fyrstu áratugum aldarinnar og gjarnan fylgdist að endurskoðun eða setning laga um hlutafélög og samvinnufélög, enda eru þessi félagaform að mörgu leyti skyld og ætti að vera kannske skyldari framkvæmd í því efni en raun hefur á orðið. En mönnum var sem sagt ljóst fyrir löngu að gömlu hlutafélagalögin frá 1921 voru ekki fullnægjandi miðað við aðstæður í dag. Sama er að segja um samvinnufélagalögin, sem eru raunar frá 1937, en að stofni til þó miklu eldri. Það er margt sem þyrfti að breyta í þeim lögum, ef samvinnufélög eiga að geta þróast með eðlilegum hætti.

Nýju hlutafélagalögin voru í undirbúningi alllengi, mörg ár. M. a. var höfð samvinna við nefndir þær sem störfuðu í Svíþjóð, Noregi og Danmörku að endurskoðun hlutafélagalaga þeirra landa, og fulltrúar héðan sátu fundi þessara nefnda í allmörg ár. Loks var svo frv. tilbúið og lagt fyrir Alþingi.

Um þessi nýju lög, sem öðluðust gildi nú um áramótin, kemst dagblaðið Tíminn svo að orði einmitt í dag, með leyfi forseta:

„Um áramót gengu í gildi ný lög um hlutafélög og féllu þá jafnframt úr gildi fyrstu íslensku hlutafélagalögin frá 1921. Í nýju lögunum eru fjölmargar breytingar og nýmæli, t. d. um stofnun hlutafélaga, hlutafé, stjórnun, endurskoðun ársreikninga, arðsúthlutun, varasjóðsskyldu, félagsslit og skráningu hlutafélaga, sem verður nú á einum stað fyrir allt landið. Hlutafélög, er stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laganna, skulu á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra samræma félagssamþykktir sínar ákvæðum laganna. Í lögunum eru fjölmörg ákvæði sem mæla fyrir um tilkynningar til hlutafélagaskrár strax eða innan ákveðins frests. Getur vanræksla á því haft ýmis óheppileg réttaráhrif, segir í frétt frá viðskrn.

Í framsöguræðu Ólafs Jóhannessonar fyrir frv. því, sem nú er orðið að lögum, gat hann þess, að stundum hefði verið haft á orði að í hlutafélögum ætti sér stað ýmis fjármálaleg misnotkun og jafvel spilling. Formið væri haft að hálfgerðu yfirvarpi og væri misnotað. Talað hafi verið um gervihlutafélög í sambandi við smáhlutafélög í eigu einstakra fjölskyldna sem tíðkast hafi bæði hér og erlendis. Af þessu hafi sumir fengið hálfgerðan ímugust á þessum fyrirtækjum. Ólafur lagði ekki dóm á hvort þetta ætti við rök að styðjast, en það drægi þó síst úr því að lögin um hlutafélög væru endurskoðuð. Frumhlutverk hlutafélagalöggjafar hefði verið að gera hlutafélagaformið að eftirsóknarverðu réttarformi fyrir atvinnustarfsemi. Upphaflega ástæðan fyrir vali þessa forms fyrirtækja væri að safna fjármagni frá mörgum aðilum á einn stað til að ráðast í atvinnurekstur sem einstaklingum væri ofviða. Hérlendis væri þó meginhluti hlutafélaga svo smár, að nauðsyn á samsöfnun fjármagns hafi tæpast ráðið vali á þessu réttarformi. Ætla mætti að sú takmörkun ábyrgðar, sem fylgdi hlutafélagsforminu, vægi oft þungt á metunum þegar þetta félagsform væri valið.

Í lok ræðu sinnar sagði Ólafur, að í frv. væri að finna mörg nýmæli og miklu fyllri ákvæði en í gildandi lögum. Með þessu væri stefnt að því að koma í veg fyrir að þetta réttarform gæti verið misnotað og enn fremur að tryggja það, að réttar upplýsingar væru fyrir hendi varðandi þessi félög, svo og um vernd minni hluta og um vernd lánardrottna.“ Hér lýkur þessari tilvitnun í Tímann.

Það er vissulega rétt, að þessi nýja löggjöf um hlutafélög er mjög merk löggjöf. Frv. sem slíkt stefndi til mikillar réttarbótar, en í meðförum Alþingis voru þó gerðar á því, ef ég man rétt, 60—70 breytingar. Höfuðbrtt. voru fluttar af fjh.- og viðskn., og mér er nær að halda að í seinni tíð hafi ekki um annað mál verið fjallað meir og ítarlegar í þingnefnd en einmitt þetta mál, því að n. héldu mjög marga fundi um málið og einstakir nm. unnu mjög mikið starf. Sannleikurinn er raunar sá, að í þessum brtt., sem Alþ. samþykkti, eru fólgin mikilvægustu ákvæði frv. og núgildandi laga, einmitt um minnihlutavernd, um bann við hömlum á meðferð hlutabréfa — sem hafa gert það að verkum að félög, sem eiga að vera opin, hafa stundum verið lokuð í raun — um margfeldis- eða hlutfallskosningar sem skylt er að viðhafa í félögunum ef lítill minni hluti krefst þess. Fullkomin lýðræðisleg löggjöf er því hér á ferðinni og opin hlutafélög eiga að geta starfað með heilbrigðum hætti, gagnstætt því sem því miður hefur orðið raunin á um mörg félög hérlendis.

Menn hafa ekki áttað sig á því enn þá, hve mikilvæg þessi löggjöf um hlutafélög er. En enginn efi er á því, að hún á eftir að bera ríkulegan ávöxt á allra næstu árum, þegar menn átta sig á að nú ber að reka hlutafélög með öðrum hætti en áður hefur verið og gæta fyllsta réttlætis og fyllsta lýðræðis. Og það ánægjulega gerðist, að full samstaða var með öllum nm. í báðum fjh.- og viðskn. Alþingis um afgreiðslu þessa máls og allra brtt. Menn vildu sem sagt í eitt skipti fyrir öll skapa grundvöll fyrir heilbrigðum rekstri hlutafélaga.

Skoðun mín er sú, að samvinnufélögin, samvinnuhugsjónin eigi skilið að fá svipaða umfjöllun, því að svo sannarlega er ekki síður þörf á umbótum í rekstri samvinnufélaga en verið hefur í rekstri hlutafélaga. Raunar hafa forustumenn samvinnufélaga gert sér grein fyrir þessu, og m. a. er vitnað til þess í grg. með till., að forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, Erlendur Einarsson, hafi þegar árið 1972 hreyft því, hver nauðsyn það væri að gera breytingar á þessari löggjöf, þótt því miður hafi frumkvæði skort af hans hálfu síðan og þeirra sem kalla sig samvinnumenn. Það hefur því miður ekkert verið gert til þess að koma hreyfingu á þetta mikilvæga mál. Ýmis hlutafélög verður nú að endurskipuleggja lögum samkv. og samvinnufélögin þyrfti svo sannarlega að endurskipuleggja líka, og þá þarf nýja löggjöf sem auðvitað yrði samin í samráði við forustumenn samvinnuhreyfingar. Ef þörf var á breytingum í hlutafélögum, þá er nauðsyn á breytingum í ýmsum samvinnufélögum.

Menn veita því kannske athygli, að í till. er talað um samvinnufélög og samvinnusambönd. Sumir halda að Samband ísl. samvinnufélaga sé samvinnufélag. Svo er ekki, það er samvinnusamband. Það uppfyllir engin þeirra meginskilyrða, sem þegar á dögum Rockdale-vefaranna voru sett fyrir því, að félag gæti heitið samvinnufélag, og það uppfyllir ekki heldur þau skilyrði, sem í íslenskum lögum eru sett fyrir því, en í 3. gr. laga nr. 46/1937 eru talin upp nokkur aðaleinkenni á skipulagi samvinnufélaga. Þar er t. d. í 1. lið sagt, að aðgangur sé frjáls fyrir alla að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Þetta er auðvitað ekki hjá Sambandinu. Atkvæðisréttur sé jafn, þannig að hver félagsmaður hafi eitt atkv. Það er auðvitað ekki heldur. Í 4. lið segir, að tekjuafgangi af ársreikningi félagsins skuli úthlutað eftir viðskiptamagni hvers um sig, og í 5. lið, að í stofnsjóð leggist sem séreign hvers félagsmanns þetta eða hitt. Þetta eru auðvitað ekki einkenni á Sambandi ísl. samvinnufélaga. Þar með er ekki sagt að það þurfi endilega að vera óeðlilegt, að samvinnusambönd séu til. Þau geta átt rétt á sér svo sannarlega og eru sjálfsagt nauðsynleg. En það verður að koma einhverju skipulagi á slíkan félagsskap og gæta þess, að þar sé þó a. m. k. einhver vottur af lýðræði og að félagsmenn í samvinnuhreyfingu hafi þar áhrif.

Ég skal ekki, herra forseti, fjölyrða um þetta mál. Ég á von á því, að þm. allir hljóti að styðja það að endurskoðun fari fram á þessari gömlu löggjöf, alveg eins og á löggjöfinni um hlutafélög, og er þess raunar fullviss, að meðhöndlun þessa máls geti orðið með sama hætti og meðhöndlun hlutafélagalöggjafarinnar, að þar geti náðst víðtæk samstaða um að tryggja það, að þetta félagsform sé á réttum stalli í þjóðfélaginu og þar ríki lýðræði og þessi félög geti blómgast til hagsbóta fyrir félagsmenn og landsmenn alla.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Grasköglaverksmiðjur, þáltill. (þskj. 28). — Frh. einnar umr.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr., fjallar um uppbyggingu grasköglaverksmiðja í Hólminum í Skagafirði og í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Flm. eru Pálmi Jónsson og fleiri þm. Sjálfstfl. á Norðurlandi.

Við umr. um málið — ég hygg að það hafi verið 29. þ. m. — tók 1. þm. Norðurl. v. til máls og gagnrýndi nokkuð tilhögun á flutningi till. Ég mun ekki taka þátt í þeim umr., læt mig raunar ekki miklu skipta hverjir hv. þm. flytja mál. Fyrir mér hlýtur málefnið sjálft og gagnsemi

þess að vera aðalatriðið. Hér er flutt nauðsynjamál og heiti ég stuðningi mínum við það.

Það hefur raunar vakið undrun mína, hversu hægt hefur gengið að þoka þessum málum áfram þrátt fyrir góðan vilja ýmissa þm. og mikinn áhuga heimamanna í hinum ýmsu byggðarlögum sem málið varðar. Hugmyndir að stofnun þessara fyrirtækja eru orðnar æðigamlar, ég hygg milli 10 og 20 ára, en undirbúningsframkvæmdum er mjög skammt komið. Þó er hafinn undirbúningur að ræktun, eins og fram kemur í grg. með till. En það eina, sem blasir við, er sundurflakandi land engum til nytja, og þannig er þetta ár eftir ár.

Ég tek það fram, svo að ekki valdi misskilningi, að með þessum orðum er ég ekki að ásaka þá ágætu menn sem að þessum framkvæmdum hafa staðið, heldur er ég að harma það hversu hægt miðar. Ég verð að viðurkenna það, að ég er ekki nægilega kunnugur staðháttum að Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu til þess að geta gert staðsetningu þeirrar verksmiðju, sem þar er fyrirhuguð, að umræðuefni. En í Skagafirði þykist ég þekkja nokkuð til, og þykir mér ólíklegt að um það verði deilt, að staðarval fyrir verksmiðju eins og hér um ræðir sé hið ákjósanlegasta á hinum fyrirhugaða stað, Hólminum. Raunar efa ég að víða á landinu séu glæsilegri aðstæður til slíkra framkvæmda heldur en þar eru.

Norðlendingar öllu fremur en aðrir landsmenn hafa á ýmsum tímum orðið fyrir barðinu á óblíðri veðráttu landsins, bæði sumar og vetur, sem óþarft ætti raunar að vera að lýsa hér á hv. Alþ., svo náin kynni sem ýmsir hv. alþm. hafa af veðurfari norðanlands og vandamálum sem því tengjast. Þó leyfi ég mér í þessu sambandi að nefna þrjú ártöl til upprifjunar, þ. e. 1963, 1968 og 1979. Því virðist mér augljóst að nauðsyn beri til að innan landsfjórðungsins séu á sem flestum sviðum og svo sem frekast er kostur gerðar ráðstafanir til þess að tryggja búsetu þar við sjó og í sveit, þó á móti blási í veðurfarslegu tilliti, og staðhæfi ég, að ef hv. Alþ. sýnir þeirri till., sem hér er til umr., skilning og tryggir henni framgang, þá sé það liður í þeirri viðleitni að tryggja búsetu í þessum landsfjórðungi.

Það er varla vansalaust fyrir ábyrga aðila í þessu þjóðfélagi — og beini og ég hér orðum mínum til hv. alþm. — að horfa á og vita af auðæfum landsins ónotuðum við fætur sér, — auðæfum sem við höfum allar aðstæður til þess að nýta, bæði hvað varðar þekkingu og orku, en hlaupa svo gráti nær til annarra þjóða biðjandi um lán til þess að geta keypt þau gæði sem við höfum ekki rænu á að rækta og nýta úr íslenskri mold. Mér virðist að doði og drungi megi ekki ríkja í þessum málum öllu lengur. Vinna verður að því án tafar, að innan fárra ára verði fóðurþörf fyrir búpening landsmanna fullnægt sem frekast er kostur með innlendu fóðri og innflutningur fóðurs fyrir búfé hverfi sem mest.

Í umræðum og ákvarðanatöku um þessi mál ætti það ekki að skipta máli, hverjar skoðanir hv. alþm. hafa á íslenskri landbúnaðarpólitík. Hér er um að ræða nýtingu á auðæfum landsins. Hér er um að ræða atvinnutækifæri fyrir íslenskar hendur. Hér er um að ræða hagsmuni þjóðarinnar allrar. Einhver, sem ekki þekkir til mála, kynni að spyrja sem svo: Eru ekki grasköggla verksmiðjur þær, sem nú starfa, með nægа framleiðslugetu fyrir landið allt, og er þörf á frekari framkvæmdum á þessu sviði? Því er til að svara, að á þessum vetri lítur út fyrir stórkostlega vöntun á þessari vöru, og svo hygg ég að verið hafi undanfarin ár. Bændur landsins eru í auknum mæli að læra að meta grasköggla til búfjárfóðurs, og er ástæða til að ætla að notkun þeirra muni fara mikið í vöxt á næstu árum, enda eigum við langt í land með að fullnægja fóðurþörf búfjár landsmanna með innlendri fóðurframleiðslu.

Þá leyfi ég mér að benda á að flutningskostnaður frá þeim grasköggla verksmiðjum, sem nú eru starfandi í landinu, norður í Húnavatnssýslur, Skagafjörð, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur er ekkert smámál. Fæstar þessar verksmiðjur — líklega bara ein — eru í nálægð sæmilegra hafna og fara því flutningar frá þessum verksmiðjum allir eða nánast allir fram með bifreiðum. Aftur á móti verða þær verksmiðjur, sem um ræðir í till., í nágrenni hafskipahafna, svo að flutningsvandamálið hvað varðar lengri leiðir innanlands og einnig hvað varðar hugsanlegan útflutning verður leysanlegt á auðveldan hátt.

Þess má geta, að á síðasta hausti var um lítils hátta útflutning á heyi að ræða til nágrannalanda og svo hefur einnig verið áður. Fyrir heyið fékkst allgott verð. Það væri því ekki fráleitt að álykta að um útflutning á grasköggum gæti orðið að ræða þegar vel áraði hér á landi og hér sé því til umr. einn þáttur útflutningsframleiðslu landsmanna. Verður mér þá hugsað til nágranna okkar, Færeyinga, Norðmanna og Grænlendinga, sem allir munu á ýmsum tímum eiga í erfiðleikum með næga heyöflun fyrir búpening sinn. En ég tek það fram, að af minni hálfu hefur engin athugun farið fram á möguleikum á útflutningi þeirrar vöru sem hér um ræðir. Við getum þó væntanlega öll verið sammála um það, að ef við framleiðum innanlands þær vörur, sem við áður þurftum nauðsynlega að flytja inn, jafngildir það útflutningsframleiðslu.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka Pálma Jónssyni og meðflm. hans fyrir tillöguflutninginn. Till. sama efnis var raunar í smíðum í mínum herbúðum, ef svo má segja, en það er annað mál. Með tilliti til þess, sem ég hef drepið hér á, og þess, sem fram kemur í grg. og fskj. með till. vænti ég þess, að hv. atvmn., sem væntanlega fær till. til meðferðar, svo og þm. allir sameinist um að gera myndarlegt átak í þessu nauðsynjamáli.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þeim hv. alþm., sem tekið hafa til máls og lýst yfir stuðningi við þetta mál. Ekki síst vil ég þakka hv. þm. Ingólfi Guðnasyni fyrir myndarleg orð og góðan stuðning við þessa till. í þeirri ræðu sem hann var að ljúka áðan.

Ég þarf í raun og veru ekki að bæta við þessar setningar neinum fleiri. Ég vil þó aðeins geta þess, að eitt ár, 1977, var svo komið að rekstrargrundvöllur þessara fyrirtækja var ekki í raun og veru til. Það var vegna þess að þá var verð á innfluttu kjarnfóðri svo lágt vegna niðurgreiðslu á þeim vörum í framleiðslulöndunum, að samkeppnisstaða grasköggla framleiðslunnar var brostin. Þetta gerðist aðeins þetta eina ár, síðan hefur verð á innfluttu kjarnfóðri aftur hækkað svo að samkeppnisstaða grasköggla framleiðslunnar er góð eins og nú standa sakir.

Ég vil aðeins ítreka þakklæti mitt til þeirra, sem hér hafa tekið til máls, og vonast til þess, að þessi till. og það, sem til þarf að koma af hálfu Alþingis til þess að þau markmið náist sem hún greinir, fái jafngóðan skilning Alþingis í heild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aldurshámark starfsmanna ríkisins, þáltill. (þskj. 50). — Ein umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Við þrír þm. Sjálfstfl. flytjum á þskj. 50 till. til þál. um aldurshámark starfsmanna ríkisins, en auk mín eru það 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, og 4. landsk. þm., Salome Þorkelsdóttir.

Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að endurskoða lagareglur um aldurshámark starfsmanna ríkisins. Skal sú endurskoðun unnin í samráði við samtök ríkisstarfsmanna og markmið hennar vera það að kanna, hvort ekki sé rétt að hækka aldursmörk þau, sem nú er miðað við, gera reglurnar sveigjanlegri svo og að setja fastari reglur um möguleika eldri starfsmanna til að gegna hlutastörfum, ýmist á sínum gamla starfsvettvangi eða í öðrum stofnunum.“

Ég vil fylgja þessari till. úr hlaði með nokkrum orðum, en henni fylgir stutt grg. á þskj. sem ég mun að nokkru leyti styðjast við.

Ýmis vandamál, sem steðja að öldruðu fólki, eru vaxandi umræðuefni í þjóðfélaginu. Heilsufar hefur farið batnandi og meðalaldur landsmanna hefur hækkað undanfarin ár. Hlutfall aldraðra af íbúatölu landsins hefur því vaxið að undanförnu. Málefni aldraðra hafa því mjög verið á dagskrá. Þau vandamál, sem aðallega steðja að öldruðu fólki, eru tvíþætt, heilbrigðislegs eðlis og félagslegs eðlis, en þó tvinnast þessi vandamál saman á ýmsan hátt.

Að því er heilbrigðisþáttinn snertir, þá eru alvarlegustu vandamálin skortur á langlegurými fyrir sjúkt aldrað fólk svo og skortur á hjúkrunar- og vistheimilum. Félagslegu vandamálin eru einnig mikil, en þau lúta einkum að skorti á viðfangsefnum fyrir aldrað fólk. Stærri sveitarfélögin skipuleggja í allstórum stíl margvíslega tómstundaiðju fyrir sína öldruðu borgara, og í því sambandi vil ég minnast á frumkvæði Reykjavíkurborgar í þeim efnum.

Eitt þeirra vandamála, sem aldrað fólk á við að glíma, er sú staðreynd, að við ákveðin aldursmörk er aldrað fólk í mjög mörgum tilvikum látið hætta störfum. Á þetta einkum við hjá ríki og sveitarfélögum. Í 13. gr. laga nr. 38 frá 1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, segir að starfsmanni skuli veita lausn er hann er 70 ára að aldri. Sambærilegt ákvæði er í lögum nr. 27/1935, um aldurshámark opinberra starfsmanna, eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 5 frá 1947, en þá var aldurmarkið hækkað úr 65 árum í 70 ár. Þessi ákvæði um aldursmörk eru því orðin æðigömul í íslenskum lögum og raunar sett við nokkuð aðrar aðstæður en nú eru. Þegar talað var um opinbera starfsmenn á þeim tíma, þá var gjarnan átt við embættismenn sem báru mikla ábyrgð, en nú eru starfsmenn ríkisins mjög margir og raunar eru þeir þverskurður af öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.

Á þessu árabili hafa orðið miklar breytingar á heilsufari og langlífi landsmanna, eins og áður var drepið á. Þróunin í meðalævilengd karla og kvenna hefur verið sem hér segir frá 1931 í mjög grófum dráttum: 1931—40 var meðalævilengd karla 60.9 ár, en kvenna 65.6 ár. 1961—60 var meðalævilengd karla 70.7 ár, en kvenna 75 ár. Á bilinu 1971—75 var meðalævilengd karla 71.6 ár, kvenna 77.5 ár, en á árunum 1975—76 var meðalævilengd karla 73 ár, en kvenna 79.2 ár. Reglan um 70 ára aldurshámarkið er frá 1947, eins og ég gat um áðan. Frá 10 ára tímabilinu, sem hófst 1951, hefur meðalævilengd karla vaxið úr 70.7 árum í 73 ár og meðalævilengd kvenna úr 75 í 79.2 ár. Þessar tölur segja að vísu ekki alla söguna um heilsufar eða starfsþrek aldraðs fólks, en eru þó nokkur vísbending um þróunina.

Ýmsir þeir, sem hafa rannsakað og fjallað um félagsleg og heilsufarsleg vandamál gamals fólks, telja að fátt sé mönnum þungbærara en að þurfa algjörlega að hætta störfum við ofangreind mörk, óháð heilsu og starfsgetu, margt gamalt fólk hreinlega hrynji saman við þau þáttaskil og það sé oft bein orsök alvarlegra heilsufarslegra og félagslegra vandamála. Mörg einkafyrirtæki hafa fyrir löngu reynt að laga sig að þessu vandamáli og setja stolt sitt í að segja engum upp vegna aldurs og leyfa starfsmönnum sínum að vinna meðan heilsa og kraftar leyfa.

Allmiklar umræður hafa farið fram um þetta vandamál í öðrum löndum. Þar vegast á tvö sjónarmið: Annars vegar þar sem atvinnuleysi yngra fólks mótar umræðuna. Þar er tilhneiging til að lækka aldurshámark og láta eldra fólk rýma störf fyrir yngra fólkið. Hins vegar þar sem hagsmunir hinna eldri eru látnir sitja í fyrirrúmi.

Nýlegasta löggjöfin, sem mér er kunnugt um, þar sem gerð er breyting í þessum efnum, eru nýleg lög sem sett voru á Bandaríkjaþingi, en 1978 var samþykkt að afnema aldurshámark stórs hluta starfsmanna sambandsstjórnarinnar eða alríkisins og hækka aldurmörk, sem áður voru 65—70 ár, fyrir allmarga aðra starfsmenn. Talið er að þessi lagasetning muni hafa mjög mikil áhrif á gildandi reglur hjá starfsmönnum einkafyrirtækja þar í landi svo og á ákvæði um hámarksaldur í samningum verkalýsfélaga.

Í Noregi er almenna reglan 70 ár. Hins vegar er heimild til framlengingar, fyrst um tvö ár og síðan um eitt ár í senn, allt til 75 ára aldurs, en ekki lengur. Annars staðar í nágrannalöndunum virðist aldurshámark enn lægra eða á bilinu frá 60—70 ára, þrátt fyrir vaxandi umræður um hækkun.

Hjá Reykjavíkurborg hefur aðalreglan verið sú, að starfsmenn yrðu að hætta í síðasta lagi um næstu áramót eftir að þeir yrðu 70 ára, en þá á ég við þá starfsmenn sem starfa samkv. samningum opinberra starfsmanna. Nokkuð aðrar reglur hafa gilt varðandi þá sem starfa eftir kjarasamningum á hinum almenna launamarkaði. Þessari reglu hefur verið framfylgt nokkuð stranglega og undantekningar frá henni eru mjög fáar.

Á s. l. vetri fluttu borgarfulltrúar Sjálfstfl. till. í borgarstjórn þess efnis, að reglur Reykjavíkurborgar um þetta efni yrðu endurskoðaðar. Sú till. var samþykkt. Nefnd hefur verið að fjalla um þetta mál, og vinnur hún sín störf í samráði við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Nefndin hefur ekki lokið störfum og því of snemmt að skýra frá niðurstöðum þar, en umræður þar ganga út á að gera verklok sveigjanlegri en nú tíðkast, þ. e. að menn geti létt af sér störfum að hluta fyrr en nú, t. d. við 65 ára aldur, og fengið lífeyri úr lífeyrissjóði að hluta, en starfað áfram með launum eða hluta, ennfremur að menn eigi kost á að starfa áfram eftir 70 ára markið. Tilgangurinn er sem sagt að gera verklok eldri starfs-

manna sveigjanlegri, auðveldari fyrir hvern einstakling og skapa mannlegri reglur en nú gilda um þetta efni.

Varðandi hinar ýmsu ríkisstofnanir munu eitthvað sveigjanlegri reglur gilda hjá ríkinu. Menn þurfa að láta af starfi 70 ára, en a. m. k. hjá sumum stofnunum eiga ríkisstarfsmenn kost á að ráða sig áfram sem lausráðnir starfsmenn, oft samkv. tímakaupi. Þetta er þó mjög misjafnt eftir stofnunum og þarf að samræmast þannig að eitt sé látið yfir alla ganga í því efni.

Ég legg áherslu á að hér er fyrst og fremst um að ræða aukinn rétt starfsmanna, annars vegar til að létta af sér störfum fyrr en nú tíðkast án þess að tekjur missist, því að lífeyrissjóður kemur þá á móti þeim launagreiðslum sem skerðast, en hins vegar rétt starfsmanna til að vinna áfram eftir 70 ára aldur. Það getur einnig komið sér vel fyrir viðkomandi stofnanir að nýta reynslu og þekkingu eldri starfsmanna. Ég þekki mörg dæmi um það, t. d. frá Reykjavíkurborg, að stofnanir hafa óskað eftir því, að 70 ára starfsmenn fái að halda áfram, en það hefur verið erfitt að fá því framgengt vegna þess hversu aldurshámarksreglunni hefur verið stranglega framfylgt þar. Hér skiptir eðli starfans að sjálfsögðu miklu máli.

Till. þessi er flutt til þess að koma umræðu af stað um þetta efni hjá ríkinu og felur í sér að ríkisstj. láti endurskoða lagareglur sem um þetta gilda. Ég legg áherslu á nauðsyn samráðs við samtök starfsmanna ríkisins og þá væntanlega fyrst og fremst samráð við BSRB.

Herra forseti. Að svo mæltu vil ég leggja til að þegar þessum hluta umræðunnar lýkur verði þessari till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisstofnunum, þáltill. (þskj. 107). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 4. landsk. þm., Salome Þorkelsdóttur, að flytja á þskj. 107 till. til þál. um sveigjanlegan vinnutíma hjá ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum. Með leyfi forseta hljóðar þáltill. á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að

1) láta kanna, að hve miklu leyti sé hægt að koma við sveigjanlegum vinnutíma starfsmanna ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana og

2) koma slíkri vinnutilhögun á, þar sem slíkt þykir henta."

Í upphafi grg. segir: „Þessi ályktunartillaga var áður flutt á 100. löggjafarþinginu, en náði þá ekki fram að ganga. Flm. voru Friðrik Sophusson og Ragnhildur Helgadóttir. Í grg. sagði þá nánast orðrétt:

Í stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl. um efnahagsmál, sem kynnt var fyrir skömmu, er í kaflanum um kjaramál komist svo að orði m. a.: „Kaupmáttur á vinnustund verði aukinn með sveigjanlegum vinnutíma, starfshvatningu og hagræðingu."

Með stefnuyfirlýsingunni um sveigjanlegan vinnutíma leggur Sjálfstfl. áherslu á mikilvægi þess að vinnutilhögun taki sem mest tillit til mismunandi einkaaðstæðna starfsfólks. Þessari þáltill. er ætlað það hlutverk að leggja til við stjórnvöld að þau færi sér í nyt kosti sveigjanlegs vinnutíma, þar sem það þykir henta, þegar tekið er tillit til þjónustuhlutverks stofnana og fyrirtækja annars vegar og haft hefur verið samráð við starfsmenn og stjórnendur þeirra hins vegar"

Ég þarf ekki að fjölyrða mikið um það mál sem hér er til umr. Það urðu um þetta umr. á 100. löggjafarþinginu og þeir, sem þar töluðu, voru á einu máli um ágæti þess. Það er viðurkennt, að kjör manna fara ekki eingöngu eftir launum fyrir þau störf sem unnin eru, heldur einnig eftir aðbúnaði, — aðstæðum og tilhögun allri er varðar vinnuna og vinnustaði.

Svo er komið, að ný fræðigrein er til orðin, sem safnar saman úr mörgum öðrum ýmsum upplýsingum sem snerta vinnuna. Þessi fræðigrein, sem er sjálfstæð, kallast á erlendum tungumálum ergonomina. Það má segja að það, sem hér er til umr., sé lítill hluti af þeirri umr. og þeirri þróun sem átt hefur sér stað víðast í nálægum löndum.

Það er athyglisvert í þessu sambandi, að þróunin varð þó ekki á sama veg hér í þessari álfu annars vegar og í Norður-Ameríku hins vegar. Þar var lögð áhersla á fjögurra daga vinnuviku í stað þess að leggja áherslu á sveigjanlegan vinnutíma. Sú þróun átti sér stað til skamms tíma þegar viðhorf breyttust í Bandaríkjunum. En nú er svo komið, að Bandaríkjamenn hallast frekar að frjálsum og sveigjanlegum vinnutíma í stað þess að leggja fyrst og fremst áherslu á stutta vinnuviku. Þetta kemur fram í ýmsum tölum sem birst hafa í tímaritum og fjalla um vinnumálefni.

Í framsöguræðu minni á 100. löggjafarþinginu gerði ég ítarlega grein fyrir ýmsum rökum og gagnrökum í þessu máli, og ég tel enga ástæðu til þess að endurtaka hér þau atriði. Till. er auðvitað fyrst og fremst tilraun til þess að kynna þau sjónarmið, sem hér eru á ferðinni, benda á reynslu þeirra fyrirtækja, sem þegar hafa tekið slíka vinnutilhögun upp, og láta kanna, hvort hægt sé að koma þessari tilhögun við hjá ríkisfyrirtækjum og stofnunum, en að sjálfsögðu er ekki hægt að gera kröfur til þess, að ríkisvaldið þvingi aðra til að taka upp þessa ráðabreytni.

Ég vænti þess, að í meðförum nefndar verði þetta mál kannað ítarlega, og þá gefst tækifæri til frekari umræðna. Að þessu loknu legg ég til að málið verði sent til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 31. fundur.

Mánudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 115, n. 135). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Á þskj. 135 kemur fram að fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta mál og leggur til að frv. verði samþykkt, en þrír nm. voru fjarverandi afgreiðslu málsins. Sú skoðun var ríkjandi í n., að fylgja ætti þeirri grundvallarreglu að Alþingi annaðist sjálft mál af þessu tagi í því skyni að styrkja og efla sjálfstæði þess sem stofnunar, en ekki væri farið með þessa kjarasamninga eins og samninga annarra opinberra starfsmanna. Í trausti þess, að samþykkt þessa frv. verði til að greiða fyrir samningum í þessari stofnun við hið ágæta starfsfólk sem hér starfar, leggur n. til að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 32. fundur.

Mánudaginn 4. febr., að loknum 31. fundi.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 115). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 126). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Í apríl 1978 mælti þáv. heilbr.- og trmrh., Matthías Bjarnason, fyrir frv. til l. um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands sem síðar varð að lögum nr. 74 frá 1978. Með lögum þessum var komið á fót sérstakri stofnun, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, og var henni falið að annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja og enn fremur að annast sjúkdómsgreiningu málhaltra og halda skrá yfir alla landsmenn sem væru heyrnarskertir og málhaltir. Sé ég ekki ástæðu til þess að tíunda það sem fram kom við umræður á Alþ. í apríl og maí 1978, heldur vísa ég til þess ef þingmenn vildu kynna sér það nánar.

Þrátt fyrir góða viðleitni verður því ekki neitað, að lögin nr. 74 frá 1978, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, urðu nokkuð hraðsoðin, enda afgreidd í miklum flýti. Var hér um brýnt mál að ræða, sem æskilegt þótti að veita afgreiðslu þótt stuttur tími gæfist til þess. Samkv. núgildandi lögum rekur ríkið stofnunina og greiðir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins 90% rekstrarkostnaðar, en sveitarfélögin 10%. Var þetta gert í samræmi við þær reglur, sem sjúkratryggingadeildin greiddi eftir til sjúkrahúsa, auk þess sem sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar hafði greitt allan þann kostnað sem ríkið greiddi vegna heyrnartækja og annarra hjálpartækja fyrir heyrnarskerta.

Nú hefur komið í ljós að þetta er ákaflega erfitt í framkvæmd. Samband ísl. sveitarfélaga hefur lýst yfir óánægju með þessa skipan mála, og enn fremur hafa aðrir aðilar lýst yfir óánægju út af þessu sérstaklega. Samkvæmt lögunum var ætlast til að ríkið ætti stöðina, þannig að eignaraðild og rekstraraðild fóru ekki saman. Með hliðsjón af fenginni reynslu tel ég eðlilegast að rekstur stöðvarinnar verði alfarið í höndum ríkisins, þannig að eignaraðild og rekstraraðild fari að fullu saman. Það er fyrst og fremst vegna þessa sem frv. þetta er fram komið, auk þess sem með því er reynt að leiðrétta nokkrar misfellur í gildandi lögum og jafnframt reynt að bæta úr öðrum vegna fenginnar reynslu.

Aðrar breytingar eru þær helstar, að lagt er til að úr stjórn stofnunarinnar hverfi fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga, þar sem þau eiga ekki lengur hlut að máli verði frv. þetta að lögum. Í stað þeirra er lagt til að Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra og félagið Heyrnarhjálp tilnefni einn fulltrúa hvort í stað eins sameiginlega og enn fremur að Heyrnleysingjaskóli Íslands tilnefni einn. Yrðu fulltrúar í stjórn stofnunarinnar því jafnmargir og áður. Má segja að hér sé um að ræða viðleitni í þá átt að auka áhrif hagsmunaaðila á stjórn stöðvarinnar.

Veigamikið nýmæli er að finna í 5. gr. frv., en þar er lagt til að stofnunin annist útvegun á þeim hjálpartækjum sem yfirlæknir hennar úrskurðar nauðsynleg. Nú úrskurðar Tryggingastofnun ríkisins, þ. e. tryggingayfirlæknir, slíkt. Ég sé enga ástæðu til að halda í þetta fyrirkomulag þegar ríkið hefur sett á laggirnar sérstaka stofnun einmitt í þeim tilgangi að sinna þessum málum í heild. Gildandi lög gera ráð fyrir því, að við stofnunina starfi sérstakur yfirlæknir, sérmenntaður í heyrnarfræði, og að hann skuli annast faglega stjórn stofnunarinnar. Er miklu eðlilegra að þessi læknir, sem hefur til þess sérmenntun, ákveði hverjir séu þurfandi fyrir heyrnartæki og önnur hjálpartæki. Á þennan hátt mundu sparast nokkrar upphæðir þar sem vottorð yrðu í þessu tilviki óþörf, svo ekki sé minnst á það hagræði sem slíkt hefði í för með sér fyrir alla sem þurfa að leita til stöðvarinnar. Nú er þessu t. d. þannig háttað, að gefa verður út vottorð, sem kostar rúmar 1700 kr. hvert, til þess að fá rafhlöður í heyrnartæki þar sem rafhlöðurnar kosta ekki nema um 1000 kr. Á grundvelli þessara vottorða metur Tryggingastofnun ríkisins hvort viðkomandi sé í þörf fyrir hjálpartæki. Þátttaka ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja er allmikil og fá vissir hópar tækin greidd að fullu. Á sama hátt fá þessir aðilar öll vottorð greidd þannig að þessi vottorðakostnaður lendir hjá ríkinu. Gróft reiknað nam þessi kostnaður tæpum 2 millj. kr. á s. l. ári samkv. upplýsingum Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar, en þar sem fleiri aðilar úthluta slíkum tækjum, sérstaklega félagið Heyrnarhjálp, er kostnaðurinn samanlagður nálægt 3 millj. kr. Er hér um óþarfakostnað að ræða.

Annað nýmæli er að lagt er til að ráðh. fái vald til að

setja reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnardaufa og málhalta. Í dag fer tryggingaráð með þetta vald samkv. almannatryggingalögum, tryggingaráð tekur ákvarðanir um það, að hve miklu leyti hið opinbera taki þátt í kostnaði vegna slíkra tækja.

Þótt stöðinni sé skipuð sérstök stjórn valinna aðila, sem eiga að hafa sérþekkingu á þessum málum, hefur hún engin áhrif á þessi mál. Má reyndar færa sömu röksemdir fram fyrir þessu nýmæli og gert er hér að framan í sambandi við yfirlækni stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að stjórn stöðvarinnar geri tillögur um þátttöku ríkisins í þessum kostnaði, og jafnframt er gert ráð fyrir að stöðin sjálf annist allar greiðslur fyrir hönd ríkisins í stað sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Á þennan hátt yrðu öll mál, er tengjast starfsemi stöðvarinnar, á einni hendi undir beinni yfirstjórn ráðh. Fjárframlög ríkisins vegna þátttöku í slíku yrðu því að færast frá sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins yfir á Heyrnar- og talmeinastöðina. Kostnaður ríkisins vegna þessarar þátttöku nam á s. l. ári 59.3 millj. kr. Nái þessi breyting fram vinnst ekki bara það sem ég sagði hér að framan, heldur mun álag á starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins minnka, því töluverð vinna er að fara í gegnum öll þau vottorð og þá pappíra sem þessum málum fylgja og koma jafnvel frá stöðinni sjálfri.

Önnur nýmæli, sem einnig er vert að geta, eru þau að lagt er til að ráðh. sé heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu á vegum stöðvarinnar að fengnum tillögum stjórnar hennar. Hér er lagt til að ótvíræð lagaheimild finnist við töku gjalda svo ekki komi til deilna um slíkt. Það er ekki óeðlilegt að tekið yrði svokallað göngudeildargjald á stöðinni, þó innan þeirra marka að allir þeir aðilar, er hefðu ókeypis tæki eða fengju þau greidd að hluta til, þyrftu ekki að greiða neitt. Ég vil undirstrika það, að hér er eingöngu, eins og ég sagði áður, um að ræða ótvíræða lagaheimild fyrir töku slíks gjalds, þar sem mjög hefur verið á reiki á öðrum stofnunum hvernig beri að standa að slíkum málum.

Að lokum vil ég geta nýmælis eða réttara sagt breytingar sem lagt er til að sett verði inn í lögin, en hún er þess efnis, að lagt er til að fellt verði niður ákvæði um að stofnunin skuli hafa aðsetur í Reykjavík og að ráðh. sé heimilt að stofna deildir í stærstu kaupstöðum landsins þegar fé er veitt til slíks á fjárlögum. Það er í sjálfu sér óraunhæft að kveða á um aðsetur í Reykjavík, enda er þessari stofnun ætlað framtíðarhúsnæði í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans, en af því verður ekki á næstu árum. Hins vegar hefur stofnunin fengið aðsetur í Reykjavík. Hún er reyndar í dag í húsakynnum Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík, en mun nú innan tíðar flytjast í eigið húsnæði þar sem henni verður gert kleift að starfa við allgóðar aðstæður.

Hvað snertir stofnun deilda í stærstu kaupstöðum landsins, þegar fé er veitt til slíks á fjárlögum, vil ég segja að miklu raunhæfara er að koma slíku inn á þær heilsugæslustöðvar sem nú rísa víða um landið, enda eru ákvæði um heyrnarvernd í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57 frá 1978, þ. e. 1. tölul. 19. gr. þeirra laga, en þar fellur hugtakið heyrnarvernd undir heilsuvernd.

Mér er kunnugt um að stjórn stöðvarinnar hefur þegar hafið samvinnu við heilsugæslustöðvar úti á landi í þessum tilgangi. T. d. mun frá 1. febr. n. k. hefjast skipulegt starf við Heilsuverndarstöðina á Akureyri hvað snertir heyrnarmælingar og úthlutun heyrnartækja.

Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um efnisatriði þessa frv. Ég vil hins vegar geta þess sérstaklega, að ákveðið var að leggja fram heildarfrv. þar sem breytingarnar og leiðréttingarnar eru nokkuð veigamiklar og taka nokkurt rúm í prentuðu máli. Að öðru leyti vísa ég til frv. sjálfs og aths. við það. Ein misfella er í frv., þ. e. í síðasta málslið 1. gr., en þar eru nefndir heyrnar- og uppeldisfræðingar. Hið rétta er heyrnar- og taluppeldisfræðingar. Bið ég um að þetta verði leiðrétt í nefnd.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og trn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 108). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 108 hef ég ásamt hv. þm. Agli Jónssyni og hv. þm. Tómasi Árnasyni leyft mér að flytja litla brtt. við lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 57 20. maí 1978, þannig að á Eskifirði verði H2 stöð. Það er H1 stöð sem þar er nú. Það er eina efni frv.

Skipting í H1 og H2 stöðvar var á sínum tíma mjög umdeild. Urðu þá þegar nokkur frávik frá þeirri höfuðreglu sem sett var. Því þykir rétt að láta reyna á það nú, hvort á því getur orðið breyting, þar eð þannig er ástatt með íbúafjölda á heilsugæslusvæðinu Eskifjörður, Reyðarfjörður, Helgustaðahreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar að íbúafjöldi er nákvæmlega á þeim mörkum sem miðað var við í upphafi, þ. e. að svæði með íbúafjölda undir 2000 fengu ekki H2 eða tveggja lækna stöðvar, en þau svæði, sem voru með yfir 2000 íbúa, náðu því marki að verða tveggja lækna stöðvar. Þetta svæði er núna rétt í jaðrinum með milli 1900 og 2000 íbúa. Á báðum þéttbýlisstöðunum fer fólki fjölgandi, og reikna má með að það geti orðið þegar á næsta ári að íbúatalan nái þessu marki.

Á svæðinu hefur, allt frá því að lagafrv. um heilsugæslu fyrst kom fram, verið mikill áhugi á að læknar yrðu tveir, ekki síst á Reyðarfirði þar sem íbúar eru á áttunda hundrað. Upphaflega var ráð fyrir því gert að þarna yrði um H2 stöð að ræða eða tveggja lækna stöð, en þá yrði svæðið stærra og næði allt suður á Fáskrúðsfjörð. Á því varð svo breyting. H1 stöð varð á Fáskrúðsfirði, sem betur fór, en það varð til þess að við á Eskifirði og Reyðarfirði náðum ekki fyrrgreindum mörkum og þar varð aðeins eins læknis stöð.

Um þetta hafa verið flutt tvö frv. Fyrst var það flutt sem brtt. við heilsugæslulögin, þegar þau voru til almennrar endurskoðunar í þinginu 1978, af 1. flm. nú og hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni. Þá var till. naumlega felld hér í deildinni. Á þinginu 1978—1979 var frv. flutt eins og það er núna og var Vilhjálmur Hjálmarsson þá meðflm. 1. flm. nú.

Ég vil aðeins segja um málið nokkur almenn orð.

Með löggjöf um heilbrigðisþjónustu var brotið í blað í heilsugæslumálum landsbyggðarinnar. Aðalmarkmið löggjafarinnar var að tryggja fyrirbyggjandi aðgerðir, nægilega örugga heilsugæslu hvarvetna til að koma í veg fyrir sjúkdóma. Myndarleg átök hafa svo verið gerð í krafti þeirrar löggjafar víða um land.

Læknaskortur á landsbyggðinni, öryggisleysi í heilsugæslumálum er einn erfiðasti byggðavandinn. Þar duga engin einhlít lagafyrirmæli. Samræmt átak hvað snertir uppbyggingu hefur víða verið gert, víða komið að tilætluðum notum, en allt of víða er enn búið við óviðunandi aðstæður, enn er öryggisleysið allt of víða algert eða svo til. Heilbrigðisyfirvöld á hverjum tíma hafa þó vissulega unnið vel og óefað ekki legið á liði sínu að koma málum í viðunandi horf.

Fyrst á eftir virtist nokkuð rofa til í læknamálum, en aftur hefur svo sigið á ógæfuhlið. Það eru fyrst og fremst H1 stöðvarnar, og þá þær sem við lakasta aðstöðu búa og í mestri einangrun eru, sem harðast hafa orðið úti. Þar má nefna dæmi frá Vestfjörðum alveg sérstaklega, og eystra er það Djúpivogur sem sker sig úr og þar ríkir nú ófremdarástand sem úr verður að bæta hið bráðasta.

Við flm. þessa frv. vitum vel að hægara er um að tala en úr að bæta. En svo sem segir í nýlegri samþykkt þar austur frá á sameiginlegum stjórnarfundi kvenfélaganna á þessu svæði öllu, sem haldinn var í Hamraborg 11. jan. 1980 eða alveg nýlega, þ. e. á öllu heilsugæslusvæði stöðvarinnar á Djúpavogi, „þá er óhjákvæmilegt að bregða hér skjótt við og leita allra möguleika.“ Á þetta verður að minna nú þegar rætt er um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu almennt.

Til að ítreka þetta tel ég rétt nú að lesa áskorun til ráðamanna, — áskorun þá til hæstv. heilbr.- og trmrh. sem ég er með undir höndum og við þm. höfum fengið, svo hún fáist inn í þingtíðindi og til áherðingar á úrlausn ef á væri nokkur kostur. — Raunar hef ég í hyggju að flytja ásamt meðflm. mínum að þessu frv., frv. um vanda H1 stöðvanna og mögulega úrlausn á þingi sem sérstakt þingmál, því að eitthvað verður að gera til viðbótar við þá annars ágætu löggjöf sem við búum við í þessum efnum. En samþykktin austan af Djúpavogi hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fundurinn beinir þeirri eindregnu áskorun til heilbrrh., landlæknis svo og þm. Austurl., að þeir beiti áhrifum sínum til að bætt verði úr því ófremdarástandi sem ríkir í heilbrigðismálum Djúpavogslæknishéraðs, þar sem héraðið hefur verið læknislaust meira og minna s. l. tvö ár. Því hefur verið þjónað frá Höfn og Fáskrúðsfirði og þar sem um svo miklar vegalengdir er að ræða er það háð færð og veðráttu hverju sinni hvort við fáum lækni einu sinni í viku eða ekki. Hvorki er hjúkrunarfræðingur né ljósmóðir í þrem hreppum af fjórum í læknishéraðinu. Við teljum það höfuðforsendu til að þessir staðir séu byggilegir að bætt verði úr þessu neyðarástandi hið bráðasta með því að ráða lækni og hjúkrunarfræðing í héraðið strax og veitt verði fjármagn til bættrar heilbrigðisþjónustu, svo sem byggingar heilsugæslustöðvar á Djúpavogi. Okkur finnst við vera aftarlega á blaði með fjármögnun til þeirra framkvæmda. Það er von okkar að bætt verði úr þessu neyðarástandi hið allra fyrsta.“

Undir þetta skrifa formenn þessara kvenfélaga: Sigurrós Ákadóttir, Anna Antoníusdóttir og Guðríður Gunnlaugsdóttir.

Þetta kann að virðast útúrdúr frá aðalefni frv., en í grg. þess er sagt flest það sem segja þarf og ég hef þegar komið inn á þau vissu atriði sem eru höfuðrök okkar fyrir málinu, að íbúafjöldinn á þessu svæði er alveg við þau mörk, sem við hefur verið miðað varðandi það að fá tveggja lækna stöðvar, og eins þá miklu nauðsyn sem það er fyrir Reyðfirðinga alveg sérstaklega og aukna öryggi ef þarna kæmi tveggja lækna stöð og annar læknirinn yrði búsettur á Reyðarfirði, svo sem okkur flm. þykir sjálfsagt ef lagabreytingin nær fram að ganga.

Bæði á Eskifirði og Reyðarfirði er aðstaða fyrir lækni í lágmarki, einkum þó á Reyðarfirði þar sem bráðlega þarf verulega úr að bæta. Rétt er og skylt í þessu sambandi að geta um þá miklu bót sem á varð fyrir Reyðfirðinga þegar þangað fékkst hjúkrunarfræðingur í hálft starf, sér í lagi vegna þess að þar er um að ræða einstakan aðila sem sinnir ekki aðeins beinum skylduverkum, heldur er í raun ætíð viðbúin. Hefur reynst ómetanlegt fyrir byggðarlagið að eiga völ á svo frábærri þjónustu sem núverandi hjúkrunarkona þar hefur veitt. En vitanlega er ekki á neinu öruggu að byggja varðandi þá ágætu manneskju. Við vitum ekki hvað lengi okkur helst á henni austur þar. Og þar er ekki um nema hálft starf að ræða og áreiðanlega ekki auðvelt að fá einhvern til að koma þangað austur aðeins til að gegna hálfu starfi. Læknisskortur hefur hins vegar ekki hrjáð okkur. Nú er á Eskifirði hinn ágætasti læknir með góða reynslu og samviskusamur hið besta, en álag á honum er ærið og þegar vissir annatímar bætast við, svo sem á loðnuvertíð, er í raun ofvaxið einum manni yfir að komast.

Eins og ég tók fram áðan varðandi búsetu annars læknis af tveim á Reyðarfirði er þar um hreint öryggisatriði að ræða, alls ekki að hvor læknir um sig starfi sjálfstætt, heldur þvert á móti. Á aðalstöðinni á Eskifirði hlýtur aðalstarfið að fara fram um leið. Þá ber að vinna að því, þegar stöðvar á Fáskrúðsfirði og Djúpavogi eru komnar á góðan rekspöl, að á Eskifirði verði hafist handa af fullum krafti við nýja og fullkomna heilsugæslustöð, því að íbúar fyrrnefndu staðanna tveggja eiga tvímælalaust að fá sína aðalþjónustu þar, alveg án tillits til nálægðar við heilsugæslustöð á Egilsstöðum og sjúkrahús í Neskaupstað. Þó ekki hafi enn nema um stundarsakir vantað lækni við H1 stöðina á Eskifirði óttast ég framtíðina þar, eins og gagnvart H1 stöðvunum almennt. Og ég tel að rétturinn, miðað við upphafleg mörk, sé ótvíræður um H2 stöð eða tveggja lækna stöð, ekki síst í ljósi þeirra frávika sem þegar voru samþykkt í upphafi. Ég ætla því að vona fyrir hönd okkar flm. að þetta sanngjarna frv. fái brautargengi á þessu þingi.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 31. fundur.

Mánudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók málin af dagskrá.

Sameinað þing, 20. fundur.

Þriðjudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Happdrættislán vegna Norðurvegar og Austurvegar, fsp. (þskj. 44). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Vorið 1975 náðist samstaða hér á hinu háa Alþingi um að afgreiða lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg. Frv. hafði þá verið flutt um happdrættislán vegna Norðurvegar, þ. e. vegarins milli Reykjavíkur og Akureyrar, sem miðaði að því að fullgera þann veg á 4—5 árum, en samkomulag varð sem sagt um að þessi lög tækju einnig til Austurvegar. Þeim, sem á þingi voru á þessum árum, er kunnugt um gang mála. Skuldabréfin voru aldrei boðin út í nægilega ríkum mæli. Síðan urðu kjör á þessum bréfum ekki sambærileg við kjör á öðrum bréfum, þannig að þau seldust miður en ella og mjög lítið raunar. Þar að auki voru teknir af þessu fjármagni peningar m. a. í Borgarfjarðarbrú, en þó með yfirlýsingu um að þeir yrðu síðar endurgreiddir. En þessi lög sem sagt náðu ekki tilgangi sínum, a. m. k. ekki að fullu.

Þess vegna varð um það *fullt* samkomulag hér á *þingi* s. l. vor að breyta þessum lögum og auka heimildir til útgáfu skuldabréfanna upp í 2 milljarða á ári næstu árin, og ég vissi ekki betur a. m. k. en það *væri hugmynd* þáverandi ríkisstj. að framkvæma þessi lög og afla þessa fjár. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hvað líði *framkvæmd laga frá 14. maí 1979, um happdrættislán* vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 5. landsk. þm. á þskj. 44 um hvað líði framkvæmd laga nr. 28 frá 1978, um happdrættislán ríkissjóðs vegna framkvæmda við Norður- og Austurveg, skal eftirfarandi upplýst:

Hæstv. fyrrv. samgrh. mun hafa talið sig hafa haft loforð þáv. hæstv. fjmrh. fyrir því, að lánið yrði tekið þegar s. l. haust, og jafnframt að nauðsynleg bréf um þetta hefðu gengið milli fjmrn. og Seðlabankans. Þegar til átti að taka reyndist framkvæmd málsins þó skammt á veg komin. Ástæðan mun einkum sú, að Seðlabanki Íslands taldi ekki tímabært að bjóða umrædd happdrættisskuldabréf til sölu og afar tvísýnt um árangur af slíku útboði. Kostnaður Vegagerðarinnar, sem lagður hefur verið út í trausti þess að þetta fé fengist, nam í árslok 1979 um 50 millj. kr., mest til almenns undirbúnings, svo sem mölun efnis. Hefur það mál verið leyst eftir öðrum leiðum.

Ég hef talið það mjög brýnt, að þessi heimild væri *notuð, og er þeirrar skoðunar, að enn sé tóm til að nýta* útboðsheimild laganna vegna ársins 1979. Munu þess fordæmi, að slíkar heimildir færist milli ára ef ytri mörk eru óbreytt. Ég beitti mér fyrir því, að mál þetta var tekið upp á sameiginlegum fundi samgrn. og fjmrn. með fulltrúum Vegagerðarinnar. Niðurstaða þess fundar varð sú, að bréfin verða öll boðin til sölu og stílað upp á fermingargjafamarkaðinn í vor, ef svo má að orði komast. Jafnframt var það rætt ítarlega, með hvaða hætti mætti gera bréfin sem eftirsóknarverðust. Var í því sambandi m. a. rætt hvort ekki mætti marka andvirði þeirra ákveðnum og tilgreindum slitlagaframkvæmdum í öllum landshlutum. Er það mál nú til athugunar ásamt öðrum skilmálum þessa útboðs.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að upplýsa, að í tíð ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar var af hálfu samgrn. unnið að því að koma þessu máli fram og undirbúningur að sölu þessara skuldabréfa var í fullum gangi með viðræðum fulltrúa Seðlabanka Íslands, fjmrn. og samgrn. Á s. l. hausti hafði verið ákveðið að hefja sölu á þessum skuldabréfum að nýju í nóvembermánuði á s. l. ári, með þó að vísu nokkuð breyttu fyrirkomulagi, og var gert ráð fyrir því, að í fyrstu yrði skuldabréfaútgáfan að upphæð 300 millj. kr. Fjmrn. hafði farið fram á það við Seðlabankann, að tekið yrði bráðabirgðalán að upphæð 300 millj. kr. sem greiddist af andvirði seldra bréfa.

Staðhæft hefur verið að sala þessara bréfa hafi stöðvast á sínum tíma, fyrir tveimur árum, vegna þess að bréfin hafi ekki reynst seljanleg eða ekki selst í þeim mæli sem vænst var, og þess vegna hefur engin sölutilraun verið gerð í tvö ár. Ég tel að þá heimild, sem hér er um að ræða, beri tvímælalaust að nota. Það má vera að óhjákvæmilegt sé að breyta nokkuð til í sambandi við fyrirkomulag og útgáfu þessara bréfa, og ég held að allir aðilar, sem um þetta hafa rætt, séu sammála um það. Að því var stefnt *þegar málið var í undirbúningi á s. l. hausti. Vafalaust* þarf meiri sölustarfsemi, meiri auglýsingastarfsemi í þessu sambandi heldur en viðhöfð var þegar bréfin voru *til sölu á sínum tíma.*

Ég tel að ef sú stjórn, sem vann að undirbúningi þessa máls, hefði setið áfram, þá hefði orðið af skuldabréfaútgáfu í nóv. s. l. En vegna stjórnarslita og kosninga og annarrar óvissu, sem verið hefur seinasta mánuðinn, virðist þetta ekki hafa komist í framkvæmd. Ég fagna því hins vegar, að áform eru uppi um að hefja útgáfu þessara skuldabréfa á þessu ári.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði, að lítið hefði verið aðhafst í þessu máli á tíma fyrrv. ríkisstj., ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Ég ætlast ekki til þess, að núv. ríkisstj. geti mikið í málinu gert, enda situr hún tímabundið og hefur takmarkað ráðrúm. Það er að vísu upplýst hér, að fyrrv. samgrh. hafi haft loforð fyrrv. fjmrh. fyrir því að beita sér í málinu. Við það loforð hefur sýnilega ekki verið staðið. Það er sagt að Seðlabankinn hafi ekki talið tímabært að bjóða þetta lán út og jafnvel tvísýnt um árangur af slíku útboði. Auðvitað er það ekki Seðlabankinn sem á að ráða þessu, heldur Alþingi Íslendinga. Og um árangur af slíku útboði fer að sjálfsögðu eftir kjörum á bréfunum. Það er heimild til að hafa bæði vexti og happdrættisvinninga samkv. þessum lögum. Það er heimilt að verðtryggja þessi bréf, þau eru verðtryggð, eða jafnvel gengistryggja þau. Það var einmitt gert í samráði við fyrrv. samgrh. að hafa heimild til gengistryggingar, og við áttum um það gott samstarf og ég er honum þakklátur fyrir það út af fyrir sig, að hann greiddi fyrir því að þetta mál færi í gegnum Alþingi. En það er ekki nóg að samþykkja lög þegar þau alls ekki eru framkvæmd.

Það er ánægjuefni, að fyrirhugað skuli vera að færa á milli ára, eins og hér var komist að orði af hæstv. ráðh., þannig að stórt útboð geti orðið nú með vorinu, og eins og ég sagði áðan, þá er auðvitað hægt að selja þessi bréf,

ef kjörin eru með þeim hætti að þau séu sambærileg við önnur bréf, sem á markaði eru, eða kannske eitthvað örlítið betri.

Ég mundi raunar ætla að eðlilegt væri að taka upp fast happdrætti vegna vegaframkvæmda og í mjög ríkum mæli yrðu boðin út bréf til þessara gífurlega mikilvægu framkvæmda, sem eru kannske það arðvænlegasta sem við getum í lagt í fjárfestingu: að fullgera helstu vegi landsins. Mér er sagt að svo sé þetta eða hafi a. m. k. verið í Vestur-Þýskalandi, að það sé dregið jafnvel viku eða mánaðarlega í slíkum happdrættum. Þetta má auðvitað gera hér á landi alveg eins. Og kannske mætti útvega meginhluta þess fjár, sem þarf í þessa aðalvegi, með þessum hætti ef vel væri að staðið og bréfin væru auglýst og þarna væri um stóra vinninga að ræða og jafnframt kannske einhverja smávægilega vexti. Það er enginn vafi á því, að þetta er mjög vel hægt.

Upplýsingar eru hér gefnar um að í nóvembermánuði s. l. hefði verið hugmyndin að bjóða út kannske 300 millj. Það var talað um 2 milljarða, það er það sem lögin hljóða upp á. Það er alveg ljóst mál að hér hefur ekkert verið gert. Þáv. ríkisstj. hefur svikist um að framkvæma þessi lög, eins og hún sveikst um margt annað, enda má víst fullyrða að það hafi verið versta ríkisstj. sem setið hafi síðan lýðveldið var stofnað. En það eru nú víst horfur á að hún verði kannske bara sú næstversta eftir nokkra daga, því að sagt er að verið sé að mynda ríkisstj. með mjög sérkennilegum hætti, stjórn sem alveg vafalaust ræður ekki við nein verkefni á Alþ. og yrði enn þá verri en vinstri stjórnin síðasta, ef hún þá kemst á laggirnar.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ekki skal ég spá um ágæti þeirrar ríkisstj., sem við skulum vona að verði mynduð einhvern tíma, eða dæma um það, hvernig hún kann að verða. En varðandi þessar umr. — án þess að ég ætli að taka frekari þátt í þeim — vildi ég staðfesta það sem hv. þm. Ragnar Arnalds sagði hér áðan, að fyrir lá loforð um það frá mér sem fjmrh. að gefa út skuldabréf — mig minnir það vera 300 eða 350 millj. kr., ég man það ekki alveg, kannske frekar 300 millj. Þetta gerðist í þann mund sem stjórnarsamstarfið var að bresta, og þess vegna varð ekki af frekari framkvæmdum í málinu.

Þetta vildi ég aðeins upplýsa í sambandi við þetta mál að gefnu tilefni.

Búvöruverð, fsp. (þskj. 52). — Frh. einnar umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans við fsp. sem hér var tekin til meðferðar s. l. þriðjudag. En ég held að hans svör og lagaskýringar séu vægast sagt í hæpnasta lagi. Ég veit ekki t. d. betur en ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hafi komist að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki hægt að leyfa framkvæmd á hluta af því verði, sem Framleiðsluráð færi fram á, og ég geri ráð fyrir að sú ríkisstj. hafi haft á að skipa mönnum sem hafi þekkingu á þessum málum, a. m. k. frekar en sú hæstv. ríkisstj. sem nú situr að völdum. Og ég vil fullyrða það, að í sambandi við verðbindingarlögin 1975 var ekki ætlunin að níðast á einni stétt, eins og hér er gert, heldur ef þyrfti að grípa inn í, þá yrði það að koma svipað yfir allt þjóðfélagið. En það, sem hæstv. ríkisstj. gerði í þessu tilviki, var að ákveða lækkun á kaupi bændanna einna. Og það er náttúrlega sýnishorn af vanþekkingu hæstv. ráðh. á því, hvernig þetta er, þar sem hann spyr í svari sínu m. a., hvort heildsöluaðilarnir eigi að taka á sig lakari fjárhagsafkomu eða hvort þeir geti látið bændur bera fulla ábyrgð á rekstrinum. Veit ráðh. ekki að það eru bændurnir sem reka þetta? Og veit ekki hæstv. ráðh. að þessar vinnslustöðvar skila því verði til bændanna sem eftir er og þar af leiðandi, þegar ekki fæst hækkun á verðinu sem vinnsluhækkuninni í vinnslustöðvunum og dreifingunni nemur, er hvergi hægt að taka það nema af kaupi bændanna. Það er búið að segja þetta oft hér, og af því að hæstv. ráðh. er uppalinn í sveit og ætti að hafa kynnt sér þessi mál, þá hélt ég satt að segja að menn væru farnir að skilja þetta. En því miður, það virðist ekki vera.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar. Þessi fsp. var borin fram í desembermánuði og ég vona að það fari nú að birta til í sambandi við að við fáum fljótlega nýja ríkisstj., þannig að það er óþarfi að eyða tíma Alþingis í að ræða um þessi mál frekar. (**Gripið fram í:** Heldurðu að birti þá?) Ég held að það birti þá. Ég veit að meira að segja hv. þm. Sverrir Hermannsson trúir því líka.

Iðnrh. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa hér um mörg orð og ekki mun ég tefja fyrir því að birti til hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. En hann var að tala um að lagaskýringar mundu vera hæpnar og ólíklegt að núv. landbrh. hafi vitað betur en fyrrv. landbrh., og ekki skal ég heldur andmæla því hjá Stefáni Valgeirssyni. Hitt vil ég láta hann vita, að samstarf mitt við landbrn. hefur verið með þeim ágætum, að svar mitt var byggt einvörðungu á aths. þeirra sem þar vinna.

Ekki var það ætlun mín að níðast á einni eða annarri stétt og það hygg ég að hafi ekki verið ætlun okkar, sem reyndum fyrir jól og enn fram á þennan dag að standa gegn hækkunum eftir því sem okkur þótti mögulegt og við eiga. Og satt er það hjá Stefáni Valgeirssyni, að vel má vera að bændur reki að öllu leyti mjólkurbúin. En hitt sjáum við, að þar er lagt í sjóði og þar er byggt upp fyrir hitt og annað sem aldrei verður að minni hyggju skilað til bændanna.

Það má kannske segja að samvinnufélögin séu þannig byggð upp, að t. d. mætti koma með reikning til neytenda eftir á og segja þeim, ef reksturinn hjá samvinnufélaginu ber sig ekki, að þá eigi neytandinn að gera svo vel og greiða það. En það er aldrei gert. Hinu er haldið fram af mönnum eins og Stefáni Valgeirssyni, að ef þessi samlagsbú fái ekki allt greitt eins og þeir vilja vera láta, þá sé verið að níðast á bændunum. Ég held að þetta sé ekki rétt hjá honum. Það er kannske verið að þrengja svolítið um hjá þessum annars ágætu mjólkurbúum, en ef þau vildu gætu þau látið bændurna fá hlut sinn að fullu án þess að taka það af þeim, svo sem hv. þm. Stefán Valgeirsson vill segja að við höfum gert óbeint.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram, því að ég held að þetta sé útbreiddur misskilningur, ekki hjá mér, heldur hjá þeim sem tala eins og Stefán Valgeirsson, og að þarna gætu viðkomandi bú borið meira en þau gera gagnvart bændum. Þau eru sem sagt — það er ljótt að segja það — en þau eru stundum nánast að féfletta bændur.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vonast til þess, að hæstv. ráðh. standi við þessi orð og

reyni að sanna að samvinnufélögin féfletti bændur. Þetta eru mjög ómakleg orð og ég er undrandi á að hæstv. ráðh. skuli nota þessa síðustu daga til að segja slíkt hér á Alþ. Því miður er ekki tækifæri til að ræða við hann frekar á þessari stundu.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil skora á hæstv. landbrh. að kynna sér það, hvernig uppgjör fer fram í mjólkursamlögum landsins, því að ég held að hann geti ekki staðið við þau stóru orð sem hér voru látin falla. Ég skal ekki segja það, að ég þekki til allra þeirra uppgjöra, en ég skal með gleði fara með honum í gegnum uppgjör á mjólkurbúi í minni heimasveit. Þar lýtur mjólkurbúið sérstakri stjórn bændanna. Þar er það gert upp á núlli á hverju ári og það sem eftir stendur fer til bændanna. Og þannig hygg ég að muni vera í sérhverju mjólkurbúi. Þetta mjólkurbú greiðir lítillega fyrir þá þjónustu, sem viðkomandi kaupfélag veitir því, og bændur fá allt það fjármagn, sem þar stendur eftir. Þess vegna er öll sú umr., sem hefur orðið af hálfu þeirra Alþfl.-manna að undanförnu, byggð á algerum misskilningi. Áður en þeir ganga lengra í þessari umfjöllun mála vil ég eindregið skora á hæstv. landbrh. að kynna sér þessi mál til hlítar, þannig að hann geti byggt á staðreyndum í sinni umfjöllun.

Tollskrá o. fl., fsp. (þskj. 95). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 95 fsp. til hæstv. fjmrh. um breytingu á lögum um tollskrá o. fl., svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvað hefur fjmrn. gert til að undirbúa frv. til breytinga á lögum um tollskrá o. fl., sem geri ráð fyrir niðurfellingu aðflutningsgjalda af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings og eiga í beinni eða óbeinni samkeppni við innfluttar vörur?"

Þessi fsp. er flutt í framhaldi af því, að á 100. löggjafarþinginu flutti ég ásamt þremur öðrum hv. þm. frv. til breytinga á tollskrárlögum sem gerði ráð fyrir því, að aðflutningsgjöld yrðu felld niður af þeim aðföngum sem ég nú hef lýst. Þessir hv. þm. voru úr Alþfl., Framsfl. og Alþb., og náðist því víðtæk samstaða milli þingmanna um það málefni sem hér er rætt. Það kom fram í umræðum um þetta mál á sínum tíma, að texti sá, sem notaður var í frv., var nánast samhljóða till. sem kom fram hjá svokallaðri samstarfsnefnd um iðnþróun og sett var á laggirnar á sínum tíma af hálfu iðnrn. þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var ráðh. Þetta frv. fékk á sínum tíma þá afgreiðslu að vera vísað til ríkisstj., en í nál. fjh.- og viðskn. segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin er sammála um að markmiði þessu þurfi að ná. Efni frv. er nánast samhljóða niðurstöðum samstarfsnefndar um iðnaðarmál, en sú nefnd hefur starfað á vegum iðnrn. Flm. frv. eru þingmenn úr öllum þingflokkum. Því sýnist víðtæk samstaða vera um efni frv."

Og síðar í þessu nál. segir, að lagt sé til að því sé vísað til ríkisstj., og orðrétt, með leyfi forseta: „ sem sjái um að frv. verði samið um þetta efni og flutt á næsta þingi, þar sem með því verði best tryggð örugg framkvæmd málsins."

Það er af þessu tilefni sem ég hef ákveðið að flytja þessa fsp. og vil biðja hæstv. ráðh. að gera hv. Alþ. grein fyrir því, hvort eitthvað hafi verið unnið að þessum málum í rn. hans.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Fyrirspurnin frá hv. þm. á þskj. 95 hljóðar svo:

„Hvað hefur fjmrn. gert til að undirbúa frv. til breytinga á lögum um tollskrá o. fl., sem geri ráð fyrir niðurfellingu aðflutningsgjalda af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings og eiga í beinni eða óbeinni samkeppni við innfluttar vörur?"

Svar mitt fer hér á eftir og hljóðar svo:

Eins og fyrirspyrjanda er kunnugt um var lagt fyrir Alþ. á 100. löggjafarþingi sem 221. mál frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 frá 1976, um tollskrá o. fl., og var hv. fyrirspyrjandi einn flutningsmanna þess. Frv. þetta gerði ráð fyrir veigamiklum breytingum á núgildandi tollskrárlögum, þ. e. að nýr töluliður yrði tekinn upp í 2. gr. laganna um tollfrjálsan innflutning. Þess í stað yrði núgildandi 12. tölul. 3. gr. laganna felldur úr gildi, en hann fjallar um heimild til handa fjmrn. að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld af ýmsum aðföngum til iðnaðar samkv. nánari reglum settum að höfðu samráði við iðnrn. og samtök iðnaðarins. Frv. var tekið til frumathugunar í tolladeild fjmrn. svo og í iðnrn., og töldu viðkomandi starfsmenn beggja ráðuneyta sýnt að í því væri ýmsa vankanta að finna, bæði lagatæknilega, framkvæmdalega og efnislega. Á einum funda fjh.- og viðskn. Nd. gerði ráðuneytisstjóri fjmrn. grein fyrir þessum atriðum.

Nefndin skilaði síðan áliti 15. maí 1979 þar sem lagt var til að frv. væri vísað til ríkisstj. Í framhaldi af fyrrgreindum nál. voru teknar upp frekari viðræður milli starfsmanna tolladeildar fjmrn. og iðnrn. og fundir haldnir í þeim tilgangi að reyna að sníða helstu vankanta af núgildandi löggjöf og semja nýtt frumvarp eða frumvörp um efnið, þannig að best yrði tryggð örugg framkvæmd málsins, eins og segir í nál. Á síðasta fundi þessara aðila, í okt. s. l., var ákveðið að af hálfu iðnrn. yrðu samin frumdrög að hugmyndum um lausn þessa máls, sem síðan yrðu athuguð sameiginlega. Skömmu síðar urðu hins vegar stjórnarslit og höfðu fjmrn. þá ekki borist þau frumdrög sem áformað var að samin yrðu að frumkvæði iðnrn. Samkvæmt upplýsingum frá iðnrn. féll vinna við gerð fyrrgreindra frumdraga niður að mestu leyti við stjórnarslitin. Hins vegar var vinnan endurvakin af núv. hæstv. iðnrh. og vinna sem sé hafin að nýju í des. s. l. Er þess að vænta, að nefnd drög verði send fjmrn. um miðjan þennan mánuð. En rétt er að geta þess, að málið er mjög flókið auk þess að vera stefnumótandi að því er varðar tiltekna þætti viðkomandi innlendum iðnaði.

Að lokum skal þess getið, að á hinn bóginn hefur verið unnið að því í tolladeild fjmrn., eftir því sem tími hefur gefist til, að endurskoða auglýsingu rn. nr. 284 frá 1978, um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolls og sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sem í ráði er að gefa út að nýju. Ég tel of snemmt að skýra frá einstökum efnisbreytingum sem komið hafa til orða, en á þessu stigi get ég þó fullyrt að vilji er fyrir því í fjmrn., að ákvæði auglýsingarinnar verði rýmkuð töluvert frá því sem nú er, í samræmi við fengna reynslu en þó innan marka gildandi lagaheimilda. Breytingarnar miða að sjálfsögðu að auknu hagræði og ívilnunum fyrir iðnfyrirtæki í hinum svonefnda samkeppnisiðnaði, og verður lögð áhersla á það af hálfu fjmrn., að breytingar þessar verði samdar

eins fljótt og auðið er, þannig að hægt sé að taka afstöðu til þeirra mjög fljótlega.

Ég vona svo að hv. þm. geri sig ánæðan með þetta svar.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svar við þessari fsp. Það er gott til þess að vita, að að þessu máli er unnið hjá rn. Enn fremur fagna ég yfirlýsingu hæstv. ráðh. þess efnis, að hjá rn. hans sé verið að vinna að breytingum á tollamálum, sem komi íslenskum iðnfyrirtækum til góða. Það er ekki gott álit sem kemur fram í þeirri skýrslu sem ég nefndi í fsp. minni hér fyrr, þegar segir, með leyfi forseta, orðrétt í skýrslu þeirri sem var fskj. með þál. hæstv. fyrrv. iðnrh. á síðasta og næstliðnu þingi:

„Afnám aðflutningsgjalda af samkeppnisiðnaði hefur þótt sjálfsagt réttlætismál, en gætt hefur vaxandi íhaldssemi hjá fjmrn. og tollayfirvöldum í túlkun þeirra laga og reglna sem þar um ræðir."

Mér þykir gott, að þarna hefur orðið breyting á, og treysti hæstv. ráðh. til þess að hann fylgi þessum vilja sínum fast eftir á þeim örfáu dögum sem hann á eftir að sitja í rn. Ég á ekki von á því, að hæstv. iðnrh. geti hér og nú skýrt frá þeirri vinnu sem fram hefur farið á vegum iðnrn., en vil aðeins að lokum taka það fram, að ef ekki rætist úr þessu máli innan tíðar finn ég mig knúinn til að endurflytja það frv. sem flutt var á 100. löggjafarþinginu.

Sameinað þing, 21. fundur.

Þriðjudaginn 5. febr., að loknum 20. fundi.

Virðisaukaskattur, þáltill. (þskj. 134). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Iðnaður á Vesturlandi, þáltill. (þskj. 27). —Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Grasкögglaverksmiðjur, þáltill. (þskj. 28). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samvinnufélagalög, þáltill. (þskj. 36). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aldurshámark starfsmanna ríkisins, þáltill. (þskj. 50). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aðild Íslands að Genfarbókuninni, þáltill. (þskj. 99). Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisstofnunum, þáltill. (þskj. 107). — Frh. einnar umr.

Till vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 33. fundur

Miðvikudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 138). —1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. það um breyt. á lögum um meðferð einkamála í héraði, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., hefur þrisvar áður legið fyrir Alþ., en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Frv. er samið af réttarfarsnefnd og hefur verið lagt fyrir Alþ. samhliða frv. til lögréttulaga. Segja má að frv. hafi síðast þegar það var lagt fram goldið meira en skyldi samfylgdarinnar við frv. til lögréttulaga, sem Alþ. reyndist ekki að fullu tilbúið að taka afstöðu til. Hafði þó réttarfarsnefnd þá gert breytingar á frv. sem nægðu til þess að það væri óháð lögréttufrv., þannig að ná mætti fram þeim umbótum sem í því felast þótt frv. til lögréttulaga hlyti ekki afgreiðslu. Það frv. er nú tilbúið til framlagningar, en ég vil leggja áherslu á að frv., sem hér liggur fyrir, hljóti sjálfstæða athugun, enda felast í því mikilvægar breytingar sem von er til að geti stuðlað að verulega fljótari og markvissari meðferð mála í héraðsdómi.

Þau atriði, sem mikilvægust eru í þessu efni, eru fyrst og fremst að tekin eru upp ákvæði um svonefndan aðalflutning mála, sem ætlað er til að gera meðferð þeirra markvissari og setja henni fastari ramma. Þessi breyting er verulega mikilvæg og ef vel tekst til mun hún geta valdið nokkrum straumhvörfum. Þá eru mikilvægar reglur um að úrskurðir séu að jafnaði án forsendna og dómar skuli styttir. Ýmis önnur atriði stuðla að einföldun á málsmeðferð sem til flýtisauka má verða, en skulu ekki rakin nánar að þessu sinni.

Ég tek fram, að þó að hér hafi verið lögð áhersla á sjálfstæða afstöðu í meðferð þessa máls vil ég síður en svo draga úr mikilvægi frv. til lögréttulaga, sem hins vegar verður eflaust mikið rætt á næstunni. Þar er, svo sem kunnugt er, um veigamikla breytingu að ræða á dómaskipuninni sjálfri.

Herra forseti. Ég vil óska þess, að frv., sem hér liggur

fyrir, verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Flutningsráð ríkisstofnana, frv. (þskj. 136). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 136 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að leggja fram frv. til l. um Flutningsráð ríkisstofnana. Í 1. gr. frv. segir svo:

„Eftir hverjar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi hlutfallskosningu sjö menn í Flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti.

Forsrh. skipar formann og varaformann Flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna."

Frv. fjallar um það sem aðalefni, að komið verði á fót Flutningsráði ríkisstofnana sem hafi alla umsjón og framkvæmd með hendi varðandi allt skipulag þess að flytja ríkisstofnanir út á land, stofna frá þeim útibú eða deildir. Hér er um ráðgefandi aðila að ræða fyrst og fremst, en um hlutverk þessa ráðs segir svo í 2. gr.:

„a) að vera Alþ., ríkisstj., ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana,

b) að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,

c) að annast a. m. k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar, sbr. b-lið,

d) að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði."

Í 3.—7. gr. frv.er svo farið nánar út í hvað Flutningsráðið á að annast, hvernig það skuli starfa, til hvaða aðila það skuli leita varðandi samráð, að það heyri undir forsrn. og kostnaður við störf þess greiðist úr ríkissjóði.

Í framsögu í fyrra flutti ég nokkuð ítarlega ræðu um ástæður frumvarpsflutningsins. Ég rakti þá sögu þessa máls, allar þær umr. sem orðið höfðu um nauðsyn þess að dreifa þjónustu, dreifa valdi út um landsbyggðina, auka þjónustu þar og jafnrétti um leið. Þá var allglögglega fram á það sýnt einu sinni enn, hversu mikilvægur sá þáttur gæti orðið til byggðajöfnunar, þjónustujöfnunar.

Á það var og er ekki heldur nú dregin nein dul af flm. þessa frv., að vandasamt er verkefnið og margvísleg þau vandamál og þeir erfiðleikar sem í vegi eru. Tregða stofnananna sjálfra, forstöðumanna þeirra, var t. d. rakin, hversu margir þeirra blátt áfram sáu allt svart ef einhver breyting yrði gerð á þeirra fastmótuðu hugmyndum og þægilegu stöðu.

Ég sé ekki ástæðu til annars nú en að lesa upp grg. frv., sem skýrir efni þess algerlega:

Í apríl 1972 var með bréfi forsrn. skipuð nefnd „til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar komi helst til greina í því efni." Nefndin kynnti sér alls 243 stofnanir og stofnanategundir og athugaði 157 þeirra sérstaklega, aflaði gagna um skipulag þeirra, starfsfólk, starfshætti og aðbúnað. Nefndin skilaði áliti 28. okt. 1975, þar sem lagður var til heildarflutningur 25 stofnana, deildaflutningur sem snerti 12 stofnanir, stofnun útibúa 36 stofnana og efling útibúa 11 stofnana.

Í þessari nefnd áttu sæti auk flm. þessir menn: Jón Baldvin Hannibalsson ritstjóri, Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, Bjarni Einarsson forstöðumaður byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Magnús H. Gíslason blaðamaður og Sigfinnur Sigurðsson skrifstofustjóri. Meginþungann af öllu starfi nefndarinnar bar formaður hennar, Ólafur Ragnar Grímsson, sem nú er 2. flm. þessa frv.

Í álitinu var ítarlega rakið hvernig Norðmenn og Svíar hefðu staðið að þessum málum. Raunar hafa sams konar nefndir starfað á öllum Norðurlöndunum, en í Noregi og Svíþjóð lögðu stofnananefndir grundvöll að viðamiklum flutningi ríkisstofnana frá höfuðborgunum, sem framkvæmdur var í mjög veigamiklum atriðum.

Svo vitnað sé til Noregs voru samþykkt lög 1967 frá Stórþinginu um flutning 10 ríkisstofnana frá Osló. Var í þeim lögum kveðið á um fasta ráðgjafarnefnd, staðsetningarnefnd ríkisstofnana, til að fjalla um staðsetningu ríkisstofnana. Sú nefnd starfar á vegum byggðarjafnvægisdeildar sveitarstjórnarráðuneytis. Þangað fyrst og fremst sótti nefndin hér hugmyndir sínar um það Flutningsráð ríkisstofnana sem flutt er frv. um.

Þrátt fyrir ítrekaðar fsp., en þær hafa verið fluttar á tveim síðustu þingum, hefur enn ekkert verið aðhafst í þessu efni. Það var og er skoðun þeirra tveggja nm., er frv. þetta flytja, að frumforsenda skipulegs átaks í þessum efnum sé einhver sú skipan sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ekki þarf að tíunda hér, hversu miklu nauðsynlegra slíkt átak er hér en nokkurn tíma í þeim löndum sem vitnað er til að framan og hafa unnið stórvirki á þessu sviði. Það litla, sem gert hefur verið hér á landi í þessa átt, hefur verið án allrar beinnar skipulagningar, ýmist með ákvörðunum rn., svo sem í ráðherratíð Lúðvíks Jósepssonar um útibú Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eða af hálfu ákveðinna stofnana, svo sem Vegagerð ríkisins er hvað gleggst dæmi um.

Stofnanaflutningur sem slíkur hefur hins vegar ekki komist á dagskrá og m. a. s. hefur sú stofnun, sem þar telst sjálfsögðust til flutnings, Skógrækt ríkisins, tæpast enn komið til alvarlegra áltita í þeim efnum hjá æðstu stjórnvöldum.

Allt frá því hið ítarlega og um margt vel rökstudda nál. kom fram, en nú eru liðin full fjögur ár frá því, hefur sorglega lítið verið aðhafst, og er þá í raun sama til hvaða þátta er litið: flutnings, sem nákvæmlega er enginn, deildaskiptinga, sem ég man ekki eftir að nokkur dæmi séu um, og útibúa stofnana, sem er þó eitthvað um að hafi viðgengist á þessu tímabili, en þó mjög lítið.

Það ætti þó öllum að vera ljóst, að hér kallar á bein þjóðhagsleg nauðsyn, auk þess sjálfsagða réttar sem íbúar landsbyggðarinnar eiga til aukinnar þjónustu, aukinnar hlutdeildar í því opinbera kerfi sem hefur aðsetur sitt á höfuðborgarsvæðinu. Flm. hljóta nú að vekja á þessu vissa athygli og auka beinan þrýsting á aðgerðir í þá átt sem þeir ásamt öðrum lögðu til í nál. sínu, ekki síst þegar engin hreyfing virðist sjáanleg í þessa átt. Ég er enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að í engu megi rasa um ráð fram, en skipulega og markvisst skuli að þessu vinna og þar sé einhvers konar stofnun af þessu tagi alger forsenda. Því flytjum við frv. þetta.

Ég vil svo vitna í álit stofnananefndar, sem eru auðvitað höfuðröksemdir okkar fyrir þessu. Ég hef borið undir alla þá menn sem í nefndinni störfuðu á sínum tíma, hvort þeir álitu ekki að þeir stæðu í einu og öllu við það sem þeir álitu þá um Flutningsráð. Allir eru þeir sammála um að hér hafi verið rétt að farið og þetta sé í raun og veru það frumskref sem þurfi að taka. En í rökstuðningnum hjá nefndinni liggur í raun og veru hvað slík yfirstjórn stofnanaflutnings ætti að gera.

Í fyrsta lagi gæti Flutningsráðið annast heildarskipulagningu og yfirumsjón á flutningi ríkisstofnana. Á vegum ráðsins gætu starfað margvíslegar samstarfsnefndir, t. d. með fulltrúum stofnana sem flytja eiga til sama svæðis með fulltrúum skyldra stofnana sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta o. s. frv. Auk þeirra samstarfsnefnda, sem tengdar eru einstökum stofnunum, gæti slíkt kerfi samstarfsnefnda fleiri stofnana á vegum ráðsins auðveldað heildarframkvæmd stofnanaflutnings. Flutningsráðið gæti á þennan hátt og með almennum umræðum á fundum sínum samhæft aðgerðir á þessu sviði, greitt úr erfiðleikum og auðveldað stofnanaflutning á margvíslegan hátt.

Í öðru lagi mætti fela Flutningsráði ríkisstofnana að veita umsögn eða gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og taka staðsetningu alls ríkiskerfisins til endurskoðunar með reglulegu millibili, t. d. einu sinni á hverjum áratug. Þótt nefndin hafi leitast við að taka til meðferðar alla þætti ríkiskerfisins mun þróunin næstu áratugi örugglega knýja á um endurskoðun á einstökum atriðum. Einhliða staðarval nýrra stofnana getur einnig skekkt hlutföllin á ný. Nefndin er því þeirrar skoðunar, að staðarval ríkisstofnana sé stöðugt verkefni og réttast að fela það ákveðnum aðila.

Verði fallist á þessi sjónarmið nefndarinnar er nauðsynlegt að setja lög um Flutningsráð ríkisstofnana. Til greina kæmi að fela ráðinu að loknum almennum umræðum um tillögur nefndarinnar að semja frv. að lögum og reglugerðum í samræmi við þann stofnanaflutning sem fallist verður á að framkvæma. Stofnsetning Flutningsráðs ríkisstofnana gæti þannig orðið fyrsti áfangi verulegs stofnanaflutnings."

Ég sé ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta frv. Það skýrir sig í öllu sjálft. Flm. leggja á það áherslu, að hér er í engu verið að leggja neina umbyltingu til, aðeins að koma á málið nauðsynlegri hreyfingu ef verða mætti að það fengi nánari umfjöllun, kæmist í raun á dagskrá og yrði athugað í alvöru með átök í huga.

Ég vil geta þess í lokin, að þótt frv. kæmi seint fram höfðu s. l. vor borist til þn. þeirrar, sem fékk málið til meðferðar, mjög eindregnar áskoranir frá samtökum sveitarfélaga bæði á Norðurlandi og Austurlandi um samþykkt frv. Það var því ljóst að áhugi sveitarstjórnarmanna á þeim svæðum var vakandi, og við vitum að hann er vakandi um allt land fyrir því að eitthvað gerist í þessum efnum. En án þess að setja á laggirnar einhverja slíka stofnun sem hér er lagt til er tæpast við því að búast að neitt raunhæft verði aðhafst í þessum málum, svo mikil þörf sem þó er á því að við hugsum málið til enda, áttum okkur á, hvað mögulegt sé, og reynum eftir megni að dreifa þjónustustofnunum um landið á einhvern þann hátt sem hagstæðastur er og bestur fyrir þjóðarheildina.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, frv. (þskj. 139). — 1. umr.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Eins og segir í aths. við lagafrv. þetta er það samið til samræmis við ákvæði í frv. til l. um breyt. á l. nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sem mælt var fyrir áðan. Í því frv. er lagt til, að sjó- og verslunardómur verði lagður niður, og vísast um rök fyrir þeirri breytingu til grg. með frv. Réttarfarsnefnd, sem samdi þetta frv., hefur rætt hvort rétt væri að sjóferðarpróf verði sett á verksvið sakadóms. Réttarfarsnefnd komst að þeirri niðurstöðu, að hentugast væri að dómarar á bæjarþingi eða aukadómþingi færu með dóminn, eins og verið hefur. Og eins og segir enn fremur í aths. með frv. þessu, þá skiptir þetta álitaefni aðallega máli í Reykjavík, en þar hafa dómarar í einkamálum lengi annast þessi próf. Dómara er að sjálfsögðu ætlað að kalla til sérfróða menn eftir almennum reglum þar að lútandi.

Að öðru leyti er hér um einfaldar breytingar að ræða og ég vísa að öðru leyti til aths., en leyfi mér að lokum, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 32. fundur.

Miðvikudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Fundasókn alþingismanna.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Að gefnu tilefni vil ég minna á 34. gr. fundarskapa, en upphaf hennar hljóðar svo: „Skylt er þm. að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni." Síðan eru frekari ákvæði um vald forseta og um beitingu þess ef þurfa þykir.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 115). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 117). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. S. l. mánudag bað ég hæstv. forseta að taka mál þetta af dagskrá. Ég var þá nýkominn erlendis frá. Ég hafði dvalið erlendis í síðustu viku fjóra starfsdaga þingsins í erindum Alþingis. Hann viðhafði þau orð þegar hann tók málið af dagskrá, að það væri vegna þessara erinda minna, sem er mikill misskilningur hjá honum, því ég hafði beðið hann að taka málið af dagskrá að ósk stærsta stéttarfélags sjómanna, sem hafði komið með aths., ekki við frv. sjálft, heldur ósk um frekari breytingar á þessum lögum. (**Forseti:** Forseti fer ekki eftir óskum þrýstihópa utan þings heldur óskum þm.) Ég tók það fram, að ég hefði óskað eftir því, að málið væri tekið út af dagskrá, og ég er þá ekki frekari þrýstihópur hér inni á hæstv. Alþ. heldur en hæstv. forseti sjálfur. En hann er farinn að kasta að þm. hnútum um borð eins og kollegi hans fyrrum, Goðmundur, og vil ég leyfa mér að láta hann vita það, að ég hef hvorki tafið hæstv. forseta né hv. deild frá stjórnarmyndunarviðræðum eða öðrum þýðingarmiklum störfum á undanförnum dögum eða vikum.

Það mál, sem ég flyt á þskj. 117 með þremur öðrum þm., sem eru úr öllum enn tilheyrandi stjórnmálaflokkum hér á Alþ., er flutt að ósk stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna. Undanfari þess er sá, að í febr. 1979 barst stjórn Lífeyrissjóðsins bréf frá Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands þar sem segir, að á sameiginlegri kjararáðstefnu þessara samtaka í des. 1978 hafi verið samþ. ályktun þess efnis, að unnið skyldi að því að tryggja sjómönnum verðtryggðan lífeyri og lífeyrissjóð eftir 55 ára aldur. Jafnframt var þeim tilmælum beint til stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna, að hún hæfi þegar undirbúning að nauðsynlegri breytingu á lögum sjóðsins sem gerði kleift að tryggja sjómönnum lífeyrisrétt á grundvelli framangreindrar ályktunar.

Stjórn sjóðsins fól Guðjóni Hansen tryggingafræðingi að kanna mál þetta. Hann skilaði síðan áliti varðandi bæði þessi efnisatriði til stjórnar sjóðsins, og þetta frv. er m. a. byggt á áliti hans varðandi þann þátt þessara tilmæla sem varða verðtryggingu lífeyris.

Varðandi hitt atriðið, þ. e. lækkun aldursmarksins, þá er rétt að hér komi fram að tryggingafræðingurinn taldi ekki hægt að verða við þeim tilmælum sem komu fram um það. Hann sagði m. a., með leyfi forseta, að helstu rökin gegn breytingu á núgildandi aldursmarki væru þessi:

Áðurnefnd ályktun um lífeyrismál beinist að lífeyrisréttindum sjómanna almennt. Sjómenn dreifast hins vegar á marga lífeyrissjóði, en hlutfall þeirra af fjölda sjóðfélaga hvers sjóðs er mjög mismunandi. Á hann hér að sjálfsögðu við blönduðu sjóðina. „Er vart hugsanlegt," heldur tryggingafræðingurinn áfram, „að almennt aldursmark þessara sjóða verði lækkað niður fyrir 65 ár, enda gæti slík breyting rýrt kjör aldraða í framtíðinni eða haft í för með sér verulega hækkun iðgjalda til lífeyrissjóða og haft áhrif á stefnu fleiri sjóða en þeirra, sem beinlínis ættu hér hlut að máli."

Í öðru lagi segir tryggingafræðingurinn svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Þótt sjóðfélagar Lífeyrissjóðs sjómanna séu nær einvörðungu sjómenn og e. t. v. þyki ekki ástæða til að taka sérstakt tillit til annarra sjóðfélaga er óhjákvæmilegt að sjóðurinn eigi mikil samskipti við aðra lífeyrissjóði. Verði almennt aldursmark hans mjög frábrugðið því, sem tíðkast hjá þessum sjóðum, torveldar það samskipti, og a. m. k. yrði nauðsynlegt að endurskoða þær reglur sem hingað til hefur einkum verið beitt varðandi flutning réttinda."

Í þriðja lagi bendir hann á þriðju meginröksemd fyrir því, að hann telur ekki hægt að verða við ósk þessara fjölmennu samtaka, og segir svo orðrétt í hans áliti, með leyfi forseta:

„Rökrétt afleiðing af lækkun hins almenna aldursmarks væri skerðing örorku- og makalífeyrisréttinda hjá sjóðnum frá því sem nú gildir. Stafar þetta af því, að stig eru áætluð fram í tímann til þess tíma er ellilífeyrisaldri er náð. Við hugsanlega lagabreytingu þyrfti a. m. k. að hafa í huga þetta samhengi milli ellilífeyrisréttinda annars vegar og örorku- og makalífeyrisréttinda hins vegar."

Varðandi hið fyrra atriði, um verðtryggingu lífeyris, hefur hann lagt til við stjórn sjóðsins og að athuguðu máli hefur hún orðið sammála um að leggja til, að þær breytingar verði gerðar við lögin sem koma fram í frv. því sem hér er til umr., en það fjallar um að bæta við núgildandi bráðabirgðaákvæði þeim ákvæðum, sem koma fram í 1. gr. frv., og jafnframt í 2. gr., að lögin taki gildi frá byrjun yfirstandandi árs.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa hina skýru grg., sem hér liggur fyrir með frv. og samin er af tryggingafræðingnum Guðjóni Hansen. En til þess að skýra fyrir hv. þm., hvað við er átt þegar í grg. er talað um áunnin stig þeirra sem lífeyrisréttindanna njóta, vil ég segja frá því, að þar er átt við efnisatriði 11. gr. laganna um Lífeyrissjóð sjómanna, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslaun miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðh. ónothæfur mælikvarði á breytingar á vinnutekjum sjómanna almennt, skal hann að fengnum till. sjóðsstjórnar ákveða annan stigagrundvöll svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðh., reynist síðar ónothæfur."

Skal ég ekki hafa fleiri tilvitnanir uppi úr þessari grein, en þetta skýrir hvað við er átt þegar talað er um áunnin stig.

Ég mun ekki hér þó að full og ærin ástæða væri til, rekja sögu þessa sjóðs sem hefur sætt þeirri þróun að verða til vegna samninga sjómanna við sína viðsemjendur og vera staðfestur með lögum á sínum tíma hér á Alþ. og heita þá í byrjun Lífeyrissjóður togarasjómanna, taka þeirri breytingu eftir samninga á seinna stigi að verða Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum, og svo enn síðar, eftir frjálsa samninga á milli bátasjómanna og útgerðarmanna, að verða Lífeyrissjóður sjómanna.

En það, sem ég gat um hér í byrjun og var ástæðan fyrir því, að ég bað um frestun síðasta mánudag, var ábending frá stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur, sem að vísu má kalla þrýstihóp. En það vill svo vel til — og vil ég benda hæstv. forseta á það — að það eru fleiri aðilar sem bentu á þetta atriði og það úr hópi útgerðarmanna líka, sem eiga aðild að stjórn þessa sjóðs, þar á meðal, að mér skilst, félagar hæstv. forseta, og teljast þeir þá til þrýsti-

hóps líka. Þeir hafa bent á það, að sjálfsagt sé að koma inn frekari breytingum að þessu sinni, fyrst verið er að opna þessi lög á annað borð, varðandi rétt eftirlifandi maka sjóðfélaga. Í gildandi lögum um Lífeyrissjóð sjómanna eru miklu þrengri ákvæði en gilda í öðrum lögum og reglugerðum sambærilegra sjóða. Vitna ég þar bæði til reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar svo og samræmdrar reglugerðar Sambands almennra lífeyrissjóða, en í báðum þessum tilnefndu reglum segir svo orðrétt, með leyfi forseta, í 13. gr. um makalífeyri:

„Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sambýliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr."

Það er álit fulltrúa frá báðum þessum þrýstihópum, sem eiga aðild að stjórn sjóðsins, útgerðarmönnum — togaraútgerðarmönnum og eigendum — og fulltrúum sjómanna, að ástæða sé til að taka slík ákvæði upp í lögin um Lífeyrissjóð sjómanna, en þar eru, eins og ég sagði áðan, miklu þrengri ákvæði um þetta efni heldur en gilda almennt hjá lífeyrissjóðunum.

Að skoðuðum þessum ábendingum frá félögum mínum taldi ég þó ekki rétt að flytja neina brtt. við eigið frv. á þessu stigi, heldur beina þessu til nefndarinnar sem fær málið til meðferðar. Og það geri ég hér með og vænti þess, að hún taki þetta til athugunar, enda rétt að þessi hugmynd eða þessi till. komi þá til meðferðar sjóðstjórnarinnar í heild áður en Alþ. afgreiðir málið endanlega.

Ég vil leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 22. fundur.

Fimmtudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Málefni farandverkafólks, þáltill. (þskj. 140). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Varnir vegna hættu af snjóflóðum, þáltill. (þskj. 144). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár — og vænti þess að ég þurfi ekki að nota til þess mjög langan tíma — vegna þess ástands sem hefur skapast varðandi loðnuveiðarnar og þeirra miklu hagsmuna sem eru í húfi fyrir einstök byggðarlög og þjóðarbúið í heild.

Ákveðið var af hálfu sjútvrn. fyrir áramót, að veidd skyldu 280 þús. tonn af loðnu. Þá var gert ráð fyrir að í fyrstu yrðu veidd 100 þús. tonn til bræðslu og síðan 180 þús. tonn á hrognatökutímanum eða samtals 280 þús. tonn. Næsta ákvörðun rn. hljóðaði þannig, að veidd skyldu 180 þús. tonn í upphafi og síðan 100 þús. tonn á hrognatökutímanum. Og nú nýlega var ákveðið vegna markaðsaðstæðna að haldið skyldi áfram að veiða, án þess að tilkynnt væri hvað skyldi verða eftir á hrognatökutímanum, en gert er ráð fyrir að eitthvert lítilræði verði geymt til þess tíma. En nú hafa verið veidd a. m. k. 200 þús. tonn. Veiðisvæðið er út af Norðurlandi, sennilega réttvísandi norður af Skagafirði, og loðnan hreyfist hægt austur á bóginn. Við þetta skapast ófremdarástand fyrir sunnanverða Austfirði og hafnir á Suðurlandi og má í því sambandi sérstaklega nefna Vestmannaeyjar. Þetta svæði átti að sjálfsögðu von á veiði á hrognatökutímanum, á því veiðisvæði sem vant er að veiða á þá, eða frá sunnanverðum Austfjörðum og við Suðurland. Vegna takmörkunar á loðnuveiðum hlýtur vissulega að vera ástæða til þess að hafa áhrif á dreifingu loðnunnar, ekki síst vegna þess að rn. hefur tvívegis breytt fyrstu ákvörðun um tillhögun veiðanna. Loðnunefnd hefur samkvæmt lögum heimild — mjög víðtæka heimild — til þess að stöðva löndun hjá einstökum verksmiðjum. Lagagreinin hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndinni er heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur án tillits til móttökugetu þeirra. Þó er nefndinni skylt að leyfa löndun í einstaka verksmiðjur á ákveðnum svæðum ef öryggis skips eða skipshafnar krefur."

Loðnunefnd hefur sem sagt mjög víðtæka heimild, lagaheimild, til þess að hafa áhrif á þessi mál. Lagagreinin hefur verið túlkuð þannig af hálfu nefndarinnar og annarra og þar vitnað til grg. með lagafrv. um þetta efni sem flutt var 1977, við allt aðrar aðstæður, en þar segir:

„Tilgangurinn með þessari breytingu er sá, að stuðla að því, að vinnslugeta verksmiðjanna í landinu verði nýtt betur en verið hefur undanfarin ár, og auka þannig aflamöguleika loðnuflotans í heild yfir vertíðina, en reynsla undanfarinna ára sýnir að þær verksmiðjur, sem næstar eru veiðisvæðum hverju sinni, yfirfyllast meðan aðrar verksmiðjur bíða verkefnalausar."

Það er ljóst af þessu, hver hefur þá verið tilgangur laganna. Hins vegar sýnist mér að lagagreinin og lögin séu svo ótvíræð að túlka megi þau þannig að loðnunefnd sé heimilt að grípa inní í slíkum tilvikum. Og ég vil rökstyðja það þannig: Ef veiði hefði átt að vera ótakmörkuð nú, eins og gert var ráð fyrir á þessum tíma, þá er vart spurning um það, að loðnunefnd hefði nú gripið inn í og beint loðnunni í verksmiðjurnar á sunnanverðum Austfjörðum og á Suðurlandi til þess að koma þeim verksmiðjum í gang. Það var það sjónarmið, sem þá var viðurkennt, og af þessum sökum hefði ég talið m. a. að loðnunefnd hefði getað gripið hér inn í. Að öðru leyti má segja að almenn efnisleg rök hnígi að því, að svo megi vera, þar á meðal sanngirnissjónarmið. Við getum hugsað okkur það, að ef breyta ætti þessum lögum þyrfti a. m. k. ekki nýja lagagrein, hún er ótvíræð, það þyrfti þá

aðeins nýja grg., þannig að mér sýnist að almenn efnisleg rök og sanngirnissjónarmið mæli með því, að loðnunefnd grípi hér inn í.

Ég er viss um það og veit það, að sjómenn og útgerðarmenn eru slíkum ákvörðunum mótfallnir. Það er aukakostnaður fyrir þá, það eru óþægindi og það er enginn flutningsstyrkur til þess að koma þar á móti eins og áður var. Og sjómenn og útgerðarmenn eru af þessum sökum og hafa alltaf verið mótfallnir slíkum ákvörðunum. Ég veit hins vegar að þessir aðilar gera sér góða grein fyrir hagsmunum annarra í þessu sambandi: verkafólks á viðkomandi stöðum, hafna, sveitarfélaga og byggðarlaganna í heild. Byggðin á sunnanverðum Austfjörðum er mjög viðkvæm fyrir slíkum áföllum, sem geta haft mjög víðtækar afleiðingar ef þessar verksmiðjur fá enga loðnu til vinnslu, en þær hafa búið sig undir slíka móttöku. Ég vil aðeins geta þess, að loðna hefur borist suður að Gerpi og veiðin virðist ekki vera meiri en svo, að verksmiðjur á þessu svæði fyrir Norðurlandi og norðanverðum Austfjörðum virðast hafa við að vinna aflann eftir því sem hann berst að, þó að einhver breyting geti þar orðið á.

Ég vildi af þessu tilefni spyrja hæstv. sjútvrh., hvað hann hafi gert varðandi þessi mál og hvort honum sýnist sanngjarnt að inn í þessi mál verði gripið. Ég vil einnig spyrja hann, hvort hann sé sammála þeirri túlkun laganna, að loðnunefnd sé eigi heimilt að nota lagagreinina, sem ég hef áður vitnað til, og lögin í þessu sambandi, til þess að grípa hér inn í, og þá ef svo er að hann sé því sammála, hvort hann telji að það þurfi að koma til breyting á lögunum eða vilji Alþingis til þess að svo megi verða.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er auðvitað ljóst, að það er áfall fyrir atvinnulíf og afkomu fólks og fyrirtækja á Suður- og Austurlandi, Vestmannaeyjum og Suðurnesjum ef lítið sem ekkert af bræðsluloðnu berst þangað í ár. Af þessum sökum hafa þessi mál verið til athugunar í rn. að undanförnu og þau viðhorf loðnunefndar, sem hv. þm. rakti í fsp. sinni, hafa komið fram í rn. og í loðnunefnd einmitt af þessu tilefni.

Það er sem sagt ljóst, að sjútvrh. hefur ekki almennt lagaheimild til þess að gera veiðar háðar því skilyrði, að afla sé landað á ákveðnum stað eða svæði. Einu undantekningarnar frá þessu er að finna í sérstökum lögum um þetta ákveðna tilvik, þ. e. lögum um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem eru háðar sérstökum leyfum, og eiga einungis við um rækju- og skelfiskafla. Einasta lagaákvæðið sem hér kemur til athugunar er einmitt ákvæði 2. gr. laga um löndun á loðnu til bræðslu, eins og hv. þm. gat um, þar sem segir að loðnunefnd sé heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur án tillits til móttökugetu þeirra. Og í grg. með frv. segir beinlínis, að með þessari breytingu á lögunum sé loðnunefnd gefin heimild til þess að stöðva löndun í verksmiðjur, sem næstar eru veiðisvæðum hverju sinni, enda þótt þróarrými sé fyrir hendi hjá þeim, en láta veiðiskipin þess í stað flytja loðnu til annarra verksmiðja sem annars væru verkefnalausar. Enn fremur segir í grg.: „Tilgangurinn með þessari breytingu er sá, að stuðla að því, að vinnslugeta verksmiðjanna í landi verði nýtt betur en undanfarin ár, og auka þannig aflamöguleika loðnuflotans í heild yfir vertíðina.“ Það kemur fram sem viljayfirlýsing Alþingis á þeim tíma, að þetta sé hugsað til þess að auka aflamöguleika loðnuflotans í heild yfir vertíðina.

Það er skoðun lögfróðra aðila, að þegar þannig standi á, að tilgangur komi fram í grg., verði að fara eftir því sem segir í grg. Loðnunefnd er þessarar skoðunar. En auðvitað getur það gerst, að viðhorf breytist í þessum efnum, eins og hér hefur átt sér stað, og þá væri eðlilegt að Alþ. léti í ljós álit sitt á þeim efnum. Það ætti að vera nægjanlegt til þess að rn. og loðnunefnd teldu sér mögulegt að grípa inn í á öðrum forsendum en gerð var grein fyrir þegar lögin voru sett á sínum tíma. Þetta er kjarni málsins.

Málið hefur að undanförnu verið til skoðunar í rn. vegna einmitt þeirra sjónarmiða sem voru rakin hér áðan. Og það var einmitt til skoðunar með tilliti til þess — svo ég svari öðrum spurningarþættinum — að það kynni að vera sanngjarnt að grípa inn í eins og á stendur. En að því er það þriðja varðar — túkun laganna eða breytingu á lögunum — virðist eðlilegast, ef Alþ. í ljósi nýrra viðhorfa telur að beita eigi lögunum með örðum hætti en tilgangurinn var í upphafi, að vilji Alþingis í þeim efnum komi fram þannig að taka megi af öll tvímæli.

Ég get aðeins getið þess í þessu sambandi — vegna þess að hv þm. rakti ákvarðanir rn. varðandi loðnuveiðar — að það hefur komið í ljós á undanförnum vikum, að söluhorfur á frystri loðnu og loðnuhrognum eru mun óvissari en ætlað var í upphafi. Hins vegar sýnist fyllsta ástæða til þess, að nokkru magni sé haldið eftir engu að síður til þess að mæta þessu verkefni, þannig að við dettum ekki út af markaðnum í Japan og höldum samhengi í þeim málum, og enn eru möguleikar á því, að fengist geti þokkalegt verð fyrir þessar afurðir. Auk þessa er það náttúrlega verulegt atvinnuspursmál fyrir fólkið í landinu og afkomu fyrstihúsanna, að þessu verkefni sé sinnt. Þess vegna hefur það verið skoðun mín, að halda ætti eftir nokkru magni í þessum tilgangi.

Segja má að í þessu sambandi sé um þríþættar ákvarðanir að ræða, ef maður tekur meginefni fsp. með í þá ákvarðanatöku sem þetta varðar.

Fyrsta spurningin er auðvitað: Hver á heildarveiðin á loðnunni að vera á þessum tíma? Ég get þess, að ekkert hefur komið fram enn þá sem bendir til þess, að ráðlegt sé að auka það magn verulega eða stætt á því að auka það magn verulega sem gert hefur verið ráð fyrir, þannig að mér sýnist á þessari stundu að heildaraflamagn á þessari vertíð eigi ógjarnan að fara fram úr 300 þús. tonnum.

Þá vaknar næsta spurning: Hvernig á að skipta þessu aflamagni milli frystingar annars vegar og loðnubræðslu hins vegar? Ég hef talið með tilliti til markaðsaðstæðna, eins og ég hef rakið áður, að halda ætti nokkru eftir til frystingar og hrognatöku, en ekki ætti að taka svo mikið magn frá sem gert var ráð fyrir í upphafi. Þetta mundi geta þýtt að einhvers staðar í kringum 250 þús. tonn — að mínu áliti eins og ég met stöðuna í dag — ætti að ætla til þeirra veiða sem nú eru í gangi, og þá dregur að því undir helgina að ákvörðun þurfi að taka. — Ég vil gera grein fyrir þessum sjónarmiðum hér, svo að öllum sé ljóst og það sé upplýst, að staðan er metin út frá þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru í dag, en ævinlega eru að bætast við upplýsingar í þessum efnum. Skoðun mín er sú, eins og kom reyndar fram í seinustu fréttatilkynningu rn., að það verði í vikulokin sem rétt sé að menn átti sig endanlega á þessu.

Þriðja ákvörðunaratriðið er það sem ekki hefur tekist

að leysa úr á grundvelli gildandi laga með tilliti til tilgangs þeirrar lagagreinar sem til er vitnað. Það er spurningin um dreifingu loðnunnar á verksmiðjur með sérstökum aðgerðum eða inngripi af hálfu loðnunefndar eða rn., og viðhorfin í því máli hef ég reifað hér allítarlega.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil í einu og öllu taka undir með hv. 3. þm. Austurl. í máli hans er hann hóf hér umræður áðan. Það er hverjum ljóst, sem kynnir sér aðstæður allar eystra núna, að þar er hrein vá fyrir dyrum víða: fyrir einstaklinga, sem byggja á sjósókn verulegan hluta lífsafkomu sinnar, fyrir fyrirtækin, sem þar hljóta að verða fyrir hinum alvarlegustu áföllum, og fyrir sveitarfélögin, byggðirnar þar í heild.

Í máli hv. þm. kom glögglega fram, að lagaákvæði eru hér skýr og ótvíræð og án alls vafa. Mér finnst engin leið að ætla að túlka þau með þeim hætti sem hér er gert varðandi greinargerðartilvitnanir. Svo skýrt er að orði kveðið í lögunum, að það fer ekkert milli mála að valdið er hjá loðnunefnd eða hæstv. ráðh. ef hann vill beita því. Það hlýtur því að vera sanngirniskrafa að ýtrustu leiða verði leitað til að bjarga þessum byggðarlögum. Það er hvarvetna núna í mönnum þar eystra, á því svæði sem hv. 3. þm. Austurl. minntist á, hið versta hljóð, kvíði, enda er atvinnuöryggi margra í veði og — eins og hann benti á heill byggðarlaganna um leið. Ég held að þegar lagastoð er svo ótvíræð, en menn fara að leita fyrir sér í einhverjum grg. til að komast hjá því að framfylgja svo ákveðnum lögum, ætti þvert á móti að vera vandalaust að gera hér á þá úrlausn sem tæki a. m. k. sárasta broddinn úr þeim hrikalega vanda sem þarna er fyrirsjáanlegur. Áskorun til hæstv. ráðh. hlýtur því að teljast sjálfsagt réttlætismál, og satt að segja finnst mér að honum ætti að vera ljúft að enda hugsanlegan feril sinn með þeim hætti, sem honum væri hinn mesti sómi að, og taka hér af öll tvímæli.

Umr. frestað, en um þingsköp kvaddi sér hljóðs:

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil andmæla þeim vinnubrögðum að skera nú niður umræður um mjög svo aðkallandi vandamál, sem varðar afkomu fjölda fólks og fyrirtækja, með þeim hætti sem hæstv. forseti ætlar nú að gera og koma þannig í veg fyrir að málsvarar þess fólks, sem önnur byggðarlög byggir, fái að leggja orð í belg um þetta þýðingarmikla vandamál. Ég ætla ekki að orðlengja það, en aðeins vekja athygli á að það kynni að hafa nokkur áhrif á hagsmuni fólksins í Norðurlandskjördæmi eystra ef flutt yrði loðna, sem veiðist fyrir Norðurlandi, þvert um húshlöð þeirra suður á land, enda þótt nóg séu afköstin í verksmiðjunum þar noður frá og hjá fólkinu til að fullnýta þann loðnuafla sem tekinn er fyrir Norðurlandi.

Um þetta ætla ég ekki að orðlengja, heldur víkja að hinu, að til þess virðist nú vera frestað umræðum um þetta þýðingarmikla mál að hleypa að hæstv. fjmrh., sem þó er í „praxís" löngu hættur að vera fjmrh., til að þylja hér í þinginu marklaust plagg í a. m. k. tvær klst. varðandi annað marklaust plagg, sem er fjárlagafrv. sem þessi hæstv. settur fjmrh. tók saman nú í vetur með fullri vitund um að til einskis yrði nema kostnaðar í prentun og pappír. Ég vil andmæla þessu. Ég vil óska þess af hæstv. forseta að hann afturkalli úrskurð sinn og leyfi okkur að ræða hér ákaflega þýðingarmikið mál sem varðar nýtingu loðnuaflans.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að mótmæla ekki aðeins því sem hv. síðasti ræðumaður var að mótmæla, heldur einnig því marklausa þvaðri sem hann var að flytja fyrir hv. Sþ. Hv. þm. var ekki að bera fram mótmæli við þingsköp, heldur var hann að mótmæla því að koma ekki að vissum hagsmunasjónarmiðum sínum sem þm. eins kjördæmis sem vissulega getur átt hlut að máli í þeim vanda sem hér var hreyft af öðrum stuðningsmönnum þeirra flokka sem standa að væntanlegri ríkisstj. En það koma fleiri aðilar til greina en íbúar þeirra tveggja kjördæma, sem eiga fulltrúa þá sem hér töluðu, og fleiri verksmiðjueigendur eiga þar hlut. Það eru nefnilega til menn sem stunda útgerð og eru útgerðarmenn og sjómenn sem eru á þessum skipum.

Hér hefur því verið slegið föstu af hv. fyrirspyrjanda, að sjómenn muni skilja vandamálið. Ég á eftir að sjá að þeir og útgerðarmenn skilji það vandamál að með ákvörðun ráðh. eigi að skerða aflamöguleika þeirra til að flytja hugsanlegan hagnað frá þeim til annarra aðila á landinu. Það hefur verið gert of mikið að því að undanförnu að skerða hlut þeirra þjóðinni allri til handa, m. a. með veiðistöðvunum og öðru slíku. Ég held að ekki eigi aðeins að hugsa til þeirra aðila sem eru í kjördæmum hv. þm. sem hér hafa talað, það eigi líka að hugsa til þeirra manna sem afla þess þýðingarmikla hráefnis sem á að fara til vinnslu á viðkomandi stöðum.

Það var ætlan mín að koma á í lengra máli frekari umræðum um þetta atriði en hafa komið fram til þessa. Þess vegna bað ég um orðið um þingsköp, en ætlaði að ræða málið efnislega þar utan.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það var á forseta að skilja að nú ætti að hefjast fjárlagaræða og umræða utan dagskrár væri rofin vegna þess að hæstv. fjmrh. væri að kveðja sér hljóðs til að flytja fjárlagaræðu. Það vita allir að hæstv. fjmrh. hefur fyrir löngu sagt af sér. Það vita allir að það fjárlagafrv., sem hann hefur lagt fram, er marklaust plagg. Það nýtur í hæsta lagi stuðnings tíu þm. Það vita líka allir, sem hafa fylgst með gangi þessa máls, að af hálfu þingflokkanna, a. m. k. þingflokks Alþb., var eingöngu samþykkt að hæstv. fjmrh. fengi að vísa fjárlagafrv. til n. án nokkurrar ræðu eða nokkurrar tilraunar til að hefja umræðu um marklaust fjárlagafrv. Það er hrein auglýsingamennska og vanvirða fyrir Alþ. ef hæstv. ráðh. ætlar að fara að misnota sér — á þann mátt sem hann ætlar greinilega að gera hér — það samþykki, sem gefið var við því að vísa málinu til n., með því að fara að flytja þá ræðu sem hann hefur nýlega dreift — fyrir nokkrum mínútum — til þm. og er 47 vélritaðar síður. Það eru algjör svik við það samkomulag sem hér hefur verið gert, og ég mótmæli því harðlega að marklaus fjmrh. verði látinn flytja hér marklausa tveggja tíma ræðu um marklaust fjárlagafrv.

Fjárlög 1980, frv. (þskj. 1). — 1. umr.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Ég held að það sé um það bil einn mánuður síðan ég óskaði eftir fundum með formönnum þingflokka til þess að ræða einmitt afgreiðslu fjárlagafrv. sem lagt var fram í des. Ég óskaði eftir því að ná samkomulagi við þing-

flokkana um það að fá málinu vísað til fjvn. með aðeins örfáum inngangsorðum. Þessi beiðni mín hlaut ekki undirtektir formanna þingflokkanna. Formenn þingflokkanna sögðust ekki geta fallist á það fyrir hönd flokka sinna að sá háttur yrði á hafður, því miður.

Fjárlagaræða er nú flutt ekki aðeins á óvenjulegum tíma, heldur einnig við óvenjulegar aðstæður og ber hún þess að sjálfsögðu merki. Eins og hv. þm. vita standa nú fyrir dyrum stjórnarskipti og innan skamms mun væntanlega setjast að völdum ríkisstj. sem leggja mun fyrir þingið stefnu sína í efnahagsmálum og þ. á m. í ríkisfjármálum. Án efa mun hún hafa sitthvað við að athuga það fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir Alþingi, eins og raunar hefur þegar fram komið. Ráðrúm til þess að gera slíkar breytingar á frv. mun gefast milli 1. og 2. umr., en til þess að svo geti orðið þarf sú formlega afgreiðsla að hafa farið fram, að fjárlagafrv. sé vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Skoðun mín er sú — og ég hef rætt það nokkrum sinnum á fundum formanna þingflokka — að á meðan óvissuástandið, sem ríkt hefur í stjórnmálum frá kosningum, héldist og yfir stæðu viðræður þingflokka um myndun nýrrar ríkisstj. væri ekki æskilegt að efna til almennrar umræðu um ríkisfjármál og efnahagsmál. Af þeim ástæðum hef ég frestað að halda fjárlagaræðu, þótt vissulega hefði verið æskilegt að 1. umr. fjárlaga hefði farið fram fyrr. Frestun á að fá fjárlagafrv. vísað til fjvn., sem af þessari ákvörðun hefur hlotist, hefur þó ekki torveldað störf nefndarinnar né fjárlagavinnuna í Alþingi, því að fjvn. hefur allt frá því fjárlagafrv. var lagt fram í byrjun desember unnið sín venjubundnu störf með sama hætti og nefndin hefði gert við venjulegar aðstæður.

Ég hef jafnframt tjáð formönnum þingflokka, að mér þætti með sama hætti æskilegt og eðlilegt, að áður en ný ríkisstj. yrði mynduð væri lokið við að mæla fyrir fjárlagafrv. og fá því vísað til fjvn. Sú formlega afgreiðsla á frv. þarf að fara fram, og ég tel ekki æskilegt og raunar mjög óeðlilegt að draga þá afgreiðslu fram yfir stjórnarskipti. Bæði fyrir núverandi og væntanlega ríkisstj. er æskilegast að 1. umr. fjárlaganna sé lokið fyrir stjórnarskiptin, og hef ég haft um það samráð við formenn þingflokka að haga málum þannig að mæla fyrir fjárlagafrv. og fá því vísað til fjvn. skömmu áður en sýnt þætti að stjórnarskipti færu fram. Í því sambandi hef ég tekið tillit til allra óska formanna þingflokka um frestun þangað til á síðustu stundu, og mér finnst það því ómaklegt að verða fyrir árásum af hálfu manna úr öðrum þingflokkum fyrir þann hátt sem ég hef haft á þessu máli, sem ég hef frá upphafi gert í nánu samráði við formenn annarra þingflokka. Þar sem stjórnarskipti eru nú á næsta leiti hef ég afráðið að láta af því verða að óska eftir að fjárlagaumr. fari nú fram, og ég hef einnig haft um það samráð við formenn þingflokka og fallist á þau tilmæli tveggja þeirra, að fjárlagaumr., sem ég stefndi að að hafa s. l. þriðjudag, yrði frestað þangað til í dag.

Í ræðu minni mun ég ekki fjalla að neinu marki um stefnumótun í ríkisfjármálum eða efnahagsmálum í heild, sem venjulega er einn af meginþáttum í fjárlagaræðu, enda tel ég rétt að það bíði nýrrar ríkisstj. Með sama hætti mun ég ekki fara nema örfáum orðum um skattamál og tollamál, launa- og kjaramál svo og um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Ég mun einkum og sér í lagi greina frá ástandi efnahagsmála og afkomu ríkissjóðs á s. l. ári, auk þess sem ég geri grein fyrir efni fjárlagafrv. og forsendum þess. Ég mun þannig ekki hefja almenna umræðu um efnahagsmál eða um stefnumótun í efnahagsmálum eða ríkisfjármálum, en mun að sjálfsögðu ekki skorast undan því að taka þátt í umræðum um slík mál ef aðrir verða til þess að vekja hana. En ég ítreka, að mér finnst slík umræða tilgangslítil við þessar aðstæður og mun sjálfur ekki hefja hana.

Þótt fátt liggi enn fyrir af tölum um helstu þjóðhagsstærðir ársins 1979 er ljóst, að niðurstaðan hefur um sumt orðið önnur en reiknað var með haustið 1979, þegar unnið var að undirbúningi fjárlagafrv., þótt megindrættir séu hinir sömu. Sjávarafli varð talsvert meiri en reiknað var með og verðbólgan talsvert meiri en áætlað var.

Þjóðarframleiðslan í heild er talin hafa aukist um a. m. k. 3% á árinu 1979 eða um 2% á mann. Viðskiptakjör eru á hinn bóginn talin hafa dregist saman sem nemur 3½% af þjóðarframleiðslu, mest vegna hækkunar olíuverðs, en einnig rýrði lækkun á gengi Bandaríkjadollars kaupmátt útflutningstekna gagnvart innflutningi. Þessi rýrnun viðskiptakjara veldur því, að þjóðartekjur eru taldar hafa dregist saman um 1—2% á mann. Eftir þennan afturkipp eru þjóðartekjur á mann svipaðar og þær voru á árinu 1977.

Framleiðslan í einstökum atvinnugreinum breyttist misjafnlega mikið. Sjávarvöruframleiðslan jókst afar mikið, e. t. v. um 12—15%, iðnaðarframleiðsla er álitin hafa aukist um 4—5%, en búvöruframleiðsla hefur líkast til dregist saman um 5—6% vegna harðinda og óþurrka. Samdráttur er einnig talinn hafa orðið í byggingarstarfsemi og í ýmsum þjónustugreinum. Heildarframleiðsla til útflutnings jókst að líkindum um 12—14%, en vegna þess hve mikið var gengið á birgðir á árinu 1978 og útflutningur var mikill á því ári er vöruútflutningurinn á árinu 1979 talinn hafa aukist minna en nam framleiðsluaukningunni, eða sennilega um 6—8%.

Þjóðarútgjöld eru talin hafa aukist um 1% á árinu 1979, einkaneysla og samneysla um 1½—2%, en um 6% samdráttur hefur líklega orðið í fjármunamyndun. Vöruinnflutningur hefur að raunvirði orðið svipaður eða ívið minni en árið áður. Innflutningsverð hækkaði hins vegar mikið, án olíu að jafnaði líkt og útflutningsverð eða um 9% í erlendri mynt, en að olíu meðtalinni nemur verðhækkun alls innflutnings 20% í erlendri mynt. Þar sem verð erlends gjaldeyris í krónum hefur hækkað um 34% svarar þetta til um 60% innflutningsverðshækkunar í krónum á móti 46% verðhækkun á útflutningi. Endanlegar tölur um verðmæti útflutnings og innflutnings allt árið 1979 liggja ekki enn fyrir, en síðustu áætlanir benda til þess, að vöruútflutningur hafi orðið nær 278 milljarðar króna, en vöruinnflutningur allt að 9 milljörðum minni þegar reiknað er á sambærilegu verði. Því hefur orðið afgangur í vöruskiptum við útlönd. Á hinn bóginn er líklegt að nokkru meiri halli hafi orðið á þjónustuviðskiptum en nemur afgangi á vöruskiptum, ekki síst vegna samdráttar í tekjum af samgöngum. Reynist áætlanir réttar hefur orðið lítils háttar halli í viðskiptum við útlönd á árinu 1979. Útkoman má þó teljast vel viðunandi, m. a. þar sem útflutningsvörubirgðir um s. l. áramót voru mun meiri en í upphafi ársins.

Vegna innstreymis erlends lánsfjár hefur greiðslujöfnuður orðið hagstæður og gjaldeyrisstaða batnað um 17 milljarða kr. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa að

líkindum aukist um 24 milljarða kr. 1979, og í árslok munu erlendar skuldir hafa numið rúmlega 280 milljörðum eða u. þ. b. þriðjungi af þjóðarframleiðslu ársins. Er það svipað hlutfall og árið áður. Greiðslubyrði af löngum erlendum lánum, þ. e. a. s. greiðslur vaxta og afborgana í hlutfalli við útflutningstekjur, er áætluð 14% eða svipuð og undanfarin 4—5 ár.

Á mælikvarða framfærsluvísitölu hækkaði verðlag um 45% að meðaltali á árinu, en um rúmlega 60% frá upphafi til loka ársins. Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað jafnar yfir árið en framfærsluvísitala og er sennilega um margt betri mælikvarði á verðlagsþróunina, m. a. vegna áhrifa breytinga niðurgreiðslna á framfærsluvísitöluna. Byggingarvísitalan hækkaði um 46% að meðaltali á árinu, en frá upphafi til loka ársins var verðhækkunin um 54%.

Kauptaxtar hækkuðu heldur minna að meðaltali á árinu heldur en verðlag, en ráðstöfunartekjur heimila eru taldar hafa aukist a. m. k. svipað og verðlag að jafnaði á árinu. Meðalkaupmáttur tekna hefur því haldist óbreyttur milli áranna 1978 og 1979.

Við gerð fjárlagafrv. var tekið mið af þjóðhagsspá fyrir árið 1980, eins og hún lá fyrir á s. l. hausti, með tilliti til framvindu 1979 og markmiða efnahagsstefnu um hjöðnun verðbólgu, jafnvægi í utanríkisviðskiptum og atvinnuöryggi. Forsendur frv. um þjóðarútgjöld eru þær, að almenn þjóðarútgjöld, sem miklu ráða um tekjur af óbeinum sköttum, verði nokkurn veginn óbreytt að raungildi á árinu 1980 frá því sem talið var að þau yrðu á árinu 1979. Þetta er ein af mikilvægustu forsendum tekjuáætlunarinnar. Þessi forsenda ræðst af því, að talið var að aukning þjóðarútgjalda umfram þetta mark hefði í för með sér viðskiptahalla miðað við þær forsendur um útflutningsframleiðslu og viðskiptakjör sem þjóðhagsspáin á s. l. hausti var reist á. Í spánni var gert ráð fyrir, að dregið yrði úr þorskveiðum í ár frá því sem var í fyrra, í ljósi þess að þorskaflinn á árinu 1979 stefndi fram úr því sem talið var ráðlegt. Þorskaflinn í fyrra varð reyndar enn meiri en búist var við á s. l. hausti. Einnig voru horfur á að loðnuaflinn gæti orðið minni í ár en í fyrra. Af þessum ástæðum var í spánni gert ráð fyrir heldur minni framleiðslu sjávarafurða á árinu 1980 en í fyrra, en jafnframt að það yrði vegið upp af aukningu í annarri útflutningsframleiðslu þannig að heildarframleiðsla til útflutnings yrði óbreytt.

Nú nýverið hefur sjútvrn. kynnt nýjar reglur um stjórnun þorskveiða. Þessar reglur eru þannig, að ætla má að þorskaflinn á yfirstandandi ári verði svipaður og hann var á s. l. ári, eða nokkru meiri en gert er ráð fyrir í þjóðhagsspánni sem lögð var fram sem forsenda fjárlagafrv. Sú ákvörðun er svo nýtilkomin að ekki hefur unnist tími til þess að skoða áhrif hennar, en það verður væntanlega gert í meðferð málsins.

Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að viðskiptakjör haldist óbreytt á árinu 1980 frá því sem þau voru áætluð fyrir síðasta fjórðung liðins árs. Þetta hlýtur þó að vera afar óviss spá, ekki síst með tilliti til hinna miklu sviptinga á olíumarkaði í heiminum á s. l. ári og mikillar óvissu um framhaldið. Í spánni var reiknað með því, að olíuverð yrði nokkurn veginn óbreytt frá því sem það var í okt. s. l.

Enda þótt óvissa á viðskiptakjarasviði sé óneitanlega mikil, er ekki séð að ástæða sé til að breyta viðskiptakjaraforsendum fjárlagafrv. að svo stöddu. Olíuverð rauk upp í janúar og fór langt upp fyrir það sem miðað var við í þjóðhagsspánni, en hefur nú lækkað aftur, hvað sem síðar kann að verða. Verð á nokkrum freðfiskategundum á Bandaríkjamarkaði hefur lækkað nokkuð, en hins vegar hefur heimsmarkaðsverð á mjöli hækkað frá því í haust. Þannig skiptast á skin og skúrir eins og oft áður.

Að svo stöddu virðist því ekki ástæða til þess að breyta forsendum fjárlagafrv. um sem næst óbreytt þjóðarútgjöld, ef ná á markmiðinu um jafnvægi í utanríkisviðskiptum og aðeins lítils háttar aukningu þjóðarframleiðslu, sem þó ætti að nægja til að tryggja viðunandi atvinnuástand.

Verðlags- og launahækkanir í síðustu mánuðum ársins 1979 voru meiri en við var miðað við undirbúning fjárlagafrv. Þetta felur í sér að verðlag og kauplag um síðustu áramót var hærra, miðað við meðaltal ársins 1979, en reiknað var með í fjárlagafrv. Jafnvel þótt tækist að draga svo úr verðbólgu á árinu 1980 sem að var stefnt í frv., þá verður meðalbreytingin milli ára meiri en reiknað var með vegna stöðunnar um áramót. Ef hamla á gegn verðhækkunum, verður ríkisfjárhagurinn að vera traustari 1980 en 1979 og einnig verður að leggja sérstaka áherslu á að draga eins mikið og unnt er úr tímabundnum halla ríkissjóðs fyrstu mánuði ársins með samningu mun aðhaldssamari og ákveðnari greiðsluáætlunar en fylgt hefur verið á undanförnum árum.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum lá fyrir fullbúið fjárlagafrv. fyrrv. fjmrh. Það frv. hafði verið lagt fram á Alþingi og því verið dreift meðal þingmanna. Framsaga var hins vegar aldrei flutt af ástæðum sem alkunnar eru. Þegar nýtt þing kom saman að loknum kosningum var ljóst að fyrir því þingi mundi ekki liggja neitt frv. til fjárlaga nema ríkisstj. gerði til þess ráðstafanir. Vaknaði því sú spurning, hvernig með skyldi fara — hvaða skyldur ríkisstj. hefði í því sambandi. Ég óskaði eftir því, að samin yrði í fjmrn. álitsgerð um skyldur ríkisstj. varðandi undirbúning fjárlagafrv. fyrir 102. löggjafarþing.

Álitsgerð þessi var samin og lögð fyrir ríkisstj. og er hún mjög ítarleg. Er þar vitnað í ákvæði stjórnarskrár um skyldur ríkisstj. til þess að leggja fram fjárlagafrv. og í álit tveggja fræðimanna, sem ritað hafa um það mál, þeirra Bjarna Benediktssonar og Ólafs Jóhannessonar. Einnig voru könnuð fordæmi og hliðstæður úr íslenskri þingsögu og vitnað til ákvæða í dönskum stjórnarskipunarlögum um undirbúning fjárlaga og skyldur ríkisstj. í því sambandi.

Niðurstöður álitsgerðar um þessi mál var á þá lund, að ríkisstj. bar í fyrsta lagi að hlutast til um að Alþingi yrði kvatt saman svo fljótt sem verða mátti að loknum alþingiskosningunum 2. og 3. desember og að þegar í upphafi þess þings ætti ríkisstj. að leggja fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1980. M. ö. o. var framlagning fjárlagafrv. stjórnskipuleg skylda ríkisstj. sem henni bar að uppfylla án tillits til þess, hvort hún styddist við meiri eða minni hluta á Alþingi og hvort líklegt væri, að hún ætti sér lengri eða skemmri lífdaga.

Ríkisstj. afréð að fenginni þessari álitsgerð að vinna að gerð nýs fjárlagafrv. til þess að leggja fyrir Alþingi að kosningum loknum, eins og skylda hennar var. Vegna þess skamma tíma, sem ríkisstj. hafði til þess að undirbúa og vinna nýtt frv., ákvað hún að styðjast í ýmsum veigamiklum atriðum við frv. það sem lagt var fram af fyrrv. fjmrh. í október, en takmarka brtt. sínar við nokkra meiri háttar stefnumarkandi þætti þess. Þannig hefur

fjárlagafrv. 101. löggjafarþingsins, frv. fyrrv. fjmrh., verið lagt til grundvallar við samningu þess fjárlagafrv. sem nú er flutt. Í samræmi við afstöðu Alþfl. til fjárlagafrv. 101. löggjafarþingsins hlaut ríkisstj. Alþfl. hins vegar að sjálfsögðu að gera á því frv. nokkrar efnisbreytingar. Ýmsar aðrar breytingar á frv. hefði ríkisstj. kosið að gera, en vegna takmarkaðs tíma var svigrúm hennar til þess mjög lítið og ógjörningur að semja nýtt heildarfrumvarp.

Þær helstu breytingar, sem gerðar voru frá því frv. sem lagt var fram á 101. löggjafarþinginu, eru þessar:

Í fyrsta lagi var dregið úr skattheimtu ríkissjóðs og þannig auknar ráðstöfunartekjur launþega. Tekjuskattslækkunin um 7.2 milljarða króna er aðgerð sem skapar svigrúm til þess að vinna gegn kjaraskerðingaráhrifum, m. a. vegna hækkaðs olíuverðs. Miðað við tekjuáætlun frv. tekur ríkissjóður til sín 28.3% þjóðarframleiðslunnar, en sambærilegt hlutfall í fyrra frv. var 29%.

Í öðru lagi var dregið úr útgjöldum til að vega á móti tekjuskattslækkuninni. Frá því var nánar skýrt á sínum tíma og tímans vegna rek ég það ekki nánar hér.

Í þriðja lagi er í frv. stefnt að mjög auknu aðhaldi heildarútgjalda ríkissjóðs vegna stýringar útgjalda innan ársins. Samkvæmt frv. var ráð fyrir því gert að reynt yrði að mæta óhjákvæmilegum árstíðabundnum halla ríkissjóðs með skammtímalántöku hjá viðskiptabönkum, þannig að ekki safnist upp skuldahali á viðskiptareikningi ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands. Hér má í þessu sambandi geta þess, að þegar ég leitaði á sínum tíma heimilda Alþingis til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði var lögð fyrir fjh.- og viðskn. greiðsluáætlun um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði fyrstu vikur ársins 1980 og var sú greiðsluáætlun mun strangari en áður hefur tíðkast. Sú greiðsluáætlun var síðan endurskoðuð í fjmrn. og enn hert á henni til þess að reyna eftir föngum að draga úr venjubundnu hallarekstrarmunstri ríkissjóðs í upphafi árs. Hefur tekist nokkuð vel að framfylgja þessari ströngu greiðsluáætlun þessar fyrstu vikur.

Í fjórða lagi er svo stefnt að því í frv. og drögum að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem ríkisstj. hefur látið vinna, að innlend lánsfjáröflun verði nýtt eins og frekast er kostur áður en leitað er erlendra lána. Að öðrum breytingum, sem ríkisstj. vill gera, var ákveðið að vinna í samvinnu við fjvn. og láta þeirra þátta getið í fjárlagaræðu.

Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, er miðað við sömu verðlags- og kauplagsforsendur og frv. það sem lagt var fram í október af hæstv. fyrrv. fjmrh. Í lögum nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., er tekið fram, að frv. til fjárlaga skuli samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar og að áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlagafrv. skuli gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun ríkisstj. Í samræmi við þetta er frv. við það miðað, eins og hið fyrra, að verðhækkun frá upphafi til loka ársins 1980 verði um 30% og meðalhækkun verðlags 1979—80 verði 37%. Eins og ég hef vikið að hér að framan verða launaforsendur og forsendur frv. almennt endurskoðaðar áður en frv. verður afgreitt sem lög.

Fjárlagafrv. ber með sér að sérstök áhersla er lögð á framkvæmdir í orkumálum. Einnig eru fjárveitingar til vegamála auknar nokkuð frá árinu 1979 að óbreyttum forsendum frv., en í því frv., sem hér er lagt fram, er dregið úr vegaframkvæmdum um 2.5 milljarða króna frá því sem ákveðið var í vegáætlun. Þetta er liður í því að sporna gegn erlendum lántökum, en sú aukna framkvæmd í vegamálum, sem vegáætlun gerði ráð fyrir, byggðist öll á auknum erlendum lántökum. Á síðasta ári voru framlög til fjárfestingarlánasjóða 10% lægri en ákveðið er í lögum. Í fjárlagafrv. 1980 er hins vegar gert ráð fyrir 15% skerðingu framlaga til sjóðanna. Þessa stefnu frv. má skoða sem fyrsta skref í þá átt að draga úr og í vissum tilvikum að fella niður öll sjálfvirk framlög úr ríkissjóði. Þetta er mikilvæg stefnumörkun sem þarf að ná festu til þess að ráðið verði betur við ríkisfjármálin en hingað til. Í frv. er dregið nokkuð úr framlögum til tilraunabúa, m. a. til að hvetja til endurskoðunar á tilrauna- og rannsóknastarfsemi landbúnaðarins. Sú stefna er einnig mörkuð að draga úr kostnaði við landhelgisgæslu með sölu flugvélar og með breyttum rekstri varðskipa. Sama máli gegnir um starfsemi hafrannsóknarskipa. Að lokum má geta þess, að ríkisstj. ákvað að 500 millj. kr. af innheimtu aðlögunargjaldi iðnaðarins skuli renna til iðnþróunar samkvæmt tillögum fjárlagafrv. Er hér um að ræða stefnubreytingu frá fyrra frv., en nánar verður að þessu máli vikið síðar.

Nú liggur fyrir bráðabirgðayfirlit um afkomu ríkissjóðs á árinu 1979 og er við hæfi að gera nokkra grein fyrir stöðu ríkissjóðs á þeim tímamótum.

Frá því fjárlög fyrir árið 1979 voru afgreidd af Alþingi voru gerðar ýmsar ráðstafanir í efnahagsmálum sem áhrif höfðu á ríkisbúskapinn á árinu og endurspeglast í afkomu ríkissjóðs í árslok. Má í þessu tilliti nefna, að þróun kauplags og verðlags hafði að sjálfsögðu áhrif á afkomu ríkisbúskaparins. Verðbætur á laun og tengda þætti juku umfram annað útgjöld ríkissjóðs, en auk þess koma til ýmsar ákvarðanir á árinu sem ekki voru séðar fyrir við gerð og afgreiðslu fjárlaga. Þetta leiddi m. a. til nauðsynlegrar viðbótarfjáröflunar fyrir ríkissjóð.

Niðurstöðutölur bráðabirgðayfirlits um afkomu ríkissjóðs 1979 eru í aðalatriðum þær, að útgjöld reynast samtals 241.6 milljarðar kr. eða 39.2 milljörðum kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum. Þetta er um 19.3% umfram fjárlög. Tekjurnar eru 238.7 milljarðar kr., eða tæpum 30 milljörðum eða 14% umfram fjárlög. Samkvæmt þessu eru gjöld umfram tekjur um 2.9 milljarðar kr. Um lánamál ríkissjóðs er það að segja, að við afgreiðslu fjárlaga ársins 1979 var að því stefnt að lánveitingar og afborganir lána ríkissjóðs næmu rúmum 4 milljörðum kr. umfram ráðgerðar lántökur og innheimtu af veittum lánum. Í þessari áætlun var við það miðað að Seðlabankanum yrðu greiddir um 5.1 milljarður á árinu og að greiðsluafgangur ríkissjóðs yrði tæpir 2.5 milljarðar kr.

Sérstaklega er ástæða til að gera grein fyrir greiðsluafkomu ríkissjóðs og stöðunni við Seðlabankann í árslok 1979.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri varð greiðsluafkoma ríkissjóðs við Seðlabankann hagstæð um 2.2 milljarða kr. á árinu 1979 skv. bókum ríkisbókhalds. Bætt staða á hlaupareikningum nam um 15.3 milljörðum kr., en greiðsluhreyfing á skuldabréfum og tveimur skammtímalánum fól í sér skuldaaukningu á móti að fjárhæð 13.1 milljarður kr.

Greiðsluhreyfing sjóðs og annarra bankareikninga fól í sér lækkun að fjárhæð um það bil 1 milljarður kr., þannig að greiðsluafkoma sjóðs og bankareikninga í heild var hagstæð um 1.2 milljarða kr.

Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann í árslok 1979 nam um 27 milljörðum kr. eða lítið eitt hærri fjárhæð en í árslok 1978 þrátt fyrir mikla verðbólguþróun á árinu. Er þá meðatalin verðbótaþáttarhækkun sem kom til útreiknings á gjalddaga láns í desember, alls 2.3 milljarðar kr., en ekki áfallinn, ógjaldfallinn verðbótaþáttur að fjárhæð tæpir 2 milljarðar kr. Ákvörðun hefur ekki verið tekin um færslu á þessari fjárhæð, enda hafa vísitölubundin skuldabréf ekki verið hækkuð upp í árslok frá nafnverði þeirra, eins og t. d. skuldabréf vegna andvirðis seldra spariskírteina, enda spariskírteinin sjálf færð á nafnverði. Innlausnarvirðis þeirra hefur hins vegar verið getið í athugasemdum. Gengisbundin lán hafa hins vegar verið skráð á gengi í árslok.

Meðferð þessara verðbréfa allra er nú í sérstakri athugun með hliðsjón af þeim reglum sem settar hafa verið um hin ýmsu lánsform, m. a. hjá bankakerfinu. Athugunin beinist einnig að því að kanna, hvaða áhrif breyttur uppgjörsmáti skuldabréfa kann að hafa á fjárlagagerð og fjárlagatölur, en á liðnum árum hafa verðbætur verið felldar undir vexti í fjárlögum og þar með í ríkisreikningi. Uppfærsla á höfuðstól vísitölubundinna bréfa í árslok fæli í sér breytingu á fjárlögum m. a. með þeim hætti, að greiðslur vegna afborgana mundu hækka, en greiðslur á vaxtagjöldum lækka að sama skapi. Því er nauðsynlegt að afstaða sé tekin til þessara atriða við fjárlagagerð, áður en reikningsuppgjöri er breytt, og hefur það mál sérstaklega verið rætt við fjvn. Til greina kemur að færa lánin upp með þessum hætti í árslok 1979 og jafnframt endurskoða skiptingu vaxta og afborgana í fjárlagafrv. 1980, en þetta hvort tveggja verður að sjálfsögðu að fylgjast að.

Í þessu sambandi má einnig vekja athygli á því, að áfallnir, ógjaldfallnir vextir frá gjalddaga til ársloka hafa ekki verið teknir með í uppgjöri ríkisreiknings og fjárlaga. Einnig er í athugun breyting á því á þann veg að færa áfallna, ógjaldfallna vexti til gjalda og sem lausaskuldir í árslok.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhalds hefur heildarinnheimta tekna ríkissjóðs numið um 238.7 milljörðum kr. á árinu 1979. Er þetta tæplega 30 milljörðum kr. eða 14% umfram áætlun fjárlaga. Fjárlagaáætlunin var hins vegar sett fram á verðlagi í lok ársins 1978, og við samanburð á tölum ársins verður að hafa í huga að meðalverðlag ársins 1979 hefur orðið yfir 20% hærra en við var miðað í fjárlagafrv. Þegar litið er yfir skamman tíma er eðlilegt að tekjur hækki minna en nemur breytingum verðlags og launa, þar sem hluti teknanna er háður kauplagi og verðlagi á fyrra ári, einkum tekjuskattar og eignarskattar, hluti launaskatts og iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga. Þessar tekjur hækka því ekki frá fjárlögum nema að því marki sem tekjubreytingar árið áður kunna að hafa verið vanmetnar. Hækkun söluskatts og sérstaks vörugjalds á s. l. hausti veldur nokkurri hækkun tekna umfram breyttar fjárlagaforsendur, en á móti kemur töluvert tekjutap vegna lækkunar tollhlutfalls af innflutningi með samdrætti í innflutningi hátollavöru.

Í samanburði við fjárlög er rétt að athuga, að gjöldin hafa aukist um 19.3% og hefur aukning þeirra því fylgt verðlags- og kauplagsbreytingum að mestu. Þessar mismunandi breytingar tekna og gjalda sýna, að yfir skamman tíma má ætla að breytingar verðlags og kaupgjalds hafi meiri áhrif á gjöld en tekjur, eða m. ö. o. að breytinga gætir fyrr í gjöldum en tekjum, þótt áhrifin jafnist út þegar til lengdar lætur.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti hafa tekju- og eignarskattar numið rösklega 44 milljörðum kr. eða um 3½ milljarði umfram fjárlög, einkum vegna þess að tekjur hækkuðu meira á árinu 1978 en reiknað var með við samþykkt fjárlaga. Gjöld af innflutningu yrðu rúmir 48 milljarðar kr., eða 13% umfram fjárlög. Þetta er lítil aukning og töluvert minni en breytingar á gengi og erlendu verðlagi ættu að hafa gefið tilefni til. Ástæðan er sú, að dregið hefur úr innflutningseftirspurn — sérstaklega úr kaupum á hátollavöru — og tollhlutfall í ríkissjóð þá lækkað töluvert umfram þá lækkun sem stafaði af tollalækkunum og var fyrir séð.

Innheimta söluskatts í ríkissjóð nam rúmlega 73 milljörðum kr. á s. l. ári, en þar af er áætlað að hækkun söluskatts í september hafi numið 1700 millj. kr. Tekjuaukning sveitarfélaga af söluskattshækkuninni hefur sennilega numið 150 millj. kr. Hagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins nam 18.2 milljörðum kr. á árinu 1979 og er það sama fjárhæð og reiknað var með á fjárlögum. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga, að í fjárlögum var reiknað með verðhækkun áfengis og tóbaks á miðju ári og því eðlilegt að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skilaði ekki hagnaði umfram fjárlagaáætlun. Á síðari hluta ársins voru horfur á að fjárlagaáætlun næðist ekki. Útsöluverð hækkaði í júlí í samræmi við forsendur áætlunar, en síðan var tóbaksverð hækkað sérstaklega í nóvember og áfengis- og tóbaksverð svo hækkað fyrri hluta desembermánaðar, og dugðu þessar hækkanir til að skila fjárlagatölunni. Af öðrum mikilvægum tekjuliðum má nefna, að sérstakt vörugjald nam 14.6 milljörðum kr., eða 1.6 milljörðum umfram fjárlagaáætlun. Vörugjaldinu var breytt þannig í sept. s. l., að lægri gjaldflokkur þess var hækkaður úr 18 í 24%, en jafnframt var gjaldið fellt niður af nokkrum vöruflokkum. Þessi breyting var upphaflega talin skila um 1100 millj. kr. í tekjuauka á þessu ári, en aukningin hefur orðið minni og heldur dró úr innheimtu gjaldsins með samdrætti í innflutningseftirspurn á síðari hluta ársins. Launaskattur varð 12 milljarðar kr., eða 1.2 milljörðum umfram fjárlagaáætlun.

Sem fyrr segir eru heildartekjur ríkissjóðs taldar hafa orðið 238.7 milljarðar kr. á s. l. ári, en í áætlun, sem sett var fram í fjárlagafrv. á 101. þingi, voru tekjur taldar verða 231.2 milljarðar. Þetta eru þó ekki sambærilegar tölur, þar sem í septemberáætlun var ekki reiknað með þeirri breytingu á uppgjörsaðferð sem orðið hefur á árinu, að innheimta Rafmagnsveitna ríkisins á verðjöfnunargjaldi yrði í fyrsta sinn færð í ríkisbókhaldi, en jafnframt er færð með tekjum ársins 1979 samsvarandi innheimta verðjöfnunargjalds frá árinu 1978. Þessar breytingar koma að sjálfsögðu fram í gjaldahlið og hafa því engin áhrif á niðurstöður rekstrarreiknings, en hækkuðu báðar hliðar um 1.9 milljarða. Þannig hafa tekjur farið 5½ milljarði fram úr áætlun í september. Er hér einkum um að ræða mun betri innheimtu beinna skatta en reiknað var með, svo og söluskattsinnheimtu umfram áætlun á síðustu mánuðum ársins.

Vegna fjölmargra efnahagsráðstafana, sem gerðar voru á árinu 1979, hafa gjöld ríkissjóðs aukist verulega frá því sem upphaflega var áætlað. Alls reyndust gjöld um 241.6 milljarðar kr. samanborið við 202.5 milljarða sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Rétt er að hafa í

huga, eins og drepið hefur verið á í sambandi við tekjur ársins 1979, að fjárlögin voru afgreidd á verðlagi eins og það var um áramótin 1978—79. Hækkun útgjalda á árinu um 39.2 milljarða á sér því margvíslegar skýringar. Fyrst ber að nefna að launaútgjöld starfsmanna ríkisins hækkuðu um 11.2 milljarða kr. vegna verðbóta á laun á árinu og umsaminna launahækkana. Í þessu sambandi má geta þess, að sérstakar ákvarðanir í launamálum, eins og samningar við starfsfólk Sóknar, leiddu til milli 500 og 550 millj. kr. aukaútgjalda fyrir ríkissjóð. Launahækkanir svo afmarkaðra hópa færa ríkissjóði ekki nema hluta upp í útgjöld í formi tekna. Útgjöld vegna tryggingamála reyndust um 12.1 milljarði kr. hærri en áætlað var í fjárlögum. Í megindráttum á hækkunin sér þá skýringu, að útgjöld almannatrygginga fylgja almennri launaþróun í landinu. Bætur lífeyristrygginga hækka samtímis hækkun launa, og á árinu 1979 fylgdi sú hækkun þeirri hækkun sem láglaunahóparnir fengu. Svipuðu máli gegnir um útgjöld vegna sjúkratrygginga. Vistgjöld á sjúkrahúsum, sérfræðiaðstoð, tannlæknaþjónusta og dagpeningar eru allt liðir sem fylgja launa- og verðlagsþróun innanlands. Þá skal þess getið, að ríkissjóður varð fyrir verulegum útgjöldum, milli 1.5—2 milljarða kr., vegna halla á sjúkrahúsum 1978 og vegna breyttrar framkvæmdar á lögum um þátttöku ríkissjóðs í viðhaldskostnaði á sjúkrahúsum, sem ekki var áætlað fyrir að fullu. Niðurgreiðslur reyndust um 3.5 milljörðum kr. hærri en áætlað var í fjárlögum. Helsta skýringin á þessu er að vaxta- og geymslukostnaður 1979 reyndist hærri en talið var, auk þess sem neysla reyndist nokkuð önnur en talið var í fjárlagaáætluninni.

Auk þeirra atriða, sem ég hef hér drepið á, eru nokkur atriði til viðbótar sem vert er að nefna. Þegar lánsfjáráætlun og drög þar að lútandi voru afgreidd, hafði það í för með sér um 1.3 milljarða kr. hækkun útgjalda vegna meiri skila markaðra tekna til stofnana en að var stefnt í fjárlögum. Þá ákvað ríkisstj. hækkun á olíustyrk vegna húshitunar á árinu, og leiddi það til þess að útgjöld ríkissjóðs vegna þessa viðfangsefnis reyndust rúmlega 600 millj. kr. meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Að síðustu er rétt að geta þess, að um 2.5 milljarða kr. má rekja til breytinga á bókhaldsvenju og gjaldfærslu lána. Innheimta Rafmagnsveitna ríkisins á verðjöfnunargjaldi, alls um 1.9 milljarðar kr., er nú færð í fyrsta skipti sem gjöld og tekjur, eins og nefnt hefur verið í yfirlitinu um tekjur. Einnig eru á árið 1979 gjaldfærðar 600 millj. kr. vegna yfirtöku láns ríkissjóðs frá Rafmagnsveitum ríkisins, sem ákveðið var með lögum nr. 20/1979, um heimild til erlendrar lántöku og ríkisábyrgðir.

Auk þess sem talið er hér að ofan hefur reynst óhjákvæmilegt að fallast á allnokkrar umframgreiðslur, sem flestar eiga rót sína að rekja til meiri útgjalda en áætlað var vegna þróunar verðlags og gengis.

Frv. það til fjárlaga fyrir árið 1980, sem nú er til umræðu, hefur sérstöðu hvað framlagningu varðar, eins og vikið hefur verið að. Í nokkrum þáttum ríkisfjármála felur frv. í sér stefnumörkun, bæði varðandi tekjuöflunaráform ríkissjóðs svo og útgjaldaáform. Að þessum atriðum hef ég nú þegar vikið nokkrum almennum orðum og skal gera nánari grein fyrir þessum þáttum hér á eftir.

Niðurstöður fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir, eru þær, að gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 323.1 milljarður kr., og gjöld 314.6 milljarðar kr. Tekjur umfram gjöld nema því um 8.5 milljörðum kr. Reiknað er með að úr ríkissjóði verði greiddir 7.5 milljarðar kr. 1980 vegna lánahreyfinga umfram það sem greitt verður inn í ríkissjóð. Að auki er gert ráð fyrir 0.8 milljarða kr. útstreymi á viðskiptareikningi umfram innstreymi. Afborganir af lánum ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. frv. nema alls um 16.9 milljörðum kr., en þar af renna 13.1 milljarður til Seðlabankans, bæði til greiðslu af skammtímalánum, sem aflað var á árinu 1979, og af lánum til langs tíma. Lánsfjárþörf vegna A- og B-hluta ríkissjóðs nemur alls 28.5 milljörðum kr., samanborið við 17.3 milljarða kr. á árinu 1979 samkvæmt bráðabirgðayfirliti. Lánsfjárþörf eykst því verulega, en það ber að athuga að á árinu 1980 er um 50% lánsfjárþarfar mætt með erlendum lánum, en 1979 voru það um 70%.

Heildarniðurstaða frv., eins og það liggur fyrir, er því að greiðsluafgangur ríkissjóðs verði um 0.3 milljarðar kr. Svigrúm til aukinna útgjalda ríkissjóðs er því nánast ekkert án þess að fjáröflunaráformum verði breytt, ef komast á hjá að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla.

Ég vil sérstaklega taka það fram í þessu sambandi, að fjárlagafrv. þetta er ekki verulega frábrugðið öðrum fjárlagafrv. sem lögð hafa verið fram og afgreidd á s. l. árum. Frv. er reist á mjög veikum grunni, og ástæða er til að ætla, eins og raunar hefur áður verið að vikið, að erfitt verði að ná þeim árangri sem að er stefnt í áætlun frv. Jafnvel þótt gripið yrði til nýrra vinnubragða, eins og samningar strangari greiðsluáætlunar og aukinnar fjármögnunar tímabundins ríkissjóðshalla með tilstuðlan viðskiptabanka, þá má ætla að erfitt verði að fá áætlun fjárlaga til að standast. Ástæðan er sú, að framtíðin er ekki þekkt með vissu. Reynsla undanfarinna ára sýnir að á hverju ári verður ríkissjóður fyrir óvæntum útgjöldum. Óhjákvæmilegt er að stjórnvöld og Alþingi fari að horfast í augu við þær staðreyndir, að gera verður ráð fyrir mun meiri greiðsluafgangi á fjárlögum eða áætla fyrir óvissum útgjöldum í mun ríkari mæli en venja hefur verið, eigi ríkissjóður að vera hallalaus í lok árs.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1980 er reist á þeirri áætlun um tekjur á árinu 1979 sem sett var fram í fjárlagafrv. á 101. þingi. Jafnframt er áætlunin reist á ákveðnum forsendum um breytingu kauplags, verðlags og veltu á árinu 1980, auk sérstakra forsendna um einstaka tekjuliði. Ljóst er að sá dráttur, sem orðið hefur á afgreiðslu fjárlaga, veldur því, að tekjuáætlun þarfnast óvenjumikillar endurskoðunar, bæði vegna þess, að grunnur áætlunarinnar breytist töluvert, og svo hins, að breytingar einstakra tekjuliða eru nú betur þekktar en áður var, auk þess sem forsendur um veltubreytingar á þessu ári þarfnast endurskoðunar.

Tekjuáætlun þessa frv. er óbreytt frá frumvarpi 101. þings, nema hvað varðar áætlun um tekjuskatt einstaklinga. Heildartekjur nema 323.1 milljarði kr., samanborið við 238.7 milljarða samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum ársins 1979. Tekjur aukast um 84.4 milljarða, eða 35%, samanborið við 30% aukningu gjalda, enda er að því stefnt að tryggja töluverðan rekstrarafgang á fjárlögum.

Ég mun hér fjalla stuttlega um helstu liði tekjuáætlunarinnar, en um einstaka þætti leyfi ég mér að vísa til grg. með frv. því sem lagt var fram á 101. þingi.

Áætlun um tekjuskatt og eignarskatt í frv. því, sem lagt var fram á 101. þinginu, voru miðaðar við að skattstigar og skatthlutfall í hinum nýju lögum um tekju- og

eignarskatt yrðu ákveðin þannig að lögin skiluðu sömu álagningu og fyrri lög hefðu gert. Á hinn bóginn hefur áætlun um tekjuskatt einstaklinga í frv. því, sem ég hef lagt fram, verið lækkuð um 7.2 milljarða kr. frá frv. fyrrv. fjmrh., og er að sjálfsögðu ætlunin að lækka tekjuskattsheimtu að sama skapi. Frv. um skattstiga og skattahlutföll hinna nýju laga hefur verið í undirbúningi, og hefur þetta frv. nú verið lagt fram á Alþingi. Miðast þau að sjálfsögðu við þá álagningu tekju- og eignarskatts sem gert er ráð fyrir í áætlun fjárlagafrv. Samkvæmt því er áætlað að innheimtur eignarskattur einstaklinga verði tæpir 2.5 milljarðar kr., en eignarskattur félaga röskir 3.3 milljarðar. Gert er ráð fyrir að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði framlengdur óbreyttur fyrir árið 1980, og er innheimta skattsins áætluð 1300 millj. kr. Í heild eru eignarskattar taldir verða 7.5 milljarðar kr., eða 2.3 milljörðum kr. meiri en í fjárlögum 1979.

Álagður tekjuskattur einstaklinga er áætlaður nema 48 milljörðum kr., en um 34 milljörðum að frádregnum barnabótum og persónuafslætti til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds. Innheimtur tekjuskattur einstaklinga er áætlaður 30.2 milljarðar, eða 7.2 milljörðum lægri en í fyrra fjárlagafrv., eins og áður sagði.

Í frv. er reiknað með óbreyttri innheimtu sjúkratryggingagjaldsins, og hefur frv. þess efnis verið lagt fram á Alþingi. Innheimta sjúkratryggingagjaldsins er talin verða 6950 millj. kr.

Áætlun um álagningu tekjuskatts félaga er einkar óviss vegna hinna nýju skattalaga. Miðað er við að þau skili svipuðum fjárhæðum og eldri lög. Innheimta tekjuskatts félaga er áætluð 10 850 millj. kr.

Samkvæmt frv. verða beinir skattar, þ. e. tekju- og eignarskattar, röskir 56 milljarðar kr., eða 17.4% af heildartekjum. Vegna þeirrar lækkunar tekjuskatts, sem frv. gerir ráð fyrir, er hlutfall beinna skatta um 1½% lægra en á árinu 1979.

Af helstu stofnum óbeinna skatta má nefna, að í frv. eru tolltekjur ríkissjóðs miðaðar við að innflutningur haldist óbreyttur að raungildi milli áranna 1979 og 1980 og verð innflutnings, annars en olíu, hækki um 35% í krónum. Þá er reiknað með að tollhlutfall lækki vegna tollalækkunar í byrjun þessa árs, og er tolltekjutapið talið nema nær 4000 millj. kr., en það svarar til þess að tollhlutfall almenns vöruinnflutnings lækki um 1.6%. Tollheimta síðustu mánaða ársins 1979 bendir hins vegar til, að tollhlutfall á síðasta ári hafi lækkað töluvert meira en reiknað var með og því verði að gera ráð fyrir minni tollheimtu og lægra tollhlutfalli 1980 en reiknað er með í áætlun. Þetta atriði verður athugað sérstaklega þegar endanlegar innheimtutölur liggja fyrir.

Áætlun um söluskatt er miðuð við innheimtuáætlun þá fyrir árið 1979 sem gerð var í september, en hún reyndist of lág og gefur það vísbendingu um að áætlunin fyrir 1980 kunni að vera það líka. Á hinn bóginn er reiknað með að velta haldist óbreytt að raungildi, en að undanförnu hefur raungildi söluskattsveltu dregist saman og gæti það rýrt tekjuaukningu vegna of lágs grunns í áætluninni. Innheimta er talin verða tæpir 105 milljarðar kr., eða nær þriðjungur af heildartekjum ríkissjóðs, og er það svipað hlutfall og á s. l. ári. Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er áætlaður 23 milljarðar á næsta ári, og er þá miðað við nokkra verðhækkun á árinu og er hluti hennar þegar kominn til framkvæmda með verðhækkun í desember s. l.

Sem fyrr segir eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 323.1 milljarður kr., en þar af eru markaðar tekjur taldar nema röskum 38 milljörðum, eða um 12%, og er það svipað hlutfall og á s. l. ári.

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi eru 314 milljarðar 617 millj. kr., og er hækkun gjalda frá fjárlögum ársins 1979 um 55%. Samræmi er milli verðforsendna gjalda og tekna, og var við gerð frv. stuðst við ákveðnar forsendur um verðlag 1980, en fjárlög fyrir árið 1979 voru miðuð við verðlag í desember 1978, eins og getið var hér að framan.

Í heild nemur launakostnaður 89 711 millj. kr., sem er 35 839 millj. kr. hækkun frá fjárlögum, eða um 66.5%. Er hér um að ræða 28.5% heildarútgjalda frv. Laun ársins eru miðuð við 9.5% hækkun 1. des. s. l., en það jafngilti á þeim tíma að verðbætur á öll laun hækkuðu þá að meðaltali um 9%. Almenn hækkun launa 1. des. s. l. reyndist hins vegar 13.2%. Laun einstakra stofnana eru sett fram í frv. á desemberverðlagi 1979, eins og það var talið mundu verða. Áætluð launahækkun 1980 er talin leiða til 9703 millj. kr. útgjalda ríkissjóðs og er sú fjárhæð færð á sérstakan lið fjmrn. Fjárhæðin var upphaflega miðuð við að laun hækkuðu um 8% 1. mars og síðan dregi úr hækkuninni nálægt 1% á ársfjórðungi og verði því 5% 1. des. n. k. Sé hins vegar litið á það, að við hækkun 1. des. varð 3.4% meiri kauphækkun en reiknað var með í upphaflegri áætlun, rúmar þessi launafjárhæð ekki nema sem svarar 5% launahækkun til jafnaðar á ársfjórðungi 1980.

Að áætluðum launahækkunum 1980 frátöldum hækkar launaliður frv. um 48.5% frá fjárlögum 1979 og skýrist sú hækkun í eftirfarandi megindráttum:

Í fyrsta lagi nemur hækkun launataxta og hækkun launatengdra gjalda frá fjárlögum 1979 til áætlaðs verðlags í des. 1979 um 44.5%. Í þessari hækkun er tekið tillit til afnáms vísitöluþaks af launum í árslok 1978 og hækkunar launatengdra gjalda, 3% grunnkaupshækkunar til opinberra starfsmanna 1. apríl s. l. og hækkunar vegna verðbóta á laun á árinu.

Í öðru lagi hafa frá síðustu fjárlögum orðið ýmsar breytingar sem leiða til aukinna launaútgjalda. Þessi þáttur skýrir um 2.8% launahækkunarinnar. Í þessu tilliti vegur þyngst hækkun launaliðar vegagerðarinnar um 450 millj. kr. umfram almennar taxtabreytingar, eftirlaunasjóður aldraðra rúma 400 millj. kr., nýjar stöður á ríkisspítölum rúmar 370 millj. kr. og ýmis verkefni önnur, svo sem embætti ríkissáttasemjara, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands o. fl. Ýmis önnur atriði í launamálum hafa leitt til hækkunar þessa útgjaldaþáttar ríkissjóðs. Má þar nefna breytta flokkaskipun heilbrigðisstétta og annarra, auk Sóknarsamninga snemma árs 1979.

Í frv. er beitt aðhaldi, eftir því sem fært þykir, og miðað við þær aðstæður sem fyrir hendi voru þegar þetta frv. var unnið. Miðað við það frv., sem lagt var fyrir 101. löggjafarþing, er, eins og áður segir, dregið úr starfsemi Landhelgisgæslu og Hafrannsóknastofnunar. Sparnaður í launakostnaði, sem af þessu leiðir, er um 435 millj. kr. Í fjárlögum 1979 voru fjárveitingum vegna ríkisspítala vegna yfirvinnu og álagsgreiðslna settar skorður sem fólu í sér allnokkurt aðhald sem ekki náðist að fullu. Frv. þetta miðar við að áfram verði haldið á sömu braut. Hliðstæðu máli gegnir um löggæslukostnað. Á árinu 1979 var dregið úr launagreiðslum í grunnskólum með

því að takmarka yfirvinnu og fækka kennslustundum, og var það gert í samræmi við markaða stefnu fyrrv. fjmrh. og fyrrv. menntmrh. Árangur þessara aðgerða kemur m. a. fram í þessu frv.

Nokkur atriði skal þó sérstaklega nefna sem þarfnast athugunar. Með lögum nr. 32 frá 1979 var ákveðin forfalla- og afleysingaþjónusta fyrir bændur og skal henni á komið á næstu tveim árum. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir launum til 8 manna. Áætlaður fjöldi afleysingamanna, sem til þarf svo lögin um afleysingaþjónustu komi að fullu til framkvæmda, er hins vegar 60, þannig að Alþingi og ríkisstj. verða á næstu tveimur árum að sjá fyrir fé til þessa mannahalds ef lögin eiga að koma til framkvæmda á tilsettum tíma. Þá ber þess einnig að geta, að í fjárlagafrv., eins og í fjárlagafrv. því sem lagt var fyrir 101. löggjafarþing, er gert ráð fyrir framlagi vegna starfa forseta Alþjóðaskáksambandsins. Í því er gerð tillaga um 8 millj. kr.

Eins og kunnugt er ríkti mikill og almennur stuðningur hér á landi við þá ákvörðun Friðriks Ólafssonar að gefa kost á sér sem forseti Alþjóðaskáksambandsins, og var kjöri hans í það embætti almennt fagnað. Í því sambandi höfðu stjórnvöld og Alþingi góð orð um að veita Friðrik Ólafssyni þá fjárhagsaðstoð sem þyrfti til þess að hann gæti gegnt þessu umsvifamikla starfi sínu, sem er ekki aðeins traust við hann persónulega, heldur tvímælalaust til mikils álits og vegsauka fyrir íslenskt skáklíf og íslensku þjóðina. Ljóst er að framlagið, sem lagt er til í fjárlagafrv., að upphæð 8 millj. kr., nægir hvergi nærri til þess að staðið verði við fyrirheitið við Friðrik Ólafsson af hálfu fjárveitingavaldsins. Til þess að forseti FIDE geti gegnt þeim störfum, sem hann hefur tekið við, hvattur til af íslensku þjóðinni og studdur af henni, er ekki aðeins nauðsynlegt, heldur óhjákvæmilegt að fjvn. taki það mál til betri skoðunar, en beiðni um framlag í þessu sambandi hljóðar upp á 22 millj. kr.

Þá þarf einnig að huga sérstaklega að framkvæmd samþykktar með aðild allra þingflokkanna um sérstaka aðstoð við Grænhöfðaeyjar í formi kaupa á fiskiskipi og útgerð þess þar næstu 18 mánuði, en málið hefur verið undirbúið af hálfu ríkisstj. og var lagt fyrir undirnefnd fjvn. og þingflokka til afgreiðslu og hafa þeir lýst samþykki við þá fyrirætlan, en einmitt nú í dag hefur endanlega verið gengið frá skipakaupum í þessu sambandi.

Þá er einnig mjög svo tímabært að taka nú á þessu þingi stefnumarkandi ákvörðun um framtíð Bændaskólans á Hólum, þ. e. a. s. með hvaða hætti uppbygging skuli fara fram á Hólastað, þannig að þar geti áfram verið gróskumikil fræðslu- og menntastarfsemi. Nýjar hugmyndir um uppbyggingu Hólastaðar hafa verið reifaðar, en þær eru fjárfrekar og þarfnast athugunar, en óhjákvæmilega verður að stefna að því að ákvörðun um framtíð staðarins verði tekin nú á þessu þingi.

Þá er einnig nauðsynlegt að fjalla nánar en gert hefur verið um svonefndan félagsmálapakka sjómanna. Enn skortir nokkuð á að þau atriði, sem þar hafa verið nefnd, hafi komið til framkvæmda, m. a. sökum þess að ekki hefur verið gert ráð fyrir fjárveitingum í því skyni.

Þá þarf einnig að skoða sérstaklega og betur en tími hefur unnist til ráðstöfun svonefnds jöfnunar- og aðlögunargjalds til iðnaðarins, þ. á m. um notkun og greiðslu þessara gjalda iðnaðinum til eflingar. Í því sambandi má sérstaklega benda á ráðstöfun sem ríkisstj. ákvað að tillögu iðnrh. í nóv. s. l. Frekari ákvarðanir í þeim efnum bíða hins vegar meðferðar fjvn. og ákvarðana nýrrar ríkisstj.

Þess er vænst, að þessi atriði, auk ýmissa annarra, verði skoðuð sérstaklega í fjvn. í samvinnu við fjmrn. og væntanlega ríkisstj.

Þá er einnig ástæða til að benda á, að í frv. er bryddað á nýmæli í meðferð fjárlagabeiðna. Í 25. gr. laga nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., segir: „Til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknarstarfsemi í þeirra þágu með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum.“ Á s. l. ári fjallaði fjvn. Alþingis allnokkuð um þá langtímaáætlun sem fyrir lá.

Sem skref í átt að því marki, sem langtímaáætlun felur í sér, var leitast við að gera tvennt: Annars vegar að gefa fostöðumönnum rannsóknarstofnana kost á að raða verkefnum frjálsar innan tiltekins fjárlagaramma en verið hefur. Hins vegar að kanna möguleika á auknum sértekjum stofnunum til handa. Var þá haft í huga að stofnanir gætu eflst við að fá verkefni sem gæfu af sér nægar tekjur til að standa straum af kostnaði þeim samfara. Tekið er skýrt fram að starfsmenn, sem að slíkum verkefnum eru ráðnir, verði aðeins ráðnir til að leysa tímabundin verkefni. Sá háttur, sem hér er hafður á fjárveitingum, er tilraun til að sveigja fjárveitingar ríkisins meira en nú er gert inn á braut málefnaflokka og auka þannig yfirsýn fjárveitingavaldsins á útgjaldaþróun til helstu málaflokka ríkisins.

Önnur rekstrargjöld eru áætluð 19 968 millj. kr. og er það 42.5% hækkun frá fjárlögum. Stafar þetta einfaldlega af verðhækkun milli ára.

Útgjöld vegna viðhalds eru áætluð 8119 millj. kr., og er það 53.8% hækkun frá fjárlögum 1979. Almennar forsendur um hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá meðaltali 1979 til 1980 eru 37%. Þá ber að hafa í huga að um 71% alls viðhalds er vegna viðhalds vega, en til viðhalds vega renna alls 5870 millj. kr. og er það hækkun um 58.6%. Annað viðhald í ríkisrekstrinum en vegaviðhald nemur alls 2249 millj. kr. og eykst um sem svarar 4% að raungildi. Í frv. hefur verið leitast við eftir föngum að auka viðhald þar sem fasteignir liggja undir skemmdum vegna skorts á viðhaldi utanhúss. Samkvæmt lögum nr. 57 frá 1978, um heilbriðgisþjónustu, skal ríkissjóður greiða 50% viðhaldskostnaðar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Til þessa verkefnis renna 600 millj. kr. Á árinu 1979 var viðald greitt sem hluti af daggjöldum með 85% þátttöku ríkissjóðs. Verður að taka afstöðu til þess, hvernig best verði staðið að þátttöku ríkissjóðs í viðhaldi sjúkrastofnana þannig að framkvæmd stangist ekki á við lög og valdi ríkissjóði auknum útgjöldum sem hvergi er áætlað fyrir. Af öðrum stórum viðhaldsliðum má nefna, að til viðhalds á ríkisspítölum renna alls 670 millj. kr. og Landhelgisgæslu 247 millj. kr.

Vaxtakostnaður af almennum lánum ríkissjóðs er áætlaður 15 497 millj. kr. Er þar um 8553 millj. kr. hækkun að ræða.

Framlög til almannatrygginga nema alls 82 544 millj. kr. og er það hækkun um 34 641 millj. kr. eða 72.3%. Framlög til lífeyristrygginga nema alls 40 178 millj. kr. og hækka um 61.4%. Þessi mikla hækkun er vegna þess að lífeyrisbætur eru áætlaðar á verðlagi 1980 í samræmi við meginforsendur frv. um þróun launamála. Athygli er vakin á að tillag til varasjóðs lífeyristrygginganna hækkar um 92 millj. kr. frá fjárlögum, en samkvæmt 21. gr.

almannatryggingalaga má gera ráð fyrir tillagi allt að 2% af áætluðum útgjöldum. Ástæða þess, að gert er ráð fyrir að varasjóðstillagið verði einungis 1% af áætluðum útgjöldum, er að frv. þetta byggir á þeirri forsendu, að lög og reglur um greiðslur barnsmeðlaga verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga. Sá háttur er nú á, að Tryggingastofnun ríkisins leggur út fyrir meðlögum, en fær þau endurgreidd af Innheimtustofnun sveitarfélaga, allt eftir því sem þau innheimtast. Í árslok 1978 námu skuldir sveitarfélaga vegna þessa um 1860 millj. kr. og í árslok 1979 er útlit fyrir að þessi skuld nemi um 2500 millj. kr. Náist ekki fram breyting á tilhögun þessara greiðslna, er óhjákvæmilegt að reikna Tryggingastofnun ríkisins vexti af útistandandi skuldum sveitarfélaga við stofnunina. Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga hækka um 20 040 milljónir króna, eða 93.7%. Allir útgjaldaliðir sjúkratrygginga eru áætlaðar á verðlagi 1980 miðað við almennar forsendur frv. Nokkrir þættir skýra verulega hækkun framlaga til sjúkratrygginga. Þess skal getið, að í frv. er ekki áætlað fyrir viðhaldi í sjúkrahúsum sem hluta af vistgjöldum vegna ákvæða sem ég nefndi áður. Áætlun frv. miðast við það, að þáttaka sjúklinga í lyfjakostnaði og kostnaði við sérfræðiþjónustu aukist hlutfallslega eins og útgjöld sjúkrasamlaga vegna þessa.

Niðurgreiðslur á vöruverði innanland og framlag til Lífeyrissjóðs bænda er áætlað alls 20 980 millj. kr., þar af eru beinar niðurgreiðslur 19 790 millj. kr. Framlag til niðurgreiðslna er við það miðað, að núverandi niðurgreiðslustig haldist óbreytt. Lætur nærri að fjárframlög til niðurgreiðslna jafngildi um 6.5 stigum í verðbótavísitölu í dag.

Útflutningsbætur landbúnaðarins eru áætlaðar 6500 millj. kr. Miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs samkvæmt gildandi lögum næmi framlag ríkissjóðs alls 7600 millj. kr. samkvæmt frv. Þetta frv. miðast við að lögum um hámarksverð ábyrgðar verði breytt þannig að á árinu 1980 nemi framlag ríkissjóðs vegna verðábyrgðar sem svarar 8.5% framleiðsluverðmætis landbúnaðarafurða í stað 10%. Aðrar leiðir en bein lækkun á ábyrgðinni koma til greina í þessu sambandi, t. d. sú leið að miða verðábyrgð við framleiðsluverðmæti hvorrar búgreinar um sig, nautgriparæktar og sauðfjárræktar. Ég hef beðið Hagstofu Íslands og landbrn. að skoða það mál sérstaklega og gera tillögur til fjmrn. um aðrar viðmiðanir, svo sem þá sem ég nú nefndi.

Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 7648 millj. kr., eða um 52.1%. Hækkunin er nokkru meiri en eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Veldur þar umfram annað að framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna og verðjöfnunargjald af raforku hækka yfir 100%.

Framkvæmdaframlög hækka í heild um 14 530 millj. kr. — er það 37.7% hækkun frá fjárlögum — og nema alls 52 977 millj. kr. Hækkun framlaga til hreinna ríkisframkvæmda er 5325 millj. kr., eða 48.1%, þar af 3934 millj. kr. vegna vegagerðar. Hækkun annarra ríkisframkvæmda er því 1391 millj. kr. Framkvæmdir kostaðar af ríki og fleiri aðilum aukast um 2312 millj. kr., eða um 26.5%. Í hækkuninni vega þyngst framlög til grunnskóla og sjúkrahúsa og nemur hækkun þeirra liða 844 millj. kr., en annarra liða um 1468 millj. kr. Samtals hækka því framlög til verklegra framkvæmda um 7637 millj. kr., eða um 38.6%.

Miðað við verðlagsforsendur frv., þ. e. 37% hækkun verðlags milli áranna 1979 og 1980, er magnaukning í verklegum framkvæmdum um 1.2%, en að vegagerð frátalinni er um 7.9% magnminnkun að ræða. Á liðnum fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga verður 410 millj. kr. hækkun, eða 32.7%, og er sú hækkun vegna framlaga til vegamála, þ. e. a. s. í kaupstöðum og kauptúnum. Aðrir liðir þessa flokks hækka ekki. Framlag í formi styrkja til einstaklinga og samtaka lækkar um 171 millj. kr., og skýrist sú lækkun í megindráttum af því, að framlög til Styrktarsjóðs fatlaðra og Styrktarsjóðs vangefinna hafa verið felld niður, en verkefni þessara sjóða falla nú undir Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra. Framlög til fjárfestingarlánasjóða hækka um 5551 millj. kr., eða um 47.7%, og er þá fylgt þeirri stefnu, að framlög til allra veigamestu fjárfestingarlánasjóðanna verði skert um 15%.

Tvö ný verkefni teljast til þessa flokks, þ. e. framlag til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra, alls 1020 millj. kr., og 300 millj. kr., sem eru hluti af aðlögunargjaldi og renna til iðnaðaruppbyggingar. Framlög til lánagreiðslna og endurlána hækka um 1104 millj. kr., eða um 20.3%. Hækkunin er í megindráttum vegna aukinna fjármagnsútgjalda vegna Kröfluvirkjunar um 1520 millj. kr. Á móti þessu er nú ekkert framlag til Orkusjóðs vegna lánveitinga til hitaveituframkvæmda né jarðhitaleitar, en það nam 780 millj. kr. í fjárlögum 1979. Fjár til þessara verkefna er aflað með lántökum, eins og fram kemur í greinargerð um lánsfjáröflun ríkissjóðs. Framlög til annarra lánagreiðslna hækka því um 364 millj. kr., og hækkuninni veldur umfram annað vísitölu- og gengisbreyting frá fjárlögum 1979, auk framlags til iðnþróunar, 200 millj. kr., sem er ráðstöfun hluta aðlögunargjaldsins.

Um skattamál almennt get ég að þessu sinni verið fáorður, þar sem það verður verkefni næstu ríkisstjórnar um að fjalla. Örfá orð vildi ég þó segja í því sambandi.

Í fyrsta lagi komu til framkvæmda nú um áramótin ný lög um tekju- og eignarskatt, eins og menn vita, og er Alþingi enn að fjalla um hluta af því máli. Verður fastlega að vona að Alþingi afgreiði á allra næstu dögum frv. það um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem ég lagði fram nokkru fyrir jólin, ella mun til stórvandræða horfa og vafasamt að hægt verði að koma fram skattlagningu á fyrirtæki. Lögin nr. 40 frá 1978, sem komu til framkvæmda um s. l. áramót, hafa í för með sér margvísleg nýmæli og margt af þeim nýmælum er með þeim hætti, að ómögulegt er að segja fyrir um hver reynslan af þeim verður. Þeir, sem að hafa staðið, hafa þó reynt eftir föngum að sníða af lögunum alla þá annmarka sem framast er hægt að sjá fyrir, og er frv., sem nú er til meðferðar í Alþingi og ég ræddu áðan, veigamikill þáttur í því. Hins vegar er ljóst, að menn verða að búa sig undir að gera þurfi enn frekari breytingar á lögunum á næsta ári, þegar nokkur reynsla er fengin af framkvæmdinni, og eins munu þeir, sem með framkvæmd skattalaganna fara, eiga fullt í fangi með að framkvæma hið nýja tekjuskattskerfi.

Enda þótt ljóst sé að þær veigamiklu breytingar, sem gerðar voru á tekju- og eignarsköttum með lögum nr. 40 frá 1978, muni vera yfrið nóg verkefni fyrir skattyfirvöld fyrsta kastið, á meðan nýmæli laganna eru að festast í sessi, þá er engu að síður ljóst, að nauðsynlegt er að stefna að frekari kerfisbreytingum í skattamálum. Í því sambandi hafa menn einkum rætt um tvær breytingar:

Í fyrsta lagi að hverfa frá heimtu söluskatts á síðasta

stigi viðskipta yfir í virðisaukaskatt. Gallar söluskattskerfisins eru orðnir mjög augljósir. Undanþágur eru margar, kerfið götótt og erfitt um eftirlit með því. Þó ekki væri nema vegna þeirra ástæðna er orðið nauðsynlegt að framkvæma kerfisbreytingu á innheimtu þessa mikilvæga óbeina skatts, og hefur virðisaukaskattur, eins og ég áðan sagði, oftast verið nefndur. Hins vegar hefur aldrei á Alþingi komið fram, hvort þingvilji er fyrir því að undirbúa þá kerfisbreytingu frekar. Sá undirbúningur tekur óhjákvæmilega nokkrun tíma, minnst tvö eða jafnvel þrjú ár, og er því nauðsynlegt fyrir skattyfirvöld og alla þá sem með skattamál fara, að eitthvað sé vitað um áhuga alþingismanna á slíkri kerfisbreytingu áður en hafist er handa. Mætavel má skipta þeirri ákvörðun í tvo ákvörðunarþætti. Mætti hugsa sér að Alþingi ákvarðaði fyrst að hafin skyldi gerð frv. um virðisaukaskatt, þar sem í fyrsta sinn yrði sýnt í fullgerðu frv. hvernig sá skattur mundi verka við íslenskar aðstæður, og aðilum í þjóðfélaginu, sem hagsmuna eiga að gæta, síðan gefinn kostur á að fjalla um málið í þeirri mynd. Alþingi tæki svo endanlega ákvörðun um kerfisbreytingu þegar frv. yrði lagt fyrir þingið.

Í samræmi við þetta hefur ríkisstj. lagt fram á Alþingi till. til þál. um virðisaukaskatt í stað söluskatts á síðasta stigi viðskipta. Í tillögunni felst að þingið marki þá stefnu, að raunverulegur undirbúningur að skattkerfisbreytingunni verði hafinn með samningu frv. um virðisaukaskatt í stað söluskatts á síðasta stigi viðskipta og frv. síðan lagt fyrir Alþingi næsta haust. Ef Alþingi sýndist svo, eftir að hafa séð frv. og fengið um það umsagnir aðila, að rétt væri að afgreiða það, hefði Alþingi þannig allan næsta vetur til þess að fjalla um málið. Verði frv. samþykkt getur skattkerfisbreytingin komið til framkvæmda um áramótin 1981—1982.

Síðari kerfisbreytingin, sem mjög hefur verið um rætt, er staðgreiðsla skatta. Væri athugandi hvort hægt væri að vinna það mál með líkum hætti og hér hefur verið gerð grein fyrir.

Eins og ég hef áður sagt gerir fjárlagafrv. ráð fyrir því að áætlun um tekjuskatt einstaklinga verði lækkuð um 7.2 milljarða kr. frá fjárlagafrv. því sem lagt var fyrir 101. löggjafarþing. Framkvæmd þess máls ræðst við ákvörðun skattstiga og skattvísitölu. Ákvörðun um þetta er að sjálfsögðu pólitískt mál, sem ræðst af því hvort meirihlutavilji er fyrir slíkri ráðstöfun á Alþingi.

Um skeið hefur núverandi ríkissj. unnið að undirbúningi þessa máls, enda ber henni skylda til þess, jafnframt því sem hún leggur fram áætlun um lækkun tekjuskatts í fjárlagafrv., að sýna fram á hvernig hún hyggst framkvæma þá tekjuskattslækkun. Það verður svo að ráðast, hvort Alþingi fæst til að afgreiða málið í líkum dúr og ríkisstj. leggur það fram. Unnið hefur verið að samningu frv. um skattstiga með það fyrir augum að framkvæma tekjuskattslækkunina þannig að hún komi lágtekjufólki og lægra meðaltekjufólki að sem mestum notum. Þetta frv. hefur, eins og ég áður sagði, verið í smíðum í fjmrn., og hefur með vilja verið dregið að leggja það fram, þar sem reynt hefur verið að láta reyna á það fyrst, hvort frv. til leiðréttingar á lögum nr. 40 frá 1978 næði ekki fram að ganga, og hið pólitíska deilumál um ákvörðun skattstiga yrði þá ekki til þess að tefja það frv. Hins vegar liggur nú ljóst fyrir, að ekki hefur enn tekist að afgreiða frv. um breytingu á lögum nr. 40 frá 1978, sem ég lagði fram fyrir jólin. Tafir á því hafa orðið miklar, því miður, og er ekki um annað að ræða en fá að fjalla um bæði málin í einu. Því hefur ríkisstj. tekið þá ákvörðun að leggja nú í dag fram á Alþingi frv. það, sem legið hefur tilbúið í fjmrn. um allnokkurt skeið, um ákvörðun skattstiga, þar sem stefnt er að því að gerðar verði mjög verulegar breytingar frá þeim hugyndum sem menn áður höfðu um þau mál, m. a. í þá átt að ýmsir lágtekjuhópar, eins og einstæð foreldri, fái leiðréttingu sinna mála. Með þeirri framkvæmd, sem fyrirhuguð var í lögum nr. 40 frá 1978, hefðu skattalegar aðstæður þessa hóps versnað allverulega, og enn fremur miðað við þær álagningarhugmyndir sem menn höfðu í frv. fyrrv. fjmrh.

Frv. um skattstiga er lagt fram sem fyrri áfangi af tveimur nokkuð jafnstórum í þá átt að fella algjörlega niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Í grg. frv. kemur fram, að ráðgert er að síðara skrefið verði stigið á næsta ári, og eins og fram kemur í grg. frv. yrði þá fjölskylda tekjuskattslaus miðað við meðaltekjur og þá skiptingu tekna milli hjóna og þann frádrátt sem ætla má eftir nýjustu úrtökum að gefi nokkuð rétta mynd af aflafé meðallaunamannafjölskyldu í þessu landi. Þar er stuðst við úrtök sem tekin er úr tuttugasta hverju skattframtali á árinu 1978 og þau færð upp til tekna á árinu 1979. Með þessari breytingu væri tekjuskattur því afnuminn af almennum launatekjum skv. þessari úrtaksskilgreiningu í tveimur áföngum á þessu ári og því næsta.

Eins og segir í aths. með fjárlagafrv. felast í því tillögur um fjárfestingar- og lánsfjármál að því marki er beinlínis tilheyra A- og B-hluta fjárlaganna, en þess var ekki kostur, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild fylgdi frv. Það hlýtur að vera verkefni nýrrar ríkisstj. að móta gerð þeirrar áætlunar og leggja fyrir þingið, enda hvílir ekki sú stjórnskipulega skylda á ríkisstj. að leggja fram slíka áætlun í upphafi þings, eins og á við um fjárlagafrv. sjálft.

Núv. ríkisstj. hefur engu að síður haldið áfram vinnu við gerð lánsfjáráætlunar sem hafin var af fyrrv. ríkisstj. Sú ríkisstj., sem við tekur, ætti þannig ekki að þurfa langan tíma til þess að taka ákvarðanir um endanlega gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum var vinna við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980 skammt á veg komin. Samkvæmt þeim frumdrögum, sem ekki höfðu hlotið neina afgreiðslu, stefndi í 85—90 milljarða króna lántökur erlendis á árinu, en það er mun meiri erlend lántaka en óhætt og eðlilegt getur talist. Með tilliti til greiðslujafnaðar við útlönd er erlend lántökuþörf um 65 milljarðar króna á árinu 1980. Að áliti Seðlabankans virtist ekki veruleg ástæða til þess að auka lántökur erlendis umfram þetta til að bæta gjaldeyrisstöðuna frá því sem hún var um s. l. áramót. Framreiknaðar lántökur ársins 1979 samkvæmt áætluðu verðlagi 1980 nema 69 milljörðum kr. og allt fram yfir það er hrein aukning erlendrar lántöku umfram lántökur s. l. árs. Eins og sakir standa eru erlendar skuldir og greiðslubyrði þjóðarbúsins mjög þungar. Af ýmsum ástæðum er mjög varhugavert að auka skuldasetningu og greiðslubyrði meira en orðið er. Aukin greiðslubyrði og meiri skuldasetning hefur fljótlega óhagstæð áhrif á þau lánskjör sem í boði eru ytra, og samanburður, sem gerður hefur verið af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, leiðir í ljós, að Ísland stóð árið 1976 næsthæst Vestur-Evrópulanda, bæði á mælikvarða skuldsetningar og greiðslubyrðar. Enda þótt slíkur samanburður kalli á nánari skýringar gefur hann

enn frekara tilefni til þess að staldra við. Aukning skulda og lánagreiðslna umfram vöxt útflutningstekna er vart réttlætanleg nema sýnt verði fram á að slíkt leiði til meiri hagvaxtar og gjaldeyrisöflunar en næst með innlendum sparnaði. Reynslan af gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar undanfarin ár hefur sýnt að nauðsynlegt er að ríkisstj. setji sér ákveðin mörk erlendrar lántöku. Að öðrum kosti er ekki um neina fasta viðstöðu að ræða gegn þrýstingi og kröfugerðum. Að vísu hefur í framkvæmd ekki verið haldið fast við þau mörk sem sett hafa verið með samþykktri lánsfjáráætlun og þyrfti að standa til bóta.

Ég tel að ekki sé óhætt að stefna að því, að erlendar lántökur verði umfram 70 milljarða kr. á árinu 1980, og er þá miðað við forsendur þjóðhagsspár um framvindu verðlags og gengis. Sé gert ráð fyrir 70 milljarða lántöku erlendis 1980 verður ferill síðustu þriggja ára sem hér segir: Erlendar lántökur árið 1978 námu 35 876 millj. kr., erlendar lántökur árið 1979 námu 52 000 millj. kr., og var það 44.9% aukning frá árinu áður. Við erlendar lántökur árið 1980, miðað við áætlun um 70 milljarða kr., yrði 34.6% aukning frá árinu 1979. Á tveimur árum yrði þannig um nánast tvöföldun að ræða í erlendum lántökum, sem fellur mjög illa að áformum um að draga verulega úr verðbólgu, þar sem erlendar lántökur umfram gjaldeyrisþörf munu óhjákvæmilega hafa í för með sér aukna þenslu og aukna verðbólgu, ef menn þá hafa á annað borð nokkurn áhuga á því að takast á við slík vandamál. Er jafnvel örðugt að verja 70 milljarða kr. erlenda lántöku út frá þessu viðhorfi.

Þá ber þess einnig að geta, að með framhaldi jákvæðrar raunvaxtastefnu má gera ráð fyrir aukningu innlends sparnaðar. Í áætlunum Seðlabankans hefur raunar sýnt sig, að sú jákvæða vaxtastefna, sem rekin hefur verið á umliðnum mánuðum, hefur leitt til talsverðrar rýmkunar á hinum innlenda lántökumarkaði umfram það sem áður var ráð fyrir gert. Til þess að tryggja jafnvægi á gjaldeyris- og fjárfestingarmarkaði þarf að láta innlendan sparnað koma í viðeigandi mæli í staðinn fyrir erlendar lántökur.

Mjög varhugavert er, ef menn hafa í huga að ná verðbólgu verulega niður, að gera ráð fyrir að allur sá umframsparnaður fari í aukna fjárfestingu. Miklu nær er að mæta jákvæðri þróun á lánamarkaðinum innanlands með því að færa áætlun um erlendar lántökur niður og gera ráð fyrir að áætlaðar framkvæmdir verði í auknum mæli kostaðar af innlendu fé.

Löng erlend lán námu um 320 milljörðum kr. í árslok 1979, eða um 1.4 millj. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Fært til meðalgengis ársins svarar þetta til 34.6% af þjóðarframleiðslu. Þetta er nokkru hærra en árið 1978, en er að vísu enn bráðabirgðatala. Þar sem Ísland er með einna hæsta skuldahlutfall þróaðra landa, hlýtur að vera keppikefli að halda því í skefjum með því að takmarka lántökur.

Svipuðu máli gegnir um greiðslubyrði af útflutningstekjum. Hún reyndist vera 13.4% samkvæmt bráðabrigðatölum 1979, eða litlu hærri en árið áður. Búist er við hækkun hennar fram til 1983 upp í um 17%, nema sérlega vel takist til um útflutningsaukningu, en þessa aukningu má takmarka með því að hamla á móti erlendum lántökum.

Ríkisstj. hefur samþykkt að tillögu minni, að í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skuli við það miðað að erlendar lántökur fari ekki fram úr u. þ. b. 70 milljörðum kr. Drög að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun liggja nú fyrir og hafa þau verið gerð út frá þessari samþykkt ríkisstj. Verður það svo að sjálfsögðu á valdi komandi ríkisstj., hvort hún fellst á þá stefnumörkun, sem í drögunum felst, eða kýs að gera þar breytingu á.

Herra forseti. Ég hef rakið þau efnisatriði ríkisfjármála á árinu 1979 og áætlunar fjárlagafrv. fyrir árið 1980 sem mér þótti ástæða til þess að nefna, og er því ræða mín meira í skýrsluformi en í formi hefðbundinnar fjárlagaræðu. Ég hef reynt eftir mætti að forðast að hefja almennar eldhúsdagsumræður um stefnu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt, enda tel ég að slíkar umræður séu ekki tímabærar nú og alls ekki hlutverk mitt né núv. ríkisstj. að gefa tilefni til slíkrar umræðu. Ég vona aðeins að mér hafi tekist að gera nokkra grein fyrir hreinum og ótvíræðum efnisatriðum þeirra málaflokka sem ég hef kosið mér að umræðuefni, en er að sjálfsögðu reiðubúinn til að svara frekari spurningum þar um ef mönnum þykir ástæða til.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Fjárlagafrv. það, sem hér er til umr., er frv. flutt og samið af hæstv. fjmrh. um það leyti er hæstv. ríkisstj. sagði af sér. Frv. ber vott þess sjónarspils, sem hæstv. fjmrh. hefur iðkað í ráðherratíð sinni, með öllu óraunhæft og þannig samið að hluti slagorða kosningabaráttu Alþfl. 1978 og 1979 birtist í þskj. Þannig er reynt í frv. að breiða yfir misræmið milli orða og athafna Alþfl.-ráðh. og þm. frá 1978 í ríkisstj. svo og hér á Alþingi.

Vegna þess óvenjulega ástands, sem nú er á Alþ., sjá sjálfstæðismenn ekki ástæðu til efnislegra umr. um fjárlagafrv., enda ekki líklegt að það þjónaði nokkrum tilgangi, en vildu ekki láta hjá líða að vekja athygli á áðurgreindum atriðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 23. fundur.

Mánudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 5. febr. 1980 fól forseti Íslands Gunnari Thoroddsen að gera tilraun til myndunar ríkisstj. sem njóti meirihlutafylgis á Alþingi. Þrem dögum síðar var því lokið og 8. febr. skipaði forsetinn nýja ríkisstj. Þann dag gaf hann út svo hljóðandi forsetaúrskurð um skipun og skipting starfa ráðherra:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Samkv. tillögu forsrh. og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkv. þeim frá 31. des. 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Gunnar Thoroddsen fer með forsrn. og Hagstofu Íslands.

Ólafur Jóhannesson fer með utanrrn.

Pálmi Jónsson fer með landbrn.

Friðjón Þórðarson fer með dóms- og kirkjumrn.

Steingrímur Hermannsson fer með sjútvrn. og samgrn.

Tómas Árnason fer með viðskrn.

Ingvar Gíslason fer með menntmrn.

Ragnar Arnalds fer með fjmrn.

Svavar Gestsson fer með félmrn. og heilbr.- og trmrn.

Hjörleifur Guttormsson fer með iðnrn.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skiptingu starfa ráðherra.

Bessastöðum, 8. febrúar 1980.

Kristján Eldjárn.

Gunnar Thoroddsen."

Ríkisstj. og þeir aðilar, sem að henni standa hafa, komið sér saman um svo hljóðandi stjórnarsáttmála:

„Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens 8. febr. 1980:

Meginverkefni ríkisstj. er að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það ein helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Jafnframt leggur ríkisstj. áherslu á að efla menningarstarfsemi, auka félagslega þjónustu og jafna lífskjör. Ríkisstj. mun berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum, er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál.

Hér á eftir verður lýst nokkrum meginþáttum í stefnu ríkisstj.:

Efnahagsmál.

1. Hjöðnun verðbólgu.

Ríkisstj. mun vinna að hjöðnun verðbólgu, þannig að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga.

2. Kjaramál.

Á undanförnum árum hafa staðið yfir mikil átök um launamál. Ríkisstj. leggur höfuðáherslu á að leysa þau mál með samstarfi og samráði. Skal í því sambandi lögð áhersla á eftirfarandi meginatriði:

1. Ríkisstj. mun leita eftir samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um niðurstöður í kjarasamningum, sem geta samrýmst baráttunni gegn verðbólgu og þeirri stefnu stjórnarinnar að jafna lífskjör og bæta kjör hinna lakast settu í þjóðfélaginu. Ríkisstj. mun hins vegar ekki setja lög um almenn laun nema allir aðilar að ríkisstj. séu um það sammála, enda sé haft samráð við samtök launafólks.

2. Til þess að draga úr almennum peningalaunahækkunum er ríkisstj. reiðubúin til þess að beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum í tengslum við kjarasamninga:

a. Á árunum 1980 og 1981 verði tryggðir 5—7 milljarðar kr., sem renni m. a. til eftirtalinna verkefna:

1. Til byggingar verkamannabústaða, íbúða á vegum sveitarfélaga og byggingarsamvinnufélaga.

2. Til byggingar hjúkrunar- og dvalarheimila aldraðra.

3. Til byggingar dagvistarheimila.

b. Athuguð verði í þessu sambandi lækkun útsvars af lægstu tekjum, án þess að hlutur sveitarfélaga skerðist, svo og lækkun sjúkratryggingagjalds, sem verði þá sameinað tekjuskatti.

c. Frá 1. júní 1980 hækki tekjutrygging aldraðra og öryrkja umfram verðbætur og sömuleiðis frá 1. júní 1981.

d. Ný löggjöf um húsnæðislánakerfi komi hið fyrsta til framkvæmda.

e. Sett verði löggjöf um starfsumhverfi og aðbúnað á vinnustöðum.

f. Komið verði á verðtryggðum lífeyri fyrir alla landsmenn.

3. Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að hraðað verði endurskoðun vísitölugrundvallarins.

4. Ríkisstj. leggur áherslu á samvinnu við samtök launafólks og atvinnuveganna um það átak í atvinnumálum, sem greint er frá í öðrum köflum málefnasamningsins.

5. Ríkisstj. er fyrir sitt leyti reiðubúin til að stuðla að einföldun launakerfisins í landinu með því að beita sér fyrir samstarfi helstu samtaka launafólks um stefnumótun í launamálum.

6. Endurskoða skal ávöxtun orlofsfjár.

3. Verðlagsmál.

Til þess að draga úr verðbólgu verði beitt eftirgreindum ráðstöfunum í verðlagsmálum:

1. Verðhækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980:

Til 1. maí skulu mörkin vera 8%,
til 1. ágúst 7% og loks
til 1. nóv. 5%.

Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu.

Um verðhækkanir af erlendum uppruna, sem ekki rúmast innan ofangreindra marka að mati verðlagsráðs, setur ríkisstj. sérstakar reglur. Þessar sérstöku reglur hafi ekki áhrif á gildandi ákvæði um útreikning kaupgjaldsvísitölu.

2. Verðhækkanir á búvöru fylgi sams konar reglum, enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði árin 1980 og 1981.

3. Fyrir maí/júní 1980 skulu afgreiddar sérstakar

hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana, sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma, sem framangreind mörk setja.

4. Unnið verði að lækkun vöruverðs, m. a. með eftirtöldum aðgerðum:

a. Að efla samtök neytenda til þess að þau geti gegnt því mikilvæga verkefni að gera verðlagseftirlit neytendanna sjálfra virkt.

b. Að auka verðlagskynningu af opinberri hálfu.

c. Að haga verðlagsákvæðum þannig, að þau hvetji til hagkvæmra innkaupa.

d. Að greiða fyrir því, að unnt sé að lækka vöruverð með innkaupum í stórum stíl.

e. Að hin nýju verðlagslög komi til framkvæmda undir eftirliti verðlagsráðs, sem fái bætta aðstöðu til að gegna hlutverki sínu.

5. Sett verði lög um afborgunarkaup.

4. Peningamál.

Í peningamálum verði mörkuð stefna, er stuðli að hjöðnun verðbólgu. Verði í því sambandi m. a. lögð áhersla á eftirgreind atriði:

1. Peningamagn í umferð verði í samræmi við markmið í efnahagsmálum.

2. Verðbótaþáttur vaxta hækki ekki 1. mars og fari síðan lækkandi með hjöðnun verðbólgu. Í stað hárra vaxta verði unnið að útbreiðslu verðtryggingar og lengingu lána.

3. Opnaðir verði í bönkum og sparisjóðum sparireikningar, þar sem sparifé njóti fullrar verðtryggingar, samkv. nánari reglum og í samræmi við möguleika til útlána.

4. Beitt verði aðhaldi í gengismálum. Til að treysta gengi gjaldmiðilsins verði gert sérstakt átak til framleiðniaukningar í atvinnuvegunum.

5. Fjárfestingarmál.

1. Heildarfjárfestingu á árunum 1980 og 1981 verði haldið innan þeirra marka, sem ákvarðast af eftirspurn, viðskiptajöfnuði og atvinnuöryggi, og nemi fjárfestingin um fjórðungi af þjóðarframleiðslu.

2. Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum. Efri mörk erlendrar lántöku verði þá ákveðin nánar með hliðsjón af eðli framkvæmda með tilliti til gjaldeyrissparnaðar og gjaldeyrisöflunar.

3. Áhersla skal lögð á framkvæmdir á sviði orkumála.

4. Tryggt verði, að fjárfesting ríkisstofnana, m. a. ríkisbanka, verði í samræmi við samþykkta fjárfestingaráætlun og stefnuna í lánamálum.

5. Til þess að tryggja næga atvinnu og koma í veg fyrir ofþenslu á vinnumarkaði skal félmrn. og Þjóðhagsstofnun falið að fylgjast náið með atvinnuástandi og horfum í öllum greinum atvinnulífs og opinberum framkvæmdum um land allt. Komi í ljós, að hætta sé á atvinnuleysi eða ofþenslu í einhverri grein, skal ríkisstj. gert aðvart, til þess að unnt verði í tæka tíð að gera nauðsynlegar ráðstafanir með ákvörðunum ríkisstj. og samkomulag við aðra aðila.

6. Ríkisfjármál.

1. Aðhald í ríkisbúskap verði stóraukið og áhersla lögð á jafnvægi í ríkisfjármálum.

2. Ríkissjóður verði rekinn með greiðsluafgangi. Skuld sú, sem stofnað var til við Seðlabankann á s. l. ári, verði greidd upp 1980.

3. Fjárlaga- og hagsýslustofnun verði gert kleift að sinna í ríkara mæli en hingað til aukinni hagkvæmni og hagræðingu í ríkisframkvæmdum, stofnunum og fyrirtækjum ríkissjóðs í samráði við starfsfólk þeirra.

4. Gerðar verði strangar greiðsluáætlanir fyrir ríkissjóð innan hvers árs í því skyni að vinna gegn hallamyndun á fyrri hluta árs. Athugað verði að innlánsstofnanir kaupi ríkisvíxlą og ríkisskuldabréf til skamms tíma, til þess að fjármögnun á árstíðabundnum halla ríkissjóðs verði sem mest utan Seðlabankans.

5. Tekin verði upp staðgreiðsla skatta innan tveggja ára.

6. Athugað verði að breyta söluskatti í skatt með virðisaukasniði innan tveggja ára.

7. Skattaeftirlitið verði hert.

8. Heildarendurskoðun og samhæfing fari fram á tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga.

Efling íslenskra atvinnuvega.

1. Alhliða átak.

Ríkisstj. leggur áherslu á alhliða átak til þess að efla undirstöðu íslenskra atvinnuvega, auka framleiðni þeirra og framleiðsluverðmæti og skapa ný atvinnutækifæri. Traustir atvinnuvegir eru forsenda batnandi lífskjara og blómlegs atvinnulífs. Í þessu sambandi leggur ríkisstj. áherslu á eftirfarandi aðgerðir:

Að auka framleiðni og framleiðsluverðmæti í atvinnuvegum landsmanna.

Að nýta innlendar auðlindir og hráefni.

Að auka fjölbreytni í atvinnulífi um land allt og sjá vaxandi fjölda fólks fyrir atvinnu við góðan aðbúnað.

Til þess að ná þessum markmiðum verði að því stefnt:

Að efla rannsóknir á íslenskum auðlindum og rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnulífsins.

Að vanda til áætlunargerðar í þágu atvinnuveganna til skemmri eða lengri tíma.

Að haga fjárveitingum og útlánum í samræmi við slíka þróunaráætlun.

Að stuðla að auknum áhrifum starfsmanna og samtaka þeirra á málefni vinnustaða.

Að efla sparnað og hagkvæmni í rekstri á sem flestum sviðum og stuðla að stjórnunarlegum umbótum í fyrirtækjum.

Að bæta verulega aðstöðu til starfsmenntunar og þjálfunar starfsmanna.

2. Sjávarútvegur.

Í sjávarútvegsmálum verði lögð höfuðáhersla á eftirfarandi atriði:

1. Fiskveiðar og fiskvinnsla verði samræmd eftir því sem tök eru á, þannig að hagnýting fiskiskipastóls og fiskvinnslufyrirtækja verði sem best. Í þeim efnum verði komið á samstarfi þeirra aðila, sem mestra hagsmuna hafa að gæta, um löndun afla og dreifingu milli staða með það markmið í huga að tryggja jafnan og stöðugan rekstur og atvinnuöryggi þess fólks, sem við fiskveiðar og fiskvinnslu starfar.

2. Lögð verði áhersla á að auka nýtingu hráefnis og draga úr kostnaði, jafnt við veiðar og vinnslu. Gerð verði

áætlun um framleiðniaukningu í fiskiðnaði og sérstök áhersla lögð á, að fiskverkunarfyrirtæki nái almennt því marki í hagkvæmum rekstri, sem nú þekkist best. Ráðstafanir verði gerðar til að beina fjármagni til þessa verkefnis.

3. Aukin verði hagnýting þeirra fiskstofna, sem nú eru lítið nýttir, samhliða því að fjölbreytni í fiskverkun og hagnýtingu sjávarfangs verði aukin.

4. Fiskveiðistefnan verði ákveðin þannig að hagsmunaaðilum sé ljóst með góðum fyrirvara, hvaða reglur eigi að gilda um nýtingu fiskimiðanna, og framkvæmd stefnunnar verði endurskoðuð með það í huga að tryggja sem víðtækust samráð.

3. Iðnaður.

Mörkuð verði langtímastefna um iðnþróun og unnið að bættri aðstöðu til iðnrekstrar með hliðsjón af samkeppnisaðstöðu í útflutningi og til að auka hlut íslensks iðnvarnings á heimamarkaði.

Í samráði við tæknistofnanir og samtök iðnaðarins verði gerð áætlun um framleiðniaukningu í innlendum iðnaði og um einstakar greinar iðnaðar og verkefni í nýiðnaði. Stuðlað verði að byggingu iðngarða.

Starfsemi lánasjóða iðnaðarins verði samræmd og sjóðirnir efldir. Sérstaklega verði Iðnrekstrarsjóði gert kleift að styðja undirstöðuverkefni varðandi iðnþróun. Einnig verði afurðalánakerfið endurskoðað til að tryggja eðlilegan hlut iðnfyrirtækja í rekstrar- og framleiðslulánum.

Mörkuð verði ákveðin stefna um opinber innkaup og til að efla innlendan iðnað og iðnþróun.

Stefnt verði að markvissari stjórn á iðnfyrirtækjum í eigu ríkisins með aukna hagkvæmni og samræmingu í huga.

Ríkið stuðli að uppbyggingu meiri háttar nýiðnaðar, er m. a. byggi á innlendri orku og hráefnum, enda verði slíkur nýiðnaður og frekari stóriðja á vegum landsmanna sjálfra.

Undirbúningi meiri háttar framkvæmda verði hagað þannig, að innlendir verktakar hafi sem besta möguleika til að taka þær að sér á eðlilegum samkeppnisgrundvelli.

Stefnt verði að eflingu innlends skipasmíðaiðnaðar, bæði að því er varðar nýsmíðar og viðgerðir.

Stuðlað verði að byggingu skipaverkstöðvar í Reykjavík.

Unnið verði að því að færa viðhald flugvéla í meira mæli inn í landið en nú er.

Sérstök áhersla verði lögð á iðnað í tengslum við sjávarútveg og að auka úrvinnslu úr landbúnaðarafurðum.

4. Landbúnaður.

Stefnan í málefnum landbúnaðarins verði mörkuð með ályktun Alþingis og við það miðað að tryggja afkomu bænda, sporna gegn byggðaröskun og fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir búvörur til neyslu og iðnaðar. Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði breytt í því skyni að tryggja stefnuna í framkvæmd.

Rannsókna- og leiðbeiningastarfsemi landbúnaðarins verði í auknum mæli beint að nýjum búgreinum, svo sem fiskeldi, loðdýrarækt og bættri fóðurframleiðslu í því skyni að auðvelda aðlögum til framleiðslunnar að markaðsaðstæðum.

Byggingu nýrra gróðurhúsaverksmiðja verði hraðað. Átak verði gert til markaðsöflunar. Rekstrarlán verði sem næst í samræmi við þróun búvöruverðs.

Til að bæta bændum óverðtryggðan útflutning landbúnaðarvara frá síðasta verðlagsári verði útvegaðar 3000 millj. kr. Leitað verði samkomulags um viðunandi lausn á fyrirsjáanlegum vanda vegna halla á útflutningi búvara á þessu verðlagsári í tengslum við heildarstefnumótun í landbúnaði. Ákvörðun um vinnslu- og dreifingarkostnað og smásöluálagningu frá því í des. s. l. verði tekin til endurskoðunar. Bjargráðasjóði verði útvegað lán vegna harðindanna 1979. Tekjustofnar sjóðsins verði teknir til endurskoðunar í þeim tilgangi, að hann geti gegnt hlutverki sínu.

5. Orkumál.

Sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir í orkumálum, m. a. með það að markmiði, að innlendir orkugjafar komi sem fyrst í stað innfluttrar orku og að unnt verði með viðunandi öryggi að tryggja afhendingu orkunnar til notenda.

Unnið verði að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar.

Rík áhersla verði lögð á orkusparnað og hagkvæma orkunýtingu í atvinnurekstri, samgöngum og heimilisnotkun.

Sett verði lög um skipulag orkumála, um meginraforkuvinnslu og raforkuflutning, þar sem m. a. verði ákveðin samræmd heildarstjórn þessara mála og tryggð heildsala raforku til almenningsveitna við sama verði um land allt. Skipulag orkudreifingar verði tekið til endurskoðunar.

Ríkissjóður beri kostnað af félagslegum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmdum, sem þeim er falið að annast, og með hliðsjón af því verði einnig tekið tillit til stöðu Orkubús Vestfjarða.

Rannsóknir á sviði orkumála og orkunýtingar verði efldar, gerð framkvæmdaáætlun til næstu 5—10 ára og mörkuð samræmd orkustefna til langs tíma. Ríkisstj. skipi nefnd, sem undirbúi þessa stefnumótun.

Sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að draga úr þörf á raforkuvinnslu með olíu veturinn 1980—1981, m. a. með gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun og gufuvirkjun í Svartsengi. Stefnt verði að hringtengingu aðalstofnlína á næstu árum og að næsta virkjun vegna landskerfisins verði utan eldvirkra svæða.

Áhersla skal lögð á að tryggja landsmönnum nauðsynlegt magn af olíuvörum með sem hagstæðustum kjörum og með samningum til langs tíma frá fleiri en einum aðila af öryggisástæðum. Skipulag á olíuinnkaupum gg olíudreifingu verði tekið til athugunar, svo og hvernig tryggt verði, að nauðsynlegt magn birgða af olíuvörum sé ætíð til í landinu.

Haldið verði áfram rannsóknum vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu undir forustu íslenskra stofnana og stjórnvalda og í því sambandi gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Sett verði lög um eignar- og umráðarétt jarðhita.

Utanríkismál o. fl.

Ríkisstj. leggur áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Í því sambandi verði þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs sérstaklega styrkt.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiðiréttindi Íslendinga á Jan May-

en-svæðinu og fullnægjandi vernd fiskstofnanna þar. Jafnframt verði hafsbotnsréttindi Íslendinga á svæðinu tryggð.

Öryggismálanefndin hraði störfum sínum og geri reglulegar áfangaskýrslur um störf sín.

Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstj.

Undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanrrn. hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli.

Önnur mál.

1. Stjórnarskrá.

Stjórnarskrárnefndin, sem vinnur að endurskoðun stjórnarskrárinnar, ljúki störfum fyrir árslok 1980, þannig að Alþingi hafi nægan tíma til þess að ljúka afgreiðslu stjórnarskrár- og kjördæmamálsins fyrir lok kjörtímabilsins.

2. Stjórnarráð.

Gerðar verði breytingar á stjórnarráðinu og öðrum ríkisstofnunum til einföldunar og hagræðingar og virkari stjórnsýslu. Kannað verði, hvort stofnun sérstaks efnahagsráðuneytis mundi leiða til betri samhæfingar í stjórnkerfinu.

3. Mennta- og menningarmál.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að auknar verði á kjörtímabilinu fjárveitingar til menningarmála, sem m. a. tryggi viðunandi hraða við uppbyggingu menningarstofnana, svo sem Þjóðarbókhlöðunnar.

Að öðru leyti leggur ríkisstj. áherslu á eftirfarandi meginþætti í mennta- og menningarmálum:

Sett verði sem fyrst lög um framhaldsskóla.

Sérstök áhersla verði lögð á að efla verkmenntun.

Sett verði rammalöggjöf um fræðslu fullorðinna og stuðlað að auknum rétti starfsfólks til endurmenntunar.

Opinberum fjölmiðlum verði ætlað fræðsluhlutverk, bæði í þágu skóla og fræðslu fullorðinna.

Undirbúin verði löggjöf um forskólastig.

Endurskoðuð verði lög um námslán og námsstyrki með hliðsjón af samkomulagi við námsmenn á liðnu vori.

4. Félags- og tryggingamál.

Stefnt verði að því:

Að vinna að úrbótum í atvinnumálum aldraðra og öryrkja og bæta aðstöðu þeirra sem eru líkamlega eða andlega fatlaðir.

Að fæðingarorlof verði greitt úr almannatryggingum.

Að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar með tilliti til rýmri bótaréttar.

Að auka byggingu íbúðarhúsnæðis á félagslegum grundvelli og draga úr húsnæðiskostnaði.

Að hraða endurskoðun á lögum um almannatryggingar.

Að efla frjálsa félagsstarfsemi, íþróttir og útilíf.

5. Dómsmál.

Unnið verði að umbótum í dómsmálum og stuðlað að hraðari meðferð dómsmála, með því m. a. að einfalda meðferð minni háttar mála. Athugað verði, hvernig þeim efnaminni í þjóðfélaginu verði tryggð lögfræðiaðstoð til þess að ná rétti sínum.

6. Umhverfismál og auðlindir.

Gerðar verði áætlanir og skipulag varðandi nýtingu lands, orkulinda og auðlinda hafs og hafsbotns og í því sambandi tekið mið af rannsóknum og stefnu um umhverfisvernd.

Við nýtingu lífrænna auðlinda, sem endurnýjast, verði svo sem frekast er kostur miðað við að ekki sé gengið á höfuðstól.

Sett verði lög um umhverfismál, sem m. a. feli í sér að helstu flokkar þeirra mála falli undir eitt ráðuneyti.

Ný landgræðslu- og landverndaráætlun verði gerð.

7. Samgöngumál.

Gerðar verði samgönguáætlanir fyrir landið allt og einstaka landshluta. Staðið verði við fyrirliggjandi vegáætlun fyrir árin 1980—1982. Tekjuöflun til vegamála og ráðstöfun tekna ríkisins af umferð verði tekin til endurskoðunar. Sérstakt átak verði gert til að leggja bundið slitlag á aðalvegi og til að byggja upp vegi í strjálbýli.

Lögð verði áhersla á hafnarbætur svo og á bætt skipulag flutninga innanlands og milli landa. Skipaútgerð ríkisins verði efld.

Frumvarp til laga um lagningu sjálfvirks síma verði aftur lagt fyrir Alþingi og áfram unnið að uppbyggingu á dreifikerfi sjónvarps og hljóðvarps.

Framkvæmdum við flugvelli og öryggisbúnað þeirra verði hraðað.

8. Fjárhagsmál sveitarfélaga.

Ríkisstj. telur nauðsynlegt að styrkja fjárhag sveitarfélaga til að gera þeim kleift að ráða við þau mörgu verkefni, sem þeim ber að sinna. Haldið verði áfram endurskoðun verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga.

9. Byggðamál.

Í byggðamálum verði unnið að brýnum framkvæmdum í undirstöðuþáttum, svo sem á sviði orkumála, samgangna og fjarskipta.

Unnið verði að því að jafna aðstöðu fólks til þess að njóta ýmiss konar þjónustu án tillits til búsetu, m. a. með jöfnun símakostnaðar og flutningskostnaðar.“

Herra forseti. Fyrir hönd ríkisstj. vil ég láta í ljós ósk og von um gott samstarf við þing og þjóð.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það eru ávallt tímamót þegar ný ríkisstj. tekur til starfa, og það er ástæða til þess fyrir hönd Sjálfstfl. að gera grein fyrir afstöðu Sjálfstfl. til þeirrar ríkisstj. sem nú hefur verið mynduð.

S. l. föstudag, 8. febr., gerði þingflokkur Sjálfstfl. eftirfarandi ályktun, sem ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfi mér að greina hér frá:

„Þingflokkur Sjálfstfl. hefur kynnt sér málefnasamning ríkisstj. og ályktar af því tilefni eftirfarandi:

Þingflokkurinn telur málefnasamninginn þess efnis, að flokkurinn geti ekki veitt ríkisstj. stuðning né hlutleysi, enda gengur hann í veigamiklum atriðum gegn grundvallarstefnu Sjálfstfl.

Sem dæmi um efnisatriði má nefna:

1) Í samningnum eru almennar yfirlýsingar um hjöðn-

un verðbólgu, jafnvægi í peningamálum, hallalausan ríkisbúskap og eflingu atvinnulífsins. Um þessi markmið geta allir orðið sammála. Mestu skiptir hvernig á að ná þeim, og í þeim efnum eru engar vísbendingar gefnar sem hald er í.

2) Kveðið er á um aukningu ríkisútgjalda sem samtals getur numið tugmilljörðum kr. á ári án þess að tilgreind sé nokkur tekjuöflun eða útgjaldalækkun á móti. Þessi ákvæði samningsins, ef framkvæmd verða, munu þýða stórfellda skattahækkun, halla á ríkissjóði, seðlaprentun og söfnun eyðsluskulda erlendis. Jafnframt er kynt undir áframhaldandi verðbólgu.

3) Stefnt er að útþenslu ríkisbáknsins og aukningu ríkisafskipta. Ríkið mun draga til sín enn meira fjármagn sem ekki getur nýst til að auka rauntekjur þjóðarinnar. Það leiðir til lakari lífskjara.

4) Ákvæði kaflans um verðlagsmál, þar sem verðbreytingar eru ákveðnar án tillits til innlendra kostnaðarhækkana, þrengja mjög hag fyrirtækjanna og koma í veg fyrir kosti frjálsrar verðmyndunar.

5) Í utanríkismálum er ekki minnst á aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu né varnar- og öryggismál og er því allt opið í þeim efnum. Hins vegar er að finna óskyld málefni, svo sem ákvæði um átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Þetta hvort tveggja vekur upp spurningu um það, hvort hér sé um stefnubreytingu eða uggvænlegt ístöðuleysi að ræða í varnarmálum, þar sem Alþb. er fengið úrslitavald í öryggismálum þjóðarinnar.

6) Stefnuskráin er í raun og veru óskalisti. Einstök atriði útiloka hvert annað, þannig að dæmið getur ekki gengið upp í heild. Samningurinn er því óraunhæft áróðursplagg, einkennandi fyrir stefnu vinstri flokkanna.

Hér hafa verið nefnd fáein atriði í málefnasamningnum sem Sjálfstfl. getur með engu móti samþykkt. Málinu öllu verða gerð frekari skil í umræðum á Alþ., en með tilvísun til þessa verður þingflokkur Sjálfstfl. í andstöðu við ríkisstj."

Ályktun þessi var til umr. og meðferðar á flokksráðsfundi Sjálfstfl. í gær, en flokksráð Sjálfstfl. markar stefnu flokksins milli landsfunda og tekur eftirfarandi ákvörðun um afstöðu flokksins til samstarfs við aðra stjórnmálaflokka. Á þessum fundi var eftirfarandi ákvörðun tekin og samþykkt:

„Flokksráð Sjálfstfl. lýsir yfir stuðningi sínum við afstöðu miðstjórnar og þingflokks til stjórnarmyndunar Gunnars Thoroddsens, Alþb. og Framsfl.

Flokksráðið lýsir því yfir andstöðu Sjálfstfl. við ríkisstj. og málefnasamning hennar."

Enn fremur:

„Flokksráðið leggur áherslu á, að samstaða sjálfstæðisfólks um land allt er meginforsenda fyrir framgangi sjálfstæðisstefnunnar, og hvetur því til einingar og trúnaðar við flokkinn til heilla landi og lýð."

Í raun og veru ætti ekki að þurfa á þessu stigi málsins að fara mögum fleiri orðum um þennan málefnasamning. En ég held þó að rétt sé að gera það nokkuð.

Þessi málefnasamningur er í fyrsta lagi dæmigerður vinstristjórnarsáttmáli. Hann minnir að mörgu leyti á samning vinstri stjórnarinnar 1971. Hann er óska- og loforðalisti. Vinstristjórnarsamningurinn 1971 var upphaf þeirrar óðaverðbólguöldu sem skall yfir Íslendinga og fram hefur haldið með örstuttum hléum á s. l. áratug. Í þessum samningi er ekki um það að ræða, að nein ráð séu tiltekin til að vinna bug á verðbólgunni sem slíkri. Markmið er sett um það, að verðbólgan, eigi að vera komin niður í u. þ. b. 10% eða minna á árinu 1982, ef marka má málefnasamninginn sjálfan. En í einstökum þáttum og þegar um er að ræða samræmda efnahagsmálastefnu fyrirfinnst hún engin.

Í kjaramálum er ekkert fram tekið í raun og veru annað en að taka skuli til nokkra fjárupphæð til félagslegra umbóta, og væntanlega verður þeirri fjárupphæð eytt án tillits til hvaða viðtökur sá félagsmálapakki fær hjá launþegasamtökunum. Það er góðra gjalda vert, að samningar um kaup og kjör skuli vera á hendi aðila vinnumarkaðarins.

En einn er sá kjarasamningur sem alfarið hlýtur að vera á vegum ríkisstj. sjálfrar. Það er samningur við opinbera starfsmenn, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Engin afstaða er tekin til stefnu ríkisstj. varðandi þann samning. Formaður Framsfl. hefur lýst því yfir, að það komi ekki til greina að veita nokkra grunnkaupshækkun vegna krafna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um 15—37% grunnkaupshækkun. Umboð ríkisstj. í þessum samningum hefur fjmrh. og hefur ekki fengist fram hjá honum yfirlýsing um afstöðu hans til þessa samnings frekar en ríkisstj. í heild.

Í þessum málefnasamningi er ekkert ráð tiltekið hvernig eigi að rjúfa vítahring verðlags og kaupgjalds, sem er spegilmynd af verðbólguþróuninni. Þá eru í málefnasamningnum mörg atriði um útgjöld og aukin ríkisumsvif, sem hljóta að leiða til aukinnar skattheimtu, hallarekstrar og seðlaprentunar og vaxandi erlendra skulda, eins og getið er um í ályktun þingflokks Sjálfstfl. Það má telja þessa útgjaldaliði saman, og ef þeir eru saman taldir munu þeir nema eigi lægri upphæð en um 25 milljörðum kr. á þessu ári og a. m. k. 35 milljörðum á næsta ári. Það er ekkert sagt um tekjuöflun og ekkert um lántökur, nema að greiðslubyrði erlendra lána eigi að vera innan 15% á ári, sem er það hæsta sem verið hefur eftir áföllin 1968 og 1969.

Í peningamálum er rætt um það, að vextir eigi að vera óbreyttir fyrst í stað, en með vaxandi verðbólgu þýðir þetta aukningu á neikvæðum vöxtum, þ. e. að sparifjáreigendur tapa meira af sparifé sínu heldur en nokkru sinni áður. En í næstu grein á eftir er talað um að verðtryggja sparifé landsmanna, og af því leiðir að það verður að lána það fjármagn út með verðtryggingu eða vöxtum í samræmi við verðbólguna. Af þessu hlýst, að sparifjármagnið flyst yfir í verðtryggða reikninga, og af því leiðir, að vaxtakostnaður eða fjármagnskostnaður hlýtur að stórhækka með vaxandi verðbólgu, því að málefnasamningurinn leiðir ekki til neinna ráðstafana til að stöðva verðbólguna, og því mun hún verða um 40—50% á ári. Þarna er dæmi um það, hvernig stefna Alþb. um lækkun vaxta er í framkvæmd og hvernig Framsfl. snýst í hring. Um aðra þátttakendur í stjórnarsamstarfinu þarf ekki að ræða.

Ekkert takmark er sett fyrir ríkisútgjöldunum, eins og lögð hefur verið áhersla á, og eins og ég hef sýnt fram á fara þau vaxandi.

Varðandi verðlagsmálin hafa framsóknarmenn hrósað sér af því, að beitt sé niðurtalningaraðferð framsóknarmanna í verðlagsmálum. Að vísu stendur í málefnasamningnum, að það eigi að lögbjóða að verðbólgan minnki, verðlagshækkanir eigi ekki að vera nema 8, 7 og 5% næstu þrjá ársfjórðungana eftir 1. maí. Það er ekki

haldgott ráð að setja í lög, að verðbólga skuli ekki vera meiri en ákveðið hlutfall á hverjum ársfjórðungi. Ég hygg að öllum sé ljóst að það er vitaþýðingarlaust, enda eru í þessum kafla undantekningarákvæði sem gera út af fyrir sig þessa reglu ómarktæka. En hér er ekki heldur um niðurtalningaraðferð Framsfl. að ræða í verðlagsmálum, heldur niðurtalningaraðferð Alþb. miklu fremur, vegna þess að framsóknarmenn vildu einmitt láta það koma fram, að kaupgjald hækkaði minna á hverjum ársfjórðungi heldur en verðlag og með þeim hætti yrði verðbólgunni komið niður, gagnstætt því sem hér er um að ræða.

En hver er afleiðingin og hvert er haldið með þessu ákvæði málefnasamningsins, þegar fyrirsjáanlegt er að kaupgjald muni hækka um 40% á þessu ári? Er þá nokkur von til þess, að verðlag geti haldist innan við 25%, eins og gert er ráð fyrir með þessari niðurtalningaraðferð? Afleiðing af þessu yrði stórkostlegur hallarekstur fyrirtækja, sem lánastofnunum væri um megn að fjármagna og leiddi til stöðvunar og greiðsluþrots fyrirtækja, uppsagna starfsfólks og atvinnuleysis, ef framkvæmt yrði.

Í þessu sambandi er rætt um hækkun niðurgreiðslna eða réttara sagt verðtryggingu niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum, þannig að þær séu ávallt sama hlutfall af verði landbúnaðarafurða. Aðeins þetta ákvæði mun kosta um 2.5 milljarða á þessu ári, umfram það sem skortir á í fjárlagafrv. til þess að standa undir núverandi niðurgreiðslustigi. Þetta ákvæði mun kosta ekki minna en 8 milljarða á næsta ári, og fyrir þessu fjármagni er ekki séð fyrir tekjuöflun að einu eða neinu leyti. Þetta er gagnstætt stefnu efnahagsmálafrv. sem samþykkt var hér í aprílmánuði s. l., svo að dæmi sé tekið.

Ég hlýt að víkja að stefnunni í atvinnumálum. Þar er allt bundið við forsjá hins opinbera, allt bundið við atvinnumálaáætlanir og fyrirskipanir að ofan, gagnstætt því sem ætti að vera: að byggja á framtaki, frumkvæði, hugmyndum atvinnurekenda sjálfra, einstaklinganna sem taka þátt í atvinnurekstri. Þar er gert ráð fyrir því, að lánveitingar verði bundnar við framkvæmd opinberra atvinnumálaáætlana, en ekki fyrir því, að fyrirtæki í atvinnurekstri geti byggt upp eigið fjármagn. Af þessu leiðir meiri sókn í lánsfé, meiri verðbólguþenslu, minni framleiðniaukningu eða raunar stöðvun framleiðniaukningar og vaxtar í atvinnurekstri og atvinnulífi landsmanna.

Hér er í raun og veru verið að taka upp slíka ríkisforsjá og slík ríkisumsvif, að atvinnufyritæki og einstaklingar í landinu verða í athöfnum sínum að sækja á náðir hins opinbera, skömmtunarstjóra hins opinbera, til þess að sjá atvinnurekstri sínum og atvinnu borgið.

Þá er athyglisvert, að um stóriðju er sagt að hún eigi að vera á vegum landsmanna sjálfra. Væri fróðlegt að fá skýringu á því, hvernig eigi að skilja þetta orðalag, hvort það eigi að skilja sem svo, að Íslendingar eigi ávallt að eiga meiri hluta í stóriðjufyrirtækjum, eins og Grundartangaverksmiðjunni t. d., eða hvort Íslendingar eigi alfarið að byggja upp stóriðjufyrirtæki með lántökum og jafnvel hvort ekki megi taka erlend lán í þessu skyni. Forsjá þessara mála er falin Alþb.-manni, en Alþb. hefur, eins og kunnugt er, verið andvígt stóriðjuframkvæmdum, sem þó eru einn veigamesti þátturinn til þess að bæta lífskjör í landinu.

Í málefnasamningnum er ekki minnst á skattamál, ef frá er tekið að athugað skuli að lækka útsvör af lægstu tekjum. Það er ekki minnst á það að draga úr auknum skattaálögum vinstri stjórnarinnar. Það er ekki minnst á það að lækka skatta á almennum launatekjum, eins og nauðsynlegt er að gera. Í þessum málefnasamningi er byggt í raun og veru á hæsta fjárlagafrv. sem lagt hefur verið fram, frv. Tómasar Árnasonar. Og nýverið hefur verið tilkynnt, að hinn nýi fjmrh. ætli að semja þriðja fjárlagafrv. á þessum vetri, sem auðvitað mun slá öll met hvað útgjaldaupphæðir snertir.

Í málefnasamningnum er fáum orðum farið um kjördæmamálið. Rætt er um, eins og skylt er, að stjórnarskrárnefnd ljúki störfum á þessu ári, en talið fullnægjandi að afgreiðsla kjördæmaskipunar og kosningalaga eigi sér stað fyrir lok kjörtímabils. Mér sýnast öll sólarmerki benda til þess, að gengið verði til kosninga áður en þessu kjörtímabili ætti í raun að vera lokið. Og ég tel nauðsynlegt, að frá breytingum á kjördæmaskipun og kosningalögum verði gengið þegar á næsta vetri og um það mál verði einnig kosið í næstu kosningum, svo að réttlátari skipan fáist í þeim efnum en nú hefur verið um skeið. Hér er um að ræða jöfnun kosningaréttar. Hér er um að ræða að Alþ. sé rétt spegilmynd af flokkaskipuninni í landinu. Hér er um að ræða að efla persónutengsl milli þm. og umbjóðenda þeirra.

Í þessum málefnasamningi er talað um einföldun og hagræðingu og hagkvæmni í störfum stjórnarráðsins og opinberum rekstri. En það er ekkert einasta nýmæli til framkvæmda í þeim efnum. Hvað snertir einföldun og hagkvæmni í Stjórnarráði Íslands er framkvæmdin sú hin fyrsta að fjölga ráðherrum eins og raun ber vitni og við sjáum í fögrum röðum fyrir framan okkur.

Þá er í þessum málefnasamningi merkilegt að taka eftir kaflanum um utanríkismál. Þar er ekki minnst einu orði á aðild Íslendinga að varnarsamstarfi vestrænna ríkja í Norður-Atlantshafsbandalaginu né heldur varnarsamstarfið við Bandaríki Norður-Ameríku. Það er athyglisvert, að orðalag málefnasamningsins nú, 1980, er ákaflega svipað orðalagi málefnasamnings fyrstu vinstri stjórnarinnar 1971. Í þessum málefnasamningi segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. leggur áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Í því sambandi verði þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs sérstaklega styrkt.“

Af þessu er nærri að draga þá gagnályktun, að úr því að á að styrkja þátttöku Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs, þá eigi að draga úr starfi Íslendinga t. d. í Atlantshafsbandalaginu. En látum það vera. Taki menn eftir orðalaginu sjálfu og beri það saman við málefnasamninginn 1971, sem er svo hljóðandi:

„Stefna Íslands í alþjóðamálum verði sjálfstæðari og einbeittari en hún hefur verið um skeið og sé jafnan við það miðað að tryggja efnahagslegt og stjórnarfarslegt fullveldi landsins. Hafa skal sérstaklega náin tengsl við Norðurlandaþjóðirnar. Innan Sameinuðu þjóðanna og annars staðar á alþjóðavettvangi ber Íslandi að styðja fátækar þjóðir til sjálfsbjargar og jafnréttis við efnaðri þjóðir.“

Þegar svo langt er komið eru sem sagt alþjóðastofnanirnar, sem Íslendingar eiga þátt í, Norðurlandaráð og Sameinuðu þjóðirnar, einar teknar inn í myndina, en hins vegar ekki Norður-Atlantshafsbandalagið.

Hins vegar tekur stjórnarsamningurinn 1971 núverandi stjórnarsamningi þó fram að því leyti, að þar er sagt

berum orðum:

„Ágreiningur er milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til Atlantshafsbandalgsins. Að óbreyttum aðstæðum skal þó núgildandi skipun haldast. En ríkisstj. mun kappkosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður."

Þetta vekur þá spurningu, hvort nú sé enginn ágreiningur milli aðila stjórnarsamstarfsins um afstöðuna til Atlantshafsbandalagsins. Eru allir ráðherrarnir sammála um þá afstöðu, úr því ekki var þörf á að nefna Atlantshafsbandalagið á nafn? Það er nauðsynlegt að vita um það. Og enn þá nauðsynlegra væri að vita í hvaða farveg samstaðan hefur farið.

Herra forseti. Ég skal stytta mál mitt. En af því, sem ég hef hér sagt, er ljóst að Sjálfstfl. er í andstöðu við þá ríkisstj. sem nú hefur verið mynduð.

Sjálfstfl. hefur lagt áherslu á að unninn sé bugur á verðbólgu með öflugum og samræmdum aðgerðum á sviði fjármála, peningamála og launamála. Samkomulagið, sem okkur hefur verið kynnt í dag, gerir ekki ráð fyrir öflugum aðgerðum á neinu þessara sviða og samræmingar gætir hvergi.

Sjálfstfl. hefur lagt áherslu á að dregið sé úr umsvifum ríkisins og ríkisútgjöld lækkuð. Samkomulagið, sem hér hefur verið tilkynnt í dag, gerir ráð fyrir auknum ríkisumsvifum og ríkisútgjöldum og samsvarandi skerðingu á umsvifum og frelsi einstaklinga í landinu og ráðstöfunarrétti á eigin aflafé þeirra.

Sjálfstfl. hefur lagt áherslu á að atvinnulífinu séu sköpuð skilyrði til frjálsrar starfsemi á heilbrigðum fjárhagslegum grundvelli til þess að bæta kjör allra landsmanna. Samkomulagið, sem kynnt hefur verið hér í dag, gerir ráð fyrir að þjarmað sé að atvinnulífinu með ýmsum hætti og jafnframt séu ríkisafskipti af atvinnulífinu stóraukin með fyrirskipandi áætlunargerð og lánveitingum úr opinberum sjóðum.

Sjálfstfl. hefur lagt áherslu á að frjálsræði í viðskipta- og gjaldeyrismálum sé aukið, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Samkomulagið, sem hér er kynnt, gerir ekki ráð fyrir neinni viðleitni í þessa átt.

Aðdragandi að myndun þessarar ríkisstj., málefnasamningur sá, sem hún byggir starf sitt á, og skipting ráðuneyta og starfa innan ríkisstj. er allt með þeim hætti, að lítil gæfumerki er að sjá. Engu að síður er það von mín og ósk, að betur rætist úr en á horfist.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þegar Alþfl. tók þá ákvörðun í septembermánuði s. l. að hætta stuðningi við þá ríkisstj., sem flokkurinn hafði þá um nokkurra mánaða skeið verið aðili að, voru ástæðurnar tvær. Sú fyrri lá í augum uppi, sem sé sú, að ríkisstj. hafði engum árangri náð í því meginviðfangsefni sínu að ná stjórn á efnahagsmálunum í þessu landi. Hin ástæðan kom síðar í ljós, í kosningabaráttunni og í áframhaldi kosningabaráttunnar. Hún var sú, að milli stjórnarflokkanna var engin samstaða til um úrræði. Þeir sátu á rökstólum í næstum því tvo mánuði upp á hvern einasta dag að kosningunum loknum til þess að reyna að ná höndum saman um úrræði á grundvelli samstarfsins í fyrrv. ríkisstj. Og hafi einhver efast, þá áttu menn ekki að þurfa að gera það eftir að vera búnir að horfa á þessa þrjá flokka í tvo heila mánuði reyna að ná höndum saman án árangurs.

Þegar við Alþfl.-menn tókum þá ákvörðun í septembermánuði s. l. að hverfa frá stuðningi við þá ríkisstj., sem við höfum verið í um nokkurra mánaða skeið, á þessum grundvelli, að hún náði engum árangri og þar var engin samstaða, þá þýddi sú ákvörðun okkar að sjálfsögðu að við mundum ekki að kosningum loknum taka aftur þátt í slíkum leik. Og það voru fleiri en við sem voru þeirrar skoðunar. Bæði framsóknarmenn og Alþb.-menn tóku þráfaldlega fram, að það, sem nú þyrfti að gera, væri að hnýta alla enda fasta í málefnasáttmála. Menn geta svo velt því fyrir sér, hversu fast hnútarnir eru hnýttir í því lausgyrðisverki sem lagt hefur verið fram og kallað málefnasáttmáli af þeirri ríkisstj. sem nú hefur tekið við völdum.

En það var ekki aðeins eftir kosningarnar í desembermánuði að erfitt væri að mynda ríkisstj. vegna þess, hve skoðanir manna voru skiptar, heldur tóku ýmsir stjórnmálaforingjar upp þann hátt að gefa yfirlýsingar út og suður af engu tilefni um þá menn og þá flokka sem þeir voru að ræða við hverju sinni, eins og litlir krakkar í sandkassa: Þessum vil ég vinna með, þessum vil ég ekki vinna með. — Auðvitað hafði þetta sín áhrif til þess að draga stjórnarmyndunarviðræðurnar á langinn.

Alfl. hafði enga slíka fordóma uppi. Við vorum reiðubúnir til að ræða við alla stjórnmálaflokka og alla forustumenn þeirra án undantekninga. En við vorum ekki reiðubúnir til þess að endurtaka leikinn frá haustinu 1978: að fara inn í ríkisstj. upp á von og óvon, án þess að fyrir lægi hvað sú ríkisstj. ætlaði sér að gera og hvernig hún ætlaði að ná árangri. Tvívegis lögðum við Alþfl.-menn fram okkar tillögur í þessum viðræðum. Eins og alkunna er tókst ekki að ná samkomulagi flokka á grundvelli þeirra og við því er að sjálfsögðu ekkert að segja.

Um tilorðningu núv. hæstv. ríkisstj. er best að hafa sem fæst orð, en án efa hefur það, sem varð til þess að hún varð mynduð og var búið að vaka á bak við í stjórnarmyndunarviðræðunum frá því í desembermánuði s. l., haft sitt að segja um það, hversu seint þessar viðræður gengu. Líklegt er að þeir atburðir eigi eftir að draga á eftir sér nokkurn dilk í samskiptum manna hér í þinginu, en ég býst þó við að við Alþfl.-menn komum þar hvergi nærri.

Hitt er svo aftur á móti annað mál, að þeir atburðir, sem gerst hafa í Sjálfstfl., hafa átt nokkurn aðdraganda. Ástandið í þeim flokki hefur nokkuð lengi verið með þeim hætti sem nú hefur brotist út. Morgunblaðið boðaði raunar samstarf af þessu tagi í skrifum sínum fyrst eftir kosningarnar, og ýmsar tilraunir voru gerðar til þess að ná fram því samstarfi sem nú hefur orðið að veruleika, þó svo að þær tilraunir hafi verið með nokkuð öðrum hætti en sú tilraun sem lokaárangurinn bar. En það er best að hafa sem fæst orð um þessi mál, þau koma okkur Alþfl.-mönnum ekkert við. Hitt verður sjálfsagt lærdómsríkt að sjá, þegar kemur nú að því að eigi að fara að afgreiða hér fjárlög, — sem byggð verða væntanlega, eins og ríkisstj. hefur tekið fram, á fjárlagafrv. hæstv. núv. viðskrh., Tómasar Árnasonar, — hvernig þeir menn úr Sjálfstfl., sem standa að myndun þessarar ríkisstj. og annaðhvort sitja í ráðherrasætum í henni eða í sætum óbreyttra þingmanna, ætla nú að bregðast við þegar kemur að því að afgreiða þurfi þau skattalög fyrrv. ríkisstj. sem eru forsenda þess, að fjárlagafrv., sem lagt var fram á 101. löggjafarþinginu, fái staðist. Það verður forvitnilegt að

sjá t. d. þá hv. þm. Albert Guðmundsson og Eggert Haukdal taka afstöðu til þeirra mála, svo að maður tali ekki um þegar þeir hv. þm. þurfa að fara að taka afstöðu til þess þegar lagt verður hér fram á Alþ. frv. um nýjan skattstiga þannig frábrugðið frv. því sem ég lagði fram fyrir tveimur dögum, að gert sé ráð fyrir í því frv. að taka í tekjuskatt af almenningi 7.2 milljarða umfram það sem það frv. gerir ráð fyrir sem liggur nú fyrir þinginu. Þá verður forvitnilegt að sjá hver verða viðbrögð þessara hv. tveggja þm. og raunar einnig annarra þm. úr Sjálfstfl. sem sitja í þessari ríkisstjórn.

Alþfl. hefur enn ekkert ályktað formlega um afstöðu sína til ríkisstj. Við Alþfl.-menn höfum að sjálfsögðu skoðað málefnasamning hennar. Þar er vissulega ýmislegt jákvætt og margt í þessum málefnasamningi, sem við getum vel hugsað okkur að styðja. Þetta er málefnasamningur um góðan vilja ýmissa mætra manna. En reynslan hefur bara sýnt fram á þá einföldu staðreynd, að í þessu sambandi gjörir góður vilji enga stoð. Ef ekki tekst samstaða í ríkisstj. og ekki er geta í ríkisstj. til þess að takast á við þau vandamál, hverra farsæl lausn er forsenda þess að hinn góði vilji nái fram að ganga, þá gerir sá góði vilji enga stoð, vegna þess að þá fer allt öfugt við það sem ætlað er af góðviljuðum mönnum í málefnasamningi.

Þetta er auðvitað það alvarlegasta í sambandi við þennan málefnasamning og þessa ríkisstj. Það hafa allar ríkisstj., sem tekið hafa við völdum á Íslandi, ætlað að láta gott af sér leiða. En undanförnum ríkisstj. hefur ekki tekist að fá sínum góða vilja framgengt vegna þess að þær hafa ekki ráðið við þau vandamál, hverra lausn er forsenda þess að hægt sé að skila af sér góðum verkum. Og þessi ríkisstj. sem nú hefur tekið við völdum, miðað við málefnasamning hennar, eins og hún hefur lagt hann fram, mun feta í fótspor annarra ríkisstj. að þessu leyti. Án efa verður vegferð hennar svipuð. Hún mun í tilraunum sínum til þess að leysa ákveðin vandamál búa til önnur, svo sem í ríkisfjármálum, í peningamálum og í viðskiptunum við útlönd, sem munu reynast svo örðug henni eins og öðrum ríkisstj. að hún mun ekki geta áorkað neinu því til góðs sem þessi ríkisstj. gjarnan vill.

Það er mjög mikilvægt fyrir hverja ríkisstj. og fyrir þjóðfélagið í heild að skilningur milli samtaka launþega og þeirrar ríkisstj. sem fer með völdin í landinu hverju sinni, þannig að gagnkvæmt tausti geti ríkt milli verkalýðs og valdhafa og friður á vinnumarkaði. Þetta er mjög mikilvægt atriði, því jafnvægi verður ekki náð í efnahagsmálum þjóðarinnar nema jafnvægisstefnu sé fylgt í launamálum. Svo miklum sköpum skipta launamál í efnahagslífi okkar, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Ég vil á þessari stundu engu spá um samskipti núv. hæstv. ríkisstj. við verkalýðshreyfinguna. Ég vona hins vegar að henni takist að ná góðu sambandi við samtök launafólks, því að vissulega er þjóðinni mikil þörf á að það takist. Hins vegar óttast ég, að þó svo að núv. ríkisstj. taki höndum saman við samtök launafólksins og verkalýðshreyfinguna og fái þessi samtök a. m. k. til þess að una því, að launafólk í þessu landi taki á sig allverulegar byrðar til þess að ná árangri í efnahagsmálum, þá óttast ég að þær fórnir launafólksins verði unnar fyrir gýg, vegna þess að ég fæ ekki betur séð af málefnasamningi hæstv. ríkisstj. en að ríkisstj. ætli sér ekki og geti ekki haldið jafnvægi í þeim málum sem hún hefur ein á valdi sínu.

Við skulum huga í þessu sambandi að reynslunni árið 1979. Þau eru fá árin á þessum áratug sem jafnmikið jafnvægi hefur ríkt í launamálum eins og það ár. Þá urðu almennar grunnkaupshækkanir aðeins 3%. Ríkisstj. tókst á árinu 1979 að ná samkomulagi við verkalýðshreyfinguna um jafnvægisstefnu í launamálum og talsverðar fórnir verkafólks, sem þurfti að færa í því sambandi. En það gjörði bara enga stoð, því að þrátt fyrir að samkomulag næðist við verkalýðshreyfinguna um jafnvægi í launamálum, þá ríkti slíkt jafnvægisleysi í öllum þeim þáttum efnahagslífsins sem ríkisstj. hafði ein á valdi sínu og þurfti ekki við neinn um að semja, að niðurstaðan varð 60% verðbólga þrátt fyrir jafnvægisstefnuna í launamálum. Ég óttast að sama sagan sé nú að endurtaka sig, — þó að hæstv. ríkisstj. nái samkomulagi við launþegahreyfinguna í landinu um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum, sem ég vona að hún geri, þó svo að launafólkið vilji leggja það til sem framlag sitt í baráttuna fyrir jafnvægi í efnahagsbúskap þjóðarinnar að taka á sig nokkrar fórnir og þó svo að launþegahreyfingin samþykki þetta, þá verði árangurinn enginn, vegna þess að ég sé ekki betur en að ríkisstj. ætli sér að halda áfram á sömu braut og undanfarnar ríkisstj. hafa haldið. Hún ætlar sér ekki að fylgja sömu jafnvægisstefnu í sínum málum, þeim málum sem hún ein ræður yfir, og hún mun krefjast af verkalýðshreyfingunni að hún geri.

Það er sjálfsagt að gefa þessari hæstv. ríkisstj. tækifæri. Við Alþfl.-menn munum ekki torvelda henni störfin með því að leggja að óþörfu steina í götu hennar. Við munum meta þau mál, sem þessi hæstv. ríkisstj. lætur frá sér fara, fordómalaust og taka til þeirra afstöðu eftir efnisatriðum hverju sinni, styðja þau mál ríkisstj. sem til heilla horfa, en berjast gegn hinum. Alþfl. mun verða að sjálfsögðu í stjórnarandstöðu gegn þessari ríkisstj. Sú andstaða verður afdráttarlaus og ákveðin, en hún verður líka sanngjörn og heiðarleg. Við Alþfl.-menn berum engan kvíðboga fyrir því að fara í stjórnarandstöðu gegn þessari ríkisstj., síður en svo. Ætli það séu ekki einhverjir ríkisstjórnarsinnar sem bera meiri kvíðboga fyrir slíku? Satt að segja erum við því hlutskipti okkar fegnir og munum að sjálfsögðu hafa þá forustu í þeirri stjórnarandstöðu sem eðlilegt er að við höfum sem heill, óskiptur og samstæður stjórnmálaflokkur. Hvort valdatími núv. ríkisstj. verður langur eða skammur skiptir í þessu sambandi litlu máli. Það er miklu þýðingarmeira fyrir þjóðina og framtíðarstöðuna í íslenskum stjórnmálum, að núv. ríkisstj. fái að lifa nógu lengi til þess að ná að falla afdráttarlaust á eigin verkum. Og þá ætla ég að taka mér í munn orð hæstv. forsrh.: „Þá verður veður til að skapa."

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur gert hér ítarlega grein fyrir málefnasamningi hinnar nýju ríkisstj. og mun ég ekki koma nema óbeint inn á hann. Ég ætla hins vegar að fjalla nokkuð um það sem komið hefur fram síðan hjá hv. stjórnarandstæðingum.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson lýsti andstöðu þeirra sjálfstæðismanna við núv. ríkisstj. og fór allmörgum orðum um málefnasamninginn. Ég verð að segja eftir þann lestur, að sú spurning vaknar í huga mér hvort sú harða andstaða, sem þegar kemur fram hjá hv. þm., ráðist meira af málefnasamningnum en innri ágreiningi í Sjálfstfl. Ég ætla að gera stuttlega samanburð á nokkrum atriðum þessa málefnasamnings og þeim tillögum sem

hv. þm. lagði fram í þeim viðræðum sem hann stjórnaði um myndun ríkisstj., sem að vísu voru ekki við hann kenndar opinberlega, en ég vona að mér verði fyrirgefið þó ég kenni þær við hv. þm. Geir Hallgrímsson.

Hv. þm. segir að í þessum málefnasamningi sé ekkert aðhald, ekkert gert í ríkisfjármálum sem koma eigi í veg fyrir að rekstur ríkissjóðs fari úr böndum.

Í málefnasamningnum er skýrt tekið fram, að stórlega skuli auka aðhald í ríkisfjármálum. Það er einnig greinilega tekið fram, að ríkissjóð skuli reka með greiðsluafgangi, og skýrt tekið fram, að greiða skuli þá skuld sem ríkissjóður stofnaði til við Seðlabanka Íslands á síðasta ári.

Í tillögum hv. þm. Geirs Hallgrímssonar er ekkert orð, ekki eitt einasta orð um aðhald í ríkisfjármálum eða yfirleitt nokkur takmörk sett á umsvif ríkissjóðs. Þvert á móti er gert ráð fyrir því í þeim tillögum, eins og þar er áætlað, að aukin útgjöld ríkissjóðs vegna þeirra ráðstafana, sem grípa á til, nemi 25—30 milljörðum kr. Hins vegar hygg ég að enginn hafi þó getað fengið þá tölu svo litla þegar skoðaðar eru þær aðgerðir, sem þar er lagt til að beita, og vanti þar reyndar á æðistóra upphæð. Í þeim tillögum er ekki heldur á nokkrurn markvissan eða trúverðugan hátt lagt til hvernig eigi að brúa þetta bil, enda var niðurstaða Þjóðhagsstofnunar sú, að langt væri frá því að það væri brúað. Þarna er því um að ræða rekstur ríkissjóðs sem ég hygg að enginn hér inni geti tekið undir að eðlilegur sé í því ástandi efnahagsmála sem ríkir í þessu þjóðfélagi.

Í peningamálum segir í málefnasamningi núv. ríkisstj., að vextir hækki ekki 1. mars. Í tillögum hv. þm. Geirs Hallgrímssonar segir: „Vextir hækki ekki í febr.“ Þarna er því ekki mikill munur á.

Í tillögum hæstv. ríkisstj., sem nú er tekin við, segir að vextir fari lækkandi með verðbólgu. Í tillögum Geirs Hallgrímssonar segir, að þessir hlutir skuli mætast síðar.

Í málefnasamningnum er tekið fram, að leggja skuli áherslu á sölu skuldabréfa ríkissjóðs í innlánsstofnunum til að brúa þær árstíðabundnu sveiflur sem eru í rekstri ríkissjóðs. Svipað er sagt í þeim tillögum sem Geir Hallgrímsson lagði fram. Þar er talað um að fjármagna skuli slíkar sveiflur utan Seðlabankans. Þar er því nokkuð líkt á komið með þessum tillögum og málefnasamningnum.

Í málefnasamningnum eru sett ákveðin mörk í fjárfestingarmálum. Þar segir, að fjárfesting fari eigi fram úr 1/4 af þjóðartekjum. Í tillögum hv. þm. Geirs Hallgrímssonar er ekkert sagt um þetta, aðeins lauslega sagt að erlendar lántökur skuli vera í hófi. Í málefnasamningnum segir hins vegar, að erlendar lántökur skuli takmarkaðar þannig að greiðslubyrðin af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af tekjum af útflutningi.

Í þessum málefnasamningi er ítarlegur kafli um verðlagsmál. Þar er gert ráð fyrir að setja ströng mörk á verðhækkanir, en þó þannig að þeir aðilar, sem þar eiga sérstakra hagsmuna að gæta, viti að hverju þeir ganga. En þar eru einnig ítarleg ákvæði um ný vinnubrögð í verðlagsmálum, m. a. framkvæmd þeirrar verðlagslöggjafar sem hv. þm. stóð að þegar hann var forsrh. Þar er bryddað á ýmsum nýmælum sem ég hygg að muni e. t. v. reynast einna athyglisverðust í framkvæmd þessa málefnasamnings. Í tillögum hv. þm. er ekki eitt einasta orð um verðlagsmál. Jú, að vísu segir, að leiðrétta skuli það sem leiðrétta þurfi eða m. ö. o. leyfa þær hækkanir sem leitað er eftir, að því er mér skilst.

Í málefnasamningi ríkisstj. er ítarlegur kafli um kjaramál. Í honum er skýrt tekið fram í fyrsta lagi, að kjaramál eru vissulega mikilvægur þáttur í baráttunni gegn verðbólgu og í efnahagsmálum almennt. Þar er hins vegar lögð á það sú sjálfsagða áhersla, að að kjaramálum beri að vinna í samvinnu og í samráði við samtök launafólks. Það er alveg ljóst að aldrei vinnst neitt í kjaramálum nema slík samstaða sé tryggð. Hins vegar er tekið fram, að ríkisstj. muni beita sér í slíkri samvinnu fyrir því, að ákveðin verði sú launamálastefna sem samræmist baráttu ríkisstj. gegn verðbólgunni, og þar er tekið fram, að ríkisstj. sé reiðubúin til að leggja verulegt fjármagn í félagslegar aðgerðir til að draga úr peningalaunahækkunum. Í þeim tillögum, sem hv. 1. þm. Reykv. lagði fram, er hins vegar gert ráð fyrir tveimur leiðum í kjaramálum: annars vegar að taka vísitöluna úr sambandi í hálft ár og hins vegar að taka 15 vísitölustig ofan af og greiða að hluta með félagslegum umbótum. Þar kemur ekki fram sú samvinna og það samráð við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega launþega, sem ríkisstj. leggur ríka áherslu á. Þarna er töluverður munur á þessum tveimur tillögum.

Ég vil segja almennt um samþykktir þær, sem koma fram í málefnasamningnum, að þar er tekið á öllum þeim þáttum sem eru viðurkenndir mikilvægir og samtengdir í aðgerðum sérhverrar ríkisstj. í efnahags- og verðbólgumálum. Skýrt er tekið fram og í þeim öllum er leiðarvísir að því, hvernig vinna á. Að þessu leyti er málefnasamningurinn stórum markvissari en nokkur sá málefnasamningur annar sem ég hef séð. Svo má lengi ræða hvort þar eigi að ganga skrefinu lengra, t. d. ákveðna hundraðshluta í einstökum liðum, eins og þeir hv. Alþfl.-menn hafa lagt áherslu á. Ég held að af reynslu þeirri, sem við höfum fengið af slíkum ákvörðunum, hafi mjög greinilega komið fram að slíkar tölur halda sjaldan og mikilvægast sé að vera á verði og gera þær ráðstafanir sem duga á einstökum sviðum ef úrskeiðis ætlar að fara.

Við framsóknarmenn erum ánægðir með þennan málefnasamning og ekki síst efnahagskaflann, þótt ég undirstriki að í amvinnu og samráði við launþega sé æskilegt að marka ákveðnar ýmsa hluti en gert er. En það verður að gerast í samvinnu, annars mun aldrei nást sá árangur sem til er ætlast.

Í atvinnumálum er í þessum málefnasamningi lögð höfuðáhersla á framleiðni og framleiðsluaukningu. Við framsóknarmenn — og ríkisstj. í heild — erum þeirrar skoðunar, að á þessu sviði sé fyrst og fremst að finna þann grundvöll sem geti komið íslensku efnahagslífi í heilbrigt horf til framtíðar. Við verðum að ná verðbólgunni niður sem fyrsta áfanga, fyrsta skrefi, en vinna jafnframt að því að undirbúa og ná árangri á hinum mikilvægu sviðum atvinnumála. Það undrar mig, ef í atvinnumálakafla þessa málefnasamnings er nokkuð sem þm. geta ekki í raun og veru verið sammála um að vinna að.

Stjórnarandstæðingar fullyrða að fyrst og fremst sé um gífurlega aukin útgjöld ríkissjóðs að ræða. Mönnum verður öllum að vera ljóst að þau útgjöld hljóta að verða að rúmast innan þess ramma sem málefnasamningurinn setur ríkisfjármálum, erlendum lántökum og peningamálum. Þessi ríkisstj. ætlar ekki að vinna skipulagslaust að eflingu atvinnuveganna, heldur verður það gert með því að líta fram í tímann, með áætlunum í samvinnu við atvinnuvegina sem verða að rúmast innan þess ramma

sem ég hef nú nefnt og er lýst í kaflanum um efnahagsmál. Ég trúi ekki öðru en við getum sameinast um mikilvægar aðgerðir á öllum sviðum og sameinast um að halda þeim innan slíkra marka, og þar á ég ekki aðeins við þá sem styðja þessa ríkisstj., heldur þm. alla.

Sama er raunar að segja um önnur mál. Þar er drepið á mörg mikilvæg mál sem fyrst og fremst gefa til kynna þann forgang sem ríkisstj. setur þeim í þeim verkum sem hún hyggst vinna. Um þann forgang má að vísu ætíð deila og þar kunna að vera mismunandi sjónarmið, sitt sýnist hverjum, en ég hygg að þar sé einnig í öllum tilfellum drepið á mál sem allir þm. hafa einhverju sinni hvatt til að framkvæmd yrðu.

Ég vildi segja almennt um samninginn, að við framsóknarmenn erum ánægðir með hann. Við leggjum áherslu á nokkur meginatriði. Við leggjum áherslu á þau meginatriði sem við ætlum að geti orðið til að ná verðbólgunni niður. Þær leiðir eru þarna raktar. Þær eru leiðarvísir sem felst í samningnum í þessu skyni. Þetta er meginatriði samningsins og svo, eins og ég sagði, í beinu framhaldi að skapa hér traustara efnahagslíf þannig að lífskjör geti batnað eins og gerst hefur víða annars staðar, en ekki eins hér og menn hafa viljað því of mikið hefur tapast í verðbólgubálinu. Þetta tvennt verður að haldast í hendur og eru megineinkenni málefnasamningsins.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það sem kom fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Hann lýsti reyndar því, að hv. Alþfl.-menn mundu dæma þessa ríkisstj. af verkum sínum. Því kann ég betur en þeirri andstöðu sem kom fram hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni. Við skulum öll gera það. Það hygg ég að sé hið rétta. Og vitanlega verður ríkisstj. að standa sig þannig að hún geti svarað slíku mati og slíkum dómi.

Í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar kom fram, eins og hann orðaði það, að góður vilji gerði enga stoð. Ég er þessu ósammála. Ég held að það sé öfugmæli. Ég held satt að segja að við munum læra það af fyrri ríkisstj., að það er einmitt góður vilji sem gerir mikla og sterka stoð. Staðreyndin er vitanlega sú, að það verður aldrei sett á blað svo nákvæmlega hvað ber að gera í hverju einstöku tilviki, síst af öllu í 50% verðbólgu þar sem margt óvænt mun gerast. Þannig er það fyrst og fremst góður vilji sem gerir góða stoð, að mínu mati. Og ég vil segja í þessu sambandi, að ég harma að þeir hv. Alþfl.-menn hafa í þeim umr., sem fram hafa farið, verið að því er mér virðist meira uppteknir að sanna, að þeir hafi slitið stjórnarsamstarfinu í okt. á einhverjum ágreiningi, heldur en þeir hafi gengið til þeirra viðræðna af góðum vilja að leysa efnahagsmálin, enda hefur það komið fram hvað eftir annað í málflutningi þeirra að þeir hafa sagt: Sjáið þið hvað ágreiningurinn var mikill! Það vinnst ekkert með því að reyna í upphafi að draga fram ágreininginn, heldur að draga fram meginmarkmiðin og undirstrika viljann, ganga til starfsins af fullum vilja.

Ég er sannfærður um að þeir sem nú sitja í ríkisstj., ganga til samstarfsins af slíkum vilja til að vinna þessari þjóð það besta sem við megum, ná verðbólgunni niður og efla atvinnulíf okkar.

Við framsóknarmenn munum starfa í ríkisstj. af fullum heilindum. Við munum taka afstöðu til mála, bæði innan ríkisstj. og utan, á málefnalegum grundvelli, en ekki eftir því, hvort vinsælt kann að vera hverju sinni. Við munum taka afstöðu með tilliti til þess, hvort þeim meginmarkmiðum verði náð sem málefnasamningurinn greinir frá. Ég er sannfærður um að aðrir í ríkisstj. starfa einnig svo. Því er ég bjartsýnn um góðan árangur af samstarfinu.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það hefur engum dulist seinustu dagana, að fólk um allt land fagnar því að loksins skuli hafa verið mynduð þingræðisstjórn. Formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sagði raunar áðan, að hann fagnaði því sérstaklega að Alþfl. væri ekki lengur í stjórn. Ég skil hann vel. Ég skil vel, að hann skuli vera feginn, og ég get fullvissað hann um, að hann er ekki einn um það.

Hæstv. forsrh. hefur hér gert grein fyrir málefnasamningi hinnar nýju stjórnar, og þar er vissulega margt góðra mála eins og síðar mun koma í ljós. Formaður Sjálfstfl. kallaði þennan málefnasamning að vísu óskalista, en sami hv. þm. myndaði stjórn haustið 1974 og lofaði að koma verðbólgunni niður í 15% á einu ári, og þó var verðbólgan aldrei fjórlegri en eftir það eina ár og fór langt yfir 50%.

Aðdragandinn að myndun þessarar stjórnar hefur sannarlega verið óvenjulegur, en það er líka óvenjulegt ástand í landinu einmitt nú. Við höfum séð fram á ískyggilegri kreppu í íslenskum stjórnmálum en verið hefur í marga áratugi. Hér hefur verið stjórnleysisástand, eins og best sést á því, að það hefur ekki gerst í tvo áratugi að hér séu ekki afgreidd fjárlög fyrir áramót, og enn mun líða langur tími þar til þau fást afgreidd. Það hefur ekki heldur gerst um mjög langt skeið, að skattamál hafi verið í jafnískyggilegri flækju og einmitt nú. Nýja skattakerfið, sem á að taka í notkun á þessu ári, var afgreitt fyrir tveimur árum. Það er mjög mikilli óvissu háð hvernig það kemur út í reynd. En ofan á það bætist að skattalög verða ekki framkvæmd að öllu óbreyttu nema með talsverðum lagfæringum sem enn hafa ekki verið samþykktar hér í þinginu, og enn er eftir að ákveða skattstiga til þess að álagning geti farið fram og til þess að hægt sé að ljúka framtalsfresti.

Það gerðist hér um árið, líklega fyrir einum eða tveimur áratugum, að hreppsnefnd í fjölmennu kauptúni úti á landi gleymdi að leggja á útsvar. Ekki trúi ég því, að hv. Alþ. gleymi að leggja á skatta að þessu sinni, en drátturinn, sem orðinn er, er mjög ískyggilegur. Vissulega er þetta ekki rétta stundin til að deila um hver beri ábyrgðina á slíku stjórnleysisástandi. Ábyrgðin hvílir að sjálfsögðu þyngst á þeim flokkum sem stóðu fyrir þingrofi og nýjum kosningum. En ég vil hiklaust segja að ábyrgðin hvíli á stjórnmálaflokkunum öllum, á öllum hv. þm. Við stöndum frammi fyrir vaxandi öngþveiti ef þessi mál verða ekki afgreidd hið fyrsta. Frv. um greiðsluheimild til handa ríkisstj. til að greiða fé úr ríkisstjóði, meðan fjárlög hafa ekki verið afgreidd, var lagt á borð þm. fyrir stuttri stundu og kemur í stað þeirrar heimildar sem fyrri stjórn hafði aflað sér, en gert er ráð fyrir að hin nýja heimild standi til 3. apríl n. k. sem þýðir að fjárlög verður að afgreiða í allra seinasta lagi fyrir páska. Nýtt fjárlagafrv. verður lagt fram í þinginu svo fljótt sem auðið er, en þó tæpast, vegna þess hve undirbúningur þess og prentun hlýtur að taka langan tíma, fyrr en eftir að þinghléi lýkur. En skattamálin verður að taka til með ferðar hið allra fyrsta. Það má vel vera að um þau kunni að verða einhver ágreiningur, en það verður þá að fá að koma í ljós.

Ég hef ekki séð ástæðu til að fjölyrða um málefna-

samning þessarar stjórnar. Eins og ég sagði áðan hefur hæstv. forsrh. lesið hann hér og nú reynir á framkvæmd hans.

Grundvallaratriði málefnasamningsins eru fjögur frá sjónarmiði okkar Alþb.-manna.

Í fyrsta lagi það, að um leið og herferð er farin gegn verðbólgu eru kjör launafólks í landinu varin. Þrátt fyrir fjölbreyttan tillöguflutning úr ýmsum áttum í stjórnarmyndunarviðræðum seinustu vikna, þar sem fram hafa komið tillögur um meiri eða minni skerðingu lífskjara sem aðalaðferð í baráttunni við verðbólguna, er það nú niðurstaðan að meirihlutastjórn er mynduð sem ekki mun beita lagaþvingunum til að rifta kjarasamningum almennra launamanna.

Í öðru lagi er það grundvallaratriði, að unnið verður af fullum krafti að uppbyggingu íslenskra atvinnuvega. Hin neikvæða íhaldssama samdráttarleið í efnahagsmálum hefur sem sagt ekki orðið ofan á.

Í þriðja lagi er það grundvallaratriði, að uppbygging íslenskra atvinnuvega verður í höndum landsmanna sjálfra, en ekki á vegum alþjóðlegra auðhringa.

Og í fjórða lagi er það grundvallaratriði, að unnið verður kröftuglega að jöfnun lífskjara og margháttuðum félagslegum umbótum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni. En ég vil að lokum leyfa mér að skora á alla þm. úr öllum stjórnmálaflokkunum, stjórnarþm. og stjórnarandstöðu, að horfast í augu við það öngþveiti sem stjórnleysi undanfarinna mánaða hefur skapað, sérstaklega vegna þess að skattalög eru enn óafgreidd. Ég vil sem sagt leyfa mér að skora á þá að greiða fyrir afgreiðslu aðkallandi mála svo að unnt sé að ljúka afgreiðslu þeirra næstu daga, áður en hugsanlegt þinghlé verður gert.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að óska hinni nýkjörnu ríkisstj. farsældar í þeim störfum sem hennar bíða. Ég vil ekki að svo stöddu gera að umræðuefni þann stjórnarsáttmála sem liggur fyrir þinginu og var dreift meðal okkar í dag í vel gerðum búningi. Ég geri ekki kröfu til þess að ríkisstj., sem sest að völdum sundurliði hverju sinni í smáatriðum í málefnasamningi hvernig hún ætli að ráða fram úr öllum málum.

Ég vil draga athygli hv. þm. að þeim feginleik sem lýsti sér í málflutningi hv. 3. þm. Vestf., hve feginn hann var að komast undan þeirri ábyrgð sem á herðum hans hvíldi og á herðum þeirra Alþfl.-manna sem voru í bráðabirgðastjórninni sem nú lætur af störfum. Hann var feginn að sleppa frá ríkisstjórnarstörfum. Og eins og hann gaf í skyn verður nú staða Alþfl. á hv. Alþ. yndisleg og lífið dans á rósum, eingöngu vegna þess að nú eru þeir lausir við ábyrgð. En ég vil taka undir þau orð, sem hæstv. fjmrh. mælti, að ábyrgð hvílir á öllum þm., hvort sem þeir eru í stjórn eða ekki, og undan þeirri ábyrgð verður ekki hlaupist.

Hitt er svo annað mál, að hv. 3. þm. Vestf. boðaði nýjar og mjög góðar fréttir þegar hann upplýsti þingheim um að nú loksins væri komið að því að Alþfl. væri heill, samstæður og jafnvel heilsteyptur flokkur. Veran í ríkisstj. hefur bætt þann flokk mikið. En svona er það, menn aukast að visku og á margan annan hátt þegar þeir finna til ábyrgðarinnar. Ég vona í því sambandi að þingheimur geri sér ljóst, að staðan í málum þjóðfélagsins í heild er slík á þessu þingi að ábyrgðarhluti er að bregða fæti fyrir þá ríkisstj. sem nú sest að völdum, eða hvaða ríkisstj. sem hefði fundist, ef á að finna leið út úr því öngþveiti sem hér hefur ríkt undanfarna marga mánuði og má segja nokkur ár.

Afstaða mín til myndunar ríkisstj. á þessum stjórnarkrepputímum byggist á því mati mínu, að allar tilraunir stjórnmálaflokkanna og formanna þeirra hafa reynst árangurslausar og áframhaldandi stjórnleysi í landi okkar blasti við. Þegar svo skyndilega var ljóst, að möguleiki var fyrir meirihlutastjórn undir forsæti varaformanns Sjálfstfl., Gunnars Thoroddsens, í samstarfi við Framsfl. og Alþb., taldi ég rétt að veita þeirri stjórnarmyndun brautargengi með því að lýsa yfir því, að ég mundi verja þá ríkisstj. gegn vantrausti. Að öðru leyti mun ég hér eftir sem hingað til taka afstöðu til mála á hv. Alþ. þegar ég hef kynnt mér þau hverju sinni og taka afleiðingum af því sjálfstæði mínu. Málefnaleg afstaða mín til þessarar ríkisstj. fer því eftir þeim málum sem hún leggur fyrir hv. Alþ. hverju sinni, og ég veit að allir þm. eru sama sinnis.

Ég fagna því, að stjórnarkreppan á Íslandi er leyst, og vona að fljótlega taki hjólin að snúast eðlilega á ný. En við vitum í hvaða sjálfheldu þjóðfélagið hefur verið, ekki bara ríkisstj., Alþingi og stofnanir á vegum ríkisins, heldur sveitarfélögin og allar stofnanir á þeirra vegum líka. Því undirstrika ég, að ég vona að hjólin fari að snúast í þjóðfélaginu á eðlilegan hátt hið bráðasta.

Að lokum vil ég taka undir árnaðaróskir formanns Sjálfstfl. til hinnar nýmynduðu ríkisstj. og lýk máli mínu.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í ræðu hv. 1. þm. Reykv. minntist hann á að ekki væri í stjórnarsáttmálanum minnst á Atlantshafsbandalagið. Ég hef áður skýrt í fjölmiðlum hvernig því máli er varið. Það er yfirlýst stefna sjálfstæðismanna og yfirlýst stefna framsóknarmanna að Ísland verði í NATO. Það er yfirlýst stefna Alþb. að Íslandi eigi að fara úr NATO. Þetta liggur svo ljóst fyrir að ekki var ástæða til að taka fram í stjórnarsáttmála um þessa afstöðu. Auk þess er eðli stjórnarsáttmálans að taka það upp í hann sem aðilar eru sammála um að vinna að. Þegar við þetta bætist, að það er yfirlýst stefna Alþfl. að Ísland sé í Norður-Atlantshafsbandalaginu, er svo ljóst sem frekast getur verið að Ísland verður áfram í NATO. Það er ástæðulaust að draga það í efa eða gera það tortryggilegt.

Í öðru lagi minntist hv. 1. þm. Reykv. á að stjórnarsáttmálinn fæli í sér mjög aukin ríkisútgjöld, svo tugum milljarða næmi, og nefndi síðar í máli sínu 25 milljarða á þessu ári og 35 milljarða á næsta ári. Hv. þm. hefur áður sett fram þessar fullyrðingar um hin stórauknu útgjöld samkv. stjórnarsáttmálanum. Ég hef óskað eftir að þær yrðu rökstuddar og útgjöldin sundurliðuð, en engin svör og engan rökstuðning fengið, og slíkt var ekki heldur að finna í máli hv. þm. nú. Ég tel ekki ástæðu til að fara út í þetta frekar fyrr en einhver rök eru færð fyrir þessari fullyrðingu sem ég tel að fái ekki staðist. Þvert á móti er ákveðið í stjórnarsáttmálanum, lögð á það áhersla, enda að áliti okkar grundvallaratriði, að ríkissjóður verði rekinn með greiðsluafgangi, og þá vil ég undirstrika að ekki er átt við það eingöngu að fjárlög verði afgreidd hallalaus, heldur að ríkissjóður verði í reynd hallalaus og með greiðsluafgangi.

Í þriðja lagi minntist hv. þm. á, að víða í stjórnarsáttmálanum væri rætt um áætlanir og áætlanagerð, og

taldi það löst á stjórnarsáttmálanum. Ég er á gagnstæðri skoðun. Ég tel að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvert menn stefna og hvernig þeir vilja koma málum í framkvæmd. Ég tel að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvert menn stefna og hvernig þeir vilja koma málum í framkvæmd. Ég held að nauðsyn þess að gera áætlanir eigi við bæði um fyrirtæki í einstaklingsrekstri, félagsrekstri og hjá hinu opinbera, það sé ekki aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt. Ég ætla einnig að þær ríkisstjórnir, sem setið hafa á undan þessari hina síðustu áratugi, hafi allar gert sér þetta nokkuð ljóst og þess vegna hver og ein, m. a. sú ríkisstj. sem hv. þm. veitti forstöðu, látið gera margvíslegar áætlanir um ríkisbúskapinn og framkvæmdir á ýmsum sviðum.

Í fjórða lagi taldi hv. þm., að engar vísbendingar væru um það í stjórnarsáttmálanum hvernig ætti að ráðast gegn verðbólgunni. Ég tel þetta misskilning. Getur hver maður séð við lestur stjórnarsáttmálans að allítarlega er þar á það bent, hvernig gegn verðbólgunni skuli unnið. Hitt er svo öllum ljóst, að varðandi það vandasama og flókna mál verður ekki talið upp í öllum einstökum atriðum hvernig að skuli staðið, stefnan hins vegar mótuð í meginatriðum. Í baráttunni gegn verðbólgunni veltur mest á framkvæmdinni, og í sambandi við framkvæmdina veltur á því, hvort sá vilji er fyrir hendi og það hugarfar sem nauðsynlegt er. Ég tel, að hvort tveggja sé fyrir hendi hjá þeim sem standa að þessari ríkisstj., og vænti því fastlega að árangur geti náðst af starfi hennar.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að segja nokkur orð að gefnu tilefni, en vænti þess að tefja tímann ekki lengi.

Hæstv. sjútvrh. vitnaði nokkuð í þær hugmyndir sem ég lagði fram þegar ég hafði á hendi stjórnarmyndunartilraunir og voru til þess ætlaðar að freista þess að samræma sjónarmið þeirra fjögurra flokka sem fulltrúa eiga á Alþingi. Hann taldi að þar hefðu engin takmörk eða þak verið á ríkisútgjöldum eða ríkisumsvifum. Ég vil í þessu sambandi, með leyfi forseta, lesa úr grg. sem ég gaf fjölmiðlum að loknum þessum stjórnarmyndunartilraunum, en þar stendur eftirfarandi:

„Varið sé 18 milljörðum kr. til lækkunar beinna skatta og/eða hækkunar tryggingabóta, miðað við fjárlagafrv. 102. þings, til að vega á móti niðurfellingu 15 prósentustiga í verðbótum á laun. Upphæðar þessarar sé aflað með lækkun útgjalda, 8 milljarðar kr., útgáfu skuldabréfa á innlendum markaði umfram það sem áður hefur verið ráðgert, 5 milljarðar kr., og sölu skuldabréfa til banka og annarra fjármálastofnana, 5 milljarðar kr."

Hið síðast nefnda var fram tekið að gæti falist í lækkun á fyrirhugaðri afborgun til Seðlabanka ef fjár væri ekki unnt að afla með öðrum hætti.

Ég lagði fram yfirlit yfir hvernig þessu yrði þá háttað í heild sinni hvað ríkisfjármál snerti, og með þeim hætti voru ríkisútgjöldum og ríkisumsvifum sett ákveðin takmörk. Ég vek athygli á því, að það er munur að tala um 18—25 milljarða kr. lækkun á sköttum eða hækkun á tryggingabótum annars vegar eða beinlínis um 25 milljarða kr. hækkun á ríkisútgjöldum, sem nauðsynlegt verður að afla skatta til að standa undir.

Þá sagði hæstv. sjútvrh., að það væri samhljóða í málefnasamningi núv. stjórnar og hugmyndum mínum að vextir hækki ekki 1. mars, það er alveg rétt, og síðan að vextir lækki með verðlagi. En sá munur er á málefnasamningnum og hugmyndum mínum, að samkv. hugmyndum mínum og mati Þjóðhagsstofnunar á þeim hefði verðbólgustigið verið komið niður í 25—26% í ágústmánuði í haust, en nú samkv. málefnasamningnum er áframhaldandi útlit fyrir 40—50% verðbólgu. Þess vegna var unnt að lækka meðalvexti, sem nú eru um 36.5%, samkv. hugmyndum mínum þegar í stað fyrir haustið og koma á jákvæðri ávöxtun sparifjár. En samkv. málefnasamningi núv. stjórnar er ekkert útlit fyrir annað en að áfram haldist sú þróun að sparifé almennings sé skert.

Þá sagði hæstv. sjútvrh. að það væru engin mörk á fjárfestingu í hugmyndum mínum en þar var tekið greinilega fram að erlendar lántökur ættu að miðast við 70—75 milljarða eða sem næst því að erlendar skuldir stæðu í stað og ykjust ekki.

Þá sagði hæstv. sjútvrh., að varðandi kjaramál hefði ekki átt að hafa nein samráð við launþegasamtökin. Um kjaramál segir:

„Stefnt sé að því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að verðlagsuppbót á laun verði samanlagt 15 prósentustigum minni 1. mars og 1. júní n. k. en samkv. núverandi fyrirkomulagi. Þetta sé bætt með þeim skattalækkunum og bótahækkunum sem getið er um hér á undan."

Ég taldi alveg nauðsynlegt að leiðrétta hæstv. sjútvrh., formann Framsfl., þegar hann fer svo villur vegar sem hann var í ræðu sinni.

Þá ræddi hæstv. forsrh. um að það væri óþarfi að geta um aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu, vegna þess að menn vissu um afstöðu flokka þeirra er að ríkisstj. stæðu til þátttöku í því. Þetta er alveg ný kenning. Það er einmitt nauðsynlegt að geta í málefnasamningi um afstöðu til mála þar sem fyrir fram er vitað um ágreining á milli flokka. En þetta er einmitt einkenni á þessum málefnasamningi. Hann greinir ekki í neinu tilviki frá hvaða stefnu ríkisstj. ætlar að taka í málum sem ágreiningur hefur verið um meðal samstarfsaðila hér á þingi. Menn mynda stjórn venjulega til að leysa vandamál, og þá er ekkert óeðlilegt út af fyrir sig að ágreiningur sé á milli flokka um lausn vandamálanna. En það er lágmarkskrafa, þegar ríkisstj. er mynduð, að almenningi sé gerð grein fyrir hvaða stefna er ríkjandi og hvaða úrlausn er valin í slíkum tilvikum.

Ekki einungis vekur athygli að ekki er getið um þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu, heldur er ekki einu orði minnst á varnarsamstarf við Bandaríki Norður-Ameríku. Hvorugs þessa er getið á þeim tíma þegar Sovétríkin standa grá fyrir járnum og hafa ráðist inn í nágrannaríki sín og skert mannréttindi, jafnvel frekar en nokkru sinni áður.

Það er svo athyglisvert, þótt ég sé alveg sammála um að tilefni sé til að endurskoða hönnun flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli vegna breytinga á Atlantshafsflugi, að það skuli vera lagt á vald Alþb. hvort af framkvæmdum verður eða ekki, og því með slíkum hætti falið neitunarvald.

Ég get ekki heldur stillt mig um að segja, að það er athyglisvert að komast að raun um að ríkisstj. treystir á stuðning annarra þm. til þess að við höldum áfram þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu.

Þá taldi forsrh. algerlega út í hött að tala um 25 milljarða kr. útgjaldaauka á þessu ári, sem málefnasamningurinn hefði í för með sér. Ég held að í þeim orðum hans felist annað tveggja, að meiningin sé alls ekki að efna þau

loforð, sem málefnasamningurinn sérstaklega getur um, eða þá að það verði ekki gert fyrr en seint og síðar meir. Það er talað um félagslegar framkvæmdir við kjarasamninga, niðurfellingu útsvars af lægstu launum, niðurfellingu sjúkratryggingagjalds, tekjutryggingu aldraðra, verðtryggingu lífeyrissjóða, verðtryggðar niðurgreiðslur, Iðnrekstrarsjóður fái fé sem áður rann í ríkissjóð, uppbætur af landbúnaðarafurðum, sem ekki er útkljáð hvort eigi að koma úr ríkissjóði eða Byggðasjóði, eins og við sjálfstæðismenn leggjum til. Ekki er tekin afstaða til hvernig fjármagna skuli jöfnun húshitunar, félagslegar framkvæmdir RARIK, vegáætlun, menntaog menningarmál, Lánasjóð ísl. námsmanna, þjóðarbókhlöðu, Skipaútgerð ríkisins og flugvelli, félagsmál, fæðingarorlof, húsnæðismál, nýja landgræðsluáætlun. Allt er þetta í stjórnarsáttmálanum. Flest eru þetta góð mál, en framkvæmd þeirra kostar peninga. Ég hef látið leggja mat á útgjöld vegna þessara þátta, og er ekki allt upp talið með því sem ég hef gert grein fyrir. En hæstv. forsrh. segir að þetta kosti ekki neitt.

Þá skal ég að lokum taka það fram, að við sjálfstæðismenn erum ekki andvígir áætlanagerð sem slíkri til viðmiðunar. En við erum andvígir bindandi áætlanagerð og við erum andvígir því, að opinberar áætlanagerðir eigi að ráða fjárveitingum og lánveitingum. Og við erum andvígir þeirri stefnu núv. ríkisstj. að halda áfram skattaáþján á atvinnureksturinn í landinu, sem í raun og veru tekur eignarnámi eigið fé atvinnufyrirtækjanna í þeim tilgangi að gera atvinnufyrirtækin háð opinberum skömmtunarstjórum. Það er ekki vænlegt til að bæta kjör landsmanna.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. þm. taldi að ég færi með rangt mál í þeim samanburði sem ég gerði á málefnasamningnum og tillögum hans meðan hann fór með umboð til stjórnarmyndunar. Ég undrast það. Ég er með fyrir framan mig það skjal sem okkur var afhent í þeim umr. sem hann stýrði, 2. jan. 1980. Ég skal út af fyrir sig ekki meta hvað var svo sett í fréttatilkynningu þegar tilraunin hafði mistekist. Ef það fer ekki saman er það af einhverjum ástæðum ákvörðun hv. þm. að setja í fréttatilkynninguna eitthvað annað. Ég kynnti mér það satt að segja ekki til hlítar.

Hér eru taldar upp í 2. lið heljarmargar ráðstafanir í félags- og skattamálum, beinar launabætur og fjölskyldubætur úr ríkissjóði, talið þar í lið a og lið b. Nefnd er sérstök hækkun ellilífeyris, í öðru lagi hækkun fjölskyldubóta, í þriðja lagi verðtryggð lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn og í fjórða lagi að tekjuskattur af almennum launatekjum verði lækkaður. Svo stendur hér fyrir neðan:

„Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður þessara aðgerða nemi 25—30 milljörðum kr."

Hér kemur hvergi fram að lækkun tekjuskatta eigi að bera 18 milljarða af þessu, enda hygg ég að með svo mikilli lækkun tekjuskatta séu felldir niður tekjuskattar af öllum almennum launatekjum en þeir ekki einungis lækkaðir.

Einnig er hér kafli um kjaramál sem nefnir hvergi að samráð skuli haft eða samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Hér segir: „Miðað sé við að vísitölubætur séu felldar niður þann 1. mars og 1. júní n. k. Þar á eftir verði vísitölubætur greiddar í samræmi við núgildandi reglur á grundvelli vísitölu 100 þann 1. maí 1980" o. s. frv. Ég hygg að ég þurfi ekki lengra að lesa. Ég vænti þess, að þm. hafi flestir lesið það. Þar er hvergi talað um að samstarf eða samráð skuli haft við aðila vinnumarkaðarins.

Sá samanburður, sem ég gerði áðan, er byggður á þessum tillögum sem við ræddum á allmörgum fundum, og það er raunar það eina sem ég get byggt á í þessu sambandi. Ég get því ekki séð að neitt það, sem ég sagði áðan, sé rangt.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég verð fyrir vonbrigðum með hæstv. sjútvrh. Hann les upp úr plaggi sem var upphaf viðræðna fulltrúa og formanna fjögurra stjórnmálaflokka í sambandi við myndun samstjórnar þeirra flokka, þjóðstjórnar. Í umræðum um þessar hugmyndir þróuðust málin þannig, að ég lagði að lokum fram yfirlit um hvort tilteknar niðurstöður gætu náð saman sjónarmiðum þeirra er þátt tækju í þessum umr. Ég fór alveg nákvæmlega yfir greinargerðina sem ég gaf síðan um þessar viðræður. Þ. á m. var ávallt í viðræðunum tekið fram m. a. um samráð varðandi kjaramál við verkalýðshreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins. Það var sömuleiðis ávallt talað um sem úrlausnarefni í þessum viðræðum, að menn yrðu að gera upp hug sinn um hver rammi fjárlaganna ætti að vera, þ. e. hvort byggja ætti t. d. á fjárlagafrv. 102. þings eða þess sem rofið var í haust. Ég veit að þegar hæstv. sjútvrh. hugsar sig betur um minnist hann þessa.

Efri deild, 34. fundur.

Mánudaginn 11. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti tók dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 33. fundur.

Mánudaginn 11. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti tók dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 24. fundur.

Þriðjudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég heyrði í hádegisútvarpinu þá frétt, að sjútvrh. hefði ákveðið að stöðva loðnuveiðar frá kl. 12 á hádegi á morgun, en þó mega skipin, sem eru þá úti á miðunum, fiska í sig. Þessi frétt eða þessi ákvörðun réttara sagt kom mjög á óvart. Þó að um þessar veiðar hafi verið rætt á undanförnum

vikum og mánuðum af bæði fyrrv. hæstv. sjútvrh. og öðrum, þá finnst mér nauðsyn við jafnalvarlegar og mikilvægar ákvarðanir eins og þessar, að ráðherrar hafi samráð við þingflokka eða a. m. k. þær nefndir sem fjalla um þessi mál í Alþingi. Mér er það ljóst og kannske betur en mörgum öðrum, að allar slíkar ákvarðanir eru mjög erfiðar og oft vanþakklátar, og því er enn meiri nauðsyn í sambandi við slíkar ákvarðanir að hafa sem víðtækust samráð. Ég hafði þann hátt á þau fjögur ár sem ég fór með þessi mál, 1974—78, að hafa samráð við sjútvn. eða forustumenn stjórnarandstöðuflokka og auðvitað umfram allt við ríkisstj. Mér er kunnugt um það, að meðal stuðningsmanna hæstv. núv. ríkisstj. eru menn sem höfðu ekki hugmynd um þessa ákvörðun sjútvrh. fyrr en frá henni var sagt í hádegisfréttum áðan.

Það eru 53 skip sem stunda þessar veiðar, og mun láta nærri að áhafnir þessara skipa séu um 750 sjómenn. Og nú spyrja menn, þegar þessar veiðar eru stöðvaðar nú fyrir miðjan febrúarmánuð: Hvað gera þá þessi skip og þessar áhafnir? Fara þessi skip ekki að huga að því þegar í stað að fara á þorskanetaveiðar? Hefur hæstv. ráðh. gert sér grein fyrir því, hvað það þýðir að bæta þarna álitlegum flota á þorskveiðarnar? Fyrir liggur ákvörðun fyrrv. sjútvrh. um þorskveiðitakmarkanir á þessu ári. Ég ætla ekki að gera þær hér að umræðuefni, enda er það ekki ætlunin með því að kveðja sér hljóðs utan dagskrár. Ég get þó ekki látið hjá líða að segja það, að þær ákvarðanir eru að mörgu leyti eðlilegar, þó að ég sé ekki sammála um þær að öllu leyti. En ég er að verulegu leyti samþykkur þeim ákvörðunum. En ég bendi á í sambandi við það, að viðmiðunarmörk eru þau, að bátaflotinn megi veiða 75 þús. tonn miðað við apríllok. Ef við bætum nú meginhluta loðnuflotans á þorskveiðar með net á vetrarvertíðina, þá sjá allir að vetrarvertíðin hjá vertíðarbátunum kemur til með að styttast verulega, þannig að þessi ákvörðun um stöðvun loðnuveiða grípur einnig inn á vertíðarveiðina og það mjög alvarlega fyrir bæði sjómenn og útgerðarmenn, fiskvinnsluna og allt það fólk sem að þessum störfum vinnur.

Nú kem ég að því, sem skiptir mestu máli í sambandi við þessa ákvörðunn hæstv. ráðh. Ég heyrði í fréttum í gær, að hann ætlaði að halda fund með fiskifræðingum um málið, eftir því sem fjölmiðlar sögðu frá. Nú væri fróðlegt að heyra á eftir rök hans fyrir því, við hverja hann hefur rætt og á hverju hans ákvörðun byggist. Og þá vil ég minna hann á, að þó að ég vilji á engan hátt gera lítið úr okkar vísindamönnum, þá hlýtur það að vera takmörkuð vitneskja sem þeir geta sagt hæstv. sjútvrh. frá þó að eitt rannsóknarskip fari í stuttan tíma yfir hugsanlegt svæði sem loðnan heldur sig á, og þeir mæli með bergmálsdýptarmæli í stuttan tíma á einu skipi og marki þannig stofnstærð loðnunnar. Skiptir kannske *engu máli yfirferð 53 veiðiskipa, sem flest eða öll eru búin fullkomnum fiskileitartækjum?* Er hitt svo viðamikið, að hægt sé að strika algjörlega yfir það sem skipstjórar með reynslu og þekkingu á þessum stóra flota hafa að segja. Við höfum séð í fréttum undanfarna daga að gengd á loðnu er meiri nú en nokkru sinni áður og síðast sólarhringur er mesti veiðitími sem hefur verið nú um langan tíma. Bendir þetta ekki til þess, að það sé óhemjumikið magn af loðnu á miðunum? Bendir það ekki til þess, að það megi hlýða meira á þá sem þekkingu og reynslu hafa, en ekki eingöngu fara eftir því sem spáð er eftir mælingum eins rannsóknarskips á takmörkuðu svæði?

Ég vil líka benda hæstv. ráðh. á það, að loðnan hefur ekki um langan tíma komið jafnnærri landi og nú. Hún er komin upp á Axarfjarðargrunn. Hún er 15 mílur út af Sléttu. Allt bendir þetta til þess, að það sé sem betur fer um miklu meira magn af loðnu að ræða en vísindamennirnir vilja láta í veðri vaka. Ef slæmt útlit væri með loðnuveiði og það væri samhljóða eða áberandi álit skipstjórnarmanna og sjómanna, að gengið væri nærri loðnustofninum, þá skildi ég mjög vel þessa ákvörðun hæstv. ráðh. En ég skil ekki þann flumbrugang sem er í sambandi við þessa ákvörðun. Ég held að hafið yrði ekki þurrausið þó hæstv. ráðh. veitti sér þann munað að hafa samráð við þingflokka og sjútvn. þingsins eða a. m. k. fulltrúa úr hverjum flokki, sem gætu rætt málið hver innan síns flokks. Það er hættulegt að gera slíkar ráðstafanir, *kippa atvinnugrundvellinum undan útgerð* svo margra skipa og sjómanna sem hér eiga hlut að máli og hætta á það að auka sóknina í þorskinn umfram það sem verið hefur á liðnum árum. Atvinnuástand og rekstur *verksmiðja á sunnanverðum Austfjörðum, Vestmannaeyjum,* Suðvesturlandi öllu og við Faxaflóa er með þeim hætti, að þessar verksmiðjur hafa sumar enga loðnu fengið ennþá. Ég held að það sé rétt með farið hjá mér, að það hafi aðeins komið einn skipsfarmur af loðnu til Vestmannaeyja. Og þá er veiðin stöðvuð. Þessi fyrirtæki og allt það fólk, sem vinnur við þau og við vinnsluna, verður því fyrir mjög alvarlegu áfalli.

Svo kem ég að því síðast, sem mér leikur allmjög forvitni á að heyra frá hæstv. ráðh.: Eru væntanlegir samningar við Norðmenn eitthvað á bak við þessa ákvörðun hæstv. ráðh.? Ef svo er, þá vil ég þegar í stað mótmæla því. Ég vil ekki að Norðmenn segi okkur fyrir verkum, hvernig við eigum að veiða loðnu, eða láta Norðmenn hræða okkur. Og ég vil ekki, þegar jafnmikið er um loðnu í sjónum og nú, að hún sé geymd til þess að keppa um veiði á henni á Jan Mayen-svæðinu síðar í vetur, vor eða sumar. Það er okkar að veiða loðnu. Það er fullyrt af vísindamönnum okkar, að þetta sé sami stofninn sem gangi hér austur í haf og við veiðum innan okkar 200 mílna. Innan okkar svæðis hrygnir loðnan. Við eigum auðvitað að vera til viðtals um það, á hvern hátt þessi stofn er nýttur, og þá alveg sérstaklega utan okkar 200 mílna, en innan þeirra erum það við einir sem ákveðum nýtinguna.

Ég tel að hægt sé að bera fram veigamikil rök fyrir því, að ekki sé verið að ofveiða loðnu þó að veiðar hefðu haldið áfram enn um sinn. Og ég held að fiskifræðingar geti ekki fullyrt það, þvert ofan í umsagnir þeirra sem hafa langa reynslu að baki og þekkja vel hegðun loðnunnar og þekkja veiði hennar og takmörk, og það eigi að taka tillit til fiskimannanna. Ég held að þessu þjóðfélagi og þessari þjóð veiti ekki af því að auka framleiðslu sína *og framleiðni. Og ég veit ekki annað en að það sé eitt af* stefnumálum hæstv. ríkisstj., sem nú hefur tekið við, að auka framleiðni í þjóðfélaginu. Á þetta að vera leiðin til þess? Hefur hæstv. sjútvrh. borið sig saman við hæstv. *ríkisstj. Stendur hæstv. ríkisstj. einhuga* að baki þessari ákvörðun hæstv. sjútvrh.? Ef svo er, þá hefur a. m. k. hæstv. ríkisstj. ekki haft fyrir því að kynna þessa ákvörðun fylgismönnum sínum, sem hún hefur talið sig eiga og hafa lýst yfir stuðningi við hana. Ég skal ekki segja hvort fylgismenn þessarar hæstv. ríkisstj. eru svo litlir karlar, að þeir láti bjóða sér þetta. Reynslan mun sýna, að menn geta ekki verið ásáttir með það sem hér hefur verið gert.

Ráðherra, hver sem hann er, á að kynna þessi mál og væntanlega ákvörðun, — ekki eingöngu fyrir stuðningsmönnum ríkisstj., því að við eigum, allir Íslendingar, þessi mið, hverjir sem eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, — hann á að kynna þessi mál, leita álits og taka síðan ákvarðanir og reyna að skapa sem víðtækast samstarf.

Ég vænti þess, að hæstv. sjútvrh. svari þessum fyrirspurnum og skýri og færi rök fyrir þeirri ákvörðun sem hann hefur tekið og sagt var frá í hádegisútvarpi í dag.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það var s. l. fimmtudag að ég kvaddi mér hér hljóðs utan dagskrár vegna þess ástands, sem hafði skapast varðandi loðnuveiðarnar, og þeirra miklu hagsmuna sem eru í húfi fyrir einstök byggðarlög og þjóðarbúið í heild, eins og ég orðaði það þá. Þeirri umr. var slitið þá til þess að hægt væri að koma hér að fjárlagaræðu fyrrv. fjmrh. Ég vil byrja á því að gera að umtalsefni það sem kom fram í þeim umræðum. Það, sem nú hefur gerst, sýnir að ástæða hefði verið til að halda þeirri umr. áfram þá til þess að betur lægi fyrir hver vilji alþm. er í þessu máli.

Ég gerði að umtalsefni valdsvið loðnunefndar til að beina löndun að ákveðnum verksmiðjum. Ég þakka fyrrv. hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann gaf mér. Ég vil aðeins ítreka þær skoðanir sem ég setti þá fram, að ég tel að þurft hefði að gera ráðstafanir til þess að beina lönduninni til fleiri verksmiðja, til þess að það áfall sem kemur, ef veiðar verða stöðvaðar, verði sem minnst fyrir einstök byggðarlög hvar sem er á landinu.

Það kom fram hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að hér væri um það að ræða að verið væri að flytja frá einu kjördæmi til annars. Ég vil mótmæla því. Loðnan hefur verið á ýmsum stöðum við landið. Í ár er hún fyrir Norðurlandi, næsta ár er hún kannske eingöngu fyrir Austurlandi, þannig að þetta hlýtur að vera mál sem þarf að taka fyrir þegar menn standa frammi fyrir því að takmarka með einhverju móti veiðarnar.

Það kom fram hjá hæstv. fyrrv. sjútvrh. við þá umr., að hann mundi beita sér fyrir því — eða það væri hans skoðun þá, á fimmtudaginn var — að veiðarnar yrðu stöðvaðar, þegar 250 þús. tonnum væri náð, og síðan væru u. þ. b. 50 þús. tonn geymd fram á hrognatökutímann, ef ég hef skilið mál hans rétt þá. Nú hefur ný ríkisstj. tekið við, og mér sýnist að sú ákvörðun, sem var undirbúin í sjútvrn. í s. l. viku, hafi nú verið tekin af þeirri ríkisstj. sem hefur tekið við völdum, eða af núv. sjútvrh. Ég er ekki sammála um þessa ákvörðun. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í tal fiskifræðinga um það, hvernig loðnustofninn er um þessar mundir. Menn verða að hafa í huga að það eru önnur rök sem þar gilda einnig. Að sjálfsögðu ber okkur að fara eftir fiskifræðilegum rökum og hlusta á þá menn, en það eru einnig önnur rök, sem hv. þm. Matthías Bjarnason rakti hér áður, sem þar verða að gilda. Þar eru hagsmunir heilla byggðarlaga í veði. Það hefur engin loðna borist á sunnanverða Austfirði eða til Vestmannaeyja, — það má vera að einn farmur hafi borist þangað, og ég held að í gær hafi verið útlit fyrir að 7 þús. tonn færu suður fyrir Gerpi. Þarna er um mjög alvarlegt áfall að ræða sem að mínum dómi hefði réttlætt það að halda veiðunum eitthvað áfram, a. m. k. þannig að útséð væri um að þessar verksmiðjur fengju loðnu í það þróarrými sem þær hafa, sem er ekki mjög mikið, og að Vestmannaeyjar fengju a. m. k. eitthvert magn. Við verðum að líta einnig á þessa miklu hagsmuni þegar slíkar ákvarðanir eru teknar, því að 50 þús. tonn af loðnu til eða frá gera ekki mikinn mun í því mikla magni sem þar er um að ræða.

Ég vil einnig taka undir það, að Norðmenn eiga ekki að hafa áhrif á okkur í þessu efni. Við hljótum að vísu að þurfa að undirbúa okkar samninga við Norðmenn sem best við getum. Hins vegar verðum við að leggja á það áherslu, að þetta er stofn sem við ráðum yfir innan okkar landhelgi, og Norðmenn hafa ekki verið tilbúnir til þess að taka tillit til slíkra sjónarmiða varðandi síldarstofninn. Því hefur verið haldið fram af Íslendingum, að síldarstofninn væri sameiginlegur, norsk-íslenski síldarstofninn. Norðmenn tóku aldrei tillit til þeirra sjónarmiða á sínum tíma, veiddu upp smásíldina við Noreg gegn okkar vilja, þannig að þeir hafa aldrei tekið tillit til slíkra sjónarmiða hjá okkur. Það er því ástæðulaust, að við förum að taka tillit til sjónarmiða þeirra út af Jan Mayen, sem er langt frá þeirra lögsögu, og alls ekki liggur fyrir hvernig lögsögu við Jan Mayen verður háttað.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengra mál. Ég vildi aðeins benda á þá miklu þjóðhagslegu hagsmuni sem hér eru í húfi, sérstaklega varðandi þau byggðarlög sem hafa ekki enn fengið loðnu. Ég vil einnig taka það fram út af ummælum hv. þm. Péturs Sigurðssonar, en hann hélt því fram að ég tæki á engan hátt tillit til afstöðu sjómanna í þessu sambandi, að ég tók skýrt fram á fimmtudaginn að ég vissi að sjómenn væru því ekki mótfallnir og útgerðarmenn, að einhvers konar stýring væri á löndun aflans. Hins vegar sagðist ég vera viss um að þessir aðilar gerðu sér góða grein fyrir hagsmunum annarra í þessu sambandi. Og það er náttúrlega það sem við verðum að hafa í huga, að hagsmunir þeirra, sem þarna eiga mikið undir, verði sem best tryggðir, vitandi það, að auðvitað verður það alltaf svo, að ekki verður hægt að gera allt fyrir alla í þessum efnum. En okkur hlýtur að bera skylda til þess, alveg án kjördæmissjónarmiða eða sjónarmiða til einstakra stétta í þessu sambandi, hvort sem það eru sjómenn, verkafólk eða aðrir, að tryggja sem best hagsmuni alls þessa fólks, jafnvel þótt einhver skerðing komi við alla þessa hópa.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hygg að þessari fsp. sé best svarað með því að rekja nokkuð aðdraganda þeirrar ákvörðunar, sem nú hefur verið tekin og ég lít reyndar svo á að hafi verið tekin þegar í síðustu viku.

Ég vek í fyrsta lagi athygli á því, að eftir sameiginlegan leiðangur og rannsóknir norskra og íslenskra fiskifræðinga í nóv. í fyrra mæltu þeir sameiginlega með því, að óhætt væri að taka 600 þús. tonn af loðnu á vetrarvertíðinni 1979—80. Þetta var síðan aukið í 650 þús tonn og þá var jafnframt ákveðið að geyma 280 þús. þar til eftir áramótin. Ég hygg að það hafi verið í lok jan. að þessi ákvörðun er mörkuð þannig, að rætt er um að taka 180 þús. lestir í bræðslu og 100 þús. lestir í hrognatöku og frystingu. Í síðustu viku er svo jafnframt ákveðið að auka það, sem í bræðslu fari, í 250 þús. lestir, en geyma 50 þús. lestir til frystingar og hrognatöku. Ég vil þó lesa bréf sem Hafrannsóknastofnun hefur borist og dagsett er 1. febr., með leyfi forseta:

„Á fundi norskra og íslenskra fiskifærðinga, sem haldinn var í Reykjavík dagana 29—30. okt. 1979, voru gerðar tillögur um að leyfilegur hámarksafli úr íslenska loðnustofninum yrði 650 þús. tonn á tímabilinu 1. júlí

1979 til loka vetrarvertíðar 1980. Þessar tillögur voru byggðar á niðurstöðum stofnstærðarmælingar sem norskir og íslenskir fiskifræðingar höfðu gert um mánaðamótin sept.—okt. 1979. Eins og rn. er kunnugt, fengust hins vegar hærri gildi í leiðangri sem farinn var skömmu seinna á Bjarna Sæmundssyni, dagana 14.—24. okt. 1979. Hafrannsóknastofnunin taldi þó ekki rétt að gera nýjar tillögur um hámarksafla fyrr en stofnstærðarmælingar hefðu verið endurteknar í ársbyrjun 1980. Þessum mælingum er nú lokið og ber niðurstöðum í öllum aðalatriðum saman við þau gildi sem fengust í leiðangri Bjarna Sæmundssonar í okt. s. l. Samkvæmt niðurstöðum bergmálsmælinga var núverandi hrygningarstofn um mánaðamótin jan.—febr. um 6/10 þess sem hann mældist á sama tíma í fyrra. Sé tekið tillit til þeirra veiða og náttúrlegs dauða, sem átti sér stað eftir að mæling fór fram, kemur í ljós að rúm 600 þús. tonn af loðnu hrygndu vorið 1979. Það ár benda rannsóknir á fjölda og útbreiðslu loðnuseiða til að klak hafi tekist vel. Aðaltilgangurinn með stjórnun veiðanna er að tryggja nægilega stóran hrygningarstofn. Þetta tókst árið 1979. Enda þótt nauðsynleg lágmarksstærð hrygningarstofns íslensku loðnunnar sé ekki þekkt með vissu er ljóst, að viðkoman hefur stundum verið skert, t. d. vorið 1978. Ef miðað er við að hrygningarstofninn 1980 verði a. m. k. 2/3 þess sem hrygndi 1979 má leyfilegur afli mestur verða 300 þús. tonn á tímabilinu 1. jan. til vertíðarloka. Frekari skerðingu hrygningarstofnsins verður að telja utan skynsamlegra marka."

Undir þetta rita Hjálmar Vilhjálmsson og Jón Jónsson.

Þannig stóðu þessi mál þegar ég tók við embætti sjútvrh. Aflamagnið var um 250 þús. lestir í gær. Því er náð sem fyrrv. sjútvrh. hafði talið eðlilegt magn til bræðslu. Jafnframt hefur bátaflotanum verið lofað, að ákvörðun um stöðvun veiða yrði tekin þannig, að flotinn hefði a. m. k. tvo sólarhringa til stefnu. Því var raunar ekki um annað að ræða en taka þessa ákvörðun þá þegar, ef ætlunin var að standa við þá ákvörðun sem áður hafði verið tekin um heildarmagn. Ég sá mér ekki fært að breyta út af þeirri ákvörðun, enda tel ég satt að segja ákaflega vafasamt að vera með slíkar breytingar á síðustu stundu. Þessi ákvörðun fyrrv. sjútvrh. hefur legið fyrir lengi, og er öllum vel kunnugt hvernig afli hefur þróast og hver hann er orðinn, og hafa menn því sannarlega mátt vita að það hlaut að koma að svona ákvörðun, ef menn vilja á annað borð marka fiskveiðistefnu og standa við hana. Ég segi því, að þessi ákvrörðun var raunar tekin og ég sá mér ekki fært annað en að framfylgja henni. Að öllum líkindum verður aflamagnið, þegar veiði hættir, orðið mjög nálægt 300 þús. lestum. Ég sagði áðan að afli væri þegar orðinn um 250 þús. lestir. Gera má ráð fyrir að á þessum sólarhring geti hann vel nálgast 260—265 þús. lestir jafnvel, og með þeirri ákvörðun, sem ég hef tekið, að leyfa flotanaum að fylla skipin í einni ferð eftir hádegi á morgun má gera ráð fyrir að um 35 þús. lestir bætist við og er þá náð u. þ. b. 300 þús. lestum.

Þessa ákvörðun, að leyfa flotanum að fylla skip sín, tók ég með tilliti til þess, að þá má gera ráð fyrir að nokkurt loðnumagn berist á heimastöðvar skipanna. Þar er ég m. a. með í huga þá staði sem hafa verið nefndir í þessu sambandi og hafa átt við erfiðleika að stríða.

Ég ætla síðan að ræða örfá grundvallaratriði sem mér sýnist að þurfi að athuga. Það er í fyrsta lagi að sjálfsögðu stærð fiskstofna. Ég efast ekki um hyggjuvit margra, m. a. 1. þm. Vestf., í þessu sambandi. En ég vil segja það alveg eins og er, að ég treysti mér ekki til að hafa það að leiðarljósi. Ég vil alls ekki segja að fiskifræðingar eigi að ráða því, hve mikið er veitt. Vitanlega ekki. Þeir eru ráðgjafar í þessu sambandi og á þá ber að hlusta og taka síðan tillit til annarra aðstæðna, eins og t. d. áhrifa á atvinnu í hinum ýmsu byggðarlögum og sannarlega til þess sem reyndir sjómenn telja vera rétt í slíku sambandi. Þetta þarf allt að meta. Þetta þarf fyrst og fremst að meta þegar mörkuð er í upphafi sú stefna sem ráða á í veiðum á ákveðnum stofni á árinu. Ég vona og hygg að það hafi verið gert.

Um stærð loðnustofnsins get ég engu bætt við það sem hér hefur verið sagt og það sem ég hef lesið eftir fiskifræðingum. Ég vil þó upplýsa það, að ég ræddi við Jakob Jakobsson og Jón Jónsson í morgun um þessi mál, og staðfestu þeir að engin breyting væri á þeirri niðurstöðu sem lýst var í því bréfi frá Hafrannsóknastofnun sem ég las upp áðan. Ég innti þá jafnframt eftir því, hverju sætti það sem maður heyrir frá reyndum sjómönnum, að meira magn sé af loðnu í sjónum en oftast fyrr, eins og sumir hafa látið orð um falla. Skoðun þeirra er að þetta sé misskilningur, og til þess bendi m. a. sú staðreynd, að loðnan er nú samanþjappaðri á minna svæði en oft áður, hefur ekki dreift sér svo langt austur og vestur sem iðulega hefur verið. Telja þeir það sönnun á þeirri niðurstöðu, að loðnustofninn sé ekki eins stór og hann hefur stundum verið. En um þetta má vitanlega endalaust deila. Og ég vil gjarnan spyrja hv. 1. þm. Vestf.: Hve mikið vill hann láta veiða? Hvað er óhætt að veiða? Ég vildi gjarnan heyra þá tölu.

Ég lýsti því áðan, að sú ákvörðun hefði verið tekin að geyma nokkurt magn af loðnu til frystingar og hrognatöku. Hrogn er að sjálfsögðu ekki unnt að taka fyrr en um það bil eftir mánuð. En í þessu hvoru tveggja, í frystingu og hrognatöku, eru vissulega nokkur hættumerki. Verð á hrognum hefur fallið mjög á Japansmarkaði, var í fyrra, hygg ég, 2400 dollarar tonnið, en nú bjóða þeir 800 dollara fyrir tonnið, þannig að þar er vá fyrir dyrum, getum við sagt. Hins vegar fara nú fram viðræður við Norðmenn um verðlagningu á hrognum. Í raun og veru má svipað segja um frysta loðnu, þótt sannarlega sé markaðurinn þar góður. En því miður fullnægir sú loðna, sem nú hefur veiðst, ekki nema að mjög litlu leyti þeim kröfum sem eru gerðar um stærð. Kröfur eru gerðar um það, að 55 stykki séu í kg, en mælingar hafa almennt sýnt að um 70 eru í hverju kg þannig að það kann að þurfa að veiða töluvert magn til að ná því sem æskilegt er. Hygg ég að þetta hafi ráðið töluverðu um þá ákvörðun fyrrv. sjútvrh. að auka það magn, sem færi til bræðslu, en draga úr hinu, sem geymt yrði til frystingar og hrognatöku. Ég vil þó ekki gefa upp alla von um að nokkur loðna verði tekin til frystingar og hrognatöku. Þess vegna er það von mín, að eitthvað verði þarna upp á að hlaupa og veiðar geti hafist að nýju þegar rétt er að taka loðnu til hrognatöku. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að þá muni — ef talið verður yfirleitt fært að veiða loðnu í þessu skyni — verða farið nokkuð yfir það mark sem fiskifræðingar hafa lagt til.

Mér er hins vegar ljóst að mælingar sem þessar eru háðar mjög miklum skekkjum og aldrei hægt að taka þær bókstaflega, og ég tel enga hættu í því fólgna, þótt

heildarmagn loðnunnar fari eitthvað yfir 300 þús., í 330 þús. lestir, svo að ég nefni einhverja tölu. Hins vegar ef veiðum hefði verið haldið áfram núna — m. a. farið að ræða þetta í þingflokkum og víðar — þá er alveg ljóst að við hefðum óðum nálgast það magn sem ekki leyfði neinar frekari loðnuveiðar til frystingar og hrognatöku. Þennan mikla flota tekur ekki nema örfáa daga að veiða 100 þús. tonn.

Menn hafa rætt hér mikið um erfiðleika byggðarlaga suðaustanlands og sunnanlands, í Vestmannaeyjum, og ég tek undir það. Það eru mjög alvarlegir erfiðleikar þar á ferðinni. T. d. voru í Vestmannaeyjum í fyrra framleiddar loðnuafurðir fyrir um 4 milljarða og á verðlagi nú í jan. hefðu vinnulaun numið um 900 millj. kr. Þetta er því gífurlegt áfall fyrir slíkt byggðarlag og einnig fyrir Höfn í Hornafirði og marga aðra staði sem ég þarf ekki að telja hér upp. En spurningin er: Hefðu vandamál þessara staða verið leyst með fullri ferð á loðnuveiðinni áfram í nokkra daga? Halda menn að loðna hefði þá borist að ráði til Vestmannaeyja? Ég held ekki, ekki á meðan loðnan er aðallega veidd við Grímsey og þar austur af. Ég hygg því að fyrir t. d. Vestmannaeyjar séu þó meiri líkindi til þess að nokkur atvinna fáist við vinnslu á loðnu með því að geyma eitthvað til frystingar og hrognatöku í marsmánuði, þegar ætla má að loðnan verði komin nær þeim stað. Það er því einnig með þarfir slíkra byggðarlaga í huga að ég tók þá ákvörðun að stöðva veiðarnar nú og freista þess að nokkurt magn gæti orðið til veiða í marsmánuði.

Ég ætla ekki að fjalla hér um það atriði sem um var spurt í síðustu viku og fyrrv. sjútvrh. mun hafa svarað. Ég hef rætt þetta við starfsmenn sjútvrn. og fengið þar ítrekað, að þeir telja ekki vera heimild til þess að beina flotanum á fjarlæga staði þegar rými er í höfnum sem nær liggja. Þetta er hins vegar atriði, viðurkenni ég, sem þarf að athuga betur og hefði vitanlega, ef menn vildu fara þá leið, þurft að kanna langtum fyrr á þessari loðnuvertíð.

Mér er einnig fyllilega ljóst, að þessi stöðvun er mikið áfall fyrir loðnuflotann, og vitanlega hefði verið bót fyrir flotann að geta haldið áfram þótt ekki væri nema 3—4—5 daga eða kannske viku. Hins vegar hygg ég að mönnum hefði samt þótt of skammt gengið. Ég hygg að það sé venjan.

Áðan var spurt hvort samningar við Norðmenn hafi haft áhrif á þessa ákvörðun mína. Ég get svarað því neitandi. Við eigum vitanlega að ákveða sjálfir, eftir því sem við best þekkjum, hvaða magn af hvaða fiskstofni sem er rétt er að veiða. Ég tek undir það: það á að vera okkar ákvörðun. Og sú ákvörðun á að byggjast á tillögum fiskifræðinga og mati þeirra sem gerst þekkja. Hitt er svo annað mál, að það bætir vitanlega ekki okkar samningsaðstöðu að stofna til kapphlaups um loðnuveiðar við Norðmenn. Við gagnrýndum Norðmenn töluvert fyrir að fara fram úr því magni sem talið var eðlilegt við Jan Mayen á sínum tíma, og ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því, að það er engin bót að ganga til viðræðna á næstu dögum með slíkt kapphlaup í uppsiglingu. Þó að þeir samningar hafi ekki haft áhrif á þessa ákvörðun, þá hygg ég þó að menn megi ekki algerlega loka augunum fyrir þeirri staðreynd.

Við höfum fyrr séð okkur hag í því að nota rök fiskifræðinga. Ég hygg að hv. 1. þm. Vestf. hafi gert það töluvert. T. d. meðan á viðræðum við Breta stóð töldum við mikinn feng í því að hafa rök þeirra fyrir því, hvað mætti veiða, og við höfum sagt Norðmönnum að okkur sé nauðsynlegt að hafa vald á þessum loðnustofni. Hann er íslenskur stofn og við segjum að við verðum að hafa vald til þess að geta takmarkað veiðarnar þannig að viðgangur stofnsins sé tryggður. En við getum varla talað eitt í austur og annað í vestur, ef ég má orða það svo. Við verðum að vera sjálfum okkur samkvæmir þegar við göngum til slíkra viðræðna.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að samráð þarf að hafa við þingflokka og t. d. formenn sjútvn. Það er sjálfsagt og nauðsynlegt, og ég mun leggja ríka áherslu á það. Hitt er svo annað mál, að ég tel höfuðatriði að hafa slíkt samráð og samband þegar ákvörðun um fiskveiðistefnuna er tekin. Þá á að hafa slíkt samband og slíka fundi. En menn verða síðan að treysta framkvæmdavaldinu til þess að standa við þá ákvörðun sem þá er tekin. Eða eigum við að leggja fyrir slíka fundi ákvörðun um rækjuveiði í Axarfirði, hvenær eigi að stöðva hana, eða í Húnaflóa, svo að ég nefni frægt dæmi frá fyrri árum? Það er nauðsynlegt að marka fiskveiðistefnu til langs tíma og í fullu samráði bæði við hagsmunaaðila og stjórnmálaflokka, marka hana þannig að menn viti að hverju þeir ganga og enginn hringlandaháttur sé í því. Þá þarf að hafa slíkt samráð fyrst og fremst, og ég mun gæta þess vandlega að svo verði.

Hv. fyrirspyrjandi spurði um framleiðni og hvort það væri framleiðniaukning að stöðva veiðarnar nú. Framlsiðni er ekki eins árs málefni. Framleiðni er að sjálfsögðu málefni margra ára. Við erum að tala um það að byggja íslenskan þjóðarbúskap á traustum grundvelli og þar þarf að líta til langs tíma.

Ég veit að þessi ákvörðun er erfið og hún var mér ekki létt. Mér var hins vegar ljóst, að annaðhvort varð ég að taka hana strax, ef standa átti við þá ákvörðun um heildarmagn sem áður hafði verið tekin, eða veiðarnar hlytu að fara mjög mikið fram úr því marki, jafnvel upp í 400 þús. tonn, áður en stöðvað yrði. Mér var jafnframt ljóst, að ef ég tæki hana ekki strax yrði ekki unnt að leyfa veiðar til hrognatöku og frystingar síðar. Ég ákvað því að gera slíkt án tafar. Þetta ber nokkuð óvænt að að þessu leyti, og ég vona að svo þurfi ekki að verða í framtíðinni. En þetta eru meginástæðurnar fyrir því, að ég tók þá ákvörðun sem ég hef nú lýst.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég verð að byrja á að lýsa yfir undrun minni á því hvernig þessi nýja hæstv. óskastjórn þjóðarinnar hefur starfsemi sína, sem sagt með því að taka stórar og mikilvægar ákvarðanir án þess að ræða um það við nokkurn mann. Það er sannarlega ekki góð byrjun, vegna þess að hinir nýju hæstv. ráðh., sem enginn efast um að séu að flestöllu leyti hinir færustu menn, hljóta að gera sér grein fyrir því, að þeir eiga eftir um einhvern tíma, sem maður veit aldrei hvað verður langur eftir þessa byrjun, að hafa samráð við okkur hina sem eigum að annast viðkomandi málaflokka. Ég undrast hversu djarfur hæstv. sjútvrh. er að sletta þessu svona framan í þá menn sem hann á eftir að hafa nauðsynlegt samband við í framtíðinni. Það er áreiðanlega ekki til þess að menn verði mjög liðugir í samstarfinu ef samráð verða ekki höfð með öðrum og betri hætti en þessi byrjun bendir til.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að sú ákvörðun, sem við fengum náðarsamlegast að heyra í Ríkisútvarpinu í hádeginu, hefði í rauninni verið tekin í síðustu viku. Ekki hafði mér

dottið í hug fyrr að svo stór og mikill maður sem hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson tæki upp á því að reyna að skýla sér á bak við Kjartan Jóhannsson.

Það var vissulega ekki neitt gleðiefni fyrir þá sem heyrðu hann segja að það væri óhjákvæmilegt fyrir hann í þessu máli og kannske öðrum að framfylgja stefnu kratastjórnarinnar sálugu. *Og þá er að mínum dómi, ef* það á að vera stefnan, ekki neitt sérstakt góðverk að koma þessari hæstv. ríkisstj. á. Maður átti sem sagt von á því að stefnan yrði önnur.

Hæstv. ráðh. sór af sér að hann tæki nokkurt minnsta tillit til norskra fiskifræðinga eða álits þeirra. Hann sór það alveg af sér. Hann og starfsmenn hans í ráðuneytinu ætluðu að gera þetta sjálfir og höfðu Norðmenn alls ekki í huga. En í því bréfi frá Hafrannsóknastofnun, sem hann las upp, lagði hann á það þunga áherslu, að það hefðu verið norskir og íslenskir fiskifræðingar sem hefðu komist að þeirri niðurstöðu sem notuð var og er við þessa ákvörðun megingrundvöllur að takmörkun loðnuveiða. Þetta kalla ég ekki að sniðganga álit Norðmanna, heldur að eltast við það. Það er staðreyndin. Það er ekki nóg að mæla hér fögur orð og aðhafast síðan allt annað.

Ég held að ástæða væri til að athuga dálítið betur ýmislegt það sem hæstv. ráðh. las hér í belg og biðu til þess að menn tækju ekki nægilega vel eftir hvað í því stóð. Þar eru ýmis fleiri atriði, og ég vil leggja sérstaka áherslu á eitt eða kannske tvennt.

Í þessu bréfi segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þessar tillögur voru byggðar á niðurstöðum stofnstærðarmælinga sem norskir og íslenskir fiskifræðingar höfðu gert um mánaðamótin sept.—okt", þ. e. í nokkra daga á einu skipi í senn.—Ég veit ekki hve mörg þúsund fermílur þetta hafsvæði er. En það eru mikil afbragðsskip sem komast yfir eitthvað af því hafsvæði svo gagn megi vera að. Og svo segir: „ Eins og rn. er kunnugt, fengust hins vegar hærri gildi í leiðangri sem farinn var skömmu seinna". — Hvers konar fikt er þetta ? Hvað skyldi það skip hafa farið yfir stórt hafsvæði? Ég veit ekki hversu margir hv. alþm. hafa verið á loðnuveiðum, en ég hef stundað loðnuveiðar á hverju hausti síðan þær hófust þarna fyrir norðan, nema fyrsta sumarið. Mér er vel kunnugt um á hve stóru svæði þessi loðna heldur sig, og ég vil benda á eitt atriði varðandi það, hversu afkastamikil og áreiðanleg leit eins skips getur verið.

Eitt veiðiskip var fengið til að leita að loðnu til að vera búið að finna hana áður en flotanum yrði sleppt lausum til veiða. Það fór yfir geysilega stórt hafsvæði og þar voru færir menn um borð með góð tæki. Það byrjaði vestarlega út af Norðurlandi. Það hélt sem leið lá austur með Norðurlandi, á Kolbeinseyjarsvæðið, sem kallað er, austur fyrir Sléttu og út af Langanesi og þar fram og til baka með mikla yfirferð og fann ekki eina einustu loðnu. Sama daginn og skipunum var leyft að fara út á veiðar fundu menn loðnuna og það mikið af henni. Þeir fóru nefnilega þangað sem þeir vissu að hún hafði verið, því hún hafði komið upp úr hverjum einasta fiski sem hafði veiðst út af Vestfjörðum í mjög langan tíma. Þorskarnir eru nefnilega miklu fundvísari á loðnuna en hv. fiskifræðingar og hafa þó ekkert próf.

Þetta sýnir að ekki má leggja trú á allt sem okkar ágætu fiskifræðingar segja, sem ég ber þó mikið traust til. Ég get lýst því yfir, að mér dettur ekki í hug eitt augnablik að efast um útreikninga þeirra. En útkoma úr reikningsdæmi verður aldrei betri en forsendurnar sem reiknað er út frá. Og ef forsendurnar, sem þeir hafa í höndunum til að reikna út einhvern fiskstofn, eru byggðar á skammtímaleit eins skips, er augljóst að þær hljóta að vera veikar. Og ef forsendurnar eru veikar er niðurstaðan veik, það er augljóst.

Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að ég viti hvað *loðnustofninn er stór. Ég er hins vegar viss um að hann er* stór. Ég treysti mér ekki upp á eindæmi að segja að það megi fiska svona og svona miklu meira. En mér þykir hv. fiskifræðingar býsna djarfir að taka svo stórar ákvarðanir, sem skipta milljörðum og milljarðatugum fyrir þjóðarbúið, á svo veikum forsendum sem þeir gera. Það mætti halda að þeir væru ákveðnir pólitíkusar!

Herra forseti. Þetta er kannske ekki meginatriðið í því sem ég hafði hugsað mér að segja, heldur það, að hæstv. ráðh. skuli hafa flýtt sér svona ógurlega mikið að gera það sem Kjartan Jóhannsson ætlaði að gera og hafði ákveðið, því ég get ekki séð að það hafi legið svona mikið á. Þær upplýsingar fékk maður líka í hádegisútvarpinu. Blessað útvarpið! Það var nefnilega sagt að síðasta sólarhring hefðu 35 skip fengið fullfermi og önnur 11 fengið fullfermi. Samkvæmt mínum útreikningum gerir það 46 ef lagt er saman með venjulegri aðferð. Og ef öll skipin eru 53 *fæst mest með svipuðum frádrætti út sjö.* Það eru sem sagt sjö skip núna tilbúin að fara til veiða. Kannske geta einhverjir þeir farið sem fyrstir voru í land. Það má slá á það með áreiðanlega ekki óvissari útkomu en hjá hv. fræðingum, að hugsanlegt sé að þeir, sem geti bætt við sig afla, séu einhvers staðar á milli 10 og 15 og meðalburðarmagn skipanna um 700 tonn. Þá hækkar þessi tala ekki úr 240 upp í 400 þús., eins og hæstv. ráðh. nefndi áðan, heldur upp í 247 þús. tonn. Það er því ekkert stórkostlegt sem þessi floti hefði veitt þó að ráðh. hefði beðið nægilega lengi til að geta látið okkur vita af stöðvuninni einhvern veginn öðruvísi en í Ríkisútvarpinu. Ég hélt að það hefði verið samið um það, þegar þessi stjórn var mynduð, að ekki yrðu teknar meiri háttar ákvarðanir varðandi leyfilegt fiskmagn og friðunaraðgerðir öðruvísi en að hafa samráð um það við alla flokkana og þeir samþykktu það. En það hefur ekki verið gert að þessu sinni. Ég ætla að vona að í svona stórum ákvörðunum verði slíkt ekki gert oftar. Þarna er ósiðlega að staðið.

Það eru nefnilega miklu fleiri sérfræðingar til í fiskveiðum og ekki síst loðnuveiðum hér við land en þeir sem eru á Skúlagötunni. Við eigum ákaflega hæfa fiskimenn, mjög hæfa á heimsmælikvarða, menn sem hafa stundað veiðar af öllu tagi um áratuga skeið og safnað ótrúlegri vitneskju. Þessir menn eru í raun hámenntaðir. Slíka menntun veitir enginn háskóli nema háskóli lífsins. Og af þeim 53 skipstjórum, sem þarna eru að veiðum má fullyrða að miklir sérfræðingar séu a. m. k. helmingurinn, ef ekki fleiri. Menn geta auðvitað sagt að þegar skipstjórar eru komnir með mikla veiði vilji þeir veiða meira og taki kannske ekki tillit til friðunarsjónarmiða. En það hefur komið í ljós í samtali við þessa skipstjóra oft og mörgum sinnum, að þeir taka fullt tillit til þess að halda þurfi fiskstofnunum sæmilega lifandi. Þeir hafa gert það. Þessir menn skilja þetta, þeir eru engir kjánar. Þess vegna er ósæmilegt að mínum dómi að taka ekki einnig tillit til þess, hvað þessir reyndu menn, sem búa yfir svo mikilli þekkingu, segja.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri mikill misskilningur að um meira magn væri að ræða en samkv. þessum rann-

sóknum, og hafði eftir fiskifræðingunum að loðnan væri svo samþjöppuð á svo litlu svæði að þess vegna gætu þeir mælt hana auðveldlega. Ég dreg þetta mjög í efa og ég vil raunar fullyrða að það sé rangt, því að reynslan hefur sýnt að sjómenn, sem eru að sækja afla af þessu tagi, fara auðvitað fyrst á þann stað þar sem þeir vita örugglega að loðnutorfan er þétt og gott að veiða hana. Þeir eru ekki að fara annað að leita meðan þeir hafa ákveðinn stað til að ganga að. Það er augljóst. Þeir eru ekki að eyða olíu og tíma í að leita að einhverri annarri loðnu en þeirri sem þeir vita að er á staðnum. Það þýðir ekki að loðnan sé ekki líka annars staðar. Reynslan hefur nefnilega sýnt að ef gert hefur vond veður á þeim svæðum þar sem loðnan hefur verið veiðanlegust og ekki hægt að leita þangað hafa þeir ósköp einfaldlega farið annað, þar sem veður var betra, og í flestum tilfellum fundið loðnu þar einnig. Þannig eru þær röksemdir allar, sem hæstv. ráðh. kom með, meira og minna götóttar.

Herra forseti. Ég vil aðeins minnast á það, sem vikið var að áðan í máli hæstv. ráðh., þegar hann talaði um að þó loðnuveiðin hefði verið leyfð í einhvern lengri tíma hefði hagur þeirra byggðarlaga, sem út undan hafi verið hingað til, ekki batnað. Þá gerir hann einungis ráð fyrir, að allt fyrirkomulag og stjórnun séu óbreytt og engin tilraun gerð til að grípa þar inn í. En það er að mínum dómi afar auðvelt. Það má t. d. auka vald loðnunefndar í því að beina hinum stóru förmum á fjarlægari hafnir. Það má t. d. taka upp í skyndingu loðnuflutningasjóð, sem gafst mjög vel um árið og varð til þess að hinar ýmsu fiskmjölsverksmiðjur fengu hráefnið miklu fyrr en áður hafði reynst. Og það verður líka að gæta að hagkvæmni í rekstri þessara fyrirtækja. Þar liggur á bak við afar mikil fjárfesting. Á sama tíma og menn halda hér mikil fagnaðarerindi um aukna hagræðingu í rekstri og það eigi að hagræða um svona og svona mörg prósent á árinu eru notaðar þessar aðferðir. Þetta eru alveg öfugar leiðir.

Það eru sem sagt margar útgönguleiðir í þessu máli, ef menn nenna að hugsa um það og þora að gera það sem gera þarf. Þetta er ekkert smáhögg fyrir t. d. verksmiðjurnar á suðurfjörðunum eða verksmiðjurnar í Vestmannaeyjum og allt starfsfólk þar.

Þess var getið áðan, að það hefði verið 4000 millj. kr. verðmæti unnið úr loðnu í Vestmannaeyjum í fyrra, en þá voru lögð þar á land 76 þús. tonn af loðnu, fyrir utan það sem var fryst og fyrir utan þau loðnuhrogn sem þangað komu, samtals 3500 tonn. Vinnulaunin ein voru 900 millj. kr. í þessum bæ sem stendur illa á marga vegu af bæði gömlum og nýjum ástæðum. Það er geysilegt áfall fyrir þetta byggðarlag og önnur álíka stödd að ekki skuli hafa verið reynt að grípa til þeirra nauðsynlegu ráðstafana sem gerðu þeim kleift að fá sinn hluta af loðnuveiðinni. Það hefði auðvitað þurft að gera fyrr. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir alla sjútvrh., bæði fyrrv. og núv., að reyna að mynda sér sjálfir skoðun, þó góðir menn séu fyrir í ráðuneytinu. Þeir þurfa líka að hugsa og þeir þurfa að vera menn til að taka ákvarðanir.

Það er ósköp auðvelt að sitja í einhverju embætti, t. d. sjútvrh.-embætti, og hlusta á þá sem eru að kvaka í kringum mann og segja að þeir séu sérfræðingar. Stjórnmálamenn verða sjálfir að vera menn til að mynda sér skoðanir og þeir verða sjálfir að reyna að finna nýjar leiðir þegar þær gömlu bregðast og aðstæður breytast. Það er aldrei hægt að finna upp neina reglu, hvorki í stjórnmálum né öðru, sem gildir til eilífðarnóns. Þjóðfélagið og lífið allt er í sífelldri framþróun og breytingu og engar reglur af neinu tagi duga til eilífðar. Þær verður sífellt að taka til endurskoðunar, hvað sem kreddutrúarlýðurinn segir.

Herra forseti. Ég harma að hæstv. sjútvrh. og raunar aðrir ráðh. skuli hafa látið þetta ganga svona fram. Ráðh. Alþb. eiga þar auðvitað hlut að máli eins og aðrir. Það er ekki hægt að fría neinn í þeim efnum.

S. l. fimmtudag voru stöðvaðar í hv. Sþ. umræður um mjög áríðandi sjávarútvegsmál, sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson vakti máls á. Þær voru stöðvaðar til þess að hæstv. fyrrv. fjmrh. gæti flutt heilmikla langlokuræðu um marklaust fjárlagafrv. Þetta var auðvitað hneyksli hjá hæstv. forseta. Það er tímanna tákn að taka slíka gervimennsku fram yfir undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Það er í fullu samræmi við það samansafn pappírstígrisdýra og súkkulaðistráka sem nú fá vaxandi völd í þingflokkum á hv. Alþ. og eru ekki í neinu sambandi við höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þótt ég sé einn í þeirra hópi sem gjarnan vildu gleyma því strax, að kratar hefðu setið á ráðherrastólunum hér frá því í haust, þá minnist ég þess nú samt, að þeir sátu þarna jafnvel fram eftir síðustu viku. Stólarnir þeirra voru enn þá volgir þegar hæstv. núv. ráðh. settust í þá, og einhverju tóku þeir við af skuldbindingum úr þeirra hendi og verður efalítið umdeilanlegt í hvaða tilfellum hæstv. núv. ráðh. gætu komist hjá því að framkvæma nú samstundis rangar, en tímabundnar ákvarðanir hæstv. fyrrv. ráðh.

Það má vel vera, að hæstv. sjútvrh. hafi rétt fyrir sér þegar hann sagði okkur áðan, að hann hefði ekki átt annarra kosta völ heldur en að taka nú ákvörðun um framkvæmd ákvörðunar sem hæstv. fyrrv. sjútvrh. tók í vikunni sem leið varðandi stöðvun á loðnuveiðum. Það má vel vera, að hann hafi ekki átt annarra kosta völ. Sjálfur er ég persónulega þeirrar skoðunar, að ákvörðunin um stöðvun loðnuveiðanna, sem tekin var í fyrri viku, hafi verið röng. Nú getur hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson lagt fyrir mig spurningu, eins og hann lagði fyrir hv. þm. Matthías Bjarnason, og spurt hversu mikið ég vildi þá láta veiða úr loðnustofninum til viðbótar. Það yrði erfitt að varna þessu, og ég geri ráð fyrir því að það yrði erfitt fyrir hv. þm. Matthías Bjarnason að svara þessari spurningu nákvæmlega upp á tonn, eins og Daninn segir: „På stående fod". Ég treysti mér ekki til þess, af því að einnig ég vil taka tillit til útreikninga fiskifræðinganna, sérfræðinganna, með vissum fyrirvara, jafnframt því sem ég vil taka tillit til annarra þjóðhagslegra stærða sem hljóta að ráða í sumum tilfellum enn þá meiru um það en fyrrnefnt álit fiskifræðinga, hversu mikið við tökum úr hinum ýmsu fiskstofnum okkar, því nauðsynjar eru margar sem við verðum að taka tillit til þegar slíkar ákvarðanir eru teknar, og flestar þær ákvarðanir eru pólitísk eðlis.

Ég vil vekja athygli á því, að menn þurfa ekki annað en að fletta hefti af tímaritinu Ægi frá því nú fyrir jólin í vetur til þess að komast að þeirri niðurstöðu, að skakkar allt að því um 50% á 10 ára tímabili að meðaltali á útreikningum fiskifræðinganna á stofnstærðum, á veiðispá og síðan raunverulegri veiði á þessu tímabili. Það skakkar hvorki meira né minna en 50%. Ég er ekki með þessu að varpa rýrð á störf fiskifræðinganna eða fræði þeirra. En ætlast menn svo til þess, að íslenskir

stjórnmálamenn byggi efnahagsmálaáætlanir sínar að öllu leyti á niðurstöðum fiskifræðinganna sem skakkar þó um þetta? Og hverju haldið þið að skakki raunverulega í þjóðhagsdæmum okkar þegar um er að ræða 50% af úrteknu aflamagni úr þorskstofninum einum saman?

Jú, ég viðurkenni það alveg fúslega, að engir aðrir fræðingar á landi hér og síst af öllu stjórnvísindamenn vita meira um stofnstærðir nytjafiska okkar eða hegðun þeirra heldur en fiskifræðingarnir. En fiskifræðingarnir vita ekki allt og við getum sótt vitneskju okkar víðar, a. m. k. til að nota sem bakgrunn fyrir niðurstöður fiskifræðinganna þegar við komum að því að taka pólitískar ákvarðanir.

Ég minnist þess, að Bjarni heitinn Sæmundsson, faðir íslenskrar fiskifræði, sá sem skrifaði bókina um fiskana sem varð öfundaratriði líffræðinga um allan heim og þótti á sínum tíma merkilegasta rit sem skrifað hafði verið um líffræði Norður-Atlantshafsins, sagði í blaðagrein í títt nefndu tímariti Fiskifélagsins, að 90% af þeirri vitneskju, sem saman væri komin í þessari öfunduðu bók hans, hefðu komið rakleitt frá sjómönnum, en ekki fyrir eigin athuganir.

Aukin framleiðni í fiskveiðum og fiskiðnaði er áraviðfangsefni, en hún er líka viðfangsefni líðandi stundar og verður ekki til af sjálfu sér. Ég vil aðeins, vegna þess að raunar stend ég nú hér í pontunni vegna þess að ég hafði kvatt mér hljóðs um þetta málefni er umræður fóru fram utan dagskrár s. l. fimmtudag um skipulag á loðnulöndun og nýtingu á fiskstofnunum, vekja athygli á því sem þar var lítillega drepið á. Við erum að tala um framleiðni í sambandi við nýtingu fiskstofnanna og þá sérstaklega loðnunnar. Í nóv. s. l., þegar tekin var ákvörðun af hæstv. þáv. sjútvrh. um stöðvun loðnuveiðanna til þess að geyma sér eitthvað til hrognatöku, eins og það var kallað, var ástand loðnunnar í sjónum, sem verið var að veiða, þess háttar, hún var svo miklu gæðameiri, bæði að fitu og þurrefni, heldur en sú loðna sem verið er að veiða núna, að á sama aflamagni skakkaði hvorki meira né minna en 2 milljörðum kr. í verðmætum, sem við töpuðum á því að geyma loðnuveiðarnar frá því í nóv. fram í jan. og febr. Vitaskuld átti sjútvrn. að hafa hugmynd um að það hefðu safnast upp óseld loðnuhrogn í Japan, því að þau seldust ekki, beinlínis vegna þess að það var búið að fletta ofan af „blöffinu" sem notað var í söluskyni við Japana, að menn yrðu svo náttúrumiklir af því að éta loðnuhrogn. Japanir voru búnir að þaulprófa þetta með svona lélegum árangri. Vitaskuld vissi rn. að þessi loðnuhrogn voru óseld, og gott ef hæstv. ráðh. hefur ekki sjálfur prófað að éta þessi hrogn.

Ákvörðunin um að fresta loðnuveiðunum í nóv. var tekin á röngum forsendum af skriffinnum í rn. Ég kalla þá ekki skriffinna í niðrandi merkingu. Þessi ákvörðun kostaði okkur 2 milljarða kr. Hefði þessi ranga ákvörðun ekki verið tekin, þá hefði það munað okkur 2 milljörðum kr. í framleiðni íslenska fiskiflotans á þeirri stundu. Ákvarðanir, sem teknar eru frá degi til dags í sjútvrn., varða framleiðni.

Ég efast ekkert um að hæstv. sjútvrh. muni viðhafa skynsamleg vinnubrögð í meðferð sinni á þessu þýðingarmikla rn. og hafa samband við sjávarútvegsnefndir Alþingis og þingflokka um jafnmikilsverð málefni og þau sem lúta að nýtingu fiskimiðanna kringum landið.

Ég er hæstv. sjútvrh. sammála um það, að fásinna væri að ætlast til af honum að hann hlypi til sjávarútvegsnefndarmanna Alþingis og þingflokka út af smávægilegum ákvörðunum sem varða framkvæmdaatriði í rn. þessu hverju sinni. Slíkt nær ekki nokkurri átt. Ég er líka sammála honum um það, að meginatriði er að koma sér saman um grundvallaratriðin varðandi nýtingu fiskstofnanna og fylgja síðan þeim samþykktum sem gerðar eru um grundvallaratriðin. En þá er líka mikið í húfi að forsendurnar fyrir þeim ákvörðunum séu réttar, og þar kemur miklu fleira til en líffræðilegt álit þeirra hjá Hafrannsóknastofnun. Þar koma miklu fleiri atriði til og flest af þeim eru pólitísks eðlis.

Ég vil svo aðeins að lokum lýsa yfir þeirri staðföstu trú minni að þannig verði á málunum haldið, að ágreiningsatriði eins og þetta, sem við ræðum nú í dag, verði ekki ríkisstj. að falli.

Ég efast ekkert um það. En ég get ekki ímyndað mér eigi að síður, að loðnustofninn, jafnvel þó að ástatt sé nú um hann eitthvað í áttina við það sem fiskifræðingar eru hræddir um, hefði hrunið niður þótt það hefði verið látið bíða svo sem einn dag að taka þessa ákvörðun til þess að hægt væri að ræða málið í sjávarútvegsnefndum og í þingflokkunum á Alþingi. Ef svo mikið hefði verið í húfi, þá hefði þegar verið búið að tefla allt of tæpt því þetta hefði ekki tekið nema einn dag, það hefði ekki tekið nokkra daga.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það virðist nú vera komið á daginn, kannske fyrr en nokkurn hefði grunað, að farið er að bresta í stoðum stjórnarsamstarfs þeirrar ríkisstj. sem er aðeins á fjórða starfsdegi frá því hún tók við völdum. Þó að heyrst hafi um það sögur, að hv. þm. Garðar Sigurðsson væri ekki dyggur stuðningsmaður þessa stjórnarsamstarfs, hafa menn líklega ekki gert ráð fyrir að yfirlýsingar á borð við þær, sem hér voru gefnar áðan úr ræðustól af hans hálfu, kæmu þó þetta snemma. (Gripið fram í.) En til viðbótar þessu hafði það líka heyrst að hv. þm, Stefán Jónsson hefði ekki verið mjög hrifinn af þessu margumtalaða stjórnarsamstarfi, og það virðist á sama hátt vera komið upp í hans huga að kannske hefði verið betra að huga betur að málum áður en gengið var til þessa stjórnarsamstarfs.

En út af því máli, sem hér er til umr., er það vissulega rétt sem hér hefur verið sagt, að það er fullkomin ástæða til þess hér á Alþ. að ræða ákvörðun sem þá sem greint var frá í ríkisútvarpinu nú í hádeginu. Og ég verð að segja það sem mína skoðun, að mér finnst það furðulegt, meðan Alþingi situr, að ekki skuli vera gert svo lítið að hafa samráð við sjávarútvegsnefndir eða fulltrúa stjórnmálaflokkanna hér á Alþ. (Gripið fram í.) Ekki stjórnarandstöðunnar. Sér í lagi verður þó að hafa það í huga, að ekki heldur virðist hafa verið haft samráð við stjórnarliða sjálfa. Ég ítreka því og tek upp spurningu sem hv. þm. Matthías Bjarnason spurðist fyrir um áðan og ekki var svarað: Stendur ríkisstj. öll á bak við þessa ákvörðun hæstv. sjútvrh.? Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. svari því skýrt og skorinort. Það er þegar vitað af yfirlýsingum hér, að einstakir stuðningsmenn ríkisstj. hafa ekki haft vitneskju um þetta. En það hefur ekki fengist upplýst enn fyllilega hvort hæstv. ríkisstj. stendur öll að þessari ákvörðun eða ekki. (Gripið fram í.) Væntanlega kemur það í ljós, hefur ekki komið enn, og eftir því er spurt áfram.

Að þessu sögðu held ég að ég verði að fara nokkrar vikur aftur í tímann að gefnu tilefni og af fyrra umtali núv. hæstv. sjútvrh., fyrir rúmum tveim mánuðum, þegar hann var á biðilsbuxum í atkvæðaleit vestur á Vestfjörðum, meðal annars hjá sjómönnum og útgerðarmönnum. Barst þá talið að sjálfsögðu að verulegu leyti að stjórnun fiskveiða og sjávarútvegi. Þá gagnrýndi núv. hæstv. sjútvrh. þá stjórnun sem átt hefði sér stað á undanförnum árum, fyrst og fremst að ekki hefði verið haft nægilegt samráð og tekið tillit til þeirrar þekkingar sem sjómenn, er við þetta hafa starfað, hefðu aflað sér, og ekki tekið tillit til álits þeirra. Hann tók sem sagt undir þær gagnrýnisraddir, sem hafa heyrst og að mínu áliti réttilega margar hverjar, að það verður ekki stjórnað svo vel sé fiskveiðum við Ísland eftir reiknistokk eða reglustriku. En mér virðist að það sé einmitt þetta sem núv. hæstv. sjútvrh. ætlar sér að gera, þrátt fyrir marggefnar yfirlýsingar og ítrekaðar fullyrðingar um að þetta eigi ekki svo að vera. Ég er nærri því viss um að hæstv. núv. sjútvrh. hefur tekist að fá nokkur atkvæði sjómanna og útvegsmanna til dæmis á Vestfjörðum út á svona tal, sem er þó á fölskum forsendum þegar á reynir. Hann virðist ekki, ef fram heldur sem horfir í áframhaldi af þessari ákvörðun, ætla að tileinka sér neitt annað en það sem hann hefur verið að gagnrýna undanfarin ár og ætlar sér að tiltölulega litlu sem engu leyti að taka tillit til þeirrar þekkingar og reynslu sem þeir einstaklingar hafa aflað sér sem vinna við þennan útveg.

Svo kemur hæstv. núv. sjútvrh. og ætlar að skjóta sér á bak við það, — þó að ég út af fyrir sig þurfi ekki að verja fyrrv. sjútvrh., hann getur annast það sjálfur, — en svo kemur núv. hæstv. sjútvrh. og ætlar að skjóta sér á bak við það að hann Kjartan hafi ætlað að gera þetta. Þetta er mannlegt eða hitt þó heldur! Hafi átt að taka mark á orðum hæstv. núv. sjútvrh. sem hann viðhafði í haust, þá hefði hann að sjálfsögðu gerbreytt þessari hugsanlegu ákvörðun sem hann segir að Kjartan hafi ætlað að taka, en hann sjálfur er nú að framkvæma. — Auðvitað er þetta út í hött. Það var ekki búið að taka neina ákvörðun um þessi mál. Það er núv. hæstv. ráðh. sem hefur tekið þessa ákvörðun og gert það með þeim hætti sem hann nú hefur upplýst. En þó svo að fyrrv. hæstv ráðh. hefði dottið þetta í hug og hann ætlað að gera það, þá gat núv. hæstv. sjútvrh. sannarlega breytt því, hefði hann verið annarrar skoðunar í málinu. Það kemur í ljós að hann er samþykkur þessari hugsanlegu skoðun forvera síns í ráðherrastól.

Það er sagt og það réttilega að verulegu leyti, að nauðsyn beri til að taka tillit til sérfræðinganna í þessu sambandi sem og öðrum við stjórnun fiskveiða hér við land. En forsendur geta að sjálfsögðu breyst í þessum málum sem öðrum. Ég hygg að æðimargir séu þeirrar skoðunar, að forsendur að því er loðnuveiðina varðar, loðnustofninn og loðnumagnið hafi breyst æðimikið frá því í haust til undanfarandi daga eða vikna. Almennt er álitið af sjómönnum sem á miðunum eru, að þeir hafi aldrei orðið varir við slíkt magn af loðnu sem þar hefur verið á undanförnum dögum. Skip hafa siglt mílu eftir mílu, líklega tug mílna eftir tug mílna, í gegnum loðnutorfur þannig að svartur sjór hefur verið þar. Trúi menn þá því, sem það vilja, að það hafi verið nauðsyn á því að taka ákvörðun eins og hér hefur nú verið tekin með þeirri skyndingu og á þann óeðlilega hátt sem hér hefur verið að staðið, miðað við þessar forsendur sem menn eru nú að tala um. Ég held að hér sé um að ræða fljótfærni af hálfu hæstv. sjútvrh. Og ég a. m. k. teldi hann mann að meiri ef hann að athuguðu máli endurskoðaði ákvörðun sína í þessum efnum. Auðvitað getur honum sem og öðrum verkfræðingum skjátlast og þá eiga menn að viðurkenna það. Það er enginn maður að minni fyrir það.

Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði áðan að hann efaðist ekki um hyggjuvit t. d. núv. hv. 1. þm. Vestf. svo og margra annarra, en hann ætlaði ekki að hafa slíkt hyggjuvit að leiðarljósi, orðaði það svo. Hann ætlar ekki að hafa að leiðarljósi reynslu og þekkingu þeirra manna sem hafa stundað þennan atvinnuveg svo árum og áratugum skiptir, heldur ætlar hann að láta reiknistokks- og reglustrikuákvörðunina gilda fremur. Auðvitað kemur að því, að hann þarf á réttum stöðum að svara fyrir þau sinnaskipti sem hann virðist hafa tekið frá því fyrir nokkrum vikum. En það er auðvitað ekki aðalatriðið í þessu máli. Aðalatriðið er það, hvort mönnum er ekki farið að skiljast að það verður ekki fram hjá því gengið, að það verður að taka tillit til fleiri sjónarmiða við svona ákvarðanir heldur en bara þeirra sérfræðilegu sjónarmiða sem um er að ræða varðandi málin. Atvinnuleg sjónarmið ráða á hinum ýmsu stöðum og í hinum ýmsu landshlutum, og til þeirra verður einnig að taka tillit. Fram hjá því verður ekki gengið.

Ég vænti þess, að það sé rétt sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að að baki þessarar ákvörðunar hans séu ekki nein tengsl varðandi hræðslu við Norðmenn í þessum efnum. Ég vænti þess, að það sé rétt. Það á eftir að koma í ljós á sínum tíma, en eins og er vil ég trúa því að svo hafi ekki verið.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu fleiri orðum að þessu nú, en ég taldi rétt, þar sem um svo veigamikið mál er að ræða sem hér er, að láta þessi sjónarmið mín koma fram og ekki síður að vekja á því athygli að menn hafa oft tungur tvær og tala stundum sitt með hvorri.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. tók svo til orða áðan, — ég skrifaði það hjá mér, — orðalag hans var einhvern veginn á þá lund, að hann liti svo á að ákvörðun sú, sem hér hefur verið gerð að umræðuefni, hafi verið tekin þegar í s. l. viku og því væri raunar ekki við sig að sakast. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði að ákvörðunin hefði þegar verið undirbúin af fyrrv. ríkisstj. og væri því væntanlega ekkert við hæstv. núv. sjútvrh. að sakast. Ég vil aðeins taka það fram til upplýsingar í þessu sambandi, að hér er að sjálfsögðu um að ræða, eins og þm. hafa bent á, stórmál sem kemur við hagsmuni mjög margra þjóðfélagsþegna, og sá háttur var hafður á í fyrrv. ríkisstj., og mér skilst að það sé affarsælla að hafa almennt þann hátt á í öllum ríkisstj., að þegar ákvarðanir eru teknar í slíkum málum séu þær kynntar og bornar upp á ríkisstjórnarfundi og leitað eftir því, hvort ríkisstj. fæst til að standa að slíkri ákvörðun eða ekki. Ég vil taka það fram, að í þessu máli eins og öðrum hafði fyrrv. sjútvrh. náið samráð við fráfarandi ríkisstj., — eins og um öll þau mál sem hann fjallaði um bæði sem sjútvrh. og viðskrh. Ef upp kom einhver ákvarðunartaka í slíku máli, þá hafði hann að sjálfsögðu samráð um það við ríkisstj., tilkynnti henni hvað til stæði, skýrði henni frá málsatvikum, gaf mönnum þann frest sem þeir kærðu sig um til að athuga mál o. s. frv.

Ég vil aðeins taka það fram, að þegar þetta tiltekna

mál, loðnuveiðarnar, kom síðast til umræðu á fundi ríkisstj. Alþfl. nokkrum dögum áður en hún fór frá völdum og þegar séð varð að ný ríkisstj. var að koma til valda í þessu landi, þá var sú ákvörðun tekin á ríkisstjórnarfundi, að það væri ekki eðlilegt eða rétt að sú ríkisstj. gerði eitt eða neitt til þess að binda hendur þeirrar ríkisstj., sem við var að taka, í máli eins og þessu, heldur þvert á móti léti það hjá líða að taka nokkra skuldbindandi ákvörðun í málinu svo að nýr sjútvrh. hefði af hálfu þeirrar fyrrv. algerlega óbundnar hendur um hvað hann hygðist gera. Þannig kom núv. hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. að þessu máli. Hann hafði það alfarið í sínum höndum hvaða ákvörðun tekin var. Fráfarandi ríkisstj. hafði engar skuldbindingar gert sem gerðu honum erfitt um vik í því vali. Hann hafði fullt valfrelsi og gat tekið þá ákvörðun og þá afstöðu sem hann taldi sannasta og réttasta. Ég dreg ekki í efa að sú ákvörðun, sem hæstv. sjútvrh. tók, er sú ákvörðun sem hann a. m. k. á þeirri stundu taldi vera rétta, þó svo kunni að vera að runnið hafi á hæstv. ráðh. tvær grímur síðan og hann hafi talið nauðsynlegt að reyna að ýta a. m. k. einhverjum hluta af ábyrgðinni af sínum herðum og yfir á aðra. En látum það vera.

Eins og fram hefur komið sýnist mjög sitt hverjum um þetta mál. Ég ætla aðeins að leyfa mér að benda á það, að hér liggur fyrsta ákvörðun sem ný ríkisstj. hefur tekið. Þetta er fyrsta stjórnvaldsathöfn nýrrar ríkisstj., sem saman var barin á síðustu klst. áður en umboðið rann úr höndum alþm., við mikinn fögnuð þorra þjóðarinnar eins og ráðh. í hæstv. ríkisstj. hafa þráfaldlega haldið fram. Hvað gerist svo hér á þingi þegar þessir vonglöðu veiðimenn setjast í sína tíu ráðherrastóla og fara að stjórna landinu? Um leið og fyrsta stjórnvaldsathöfn þeirra er kunngerð fer allt upp í loft hér á hinu háa Alþingi. Stjórnarsinnar hlaupa upp í ræðustól hver á fætur öðrum og lýsa því yfir að framkoma hæstv. sjútvrh. sé siðleysi. Þetta er ráðh. sem hv. alþm. eru nýbúnir að leiða til valda. Hans fyrsta stjórnarathöfn er á þeirra máli siðleysi, og hann er alvarlega varaður við því af tveimur þm. og stuðningsmönnum hans hér í þingmannaliðinu að voga sér nokkurn tíma í framtíðinni að taka sjálfstæða ákvörðun. Honum er hreinlega hótað úr þessum ræðustól, að ef hann leyfi sér í framtíðinni að hafa sjálfstæða skoðun eða taka sjálfstæða ákvörðun, þá skuli hann hafa verra af. Hvaðan kemur sú hótun? Jú, auðvitað frá þeim sem þykjast nú heldur betur vera farnir að ráða í þessu landi, þm. Alþb. Hæstv. sjútvrh. á ekki að komast upp með moðreyk fyrir þeim. Hann skal aldeilis hafa verra af ef hann í framtíðinni sýnir af sér það siðleysi að voga sér að hafa sjálfstæða skoðun á málum. Þetta er nokkuð lærdómsríkt og vekur ýmsar spár um framtíð þessarar ríkisstj., hvað á gengur í fyrsta skipti sem hún hefur einhverja stjórnvaldsathöfn með höndum.

En það sem furðar mig sérstaklega og ég tel vera fyrst og fremst ámælisvert af hæstv. sjútvrh. í þessu máli, það er að hann skuli taka svo afdrífaríka ákvörðun sem hann hefur tekið án samráðs við samstarfsmenn sína í ríkisstj. M. a. kemur ákvörðun hans flokksbræðrum hans, ýmsum helstu stuðningsmönnum í eigin flokki, eins og hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, mjög á óvart. Ég veit að hæstv. sjútvrh., formaður Framsfl., hefur á undanförnum vikum verið mjög gefinn fyrir yfirlýsingar, sem hafa komið við líklegustu og ólíklegustu tilefni um líklegustu og ólíklegustu menn og málefni. En að taka ákvörðun — látum vera hvort hún er rétt eða röng — í jafnafdrifamiklu máli og þessu og umdeildu án þess að hafa fyrir því að láta samráðh. sína svo mikið sem vita af því, það boðar að sjálfsögðu ekki gott. Það er alveg rétt hjá þeim þm., sem þetta hafa gagnrýnt, að þetta er ekki góð forspá um störf hæstv. ríkisstj. Við skulum láta það vera að vitna í orð annarra um þau efni, við skulum aðeins hafa þar til marks orð þeirra tvíburanna, hv. þm. Stefáns Jónssonar og Garðars Sigurðssonar.

Það er komið í ljós hver er afstaða þingflokks og þm. Alþb. til þessa máls. A. m. k. hefur þar ekki komið fram nema ein skoðun. Þeir eru á móti þessari ákvörðun hæstv. sjútvrh., og maður skyldi ætla að það sé sú skoðun sem almennt er ríkjandi í Alþb. Það er því þegar ljóst, að einn stjórnarflokkurinn er andvígur þessari fyrstu stjórnarathöfn hæstv. ríkisstj. Þeir Alþb.-menn leysa það sjálfsagt bara með bókun í ríkisstj., þeir hafa nú gert slíkt áður, og líta sjálfsagt á þetta, eins og forsrh.-málið og varnar- og herstöðvamálið, sem smámál, eins og hæstv. ráðh. Svavar Gestsson gaf merkilega yfirlýsingu um í sjónvarpinu ekki alls fyrir löngu.

Hins vegar hefur ekkert vitnast enn þá um skoðanir Sjálfstfl. þversum, þ. e. þess brots af Sjálfstfl. sem skipar ráðherrastóla í þessari ríkisstj. Hvaða skoðun hefur Sjálfstfl. þversum í þessu máli?

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. þau svör sem hann gaf við fsp. mínum hér í dag, en þó er ég ekki að öllu leyti ánægður með svör hans. Sumum spurningunum, sem ég lagði fyrir hann, veigraði hann sér við að svara. Ég spurði hann um það, hvort hæstv. ríkisstj. hefði samþykkt fyrir sitt leyti þessa ákvörðun hans. Því svaraði hann ekki. Hins vegar heyrðist mér á hv. 4. þm. Suðurl., Alþb.-þm., að hann gerði ráð fyrir að ráðh. Alþb. hefðu vitað um afgreiðslu á þessu máli. Fyrst hæstv. sjútvrh. fæst ekki til þess að svara þessari spurningu minni — **(Sjútvrh.:** Ég skal svara henni.) þá léki mér hugur á að vita hvað hæstv. forsrh. segir um þetta og þá jafnframt hvort hæstv. forsrh. telur þessa ákvörðun sjútvrh. rétta, að stöðva nú loðnuveiðar og annaðhvort binda 53 loðnuveiðiskip og gera 750 sjómenn atvinnulausa, eða hvort hann telur eðlilegra að flest þessara skipa vendi sínu kvæði í kross og fari sem allra fyrst á netaveiðar til þess að auka sóknina í þorskinn, sem mér skilst að sé búið að ákvarða við 75 þús. tonn af bátaflotanum í marslok og 110 þús. tonn í aprílok, og ef þessi floti á að fara á þær veiðar, hvort hann sé ánægður með þá stefnu að stytta á þann veg vetrarvertíð alls bátaflotans. Það mega gjarnan heyrast svör frá þeim báðum, forsrh. og sjútvrh., í þessum efnum.

Hæstv. sjútvrh. og hv. 4. þm. Suðurl. lásu hér kafla úr bréfi frá Hafrannsóknastofnuninni, og hæstv. sjútvrh. spurði mig að því, hvað ég teldi vera óhætt að veiða mikið af loðnu. Ef hann hefur ætlað að fara eftir mínu áliti, þá er þetta síðbúin spurning, og í framtíðinni ráðlegg ég honum að spyrja mig áður en hann tekur ákvarðanir ef hann ætlar að fara eftir því sem ég segi.

Ég ætla aðeins að minna hæstv. ráðh. á það, að ekki eru nema rúm tvö ár síðan okkar ástkæru fiskifræðingar sögðu að það væri óhætt að veiða allt upp í 1.5 millj. lesta af loðnu. Það er eitthvað nálægt því að vera 2½ ár. Það ríkti mikil bjartsýni bæði í útgerð og við vinnslu á loðnu við þessar fréttir, sem eðlilegt er, og það hefur aldrei verið veitt nálægt því það magn, sem þeir lögðu til, fyrr

en á vertíðinni 1979, að fór aðeins fram yfir. Þrátt fyrir það segja þeir í bréfi sínu frá 1. febr.: „ Aðaltilgangurinn með stjórnun veiðanna er að tryggja nægilega stóran hrygningarstofn.“ Þetta tókst árið 1979, þrátt fyrir að það var eina árið sem fór aðeins fram yfir. „Enda þótt nauðsynleg lágmarksstærð hrygningarstofns íslensku loðnunnar sé ekki þekkt með vissu er ljóst, að viðkoman hefur stundum verið skert, t. d. vorið 1978.“ Viðkoman var skert að þeirra dómi 1978, og ég hef enga þekkingu á því að mótmæla þessari fullyrðingu þeirra eða skoðun. En viðkoman skerðist þrátt fyrir það að ekki er veitt það magn sem þeir telja að sé hæfilegt og óhætt að veiða. Það fer því ekki alltaf eftir veiðunum hvort viðkoma stofnsins skerðist eða ekki. Þetta er eitt dæmi um það.

Hvernig dettur hæstv. sjútvrh. í hug að fara eftir því, þó að tveir ágætir fiskifræðingar segi við hann í morgun að þeir telji að loðnan sé á miklu minna svæði en sjómenn og skipstjórnarmenn telja og því sé ekkert að marka þessa miklu veiði? Þeir vita þetta ekki sem ekki er von. Þeir eru með eitt rannsóknarskip. Ég legg meira upp úr því, hvað fjöldi skipstjórnarmanna og reyndra sjómanna segir í þessum efnum. Ég minnnist þess, að fiskifræðingar sögðu oft þegar togarar fengu góða veiði: Það er ekkert að marka þessa veiði. Það er verið að ganga of nærri fiskistofnunum. Fiskurinn þéttir sig á tiltölulega takmörkuðum veiðisvæðum og þar moka togararnir fiskinum upp. — Ég spyr: Hvernig stendur þá á því, að línuveiði á s. l. hausti er sú besta í manna minnum, ekki á einhverju tilteknu þröngu svæði, heldur allt frá Snæfellsnesi, vestur og norður fyrir land og fyrir Norðausturlandi — besta línuvertíð í manna minnum? Ekki er það vegna þess að fiskurinn þéttir sig á einhverju litlu svæði á öllu þessu gífurlega hafsvæði. Sem betur fer, segja reyndir menn, er meiri fiskur í sjónum en sagt hefur verið.

Nú kem ég að öðru atriði, að fiskifræðingar sögðu að það væri ekki óhætt að veiða meira en 250 þús. tonn af þorski á s. l. ári, árinu 1979. Fyrrv. sjútvrh. sagðist stefna að því, að það yrðu veiddar 280—290 þús. lestir, og eitthvað tveimur dögum seinna sagði þáv. forsrh. í sjónvarpinu að hann teldi alveg óhætt að veiða 300 þús. lestir. Þrátt fyrir allar aðhaldsaðgerðir reyndist veiðin verða 350 þús. lestir, fyrir utan það magn sem útlendingar veiða, sem er sáralítið. Það eru nú aðallega Færeyingar í þorskstofninum.

Nú skyldi maður ætla að fiskifræðingar segðu eitthvað eftir að slíkt hefur skeð og það ekki þetta eina ár, árið 1979, þetta var búið að viðgangast hjá manni sem var ráðh. á undan fyrrv. sjútvrh. og var stórkostlegur afbrotamaður, var búinn að láta drepa allan þorsk í sjónum og var búinn að fá þann dóm með heimsstyrjaldarletri í Dagblaðinu og öðrum menningarblöðum þessa lands, að hann væri þorskamorðingi. Sennilega hefur allur þessi fiskur, sem hefur veiðst síðan og er verið að vinna og selja til útlanda, allur þessi þorskur verið afturgöngur. En hvað gera þessir menn eftir að búið er að fara svo langt fram úr því sem þeir töldu óhætt? Lækka þeir ekki kvótann árið 1980 úr 250 þús. lestum? Nei, þeir hækka hann, eftir að búið er að fara 100 þús. lestir fram úr, og segja: Nú er óhætt að veiða 300 þús. lestir. — Svo á að fara alltaf eftir þessum mönnum. Ég spyr: Til hvers er verið að hafa sjútvrh.? Af hverju geta þeir í Hafrannsóknastofnuninni ekki gert allt þetta og sparað?

Ef hæstv. núv. sjútvrh. eða hæstv. ríkisstj. telur sig komna í ráðherrastóla til þess að framkvæma stefnu kratanna, þá spyr ég: Þurfa þeir að vera svona margir að þessu? Það voru þó ekki nema sex kratar í ráðherrastólum fyrir nokkrum dögum, en þeir eru búnir að troða hér inn tíunda stólnum núna, eru nú 10 að fást við það að framkvæma stefnu kratanna. Og þetta er lukkustjórn þjóðarinnar, hamingjustjórnin sem enginn sá sólina fyrir um helgina. En nú dregur ský fyrir sólu.

Hæstv. sjútvrh. sagði að við hefðum notað rök fiskifræðinga í samningum, t. d. í samningum við Breta, við Efnahagsbandalagið og við fleiri þjóðir. Það er alveg rétt. Vitaskuld notuðum við rök okkar vísindamanna þegar við vorum að sannfæra aðrar þjóðir um, að ekki væri hægt að veita þeim veiðileyfi hér, og við vorum að reyna að losna við þær úr 200 mílna fiskveiðilandhelgi. Ég er alveg sammála fiskifræðingum í því, að þeir eiga að vera varkárir og þeir eiga að vera varfærnir í því sem þeir leggja til við stjórnvöld. Aldrei þorði ég að ganga í berhögg við þá á þröngum veiðisvæðum þegar ég var sjútvrh., eins og t. d. í sambandi við kvóta á rækju og öðru því sem er mjög takmarkað. Ég lagði ekki í það. Ég tók ekki einn ákvarðanir í þessum efnum. Ég hafði samband og samráð við menn sem höfðu reynslu og eyddi í það löngum tíma, — ekki við menn á einhverjum ákveðnum bletti í þessu landi, heldur vítt og breytt um allt landið, — menn sem höfðu þekkingu og reynslu, og einnig við fiskifræðinga og aðra vísindamenn sem þekkingu höfðu. Þessir menn voru ekki alltaf sammála, síður en svo. Að lokum kom að því að ég varð að taka ákvörðun. Þá ákvarðanatöku hafði ég fyrir sið að kynna og ræða ítarlega við forustumenn á sviði sjávarútvegs og þá ekki síst hér innan þings og hafði síður en svo á móti því að ræða við menn úr þáv. stjórnarandstöðu. Ég veit að t. d. hv. fyrrv. þm. Lúðvík Jósepsson mun staðfesta það, að ég hafði mjög oft samband og í raun og veru alltaf samband við hann þegar um mikilvægar ákvarðanir var að ræða. Ég tel það ekki vera ráðh. neitt til vansæmdar að hafa slíkan hátt á. (**StJ:** Þú tókst ábendingum stundum illa.) Já ef þær voru mjög vitlausar.

Hæstv. sjútvrh. segir að hann sé nú að bjarga þeim stöðum, sem hafa enga loðnu fengið á þessari vertíð, með því að leyfa þeim að fiska eina ferð þannig að þeir geti komist til sinnar heimahafnar. Þetta er allt gott og blessað. Það var hægt að beita flutningasjóði með allt öðrum hætti. Það var hægt að auka framlag til hans til þess að þau skip, sem þurftu að fara með loðnuna langa leið, biðu ekki skaða af og aðrir fleyttu rjómann. Þetta skipulag hafa sjómenn virt og útgerðarmenn. Þeir hafa ekki allir verið ánægðir með það, en þeir hafa virt það og þeir hafa skilið að það hefur þurft að jafna þarna á milli.

Ég ætla ekki að segja hæstv. sjútvrh., fyrst hann spurði mig ekki fyrir fram, hvað ég tel óhætt að veiða af loðnu. En ég ætla að segja honum það, að honum hefði verið alveg óhætt að dómi flestra þeirra, sem þekkja til þessara mála, skipstjórnarmanna og annarra, að vera ekki svona brátt í brók eins og honum var með þessa frétt og ákvörðun í morgun.

Hv. 4. þm. Suðurl. talaði um að pappírstígrisdýr og súkkulaðidrengir væru um þessar mundir að taka við stjórn í þingflokkum. Ég veit ekki hvað hv. þm. átti við með því. Sennilega er hann kunnugastur í eigin þingflokki, þó að ýmislegt gangi nú á í sumum öðrum, og þá var mér strax hugsað til hvort hann ætti hér við hinn nýja formann þingflokksins. Það væri gaman að fá að vita þetta. (**Gripið fram í**: Hann er nú ekki í fleirtölu.) Ja,

hann er margfaldur miðað við hvað hann er búinn að vera í mörgum flokkum.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. öllu meira. En þó vil ég segja eitt að lokum. Ég þakka hæstv. sjútvrh. það, að hann sagði áðan að þessi ákvörðun hans stæði ekki í sambandi við neinn ótta við Norðmenn. En svo hélt hann aðeins áfram og þá óx hjá mér ótti um að hæstv. sjútvrh. — ég segi ekki að hann sé óttasleginn við Norðmenn, en ofurlítið hræddur, og ég vil vona að þm. almennt, hvar sem þeir eru í flokki, hjálpi hæstv. sjútvrh. að eyða þessum ótta hans.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það hefur margt komið fram í þessum umr., sem ég held að hafi verið mjög nauðsynlegar, þótt margt hafi verið lítt málefnalegt í þeim.

Að mínu mati eru sjálfsagt þrjú markmið sem menn þurfa að hafa í huga í sambandi við þessar veiðar. Það er í fyrsta lagi hámarksveiði, hvað skynsamlegt er að veiða. Það er í öðru lagi, að það verði sem mest verðmæti sem á land komi. Og í þriðja lagi verði um sanngjarna dreifingu á þessum verðmætum að ræða. Það er auðvitað ljóst, að þessi markmið stangast meira og minna á í þessu máli eins og öðrum. En vandamálið er fyrst og fremst það, að hér var ríkisstj. sem sá fram á að hún var að fara frá völdum, taldi sig ekki geta tekið á þessu máli, og síðan kemur önnur ríkisstj. um það leyti sem aflinn er kominn nálægt því hámarki sem menn höfðu áður talað um.

Menn eru undrandi á því hér, að menn skuli hafa á þessu mismunandi skoðanir innan flokka. Er það ekki eðlilegt í þessu máli eins og öllum öðrum, sérstaklega varðandi fiskveiðistefnuna, að þessi mál séu rædd hér af hreinskilni? Hæstv. fyrrv. sjútvrh. gerði hér ágæta grein fyrir skoðunum sínum í þessu máli s. l. fimmtudag. En að mínu mati er málið það nú, hvernig verður best bætt úr því ástandi sem nú liggur fyrir. Það liggur fyrir að verksmiðjurnar á sunnanverðum Austfjörðum og í Vestmannaeyjum munu fá lítið sem ekkert hráefni. Það er ljóst að þau skip, sem nú hætta veiðum, munu sigla með þann afla til heimahafnar, og ég býst ekki við að heimahöfn margra þessara skipa sé á sunnanverðum Austfjörðum eða í Vestmannaeyjum. Það á ekkert þeirra heima á sunnanverðum Austfjörðum og aðeins örfá í Vestmannaeyjum. Og þannig mun einnig verða ef veiðar verða hafnar að nýju. Sagt er að ákvörðun um að geyma hluta af þessu magni muni koma þessum stöðum til góða. Skipin munu að sjálfsögðu sigla með þennan afla fyrst og fremst til heimahafna. Ég sé því ekki fram á að þær ákvarðanir, sem nú liggja fyrir, tryggi á nokkurn hátt afkomu þessara byggðarlaga.

Ég var þeirrar skoðunar í s. l. viku, að það hefði verið skynsamlegt, til þess að dreifa þessu magni með sanngjörnu móti, að loðnunefnd beitti lagaákvæði því sem hún hefur á valdi sínu til þess að loka á Norðurlandshafnirnar með það í huga að dreifa aflanum suður eftir landi. Það er líka að mörgu leyti óhyggilegt að stöðva veiðarnar og geyma mikið aflamagn, vegna þess að nú fer fitumagn loðnunnar óðum minnkandi, minnkar um u. þ. b. 1% á viku, og það liggur í reynd ekkert fyrir um hversu miklu meira verðmæti væri hægt að ná með því að geyma til hrognatöku og loðnufrystingar. Málið er hins vegar það, að þetta svæði hefur nú að undanförnu gert ráð fyrir því, að verulegt magn yrði veitt á þessum tíma, og þar með að þetta svæði fengi verulegt magn til bræðslu.

Ég vil sem sagt ítreka það, að við áframhaldandi meðhöndlun þessa máls verði sem best reynt að tryggja sanngjarna dreifingu þess magns sem eftir er. Mér heyrist að allir séu sammála um það, sem hér hafa tekið til máls, og ég sé ekki að það verði gert með þeim ákvörðunum sem nú liggja fyrir í þessu máli.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er óþarfa hæverska eða lítillæti hjá hæstv. sjútvrh. að eigna mér þá ákvörðun sem hefur verið tekin í dag. Hann tók svo til orða, að þessi ákvörðun hefði í raun verið tekin í s. l. viku. Þetta er hreinlega rangt og þess vegna á þetta lítillæti ekki við. Þessi ákvörðun var ekki tekin, hvorki í raun né raunalaust, í s. l. viku.

Hitt er svo annað mál, að ég taldi rétt að nota tækifærið í s. l. viku, þegar fsp. kom hér fram um dreifingu loðnuaflans, til þess að reifa einmitt þetta mál og gera grein fyrir því, að menn þyrftu að taka ákvörðun í því á næstu dögum. Ég gerði það einmitt með tilliti til þess, að nýr maður væri að setjast í stól sjútvrh., að ný ríkisstj. væri að taka við völdum. Ég vildi gera öllum ljóst og þá sérstaklega hinni nýju ríkisstj., að hér væri um að ræða atriði sem þyrfti að taka ákvörðun um. Ég gekk meira að segja svo langt, að ég reifaði mitt persónulega mat á því, hver staðan væri á þeirri stundu, svo að menn þyrftu ekki að velkjast í neinum vafa um, að hér væri einmitt komið að því að bráðlega ræki til ákvörðunar. Og ég tók svo til orða, að það mundi verða hæfilegt að gera upp hug sinn um þetta mál um næstu helgi, sem reyndar er nú orðin fyrrverandi helgi.

Auðvitað stóð aldrei til hjá fyrrv. ríkisstj. eða hjá mér að fara að taka ákvarðanir fyrr en þær væru tímabærar. En einmitt með þessum hætti taldi ég að ég hefði vakið sérstaka athygli á málinu og að sá, sem eftir kæmi, þyrfti að taka um það ákvörðun.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði áðan, að hér hefði verið ríkisstj. sem taldi sig ekki geta tekið á þessu máli. Þetta er rangt. Ég veit raunar ekki hvort hv. þm. átti við dreifingu loðnunnar, en þá gildir reyndar sama viðhorf hjá núv. sjútvrh. og fyrrv. ráðh. og þá ekki rétt að binda þetta sérstaklega við fyrrv. ríkisstj. Það stóð aldrei til að fyrrv. ríkisstj. færi að grípa fram fyrir hendur komandi ríkisstj. áður en ákvörðun væri tímabær. Þær ákvarðanir, sem þurfti að taka af fyrrv. ríkisstj., voru hins vegar teknar.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál að öðru leyti, en viðhorf mín í þessu máli hafa komið fram hér áður. Það er óþarfi að tíunda þau nánar nú. Þau voru einmitt rakin til þess að auðvelda þeim, sem við tæki, að taka ákvörðun. Og mér finnst að það sé óþarfa lítillæti af núv. hæstv. sjútvrh. að eigna mér ákvörðun sem ég hef ekki tekið. Ég þykist hafa tekið nóg af þeim samt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal koma inn á nokkur þau atriði sem hér hafa verið nefnd í allmörgum ræðum.

Hv. 4. þm. Suðurl. mun ekki vera einn af súkkulaðidrengjunum, enda var hann kokhraustur í sínu máli eins og oft fyrr. Hann kvartaði undan því, að ekki hefði verið haft samband og samráð við hann um þessa ákvörðun, og hafði í hótunum í því sambandi, sem ég læt mér í léttu rúmi liggja. Ég vil hins vegar láta það koma fram strax, að ég mun hafa samráð og samband við

þingið og þingflokka um ákvarðanir í þessum mikilvægu málum og mun ekki spara það. Ég vek hins vegar athygli á því, sem ég þekki nokkuð vel, hafandi verið formaður sjútvn., að þetta samband og samráð hefur verið með ákveðnum hætti. T. d. veit ég ekki betur en sjútvn. hafi verið boðaðar á fund á laugardegi fyrir rúmri viku. Það mun hafa verið hringt á föstudeginum. Ég fékk að vísu aldrei þau boð og varð ekkert var við þau, en það kom í dagblöðunum að aðeins einn hefði mætt. Þar skilst mér að fyrrv. sjútvrh. hafi tilkynnt nefndunum um ákvörðun um hvernig haga skyldi takmörkunum á þorskafla. Ég mun ekki hafa slík samráð við þingnefndir. Ég mun gera það áður en ákvörðun er tekin, og ég mun leggja áherslu á að gera það einmitt þegar ákvörðun er tekin um fiskveiðistefnuna, sem er hið stóra og mikilvæga mál.

Ég vil hins vegar endurtaka það sem ég sagði áðan og koma nánar að því, að í þessu tilfelli taldi ég mig vera að framkvæma ákvörðun sem hefði verið tekin. Fyrrv. sjútvrh. ber það til baka og ég mun láta kanna það vandlega. Ég taldi mig vera að taka ákvörðun sem reyndar var komin á lokastig, ég var kominn upp að vegg, getum við sagt, þar sem búið var að veiða 250 þús. lestir, og ráðuneytisstjóri sjútvrn. lagði fyrir mig um helgina að nú þyrfti að ákveða hvort framfylgt yrði því sem fyrrv. sjútvrh. hefði ákveðið í þessu efni. Þannig var mér tjáð að málið væri, og ég skal láta kanna það vandlega. Þá er í raun og veru aðeins verið að taka ákvörðun um framkvæmdaratriði.

Mér er ekki kunnugt um hvort sú stefnumörkun um heildarloðnumagnið, sem rekja má allt aftur til mánaðamótanna okt.—nóv. hefur verið lögð fyrir ríkisstj. Ég hef ekki setið í þeirri ríkisstj., sem betur fer, og ég get vissulega látið kanna það. En ég held að ekki hafi farið fram hjá nokkrum manni þær yfirlýsingar sem hafa birst í fjölmiðlum um hve mikið mætti taka af loðnu og t. d. hvað fyrrv. sjútvrh. taldi eðlilegt að veiða. Ég skal viðurkenna það, að ég tók það svo, að það væri ákvörðun þeirrar ríkisstj. sem sat eða a. m. k. sjútvrh.

Ég get einnig rakið það nokkuð hér og stutt með fundargerðum, hvernig farið var með slík mál í tíð vinstri stjórnarinnar síðustu. Ég get t. d. rakið það hér, hvernig mikilvægar ákvarðanir voru þar teknar — eða ekki teknar réttara sagt — um stefnumörkun í sambandi við þorskveiðarnar. Það voru lagðar fram í ríkisstj. ýmsar hugmyndir, gagnmerkar hugmyndir um ýmsar leiðir í þessu sambandi, og þær voru einnig lagðar fyrir samstarfsnefnd, getum við kallað, hér á þinginu. Endanleg ákvörðun var tekin af sjútvrh., en aldrei samþ. í ríkisstj., og að því reyndar fundið. Það eina, sem var samþykkt í ríkisstj., var heildarmagnið af þorski sem talið var eðlilegt að veiða. Ég segi það með sanni, að ég hefði talið eðlilegt að ganga nokkru lengra og ákveða í ríkisstj. hvaða leiðir ætti að fara til að standa við þau mörk, en það var ekki gert.

Ég hef einnig heyrt undan því kvartað, að endanleg ákvörðun hafi ekki verið tekin í samráði við þá samstarfsnefnd sem hér starfaði þá. Við skulum reyna að bæta úr þessu. En ég verð hins vegar að taka undir það með fyrrv. hæstv. sjútvrh., að það voru eðlileg vinnubrögð að leggja ekki fyrir ríkisstj. eða aðra aðila hvenær hann stöðvaði veiðar til að standa við þær ákvarðanir sem höfðu verið teknar. Ég veit ekki hvar slíkt endaði, ég verð að segja það eins og er.

Menn hafa rætt nokkuð, m. a. hv. 4. þm. Suðurl., um fiskifræðingana og Norðmenn o. s. frv. En það er mjög athyglisvert, að ekki einn einasti hv. þm. hefur treyst sér til að segja, hvað mátti þá veiða, og meira að segja hv. 4. þm. Suðurl. sagði nokkurn veginn orðrétt: Ég treysti mér ekki til að segja hve mikið má veiða. — Allir hv. þm. hafa talað um hvað þeir bæru mikið traust til fiskifræðinganna, en allir hafa keppst við að úthúða þeim og telja þá ekki færa um að gera rökstuddar og góðar tillögur nánast. A. m. k. hafa menn ekki viljað hafa þær að miklu, er e. t. v. réttara að segja.

Menn hafa gert lítið úr vinnubrögðum fiskifræðinganna. Ég er ekki dómbær á vinnubrögð fiskifræðinganna fremur en þeir hv. þm. sem hér hafa talað. Ég þekki hins vegar þessa menn af margra ára samstarfi, og ég er sannfærður um að þeir leggja sig allir fram við að komast að þeirri niðurstöðu sem er réttust. Ég er sannfærður um það og get ekki tekið undir þá gagnrýni sem kemur fram um þeirra vinnubrögð. Ég þekki þessa menn að því að vera samviskusama með afbrigðum. Ég þekki þessa menn einnig að því að vinna með sjómönnum, hafa við þá samband, ræða við þá, og það hefur stundum verið sagt okkar fiskifræðingum til hróss, borið saman við erlenda, hvar þeir hafi miklu betri tengsl við sjómenn en erlendir menn á þessu sviði. Vitanlega styrkir þetta þá mjög í þeirra starfi. Hitt vil ég svo leggja ríka áherslu á, að þeir eru ráðgjafar. Þeir taka ekki tillit til byggðasjónarmiða eða t. d. atvinnusjónarmiða. Vitanlega verðum við að taka tillit til þeirra sjónarmiða.

Ég lít svo á að það hafi m. a. verið gert í þeirri ákvörðun — ef ég má kalla það ákvörðun, það verður kannske hlaupist frá því — að gera ráð fyrir svipuðum þorskafla nú á þessu ári og var á síðasta ári. Þar er farið töluvert upp fyrir það sem fiskifræðingar hafa mælt með. Sú ákvörðun hygg ég að hafi verið tekin í sambandi við ákvörðun á fiskverði með tilliti til ástands okkar þjóðarbús og fleira þess háttar. Þetta er eðlilegt. Ég gagnrýni það ekki.

Í þessu sambandi var nánast um það að ræða, hvort fara ætti fram úr ákvörðun um 250 þús. tonn til bræðslu og 300 þús. tonn í heild eftir áramótin eða ekki, og varð að gera það strax. Það var ekkert valfrelsi, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði um. Það var ekkert valfrelsi t. d. að minnka aflann. Hann fer fram úr þessu magni nokkurn veginn ákveðið. Það var einnig um það að ræða, hvort átti að veiða eitthvað til frystingar og til hrognatöku. Í raun og veru var kosturinn þessi: að halda áfram og skjóta töluvert yfir markið. Ég tel út af fyrir sig enga stórhættu í því, þó að farið væri upp í 330, 340, kannske 350 þús. lestir. En þá verður ekki tekin ein einasta loðna til hrognatöku. Menn skulu gera sér grein fyrir því. Við höldum ekki þannig áfram. Eða telja menn alveg skaðlaust að fara kannske upp í 400—450 þús. lestir? (**Gripið fram í**: Já.) Já, segir maðurinn með mesta hyggjuvitið eflaust. Þetta verðum við að athuga. Það er um þetta tvennt að ræða.

Ég hugleiddi það mikið í þessu sambandi, hvort við ættum að halda áfram og gera ekki ráð fyrir neinni loðnu til frystingar og hrognatöku. Það kom vel til greina að halda eitthvað áfram. Við hefðum líklega getað haldið áfram í nokkra daga. Ég er alveg sannfærður um að af þeim, sem láta ráðast meira af kappi en forsjá, hefði það verið gert. Ég tali hins vegar rétt að stöðva veiðarnar nú í nokkurn tíma, m. a. til þess að ákveða hvernig sú loðna verður nýtt sem tekin yrði í frystingu og

hrognatöku, því að það verður ekki gert fyrr en eftir dálítinn tíma, upp úr næstu mánaðamótum.

Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram, að það er æskilegt að beita flutningasjóði á annan máta en gert hefur verið. En ákvörðun varð að taka fyrr. (**GS**: Hann er ekki til.) Nei, hann er ekki til. Þess vegna varð að taka þá ákvörðun fyrr. Það er ekki hægt að taka þá ákvörðun í lok loðnuvertíðar að beita honum á annan máta. Þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson segir að ég hafi haft valfrelsi, þá er það ekki rétt. Ég hafði það ekki. Það eru fjölmargar slíkar ákvarðanir sem búið er að taka. Menn standa frammi fyrir gerðum hlutum að mjög mörgu leyti.

Hv. þm. Karvel Pálmason talaði um það, að ég talaði tungum tveim, annarri við sjómenn vestur á fjörðum og hinni hér. Ég mun ræða við sjómenn vestur á fjörðum og standa skil gerða minna og ekki þurfa aðstoðar hans við það. Ég mun leggja áherslu á það að hafa samráð við sjómenn um land allt, eins og hv. þm. Matthías Bjarnason talaði áður um að hann hefði gert. Hann gagnrýndi mig að vísu fyrir það einhvern tíma í fyrra, að ég hefði haldið fundi með bændum. (**MB**: Nei, nei.) Jú, þú gerðir það, vinur. (Gripið fram í.) Ja, það getur vel verið að þú hafir ekki verið að gagnrýna það, en þú orðaðir það svo: að þeytast um landið og hafa samráð við bændur. Ég ætla mér að fara um landið og hafa samráð við sjómenn líka, og ég er sannfærður um að það verður ekki síðra að ræða við þá en við bændur. Ég legg mjög mikla áherslu á, að þannig verði unnið, og mun gera mér far um það.

Ég tek því heilræði vel, sem hv. þm. gaf mér, að mynda sér sjálfur skoðun. Það gerði ég í þessu tilfelli. Ég myndaði mér sjálfur skoðun. Ég hljóp ekki til hv. þm. og spurði hann: Hvað á ég að gera? (**GS**: Þá hefðir þú kannske gert eitthvað meira af viti.) Ég er ekki viss um að ég hefði fengið neitt meira af viti. Ég efast stórlega um það. Ég get hins vegar sagt, að áður en þessi ákvörðun var tekin var rætt við ýmsa aðra. Ég ræddi m. a. við formann LÍÚ í morgun um þetta mál, og það hafa fleiri haft samband við mig um helgina, því að staðreyndin er vitanlega sú, að t. d. skipstjórum hefur verið ljóst að að þessu stefndi. (**GS**: Hvað sagði formaðurinn í morgun?) Þeir hafa talið að þessi ákvörðun hafi verið tekin af einhverjum ástæðum og hafa spurt um það, hvort yrði stöðvað við 300 þús. tonn. (**GS**: Hvað sagði formaður LÍÚ?) Formaður LÍÚ vildi láta veiða meira, en formaður LÍÚ viðurkenndi einnig að það er ekki bæði haldið og sleppt. Hann viðurkenndi einnig, að ef ætti að halda einhverju eftir til frystingar og hrognatöku væri líklega nauðsynlegt að stöðva. (**Gripið fram í**: Það er ekki bæði sleppt og haldið.) Ekki bæði sleppt og haldið, já. Ég vil hins vegar segja það, að sú ákvörðun, sem var tekin um hvernig skyldi stöðva, var tekin m. a. í samráði við hann, eða það var rætt við hann um hvernig þetta yrði gert þannig að sem hagkvæmast yrði. Annars vil ég taka það alveg skýrt fram, að þetta er mín ákvörðun og ég er ekki að skjóta mér bak við einn eða neinn.

Það er, skilst mér, misskilningur hjá mér, að fyrrv. sjútvrh. hafi tekið nokkra ákvörðun eða sagt nokkuð um þetta. Ég tek þá þau orð til baka. Hins vegar skal ég láta kanna það mjög vandlega.

Hv. þm. Stefán Jónsson sagði að þessi ákvörðun væri röng. Hann lítur svo á, og ég ætla ekkert að draga í efa skoðun hans á því. En hann treysti sér ekki heldur til þess að svara hvaða ákvörðun hann hafði tekið. Ég hefði t. d. gaman af að vita hvort menn hefðu heldur viljað halda áfram og fara töluvert fram yfir og geyma ekkert til frystingar og hrognatöku. Það væri fróðlegt að heyra hvað menn segja um það. Um þetta spurði ég ýmsa menn, m. a. skipstjóra sem hringdi til mín, og hann sagðist vilja hafa eitthvað í frystingu og hrognatöku. Það er lítið, en það gæti orðið 30, 40, 50 þús. tonn. Ég skal ekkert segja um það hér. Það gæti orðið eitthvað meira. Vitanlega förum við þá fram yfir, og mér finnst það alveg ljóst, að sú verður niðurstaðan ef veitt verður í frystingu og hrognatöku.

Það var athyglisvert, að hv. þm. Stefán Jónsson sagði að aðrir vissu betur en fiskifræðingarnir. Eftir hverju á þá að fara? Vitanlega verðum við að hlusta á fiskifræðinga. — Þetta með áhrif loðnuhrogna í Japan, ég skal viðurkenna að það er enginn sérfræðingur í sjútvrn. sem þekkir það. En við vitum nú hvar hann er og munum leita til hans.

Ég er nú búinn að svara ýmsu sem hér hefur komið fram og skal ekki út af fyrir sig lengja þetta um of. En út af ákveðinni spurningu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar vil ég segja það, að ég skýrði ríkisstj. frá þessu í morgun, en ég lagði þessa ákvörðun ekki fyrir ríkisstj., og menn geta út af fyrir sig talið það rangt. Ég hef skýrt frá því, að gert sé ráð fyrir að innan ríkisstj. verði í sameiningu teknar ákvarðanir um fiskveiðistefnuna. Ég er því hlynntur og tel það sjálfsagt, því að þar er um gífurlega mikilvæg mál að ræða. Ég hef hins vegar skýrt það hér, að ég leit ekki svo á að hér væri verið að taka ákvörðun um fiskveiðistefnuna, heldur framkvæmd á því sem áður hefur verið að stefnt og varð að gera annaðhvort strax eða fara þá langt fram úr.

Hv. þm. Matthías Bjarnason svaraði því ekki, hve mikið mætti veiða. Ég skal gæta þess að spyrja hann fyrr næst. T. d. væri gaman að heyra frá hv. þm. hvað megi veiða mikið af þorski. Ég get vel skilið að menn séu dálítið hikandi við að gefa slíkar yfirlýsingar. Hverjum er um að kenna ef of mikið er veitt og stofninn hrynur? Ætla hv. þm., sem hafa talið að ætti að veiða meira, að standa þá ábyrgir orða sinna? Vitanlega verður sjútvrh. og ríkisstj. hverju sinni að vera ábyrg gerða sinna í þessu sambandi. Ef illa fer verður náttúrlega flett upp í því, sem ákveðið var, kannske á móti áliti fiskifræðinga, og þeir menn, sem það gerðu, standa þar ábyrgir.

Menn hafa talað um að þessu réði að einhverju leyti ótti við Norðmenn. Ég mótmæli því algerlega og vísa því á bug. Menn virðast ekki mega ræða hér kosti og galla mikillar loðnuveiði í viðræðum við Norðmenn, heldur eigum við að berja okkur á brjóst og fara okkar fram. Ég hygg að staðreyndin sé þó þessi — alveg óháð því hvað við veiðum af loðnunni — að við verðum að ná samningum við Norðmenn um að vernda loðnustofninn. Norðmenn geta með flota sínum ausið svo upp loðnu við Jan Mayen að stofninn bíði ákaflega mikið tjón af. Ég held að við getum allir verið sammála um það. Við viljum hafa áhrif á þetta. Eigum við að ganga blindir til viðræðna við Norðmenn? Við eigum ekki að gera það. Við eigum að sjálfsögðu að gera okkur grein fyrir því, hvaða afleiðingar sú ákvörðun, sem við tökum eftir bestu upplýsingum sem við höfum, kann að hafa. Það er það sem *ég á við. Ég vil benda mönnum á það, að ef við förum* langt fram úr umræddu aflamagni munu Norðmenn vitanlega nota það. Menn segja að það séu sannanir fyrir því, að þessi ákvörðun sé tekin í samráði við Norðmenn,

og komi fram í því bréfi sem ég las áðan. Þar segir aðeins að íslenskir og norskir fiskifræðingar hafi unnið saman, eins og þeir hafa gert áratugum saman. Þeir tóku ekki þessa ákvörðun um hve mikið skyldi veiða. Það var gert í sjútvrn.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð nema ástæða reynist til í frekari umr. En ég vil segja það að lokum, að mér var fyllilega ljóst, þegar á borði mínu lágu þær upplýsingar frá ráðuneytisstjóra s. l. laugardag að taka þyrfti mjög skjóta ákvörðun í þessu máli, að hún yrði erfið. Það var svo til orða tekið, að taka þyrfti ákvörðun um það, hvort framfylgja ætti þeim takmörkunum á loðnuveiðum sem ákveðnar hefðu verið, og meira að segja dagsetningar nefndar í því sambandi, en það allt mun ég kanna betur. Þar var einnig á það bent, að taka þyrfti ákvörðun um það, hvort geyma ætti eitthvað af loðnu í frystingu og hrognatöku. Ég snerist við þessu á þann máta sem ég sá bestan, með viðræðum við ýmsa aðila um málið, og tók því þá ákvörðun, sem hér hefur verið um deilt, fullkomlega í ljósi þess að hún er mín og ég ber ábyrgð á henni. Mér er fullkomlega ljóst að hún kemur illa við marga. Von mín var hins vegar sú og er, að með framhaldsákvörðunum á þessu sviði verði eitthvað þar úr bætt, og á ég þar við loðnu til frystingar og hrognatöku. Ég tók þá ákvörðun að halda ekki áfram veiðum. Menn kunna að deila á það og telja það rangt. En ég vil bara ljúka þessu með því að segja að ég er á engan hátt að skjótast undan ábyrgð á þessari ákvörðun.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins fá orð að þessu sinni, fyrst og fremst til þess að gera ofurlitla aths. við það, sem hæstv. ráðh. sagði nú í þessari ræðu, og einnig til þess að fagna upplýsingum sem hann kom þar með. Hins vegar fannst mér einkennilegt þegar hann segir nú í lok sinnar ræðu, að það væri full ástæða til þess að hafa Norðmenn og samninga við þá í huga þegar svona ákvarðanir væru teknar. Þá segir hann auðvitað allt annað og þvert ofan í það sem hann hafði sagt í sinni fyrri ræðu. Menn eru ekki lengi að snúast. Þessar upplýsingar eru alveg öfugar við þær sem hann gaf fyrst. Ég undrast það, satt að segja.

En þegar hann hóf sitt mál byrjaði hann svo gott sem á því að segja að ég hefði haft hér í hótunum. Hann hefur yfirskilvitlega náttúru til þess að skilja hvað menn eru að segja hér. Ég hafði alls ekki í neinum hótunum. Ég sagði ósköp einfaldlega að þetta væri slæm byrjun og það væri röng stefna að hafa ekki samráð við þingið, þingflokkana og sjútvn. Það er röng stefna og lofar ekki góðu í samstarfi við þá aðila, sem þurfa að fjalla um þessi mál hér, að nota slíkar aðferðir. Og ég vil endurtaka það, að ef slík vinnubrögð verða viðhöfð í framtíðinni er stórhætta á því að þar komi mikið mótslag. Menn vilja ekki slík vinnubrögð og geta í rauninni alls ekki þolað slík vinnubrögð. Það er málið, og það eru ekki hótanir. Það er bara verið að benda mönnum á þegar þeir leyfa sér að viðhafa röng vinnubrögð og ósæmileg vinnubrögð. Hæstv. ráðh. ber skylda til þess að gera Alþ. grein fyrir því, hvað þeir hafa í huga, og ræða málin efnislega við þm. og viðkomandi þingnefndir áður en ákvarðanir eru teknar. Þess vegna gladdist ég yfir því, að hann virtist á þessum stutta tíma hafa tekið sinnaskiptum í þeim efnum, vegna þess að hann sagði orðrétt: „Og það mun ég gera í framtíðinni áður en ákvörðun er tekin.“ Það er mjög gott ef það, sem ég sagði, hefur orðið til þess að hann ætlar sér að vinna góð verk í framtíðinni.

Ég vil segja það, að ég hef verið í sjútvn. í allmörg ár og þar hafa starfað ýmsir ráðh. Síðasti hæstv. sjútvrh. lék lengi þennan leik, að tala ekki við nokkurn mann. Og ég margsagði honum það — vegna þess að ég átti að heita stuðningsmaður þeirrar ríkisstj. — að þar veldi hann sér hina erfiðu braut og hina erfiðu aðferð, að láta okkur ekki vita um nokkurn skapaðan hlut fyrr en allt hefði verið ákveðið. En ég kemst ekki hjá því að segja það um leið, fyrst ég var að nefna síðasta hæstv. sjútvrh., að þegar hv. þm. Matthías Bjarnason var hér sjútvrh. — og þótti frekur nokkuð og djarfur í ákvörðunum, þá má hann eiga það, að hann hafði ekki aðeins samband við þingflokka, einnig stjórnarandstöðuflokka, heldur líka við sjútvn. og lét okkur ítrekað fylgjast með málum og það vel. Ég tel að þannig eigi að vinna. Það gerði einnig Lúðvík Jósepsson þegar hann var ráðh. Hann hafði yfirleitt gott samband við okkur þó að hann þyki stundum fara talsvert eigin leiðir. Þannig þarf að vinna, að hæstv. ráðh. ræði við okkur, og það var í fyrsta lagi þess vegna sem ég talaði hér áðan.

Hæstv. ráðh. sagði líka að menn hér treystu sér ekki til þess að segja hversu mikið mætti veiða. Ég veit ekki hverjir geta staðið hér upp einir sér og sagt: Það á að fiska svona miklu meira. — Það er hrein frekja að ætlast til þess að einn maður geri það. Og mér finnst það ekkert minni frekja, að einn maður geri það, þótt hann sitji í ráðherrastól. Það jaðraði við stórmennskubrjálæði, fyndist mér, ef ég færi að standa hér upp og segja: Það má fiska 100 þús. tonn í viðbót eða 150 þús. tonn í viðbót. — Það, sem ég á við, er að um þessi mál sé rætt, að leitað sé upplýsinga alls staðar þar sem von er á góðum upplýsingum og ekki aðeins hjá fiskifræðingum. Og það er ekki rétt, það er bókstaflega rangt, að ég hafi verið að gagnrýna hér vinnubrögð fiskifræðinga. Það er misskilningur. Ég óttast það, að við séum annaðhvort ekki á sömu bylgjulengd eða þá jafnvel að við tölum ekki sama málið. Ég hef aldrei leyft mér að segja það. Ég tók m. a. s. sérstaklega fram, að ég treysti fullkomlega þeirra útreikningum, en ég efaðist hins vegar um að forsendurnar væru nægilega góðar. Þetta ætlast ég til að hæstv. ráðh. skilji, svo menntaður sem hann er.

Sannleikurinn er nefnilega sá, að því miður hafa okkar ágætu fiskifræðingar ekki haft tækifæri til þess að afla sér nægilega traustra forsendna. Það er vegna þess að þeir hafa ekki haft nema eitt skip í senn til þess að mæla stofninn, eins og það heitir. Það er alls ekki nóg. Það þarf lengri tíma til þess og fleiri skip. Þetta mál þarf sérstaklega að athuga, hvort ekki er unnt að leggja til þess peninga að fiskifræðingarnir hafi fleiri skip undir höndum þegar þannig stendur á. Það er auðvitað ekkert vit í því að fjölga skipum til brúks allt árið í þessu skyni. Þetta er gert á ákveðnum tímum, þegar það á best við og þegar líklegt er að réttastar niðurstöður fáist. Þá þarf auðvitað að fá leiguskip þann tíma. Það er öllum fyrir bestu og það skiptir gífurlega miklu máli. Þetta getur munað milljörðum og milljarðatugum, en það kostar kannske nokkrar milljónir að leigja skip takmarkaðan tíma.

Þetta vona ég að hæstv. ráðh. hugsi aðeins um. Ég stend ekki hér upp til þess að hreyta í hann ónotum að tilefnislausu. Ég geri það fyrst og fremst til þess að reyna að minna hæstv. ráðh. á að hann verður — og það er öllum þessum málum fyrir bestu — að ræða málin hér við viðkomandi aðila. Það er ekki verið að ráðast á hann

persónulega með þessu. Þetta eru bara hin réttu vinnubrögð.

Hæstv. fyrrv. sjútvrh., Kjartan Jóhannsson, breytti nokkuð um stefnu síðari hluta síns stjórnartímabils og fór að hafa meira samráð við okkur hér. Það tók að vísu nokkuð langan tíma fyrir hæstv. ráðh., að átta sig á þessu. En hæstv. ráðh. Steingrími Hermannssyni til hróss, þá hefur hann nú þegar ákveðið að gera þetta.

Það er nú þannig með þetta loðnumál allt, að það hefði auðvitað þurft að taka því tak miklu fyrr. Það er málið. Það er ekki nóg að bíða þess dags, þegar nauðsynlegt er að taka ákvörðun, og gefa út einhverja reglugerð. Það eru ekki góð vinnubrögð heldur. Við vitum að göngur loðnunnar eru ákaflega misjafnar. Nú hagar hún sér meira að segja allt öðruvísi en nokkru sinni fyrr. Stundum hefur hún gengið vestur með öllu landi og til Vestfjarða aftur, suður með Austfjörðum og svo vestur úr. En stundum hefur hún ekki komist lengra en að Ingólfshöfða. Nú er hún öll fyrir norðan. Þetta eru ákaflega breytilegar göngur og það eru líka ákaflega breytilegar aðstæður. Það getur verið um markaðsaðstæður að ræða einnig, eins og hefur komið í ljós núna.

Þessum aðstæðum öllum þarf að fylgjast með á hverjum degi, en ekki síðasta daginn fyrir ákvörðun, og haga sér samkvæmt því. Þegar menn átta sig á því, hvað er fram undan í þessum efnum, þurfa þeir að grípa til þeirra ráðstafana sem eru viðeigandi við þær aðstæður. Að þessu sinni hefði verið skynsamlegt að átta sig nógu fljótt á því, ef menn vildu jafna aflanum milli verksmiðja, að taka annaðhvort upp loðnuflutningasjóð eða eitthvað annað af því tagi sem ég nefndi áðan. Það væri auðvitað rétt. En sumum mönnum virðist vera fyrirmunað að gera þessa hluti rétt, því miður. Það þarf að liðka kerfið okkar betur. Það þarf fleiri möguleika til þess að geta snúist nógu fljótt við þeim vanda sem upp kemur. Hann er kannske allt annar en hann verður næst. En kerfið þarf líka að vera svo liðugt að það geti snúist yfir á þann væng sem þá dugar best. Auk þess held ég að sé alveg ljóst, að það þurfi að fylgjast betur með stofninum og lengur, ekki fara í skyndileiðangra aðeins um takmarkaðan tíma í kannske einum afmörkuðum tilgangi, heldur fylgjast stöðugt með göngunni og reyna að athuga hvort hún sé ekki víðar en einmitt á þeim stað þar sem verið er að veiða. Með því móti glöggva menn sig betur á stærð stofnsins. Þarna er atriði sem ég vonast til að hæstv. ráðh. átti sig á.

Hæstv. ráðh. sagði að hann hefði tekið þessa ákvörðun sjálfur, hann hefði skýrt ríkisstj. frá þessu, en ekki lagt málið fyrir ríkisstj. Það, sem ég vissi þegar ég heyrði fréttina í hádegisútvarpinu og þegar ég talaði hér í fyrra skiptið, var aðeins það sem okkur hafði verið sagt, að um þetta hefði verið gert samkomulag þegar ríkisstj. var sett á laggirnar, þannig að ekki mætti taka slíkar stórvægilegar ákvarðanir nema með samþykki hinna flokkanna. Þetta var það sem ég vissi þá. Nú eftir ræðu hæstv. sjútvrh. veit ég að þetta samkomulag var ekki haldið. Þetta var ákvörðun hans. Málið var aðeins lagt fyrir, það var skýrt frá því, en það var ekki lagt fyrir ríkisstj. til úrskurðar. Þess vegna verð ég að segja það, að ég fagna því og ég fagna því mjög, að þetta skuli ekki vera ákvörðun allrar ríkisstj. og að ráðherrar míns flokks bera þar með ekki ábyrgð á henni.

Hæstv. ráðh. sagði að lokum, þegar hann ætlaði að gera tilraun til þess að vera skemmtilegur, sem honum tekst einstaka sinnum, að hann hefði nú ekki haft fyrir því, eins og hann sagði orðrétt: „Ég kom ekki til þessa hv. þm.“ — og horfði á mig um leið og þóttist miklu meiri maður fyrir að hafa getað gert þetta einn, án míns stuðnings. En þetta er nú einmitt málið. Það má auðvitað gera að gamni sínu, en þetta er málið. Hann hefði ekki átt að hrósa sér af því að hafa sniðgengið menn úr sjútvn. eða formann hennar. Hann átti að harma það og viðurkenna það. Þarna er nefnilega potturinn brotinn. Og ég vona, satt að segja, að hæstv. ráðh. standi við það í framtíðinni að ræða þessi mál við okkur og þá kannske ekki síst mig áður en hann hleypur til slíkra ákvarðana.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hygg að þótt þessi umræða sé orðin býsna langdregin getum við verið sammála um að hún hafi verið gagnleg. Hér hafa fulltrúar allra flokka tjáð sig um þessi mál og þeir eru allir þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að ákvarðanir um meiri háttar takmarkanir á nýtingu fiskstofna okkar verði teknar í samráði við þá aðila sem hér eiga helst um að véla, þ. e. stjórnmálaflokkana sem eiga fulltrúa á Alþ., sjútvn. þingdeildanna og aðra slíka aðila. Það er sérstök ástæða til að fagna þessari eindregnu samstöðu, sem komið hefur fram hér á Alþ., með tilliti til þess, að með því virðist ríkisstj. eiga stuðningsmenn miklu víðar en til þessa hefur þó komið fram. En í málefnasamningi ríkisstj. Gunnars Thoroddsens, á bls. 9, segir svo í tölul. 4: „Fiskveiðistefnan verði ákveðin þannig að hagsmunaaðilum sé ljóst með góðum fyrirvara, hvaða reglur eigi að gilda um nýtingu fiskimiðanna, og framkvæmd stefnunnar verði endurskoðuð með það í huga að tryggja sem víðtækust samráð.“ Hér er komið í ljós eftir umræður í dag, að á þessu sviði a. m. k. á ríkisstj. ákaflega víðtækan stuðning á hv. Alþingi.

Reynslan úr vinstri stjórninni í þessum efnum var hins vegar ekki alveg nógu góð. Þá kom fyrir að teknar voru ákvarðanir, t. d. um þorskveiðistefnuna, í rauninni án þess að slíkt væri borið undir ríkisstj. Auðvitað er ráðh. sjálfstætt stjórnvald samkv. laganna hljóðan. Ríkisstj. er ekki fjölskipað stjórnvald og þess vegna ber ráðh. ábyrgð á sinni gjörð. En hin pólitíska ábyrgð er hjá öllum þeim flokkum — eða hvernig sem það nú er — sem að ríkisstj. standa á hverjum tíma. Þess vegna er skylt að hafa pólitískt samráð um hlutina þrátt fyrir að hið formlega vald sé á hendi ráðh. Um þetta eru allir menn nú sammála. Einkum er mönnum þetta ljóst eftir að sú nauðsyn vex stöðugt að höfð sé aðgát við nýtingu fiskstofna okkar.

Ég vil í tengslum við þessar umræður láta það koma fram, að ég er viss um að núv. hæstv. ríkisstj. mun standa þannig að þessum málum að leita sem víðtækasts samráðs við þá aðila sem hér eiga um að fjalla. En ég vil einnig láta það koma hér fram, vegna þess að það mál er nokkuð skylt, að á fundi sínum í morgun ræddi ríkisstj. sérstaklega um þau atvinnuvandamál sem nú blasa við Vestmannaeyjum, ekki einungis vegna ástandsins að því er loðnuna varðar, heldur einnig á öðrum sviðum atvinnulífsins. Ríkisstj. hefur ákveðið að taka sérstaklega á atvinnuvandamálum Vestmannaeyja og mun gera grein fyrir því opinberlega næstu daga.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Sennilega hefði ég ekki gengið öðru sinni í ræðustól ef ég hefði ekki fundið hjá mér þörf til þess vegna ummæla hv. þm. Karvels Pálmasonar að undirstrika það alveg sérstaklega, að ég var einn

af þeim þm. Alþb. sem með hvað glöðustu sinni hvöttu nú til þess að gengið yrði til þess stjórnarsamstarfs sem hér hefur tekist. Hnígur það æ í sömu áttina hjá hv. þm., að ýmist byggir hann vitneskju sína á röngum upplýsingum eða misskilur það sem honum er sagt.

Fyrst ég kom hingað upp í ræðustólinn hvort sem var, þess erindis að taka af allan efa um afstöðu mína til núv. ríkisstj., verð ég rétt aðeins að víkja að fremur ómerkilegum atriðum í ræðu hæstv. sjútvrh. sem snerta þó ákaflega náið nokkur atriði í mínu vitsmunalífi á þann hátt að ég get ekki látið kyrrt liggja.

Hafi starfsmönnum sjútvrn. ekki verið kunnugt um það í nóvembermánuði s. l., að fyrir lágu í Japan eins og hálfs árs birgðir af loðnuhrognum óseldum miðað við meðalnotkun undanfarinna þriggja ára, er þar um að ræða vítaverða fávisku og ber þá hæstv. sjútvrh. að mínu viti að kynna sér hið fyrsta ástæðurnar fyrir því arna. Nú er telexsamband, veit ég, alldýrt við Japan, en hefði þó borgað sig a. m. k. í því tilefni að eyða nokkrum símskeytum til að fylgjast þar með. Og hafi sérfræðingar sjútvrn. ekki þá afsökun að þeir hafi ekki vitað af þessu, þá má spyrja þá sem svo, hvort þeir hafi ekki talið sennilegt að sölutregða á loðnumarkaði í Japan kynni að hafa einhver áhrif á möguleika okkar til að selja meiri hrogn á þennan markað sem svo var birgur af vörunni.

Nú ítreka ég þá skoðun mína, að aðrir viti ekki betur en fiskifræðingar um ástand fiskstofnanna í kringum landið. En þar með er ekki sagt að fleiri viti ekki nokkuð um ástand þeirra stofna, og þar með tel ég skipstjóra og stýrimenn á 50 hringnótaskipum sem þessar veiðar stunda og hafa gert árum saman.

Ég ætla alls ekki að fara að álasa ráðh. fyrir að hafa tekið ákvörðun í morgun varðandi loðnuveiðarnar sem ég tel ranga. Vitaskuld tók hann þá ákvörðun af því að hann taldi hana sjálfur vera rétta. En hann hefur reynt það í dag, sem við ýmsir höfum reynt áður og okkur hefur flestum orðið á á lífsleiðinni, að það er ekki sama með hvaða hætti röng ákvörðun er tekin. Það getur valdið ákaflega miklu um framhaldið. Honum hefur raunar ekki verið legið á hálsi fyrir annað en að veita ekki hv. Alþ. — eða nánar tiltekið sjútvn. Alþ. — hlutdeild í þessari ákvarðanatöku. — Ákvörðunin var mín, sagði hæstv. ráðh. Það er rétt. Það gladdi mig að hann skyldi vera hættur að kenna krötum um. Mér finnst ekki stórmannlegt að kenna þeim um þess háttar.

Og aðeins í lokin: Því fer víðs fjarri, þótt hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefði orð á því, að ég hafi haft í hótunum við hæstv. ráðh. eða við ríkisstj. í sambandi við þetta mál. Ég tel að þessar umræður hafi verið góðar og nytsamar, og þeim mun betur mun ég standa við bakið á núv. ríkisstj. sem ég gagnrýni ákafar eða hvassar vinnubrögð af því tagi sem hér áttu sér stað.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði áðan að hann hefði tilkynnt ríkisstj. ákvörðun sína í morgun. Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði, að með þessari ákvörðun hefði verið rofinn sá samstarfssamningur sem myndaður hefði verið um núv. hæstv. ríkisstj., og fagnaði því að hæstv. Alþýðubandalagsráðh. hefðu því ekki stutt hana. Mig langar til að spyrja hæstv. sjútvrh., hvort ráðh. Alþb. hafi gert athugasemdir á ríkisstjórnarfundi við ákvörðun hæstv. ráðh. Hafi svo ekki verið bera ráðh. Alþb. fulla ábyrgð á ákvörðun hans. Það er best að í ljós komi hvort svo hafi verið.

Ég ætla ekki að deila um það við hv. þm. Stefán Jónsson, hversu dyggur hann hefur verið í upphafi þessa stjórnarsamstarfs. Ég hef aðrar hugmyndir um það mál og eftir nokkuð ábyggilegum leiðum. Hitt þykir mér einkennilegur skilningur hjá hæstv. félmrh., þegar hann telur að þær umræður, sem orðið hafa í dag, hafi orðið til að fjölga í stuðningsliði hæstv. ríkisstj. Tveir hv. þm. Alþb. höfðu um það orð í upphafi þingfundar í dag og létu að því liggja að þeir væru vægast sagt mjög svo tregir stuðningsmenn þessarar ríkisstj. ef svo héldi fram sem horfði, í ljósi þeirrar ákvörðunar sem tekin var í morgun. Þetta þykir hæstv. félmrh., hátt settum í forusturöð Alþb., merki þess að það hafi aukist stuðningur við hæstv. ríkisstj. í dag. Tveir hv. þm. Alþb. svo gott sem afneituðu henni í upphafi þingfundar í dag. Þetta er einkennilegur skilningur á þeim umræðum sem hér hafa átt sér stað. En það er auðvitað mál hæstv. ráðh. hvernig hann skilur hálfgerða afneitun þeirra hv. þm. Garðars Sigurðssonar og Stefáns Jónssonar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Satt best að segja undrar mig ekki að til umræðna komi hér í þinginu um fiskveiðimál, því að þannig hefur verið staðið að þeim málum á undanförnum árum að fyrr eða síðar hlaut að koma að því að menn færu að gera upp við sig hvort semja ætti stefnu fyrst og standa svo við hana eða hvort halda ætti því áfram, sem verið hefur, að taka ákvörðun nánast eftir á um hvað ætti að gera.

Það vítaverða, sem gerst hefur varðandi veiðar á loðnu ef horft er á tímabilið frá áramótum til þessa tíma, er fyrst og fremst að sjómenn hafa verið látnir sækja loðnuna langt norður í haf og stunda loðnuveiðar í misjöfnum veðrum, en þegar loðnan er komin fast upp undir landið eru veiðarnar stöðvaðar. Þetta er vítavert stjórnunarlegt atriði í veiðunum sem heild og algjörlega óverjandi fyrir neinum skynsömum manni.

Sannleikurinn er sá, að það er ekkert vit í að standa að máli eins og að þessu hefur verið staðið. Það hefði þurft að ákveða í fyrsta lagi að seinka heimild til loðnuveiðanna, þannig að það hefði ekki verið byrjað að veiða loðnuna fyrr en hún var komin nær, og með þeirri aðgerð hefði jafnframt átt sér stað eðlileg dreifing á hafnir landsins á því aflamagni sem skynsamlegt er talið að veiða. Ég held að í ljósi þeirrar reynslu, sem hér er fengin, hljóti það atriði að verða tekið til athugunar fyrir næstu loðnuvertíð, þegar ákvörðun verður tekin um það fyrir fram hversu mikið magn á að veiða, og þá jafnframt í ljósi þess reynt að standa þannig að málum, að loðnan verði veidd þegar hún er komin nær landi, og jafnframt að það leiði til eðlilegrar dreifingar aflans á verstöðvar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að leiðrétta þann reginmisskilning sem kemur fram hjá síðasta ræðumanni.

Ákvörðun um loðnuveiðarnar á þessari vertíð var tekin fyrir fram að því er ramma varðar, og það var ljóst allan tímann hvert stefndi í þeim efnum. En það voru teknar ákvarðanir jafnóðum um stjórnunina, eftir því sem nýjar upplýsingar bárust. Það lá ljóst fyrir þegar í upphafi að þannig yrði haldið á málum.

Ég held í öðru lagi að ekki hefði verið mjög skynsamlegt að ætla sér að rýra tekjur sjómanna með því að bíða með veiðarnar þangað til loðnan væri orðin svo afkomurýr að það væri helst ekkert upp úr henni að hafa.

en það virðist vera meginstefnuatriði síðasta ræðumanns.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Nokkur orð út af þeirri fsp. sem hér kom fram frá hv. þm. Karvel Pálmasyni.

Eins og ég sagði áðan gerði ég grein fyrir ákvörðun minni í ríkisstj. í morgun og um hana urðu nokkrar umræður. Þar kom vissulega fram frá fleiri ráðh., ekki bara Alþýðubandalagsráðh., heldur ýmsum öðrum, sú ábending sem mér var að sjálfsögðu ljós, að þarna væri um ákaflega mikilvæga ákvörðun að ræða sem yrði vafalaust mótmælt og mundi hafa afleiðingar í sambandi við atvinnu sjómanna o. s. frv., eins og við höfum rakið í þessum umræðum. Hins vegar var mönnum einnig fullkomlega ljóst að veiðimagnið var orðið 250 þús. tonn þegar, og mönnum var fullkomlega ljóst að ekki væri hægt að búast við að ríkisstj. eða sjútvn. tæki á stundinni slíka ákvörðun. Ef um það hefði átt að vera að ræða varð vitanlega að fresta allri ákvörðun í nokkra daga. Þar með var örugglega komið langt yfir það magn sem menn höfðu m. a. í rammanum sem síðasti hv. ræðumaður talaði um að var gert ráð fyrir. Menn stóðu frammi fyrir þessu. En ég vil sem sagt láta koma fram, að þarna komu fram athugasemdir við ákvörðun mína af þeim ástæðum sem ég hef nú rakið.

Hér hefur verið talað um samráð stjórnarflokkanna, m. a. af hæstv. félmrh., og vil ég staðfesta það. En menn verða aftur á móti að gæta þess, um hvað er haft samráð. Hvar eru mörkin? Ég nefndi, hygg ég, í upphafi ákvarðanir sem sannarlega varða einstök byggðarlög mjög miklu, við skulum segja takmarkanir á rækjuveiðum eða hvenær á að stöðva rækjuveiðar o. s. frv., sem ég gæti rakið hér og allir þekkja. Vitanlega veit ég að stöðvum loðnuveiða er miklu stærri ákvörðun. Ég vil taka það skýrt fram. En ég tel að fyrst og fremst eigi að hafa slíkt samráð á meðan stefnan er mótuð, meðan ramminn er ákveðinn, eins og hæstv. fyrrv. sjútvrh. sagði áðan. Ég hef t. d. í huga að athuga að nýju alla þá ákvörðun eða það sem hefur verið sagt um stefnuna í sambandi við þorskveiðar. Þar er nokkurt svigrúm, þó það sé ekki mikið. Ég legg á það áherslu að kanna breyttar leiðir til að ná markmiðum eða standa við þau markmið sem ákveðin eru í þorskveiðum, ég get ekki farið að rekja það hér, og í því sambandi er alveg nauðsynlegt að hafa náið samráð bæði við hagsmunaaðila og þingnefndir.

Ég vil segja það út af því, sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði, að sjútvrn. var að sjálfsögðu ljóst og þar liggja fyrir, upplýsingar um magn af hrognum í Japan. En ég sagði áðan, að mér væri ekki ljóst að magnið væri svona mikið af þeirri ástæðu sem hv. þm. greindi í fyrri ræðu sinni, vegna vonbrigða sem Japanir hefðu orðið fyrir í sambandi við hrognin. Hitt get ég svo upplýst, að mikil eftirspurn er eftir frystri loðnu og Japanir hafa fallist á að kaupa hrogn með þessari frystu loðnu, svo þeir eru tilbúnir að bæta nokkru við sig. **(StJ:** Inni í loðnunni?) Nei. Þeir virðast þess vegna ekki alveg vonlausir um einhver góð áhrif af loðnuhrognunum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég tel rétt að koma því alveg ákveðið á framfæri, að það var um engan misskilning af minni hendi að ræða og ég hef engan sérstakan hug á að rýra tekjur sjómanna, eins og að mér var dróttað. Hins vegar vildi ég gjarnan koma því á framfæri, að ég tel að það sé mesta hættuspil í íslenskum sjávarútvegi að veiðar séu leyfðar um hávetur á loðnu langt undan Norðurlandi. Það tel ég meira hættuspil en nokkuð annað. Vel má vera að það megi örlítið horfa á þann þátt líka, þó að ekki hafi orðið að stórslysi til þessa.

Ég vil líka bæta því við í þessu sambandi, að olíukostnaður íslenskra fiskiskipa er orðinn mjög stór þáttur í rekstrarkostnaði þeirra. Vissulega mætti setja það inn í reikningsdæmið ef það væri gert upp.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af síðustu upplýsingum hæstv. sjútvrh., þar sem hann greindi frá umræðum í ríkisstj. um þetta mál í morgun áður en tilkynning var út gefin um málið.

Það er augljóst eftir síðustu upplýsingar ráðh., að hæstv. ráðh. Alþb. bera á þessari ákvörðun fulla ábyrgð. Hefðu þeir talið ákvörðunina þess eðlis að þeir vildu fría sig ábyrgð af henni hefði hún að sjálfsögðu ekki verið gefin út eftir ríkisstjórnarfund í morgun. Eftir síðustu yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. er því ljóst að hæstv. Alþýðubandalagsráðh. bera fulla ábyrgð á ákvörðun um stöðvun veiða og tilkynningu og hljóta að verða axla byrgðar sínar samkv. því.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. beindi áðan til mín fsp. Raunar hefur hæstv. sjútvrh. svarað þeim, en ég vil þó ekki láta hjá líða að bæta við örfáum orðum.

Sú ákvörðun, sem hér hefur verið til umræðu, er tekin af hæstv. sjútvrh., eins og hann hefur mjög skýrt tekið fram sjálfur. Það byggist á lögum landsins, að það er sjútvrh. sem tekur slíka ákvörðun. Sú ákvörðun hans var studd sterkum rökum. M. a. hafði Hafrannsóknastofnunin lagt til að ekki yrði leyft að veiða meira af loðnu en 300 þús. tonn á tímabilinu 1. jan. til vertíðarloka, og segir svo í bréfi hennar, „að frekari skerðing hrygningarstofnsins verður að telja utan skynsamlegra marka". Stofnunin leggur m. ö. o. á það þunga áherslu að ekki sé farið yfir þetta mark. Undir þetta skrifa Jón Jónsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar og Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur, sá maður sem hefur allra manna mesta þekkingu og reynslu af vísindamanna hálfu í þessu efni.

Eins og hæstv. ráðh. hefur tekið fram, skýrði hann ríkisstj. á fundi í morgun frá ákvörðun sinni sem hann að lögum hafði tekið.

Varðandi stefnuna í fiskveiðamálum er, eins og hæstv. félmrh. skýrði frá áðan, þess getið í stjórnarsáttmálanum að fiskveiðistefnan verði ákveðin þannig að hagsmunaaðilum sé ljóst með góðum fyrirvara, hvaða reglur eigi að gilda um nýtingu fiskimiðanna, og framkvæmd stefnunnar verði endurskoðuð með það í huga að tryggja sem víðtækust samráð. Hér er þessi meginstefna og meginregla sett fram um samráð. Að sjálfsögðu verður rætt um mótun fiskveiðistefnunnar í ríkisstj. og á ráðherrafundum og hvernig hún skuli mótuð í heild og framkvæmd.

Ég vildi láta þetta koma hér fram. Það má vera að það hafi stundum komið fyrir að fiskveiðistefnan og þýðingarmiklar ákvarðanir í því efni hafi verið teknar án þess að nægilega hafi verið um það rætt í viðkomandi ríkisstj. Það er ætlunin að svo verði gert nú um ákvörðun fiskveiðistefnunnar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður nema örlítið.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir það svar sem hann gaf við þeirri fsp. sem ég bar fram fyrr í dag. Mér var ljóst að lagaheimildin er algjörlega í höndum sjútvrh. Það hefur skeð áður og skeði í þeirri ríkisstj., sem hæstv. forsrh. átti sæti í á árunum 1974—1978, að öll slík mál og ákvarðanir voru lagðar fyrir ríkisstj. En nú virðist hafa verið höfð fljótaskrift á þessu þrátt fyrir málefnasamninginn sem hann var að vitna í. Nú skýrir hæstv. sjútvrh. bara frá þeirri mikilvægu ákvörðun að stöðva loðnuveiðarnar.

Það er auðvitað gott að fá að heyra að forsrh. landsins telur að eitt bréf frá Hafrannsóknastofnuninni í þessum efnum sé sama og lög. Það þarf ekkert að taka tillit til annarra, það þarf ekkert að taka tillit til þeirrar reynslu sem sjómenn og skipstjórnarmenn hafa í þessum efnum. Þessi ríkisstj. virðist því á öðrum virkum starfsdegi sínum hafa lýst því yfir að hún er bandingi sérfræðinga í einu og öllu.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég komst svo að orði að hæstv. sjútvrh. hefði tekið ákvörðun sína bæði samkv. skýrum ákvæðum laga og hún hafi verið studd góðum rökum. Þar átti ég við eindregna tillögu Hafrannsóknastofnunar og fiskifræðinga. Ég held að það sé ekki hægt að leggja þann skilning í orð mín að þessi ríkisstj. ætli ekki að taka mið af öðru, t. d. reynslu sjómanna og útvegsmanna, og ég held að hv. 1. þm. Vestf. hafi ekki haft ástæðu til að skilja orð mín á þá lund.

Neðri deild, 34. fundur.

Þriðjudaginn 12. febr., kl. 3.05 miðdegis.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og lántaka á árinu 1980, frv. (þskj. 158). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þegar ljóst var í des. s. l. að fjárlög fyrir árið 1980 yrðu ekki afgreidd fyrir upphaf fjárhagsársins var ríkisstj., eins og öllum hv. þm. er kunnugt, veitt heimild til þess með lögum nr. 98 31. des. 1979 að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við fjárlög fyrir árið 1979, en að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn, eins og þar sagði. Enn fremur var ríkisstj. heimilað að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins. Heimildir þessar skyldu gilda þar til fjárlög fyrir árið 1980 tækju gildi, þó ekki lengur en til 15. febr. 1980.

Með framangreindum lögum var þáv. fjmrh. enn fremur heimilað að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins svo og að taka allt að 12 þús. millj. kr. lán til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga og samtaka á þeirra vegum.

Nú ætti að vera nokkuð ljóst að fjárlög fyrir árið 1980 verða ekki afgreidd fyrir þessa tímasetningu, 15. febr. Af þeim ástæðum ber að sjálfsögðu brýna nauðsyn til að framlengja gildi laganna þannig að ekki komi til greiðslustöðvana hjá ríkissjóði þegar um næstu helgi.

Í 1. gr. þess frv., sem hér er lagt fram, er tillaga gerð um að greiðsluheimildir laganna verði framlengdar til 3. apríl n. k. 3. apríl er skírdagur og þessi tímasetning er ákveðin eða tillaga um hana gerð í trausti þess, að þá verði Alþ. búið að afgreiða fjárlög fyrir yfirstandandi ár. Vissulega hefði komið til greina að hafa heimildina ótímasetta, en ég held að hyggilegt sé að Alþ. veiti sjálfu sér aðhald með þessum hætti og einsetji sér að hafa afgreitt fjárlög fyrir páska.

Í 2. gr. frv. er lagt til að fjmrh. verði veitt heimild til að selja innanlánsstofnunum ríkissjóðsvíxla eða ríkisskuldabréf. Þetta er í fullu samræmi við málefnasamning núv. ríkisstj., í fullu samræmi við þá stefnu ríkisstj. að fjármögnun á árstíðabundnum halla ríkissjóðs verði sem mest utan Seðlabankans.

Í 3. gr. frv. er lagt til að fjmrh. verði veitt heimild til að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 5600 millj. kr. Gert hefur verið ráð fyrir að verulegur hluti þess fjár, sem ætlað er til lánsfjármagnaðra framkvæmda innanlands á þessu ári, komi af sölu spariskírteina ríkissjóðs. Undanfarin ár hefur hluti þeirra spariskírteina, sem til sölu er, verið settur á markað í marsmánuði. Þar sem ekki er öruggt að fjárlög verði afgreidd fyrr en í lok þess mánaðar er bersýnilega nauðsynlegt að leita þessarar lagaheimildar nú þegar til þess að hægt sé að bjóða skírteinin til sölu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að Alþ. veiti atbeina sinn til að afgreiða eða framlengja öllu heldur bráðabirgðafjárgreiðsluheimild ríkisstj. eins og hér er beðið um.

Ég vek athygli á því, kannske meira til gamans, að í frv. því, sem ég flutti fyrir hönd þáv. ríkisstj. um heimild til bráðabirgðafjárgreiðslna, voru ekki sett tímatakmörk þar sem ég taldi ekki æskilegt við þær aðstæður og raunar ekki hægt að setja tímatakmörk á þær greiðslur. En það var flokkur núv. hæstv. fjmrh. sem endilega vildi takmarka bráðabirgðagreiðslutímann við dagsetningu þá sem um er að ræða, 15. febr., og taldi einsýnt að það mundi meira en nægja og að gengið yrði frá málum fyrir þann tíma. Ég er að sjálfsögðu mjög ánægður með að flokkur hæstv. núv. fjmrh. skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að betur athuguðu máli, að þurft hefði að hafa bráðabirgðafjárgreiðsluheimildina öllu rýmri, og ekki kvarta ég yfir því og skal fúslega veita minn atbeina til að styðja að því. En ég vil vekja athygli á einu í þessu sambandi, og það er það sem ég held að verði að koma fram við meðferð málsins í n., á hvaða greiðsluáætlun hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. byggir bráðabirgðafjárgreiðslubeiðni sína.

Í 1. gr. þess frv., sem samþ. var á Alþ. fyrir jólin og er nú orðið að þeim lögum sem beðið er um breytingar á, er rætt um að bráðabirgðafjárgreiðsluheimild eigi að ná til allra venjulegra rekstrarútgjalda og annarra þeirra gjalda sem talist geti til venjulegra fastra greiðslna ríkisins. Fjh.- og viðskn. bað um við meðferð málsins að fjmrn. legði fram greiðsluáætlun yfir tímabilið til 15. febr. svo ljóst væri hvaða greiðsluheimildir Alþingi væri að veita fjmrh. og ríkisstj. Sú greiðsluáætlun var lögð

fram. Þar kom mjög skýrt í ljós að greiðsluáætlunin var gerð þannig, að um væri að ræða heimild til rikisstj. til að greiða allan beinan og óbeinan launakostnað, ekki bara ríkisstarfsmanna, heldur líka stofnana eins og t. d. Búnaðarfélags Íslands, þar sem greiðsla ríkissjóðs til Búnaðarfélagsins er í raun réttri ekki annað en greiðsla launakostnaðar, og enn fremur að greiða verktökum og öðrum slíkum áfallinn kostnað sem hefði hlotist vegna gerðra samninga. En bráðabirgðafjárgreiðsluheimildin náði t. d. alls ekki til stofnkostnaðar í einni eða neinni mynd. — Og ég vil gjarnan skýra frá því að ég vildi í samræmi við stefnu Alþfl. um að reyna að vinna gegn miklum hallarekstri ríkissjóðs á fyrstu mánuðum eða vikum ársins semja og starfa eftir öllu strangari greiðsluáætlun en fjh.- og viðskn. var sýnd þegar heimildin var mér gefin. Mér er ekki kunnugt um hvernig á málum hefur verið haldið upp á síðkastið, en svo dæmi sé tekið um janúarmánuð var greiðsluáætlunin, sem við fylgdum, svo ströng að í janúarmánuði s. l. versnaði staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum eða voru útgjöld hans umfram tekjur aðeins um 800 millj. kr., en á sama tíma í jan. í fyrra voru útgjöld umfram tekjur 4.5 milljarðar, og hefur þó gert strik í reikninginn yfir 50% verðbólga í millitíðinni.

Nú hefði ég áhuga á og tel sjálfsagt og eðlilegt að hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. fái greiðsluáætlun þá sem hæstv. fjmrh. er að biðja um heimild frá Alþ. til að starfa eftir. Ég vil einnig skjóta því vinsamlega að honum að athuga nú vel, hvort hann treysti sér til að starfa allt fram til 3. apríl 1980 án heimildar til að greiða svo mikið sem eina krónu úr ríkissjóði í eina eða neina framkvæmd sem getur talist til stofnframkvæmda. Ég vildi gjarnan að hæstv. fjmrh. athugaði það mál mjög vel áður en afgreiðsla frv. þessa verður til lykta leidd, því að ég er hræddur um að honum reynist harla erfitt að standa við slíka greiðsluáætlun, og í hans huga ætti að vera a. m. k. alveg ljóst um hvað hann er að biðja og þá fyrst og fremst hverju hann er ekki að óska eftir að sér sé heimilt.

Ég vildi sem sé gjarnan koma þeirri beiðni á framfæri við hæstv. ráðh., sem var komið á framfæri við mig á sínum tíma og mér fannst sjálfsagt og eðlilegt að sinna, að hann láti fylgja beiðni sinni nú greiðsluáætlun, sundurliðun í stórum dráttum á því sem hann er að biðja um að fá að greiða úr ríkissjóði til 3. apríl 1980 og hvort hæstv. fjmrh. er ekki fyllilega ljóst að miðað við frv., eins og það er úr garði gert, fær hann ekki heimild til að greiða svo mikið sem eina krónu í annað en laun og launatengd gjöld hjá ríkinu og stofnunum þess og umsamdar greiðslur til verktaka sem fyrrv. ríkisstj. er þegar búin að ganga frá. Þá mundi ég enn fremur hafa áhuga á að vita, og það lýtur auðvitað að greiðsluáætluninni, hvað hæstv. ráðh. hyggst selja innlánsstofnunum ríkissjóðsvíxla eða ríkisskuldabréf fyrir háa fjárhæð. Þetta er auðvitað þáttur í greiðsluáætlun sem Alþ. hlýtur að hafa hug á að fá eitthvað frekar að frétta af.

Um 3. gr. frv. hef ég ekkert nema gott að segja. Það er alllangur aðdragandi að því að hægt sé að gefa út ríkisskuldabréf eða spariskírteini, það krefst allverulegs og víðtæks undirbúnings. Það er því alveg rétt, að til þess að hægt sé að gefa slík bréf út í vor, t. d. til þess að þau nái hinum margumtalaða fermingargjafamarkaði, þarf að veita heimild til útgáfu þeirra nú þegar. Ég hafði þegar rætt við Seðlabanka Íslands um þessi mál og beðið hann að hefja undirbúning að útgáfu bréfanna, og ég hef ekkert við slíka útgáfu að athuga, enda tel ég mjög nauðsynlegt að ganga frá slíkri heimild eins og 3. gr. gerir ráð fyrir.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að þegar greiðsluheimildin var til umr. fyrr í vetur var hún upphaflega sett fram sem ótímabundin heimild til fjmrh., en við Alþb.-menn gerðum þá kröfu ásamt ýmsum öðrum að heimildin yrði bundin einhverjum ákveðnum tímamörkum. Það töldum við eðlilegt og sjálfsagt. Í fullu og rökréttu framhaldi af afstöðu okkar þá leggjum við aftur til, eins og gert er í þessu frv., að heimildin verði tímabundin, ekki almenn. Við teljum sjálfsagt að Alþ. veiti þessa heimild aðeins til takmarkaðs tíma í senn.

Ég þakka hv. þm. ábendingar sem fram komu í máli hans áðan. Það má vel vera að orðalag í lögunum eins og þau eru nú sé of þröngt, a. m. k. eins og hann túlkaði það áðan. Ég tel alveg sjálfsagt að athuga í n. hvort ekki sé eðlilegra að haga orðum á annan veg þannig að heimildin sé ekki svo þröng sem hann vildi vera láta.

Ég get ekki svarað spurningu hans um ríkissjóðsvíxla og ríkisskuldabréf. Ég held að viðræður við bankakerfið þurfi að eiga sér stað áður en nokkrar fullyrðingar verða fram settar um það efni. En ég held að upphæðin í þessum efnum breyti ekki neinu, aðalatriðið sé að Alþ. veiti heimild til að afla fjár til bráðabirgða með þessum hætti.

Ég hef orðið var við að fyrrv. fjmrh. hefur gert mikið veður út af því, að afkoma ríkissjóðs hafi verið óvenjulega góð á seinustu stjórnardögum fráfarandi stjórnar og t. d. hafi afkoma ríkissjóðs verið betri á fyrsta mánuði þessa árs en var á fyrsta mánuði seinasta árs. Ég held að rétt sé að skjóta því inn í þessu samhengi, að skýringin er sennilega sú sem hann gaf hér áðan, að fráfarandi fjmrh. taldi sig ekki hafa heimildir til að greiða eitt og annað, sem þó telst vera lögbundið, og greiddi t. d. alls ekki útflutningsbætur í þeim mánuði eins og ég hygg að venjulegast hafi áður verið gert. Eins er mér sagt að skuldahali við Tryggingastofnun ríkisins hafi lengst talsvert mikið í janúarmánuði. En fráfarandi fjmrh. gaf skýringu á þessu áðan. Hann virðist ekki hafa talið sig hafa heimild til að inna þessar greiðslur af hendi. Það er gott að fá það upplýst hér.

Ég vil sem sagt að lokum þakka honum fyrir þá ábendingu, sem hann kom með hér áðan, að vel megi vera að orðalag laganna sé í þrengsta lagi miðað við þær heimildir sem þurfa að vera fyrir hendi.

Sighvatur Björgvinsson: Hæstv. forseti. Það eru aðeins nokkur orð.

Það kom ljóslega fram í þeirri greiðsluáætlun, sem ég var krafinn um, að útflutningsbæturnar voru meðal þess sem Alþ. heimilaði mér ekki að greiða.

Ég ítreka spurningu mína, hvort ekki megi eiga von á því að hæstv. fjmrh. sýni Alþ. og fjh.- og viðskn. sömu háttvísi og ég gerði, að um leið og hann leggur fyrir Alþ. beiðni um greiðsluheimildir leggi hann fram greiðsluáætlun um það í stórum dráttum, hvað það er sem hann er að biðja Alþ. að veita hér heimildir til að greiða og hvað ekki.

Ég vona að það hafi ekki vafist neitt fyrir mönnum og komi engum á óvart að útflutningsbætur hafa ekki verið greiddar á árinu 1980. Skýringin er mjög einföld. Alþ. heimilaði ekki greiðslu þeirra. Í þeirri greiðsluáætlun,

sem fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. og Ed. afgreiddi í sambandi við afgreiðsluna á frv. frá því fyrir jólin, var skýrt tekið fram að í þeirri áætlun væri ekki gert ráð fyrir að greiða útflutningsbætur. Þess vegna held ég að það sé alveg nauðsynlegt til að taka af öll tvímæli um slík mál að kalla eftir því hjá hæstv. ríkisstj. að hún láti fylgja beiðni eins og hér um ræðir áætlun um hvaða greiðslur hún hyggst inna af hendi á tíma heimildarinnar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Að sjálfsögðu verða gefnar allar þær upplýsingar, sem hv. þm. óskaði eftir að gefnar yrðu, við meðferð málsins í fjh.- og viðskn. beggja deilda. Ég tel það svo sjálfsagt mál að ég taldi ekki þurfa að geta þess sérstaklega. Og að sjálfsögðu verður greiðsluheimildin að vera það rúm að unnt sé að greiða útflutningsbætur, svo að dæmi sé nefnt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Efri deild, 35. fundur.

Miðvikudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Lántaka vegna framkvæmda á sviði orkumála, frv. (þskj. 3, n. 147). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Tveir nefndarmanna voru fjarverandi og þrír skrifa undir nál. með fyrirvara.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég hef, eins og fram kom hjá hv. frsm., skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Við þrír nm. sjálfstæðismanna erum samþykkir fimm fyrstu greinum þessa frv. 6. greinin er um að ábyrgjast skuldabreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita olíufélögunum, og 7. gr. er um það, að fjmrh. er fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands til að fjármagna tímabundinn mismun tekna og gjalda ríkissjóðs, allt að 4.5 milljörðum kr. Þarna er um óskyldar greinar að ræða meginmáli þessa frv., sérstaklega 7. gr. Það, sem í henni felst, er ákvörðun tekin í tengslum við skattlagningu vinstri stjórnarinnar á s. l. ári. Viljum við, sem skrifum undir nál. með fyrirvara, vera óbundnir af því að samþykkja þessar greinar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið skrifaði ég undir nál. með fyrirvara, en í mínum huga náði fyrirvari minn nokkru lengra en kom fram í máli hv. 3. þm. Norðurl. e. Það er varðandi fyrstu fjórar greinar frv., sem fjalla um fjármögnun til orkumála. Ég er ekki að hafa á móti því sem frv. þetta gerir ráð fyrir, að aflað sé þess fjár til orkumála sem þar er greint, heldur vildi ég vekja athygli á því, hversu allt of skammt er gengið í þeim efnum í þessu frv. Það er vegna þess að sú ríkisstj., sem sat að völdum s. l. sumar, gekk allt of skammt, að mínu viti, í aðgerðum sínum til þess að hraða nauðsynlegum verkefnum í orkumálunum.

Alþt. 1979. B. (102. löggjafarþing).

Ég vil aðeins minna á í þessu sambandi, að í mars s. l. lagði ég ásamt fleiri þm. Sjálfstfl. fram á Alþ. þáltill. um auknar framkvæmdir í orkumálum á árinu 1979. Hæstv. iðnrh., sem nú er og var þá, tók mjög undir þau sjónarmið sem fram komu í framsöguræðu minni fyrir þessari till., og engin andstaða kom fram við þessa till., þó hún raunar fengi ekki afgreiðslu. Samkv. þessari till. var gert ráð fyrir að fjármagn til tiltekinna framkvæmda í orkumálum yrði aukið um tæpa 3 milljarða kr. Þessar framkvæmdir voru styrking dreifikerfis í sveitum, hitaveitur og fjarvarmaveitur, jarðhitaleit og sveitarafvæðing. Ástæðan fyrir þessari till. var sú, að hin mikla olíuverðshækkun, sem skall yfir um áramótin 1978—79, gerði knýjandi nauðsyn að gera stórt átak í þessum efnum og á þann veg að auka fjármagn það sem búið var að ákveða til þessara framkvæmda í fjárlögum og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979.

Það frv., sem hér liggur frammi, er til staðfestingar á brbl. frá 16. okt. Samkvæmt upplýsingum, sem við fengum í fjh.- og viðskn., fjallaði ríkisstj. ekki um þessi mál fyrr en í júní- eða júlímánuði og sá ekki ástæðu til þess að ganga lengra í þessu efni en frv. ber með sér. Og samkv. þeim upplýsingum, sem við nm. fengum þá, var gert ráð fyrir að fjármagn til styrkingar dreifikerfis í sveitum yrði aukið um 295 millj. kr., til hitaveitna og fjarvarmaveitna um 705 millj. kr. og til jarðhitaleitar um 250 millj. kr. Þetta fjármagn hefur verið afgreitt og komið að notum, nema 250 millj., sem gert var ráð fyrir til að auka fjármagn til jarðhitaleitar, hafa enn þá ekki verið afgreiddar, með þeim afleiðingum, að hvergi nærri hefur verið hægt að fullnægja óskum sem borist hafa Orkuráði um lán til jarðhitaleitar með borunum. Þó er það viðurkennt og augljóst, að ekkert er þýðingarmeira en einmitt að láta ekki standa á rannsóknum og jarðhitaleit.

Ég vildi lýsa yfir miklum vonbrigðum með þetta og láta það koma fram hér við umræðu þessa máls, að fyrirvari minn var síður en svo að telja eftir það sem gert hefur verið í þessu efni. Hann var fyrst og fremst um að leggja áherslu á að það hefði verið allt of lítið og allt of seint að gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 35. fundur.

Miðvikudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og lántaka á árinu 1980, frv. (þskj. 158, n. 160). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og

viðskn. hefur orðið við eindregnum tilmælum um að hraða afgreiðslu þess máls sem hér er til umræðu, og á fund nefndarinnar í morgun komu starfsmenn fjmrn. og gerðu grein fyrir þessu máli.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson og Svavar Gestsson, og þrír nefndarmanna, þeir Albert Guðmundsson, Karvel Pálmason og Matthías Á. Mathiesen, undirrita nál. með fyrirvara.

Það kom fram sú ósk í nefndinni, að gerð yrði grein fyrir greiðsluáætlunum ríkissjóðs í febrúar og mars. Starfsmenn rn. töldu nokkur tormerki á því að gera slíkt svo vel væri, en hins vegar munu þeir gera það eftir því sem þeir best geta og koma þeim upplýsingum á framfæri. Þeir upplýstu hins vegar að áætlað væri að útgjöld í febrúarmánuði gætu numið u. þ. b. 30 milljörðum kr. og tekjur 25 milljörðum og útgjöld í mars 30 milljörðum kr. og tekjur 21 milljarði, þannig að gert er ráð fyrir verulegum halla á þessum mánuðum, eins og oft áður á þessum tíma árs.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu máli. Það voru lögð fram gögn í nefndinni um framkvæmd laga nr. 98/1979, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði í janúarmánuði. Ég sé ekki ástæðu til að gera nákvæma grein fyrir þeim gögnum, en vil þó geta þess, að niðurstöður tekna og gjalda í janúarmánuði voru þær, að tekjur voru 20 milljarðar 777 millj. kr. og gjöld 20 milljarðar 879 millj. kr. og rekstrarhalli á þessum tíma því aðeins 102 millj. kr.

Þessum gögnum fylgir yfirlit um það, hvað var greitt og hvað var ekki greitt í þessum mánuði. Sé ég ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir því, en vil aðeins ítreka það, að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt, en nm. hafa ekki fengið þau gögn sem rn. hefur lofað okkur að muni koma til okkar varðandi greiðsluáætlun í febrúar og mars. Í sjálfu sér er þar fyrst og fremst um upplýsingaatriði að ræða til Alþingis og nefndarmanna og breytir ekki neinu efnislega varðandi þetta mál.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá fjh.- og viðskn. hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og ég tel rétt að gera grein fyrir hvers vegna það er gert. Það er þó rétt að taka fram strax að það er ekki vegna andstöðu við málið sem slíkt. Það er ekki talið óeðlilegt að í því ástandi, sem nú ríkir, sé farið fram á slíka greiðsluheimild sem hér er gert ráð fyrir. En ástæðan fyrir þeim fyrirvara, sem ég geri hér, er sú sem reyndar kom fram í máli formanns og frsm. nefndarinnar, að ekki lá fyrir áætlun um í hvað ætti að nota þær greiðslur sem hér er farið fram á.

Það verður að mínu viti að teljast eðlilegt að bæði nefnd og þingi sé gerð grein fyrir því, til hvers á að nota þær greiðslur sem hér er farið fram á að hæstv. ríkisstj. fái næsta 1½ mánuð. Þetta er svo sjálfsagt sem vera má. Við það bætist svo að sjálfsögðu að núv. hæstv. fjmrh. og flokkur hans gerðu eðlilega kröfu til þess í desembermánuði, þegar efnislega samhljóða frv. var hér til meðferðar, um bráðabirgðagreiðslur úr ríkissjóði, að lagðar yrðu á borðið um það upplýsingar, til hvers ætti að nota þá fjármuni. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. og hans flokkur, sem nú er kominn í ríkisstj., sé sama sinnis enn um það, að eðlilegt sé að Alþ. sé gerð grein fyrir til hvers eigi að nota þessa fjármuni.

Að vísu verður það að segjast, að engin slík krafa kom fram frá fulltrúum þess flokks í nefndinni, hver sem sú ástæða er. Það gæti, að ég held, haft áhrif á afstöðu þm. til þessa frv., í hvað ætti að nota þessar tilteknu greiðslur. Það er ekki einvörðungu um upplýsingamiðlun að ræða.

Nú stendur málið svo, að hér er komið til 2. umr. og engar upplýsingar hafa enn fengist frá fjmrn. eða ríkisstj. um það, í hvað eigi að nota þessa fjármuni. Menn standa því frammi fyrir því, hvort þeir vilja snúast gegn málinu á þeim forsendum að viðkomandi upplýsingar hafi ekki borist. Ég hef persónulega engan áhuga á slíkum vinnubrögðum. En ég held að hæstv. núv. ríkisstj. svo og aðrar ættu að temja sér þau vinnubrögð, að allar upplýsingar varðandi mál sem þessi svo og önnur gætu legið fyrir áður en endanlega er til þess ætlast, að alþm. taki afstöðu til málanna.

Ég taldi nauðsynlegt að gera með þessum örfáu orðum grein fyrir fyrirvara mínum sem byggist á þessu, að engar upplýsingar hafa borist um það enn, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir, til hvers á að nota þær greiðsluheimildir sem hér er farið fram á. Það er rétt að þingheimur viti það áður en afstaða er tekin í málinu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. það, sem hér hefur verið lagt fram af formanni og frsm. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, með fyrirvara og tel ástæðu til að gera nokkra grein fyrir þeim fyrirvara.

Ég vil taka það fram í upphafi máls míns, að ég er sammála því og tel nauðsynlegt, að hæstv. fjmrh. eða ríkisstj. fái þá greiðsluheimild sem um er beðið í 1. gr., og geri ekki athugasemd við það. Ég vil minna á að ég taldi óþarfa að tímasetja þá greiðsluheimild sem fráfarandi ríkisstj. fékk á sínum tíma, og ég tel óþarfa enn þá að tímasetja þessa greiðsluheimild, þó að dagsetning sé í henni og hún eigi að gilda til 3. apríl n. k. Við skulum vona að hv. Alþingi takist að koma saman fjárlögum fyrir þann tíma.

En það er 2. gr. frv. sem ég vil vara við. Í aths. um hana segir svo, með leyfi forseta: „Í málefnasamningi ríkisstj. er gert ráð fyrir að athugað verði um kaup innlánsstofnana á ríkissjóðsvíxlum og ríkisskuldabréfum til skamms tíma til þess að fjármögnun á árstíðabundnum halla ríkissjóðs verði sem mest utan Seðlabankans. Í samræmi við þetta er leitað eftir lagaheimild til slíkrar lántöku".

Ég er enn þá þeirrar skoðunar, að útgáfa á ríkisskuldabréfum eða — eins og hér segir — ríkissjóðsvíxlum sé löngu komin út fyrir öll þau bönd sem hinn almenni fjármagnsmarkaður hér á landi þolir. Og þar sem þessi árstíðabundnu vandamál ríkissjóðs hafa hingað til verið fjármögnuð af Seðlabankanum eingöngu, en Seðlabankinn er nú að sligast undir þeim byrðum sem ríkisstj. hvers tíma hefur sett á hans herðar, þá á nú að fara að seilast með þennan vanda inn á hinn almenna fjármagnsmarkað, þar sem eru hinar almennu opinberu innlánsstofnanir. Til viðbótar við þá bindiskyldu, sem er á viðskiptabönkunum við Seðlabankann, á nú að vísu ekki að skylda innlánsstofnanir til þess að kaupa þessa ríkissjóðsvíxla eða ríkisskuldabréf — þeir geta samkvæmt orðanna hljóðan neitað að gera það — en hugsunin er þó sú, að velta þessum vanda meira inn í viðskiptabankana en hingað til hefur verið og þar með fara í enn þá meiri samkeppni um hið almenna sparifé, sem stendur undir hinum frjálsa vinnumarkaði og at-

vinnufyrirtækjum almennt, en gert hefur verið hingað til.

Ég vil enn þá einu sinni úr þessum ræðustól minna á að það, sem skilið er eftir af peningum í veltu í viðskiptabönkunum, það sem ekki er bundið af innlánsaukningunni hverju sinni, það fé er vinnutæki þjóðarinnar. Þetta eru verkfæri sem viðkomandi aðilar og viðskiptalífið allt notar á sama hátt og iðnaðarmenn nota sín verkfæri. Ég lít á peninga sem vinnutæki, og ef við tökum meira af þessum vinnutækjum heldur en þegar er gert frá hinum almenna markaði, þá verður hann lamaður. Ég vil vara við því.

Að öðru leyti er ég sammála um þá heimild sem farið er fram á, þ. e. greiðsluheimildina sjálfa. Þó hefði ég getað gert athugasemdir við 3. gr. líka, þar sem enn þá kemur fram í stefnu þessarar ríkisstj. eins og annarra ríkisstj., að lánsfjármagnið til framkvæmda skuli sækja út á hinn almenna markað með aukinni sölu spariskírteina ríkissjóðs. Það er eiginlega sama málið og ég hef gert að umræðuefni í sambandi við 2. gr., svo að ég tel ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Það eru varnaðarorð, sem ég hef talað hér, við því að ráðast enn frekar inn á hinn frjálsa peningamarkað en þegar hefur verið gert með bindingu í Seðlabankanum á innlánsreikningum sparifjár í viðskiptabönkunum og svo þeirri sölu á ríkistryggðum bréfum sem þegar hafa verið sett á markaðinn. Auk þess hefur sala á þessum bréfum gengið svo illa að ég tel vafasamt að miklar framkvæmdir geti orðið á vegun hins opinbera ef það ætlar að treysta á þá sölu spariskírteina eingöngu eða að mestu leyti til framkvæmda á því kjörtímabili sem nú er að hefjast.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að á sínum tíma, þegar frv. um greiðsluheimildir kom til afgreiðslu í fjh.- og viðskn. í desembermánuði, voru lagðar fyrir nefndina þær forsendur sem reiknað var út frá í þeirri greiðsluáætlun sem þá var lögð fyrir, og þá var gert ráð fyrir rekstrarhalla í febrúarmánuði upp á 5 milljarða 871 millj. kr. Í morgun, þegar þessi mál voru rædd, gerðu starfsmenn ráðuneytisins ráð fyrir svipuðum halla. En út af fyrir sig er lítið annað hægt að gera en að ganga út frá tölum, sem í fjárlagafrv. eru, og reikna ákveðið hlutfall af þeim og eins ákveðið hlutfall af tekjum ársins. Greiðsluáætlunin getur ekki verið með öðrum hætti.

Ég vil geta þess, að í þeim lögum, sem voru samþykkt í desembermánuði, voru heimildirnar ekki bundnar við neina ákveðna upphæð, og töldu starfsmenn ráðuneytisins það nauðsynlegt. Hins vegar gerðu þeir ráð fyrir því á fundi nefndarinnar í morgun, að fylgt yrði svipaðri aðhaldsstefnu varðandi þessi mál þar til fjárlög lægju fyrir, samkv. þeim orðum, sem þar féllu, og upplýsingum sem voru gefnar í nefndinni. Það er ljóst, að það voru gefnar vissar upplýsingar á fundi nefndarinnar í morgun þó að væntanlega fáum við þær upplýsingar frekar útfærðar og skriflegar. Ég vonast til að við fáum þær í dag.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það hefur verið bent á það, m. a. í stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens, að til þess að geta náð árangri í stjórnun ríkisfjármála sé nauðsynlegt að gerðar verði strangari greiðsluáætlanir fyrir ríkissjóð innan hvers árs heldur en gert hefur verið, m. ö. o. að menn taki ekki áhættuna af því að ætla að vinna það upp á síðustu mánuðum ársins sem menn fyrirsjáanlega tapa á þeim fyrstu í ríkisfjármálunum — eða eins og vís maður hefur orðað það: að menn ætli ekki að gera vísvitandi út með taprekstri á parísarhjólinu, en hala það síðan inn á rekstri hringekjunnar.

Þegar lögð var fram beiðni hér í desembermánuði um bráðabirgðafjárgreiðsluheimildir fyrir ríkissjóð, þótti Alþ. sjálfsagt og eðlilegt að krefjast þess af fjmrh., sem um þær bað, að hann gæfi upplýsingar um hvernig hann ætlaði að haga útgreiðslum sínum, við hvaða greiðsluáætlun hann ætlaði að styðjast. Þetta var lagt fram. Þetta er ekki mjög flókið plagg. Það er á einni bls., var lagt fram 20. des. 1979 og var ekki mikill undirbúningur sem þurfti til að vinna þá áætlun út af fyrir sig. Miðað við þá greiðsluáætlun, sem þar var samin, var gert ráð fyrir að tekjur í janúarmánuði hjá ríkissjóði yrðu 19 milljarðar kr. rúmlega, gjöld 26.5 milljarðar, þannig að rekstrarhalli á ríkissjóði í janúarmánuði yrði 7.4 milljarðar kr.

Mér þótti sýnt að það væri svo ríkur stuðningur við aðhaldssama fjármálastjórnun, eins og m. a. fram hefur komið í stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens, að ég starfaði eftir talsvert strangari greiðsluáætlun en gert var ráð fyrir, með þeim afleiðingum, eins og hv. formaður fjh.- og viðskn. lýsti áðan, að tekjur og gjöld í janúarmánuði voru nánast hin sömu. Rekstrarhalli ríkissjóðs varð því ekki 7.5 milljarðar, eins og gert var ráð fyrir, heldur rúmar 100 millj. kr.

Ég held að vart geti farið hjá því, að hæstv. ríkisstj. vilji gjarnan halda áfram slíkri aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum, a. m. k. ef marka má stjórnarsáttmála hennar. Það hefur komið hér fram hjá hv. formanni fjh.- og viðskn., að gert sé ráð fyrir því varaðandi greiðslur úr ríkissjóði þann tíma sem greiðsluheimildirnar taka til, til 3. apríl n. k., að starfað verði með svipuðum hætti og sú greiðsluáætlun gerði ráð fyrir sem lögð var fyrir fjh.- og viðskn. 20. des. s. l. Í því sambandi vil ég aðeins vekja athygli á því, að utan greiðsluheimilda eru þá taldar t. d. vegagerðarframkvæmdir allar eins og þær leggja sig, nýjar hreinar ríkisframkvæmdir, nýjar framkvæmdir sem kostaðar eru af fleiri aðilum en ríkinu, allir fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga, allir fjárfestingarstyrkir til einstaklinga og öll framlög til fjárfestingarsjóða.

Ég spurði um það í gær, hvort ríkisstj. treysti sér til þess að athuguðu máli að halda við slíka greiðsluáætlun, hvort hún treysti sér t. d. til þess, að ekki yrði hægt fyrir 3. apríl n. k. að greiða svo mikið sem eina krónu vegna vegagerðarframkvæmda, sem mun, ef að öllum líkum lætur, verða talsverður þrýstingur á að hefjist fyrir þann tíma. Ég tel með öllu útilokað að afgreiða þetta mál á Alþ. öðruvísi en a. m. k. einhver yfirlýsing liggi fyrir um það frá hæstv. fjmrh. — þó svo að honum hafi ekki gefist tími til að semja neina slíka greiðsluáætlun — hvort hann, þegar hann fær nú þessar heimildir sem ég tel sjálfsagt að veita honum, muni halda sér við þá greiðsluáætlun, sem lögð var til grundvallar þeim bráðabirgðafjárgreiðsluheimildum sem veittar voru í desembermánuði, eða hvort hann hyggst framkvæma þetta með einhverjum öðrum hætti, t. d. að láta þessar greiðsluheimildir ná til fjárfestingarframkvæmda og þá hverra.

Ég vil gjarnan biðja hæstv. fjmrh. um það, þó að ekki hafi gefist tími til að leggja fram þetta plagg hér eða ígildi þessa plaggs, sem ekki er langt eða flókið, að svara eftirfarandi spurningum: Treystir hæstv. ráðh. sér til að framkvæma í stórum dráttum þá greiðsluáætlun sem

starfað hefur verið eftir í fjmrn. undanfarinn hálfan annan mánuð? Hyggst hann víkja frá þeirri greiðsluáætlun? Ef svo er, ef hann hyggst taka inn í sína greiðsluáætlun einhverjar fjárfestingarframkvæmdir, þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt fyrir Alþ. að vita af því. Ég vil láta það koma fram, að ég tel mjög vafasamt að veita ríkisstj. greiðsluheimildir til nýrra fjárfestingarframkvæmda, því að það er meginviðfangsefni Alþingis og fjvn. að afgreiða slík mál.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Karvel Pálmason hélt því fram áðan, að engar upplýsingar hefðu verið gefnar í fjh.- og viðskn. Nd. um væntanlegar greiðslur í samræmi við þá greiðsluáætlun sem hér er til umræðu. Auðvitað er þetta á nokkrum misskilningi byggt. Ef hv. þm. hefur setið þann fund sem hér um ræðir, þá veit hann jafnvel og aðrir að á þeim fundi gaf starfsmaður fjmrn. upplýsingar um það, hvernig þessi heimild yrði nýtt. M. a. veitti hann upplýsingar um það, hverjar væru áætlaðar greiðslur í þessum mánuði og hinum næsta. Hitt er ljóst, að fjmrn. treystir sér ekki til að leggja fram sundurliðaða og nákvæma greiðsluáætlun fyrir þennan mánuð og hinn næsta. Til þess að unnt sé að leggja slíka greiðsluáætlun fram þarf miklu lengri undirbúningstíma og fjmrn. skortir upplýsingar sem þarf til þess að geta sett saman af einhverri nákvæmni greiðsluáætlun af þessu tagi.

Ef Alþ. gerir kröfu til þess að fá sundurliðaða greiðsluáætlun í hendur, þá er alveg ljóst að hún verður ekki fyrirliggjandi fyrr en eftir helgi, og það þýðir þá í raun að Alþ. tekur ákvörðun um það að loka ríkiskassanum fram í næstu viku, með þeim afleiðingum sem það hlýtur að hafa.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. fjmrh., gerði grein fyrir því á fundi deildarinnar í gær að fjmrn. hefði lagt fram greiðsluáætlun við afgreiðslu málsins fyrir jól. Hann vitnaði reyndar í þessa greiðsluáætlun áðan og hafði hana bersýnilega í sínum höndum. Hann fullyrti í gær að samkv. þessari greiðsluáætlun hefði verið óheimilt að greiða t. d. útflutningsbætur. En þarna fór hann ekki með rétt mál. Ég hef séð þetta plagg og veit að þetta er sama plaggið og hann hefur í höndum og samkv. því er beinlínis fram tekið að heimilt sé að greiða útflutningsbætur.

Hitt er allt annað mál, að eftir að greiðsluheimildin hafði verið samþykkt í þinginu túlkaði fyrrv. ráðh. greiðsluheimildina á þann veg, að sér væri ekki heimilt að greiða útflutningsbætur, sem er að sjálfsögðu allt annað mál. En að þingið eða nefndin hafi sett honum stólinn fyrir dyrnar við meðferð málsins í nefnd fyrir jól, það er alls ekki rétt og enn síður rétt að fjmrn. hafi lagt það fyrir, Þetta var persónuleg túlkun ráðh. og við hana hélt hann mjög fast, eins og hér hefur komið fram. Þetta hefur fyrrv. ráðh. básúnað út sem aðhaldssama fjármálastjórn og segir að sér leiki forvitni á að vita hvort nýi ráðh. muni fylgja jafnaðhaldssamri fjármálastjórn, að neita að greiða lögbundnar greiðslur svo og svo lengi. Ég get upplýst það hér, að ég tel að fjármálastjórn af þessu tagi geti tæpast flokkast undir aðhald, þar sem um lögbrot er að ræða, og ég tel að „aðhaldsöm fjármálastjórn" af þessu tagi sé með öllu óframkvæmanleg til lengdar. Það er hægt að vera með reikningskúnstir af þessu tagi í nokkrar vikur og sýna fram á að ríkið hafi ekki safnað skuldum einfaldlega vegna þess að lögbundnir reikningar hlaðast upp í fjmrn. og fjmrh. neitar að greiða þá. En það segir sig nokkuð sjálft, að gersamlega er útilokað að halda slíku áfram í tvo mánuði í viðbót.

Ég vil taka það fram, að ég tel alveg óhjákvæmilegt að í vissum tilvikum verði um að ræða greiðslur til fjárfestingarframkvæmda, svo að dæmi sé nefnt, eins og hv. þm. spurði um áðan. Ég held að ekki sé hægt að binda hendur fjmrn. að þessu leyti, að ekki megi ein einasta króna fara til undirbúnings fjárfestingarframkvæmda á komandi ári, einfaldlega vegna þess að það er verið í ýmsum stofnunum að undirbúa verk sem er auðvitað alveg fullljóst að ráðist verður í, og það er ekki hægt að stöðva slíkan undirbúning með öllu fram í aprílmánuð. Það mundi hafa hinar verstu afleiðingar. Auðvitað segir það sig sjálft, að framkvæmdatíminn hjá hinum ýmsu stofnunum er ekki hafinn enn og hefst ekki fyrr en á vormánuðum, og er því ekki um það að ræða að fjmrn. muni fara að greiða fjármagn út í stórum stíl til fjárfestingarframkvæmda. Hins vegar er ekki hægt að loka þarna algerlega fyrir og þar af leiðir að greiðsluheimildarbeiðnin er alls ekki orðuð á þann veg að hún útiloki greiðslur af þessu tagi. Ég held að málið sé ósköp einfaldlega komið í þann hnút, að ekki sé um annað að ræða fyrir þingið en annaðhvort samþykkja þetta greiðsluheimildarfrv. eins og það liggur fyrir ellegar þá að taka málið allt til nákvæmrar athugunar á næstu viku eða 10 dögum, og þá þýðir það, eins og ég nefndi áðan, að Alþ. lokar ríkiskassanum þennan tíma, með þeim afleiðingum sem það hlýtur að hafa.

Ég vildi aðeins að lokum víkja að nokkrum atriðum sem komu fram í máli hv. þm. Alberts Guðmundssonar, 3. þm. Reykv. Hann vék að 2. gr. frv. þar sem fjmrh. er heimilað að selja innlánsstofnunum ríkissjóðsvíxla eða ríkisskuldabréf. Hér er um að ræða lántöku til skamms tíma, það er rétt að undirstrika það. Hér er um að ræða lántöku til skamms tíma sem er fyrst og fremst ætluð til þess að reyna að draga úr árstíðabundinni skuldasöfnun ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þessi sala ríkissjóðsvíxla eða ríkisskuldabréfa hefur auðvitað einhver ákveðin áhrif á fjármagnsmarkaðinn, en ég held að flestir — og það menn úr öllum flokkum — séu sammála um að hin mikla skuldasöfnun ríkissjóðs í Seðlabankanum á fyrstu mánuðum ársins sé ákaflega óheppileg og mjög hyggilegt sé af efnahagslegum ástæðum að reyna að draga úr henni.

3. gr. fjallar hins vegar um heimild ríkissjóðs til þess að selja innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini og hér er um að ræða lántöku til lengri tíma. Þessi heimild er vissulega nokkurs annars eðlis. En hún er að sjálfsögðu hugsuð í þeim tilgangi að draga úr erlendum lántökum, og ég held líka að flestir séu sammála um að það sé nauðsynlegt og skynsamlegt markmið að reyna að draga úr erlendum lántökum eins og nokkur kostur er, reyna að afla innlends lánsfjár eftir því sem tækifæri gefst til.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fjölyrða að öðru leyti frekar um þetta mál. Ég held að upplýsingar hafi verið gefnar í n. í morgun um það, hverjar væru í grófum dráttum áætlaðar greiðslur úr ríkissjóði samkv. þessari heimild í febr. og mars. Vissulega er hægt að sundurliða þessar greiðslur þannig, að þessari heildarupphæð sé skipt á aðalútgjaldaliði fjárlaga, og það er það plagg sem ég tel að sé væntanlegt úr fjmrn. innan tíðar. En eins og ég sagði áðan er vonlaust með öllu að gera kröfur til þess, að fjmrn. leggi í dag eða á morgun fram

sundurliðaða nákvæma greiðsluáætlun fyrir næstu tvo mánuði. Það þarf áreiðanlega langan tíma til að undirbúa slíka áætlun, og ef þingið gerir kröfu til þess, þá hlýtur það að hafa þær afleiðingar að ekkert verður greitt úr ríkissjóði næstu vikuna a. m. k.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram að hér var ekki í des. og er ekki nú beðið um nákvæma sundurliðaða greiðsluáætlun um einstök verk. Eins og allir þm. væntanlega þekkja er útgjöldum fjárlaga skipt í tiltekna málaflokka, sem ekki eru mjög margir. Eftir að gerð hefur verið verið sú grófa greiðsluáætlun, sem lögð var fyrir 20. des. 1979, er eftir innan við dagsverk. Það er nánast ráðherrans að ákveða hvort hann ætlar að fylgja þeirri skiptingu, sem þar er, eða ekki eða ákveða hvaða breytingar hann vill á henni gera.

Áætlunin, sem miðað var við, er á einni lítilli bls., um 20 línur eða svo. Þar kemur fram að greiðsluheimildir samkv. þeirri heimild, sem Alþ. veitti, nái til launa, annarra rekstrargjalda, viðhalds, vaxta, almannatrygginga, niðurgreiðslna, útflutningsbóta, olíustyrks, annarra rekstrartilfærslna, hreinna ríkisframkvæmda, framkvæmda kostaðra af fleiri aðilum og framlaga til lánagreiðslna. Málið er einfaldlega unnið þannig að tekin er fjárhæðin, sem var til þeirra liða í fjárlögum ársins 1979, hún lögð saman, reiknaður $^{1}/_{12}$ af samtölunni, gert ráð fyrir að útkoman sé það sem greitt er í hverjum mánuði. Utan greiðsluheimildar verða hins vegar vextir af yfirdráttarskuld, vegagerðarframkvæmdir, nýjar hreinar ríkisframkvæmdir, nýjar framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum, fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga, fjárfestingarstyrkir til einstaklinga og framlög til fjárfestingarlánasjóða. Hið einfalda verk er að taka ákvörðun um og skýra þinginu frá því, hvort eigi að starfa í stórum dráttum eftir þessari greiðsluáætlun eða ekki. Það þarf hvorki 10 daga né viku til að ákveða sig. Hæstv. ráðh. getur nánast ákveðið sig þar sem hann situr þarna í stólnum. Hann hefur greiðsluáætlunina, sem lögð var fyrir þingið með þessum hætti fyrir nokkrum vikum, og hann þarf að gera þá einföldu spurningu upp við sig hvort hann ætli að fylgja henni í stórum dráttum eða ekki. Ef hann ætlar ekki að gera það, hverju ætlar hann þá að breyta í hinni mjög svo einföldu áætlun? Þetta ætti væntanlega að liggja öllum þm. ljóst fyrir. A. m. k. liggur það ljóst fyrir í mínum huga.

Ég vil aðeins taka fram í þessu sambandi, að það hefur aldrei gerst samkv. þeim upplýsingum sem ég fékk, það eru þá ný vinnubrögð á Alþ., að ríkisstj. sem fær bráðabirgðagreiðsluheimild í hendur, haldi þannig á málunum að hún verji fé úr ríkissjóði til greiðslu stofnkostnaðar eða til nýrra fjárfestingarframkvæmda. Það hefur aldrei gerst áður, og koma þá nýir siðir með nýjum herrum, einfaldlega vegna þess að bráðabirgðagreiðsluheimildir eru veittar af því að fjárlög eru ekki til, fyrst og fremst til þess að hjólin í samfélaginu geti haldið áfram að snúast, fyrst og fremst til að heimila ríkisstj. að greiða launakostnað og launatengd gjöld og standa við skuldbindingar sem ríkisstj. hefur áður gert, t. d. við verktaka og aðra slíka. Það hefur hins vegar aldrei gerst, ég lét kanna það sérstaklega þegar ég bað um greiðsluheimild, — það hefur aldrei gerst í þingsögunni að fjmrh. hafi óskað eftir óútfylltri ávísun frá þinginu svo að hann gæti hafið greiðslur á stofnkostnaðarframlögum eða nýjum fjárfestingum ef honum dytti í hug. Hvað þýðir það? Það þýðir einfaldlega að þá er ekki lengur nein pressa á ríkisstj. að láta afgreiða fjárlög. Tíu þm. eru þá komnir með fjárveitingavaldið eins og það leggur sig, — þeir tíu þm. sem sitja í ráðherrastólunum. Þegar fjárlög koma til afgreiðslu gæti ríkisstj. verið búin að taka stefnumarkandi ákvörðun um allar þær framkvæmdir sem ætti að ráðast í á árinu 1980. Alþ. hefði þá nánast ekkert að gera.

Ég vil taka fram, að það, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. áðan í þessu sambandi, að menn mættu alveg eins eiga von á því að hann hæfi greiðslur úr ríkissjóði, stangast gersamlega á við þær upplýsingar sem starfsmenn hans, embættismenn í fjmrn., hafa veitt á fundi fjh.- og viðskn. og formaður hennar greindi frá áðan. Ég tel að það sé alger lágmarkskrafa Alþingis, ef yfirlýsingar liggja frammi frá hæstv. fjmrh. um að hann hugsi sér að nota bráðabirgðagreiðsluheimild svona, þá á hann skilyrðislaust að greina Alþingi frá, hvaða fjárfestingarframkvæmdir og stofnkostnaðarframlög hann hefur í huga. Ég segi alveg eins og er, að ef þetta er ekki bara misskilningur hjá hæstv. ráðh., heldur ætlun hans að taka upp þá nýju siði að gerast ásamt hinum nýju félögum sínum nánast einvaldur um nýjar framkvæmdir á Íslandi, þannig að ekki sé lengur neinn þrýstingur á það af hálfu ríkisstj. að ganga frá fjárlögum, hún ætli sér að hefja greiðslur á stofnkostnaði og greiðslu á kostnaði við nýjar framkvæmdir og telji það rúmast innan þeirra bráðabirgðagreiðsluheimilda sem Alþ. veitir henni, þá mun ég endurskoða hug minn um afstöðu til þessa máls.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held að það sé misskilningur hæstv. fjmrh., að ég hafi sagt áðan að engar upplýsingar hefðu komið fram á fundi fjh.- og viðskn. í morgun frá starfsmönnum fjmrn. Formaður fjh.- og viðskn. greindi frá því áðan, hvaða upplýsingar komu þar fram, m. a. að þar voru nefndar fjórar tölur, tvær um tekjuhliðina og tvær um útgjaldahliðina hinn tiltekna tíma. Það, sem óskað var eftir á þessum fundi ítrekað, var að n. fengi beinagrind af sundurliðaðri greiðsluáætlun hliðstæðri þeirri sem m. a. fulltrúar í fjh.- og viðskn. úr þingflokki hæstv. núv. fjmrh. gerðu kröfu til að fá í des. s. l. Mér virðist þetta vera eitt ljósasta dæmið um hvernig menn breyta afstöðu til mála eftir því, hvort þeir eru í ráðherrastól eða hvort þeir eru óbreyttir þm. og í stjórnarandstöðu. Hér er verið að óska eftir nákvæmlega því sama og hæstv. núv. fjmrh. og flokksbræður hans gerðu í des. s. l., sem var sjálfsagt að mínu áliti. Nú er verið að óska eftir nákvæmlega því sama, en þá stendur hæstv. fjmrh. þversum fyrir og segir að ekki sé hægt að verða við slíku nema þá því aðeins að það taki viku til 10 daga. Þetta er eitt ljósasta dæmið um hvað menn virðast vera fljótir að hafa buxnaskipti eftir því hvort þeir sitja í ráðherrastól eða hvort þeir sitja í þingmannsstól hér á hv. Alþ. Og það er eins gott að í ljós komi hverjir ráða ferðinni í þeim buxnaskiptum. Það er núna hæstv. fjmrh. sem hvað harðast gengur fram í því. (Gripið fram í.) Það skyldi nú ekki vera að hann stæði upp berstrípaður áður en lýkur.

Ég trúi því ekki, þó að hæstv. fjmrh. lýsi því hér yfir, að ekki sé hægt að leggja fram álíka sundurliðaða greiðsluáætlun nú og gert var í des. s. l. Ég hef enga trú á því. Og eftir þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf áðan um að honum finnist a. m. k. líklegt eða í vissum tilfellum muni

ekki vera hægt að komast hjá því að um fjárfestingarframkvæmdir yrði að ræða, finnst mér ekki óeðlilegt að þm. almennt vilji fá að sjá í hvaða tilfellum yrði um fjárfestingarframkvæmdir að ræða. Ég held a. m. k. að fjh.- og viðskn.-menn hafi ekki skilið málið svo, að það ætti að vera um neitt nýtt að ræða umfram það sem gert var ráð fyrir í des. s. l. En mér fannst fullkomlega koma fram hjá hæstv. fjmrh. að slíkt gæti orðið. Ef hann lýsir því yfir, að hann ætli að fylgja fyrirmynd Alþfl. í sambandi við þetta og leggja til grundvallar þá greiðsluáætlun sem var gerð í vetur, horfir málið auðvitað öðruvísi við, því að þar hafa menn þó eitthvað á blaði um hvað verið er að tala, en ekki eingöngu almennar yfirlýsingar og í grófum dráttum tvær tölur að því er varðar tekjuhlið og útgjaldahlið málsins.

Mér finnst því að ekki sé að ástæðulausu að þm. almennt geri þá kröfu til ríkisstj., hver sem hún er, að hún leggi á borðið einhverjar upplýsingar þegar verið er að fara fram á heimildir eins og um ræðir í þessu tilfelli. Það er ekki til of mikils ætlast. Og það á ekki að skipta máli hvaða einstaklingur situr í ráðherrastól að því er varðar fjmrn. Mér virðist þó, að það sé farið að skipta máli fyrir hæstv. núv. fjmrh. hvaða einstaklingur það er sem í stólnum situr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef grun um að fleiri en mér þyki einkennilegur hávaði út af þessu máli. Kjarni málsins er auðvitað ósköp einfaldlega sá, að fjmrn. hefur lagt fram áætlun um heildargreiðslur samkv. lagaheimildinni í febrúarmánuði og mars og þær heildargreiðslur eru í grófum dráttum byggðar á útgjöldum samkv. fjárlagafrv. því sem Tómas Árnason, fyrrv. fjmrh., lagði fram í haust. Að sjálfsögðu er þar gert ráð fyrir að heildargreiðslurnar verði í hverjum einstökum málaflokki í nokkuð réttu hlutfalli við útgjöld í fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar miðað við hvern útgjaldaflokk fyrir sig. Eins og ég sagði áðan er vafalaust von á sundurliðuðu plaggi sem geri nánar grein fyrir hvernig heildargreiðsluáætlunin skiptist. En þar er um mjög grófa skiptingu að ræða, svo grófa að það er auðvitað tæpast hægt að kalla slíkt greiðsluáætlun, það væri frekar að kalla það greiðsluyfirlit. Ég hef sagt það og segi enn, að það stendur að sjálfsögðu ekkert á því að leggja plagg af þessu tagi fram. En ef menn ætla að fá raunverulega sundurliðaða greiðsluáætlun hljóta menn að þurfa að bíða í talsvert marga daga eftir að hún verði tilbúin.

Svo var það innlegg fyrrv. fjmrh. út af fjárfestingarframkvæmdunum, sem áreiðanlega hefur komið fleiri en mér spánskt fyrir sjónir. Hann segir að það hafi aldrei áður gerst að fjmrh. hafi fengið heimild til greiðslu á fjárfestingarframkvæmdum. Hv. síðasti ræðumaður, Karvel Pálmason, spyr sérstaklega hvort ætlunin sé að heimildin nú verði nýtt á annan veg en sú heimild sem veitt var í desembermánuði, hvort það eigi að fara að greiða fé úr ríkissjóði til fjárfestingarframkvæmda sem ekki hafi áður verið ætlunin. Ég sé á öllu að menn eru að tala um hluti sem þeir hafa ekki ýkjamikið kynnt sér. Ef við lítum á frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, sem varð að lögum í desembermánuði, segir þar í 3. gr., með leyfi forseta:

„Fjmrh. f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að 12 þús. millj. kr. á árinu 1980 og verja andvirði þess í samráði við fjvn. til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum."

Þetta hefur þingið þegar samþykkt. Það þarf ekki að fimbulfamba frekar um það á Alþ., hvort fjmrh. hafi eða eigi að hafa rétt til að greiða úr ríkissjóði til fjárfestingarframkvæmda. Það er auðvitað alveg ljóst af þessari heimild.

Skýringin er gefin í því frv., sem fyrrv. fjmrh. lagði fram, hvernig á því standi að veita þurfi heimild af þessu tagi. Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Heimildar til lántöku er leitað til þess að halda megi áfram þeim verkefnum sem þegar eru hafin. Langveigamest verkefni eru á sviði orkumála. Afla verður fjár til áframhaldandi framkvæmda við Vesturlínu, en sú framkvæmd nálgast nú lokastig. Hliðstæðu máli gegnir um ýmsar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Gjaldfallinn fjármagnskostnaður við byggðalínur er umtalsverður á fyrri hluta ársins 1980 og því nauðsynlegt að fjár verði aflað til að inna þær greiðslu af hendi."

Síðan er fjallað um ýmsar fjárfestingarframkvæmdir sem nauðsynlegt sé að verja fé til, og þarf ég ekki að lesa frekar.

Auðvitað er málið þannig, að nú eins og þá er óhjákvæmilegt að greiðslur eigi sér stað úr ríkissjóði til fjárfestingarframkvæmda. Fyrrv. fjmrh. lokaði hins vegar algerlega á slíkt. Ég var að upplýsa það hér áðan, að ég mundi telja óhjákvæmilegt að nýta þær heimildir sem berum orðum eru teknar fram í lögunum eins og þau liggja nú fyrir, vegna þess að undan því verði ekki vikist á næstu tveimur mánuðum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér virðist ýmislegt óljóst í málflutningi hæstv. ráðh. um hvað hann ætlar sér að gera á næstu vikum í sambandi við útgjöld úr ríkissjóði. Ég vil leggja þá fsp. fram og óska að fá upplýsingar um það, hvaða hugmyndir hann hefur gert sér varðandi niðurgreiðslur á þeim sex vikum sem hann fer fram á greiðsluheimildir til, hvort hann búist við að niðurgreiðslur verði hækkaðar 1. mars, hvort hann búist við að fara í þeim efnum eftir fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar, sem að vísu hefur ekki verið lagt fyrir þetta þing, eða hvað hann hyggist gera í þeim efnum.

Ég vil svo þiggja hans góða boð að fá í hendur greiðsluyfirlit frá fjmrn., þó að það dragist í 7 daga eða 10 daga, og vænti þess að hann sendi þm. það strax og það verður tilbúið, fyrir febr. og mars, svo að við getum haft það í höndum.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Aths. mín verður örstutt, því að ég nenni satt að segja ekki að halda áfram að elta ólar við hæstv. fjmrh.

Er það ekki alveg ljóst, að skilin á milli þess, sem er heimilt að greiða í greiðsluheimildum, og þess, sem ekki er heimilt, eru þau, að fjmrh. hefur aldrei fengið heimildir Alþingis til að hefja greiðslur til nýrra stofn- eða *fjárfestingarframkvæmda*? Það, sem segir í umræddum lögum sem hæstv. ráðh. var að vitna til rétt áðan, er að fjmrh. hafi heimild til að afla 12 þús. millj. kr. láns erlendis frá til þess að hægt verði að halda áfram framkvæmdum sem Alþ. hefur þegar tekið afstöðu til, svo sem eins og Vesturlínu, svo sem eins og hitaveituframkvæmdum ýmissa sveitarfélaga og fleiru slíku. Er gersamlega útilokað að hæstv. fjmrh. fáist til að skýra frá því, hvort hann ætli að hafa einhvern annan hátt á málunum af sinni hálfu, fái hann þessar greiðsluheimild-

ir, en aðrir fjmrh. hafa haft sem Alþ. hefur veitt slíkar greiðsluheimildir fyrr? Og er útilokað að hæstv. fjmrh. vilji skýra frá því, hvort hann ætli að fylgja í stórum dráttum þeirri greiðsluáætlun, sem fylgt var af fjmrn. s. l. 1 ½ mánuð, eða hvort hann ætli að breyta henni í þá átt sem hann er að gefa til kynna óbeint að hann hyggist gera og þá í fyrsta skipti í þingsögunni?

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil aðeins vekja athygli á því, að ef leyft verður af hv. d. er ætlunin að taka þetta mál til 3. umr. á eftir þannig að mönnum gefst kostur á að hrinda öndinni frá sér þá líka.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Mér finnst ástæðulaust að eyða svo miklu máli sem raun ber vitni í þetta frv. Mér finnst lögin vera mjög ljós. Í 1. gr. segir:

„Þá er ríkisstj. heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins."

Og í 3. gr. laganna stendur:

„Fjmrh. f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að 12 milljörðum kr. á árinu 1980 og verja andvirði þess í samráði við fjvn. til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyritækja".

Þessar framkvæmdir voru lagðar fyrir fjh.- og viðskn. í des. s. l. og ég er með yfirlit um þær hér á blaði. Þar er bæði um að ræða framkvæmdir í gangi og nýjar framkvæmdir. Ég get nefnt sem dæmi, að reiknað er með að í jan. og febr. verði varið til Landsvirkjunar 263 millj. og til Lánasjóðs ísl. námsmanna 700 millj. Þetta var sundurliðað þá og er háð samþykki fjvn., þannig að slíkt kemur til meðhöndlunar þar og peningar þessir verða ekki greiddir nema að fengnu samþykki fjvn. Um þetta er ekki gerð nein brtt. Mér sýnist því að þetta atriði liggi tiltölulega ljóst fyrir í þeim lögum sem nú er verið að framlengja.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 7. landsk. þm., Halldórs Blöndals, um niðurgreiðslur vil ég aðeins segja að niðurgreiðslur greiðast auðvitað út alla mánuði ársins og mun verða svo áfram. Hins vegar er fyrirheit í málefnasamningi ríkisstj. um að niðurgreiðslum verði breytt í það horf að þær nemi föstu hlutfalli af söluandvirði landbúnaðarvara. Það skipulag verður tekið upp á þessu ári. (Gripið fram í.) Nei, það hefur ekki verið ákveðið hvert hlutfallið verður, og það hefur ekki heldur verið ákveðið hvenær slíkt skipulag verður tekið upp. Það verður annaðhvort tekið upp 1. mars eða 1. júní, en að öðru leyti hefur ekki verið ákveðið hversu hátt hlutfallið verður, sem reynt verður að halda fast við, eða hvenær það kemur til framkvæmda.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að eyða orðum að máli hv. fyrrv. fjmrh. Ég tel að formaður fjh.- og viðskn. hafi svarað því sem eftir var hugsanlega að svara af máli hans.

Hann spurði að lokum hvort ég mundi fylgja greiðsluáætlun fyrrv. fjmrh. Ég svara þeirri spurningu neitandi, því þar var ekki um neina venjulega greiðsluáætlun að ræða, heldur að verulegu leyti greiðslustöðvun lögbundinna framlaga. Ég teysti mér ekki til að standa að slíku fyrirkomulagi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði, að það væru margir lausir endarnir hjá hæstv. fjmrh. eins og þessari ríkisstj. yfirleitt.

Ég vil að gefnu tilefni aðeins taka það fram, að ég lít svo á að í þeirri greiðsluheimild, sem hér er um að ræða, felist ekki stórhækkun á niðurgreiðslum né gerbreyting á útgjöldum ríkissjóðs frá því sem verið hefur og ef til slíks kemur á þessu tímabili sé óhjákvæmilegt fyrir ríkisstj. að leggja það sérstaklega fyrir Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.— 4. gr. samþ. með 23:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 115, n. 159). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem flutt er af þeim hv. þm. Jóni Helgasyni, Gunnari Thoroddsen, Helga Seljan og Karli Steinari Guðnasyni. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt og er það samhljóða og án allra fyrirvara, en fjarverandi afgreiðslu málsins voru Matthías Á. Mathiesen og Svavar Gestsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Neðri deild, 36. fundur.

Miðvikudaginn 13. febr., að loknum 35. fundi.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og lántaka á árinu 1980, frv. (þskj. 158). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru bara nokkur orð.

Enda þótt að ekki sé fyllilega ljóst hvers konar heimild er verið að veita hæstv. fjmrh., fyrst og fremst vegna þess að honum er ekki fyllilega ljóst sjálfum um hvað hann ætlar sér að biðja, ætla ég engu að síður að greiða þessu frv. atkv. í trausti þess að hann framfylgi þeirri greiðsluheimild, sem honum verður veitt, ekki verr en aðrir fjmrh. undir slíkum kringumstæðum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 115). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 161).

Efri deild, 36. fundur.

Miðvikudaginn 13. febr., kl. 5.30 síðdegis.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og lántaka á árinu 1980, frv. (þskj. 158). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þegar ljóst var í des. s. l. að fjárlög fyrir árið 1980 yrðu ekki afgreidd fyrir upphaf fjárlagaársins var þáv. ríkisstj. með lögum nr. 98 31. des. 1979 veitt heimild til þess að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við fjárlög fyrir árið 1979, en að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Enn fremur var ríkisstj. heimilað að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins. Heimildir þessar skyldu gilda þar til fjárlög fyrir árið 1980 tækju gildi, þó ekki lengur en til 15. febr. 1980. Með framangreindum lögum var fjmrh. enn fremur heimilað að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins svo og til að taka allt að 12 000 millj. kr. lán til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga og samtaka á þeirra vegum.

Nú er ljóst að fjárlög fyrir árið 1980 verða ekki afgreidd fyrir 15. febr. n. k., enda aðeins tveir dagar til stefnu. Ber því brýna nauðsyn til að framlengja gildi þessara laga, þannig að ekki komi til greiðslustöðvana hjá ríkissjóði þegar n. k. föstudag, en það er útborgunardagur eins og margir munu vita.

Í 1. gr. þessa frv. er lagt til að greiðsluheimildir laganna verði framlengdar til 3. apríl n. k., sem er skírdagur, í trausti þess að þá verði Alþ. búið að afgreiða fjárlög fyrir yfirstandandi ár. Þegar lögin, sem hér er verið að gera brtt. við, voru fyrst borin fram hér á Alþ. í frumvarpsformi var beðið um ótímabundna heimild. En það varð að samkomulagi í þinginu að heimildin yrði tímabundin. Ég tel rétt einnig nú að hún sé tímabundin, vegna þess að það er eðlilegt og sjálfsagt að Alþ. veiti sjálfu sér aðhald og einsetji sér að afgreiða fjárlög ekki síðar en fyrir páska.

Í 2. gr. frv. er lagt til að fjmrh. verði veitt heimild til að selja innlánsstofnunum ríkissjóðsvíxla eða ríkisskuldabréf. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem kemur fram í málefnasamningi ríkisstj., að fjármögnun á árstíðabundnum halla ríkissjóðs verði sem mest utan Seðlabankans.

Og í 3. gr. frv. er lagt til að fjmrh. verði veitt heimild til að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 5 600 millj. kr. Gert hefur verið ráð fyrir að verulegur hluti þess fjár, sem ætlað er til lánsfjármagnaðra framkvæmda innanlands á þessu ári, komi af sölu spariskírteina ríkissjóðs.

Undanfarin ár hefur hluti þeirra spariskírteina sem til sölu voru, einmitt verið settur á markað í marsmánuði. Þar sem því miður er óvíst hvort fjárlög verða afgreidd fyrr en rétt dagana fyrir páska, er óhjákvæmilegt að leita þessarar lagaheimildar nú þannig að hægt sé að bjóða spariskírteini til sölu á hagstæðum tíma.

Við meðferð málsins í Nd. mætti fulltrúi fjmrn. á fundi fjh.- og viðskn. Nd. Ég veit satt að segja ekki hvort fjh.- og viðskn. Ed. var þar nærstödd, en á þessum fundi voru upplýsingar veittar um þá greiðsluheimild sem hér um ræðir. Gert hefur verið ráð fyrir að greiðsluáætlun verði miðuð í grófum dráttum við það fjárlagafrv. sem fyrrv. fjmrh., Tómas Árnason, lagði fram hér í þinginu í haust, — það verði sú viðmiðun sem greiðsluáætlunin miðist við. Og þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að ekki sé farið út fyrir þann ramma, sem þar er markaður, í hverjum mánuði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. þetta. Ég tel víst að fjh.- og viðskn. d. geti nú fengið gleggri upplýsingar um þetta mál en unnt var að veita fjh.- og viðskn. Nd. í morgun, ef þess er sérstaklega óskað, og ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 37. fundur.

Miðvikudaginn 13. febr., kl. 6.15 síðdegis.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og lántaka á árinu 1980, frv. (þskj. 158, n. 162). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt með sérstöku tilliti til yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. mun gefa hér í umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég held að því verði ekki á móti mælt, að æskilegra hefði verið að

fyllri upplýsingar hefðu legið fyrir áður en mál þetta er tekið til afgreiðslu hér í þinginu. Það, sem lagt hefur verið fram af hálfu fjmrh., er fyrst og fremst greiðslurammi og mjög lauslegt yfirlit yfir væntanlegar greiðslur, en ekki nein útfærð greiðsluáætlun sem getur staðið undir því nafni. Skýringin á þessu er sú sem allir þekkja hér, að ekki hefur unnist tími til að vinna það verk. Ef svigrúm hefði verið meira hefðu að sjálfsögðu fylgt ítarlegri upplýsingar þessu frv.

Við erum hins vegar komin í tímanauð og stöndum frammi fyrir því, hvort unnt verður að sinna greiðslum úr ríkissjóði nú fyrir helgi eða ekki. Ég þakka fjh.- og viðskn. fyrir það, að hún hefur afgreitt málið þótt gleggri upplýsingar liggi ekki fyrir, og mun beita mér fyrir því, að fjmrn. sendi fjh.- og viðskn. beggja deilda greiðsluáætlun þegar hún liggur fyrir.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. Nd. og Ed. í morgun kom fram sú ósk hjá allmörgum nm., að lögð yrði fyrir nefndirnar greiðsluáætlun í svipuðu formi og gert var í desembermánuði þegar greiðsluáætlun af þessu tagi var samþykkt. Fram eftir degi vöktu vonir um að takast mundi að leggja slíka rammaáætlun fyrir nefndirnar í dag. Það hefur ekki tekist, en hins vegar hefur ráðh. bæði hér og á nefndarfundi heitið því, að slíkar greiðsluáætlanir á grundvelli fjárlaga 1979 verði samdar og okkur sendar, og í trausti þess hafa þeir, sem báru fram þessar óskir í morgun, mælt með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Efri deild, 38. fundur.

Miðvikudaginn 13. febr., að loknum 37. fundi.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og lántaka á árinu 1980, frv. (þskj. 158) — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 163).

Neðri deild, 37. fundur.

Fimmtudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 46, n. 165, 164). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson)a Herra forseti. Ég mun í upphafi fara nokkrum almennum orðum um það frv. sem hér liggur fyrir og fjh.- og viðskn. hefur skilað nál. um, en að því loknu mun ég gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Það hefur orðið veruleg umræða um skattamál á undanförnum árum og það óréttlæti sem ríkt hefur á ýmsum sviðum skattamálanna. Þar verður að sjálfsögðu að skilja á milli þess, sem er löggjafaratriði, og þess, sem er framkvæmdaatriði. Það er ljóst, að ekki er nægilegt að við höfum í þessu landi góð skattalög, það verður einnig að búa þannig um, að réttlát og þolanleg framkvæmd þeirra sé tryggð. En þau vandamál, sem komið hafa upp varðandi löggjafaratriði í skattamálum nú á undanförnum árum, má flest hver rekja til verðbólgunnar. Verðbólgan hefur gífurleg áhrif á þau hugtök sem endanleg skattlagning miðast við, þ. e. tekjuhugtakið og eignahugtakið. Aðalatriðið er það, að einstaklingar, sem búa við sambqrilegar aðstæður, greiði sambærilega skatta, og þetta hefur löggjöfin ekki getað tryggt. Þar kemur ýmislegt til: frádráttarheimildir, sérstaklega vaxtafrádráttur, söluhagnaðarákvæði og kannske ekki sterk framkvæmd laganna, en veik framkvæmd laga hlýtur að skapa misrétti í ákveðnum tilfellum.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er að mjög litlu leyti fjallað um skattlagningu einstaklinga og þær leiðréttingar sem hafa verið gerðar og breytingar á framtali einstaklinga — þar er fyrst og fremst fjallað um vaxtafrádráttinn — og mun ég ekki fjalla um það hér, því ekki er gert ráð fyrir að þau ákvæði taki gildi við skattlagningu nú á næstunni. En þar er gert ráð fyrir því að setja ákveðið hámark á vaxtafrádráttinn og binda það því, að vextirnir séu greiddir vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. En auðvitað er ljóst, að takmarkalaus frádráttur vaxta, sem er í flestum tilfellum greiðsla fyrir verðrýrnun skulda, skapar ákveðin forréttindi þeim til handa sem mest skulda og bestan aðgang hafa að lánsfé.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er fyrst og fremst fjallað um skattlagningu atvinnurekstrarins og skilgreiningu á þeim hugtökum sem skattlagningin byggir á, þ. e. hagnaðarhugtakinu og eignahugtakinu. Verðbólgan hefur brenglað svo skilgreiningu þessara hugtaka, að það er orðið óhjákvæmilegt að líta til þeirra áhrifa sem verðbólgan hefur á þau. Að vísu er skattlagning byggð á ýmsu öðru, eins og veltu fyrirtækja og öðru slíku. En það er skoðun mín að slík skattlagning sé ekki réttlát. Skattlagningu á fyrst og fremst að byggja á tekjum aðila, en ekki umsvifum og eignum aðila, þannig að það er mjög mikilvægt að skilgreining þessara hugtaka sé sem best.

Það, sem gerist í verðbólgu, er að ýmislegt brenglast í reikningsskilum fyrirtækja, sem leiðir til þess að niðurstöður reikninga fyrirtækja er ekki hægt að leggja til grundvallar mati á afkomu þeirra og þar með skattlagn-

ingu þeirra. Afskriftir eru samkvæmt eldri lögum byggðar á kostnaðarverði, sem í mörgum tilfellum er gamalt kostnaðarverð og löngu úrelt, þannig að afskriftir eru þess vegna ekki nægilega miklar í flestum tilfellum og ekki byggðar á endurmatsverði. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir að stöðugt endurmat fari fram á eignum og afskriftir verði miðaðar við þetta endurmat. Hins vegar eru afskriftarhlutföll verulega lækkuð, en það hefur verið stefna á undanförnum árum, til þess að mæta því vandamáli sem verðbólgan hefur skapað, að hækka fremur afskriftarhlutföll, taka upp hina svokölluðu flýtifyrningu og verðstuðulsfyrningu til þess að mæta vandamálum verðbólgunnar. Í öðru lagi hefur verðbólgan þau áhrif, að vörunotkun er færð á verðlagi, sem er skakkt, í reikningum fyrirtækja. Og í þriðja lagi er fjármagnskostnaður allur færður til gjalda án tillits til þeirrar verðbólgu sem ríkir, þannig að hagnaður, sem myndast af verðrýrnun skulda, kemur ekki til tekna við skattlagninguna.

Það eru þessi atriði, sem skekkjan felst einkum í, og það eru þessi vandamál, sem þetta frv. tekur einkum á. Hins vegar er ljóst að það er ekki einfalt mál að taka á þeim vanda sem fylgir slíku verðbólguástandi sem nú er varðandi skattlagningu atvinnurekstrarins. Og mörgum finnst þær reglur, sem hér eru komnar á blað, vera flóknar og erfiðar í framkvæmd. En þetta eru þær afleiðingar sem menn hljóta að standa frammi fyrir í slíku verðbólguástandi sem hér hefur ríkt mörg ár, að það mun kosta þjóðfélagið mikla vinnu og verulega skriffinnsku ef á að aðlaga ýmsa hluti þessu verðbólguástandi.

Það er vissulega rétt, að betra væri að koma verðbólgunni alveg niður en að þurfa að aðlaga skattalög verðbólgu. En þegar hún hefur ríkt jafnlengi og raun ber vitni tel ég að flestum sé það ljóst, að ekki verður lengur hægt að loka augunum fyrir því ástandi sem þar hefur skapast.

Nefndin hefur starfað að þessum málum nú í nær tvo mánuði, og við höfum átt sameiginlega fundi með fjh.- og viðskn. Ed. Með nefndunum hafa starfað Árni Kolbeinsson deildarstjóri í fjmrn. og Ólafur Nilsson löggiltur endurskoðandi og aðstoðað okkur við það starf sem þar hefur farið fram.

Þegar n. fékk frv. til meðferðar í des. s. l. var öllum ljóst að nauðsynlegt var að þetta mál fengi skjóta meðhöndlun, þar sem mikil óvissa ríkti um það, með hvaða hætti framtöl skyldu gerð af einstaklingum og af fyrirtækjum, og nú hefur þurft að framlengja framtalsfresti tvívegis vegna þessa óvissuástands. Hins vegar þótti n. ekki mögulegt að afgreiða málið nokkrum dögum eftir að hún fékk það til meðferðar. Hér var um miklu stærra mál að ræða en svo að slíkt væri verjandi.

N. taldi nauðsynlegt að athuga málið allítarlega og hafa samráð við ýmsa aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Var frv. sent til umsagnar margra aðila og bárust bréf og *umsagnir frá eftirgreindum aðilum*: Sameiginleg umsögn frá Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Vinnuveitendasambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi fiskvinnslustöðva og Verslunarráði Íslands. Frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Sambandi ísl. bankamanna, Kauphöllinni c/o Aron Guðbrandsson, Sambandi ísl. bankamanna, Jafnréttisráði, Stéttarsambandi bænda, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sölustofnun lagmetis, Félagi ísl. iðnrekenda, Félagi einstæðra foreldra, Alþýðusambandi Íslands, Stúdentaráði Háskóla Íslands og Bandalagi háskólamanna. Auk þess komu fulltrúar frá ýmsum þessara aðila á fund n. Þeim var boðið að koma á fund n. ef þeir óskuðu eftir því, og voru ýmsir sem þáðu það og komu til þess að gera grein fyrir sínum málum.

Umsagnir þessar eru mismunandi ítarlegar, því að stuttur frestur var gefinn til þess að skila umsögnum og aðilar höfðu ekki langt ráðrúm til þess að ganga frá þeim. Þessar umsagnir fjalla fyrst og fremst um skattlagningu atvinnurekstrarins. Umsagnir frá aðilum eins og Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Sambandi ísl. bankamanna og fleirum eru ekki ítarlegar og báru allir við tímaskorti sem eðlilegt var. En öllum þessum aðilum var auk þess boðið að koma á fund n., ef þeir óskuðu eftir því, og þáðu það nokkrir aðilar.

Nefndarmönnum er það ljóst, að ýmsar ábendingar, sem þarna komu, eru mjög mikilvægar fyrir þessa aðila. Hins vegar hefur verið reynt að takmarka breytingar og brtt. við það sem hefur þótt óhjákvæmilegt og sæmileg samstaða hefur náðst um. Þykir mér rétt að gera grein fyrir aðalatriðum í þeim brtt. sem hér liggja fyrir frá n. á sérstöku þskj. og eru samtals á u. þ. b. 11 vélrituðum síðum og eru því nokkuð umfangsmiklar. Sannleikurinn er sá, að allar breytingar á skattalöggjöfinni eru mjög erfiðar í framkvæmd. Það eru svo miklar tilvitnanir frá einni grein í aðra, að ein breyting getur þýtt það, að gera þurfi margar breytingar á öðrum stöðum, og það er mikil hætta á mistökum þegar þessar breytingar eru gerðar.

Það atriði, sem n. hefur e. t. v. eytt mestum tíma í, er svokölluð fyrning, sérstök fyrning vegna verðbreytingarhagnaðar. Meginatriði þessa frv. er meðferð á verðbreytingarhagnaði eða tapi vegna peningaeigna og skulda, og það kemur skýrt fram í frv. að skattlagning þessa verðbreytingarhagnaðar getur skapað greiðsluvandræði. Deilt er um það, hvort slík skattlagning á að fara fram strax, þ. e. þegar rýrnun skuldanna verður, eða hvort skattlagningin skuli eiga sér stað þegar tekjurnar innleysast, t. d. við sölu viðkomandi eigna sem skuldirnar hafa verið notaðar til að fjármagna. Það er alveg ljóst, að þótt skuld rýrni um ákveðna upphæð á einu ári myndast ekkert nýtt peningastreymi í viðkomandi atvinnurekstri, þannig að skattlagning á slíkri rýrnun skuldanna hlýtur að skapa greiðsluvandræði. Frv. gerir ráð fyrir að slíkur hagnaður sé færður til tekna án tillits til þessa peningastreymis, en hins vegar er tekið tillit til þess með því að heimila afskrift á móti reiknuðum verðbreytingarhagnaði sem nemur 1/4 af þessum verðbreytingarhagnaði.

Eftir miklar umræður og umfjöllun í n. hefur þótt rétt að leggja til að þetta afskriftarhlutfall verði hækkað. Er hér gerð till. um að þetta hlutfall verði 45% af verðbreytingarhagnaði. Ég vil hins vegar taka það fram, eins og fram kemur í grg., að ekki er fullt samkomulag í n. varðandi þetta afskriftarhlutfall af verðbreytingarhagnaði, og mun n. taka það atriði til frekari umfjöllunar að lokinni 2. umr. Voru ýmsar hugmyndir uppi í n. um það, hversu hátt þetta hlutfall skyldi verða, en allir voru sammála um að vegna þeirrar miklu óvissu, sem ríkir um áhrif þessa ákvæðis, væri rétt að auðvelda aðlögun að þessum nýju aðstæðum, vegna þess að ekki er ljóst hvaða áhrif þetta hefur á einstök fyrirtæki í landinu.

Einnig er tekin upp sérstök heimild til 100% fyrningar af verðbreytingarhagnaði vegna skulda sem samsvara

nýfjárfestingu sem ekki hefur verið tekin í notkun.

Þetta er það atriði sem mestu máli skiptir í brtt. n. og þess vegna þótti mér rétt að gera nú strax í upphafi sérstaka grein fyrir því.

Á þskj. 164 eru brtt. sem n. gerir, og mun ég nú gera nokkra grein fyrir þeim.

Sú brtt., sem fram kemur í 1. lið er varðandi sjálfseignarstofnanir og íþróttafélög og fleiri slíkar stofnanir, þ. e. að þessi félög séu ekki skattskyld. Þessi brtt. er í samræmi við það sem gilt hefur í þessum efnum og er til þess hugsuð að taka af þar allan vafa. Einnig er brtt. í 19. tölul. varðandi þessa aðila, en eins og menn e. t. v. vita og hafa orðið varir við gerðu lögin ráð fyrir því, að allir slíkir aðilar, sjálfseignarstofnanir, svo sem átthagafélög, slysavarnafélög og ýmis félagasamtök, væru framtalsskyld, en þyrftu að sækja um undanþágu frá því, og kom auglýsing um það í byrjun þessa árs. Hér er sennilega um nokkur þúsund aðila að ræða, og þótt ljóst sé að það er út af fyrir sig kostur að þessir aðilar geri grein fyrir fjárreiðum sínum, þá er lagt hér til að þessi skylda sé felld niður að sinni. Hins vegar er ljóst að skattyfirvöld geta að sjálfsögðu krafið þessa aðila hvenær sem er um upplýsingar um þeirra fjárreiður. En mönnum er ljóst að skattkerfið mundi ekki ráða vel við það að fara nú að fá reikninga nokkur þúsund aðila, sem kannske væri lítil ástæða til að líta á flesta hverja. Er því gert ráð fyrir að fella þessa skyldu niður.

Í 2. tölul. er engin efnisbreyting, aðeins um leiðréttingu að ræða, og það sama er varðandi 3. tölulið.

Í 4. tölul. er breyting varðandi fyrningu af íbúðarhúsnæði sem leiðir af breytingu sem er í 9. tölul., en þar er gert ráð fyrir að heimilt sé að fyrna íbúðarhúsnæði sérstakri fyrningu vegna verðbreytingarhagnaðar. Ekki er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að fyrna íbúðarhúsnæði í þessum lögum, jafnvel þó að slíkt íbúðarhúsnæði sé notað í atvinnurekstri. Hins vegar þykir nauðsynlegt að heimilt sé að fyrna slíkt íbúðarhúsnæði í atvinnurekstri sérstakri fyrningu vegna verðbreytingarhagnaðar.

Í b-lið 4. tölul. er breyting sem skiptir verulegu máli. Þar er gert ráð fyrir því, að endurmat það, sem atvinnufyrirtæki mega framkvæma nú við þessa breytingu, verði byggt á fasteignamati í árslok 1979, en ekki í ársbyrjun 1979 eins og lögin gerðu ráð fyrir. Meginreglan er að vísu sú, að endurmatið skuli byggt á framreiknuðu kostnaðarverði, en hins vegar er heimilt að nota fasteignamat ef það er hærra. Síðan mun þetta fasteignamat verða framreiknað með sama hætti og annað í þessum lögum með verðbreytingarstuðli.

Í c-lið er gerð sú breyting, að reynt er að auðvelda þeim, sem landbúnað stunda, að flytja söluhagnað af bújörðum innan vissra marka yfir í íbúðarhúsnæði til eigin nota. En eins og lögin voru var söluhagnaður af landi í öllum tilfellum skattskyldur án tillits til þess, hvað væri fyrir hann keypt.

Nú er það náttúrlega ljóst, að í mörgum tilfellum, t. d. þegar bóndi hættir að búa vegna aldurs, er oft og tíðum ekki meira en svo að hann geti keypt litla íbúð fyrir andvirði jarðar sinnar, þó að það hafi vissulega nokkuð breyst á s. l. árum. Breytingin gerir ráð fyrir því, að ekki verði um skattlagningu af landinu að ræða noti hann söluverðið til þess að kaupa húsnæði til eigin nota í stað hinnar seldu eignar. Heimildin er hins vegar háð því, að þessi aðili hafi stundað búskap að aðalstarfi í a. m. k. fimm ár á s. l. átta árum á undan söludegi, þannig að hér er um verulega takmörkun að ræða. Og ef um sölu á landi er að ræða, t. d. hluta af landi út úr jörð undir sumarbústaði, eða einhver ákveðin slík gæði, þá er ekki gert ráð fyrir því, að heimilt sé að yfirfæra þann hagnað yfir í íbúðarhúsnæði.

Í 5. tölul. er mælt fyrir um það — sem út af fyrir sig þarf e. t. v. ekki að taka fram í þessum lögum, en þykir réttara að komi fram með skýrum hætti — að endurmatshækkun fyrnanlegra eigna samkv. ákvæðum laga þessara og matshækkun búfjár sé ekki skattskyld, enda kemur matslækkun ekki til frádráttar tekjum. Hér er fyrst og fremst átt við það, að árlegt endurmat t. d. á fasteign og lausafé færist ekki sem skattskyldar tekjur, því þar er fyrst og fremst verið að leiðrétta raungildi þeirra eigna.

Í 6. tölul. a er um leiðréttingu að ræða, en í b-, c- og d-lið eru breytingar á nokkrum fjárhæðum laganna. Eins og menn vita liggja ekki fyrir skattstigar nú á þessari stundu. Hins vegar munu menn þurfa að ganga frá framtölum sínum á næstunni og til þess að auðvelda það og koma í veg fyrir óþarfa breytingar eftir á hefur nefndinni þótt rétt að færa nokkrar fjárhæðir til þess verðlags sem nú gildir. Er það sjómannafrádráttur í fyrsta lagi, sem hækkar úr 1600 kr. á dag í 2700 samkv. brtt., í öðru lagi námsfrádráttur, sem hækkar úr 260 þús. í 430 þús., í þriðja lagi giftingarfrádráttur, sem hækkar úr 185 þús. í 306 þús., og í síðasta lagi líftrygging, sem hækkar úr 40 þús. í 66 þús. Einnig er lágmarksfjárhæð gjafa til menningarmála hækkuð úr 5 þús. í 10 þús., þ. e. ef gjafir til ákveðinna þátta menningarmála ná 10 þús. kr. eru þær upphæðir frádráttarbærar frá tekjum.

Ef nefndin hefði ekki tekið þessar breytingar upp, er ljóst að menn hefðu þurft að færa þessar fjárhæðir samkv. lögum nr. 40/1978 á framtöl sín nú, eða þá engar tölur, sem hefði kostað miklar breytingar og mikla vinnu hjá skattyfirvöldum. Þess vegna ættu þessar breytingar að auðvelda það, að menn geti nú loks farið að ganga frá framtölum sínum.

Í 7. tölul. er einnig um leiðréttingu að ræða í a-lið, en í b-lið er breyting, sem er allmikilvæg. Hún gengur út á það að framreikna rekstrartöp fyrri ára til þess verðlags sem gildir á uppgjörsdegi samkv. verðbreytingarstuðli. Frv. gerði ekki ráð fyrir slíkum framreikningi og þess vegna var ekki samræmi í þessum útreikningum. Þótti nefndinni nauðsynlegt að gera þar breytingu á.

Í 8. tölul. er hækkun á gjaldfærslu vegna kaupa á minni háttar eignum, en samkv. þeirri brtt. er gert ráð fyrir að hækka þá fjárhæð úr 200 þús. í 700 þús. Ef minni háttar eign er keypt í atvinnurekstri, að upphæð 700 þús., þá er heimilt að gjaldfæra kaupverðið strax. Gengur brtt. út á það.

9. tölul. fjallar um þá breytingu sem ég talaði hér fyrst um, þ. e. meðferð verðbreytingarhagnaðar eða taps vegna peningaeigna og skulda. Sú brtt. gerir ráð fyrir því, að heimilt verði að afskrifa 45% af þeim verðbreytingarhagnaði með sérstakri fyrningu. Einnig eru ákvæði vegna nýfjárfestingar, en ákvæði laganna hefðu getað valdið miklum erfiðleikum þegar um uppbyggingu er að ræða, og þess vegna þótti nauðsynlegt að setja ákvæði um að heimila þar hærri fyrningu varðandi eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun í ársbyrjun, enda hafi beinn fjármagnskostnaður á byggingartíma verið eignfærður sem byggingarkostnaður. Þessi fyrirframfyrning má þó aldrei vera hærri en nemur heildarfjárhæð tekju-

færslunnar, þ. e. verðbreytingarhagnaðinum, samkv. 53. gr. laganna.

Í 11. tölul. er breyting, sem fjallar fyrst og fremst um að gera það ljóst, að ákvæði um tillag í varasjóð séu byggð á skilgreiningu á því tekjuhugtaki, sem lögin og frv. gera ráð fyrir, þ. e. að heimilt sé að leggja tillag í varasjóð með tilliti til þess, að verðbreytingarhagnaður er reiknaður, og þeirrar niðurstöðu, sem rekstrarreikningurinn gefur til kynna samkv. ákvæðum þessara laga. Þetta á einnig við um úthlutun á arði og úthlutun á tekjuafgangi. Nauðsynlegt þótti að það kæmi skýrt fram, að þetta væri háð þessari skilgreiningu á tekjuhugtakinu. Það kemur einnig fram í ákvæði til bráðabirgða í 23. tölul., en þar segir: „Þrátt fyrir ákvæði III. kafla laga nr. 51/1968, um bókhald, XII. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, og laga nr. 46/1937, um samvinnufélög, sbr. 2. málslið 1. mgr. 91. gr. þessara laga, er öllum bókhaldsskyldum aðilum heimilt að miða gerð ársreikninga sinna við ákvæði þessara laga að því er varðar endurmat, fyrningar og færslu vegna verðbreytinga. Lögin raska þó ekki ákvæðum tilvitnaðra laga um að eignir í ársreikningi skuli ekki tilfæra með hærra verði en raunverulega svarar til verðmætis þeirra."

Það er ljóst, að hvorki lög um hlutafélög né lög um bókhald gera ráð fyrir stöðugu endurmati, eins og hér er gert ráð fyrir. Þess vegna þótti nauðsynlegt að taka það fram í þessum lögum, að þetta væri heimilt þrátt fyrir ákvæði þessara laga um gerð ársreikninga og einnig væri heimilt að miða varasjóðstillag, arðsúthlutun og úthlutun á tekjuafgangi við niðurstöðu rekstrarreiknings samkv. skattalögum, þrátt fyrir ákvæði þessara laga um svipuð efni.

Einnig er gert ráð fyrir því í þessum 11. tölul., að heimilt sé að draga helming af matsverði bústofns frá skuldum áður en tekjufærsla er reiknuð. Þetta er vegna þess að bústofn er metinn um áramót eins og hann er framgenginn að vori með fóðri vetrarins í sér, ef svo má segja. Í mati búfjárins er tekið tillit til verðmætis þess að vori, en ekki um áramót. Af þessum sökum eru fóðurbirgðir bænda ekki eignfærðar um áramót. Þær eru taldar vera með í mati bústofnsins. Þess vegna er gerð tillaga hér um að þessi staðreynd verði viðurkennd með þeim hætti að heimila frádrátt helmings þessa mats frá skuldunum áður en útreikningurinn fer fram.

12. tölul. er fyrst og fremst leiðrétting og 13. einnig. 14. tölul. er aðeins orðalagsbreyting, og í 15. tölul. er fyrst og fremst fjallað um atriði sem varða eðlilega framkvæmd mála í sambandi við skilnað, sambúðarslit og fleira í a-, b- og c-lið.

16. tölul. er leiðréttting, en í 17. tölul. er gerð sú breyting, að námsfrádráttur er heimilaður, án þess að sérstaklega sé farið fram á það, til 30 ára aldurs. Hins vegar gera lögin ekki ráð fyrir því og ekki frv. heldur, að námsfrádráttur komi sjálfkrafa til eftir 30 ára aldur. Það þarf að sækja um þann frádrátt samkv. 66. gr. frv., en þar stendur: „Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattstofns þegar svo stendur á sem hér greinir", og þar kemur fram í 5 tölul.: „ef útgjöld vegna menntunar manns eftir 30 ára aldur" — samkv. þá þessari breytingu — „hafa skert gjaldþol hans verulega."

Ég vil taka það fram, að í þessu sambandi hlýtur að vera eðlilegt, ef maður er í fullu námi eftir þrítugt, t. d. fer til náms tiltölulega seint miðað við það sem venjulega gerist, að hann njóti slíks frádráttar.

Hitt er svo annað mál, að ekki hefur verið talið rétt að hafa slíkan frádrátt ótímabundinn, án þess að eftirlit væri með því, og þess vegna var gerð tillaga um það á sínum tíma að binda þetta við ákveðinn aldur, en síðan þyrfti sérstök umsókn að koma til eftir 30 ára aldur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta ákvæði, en vænti þess, að við framkvæmd mála verði tekið sérstakt tillit til þeirra sem hefja nám sitt tiltölulega seint, t. d. eftir 30 ára aldur.

18. tölul. er fyrst og fremst leiðrétting.

Í 19. tölul. hef ég þegar gert grein fyrir a-lið og næsti liður, b-liður, er leiðrétting á 41. gr.

C-liður, sem er breyting á 42. gr., er þess eðlis, að ástæða er til að fara um hann nokkrum orðum. Hann fjallar um upplýsingaskyldu og er breyting á 94. gr. laganna, en í henni segir: „Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila, sem beiðninni er beint til, eða aðra aðila, sem hann getur veitt upplýsingar um." En Samkv. brtt. er gert ráð fyrir að þetta hljóði þannig: „Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er eftir, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila, sem beiðninni er beint til, eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með henni."

Hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða frá þeirri framkvæmd sem verið hefur. Hér er fyrst og fremst verið að aðlaga textann að þeirri framkvæmd sem hefur verið í þessum málum. Það er ljóst, að allt skatteftirlit byggist að nokkru leyti á þessari grein, og þess vegna er mikilvægt að það sé skýrt, að hér er ekki gert ráð fyrir að um neinar breytingar verði að ræða á þeirri framkvæmd sem verið hefur, en fyrst og fremst verið að aðlaga textann að því og fella niður það orðalag, sem þar var áður, sem var nokkuð opið og þar með óljóst og hefur gefið tilefni til misskilnings. Þess vegna þótti nefndinni rétt að breyta þessu orðalagi.

Breytingar á 43. gr. hníga að því að tryggja rétt gjaldenda. Það, sem skiptir mestu máli í því sambandi, er að þar kemur fram að: „Tilkynning um skattbreytingu skal þó eigi send viðkomandi innheimtumanni fyrr en að loknum kærufresti til skattstjóra eða að loknum úrskurði kæru, hafi breytingin verið kærð, sbr. 99. gr."

Hér er verið að taka af tvímæli um það, að ekki sé hafin innheimta á opinberum gjöldum fyrr en úrskurður kæru liggur fyrir frá skattstjóra.

Í e-lið, 44. gr., er breyting á 98. gr. laganna. Gert var ráð fyrir því í lögunum, að lagt væri á félög jafnóðum og framtöl bærust, framtölin fullskoðuð og álagningu lokið. Þetta var að miklu byggt á því, að gert var ráð fyrir að taka upp staðgreiðslukerfi skatta, þannig að það eru verulega breyttar forsendur nú. Hér er gert ráð fyrir að álagning á félögin verði með svipuðum hætti, það verði lagt á þau í einu lagi tiltölulega fljótt, eftir því sem hægt er, og skoðun á framtölunum geti hafist eftir að álagning hefur farið fram.

Hér er fyrst og fremst um það að ræða að koma við ákveðnum vinnubrögðum. Þykir ljóst að skattkerfið muni ekki ráða við það nú á þessu ári að standa að málum eins og gert var ráð fyrir í lögunum, þótt það sé út af fyrir sig góð regla, og sérstaklega einnig með tilliti til þess, að nú er ekki gert ráð fyrir að staðgreiðslukerfi komist á með þessum lögum.

45. gr. leiðir af breytingu á 44. gr.

Í 46. gr. er breyting á 100. gr. í lögunum, en þar kom það fram, að ágreining um skattskyldu og skattstofna mætti ekki bera undir dómstóla nema úrskurður ríkisskattanefndar lægi fyrir, en þar stendur: „Ágreining um skattskyldu og skattstofna má bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af ríkisskattanefnd." Þetta er út af fyrir sig eðlileg regla, en hitt er svo annað mál, að það er út af fyrir sig nokkuð alvarlegt að meina aðilum aðgang að dómstólum ef þeir vilja sækja rétt sinn þangað. Það er hins vegar hægt að misnota þann rétt, en eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið er ekki talin ástæða til að ætla að um slíka misnotkun hafi verið að ræða í verulegum mæli. Þess vegna þykir ekki rétt að meina mönnum með þessum hætti að reka mál sín fyrir dómstólum ef menn sjá ástæðu til.

47. gr., sem er breyting á 108. gr. laganna, fjallar um málsmeðferð, opinbera rannsókn og fyrningarreglur. Þessi brtt. er í samræmi við niðurstöður vinnuhóps sem vann að þessu máli. Ljóst er að með hvaða hætti sem um þessi mál er fjallað þarf að vera tenging í þeim efnum við skattalög. Að vísu liggur hér frv. fyrir þinginu um það, að komið verði á fót sérstökum dómstól í sambandi við skattalagabrot, en hér er gert ráð fyrir að þau skuli rekin fyrir sakadómi. Hvað sem verður um afgreiðslu þess máls held ég að það sé ljóst, að það þarf að vera samræmi á milli skattalaganna og annarra laga um þetta efni, þannig að þessi breyting útilokar með engu meðferð þess máls og afgreiðslu þess hér í þinginu. Hitt er svo annað mál, að það hefði verið óheppilegt að um þetta ríkti óvissa nú í næstu framtíð. Nefndinni hefur því þótt rétt að taka þessa tillögu starfshópsins, sem vann að þessu á s. l. sumri, inn í brtt. sínar.

20. tölul. leiðir af breytingu í b-lið 7. tölul. og einnig 21. tölul. Í 22. tölul. er ákvæði þess efnis, að þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla laga þessara skuli lög nr. 1/1980 gilda, eftir því sem við á, um greiðslu opinberra gjalda á fyrri hluta ársins 1980. Sett voru hér sérstök lög í byrjun þings um innheimtu opinberra gjalda á árinu 1980, þannig að með þessu er ljóst að innheimtuákvæði þessara laga taka ekki gildi fyrr en við fyrirframinnheimtu á árinu 1981.

Ég hef áður gert grein fyrir breytingu á 57. gr. í 22. tölul., og í 23. tölul. eru ákvæði þess efnis, að vaxtatekjur og verðbætur manna á árinu 1979 af verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs skuli þó vera frádráttarbærar að fullu frá tekjum við álagningu skatts 1980. Það var nokkur óvissa á s. l. ári um það, hvernig farið skyldi með verðbætur af spariskírteinum ríkissjóðs. Samkv. ákvæðum laganna, sem tóku gildi nú 1. jan. 1980, er alveg ótvírætt að verðbætur af þessum spariskírteinum eru skattfrjálsar. Þess vegna er óviðunandi að það ríki einhver sérstök regla varðandi þá aðila, sem fá endurgreiddar sínar verðbætur á árinu 1979, og þess vegna þótti nefndinni rétt að taka af allan vafa og kveða á um að þessar verðbætur væru skattfrjálsar.

Herra forseti. Ég hef nú gert nokkra grein fyrir vinnu nefndarinnar og brtt. hennar. Ég sé ekki ástæðu til að fara að gera grein fyrir einstökum umsögnum sem nefndinni bárust. Þær eru margar nokkuð efnismiklar og hníga margar að þeim breytingum, sem hér eru gerðar, þótt það sé hins vegar ljóst, að nefndin gat að sjálfsögðu ekki orðið við öllum þeim óskum og tekið upp allar þær till. sem þar bárust.

Það er ljóst, að þetta mál er hið mikilvægasta. Það mun snerta sérhvern aðila í þessu landi með einhverjum hætti nú á næstunni, bæði einstaklinga og atvinnufyrirtæki. Þess vegna er mikilvægt að tryggja sem best framkvæmd þessara mála, vinna að góðu upplýsingastarfi, þannig að öllum megi vera ljóst hvernig þeir skuli gera sín framtöl. Ég tel það vera misskilning að það verði erfiðara fyrir almenning að ganga frá framtölum sínum nú en áður. Það er að vísu komið nýtt eyðublað sem þarf að kynna vel og menn þurfa að átta sig á. Hins vegar horfir ýmislegt til einföldunar, því að ljóst er að það mun ekki vera hagkvæmt fyrir mjög mikinn fjölda fólks að nota frádráttarliði laganna, heldur mun það velja svokallaðan 10% frádrátt af launatekjum sínum. Talið er að það muni verða hagkvæmara fyrir u. þ. b. 70% hjóna og yfir 90% einstaklinga. Þessi breyting, að taka upp val um fastan frádrátt í stað hinna ákveðnu frádráttarliða, mun því horfa til verulegrar einföldunar.

Ég held að það sé einnig ljóst, að þessi löggjöf mun hafa mikil áhrif á ýmislegt annað í þjóðfélaginu. Það er ljóst, að hugsunarháttur í atvinnurekstri hefur oft verið sá, að menn hafa haft mikinn áhuga á því að skulda mikið, komast yfir steinsteypu og eignir. Ég held að það sé ljóst, að þessi löggjöf muni hafa þau áhrif að menn snúi sér af meiri áhuga og meiri alvöru að því að reka hagkvæman atvinnurekstur án þess að hugsa — kannske ekki fyrst og fremst, en að nokkru leyti — um það að hagnast á verðbólgunni. Það er náttúrlega ljóst, að mikil verðmæti tapast í þjóðfélaginu með slíkum hugsunarhætti, ef atvinnurekstur, einstaklingar og aðrir, leggur mikið kapp á að hagnast á verðbólgunni í stað þess að reka arðsaman atvinnurekstur. Hins vegar er eðlilegt að fara ekki mjög geyst af stað og að það verði ákveðinn aðlögunartími, og ég tel að með þeim breytingum, sem nefndin leggur hér til, sé gætt skynsemi í þeim efnum. Einnig má geta þess, að ýmsar ákvarðanir, verðlagning, jafnvel fiskverðsákvörðun, byggjast á því, að vaxtagjöld atvinnurekstrarins séu ekki raunveruleg útgjöld, heldur fyrst og fremst greiðsla fyrir verðhækkun eigna. Þetta kemur oft fram í forsendum fyrir ýmsum slíkum ákvörðunum, þannig að þessi löggjöf getur vissulega haft áhrif á ýmsum öðrum sviðum. Nú mun liggja fyrir með miklu ljósari hætti hver er raunveruleg rekstrarafkoma atvinnurekstrarins.

Þessi löggjöf og frumvarp byggir á því, að atvinnureksturinn geti varðveitt eigið fjármagn. Ef um það er að ræða að eigið fé atvinnurekstrarins hefur aukist frá ársbyrjun til ársloka verður um skattlagningu að ræða, þá hefur orðið hagnaður. Ef þetta eigið fé hefur rýrnað og minnkað verður ekki um skattlagningu að ræða, þá hefur fyrirtækið tapað. Fyrri skattalög hafa á engan hátt tryggt þetta meginatriði. Það hefur í mörgum tilfellum verið svo, að fyritæki, sem hafa átt meira eigið fé í árslok heldur en í ársbyrjun, hafa ekki greitt neina skatta. Og það hefur líka verið algengt, að fyritæki, sem á minna eigið fé í árslok heldur en í ársbyrjun, hefur greitt verulega skatta. Það er þetta meginsjónarmið, sem heilbrigður atvinnurekstur verður að geta byggt á, að ekki sé um

skattlagningu að ræða nema um raunverulega verðmætisaukningu hafi verið að ræða.

Það má til gamans geta þess, að oft er talað um hvað bankastofnanir á Íslandi hafi mikinn hagnað. En það er líka augljóst og sést á reikningum þeirra, að eigið fjármagn þessara stofnana hefur farið rýrnandi, þ. e. að þessar stofnanir hafa í reynd ekki haft neinn hagnað. Þær hafa margar hverjar verið að tapa á undanförnum árum, vegna þess að það er út af fyrir sig lítill hagnaður í því eða enginn hagnaður að eiga jafnmargar verðminni krónur í árslok en menn áttu í ársbyrjun, þegar þessar krónur voru verðmeiri.

Herra forseti. Það eru ýmis atriði sem eflaust hefði þurft að taka fram í þessu sambandi, en ég mun ekki nota meiri tíma að þessu sinni til þess að gera grein fyrir þessu máli. Það er sjálfsagt ýmislegt sem mætti taka fram og hefur verið óskað eftir að tekið væri fram. En hins verður að gæta, að margvíslegar útskýringar voru lagðar fram og yfirlýsingar gefnar á sínum tíma varðandi framkvæmd þessara mála — yfirlýsingar frá fjmrh. og útskýringar á því, hvernig skilja ætti einstakar lagagreinar, sem hér er ekki gerð tillaga um breytingar á. Ég sé því ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vil aðeins ítreka það, að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú mælt fyrir. Nokkrir nefndarmanna undrirrita nál. með fyrirvara, þeir Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson, Karvel Pálmason, og Matthías Á. Mathiesen, og munu þeir gera grein fyrir þeim fyrirvara. En það kemur m. a. fram í nál., að ekki er enn fullt samkomulag í nefndinni varðandi afskriftarhlutfall af verðbreytingarhagnaði, og lýtur fyrirvari þeirra fyrst og fremst að því atriði.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Formaður fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Austurl., hefur nú gert grein fyrir nál. og þeim brtt. sem fjh.- og viðskn. flytur við það frv. sem hér er til umr., en frv. er árangur af framhaldsstarfi sem unnið hefur verið eftir að ný skattalög voru sett vorið 1978, lög nr. 40.

Á þinginu vorið 1977 var flutt frv. til nýrra skattalaga sem náði þá ekki fram að ganga, enda tæplega gert ráð fyrir því. Hins vegar fékk það frv. mjög ítarlega skoðun og miklar umræður og niðurstaða þess varð svo nýtt frv. sem flutt var á þinginu vorið 1978 og Alþ. samþykkti þá sem lög. Það var ljóst þá þegar, að ákveðin ákvæði í þeim lögum yrði að endurskoða og athuga nánar. Þar var um að ræða svo mikil nýmæli að rétt þótti að hafa slíkan fyrirvara á þegar löggjöfin var sett. Þeir hinir sömu aðilar, sem unnu að samningu þess frv. sem síðar varð að lögum, hafa unnið að þessu frv. og þeim brtt. sem hér eru til umr., þ. e. á vegum fjmrn. Ég vil taka undir orð formanns n. varðandi vinnubrögð þeirra, en ég vil ekki láta niður falla hans eigið nafn í því sambandi, því að hann hefur sjálfur frá fyrstu tíð unnið mjög ötullega að þeim breytingum á skattalögum sem við fjöllum um, bæði í tíð minni sem fjmrh. og síðar. Ég vil þess vegna færa honum þakkir. Þegar hann nefnir aðeins fulltrúa fjmrn. vil ég geta hans einnig.

Löggjöfin, sem nú gildir, er ný frá rótum að heita má. Hefur slík grundvallarbreyting á skattalögum ekki verið gerð frá því að skattalög voru sett 1971, því að allar þær breytingar, sem síðar voru gerðar, fram til ársins 1978, voru felldar inn í þann ramma sem smíðaður hafði verið með lögunum frá 1971. En breytingarnar, sem gerðar voru með lögum nr. 40/1978, voru ekki eingöngu formbreytingar, heldur voru gerðar mjög veigamiklar og margvíslegar efnisbreytingar. Má þar m. a. minna á breyttar reglur um skattlagningu hjóna, þar sem tekin var upp sérsköttun hjóna með nokkurri takmörkun. Það má benda á breyttar reglur í sambandi við frádráttarliði til skatts og þá tillögu sem fram kom um að gefa skattaðilum val milli fasts frádráttar eða að telja upp þá frádráttarliði sem þar um ræðir. Síðan má víkja að breyttum reglum um skattmeðferð einstaklinga sem fást við atvinnurekstur. Allt voru þetta nýmæli sem höfðu verið til umræðu nokkuð langan tíma. Með svo ítarlegri vinnu sem fram hafði farið tókst að mínum dómi að ná fram í mörgum tilfellum þeim reglum sem flestir gátu við unað, og ég held að ekki hafi komið fram mjög mikil gagnrýni.

Auðvitað liggur ljóst fyrir, að þegar um svo mörg nýmæli er að ræða sem raun ber vitni í þessari löggjöf hlýtur eitthvað að orka tvímælis og leiðréttingar fram að koma. Eru m. a. ákvæði í þeim till. sem fluttar eru af n. þar að lútandi.

Varðandi atvinnureksturinn eru í lögum nr. 40/1978 veigamiklar breytingar, en þar eru stærstu breytingarnar á reglunum um fyrningu og söluhagnað. Í þessum lögum eru heimilaðar fyrningar af endurmetnu stofnverði einstakra fyrnanlegra eigna, en þar er gert ráð fyrir að fyrningarnar séu takmarkaðar hjá þeim aðilum sem fjármagnað hafa fyrnanlegar eignir með lánsfé og notið hafa vaxtafrádráttar frá tekjum. Þá voru einnig samþykktar tillögur um breytingar á söluhagnaði af öllum eignum innan og utan atvinnurekstrar og söluhagnaðurinn þar gerður skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma, en söluhagnaður reiknaður sem mismunur söluverðs annars vegar og hins vegar kaupverðs sem framreiknað hafði verið eftir verðbreytingarstuðli að teknu tilliti til fenginna fyrninga.

Þessar reglur, sem settar voru í lögin, voru þess eðlis, að ljóst var að sum ákvæði þeirra varð að endurskoða. Er það frv., sem við ræðum í dag, árangur af því starfi.

Frv. gerir ráð fyrir annarri meðferð í sambandi við verðbreytingarhagnað. Í stað þess að gera ráð fyrir sérstökum endurmatsreikningi er gert ráð fyrir tekjufærslu og endurmatsreikningurinn ekki hafður með. Það liggur ljóst fyrir, að meðferðin í sambandi við verðbreytingarhagnað eða tap vegna peningaeigna og skulda er að mínum dómi það viðkvæmasta sem hér um ræðir. Eins og fram kemur í frv. er gert ráð fyrir að mögulegur verðbreytingarhagnaður geti skapað greiðsluvandræði. Frv. gerir ráð fyrir að slíkur hagnaður færist án tillits til peningastreymis. Til að koma á móti þessu er í 18. gr. frv. heimiluð sérstök fyrning, sérstök afskrift á móti verðbreytingarhagnaði, sem nemur í frv. 25%. Það kom fram í ræðu hv. formanns fjh.- og viðskn. að um þessa grein og þetta ákvæði varð ekki samkomulag í n., en samkomulag varð um allar aðrar brtt. sem n. flytur, enda eru þær til samræmis við það sjónarmið sem er í löggjöfinni, sem gildir, og því frv., sem flutt hefur verið til breytinga á skattalögunum. Brtt. ganga allar í þá átt að koma í veg fyrir að verðbreytingarhagnaður án peningastreymis lendi í skatti, en þar sem slík tilfelli geta og hljóta að verða að sjálfsögðu mörg sýnist mér að mjög vel verði að líta til þess þegar farið er úr einu kerfi yfir í annað og gera þessar reglur þannig úr garði að ekki skapist tjón af.

Eins og fram kemur í nál. fjallaði fjh.- og viðskn. um ýmsar aðrar till. auk þessarar brtt. og ýmis önnur atriði,

þ. á m. afskriftir vörubirgða og meðferð þeirra í uppgjöri fyrirtækja. Það náðist ekki heldur samkomulag um þau atriði og brtt. þar að lútandi því ekki fluttar við 2. umr. þessa máls. Hins vegar er í nál. vikið að atriðum varðandi fyrningarhlutfall, og n. taldi eðlilegt og rétt að láta koma fram skoðun sína þar að lútandi við afgreiðslu á þessu máli.

Það hefur komið fram gagnrýni í sambandi við þetta frv. og þá vikið að því, að e. t. v. sé hér ekki nógu varlega farið í þá breytingu sem löggjöfin og frv. gera ráð fyrir. Það má vel vera. En skoðun mín er hins vegar sú, að eftir því sem mögulegt er sé rétt að tryggja að þessi löggjöf og þær breytingar, sem lagðar eru til með frv., verði þannig úr garði gerðar að sá ótti, sem fram hefur komið, reynist ástæðulaus.

Ég tel að í ræðu formanns fjh.- og viðskn. hafi komið fram þau meginsjónarmið sem rædd voru í fjh.- og viðskn. varðandi afgreiðslu þessa máls. En eins og hann gat um undirrita fulltrúar Sjálfstfl. nál. með fyrirvara, og bæði kom það fram í ræðu hans og í því sem ég hér hef sagt, að ekki hefur náðst samkomulag um atriði sem að okkar dómi eru svo veigamikil að við töldum að ástæða væri til þess að þau væru skoðuð betur og freistað að ná samkomulagi. En við vildum ekki standa í vegi fyrir því að 2. umr. gæti farið fram um málið í dag og því yrði þannig þokað áfram.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það hefur liðið alllangur tími frá því að þetta frv. var upphaflega lagt fram hér í hv. deild og þangað til það kemur til 2. umr. Það er í sjálfu sér síður en svo neitt óeðlilegt að svo langur tími skuli hafa liðið, og á það ekkert skylt við þær stjórnarmyndunartilraunir, sem staðið hafa yfir, eða þá löngu stjórnarkreppu, sem verið hefur í landinu. Skýringin er mjög einföld. Hún er sú, að hér er um mjög viðamikið og vandmeðfarið mál að ræða. Fjölmargir aðilar hafa óskað eftir að fá að tjá sig um það og hafa haft mjög skiptar skoðanir á því. Mönnum hefur þótt sjálfsagt og eðlilegt að leyfa þeim að koma sínum — ja, maður gæti næstum því sagt: vörnum við. Það er ekki síður ástæða og hefur ekki síður verið ástæða til að athuga málið mjög vandlega í nefnd, þar sem öllum var ljóst, alveg frá því að lögin nr. 40 frá 1978 voru sett, að mjög erfitt væri að segja fyrir um áhrif þeirra í einstökum atriðum — raunar nánast ógjörningur. Hins vegar vil ég, þó að ég hafi ekki tekið þátt í störfum fjh.- og viðskn. af þeim eðlilegu ástæðum að ég á ekki sæti í n., láta sérstaklega koma fram, að mér er og mætavel kunnugt um að formaður fjh.- og viðskn. Nd. hefur unnið mjög mikið og gott starf, eins og nm. raunar allir í þessu máli, en þó einkum og sér í lagi formaðurinn. Ég held að ef hans hefði ekki notið við hefði málið verið skemmra á veg komið en það þó er. Vil ég færa fomanni n. kærar þakkir fyrir hlut hans í þessu máli.

Þó að margt sé enn óljóst í framkvæmd hinna nýju skattalaga, sem gengu í gildi um s. l. áramót, og enn séu mörg atriði þar mjög á huldu er Alþ. þó komið í þá tímaþröng að það verður að afgreiða breytingar við þau nú þegar til þess að stór vandræði skapist ekki við skattlagningu á árinu 1980 til viðbótar við þau vandkvæði sem þegar hafa orðið í því sambandi. Ég held að alþm. verði einfaldlega að taka á sig þá ábyrgð að reyna, eins og þeir hafa gert, að vanda eftir föngum afgreiðslu sína á þessu frv. og láta síðan slag standa þó að ekki sé enn fyllilega ljóst hver áhrif hinnar nýju skattlagningar verða, en treysta á tvennt í því sambandi. Í fyrsta lagi: Ef kemur í ljós við álagningu að mjög óvanalegir hlutir séu að gerast verði því þegar breytt, því að það er ekki tilgangur Alþ. að gera slíkt. Og í öðru lagi: Alþ. gefist tækifæri til að hlýða á skýrslu þegar á næsta haustþingi frá ríkisstj. eða hæstv. fjmrh. um hver reynslan hafi orðið af framkvæmd hinna nýju skattalaga, svo menn geti þá tekið málið til skoðunar á næsta þingi. Ég held raunar að óhjákvæmilegt sé að búa sig undir að gera það því að þegar nýtt tekjuskattskerfi eins og hér er um að ræða er innleitt mega menn búast við því, raunar er það næstum óhjákvæmilegt, að um nokkurra ára skeið þurfi að vera að sníða af þeim lögum ýmsa agnúa sem reynslan leiðir í ljós að á eru, en ómögulegt er að sjá fyrir.

Ég ætla ekki að fara ýkjalangt út í þær breytingar sem tillaga er gerð um á þskj. frá hv. fjh.- og viðskn. á frv. því sem ég lagði fram fyrr í vetur. Ýmsar breytingarnar eru að mínu áliti til bóta, aðrar kannske vafasamari. Flestar eru til að reyna að slá frekari varnagla við ýmsum atriðum í núverandi lögum sem menn óttast. En ég legg mikla áherslu á að við endanlega afgreiðslu málsins verði reynt að semja um það milli allra þingflokka hvernig endanlega verði frá málinu gengið. Ég tel affarasælast í svona lagasmíð, sem allir þingflokkar hafa komið nálægt að meira eða minna leyti og bera meiri eða minni ábyrgð á, að þeir standi saman um afgreiðslu málsins. Ég get lýst því yfir fyrir hönd okkar Alþfl.-manna, að við erum reiðubúnir til að ganga til afgreiðslu við 2. umr. þegar í dag og getum út af fyrir sig fallist á að 3. umr. verði þegar á morgun í hv. d. og reynt verði að ljúka umr. í d. fyrir helgi svo að hv. Ed. geti tekið við málinu þegar á mánudag. Ég vil engu að síður nota nokkurn tíma til að fara fáum orðum um skattamál almennt í sambandi við þá breytingu sem gerð var með lögum nr. 40 frá 1978, sem komu til framkvæmda um s. l. áramót.

Eins og raunar kom fram þegar frv. til þeirra laga var lagt fram 18. apríl vorið 1978 gafst mjög lítill tími til að gaumgæfa þær miklu breytingar sem það frv., sem nú er orðið að lögum, gerði ráð fyrir að gerðar yrðu á skattakerfinu. Þó hafði að vísu nokkur tími gefist, því að á árinu áður hafði slíkt frv. verið sýnt þótt því hefði verið breytt í mjög veigamiklum atriðum á milli þinga.

Það var ýmislegt mjög athyglisvert við það frv. sem lagt var fram vorið 1978, — frv. það sem nú er orðið að lögum. Það kom þá þegar fram að þingflokkur Alþfl. tók mjög jákvætt í frv. þáv. hæstv. fjmrh., Matthíasar Á. Mathiesen, enda var í því frv., sem síðar varð að lögum, gengið mjög til móts við ýmis sjónarmið sem við Alþfl.-menn höfðum haft í skattamálum og m. a. flutt till. um á þingi. Fyrsta till. okkar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt var lögð fram á hinu háa Alþingi sjö árum áður en frv. það var flutt sem síðar varð að lögum nr. 40 frá 1978. Það er einkum og sér í lagi athyglisvert að gefa gaum hversu margt í hinum níu ára gamla tillöguflutningi okkar til breytinga á skattalögum fann sér leið inn í frv. sem nú er orðið að lögum nr. 40 frá 1978. Ég vil aðeins nota tækifærið til að fara örfáum orðum um þau atriði.

Í fyrsta lagi lögðum við til í tillögum okkar, sem eru nú orðnar næstum níu ára gamlar, að greint yrði á milli þess, hvort skattgreiðandi væri launþegi eða hefði tekjur af atvinnurekstri. Til móts við það sjónarmið var gengið í frv. hæstv. fyrrv. fjmrh., sem síðar er orðið að lögum.

Í öðru lagi var það eitt af meginatriðunum í skattamálatill. okkar, að við ákvörðun á skattskyldum tekjum einstaklinga af eigin atvinnurekstri væru laun hans áætluð eins og telja mætti eðlilegt í samræmi við vinnuframlag hans og við þau laun sem greidd væru fyrir sambærileg störf á hinum frjálsa vinnumarkaði. Í gildandi lögum, sem voru lögleidd vorið 1978, var einnig gengið til móts við þetta viðhorf Alþfl.

Í þriðja lagi lögðum við til í tillögum okkar, að reglum um afskriftir eigna væri breytt þannig að þar væri tekið tillit til eðlilegrar verðmætarýrnunar miðað við verðmæti eignar þegar afskrift færi fram og að jafnaði miðað við mat á upphaflegum endingartíma þannig að sama eign yrði ekki afskrifuð oftar en einu sinni. Það var einnig gengið til móts við þetta viðhorf okkar í þeim skattalögum sem nú eru í gildi og komu til framkvæmda um s. l. áramót.

Þá lögðum við einnig til að hagnaður af sölu eigna yrði skattlagður að svo miklu leyti sem hann ætti ekki rót að rekja til rýrnunar á verðgildi peninga. Það er grundvallaratriði í þeirri skattalöggjöf sem sett var að tilhlutan hæstv. fyrrv. fjmrh. Matthíasar Á. Mathiesen.

Þá höfðum við einnig ákveðin sjónarmið uppi um hvernig beita ætti sérsköttun hjóna. Við tókum eindregna afstöðu gegn þeirri reglu sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. kom upphaflega fram með í fyrsta frv. sínu um þessi efni, þ. e. að framkvæma sérsköttun hjóna samkv. helmingaskiptareglunni svokölluðu, og flutti þingflokkur Alþfl. brtt. við það frv. Hæstv. fyrrv. ríkisstj. féllst á sjónarmið Alþfl. í þessu máli og framkvæmd sérsköttunar hjóna, sem er í gildandi lögum, er í mestu nákvæm eftirmynd af þeirri brtt. sem þingflokkur Alþfl. flutti. Á vorþinginu 1978 var það tekið fram einkum og sér í lagi af okkar hálfu, að við gætum því í stórum dráttum fallist á frv., sem síðar varð lög nr. 40 frá 1978, og greiddu því atkv. þeir þm. Alþfl. sem þá sátu á Alþ., enda töldum við með réttu, eins og miklu skýrar og gleggra var fram tekið þá en ég geri nú, að í hinum nýju lögum væri að mörgu leyti í mjög veigamiklum atriðum gengið til móts við þær tillögur Alþfl. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem Alþfl. flutti fyrst fyrir níu árum á hinu háa Alþingi og endurflutti síðan í lítið breyttri mynd svo til á hverju þingi síðan.

Það var aðeins ein meginbreyting gerð eða einum meginþætti breytt í umræddum lögum nr. 40 frá 1978 sem við vorum andvígir, en þar á ég við tillöguna sem var gerð um skattstiga og ýmsa afslætti.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það hefur lengi verið stefna Alþfl.- manna að fella ætti niður tekjuskatt af almennum launatekum. Vegna ýmissa séraðstæðna í landi okkar eiga margir Íslendingar ekki völ á öðru en að vinna mjög langan vinnudag, ekki aðeins vegna tekjuþarfar, heldur líka vegna þess að menn eru þar að bjarga frá skemmdum miklum verðmætum sem þjóðarbúið þarf á að halda. Það er því við slíkar aðstæður og í slíkum þjóðfélögum mjög varhugavert að íþyngja almennu launafólki mjög mikið í sköttum þannig að það þurfi að borga hæsta skatthlutfall af venjulegum meðalaflatekjum og að stór hluti af þeim aukavinnutekjum, sem fólk vinnur sér inn sökum sérstakra aðstæðna í þjóðfélagi okkar fari með þeim hætti sem hátekjuskattur til ríkisins. Það var sem sé sjónarmið okkar í tekjuskattsmálum, sem er alkunna því að við höfum á undanförnum árum ítrekað það á Alþ., að tekjuskattur yrði felldur niður af almennum launatekjum. Við teljum það tvímælalaust vera einhverja mestu og raunhæfustu kjarabót sem hægt er að veita í þessu landi. — Má ég aðeins benda hv. formanni fjh.- og viðskn. á að hann fer í ranga tösku. (Gripið fram í. — **Forseti:** Ég hef hér skellu til að skaka að mönnum ef ókyrrð rís upp í salnum.) Ég hélt að hæstv. forseti þessarar ágætu d. þyrfti engrar skellu við í því sambandi, en ekki er verra að hafa hana.

Það hefur verið stefna okkar Alþfl.-manna að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Við höfum viljað gera það í áföngum, og það var meginatriðið sem við töldum ábótavant í lögum nr. 40 frá 1978 þegar flutt var frv. að þeim á Alþ., að inn í þau lög vantaði þá stefnumótun í sambandi við niðurfellingu tekjuskattsins, sem við höfðum gerst málsvarar fyrir á hinu háa Alþingi. Brtt. þær, sem við fluttum við þetta frv., lutu því nær eingöngu að breytingum á skattstigum þeim, sem tillögur voru gerðar um í frv., með það að markmiði að fella niður tekjuskatta af almennum launatekjum. Það var meginaths. sem við gerðum við frv. sem síðar varð lög nr. 40 frá 1978. Það var meginbreytingin sem við vildum ná fram á því frv. Að öðru leyti gátum við Alþfl.-menn fallist í öllum meginatriðum á þær till., sem hæstv. þáv. fjmrh. gerði, og greiddum þeim raunar atkv. og höfum því alveg frá því að þessi lög voru sett verið stuðningsmenn þeirrar breytingar sem þar var verið að gera.

Trúir þeim viðhorfum okkar og afstöðunni, sem kom fram þegar lög nr. 40 frá 1978 voru til meðferðar á Alþ., höfðum við í þeirri ríkisstj., sem lét af störfum nokkru fyrir helgina, undirbúið breytingu á skattstigum þeirra laga með það að markmiði að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum í áföngum á tveim árum. Sú endurskoðun, sem við gerðum á fjárlagafrv. hæstv. fyrrv. fjmrh. Tómasar Árnasonar, var fyrst og fremst í þá átt að lækka áætlun um heimtu tekjuskatts í því frv. um 7.2 milljarða. Með því boðuðum við í framkvæmd þá stefnu okkar að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum í áföngum þannig að fyrsti áfangi í þeirri baráttu yrði tekjuskattslækkun hjá einstaklingum í þjóðfélaginu um 7.2 milljarða frá fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar. Okkur bar að sjálfsögðu skylda til að sýna fram á það með tillögum um skattstiga, hvernig ætti að framkvæma tekjuskattslækkun og hvernig ætti að koma því við að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum í áföngum. Frv. um það efni hafði verið undirbúið í fjmrn., en þar sem hér var um pólitískt deilumál að ræða vildum við ekki flytja það, á meðan til umr. var í Alþ. og til meðferðar þar frv. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem nú er hér til umr., til að blanda ekki saman efnisatriðum þess frv. og því mikla pólitíska deilumáli sem ákvörðun skattstiga er. Engu að síður, þegar ljóst var að til stjórnarskipta mundi koma, tókum við þann kost að leggja fram á Alþ. frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem við gerðum tillögur um, hvernig ætti að ákveða skattstiga þannig að við yrði staðið í fyrsta lagi tillögur í fjárlagafrv. okkar Alþfl.-manna um lækkun tekjuskatts um 7.2 milljarða á árinu 1980 frá tillögum fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar, og í öðru lagi, hvernig ætti að framkvæma algera niðurfellingu tekjuskatts af almennum launatekjum á tveim árum. Þetta frv. er á þskj. 152. Það er 101. mál þessarar hv. deildar.

Í stuttu máli sagt er þar gerð tillaga um hvernig afnema eigi tekjuskatt af almennum launatekjum meðalfjöl-

skyldu í tveimur áföngum, á árinu 1980 og á árinu 1981, þannig að árið 1980 yrði tekjuskattur lækkaður um 7 milljarða, eins og við gerðum tillögu um í fjárlagafrv. okkar, og á árinu 1981 yrði tekjuskattur lækkaður um svipaða upphæð. Þetta yrði gert með ákvörðun skattstiga og skattvísitölu og því markmiði náð á þessum tveimur árum, að almenn meðallaunþegafjölskylda í landinu yrði tekjuskattslaus. Þetta gerðum við með því að leggja til að skattstigi yrði ákveðinn, eins og segir í frv. á þskj. 152, þannig að af fyrstu 2.5 millj. kr. tekjuskattsstofni greiðist 15%, af næstu 3.5 millj. kr. tekjuskattsstofni 30%, en 50% af því sem umfram er 6 millj. kr. tekjuskattsstofn. Munurinn milli hæsta og lægsta skatthlutfalls yrði þannig meiri samkv. tillögum okkar en lög nr. 40 frá 1978 gefa tilefni til. Almennir launþegar kæmust því ekki strax upp í hæsta tekjuskatt, eins og raunin hefur verið á undanförnum árum. Raunar var einnig gert ráð fyrir að bilið milli hæsta og lægsta skatthlutfalls yrði meira en var við álagningu tekjuskatts á árinu 1979, en það var gert í því skyni að hagnýta það svigrúm, sem við lögðum til í fjárlagafrv., fyrst og fremst til hagsbóta þeim tekjulægstu og um leið til eins mikillar hækkunar skattfrelsismarka tekjuskatts til ríkisins og mögulegt er.

Brtt. okkar voru hugsaðar, eins og fyrr segir, sem fyrri áfangi á þeirri tveggja ára braut að fella niður tekjuskatt til ríkisins af almennum launþegafjölskyldum. Hugmynd okkar var að stíga lokaskrefið á næsta ári, árinu 1981. Samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar námu meðaltekjur heimila kvæntra verkamanna nálægt 6.7 millj. kr. á árinu 1979, meðaltekjur iðnaðarmanna 7.5 millj. kr., en meðaltekjur sjómannaheimila nálægt 9 millj. kr. á sama ári. Í tillögum okkar var gengið út frá því, miðað við upplýsingar Þjóðhagsstofnunar, að meðallaunþegafjölskylda hefði haft 7 millj. kr. í tekjur á árinu 1979 og að tekjuöflunin skiptist þannig milli hjónanna að annað þeirra hefði aflað 5 millj. kr., en hitt 2 millj. kr. Þessi tekjuskipting er að sjálfsögðu lauslega áætluð. Þá reiknuðum við með að þessi fjölskylda hefði fyrir tveimur börnum að sjá og annað þeirra væri á skólaskyldualdri. Við gerðum einnig ráð fyrir að fjölskylda þessi hefði haft það lítil vaxtagjöld að henni væri hagstætt að nota 10% lágmarksfrádráttinn. Ef um væri að ræða húsbyggjandafjölskyldu af þessari stærð með hærri vaxtagjöld hefði hún mátt hafa hærri tekjur til að sleppa skattlaus til tekjuskatts, því að þá hefði vaxtafrádráttur hennar numið hærri upphæð en hér er gert ráð fyrir. Samkv. áætlunum okkar um tekjur og aðstæður meðallaunþegafjölskyldu í þessu landi hefði hún að samþykktum tillögum okkar á þskj. 101 aðeins borið 176 þús. kr. tekjuskatt á árinu 1980, sem er mjög mikil lækkun frá þeirri tekjuskattsheimtu sem áætluð var í frv. hæstv. fyrrv. fjmrh., Tómasar Árnasonar. Á árinu 1981 hefði þessi launþegafjölskylda orðið skattlaus til ríkisins. Fjögurra manna fjölskylda — annað barnið er á skólaskyldualdri, hjónin vinna bæði úti, konan hálfan daginn, sameiginlegar tekjur þessarar fjölskyldu eru 7 millj. kr. á árinu 1979 framreiknað til verðlagsbreytinga á árinu 1981, sem enginn getur náttúrlega sagt um hverjar verða, — hefði samkv. tillögum okkar orðið skattlaus. Ef um hefði verið að ræða húsbyggjandafjölskyldu sem hefði haft meiri vaxtagreiðslur en í hinu ímyndaða dæmi okkar hefðu skattleysismörk hennar verið þeim mun hærri, hún hefði mátt hafa þeim mun meiri tekjur sem vaxtaútgjöldunum nemur.

Með þessu móti gengum við sem sé til þess verks sem við höfðum heitið með tillöguflutningi á Alþ., m. a. þegar frv. hæstv. fyrrv. fjmrh. Matthíasar Á. Mathiesen var til umr. Við höfðum eina meginaths. að gera við það frv., að skattstiga vantaði í það frv. sem fullnægði þeirri skoðun okkar að fella ætti niður tekjuskatt af almennum launþegafjölskyldum í áföngum. Við gerðum ráð fyrir því í fjárlagafrv. okkar, sem hefur nú verið lagt til hliðar, að slíkt yrði gert í tveimur áföngum, og fluttum um það frv. á þskj. 152.

Meginniðurstöður af tillögum okkar hefði í fyrsta lagi orðið til þess að meðalskattgreiðslur einstaklinga til ríkissjóðs hefðu lækkað um 16%. Hjá hjónum hefði meðaltalslækkun orðið 10%, en hjá einhleypingum 29%. Skattalækkunin hefði orðið tiltölulega meiri hjá barnmörgum en barnfáum fjölskyldum, t. d. um 25% hjá hjónum með þrjú börn eða fleiri, en aðeins 6% hjá barnlausum. Þannig hefðum við reynt að ganga til móts við þá launþega sem hafa átt sérstaklega erfiðar aðstæður umfram aðra, t. d. þá sem hafa fyrir mörgum börnum að sjá. Einnig hefði skattalækkun þessi tekið sérstakt tillit til hópa eins og einstæðra foreldra sem að óbreyttum lögum nr. 40 frá 1978 og með þeirri framkvæmd, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. hæstv. fyrrv. fjmrh., hefðu farið mun verr út úr tekjuskattsálagningu á árinu 1980 en þau gerðu á árinu 1979. Við gerðum einnig ráð fyrir að gengið yrði til móts við sjónarmið einstæðra foreldra þannig að skattaleg staða þeirra yrði verulega bætt frá því sem hún væri ella.

Ég vildi láta þetta koma fram við þessa umr. svo að ljóst sé að við höfum gert og lagt fram þær breytingar á lögum nr. 40 frá 1978 sem við börðumst fyrir þegar það mál var til umr. á Alþ. vorið 1978.

En það voru fleiri í stjórnarandstöðu en Alþfl. Ég vildi gjarnan óska eftir því við hæstv. forseta d., sem náð hefur vopnum sínum úr Ed., að hann léti — nú, hæstv. fjmrh. er þarna. Þá er það í lagi, því að ég ætlaði einmitt að ræða nokkuð við hann. (**Forseti:** Enda á forseti ekki að gæta bróður síns.) Alveg rétt.

Það voru fleiri í stjórnarandstöðu vorið 1978 en við Alþfl.-menn. Það var flokkur hæstv. fjmrh., Alþb., einnig. Hann hafði sitthvað að athuga við lög nr. 40 frá 1978, — sá ágæti flokkur sem nú tilnefnir fjmrh. í þeirri prýðisgóðu ríkisstj. sem nýlega hefur tekið við völdum. Ég er hér með nál. á þskj. 871 frá 99. löggjafarþingi, dags. 2. maí 1978, undirritað af Ragnari Arnalds, núv. hæstv. fjmrh. Og það er einkar athyglisvert, að á sama tíma og við Alþfl.-menn lögðum í okkar tillöguflutningi megináherslu á að fá fram breytingu á skattstigum til lækkunar á skattlagningu samkv. hinu nýja frv. flutti flokkur hæstv. núv. fjmrh. hvorki meira né minna en ellefu brtt. við frv. sem nú er orðið að lögum nr. 40 frá 1978. Það voru nú engar smábreytingar sem flokkur hans vildi ná fram. Því var spáð, að tekjur af tekjuskattsheimtu á því ári yrðu 21.5 milljarðar. Flokkur hæstv. fjmrh. lagði fram ellefu brtt. við frv. sem samtals hefðu lækkað skattheimtuna samkv. því um 13.5 milljarða af 21.5. Ja, starfsmaður þingflokks Alþb. er fljótari en ég að reikna prósentureikning, ég treysti mér ekki út í það svona „på stående fod", eins og danskurinn mundi segja, en a. m. k. fólu þessar ellefu brtt. hæstv. núv. fjmrh. í sér allverulega lækkun tekjuskattsheimtu. Og nú er mín einfalda spurning þessi: Á milli 2. og 3. umr. gefst nokkur tími til að skoða lög nr. 40 frá 1978 nokkru betur.

Má ekki vænta þess, að hæstv. fjmrh. hafi á milli 2. og 3. umr. áhuga á því að koma að einhverri af þeim ellefu breytingum á lögunum sem hann heimtaði í eigin persónu í nafni flokks síns að gerðar yrðu vorið 1978?

Það voru engar smábreytingar hjá hv. frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. á því herrans ári 1978, því að hann sagði hvorki meira né minna en að megingallar frv., sem nú er orðið að lögum, væru að allar horfur yrðu á því, að skattlagning fyrirtækja og rekstraraðila yrði áfram smávaxin. Verulegur hluti atvinnurekstrar í landinu, sagði hæstv. ráðh., sleppur með að borga lítinn sem engan tekjuskatt. Það voru sem sé launamannaskattar fyrst og fremst sem verið var að leggja á með lögunum nr. 40/1978. Skyldi nú ekki hæstv. fjmrh. og flokkur hans vilja breyta þessu þegar flokkurinn fær tækifæri til, ekki aðeins í ríkisstj., heldur sem yfirbjóðandi skattalaga og skattaframkvæmdar í landinu? Ekki mun standa á okkur Alþfl.-mönnum að veita hæstv. fjmrh. einhvern atbeina í þessu sambandi, þó að fjarri verði að hann verði eins mikill og er hæstv. ráðh. lagði til á sínum tíma að þurrka svo til alveg út tekjur af tekju- og eignarskatti í landinu. Ég ætla ekki að ganga svo langt til móts við hann.

Hvað vildi hæstv. ráðh. gera til breytingar á þeim lögum sem við erum nú að fjalla um? Hverjar voru þessar ellefu breytingar? Hann vildi gerbreyta ákvæðum frv. um fyrningar. Hann vildi fella niður viðbótarfyrningarheimild af skattskyldum hluta söluhagnaðar. Hann vildi hækka skattstiga lögaðila úr 45 í 53%, — hann á væntanlega eftir að sýna það þegar hann leggur fram skattstigafrv. sitt. Hann taldi sjálfsagt að undanþiggja nær alla tekjuskatti sem náð hafa 67 ár aldri. Nú leikur mér hugur á að vita um hug hans í því máli. Við getum komið þeirri breytingu fram milli 2. og 3. umr. að undanþiggja nær alla, sem náð hafa 67 ára aldri, tekjuskatti. Ég er reiðubúinn að styðja slíka brtt. komi hún frá hæstv. fjmrh. Auk þess flutti hæstv. ráðh. þá brtt. og barðist mjög eindregið fyrir því ásamt núv. starfsmanni þingflokks Alþb. að gera leigu fyrir íbúðarhúsnæði frádráttarbæra frá skatti. Menn nefndu það með mörgum fögrum orðum, hæstv. fjmrh. og starfsmaður þingflokks Alþb., í umr. á þinginu vorið 1978, hversu gríðarleg mismunun væri í þessu landi milli annars vegar þeirra, sem byggju í eigin húsnæði, og hins vegar hinna, sem þyrftu að borga öðrum leigu. Þeir félagarnir tveir lögðu til að þetta atriði yrði metið í skattalögum, eins og segir með leyfi forseta:

„Ég flyt till. um," sagði hæstv. fjmrh., „að gera leigu fyrir íbúðarhúsnæði frádráttarbæra frá skatti, allt að 25 þús. kr. á mánuði fyrir einstakling og 50 þús. kr. fyrir hjón, með þeim rökum" o. s. frv., o. s. frv.

Það þarf sjálfsagt ekki að minna hæstv. ráðh. á þetta. Og nú spyr ég: Vill hæstv. ráðh. ekki nota það tækifæri, sem gefst nú milli 2. og 3. umr., til að koma þessari breytingu fram?

En meginatriði málsins var þó 11. till. hæstv. ráðh. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Í ellefta lagi flyt ég till. um að hækkun skattvísitölu fylgi hækkun tekna milli ára og að þetta verði bundið í lögum þannig að menn geti ekki leyft sér sams konar hundakúnstir og hæstv. fjmrh. leyfir sér nú um þessar mundir."

Ég legg til að hæstv. fjmrh. flytji till. um það milli 2. og 3. umr., að menn banni hundakúnstir með þeirri aðferð sem hann lagði sjálfur til vorið 1978. Ég þarf ekki að taka fram, að við Alþfl.-menn erum eindregið á móti hundakúnstum. Við erum fúsir til þess að fallast á slíka brtt. frá hæstv. fjmrh.

Hæstv. núv. fjmrh. dró saman í nál. sínu, dags. 2. maí 1978, hvað væri helst að þeim lögum sem hann nú fjallar um. Endurmat eigna hækkar fyrningargrunninn stórkostlega. Þetta er óbreytt. Söluhagnaður verður sjaldan skattlagður vegna víðtækra heimilda til viðbótarfyrningar. Ekki hefur það breyst mikið. Fenginn arður af hlutabréfum af hlut í fyrirtæki, allt að ½ millj. kr. hjá hjónum, verður skattfrjáls. Það er enn þá. Taldi hæstv. ráðh. að nálgaðist hreinan fjármálaglæp að hafa þetta í skattalögum og hrósaði sér og Framsfl. sérstaklega fyrir að hafa afnumið slíkt úr lögunum á sínum tíma. Er ekki hæstv. fjmrh. tilbúinn að afnema það núna? Fjórðung af hagnaði félaga er heimilt að leggja til hliðar áður en skattur er lagður á. Taldi hæstv. fjmrh. það megingalla á lögunum sem hann fjallar um. Er hann ekki enn sömu skoðunar?

Og hæstv. fjmrh. hélt áfram í nál. sínu, með leyfi forseta:

„Ýmsar fleiri ívilnunarreglur mætti nefna. Samanlögð áhrif af öllum þessum smugum hljóta að verða þau, að verulegur hluti atvinnurekstrar í landinu sleppur með að borga lítinn sem engan tekjuskatt."

Við skulum nú láta vera flestallar af þessum brtt. Það verður sjálfsagt ekki mikill tími til að koma þeim við, enda ekki víst að þær njóti stuðnings í hæstv. ríkisstj., þó að hæstv. fjmrh. sé að sjálfsögðu enn þá jafnáhugasamur um þær, nema þessi eina um hundakúnstirnar. Væri nú ekki ráð að banna, eins og menn ætla að banna verðbólgu með lögum í sambandi við niðurtalningar og fleira slíkt, — að banna hundakúnstir með lögum í skattalöggjöf, eins og hæstv. ráðh. lagði til vorið 1978 varðandi ákvörðun um skattvísitölu? Ég ætla því að láta mér nægja svona í lokin að ítreka þessa einu fsp. til hæstv. ráðh.: Mun hann ekki óska eftir því nú milli 2. og 3. umr., að sú hundakúnstaaðferð, sem hann ræddi um vorið 1978, verði alfarið afnumin svo að hæstv. ráðh. falli ekki í þá freistni að fara að leika sömu hundakúnstir og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen lék í sinni fjmrh.-tíð?

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 164,1 (tvær nýjar gr., verða 2.—3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 164,2 samþ. með 24 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 164,3 samþ. með 25 shlj. atkv.

3. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

4.—5. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 164,4 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

6.—8. gr. (verða 9.—11. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 164,5 (ný gr., verður 12 gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

9. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 164,6 samþ. með 24 shlj. atkv.

10. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 164,7 samþ. með 24 shlj. atkv.

11. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
12.—14. gr. (verða 16.—18. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,8 samþ. með 24 shlj. atkv.
15. gr. (verður 19. gr.),. svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
16.—17. gr. (verða 20.—21. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 164,9 (ný 18. gr., verður 22. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
19. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,10 (ný gr., verður 24 gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
20.—21. gr. (verða 25.—26. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,11 samþ. með 24 shlj. atkv.
22. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,12 (ný gr., verður 28. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
23.—24. gr. (verða 29.—30. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,13 (ný gr., verður 30 gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,14 samþ. með 24 shlj. atkv.
25. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,15 (ný 26. gr., verður 33. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,16 (27. gr. falli niður) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,17 (ný 28. gr., verður 34. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 164,18 (ný 29. gr., verður 35. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
30.—33. gr. (verða 36.—39. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 164,19 (9 nýjar gr., verða 40.—48. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
34. gr. (verður 49. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,20 (ný gr., verður 50. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 164,21 samþ. með 25 shlj. atkv.
35. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
36.—39. gr. (verða 52.—55. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,22 (2 nýjar gr., verða 56.—57. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 164,23 (ný 40. gr., verður 58. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 164,24 (41. gr. falli niður) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 152). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Efri deild, 39. fundur.

Mánudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Lántaka vegna framkvæmda á sviði orkumála, frv. (þskj. 3). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 38. fundur.

Mánudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 168, 170, 171, 172). — 3. umr.

Afbrigði um brtt. 171 og 172, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 26 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég held að öllum hv. þm. sé fullljóst, að ef ekki tekst að afgreiða þetta mál áður en þing gerir hlé á störfum sínum kæmi til alvarlegra vandræða. Ég sé á vinnubrögðum að menn eru ákveðnir í að láta ekki til þess koma og gera sér fyllilega grein fyrir því, að brýn þörf er á að hraða afgreiðslu þessa máls. Ég vil þakka fjh.- og viðskn. beggja d. fyrir ágæt störf þeirra að þessu máli og einnig sérstaklega þakka þeim ýmsu embættismönnum sem hafa undirbúið það, m. a. undanfarna daga við gerð ýmiss konar brtt. sem hafa komið fram á seinustu dögum.

Ég held að það leyni sér ekki að þetta frv. og þau lög, sem hér er verið að breyta og eiga að koma til framkvæmda á þessu ári, hafa ótvíræða kosti. Hér er um að ræða takmarkaða sérsköttun hjóna, aðskilnað rekstrar einstaklinga frá öðrum tekjum einstaklinga, aðlögun tekjuhugtaksins að verðbólgunni, endurmat eigna og gerbreyttar fyrningarreglur og um leið skattlagningu verðbólguhagnaðar. Allt er þetta tvímælalaust til hins betra, og með þessari lagasetningu er gengið til móts við ýmis konar gagnrýni sem fram hefur verið borin á það tekjuskattskerfi sem áður var í gildi. Ég held sem sagt að kostirnir verði ekki dregnir í efa. Ég vil hins vegar minna á það í þessu sambandi, að ég var ekki einn þeirra sem greiddu atkvæði með tekjuskattslögunum þegar þau voru afgreidd fyrir tæpum tveimur árum. Ég flutti till. um að frv. yrði vísað til þáv. ríkisstj., þar sem það væri á ýmsan hátt ófullkomið og í mörgum atriðum gallað, og taldi eðlilegra að málið yrði tekið til nánari skoðunar. Ég flutti raunar brtt. við ýmis ákvæði frv. eins og það var þá, m. a. um fyrningarhlutföllin, sem ég taldi óhæfilega há, og um skatthlutfall lögaðila, sem ég taldi óhæfilega lágt. Ég óttaðist að atvinnureksturinn í landinu mundi sleppa óeðlilega frá skattlagningu að þessum lögum óbreyttum.

Ég greiddi sem sagt ekki þessu frv. atkvæði mitt þegar það var hér til lokaafgreiðslu. En það varð samt að lögum, til þess var sannarlega nægur meirihluti á þeim tíma. Síðan eru liðin tæp tvö ár. Það hefur komið í ljós, sem marga grunaði fyrir tæpum tveimur árum, að lögin byggju yfir mörgum ágöllum. Þeir ágallar hafa verið að koma í ljós, eins og best sést á því, að eftir að lögin hafa verið endurskoðuð, einkum í fjármálaráðherratíð Tómasar Árnasonar, fyrrv. fjmrh., koma í kjölfar þess fram 43 brtt. við lögin, hvorki meira né minna, og þær margar mjög flóknar og margþættar. Svo eftir að þetta frv. kemur fyrir þingið og er búið að vera þar til athugunar um nokkurt skeið koma enn fram fjöldamargar brtt., samtals 24. Og enn eru brtt. á ferðinni og eiga sjálfsagt eftir að koma fram.

Ég held að það leyni sér ekki að meðferð þessa máls er ákaflega óvenjuleg, að ekki sé meira sagt, og málið svo síðbúið að einsdæmi hlýtur að heita. Það er þess vegna eðlilegt og skiljanlegt að það sé kvíði í mörgum þegar menn hugsa til þeirrar álagningar tekjuskatts sem fram undan er. Ég hef orðið var við alvarlegar aðvaranir mætustu manna, sem hafa sagt við mig að það væri ekki aðeins kvíðvænlegt, það væri ábyrgðarhluti að leggja á samkv. hinum nýju lögum, jafnófullkomin og sumum virtust þau vera og jafnseint og lögin væru á ferðinni á þessu ári og allar brtt. Menn hafa kallað lögin tilraunastarfsemi og hafa sagt að það sé ekki aðeins mikil óvissa ríkjandi um það, hvaða ágallar kunni enn að leynast í þeim, heldur sé líka fullkomin óvissa um hvað lögin muni gefa og alveg sérstaklega hvað lögin muni gefa í tekjur af atvinnurekstri einstaklinga og félaga. Hafa hinir mætustu menn ráðlagt mér að beita mér fyrir því, að þessari lagasetningu yrði allri slegið á frest í heilt ár og menn legðu skatta á á komandi sumri samkvæmt gömlu lögunum, en skoðuðu málið allt vandlega í millitíðinni.

Menn hafa auðvitað sérstaklega áhyggjur af hinni gerbreyttu álagningu sem nú er tekin upp varðandi skattlagningu hjóna, þar sem ljóst er að frádráttur vegna tekna útivinnandi kvenna er ekki lengur fyrir hendi og útivinnandi konur munu því fá í raun stórhækkaða skatta. Menn hafa skotið því að mér, að hyggilegra hefði verið að stíga þetta stóra spor í nokkrum áföngum, en stíga það ekki allt í einu skrefi, og eiga við þá gífurlegu óánægju sem þetta hlýtur að valda óhjákvæmilega, hvaða ríkisstj. sem við völd er.

Eins hefur verið á það bent, að hér sé verið að breyta fáeinum mánuðum fyrir álagningu skattlagningu atvinnurekstrar og enginn viti raunverulega hvernig það kerfi komi út og síst af öllu hvað það gefi, en það væri, segja menn, algjört lágmark að keyrð væru í gegnum tölvukerfi framtöl svo sem eins og 200—300 fyrirtækja, sem valin væru af handahófi, og þannig fengin nokkur reynsla á hvernig skattálagningin kemur út í raun, svo að tryggt væri í fyrsta lagi, að hún sé eðlileg hvað prósentur snertir, og í öðru lagi, að það komi ekki í ljós einhverjir þeir ágallar sem menn koma ekki auga á við fyrstu sýn, áður en kerfið hefur verið prófað.

Menn hafa sagt með miklum rétti að hér komi fram sandur af brtt., næstum að segja í hverjum mánuði, og hljóti það að gefa vísbendingu um að það eigi eftir að koma í ljós sandur af ágöllum þegar farið verður að leggja á eftir hinu nýja kerfi. Menn óttast líka að fyrirtæki geti lent í óskyggilegum greiðsluvandræðum vegna þess að hér sé verið að leggja skatt á skuldir, þannig að fyrirtæki, sem er kannske rekið með bullandi tapi og á ekki einu sinni fyrir skuldum, fær á sig skatt. Svo hafa

menn verið að vekja máls á því, sem ég var að nefna, að álagningin hlyti að verða mjög síðbúin af öllum þessum ástæðum og þar að auki kynni það að vera að framtöl veföust mjög fyrir fólki.

Ég vil vegna þeirra umræðna, sem orðið hafa um skattamálin í þessum anda og sannarlega ekki að ástæðulausu eða tilefnislausu, upplýsa að nú um helgina hef ég rætt við ýmsa embættismenn, sem gerst þekkja stöðu þessara mála, og lagt fyrir þá spurningar af því tagi sem ég var að vekja máls á áðan. Ég vil láta koma hér fram, að það var í fyrsta lagi samdóma álit þessara manna, þ. á m. ríkisskattstjóra, formanns ríkisskattanefndar og deildarstjóra tekjudeildar fjmrn., að framtöl ættu að heppnast hjá fólki án verulegra erfiðleika og þrátt fyrir að framtalseyðublað væri kannske svolítið flókið í augum margra. Með vitnisburð embættismannanna í huga er greinilega ekki um annað að ræða en að vona að þetta reynist rétt.

Áformum um meðferð skattframtala hefur verið breytt. Ráðgert er að hraðskoðun framtala verði lokið fyrir 30. júní og strax eftir að hraðskoðun hefur farið fram hefjist álagning. Reynt verður að tryggja að álagning og innheimta dragist ekki alvarlega, a. m. k. ekki meira en mánuð. Þarna er vissulega tekin ákveðin áhætta, en að dómi embættismannanna er þó áhættan ekki mikil.

Til viðbótar vil ég upplýsa að það var samdóma álit þessara embættismanna, sem ég ræddi við svo sannarlega að gefnu tilefni, að ekki yrði aftur snúið úr því sem komið væri, hvort sem mönnum líkaði betur eða verr. Þau skattalög, sem við erum hér að ræða um, hafa verið í gildi allt s. l. ár. Menn hafa gert margvíslegar ráðstafanir í fjármálum sínum og atvinnurekstri í samræmi við þau lög sem í gildi hafa verið. Það er því talið mundu valda stórfelldum vandræðum og síðar hugsanlegum málaferlum ef menn vildu reyna að staldra við og leggja á að þessu sinni samkv. gömlu lögunum. Það er sem sagt einfaldlega ekki talið framkvæmanlegt.

Ég held að því neiti enginn, að allt þetta mál er komið í talsvert óefni, og það má vel vera, eftir þeim upplýsingum sem gefist hafa, að það sé talsvert fen fram undan. Það eru áreiðanlega margvísleg vandamál fram undan, en ég endurtek: Það virðist nokkuð ljóst að ekki verði aftur snúið.

Ég vænti þess, að frv. verði afgreitt af hv. Nd. í dag. og á morgun úr Ed. Strax og þing kemur aftur saman að loknu þinghléi því, sem enn hefur ekki verið ákveðið, eins og menn vita, og ég veit ekki nákvæmlega hvenær hefst, en endar væntanlega að loknu Norðurlandaráðsþingi, það virðist nokkuð ljóst, þá geri ég ráð fyrir að frv. um þá þætti þessa máls, sem enn hafa ekki verið hér til afgreiðslu, enn eru óafgreiddir, verði lagt fram hér í þingingu. Þá á ég við frv. um skattstiga, persónuafslætti, barnabætur, frádráttarliði, tekjuskattshlutfall félaga, eignarskatt og fleiri atriði sem enn hefur ekki verið fjallað um. Þá gefst tækifæri til að athuga nánar öll þau atriði sem menn telja að enn þurfi að athuga frekar.

Mér er það alveg sérstakt ánægjuefni, að í fjhm- og viðskn. Nd. hefur skapast mjög góð samstaða um afgreiðslu till. sem hér liggja fyrir. S. l. föstudag tókum við þátt í því hér í d. að afgreiða samhljóða niðurstöðu fjh.- og viðskn. Nd. Mér er tjáð að nú sé von á einni brtt. til viðbótar, sem hækkar hlutfallið í 22. gr. frv. úr 45% í 50%. Ég vænti þess, að sú brtt. verði samþykkt, af því að það er um algjöra samstöðu að ræða. Hins vegar verð ég var við að ýmsar aðrar brtt. eru hér á ferð, bæði frá einstökum nm. og frá öðrum hv. þm. Ég tel eðlilegast að þingmenn, nefndir og fjmrn. fái aðstöðu til að skoða þær betur en hægt er að gera á svo skömmum tíma sem við höfum nú til ráðstöfunar. Ég vil því eindregið mælast til þess, að þeir tillögumenn, sem hafa borið fram till. um ýmsar aðrar breytingar sem ekki hefur skapast samstaða um, dragi þær til baka þannig að þær komi ekki til atkvgr. við 3. umr. málsins hér ellegar við afgreiðslu málsins í Ed., og ég fái tækifæri til að láta athuga till. í fjmrn. fram að þeim tíma að lögin verða enn tekin til endurskoðunar að þremur vikum liðnum. Ég geri ráð fyrir að nm. í fjh.- og viðskn. vilji einnig fá nokkurt ráðrúm til að skoða till. frekar. Ég mælist sem sagt eindregið til þess að menn fallist á að draga þær till. til baka sem ekki er samstaða um á þessu augnabliki.

Ég vil svo að lokum í tilefni þeirra orða, sem ég hef sagt hér um þessi tekjuskattslög, um þá óvissu sem bersýnilega er fram undan í álagningu tekju- og eignarskatts á þessu ári, gefa svofellda yfirlýsingu:

Vegna þeirra grundvallarbreytinga, sem verða á skattstofnum atvinnurekstrar með lögum nr. 40/ 1978 og því frv. sem hér er til umræðu, er erfitt að hafa fulla yfirsýn yfir áhrif laganna á atvinnurekstur eða einstakar greinar hans. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að taka ýmis ákvæði laganna til endurmats í ljósi þeirrar reynslu sem fæst við framkvæmd þeirra. Á þetta ekki síst við um það hlutfall af tekjufærslu vegna verðbreytinga sem heimilt er að fresta skattlagningu á með flýtifyrningu. Ég mun beita mér fyrir slíkri athugun jafnskjótt og nauðsynlegar upplýsingar berast skattayfirvöldum með framtölum rekstaraðila.

Ef álagning samkv. þessum skattalögum leiðir til bersýnilega ósanngjarnrar niðurstöðu gagnvart tilteknum hópum skattgreiðenda getur einnig orðið óhjákvæmilegt að endurskoða þessi lög. Ef þessi nýju tekjuskattalög skila ríkinu verulega miklu meiri tekjum en gert verður ráð fyrir við ákvörðun skattstiga og afgreiðslu fjárlagafrv. eða tekjurnar verða talsvert minni en gert er ráð fyrir er eðlilegt og getur orðið óhjákvæmilegt að lækka álagningu eða bæta við álagningu eftir því hvernig nýja skattakerfið kemur út í raun.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Áður en ég geri grein fyrir brtt. fjh.- og viðskn. í fjarveru formanns nefndarinnar, hv. 3. þm. Austurl., sem hefur fjarvistarleyfi, vil ég aðeins víkja að þeim orðum hæstv. fjmrh. er hann hafði áðan um lögin um tekjuskatt og eignarskatt frá 1978 sem eru hér til umr. með áorðnum breytingum sem samþ. voru samhljóða í hv. d. við 2. umr. þessa máls.

Ég held að lögin, sem samþ. voru vorið 1978, feli í sér ótvíræða kosti, eins og ráðh. réttilega sagði í upphafi máls síns. Alþ. fjallar nú um þessi lög og fram eru komnar brtt. Það stafar ekki af því, að í óefni sé komið, eins og ráðh. orðaði það, eða að það sé fen fram undan. Við umr. um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt 1978 gerði ég grein fyrir því varðandi þau nýmæli, sem fólust í frv. og síðar voru samþykkt, að gera þyrfti athuganir á þeim þá þegar og gæti það leitt til þess, að brtt. yrði að flytja til að ná fram þeim höfuðsjónarmiðum sem gert hafði verið ráð fyrir. Þar var sérstaklega um að ræða svokallaðan endurmatsreikning. Alþ. gerði sér grein fyrir því, að þau

nýmæli, sem þar voru tekin upp, væru með þeim hætti að rétt væri að endurskoða þau strax og koma fram breytingum ef ástæða þætti til.

Aðdragandinn að lagasetningunni var nokkuð langur. Það var flutt frv. á vorþingi 1977. Það frv fékk allítarlega umræðu bæði á Alþ. og utan þingsala, svo að frv., sem var flutt á útmánuðum 1978, kom mönnum ekki ókunnuglega fyrir sjónir. Að vísu voru tekin inn þar atriði sem við einmitt fjöllum um í dag. En því hafði verið lýst yfir, að afturvirkni í þessum efnum kæmi ekki til greina og lögin því sett á árinu 1978 með gildistöku 1. jan. 1979.

Þær brtt., sem fluttar voru af hæstv. fyrrv. fjmrh., og brtt. við þær, sem fluttar voru af fjh.- og viðskn. við 2. umr. þessa máls, eru framhald af þeirri vinnu sem unnin hafði verið í rn. og kom fram þegar frv. var lagt fram 1978. Ég gerði sem fjmrh., strax eftir að lögin höfðu verið samþykkt, ráðstafanir til þess að endurskoðun þeirra færi fram. Hér er því um að ræða áframhaldandi vinnu við að breyta reglum um endurmat á fyrningum. Það, sem unnið var í tíð fyrrv. fjmrh. Tómasar Árnasonar og fyrrv. fjmrh. Sighvats Björgvinssonar, var framhaldsvinna af því öllu saman. Ég held að það staðfesti fyrst og fremst að lögin, eins og þau voru sett, og þau höfuðsjónarmið, sem þar koma fram, hafa verið af þeim aðilum litin með svipuðum hætti og ég gerði þegar ég beitti mér fyrir breytingunum 1978. Það kom og skýrt fram hjá hæstv. fjmrh. áðan, að skattalögin voru samþ. á þingi 1978 mótatkvæðalaust. Að vísu sátu þm. hjá við lokaafgreiðsluna, en töldu ekki rétt að greiða atkvæði gegn frv.

Ég held að varðandi framhaldsvinnuna stefni í rétta átt þær brtt., sem fjh.- og viðskn. flutti og fékk samþ., voru sumar hverjar áframhald af vinnu rn., þar sem ekki hafði unnist tími til að ljúka vinnunni, og brtt. hennar því eðli málsins samkvæmt þegar málið er skoðað í heild. Þar kom að sjálfsögðu til sá óróa sem verið hefur hjá okkur í sambandi við kosningar og það sem þeim fylgir. Tímaskortur varð vegna þess, en ef allt hefði verið með felldu hefði e. t. v. verið möguleiki á að ljúka þessu máli t. d. fyrir áramót.

Ég held að brtt., sem samþ. hafa verið og væntanlega verða samþ., þ. e. brtt. á þskj. 170 sem fjh.- og viðskn. Nd. flytur við 3. umr., séu allar til að ná fram því sjónarmiði sem lögin gerðu ráð fyrir, að vísu með örlítið breyttum bókhaldsreglum. En það hefur verið reynt af þeim aðilum, sem um þetta mál hafa fjallað, að ná fram skattlagningu eins og hugsað hafði verið með lögunum, enda þótt bókhaldsformum sé þar breytt.

Það kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., og var reyndar vitað, að í lögin vantar þá skattstiga sem þarf að notast við miðað við að staðgreiðsla er ekki komin, því að skattstigarnir í lögunum miða við staðgreiðslu og eru þar af leiðandi grundvallaðir á öðrum forsendum en staðgreiðslukerfið. Verður þess vegna að flytja frv. til l. um breyt. á skattalögunum. Hæstv. ráðh. boðaði það strax og þing kemur aftur saman að loknu þinghléi. Hann vék að vísu að því, að ekkert hefði verið ákveðið um hlé, við höfum ekki heyrt neitt um slíkt, en það skiptir kannske ekki máli. Það þarf að sjálfsögðu að athuga með hvaða hætti skattstigarnir eiga að vera, hvort sem þingið verður sent heim eða ekki. Ég held að við þá skoðun verði menn að sjálfsögðu að horfast í augu við þær breytingar, sem hér er verið að gera, og haga skattprósentum eftir því. Á ég þar sérstaklega við eignarskattsprósentu, sem að vísu var lækkuð í lögunum 1978 úr 1.2% í 0.8%, en með breyttum endurmatsreglum fæ ég ekki séð annað en að lækka verði enn töluvert ef ekki á að verða um beina eignaupptöku að ræða.

Ég vil svo að lokum víkja að brtt. sem fjh.- og viðskn. flytur á þskj. 170. Þær eru í þremur liðum:

Í fyrsta lið er gert ráð fyrir að námsfrádráttur verði ekki bundinn við aldur, þ. e. 30 ár, eins og brtt. við 2. umr. gerði ráð fyrir. Lögin gerðu ráð fyrir námsfrádrætti frá 16—26 ára, en með þessari till. er gert ráð fyrir að fella niður efri mörkin. Námsfrádrátturinn er heimill eins og þar er gert ráð fyrir og ekki sett aldursmark í efri mörkum.

Önnur brtt. er í samræmi við þá fyrstu. Það, sem stendur í 66. gr. er fært til samræmis við það sem stendur í 14. gr.

Við 22. gr., eins og lögin eru orðin eftir 2. umr., flytur n. brtt. Í staðinn fyrir flýtifyrningu með 45% verði heimilt að flýtifyrna 50%. Hér er um að ræða að fyrirtæki, sem þessi kerfisbreyting gæti e. t. v. orðið neikvæð fyrir, hafi tækifæri til að lagfæra og leiðrétta útkomu sína svo að sú breyting, sem áformuð er, komi þeim ekki eins illa og yrði ef flýtifyrning væri ekki heimiluð. Þess vegna taldi n. til samkomulags rétt að hækka markið úr 45%, eins og samþ. var við 2. umr., í 50%.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það frv. sem hér er til meðferðar. En eins og ég vék að áðan þarf mjög vel að skoða þær hugmyndir og þær till. sem síðar munu koma fram af hálfu fjmrn. í sambandi við skattstigana og þá sér í lagi eignarskattinn. Munum við sjálfstæðismenn við meðferð málsins hér á þingi gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem við höfum þar að lútandi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Á þskj. 172 leyfi ég mér að flytja brtt. ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni. Brtt. er við 4. gr. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40/1978, um tekju- og eignarskatt.

Þar er lagt til í fyrsta lagi að b-liður greinarinnar orðist svo: Í stað orðanna „nefndarlaun, stjórnarlaun og eftirlaun“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laganna komi orðin: nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir.

Í öðru lagi: C-liður greinarinnar orðist svo: Úr 1. málsl. 2. tölul. A-liðs 7. gr. laganna falli orðið „lífeyrir“.

Í stuttu máli fjallar þessi breyting um að ellilífeyrisþegar og eftirlaunafólk almennt njóti sömu 10% frádráttarhlunninda sem aðrir njóta. Svo sem kunnugt er eru þær almennu reglur í skattalögunum, að skattgreiðendur geta annaðhvort notið almennra 10% frádráttarhlunninda eða dregið frádráttarbær útgjöld frá tekjum sínum. Eins og till. nú standa er ekki gert ráð fyrir að ellilífeyrisþegar njóti slíkra hlunninda. Þó að þessar reglur séu orðnar býsna flóknar er hér augljóslega um misræmi að ræða. Í einföldu máli er lagt til að þessu verði breytt þannig, að sömu reglurnar um sama 10% frádráttinn gildi um eldri borgara og aðra. Um þetta þarf í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð, svo ljóst sem það má vera við hvað hér er átt, en því má bæta við, að verði þetta misræmi látið óbreytt er auðvitað alveg ljóst að það mun valda mikilli gremju hjá þeim eldri borgurum sem þetta kemur til með að bitna á.

Að því er varðar tilmæli hæstv. fjmrh. um að menn dragi brtt. sínar til baka held ég að ekki sé hægt að verða við þeim óskum. Það er allsendis óvíst hvort málið kemur

til þessarar hv. d. aftur. Það fer eftir viðtökunum sem það fær í Ed. Af þeim sökum og vegna þess, hvað mér þykir hér vera um sjálfsagt réttlætismál að ræða, sé ég mér ekki fært að verða við tilmælum hæstv. ráðh.

Það má svo segja að lokum, að ráðh. vék í ræðu sinni í upphafi þingfundar að einhverju sem hann kallaði þinghlé sem í vændum væri. Ég hef ekki heyrt um slíkt talað af stjórnvöldum. Forseti ágætur, sem ég hitti á gangi í morgun hér í þinginu, kannaðist ekkert við að slíkt stæði fyrir dyrum. Heldur þykir mér óviðkunnanlegt að þetta komi óformlega frá ráðh. og án þess að um það sé nokkuð vitað að öðru leyti. Fyrst er nú a. m. k. að ganga svo frá skattalögunum að skapleg geti talist, áður en þinghlé kemur til alvarlegrar umræðu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það frv. sem hér er til umr., enda fjallaði ég nokkuð ítarlega um það fyrst þegar frv. var lagt fram af minnihlutastjórn Alþfl. í des. og svo aftur þegar það kom til 2. umr. um helgina.

Ég vil aðeins láta það koma fram, að ljóst var þegar í sumar að mjög víðrækar breytingar þurfti að gera á lögum nr. 40 frá 1978 til að leiðrétta ýmislegt það sem í ljós hafði komið við betri athugun á málinu að leiðrétta þurfti, en ekki hafði gefist tími til að gera þegar lögin voru sett. Þá var sérstaklega skoðað, hvort til greina gæti komið að láta ekki reyna á þær breytingar, sem þyrfti að gera á lögunum til þess að þau næðu tilgangi sínum, heldur fresta gildistíma laganna um eitt ár í viðbót, eins og hæstv. fjmrh. ræddi áðan um að hefði nú komið aftur til skoðunar. Að höfðu samráði við embættismenn í fjmrn. og ríkisskattstjóra taldi ég engu að síður rétt að reyna að standa við þá fyrirætlun sem Alþ. mótaði við afgreiðslu laga nr. 40 frá 1978 sem komu til framkvæmda um s. l. áramót. Til þess að það væri hægt þurfti að gera á lögunum mjög verulegar breytingar. Frv. þetta fjallar um það.

Hins vegar hefur ávallt verið vitað, allt frá því að lögin voru sett, að nær ógerningur væri að segja fyrir um hver áhrifin af slíkri nýrri lagasetningu í tekju- og eignarskattsmálum yrðu í einstökum atriðum. Það var í senn mjög erfitt að sjá, hver niðurstaðan mundi verða fyrir tiltekna hópa, og enn fremur, hvaða afleiðingar hin nýja lagasetning mundi hafa fyrir tekjuöflun ríkissjóðs í heild. Enn mieri óvissa er náttúrlega ríkjandi um þessi mál þar sem í frv., eins og það er nú úr garði gert, vantar alla skattstiga. Meðan skattstigar hafa ekki verið settir inn í frv. verður enn erfiðara að áætla hvaða afleiðingar það muni hafa. Þess vegna hefði verið æskilegt og raunar eðlilegt, þegar frv. er nú afgreitt og lagabreytingin gerð, að skattstigar hefðu verið ákveðnir jafnframt, eins og við Alþfl.-menn gerðum ráð fyrir með flutningi frv. um skattstiga sem við lögðum fram fyrir nokkrum dögum.

Ég ætla ekki að tara frekar út í efnisatriði þessa máls, ég hef þegar gert það rækilega en ég vil gjarnan óska eftir því við hæstv. fjmrh., — jafnframt því sem ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hann gaf áðan, að brugðist yrði við í fjmrn. ef í ljós kæmi við framkvæmd skattalaganna, að eitthvað væri þar að gerast sem engan hefði órað fyrir, og það yrði leiðrétt, að hann gerði svo vel að láta þess getið að hann mundi á næsta hausti a. m. k. gefa Alþ. skýrslu um framkvæmd hinna nýju skattalaga svo að unnt væri þá að taka lögin aftur til endurskoðunar þegar á næsta hausti, ef í ljós kemur að eitthvað verulega hafi brugðið út af.

Ég held, eins og ég sagði fyrir 2—3 dögum , að menn verði að búa sig undir að gera meiri og minni breytingar á hinum nýju skattalögum, raunar á hverju ári, því að ekki má búast við því og er vart hægt að gera slíka kerfisbreytingu í skattamálum sem lögin frá 1978 hafa í för með sér á einni nóttu. Slík lagasetning þarf stöðugt að vera í endurskoðun og þarf sjálfsagt að breyta henni nokkuð oft áður en hún kemur í endanlegan búning.

Meira ætlaði ég ekki að segja um frv. sjálft. En það er annað sem ég hef áhuga á að ræða í þessu sambandi og vitna þá til upphafsorða hæstv. fjmrh.

Við þ.m. höfum lesið í blöðum og heyrt í útvarpi undanfarna 7—10 daga að það standi til, eins og þar er sagt, að senda þingið heim. Hæstv. forsrh. hefur a. m. k. einu sinni látið hafa eftir sér í útvarpi að ekki væri unnt að senda þm. heim fyrr en búið væri að afgreiðu tiltekin verkefni sem biðu óafgreidd á þingi. Þetta hefur verið rætt bæði í blöðum og útvarpi, eins og ég sagði áðan, — var birt í forsíðufrétt í Þjóðviljanum um helgina, einu stuðningsblaði ríkisstj., og hæstv. fjmrh. gaf í upphafi ræðu sinnar áðan yfirlýsingu sem ekki er hægt að skilja öðruvísi en svo, að hann telji þetta verk búið og gert. Hitt vita hins vegar allir þm., að til þess að hægt sé að fresta fundum Alþ. nægir ekki að ríkisstj. gefi um það yfirlýsingu, ekki einu sinni í Þjóðviljanum, heldur verður Alþ. að samþykkja till. þar að lútandi.

Ég verð að segja eins og er, að ég man ekki til þess, — ég hef ekki setið lengi á þingi, en ég man ekki til þess þann tíma sem ég hef tekið þátt í þingstörfum og fylgst með þeim, að ekki hafi verið haft um slíkt samráð við þingflokkana. Ég get upplýst að ekki eru aðeins forsetar þingsins gersamlega óvitandi um hvað til standi, heldur líka þingflokksformenn sem styðja ríkisstj. Við Alþfl.-menn tókum fram, þegar umræður voru hér um tilkynningu forsrh., að við værum reiðubúnir til að gera það sem við gætum til að auðvelda hæstv. ríkisstj. störf hennar, við mundum ekkert gera til að leggja stein í götu hæstv. ríkisstj. eða til að koma í veg fyrir að hún fengi eðlilegan umþóttunartíma. Ég vil aðeins taka það fram, að mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að ríkisstj. kunni að þurfa á því að halda að fá nokkurra daga þinghlé og tíma til að ráða ráðum sínum. En mér finnst það frumskylda og raunar ekki annað en einber kurteisisskylda hæstv. forsrh. og ríkisstj. að hafa a. m. k. málamyndasamráð um slíkt við þingflokkana, svo að menn séu ekki að lesa það í blöðum og heyra það í ræðum á Alþ., að til standi að senda þingið heim í hálfan mánuð og allt upp í þrjár vikur, án þess að um það hafi verið haft nokkurt samráð við þingið né heldur að það hafi verið látið svo lítið að hafa um það samráð við þm. og þingflokka, hvaða mál það eru sem hæstv. ríkisstj. mundi kjósa að fá afgreidd áður en þinghléið kæmi. Ég vil ítreka, að við Alþfl.-menn ætlum ekki að leggja stein í götu ríkisstj. Við munum ekki neita henni ef hún biður um eðlilegan umþóttunartíma. Við erum reiðubúnir til að hafa við hana samráð um þau mál sem hún telur að þurfi að afgreiða áður en þinghlé verður gefið. En við teljum það frumskyldu af hálfu hæstv. ríkisstj. að taka upp þá almennu mannasiði hér í þinginu að hafa um slíkt samráð við þm. og þingflokka og þá ekkert síður þingflokka stjórnarliða en þingflokka stjórnarandstöðu, því að bæði eru þm. stjórnar og stjórnarandstöðu í jafnmikilli óvissu um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj.

Ég vil taka fram í þessu sambandi, að ef til stendur að

senda Alþ. nú heim í allt að þrjár vikur svo hæstv. ríkisstj. geti gefist tími til að skoða málin öllu betur en hún hafði tíma til að gera á meðan hún var að semja málefnasáttmálann þá þurfa menn að sjálfsögðu að ákveða hvaða mál eigi að afgreiða áður en þinghlé verður gefið. Ég vil í því sambandi taka fram, að ég er ekki viss um að menn geri sér grein fyrir hvað af því mundi hljótast ef þinghlé yrði t. d, gefið í þrjár vikur án þess að jafnhliða þeirri afgreiðslu, sem nú fer fram, væru afgreiddar till. um skattstiga. Menn tala hér mikið um að það hafi skapast erfið og vandasöm staða í skattamálum, m. a. vegna þess hve ýmsar breytingar á skattalögum, sem nauðsynlegt er að gera, eru seint á ferðinni. En hvílík óvissa mun ekki skapast í þeim málum ef þarf að bíða í fjórar eða fimm vikur eftir því að fá skattstiga afgreidda. Ef það stendur til að hæstv. ríkisstj. óski eftir þinghléi á næstu dögum vil ég fá að vita, eins og ég tel að allir þm. eigi kröfu á, hvaða mál hæstv. ríkisstj. hugsar sér að afgreiða áður en þinghlé yrði gefið. Og ég vara mjög alvarlega við því, að t. d. skattstigunum og ákvörðun þeirra sé frestað fram yfir þinghlé. Ef þinghléið yrði þrjár vikur yrði það ekki fyrr en að loknu því hléi sem hægt væri að taka til umræðu á Alþ. nýtt frv. um breytingu á þeim lögum sem við erum að afgreiða breytingafrv. á við núna. Þá er ekki hægt að fara að taka til umræðu skattstiga eða tillögur um ákvörðun skattstiga fyrr en eftir a. m. k. þrjár vikur. Gera má ráð fyrir að þingið þurfi minnst viku, jafnvel 10 daga, til að afgreiða slíkt mál. M. ö. o. mun líða á annan mánuð frá því að þingi verður frestað og þangað til skattstigar verða ákveðnir. Mun þá verða komið langt yfir framtalsfrest áður en ákvörðun skattstiga fer fram. Það mun hafa í för með sér framlengingu á því óvissuástandi sem ríkir í skattamálum í þessu landi. Þá mun enginn Íslendingur vita hvað á að leggja á háa skatta á Íslandi, hvernig skattbyrðin á að dreifast, hverjir eiga að greiða skatta, hve háa og hverjir ekki.

Ég vil sem sé ítreka þær óskir mínar til hæstv. forsrh., eftir að búið er að tilkynna fyrirætlanir ríkisstj. á öllum öðrum stöðum en á Alþingi Íslendinga, að hann upplýsi nú Alþ. um fyrirætlanir ríkisstj. um heimsendingu þingsins, eins og það er orðað í því ágæta blaði Þjóðviljanum, og hvaða hugmyndir ríkisstj. hefur í því sambandi um mál sem hún vill fá afgreidd áður en sú frestun verður gefin. Ég vara mjög eindregið enn og aftur við því, ef ríkisstj. ætlar sér að fresta afgreiðslu á skattstigamálinu fram yfir slíka þingfrestun, ef til kemur, sem í því ágæta blaði Þjóðviljanum er boðað að eigi að standa a. m. k. þrjár vikur.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það hefur ekki komið til orða í ríkisstj. að „senda þingið heim", eins og hv. þm. orðar það.

Á fyrsta fundi ríkisstj. 9. febr., daginn eftir að hún var mynduð, var rætt um vinnutilhögun og undirbúning ýmissa mála. Þá bar á góma hvort æskilegt væri að fella niður fundi Alþ. um skeið til þess að ríkisstj., eins og ríkisstj. oft áður, gæfist tími og næði til þess í byrjun starfsferils síns að undirbúa mál, fyrir Alþingi. Það varð niðurstaðan á þeim ríkisstjórnarfundi, að ekki væri tímabært að taka neinar ákvarðanir í því efni, áður þyrfti að sjá hversu fram yndi þingmálum sem þyrfti að afgreiða á næstunni. Ríkisstj. hefur því engar ákvarðanir tekið um það, hvort hlé yrði á fundum Alþingis.

Hins vegar er eitt sem liggur nokkuð ljóst fyrir. Norðurlandaráðsþing kemur saman í Reykjavík 3. mars og stendur til 7. mars. Það mun vera föst venja, að þingforsetar felli niður fundi Alþingis þá daga sem Norðurlandaráðsþing stendur yfir hér. Það þykir nauðsynlegt m. a. vegna þess, að Norðurlandaráð þarf á alþingishúsinu að halda til ýmissa starfa. Mér er tjáð af skrifstofustjóra Alþ. að það hafi jafnan verið svo, þegar Norðurlandaráðsþing er haldið hér í Reykjavík, að þá hafi þingfundir fallið niður þá daga.

Eg hef gert ráð fyrir því, að á ríkisstjórnarfundi á morgun verði rætt um þetta mál, hvort æskilegt sé að fella niður þingfundi um eitthvert skeið af þeim ástæðum sem ég greindi. Engin ákvörðun hefur verið tekin enn. En ég vil fullvissa þingheim um það, að áður en nokkur ákvörðun verður tekin í því efni verður málið rætt við þingflokkana og ekki síst formenn þeirra.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Hér er til umr. frv. um breyt. á þeim skattalögum sem tóku gildi um síðustu áramót. Um það hefur verið rætt úr þessum ræðustól, að mörgu hafi þurft að breyta og margt hafi verið lagað í meðförum þingsins. Mér sýnist þó að ekki hafi verið gert nægilegt í því efni og ein ákveðin grein, sem sérstaklega mikil umræða var um þegar skattalögin voru til fyrstu umfjöllunar hér á Alþ., þyrfti að fella niður. Hún stendur þar enn. Ég hef leyft mér ásamt þeim alþm. Friðrik Sophussyni, Matthíasi Bjarnasyni og Halldóri Blöndal að bera fram brtt. á þskj. 171. Þó að till. séu tvær á þskj. er í raun og veru um að ræða aðeins eina till. að 59. gr. laganna falli niður, en hún er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., skal ákvarða honum tekjur af starfinu. Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til slíkrar ákvörðunar. Skattstjóri ákvarðar síðan tekjur þessar með hliðsjón af viðmiðunarreglunum og skal þá gætt aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Viðmiðunartekjur þeirra er landbúnað stunda skulu miðast við launaþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem því ef bóndinn nær ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra.

Telji skattyfirvöld, að endurgjald fyrir starf maka manns eða barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., sé hærra en makinn eða barnið hefði aflað hjá óskyldum eða ótengdum aðila skulu þau ákvarða tekjur makans eða barnsins af starfinu."

Eins og heyra má af þessum lestri mínum er skattstjóri skyldugur til að ákvarða laun einstaklinga sem svo stendur á um sem hér er greint. Ríkisskattstjóri á að setja viðmiðunarreglur. Geri ég ráð fyrir að þá sé átt við hverja starfsgrein um sig, og ýmsir þættir eru það sem skattstjórar eiga að taka tillit til við ákvörðun þeirra launa sem telja ber fram. Ég tel að það sé með öllu útilokað að slík ákvæði geti orðið eðlileg með þessu móti. Ef maður rétt aðeins vill leiða hugann að því, að hér er verið að fjalla um skatt á tekjur manna, þá hlýtur hann að

spyrja sjálfan sig: Hvað eru tekjur? Í hverju er tekjuhugtakið fólgið? Og ég held að ég verði að lesa hér upp eina setningu, sem er tekin upp úr skilgreiningu prófessors í Bandaríkjunum um það hvað tekjuhugtakið er. Ég geri ráð fyrir að hún eigi við hér. Ég vil biðja d. afsökunar á því, en mér finnst málfarið á þessu ekki reglulega gott: Tekjur manns eru peningagildi hreinnar aukningar efnahagsgetu hans frá einum tíma til annars. Og tekjur geta aldrei orðið annað en það sem er hrein peningaaukning manns. Tekjur eru ekki neitt sem maður hugsar sér að geti verið, heldur það sem er raunverulegt í þessu efni.

Mér finnst því og okkur, sem stöndum að þessari till., að það sé algerlega óeðlilegt að hafa þetta ákvæði í lögum.

Ég vil í þessu sambandi rifja það upp sem fram kom í ræðu tveggja manna þegar skattalögin voru til 1. umr. á Alþ. þegar frv. um þau var lagt fram.

Lúðvík Jósepsson, fyrrv. alþm., hafði eftirfarandi orð um þessa lagagrein:

„Mér er t. d. spurn," segir hann, „hvernig á að ákveða laun — persónulaun — til trillubátamanns, sem gerir út í 4 eða 5 mánuði lítinn trillubát, eða þess manns, sem rekur atvinnubíl, og þar getur verið um það að ræða að bíllinn sé ýmist rekinn hérna á höfuðborgarsvæðinu eða norður á Raufarhöfn, svo að dæmi séu tekin? Vitanlega eru tekjumöguleikar þessara manna, sem hér eiga hlut að máli, geysilega misjafnir, og það getur því verið miklum vandkvæðum bundið að ákvarða þessum mönnum réttlátar persónutekjur."

Annar hv. þm., Tómas Árnason, ræddi einnig um þetta við 1. umr. og sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki álít ég að rétt sé að gera mönnum skatt án tillits til rekstrarafkomu. Þjóðfélagið á mikið undir ýmiss konar smáatvinnurekstri, þ. á. m. búrekstri, svo að dæmi sé tekið. Ekki verður mögulegt að greiða tekjuskatt nema af raunverulegum tekjum. Það liggur ekki í eðli málsins að greiða tekjuskatt af tekjum sem engar eru. Skattalög mega ekki drepa niður eðlilega og nauðsynlega löngun manna til að stofna til smærri atvinnurekstrar."

Ég vil minna á orð þessara tveggja alþm. frá þessari umræðu. Ég tel þau mjög réttmæt. Ég er sömu skoðunar og þeir um að ekki ber að leggja skatt á tekjur sem engar eru.

Mér er tjáð að í ræðu, sem hæstv. fjmrh. flutti áðan, hafi hann óskað eftir því, að ég drægi till. til baka við þessa umræðu. Ég sé ekki ástæðu til að ég geri það, og fyrst og fremst er það vegna þess, að áður en fjh.- og viðskn. hélt sinn fund milli umr. kynnti ég formanni hennar, Halldóri Ásgrímssyni, þessa till. sem ég sagðist mundu flytja við 3. umr. ef nefndin tæki hana ekki upp. Eins og sjá má hefur nefndin ekki orðið við því. Því sé ég ekki ástæðu til að draga till. til baka.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tala öllu lengur um þessa brtt. Málið er afmarkað og einstakt í sinni röð, þar sem skattyfirvöldum er skylt í þessu tilviki að ákvarða skattgreiðslur einstaklinga, jafnvel þótt ekki sé um raunverulegar tekjur að ræða. Það verður að teljast með öllu óeðlilegt. Vegna þess er brtt. flutt og þess vænst um leið, að hún fái stuðning hv. alþm.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þau atriði sem komu fram í máli hv. síðasta ræðumanns, en ég er meðflm. að brtt. sem hann lýsti hér og gerði grein fyrir. Erindi mitt hér í ræðustól er þó annað, og það er að fá leyfi forseta til þess að leitað verði afbrigða, þannig að hægt sé að ræða nýja brtt. sem mig langar til að flytja við þessa 3. umr. málsins.

Mig langar til þess að gera í örstuttu máli grein fyrir þessari brtt. Hún er brtt. við brtt. á þskj. 170, 1. lið, og er á þá leið, að 1. töluliður á þskj. verði 1. a, en síðan komi viðauki, 1. b, sem orðist þannig: Í lok 3. tölul. e-liðs laganna komi ný málsgr. sem orðist svo: "Námskostnað, sem stofnað er til eftir 20 ára aldur, má, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu fimm ár eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum. Námskostnaður, sem viðurkenndur er til frádráttar samkv. ákvæði þessu, skal umreiknast samkv. ákvæðum 26. gr. laga þessara."

Ástæðan fyrir því, að ég flyt þessa brtt., er sú, að til mín hafa leitað fulltrúar stúdenta við Háskóla Íslands og bent mér á það, að í lögunum sem giltu fyrir gildistöku laga nr. 40/1978, þ. e. í lögum nr. 68 frá 1971, hafi þessi ákvæði verið og komið sér afar vel. Þetta ákvæði hafi hins vegar fallið brott. Það hafi áreiðanlega verið tilgangur þeirra, sem undirbjuggu lögin, að fækka frádráttarliðum, og jafnframt virðast þeir hafa gert ráð fyrir að um vaxtafrádrátt yrði að ræða samkv. lögum nr. 40/1978 sem gæti að einhverju marki komið í staðinn. Það skýrist þannig, að þegar stúdentar fá námslán, þá var það til skamms tíma þannig að verðbætur og vextir, þ. e. allur fjármagnskostnaðurinn, var til frádráttar. En eins og við höfum orðið vitni að hefur þetta breyst nú í meðförum deildarinnar þannig að um ákveðið vaxtahámark verður að ræða í framtíðinni. Þar af leiðandi virðist eins og þetta atriði hafi orðið á milli og þess vegna sé full þörf á að þetta ákvæði verði í þessum nýju lögum nr. 40/1978.

Ef við ímyndum okkur að þær breytingar, sem hv. þd. hefur gert á lögunum, verði að lögum, þá má segja að þeir námsmenn, sem hafa tekjur undir 860 þús. á ári, njóti ekki fulls frádráttar samkv. lögunum. Það þýðir, að viss hópur námsmanna, sem hefur ekki tækifæri til tekjuöflunar, verður að taka lán, greiða það lán verðbætt til baka, verður síðan að afla hærri og meiri tekna að námi loknu til þess að standa straum af þeim kostnaði og endurgreiðslum, en nýtur ekki skattfríðindanna eins og mundi hafa gerst ef þessar tekjur hefðu komið fram fyrr eða á sama ári og námið fór fram. Til skamms tíma hefur reglan verið sú, að þessa frádráttarliði var hægt að framlengja, ef svo má að orði komast, þannig að þeir, sem ekki náðu tilskildum tekjum og gátu þess vegna ekki nýtt sér frádráttinn á tekjuárinu, gátu tekið hann út á næstu fimm árum eftir að námi lauk. Það er um þennan hóp sem stúdentarnir eru að hugsa. Og það er samkv. þeirra ósk að ég hef ákveðið að leggja fram þessa brtt. til að koma til móts við sjónarmið þessara aðila, en þar kemur enn fremur fram, að ef þetta ákvæði, sem brtt. mín fjallar um, nær ekki fram að ganga má segja að það ýti undir það, að menn sækist ekki eftir háum tekjum að námi loknu, því að endurgreiðslureglur Lánasjóðs ísl. námsmanna eru með þeim hætti.

Ég hef hér gert örstutta grein fyrir þessu máli, sem kom allt of seint til hv. deildar. Ég er þess fullviss, að það ríkir skilningur meðal hv. þm. á að leiðrétta þetta þegar það er skoðað, að önnur atriði hafa breyst í lögunum samkv. því frv. sem fyrir liggur. Þess vegna er eðlilegt að þetta ákvæði fái að koma inn í lög aftur.

Vegna orða hæstv. fjmrh. þess efnis að skora á þá, sem

flytja hér brtt., að draga þær til baka, get ég fallist á það út af fyrir sig, ef veitt verða afbrigði hér um að það megi ræða þessa till. Ég geri það þá í skjóli þess, að hæstv. ráðh. hefur a. m. k. í orði kveðnu verið stúdentum og námsmönnum, þó ekki sé meira sagt, haukur í horni, a. m. k. á meðan hann var menntmrh. Ég veit að þeir vonast til þess, að afstaða hans hafi ekki breyst þegar hann sest nú í stól í fjmrn., því að þar reynir jafnvel enn þá meira á hæstv. ráðh. í þessum efnum. Í trausti þess, að hann styðji þessa málaleitan námsmannanna, er ég tilbúinn til þess að draga þessa till. til baka, ef hún fæst hér til umræðu við 3. umr. þess frv. sem fyrir liggur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 173) samþ. með 25:1 atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Við höfum nú alllengi setið yfir tillögum um skattalög. Þau hafa verið sett í nefnd og aftur í nefnd og til ótal sérfræðinga leitað á því sviði.

Ég vil enga afstöðu taka efnislega til þessa máls sem hér er lagt fram, en ég tel algerlega fyrir neðan virðingu þingsins að afgreiða svona tillögur í skriflegu formi, þar sem þm. gefst ekki einu sinni kostur á að fá þær fyrir framan sig á borðið skriflegar eins og þær eru lagðar fram. Þá er verið að breyta Alþ. í skyndisamkomu, þar sem verið er að afgreiða eftir pöntunum í snarheitum einstök mál sem e. t. v. eru til vinsælda fyrir vissa aðila.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Á þskj. 171 hafa nokkrir sjálfstæðismenn flutt brtt. sem er um það eitt að fella niður 59. gr. laganna. Eins og fram kom í máli frsm. þessarar till., Steinþórs Gestssonar, fjallar hún um ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur. Þessi lagagrein hefur lengi verið þyrnir í mínum augum, og vil ég nú mælast til þess, að flm. verði við þeirri beiðni hæstv. fjmrh. að draga hana til baka og skoða þetta mál, þar til nýtt frv. um þessi sömu lög kemur fram að nokkrum vikum liðnum. Ef þessi till. fer hér til atkvgr. óttast ég að hún verði felld. En hitt kann að vera, að við nánari athugun á þessari grein muni nást samstaða um að fella hana úr lögum eða a. m. k. að breyta henni á einhvern hátt, þannig að hún sé meira afmörkuð en hún er í lögunum. Ég óska sem sagt mjög eftir því, að flm. dragi hana til baka til þess að tryggja að þetta mál verði athugað nánar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera afar stuttorður. — Fyrst er að víkja að orðum sem hér féllu af hálfu hv. 5. þm. Vestf., þar sem hann taldi að brtt. hefði komið hér alltof seint inn, og ég skal gjarnan viðurkenna það. Brtt, sem ég flutti, kom hér allt of seint inn, og það er þess vegna sem farið var þannig með hana, að það varð að leita afbrigða til þess að hún yrði rædd hér. Ég lagði á það áherslu í minni ræðu, að þetta væri mál sem virtist hafa fallið niður vegna annarra stærri atriða sem um hefði verið fjallað í sambandi við þessi lög og það frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Við skulum hafa það hugfast, að þetta er fyrri deild, þetta mál á eftir að ræðast frekar. Ég taldi því fulla ástæðu til að láta þetta mál koma hér fram og vera með í þeim pakka sem tekinn yrði til frekari skoðunar í þinghléi, eins og hæstv. ráðh. boðaði. Og ég hef lýst því, að ég sé tilbúinn til að draga þessa tillögu til baka, enda treysti ég þá á fulltingi hæstv. ráðh. til þess að málið nái fram að ganga þegar þar að kemur. Ég vil því ekki liggja undir ámæli fyrir það, að ég sé með þessu að skapa það andrúmsloft hér að mönnum finnist þeir vera á skyndisamkomu. Þvert á móti tel ég það til fyrirmyndar, að menn lýsi máli, en séu aftur á móti það sveigjanlegir að þeir geti beðið með sínar till. eftir því, að aftur verði tekið til við þessi lög til þess að breyta öðrum atriðum í þeim.

En varðandi ummæli hv. 2. þm. Norðurl. e. um þá till., sem ég er meðflm. að ásamt hv. þm. Steinþóri Gestssyni o. fl., vil ég segja það, að það mál hefur verið athugað um alllangan tíma. Um það var deilt þegar lögin voru sett 1978, og mönnum hefur gefist nægur tími til þess að átta sig á því, hvort þeir styðji þessa brtt. eða ekki. Ég vil þess vegna taka undir þau orð sem hv. flm. brtt. viðhafði hér áðan, að það sýnist ekki vera nokkur ástæða til þess að því máli sé frestað. Þvert á móti hefur þetta mál verið í umr. um alllangt skeið og hv. þdm. þess vegna áreiðanlega tilbúnir til þess að greiða atkvæði með eða gegn þeirri tillögu.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram, að ég hef enga afstöðu tekið til brtt. sem hér hafa verið lagðar fram, annarra en þeirra sem samkomulag hefur tekist um í fjh.- og viðskn. Þessi mál koma hér til umr. og afgreiðslu eftir þrjár vikur og þá gefst tækifæri til að athuga allar þær till. sem menn kynnu að vilja koma með.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason hlýtur að hafa misskilið orð mín áðan. Ég átti einfaldlega við það, að hann og aðrir drægju till. sínar algerlega til baka við afgreiðslu þess frv., sem hér liggur fyrir, og bæru þær síðan hugsanlega fram aftur að þremur vikum liðnum, þegar nýtt frv. verður lagt fram. Ég held að sjálfsagt sé og eðlilegt, úr því að svona stendur á, að við gefum okkur tíma til að skoða þær hugmyndir, sem felast í þessum tillögum, áður en við greiðum um þær atkvæði.

Út af orðum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, þegar hann spurði hvort ég vildi ekki gefa þá yfirlýsingu, að gefin yrði skýrsla á komandi vetri um framkvæmd skattaálagningar á þessu ári, þá vil ég taka undir það og segja það, að ég tel alveg sjálfsagt að í kjölfar þess, að álagning fer fram samkv. þessum nýju lögum, verði gerð ítarleg skýrsla um framkvæmd álagningarinnar og Alþ. taki síðan málið í heild til endurskoðunar á næsta vetri.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ekki var það ætlun mín að ræða þessi skattamál og kemur þar margt til. Í fyrsta lagi hef ég vegna fjarveru ekki getað tekið þátt í umr. í s. l. viku. En með öllum þessum lagabreytingum í heild, bæði þeim, sem á eru orðnar, og öðrum sýnist mér verið að taka eitt mesta heljarstökk út í náttmyrkrið sem hægt sé að hugsa sér. Hér kemur fram í fjölmiðlum spekingafans, og jafnvel þó meðalgreindir menn skilji ekki nema hluta af öllum vísdómnum er alltaf

lögð áhersla á það í lokin: En náttúrlega er með öllu óvitað hvaða áhrif þessi lagabreyting hafi eða hvernig hún muni raunverulega verka og hver muni verað niðurstaða hennar. Þetta eru lög sem fjalla um á annað hundrað þúsund gjaldendur, skipta sköpum í afkomu fjölskyldna og fyrirtækja, svo að jafnvel er fullyrt af sumum spekingum að heilar atvinnugreinar muni leggjast í rústir. Ég tek ekki þátt í þeim leik. Það má vera að mig skorti yfirsýn yfir það frv. sem hér er ætlunin að samþykkja, en þar sem ekki er vitað hvernig lögin verka á fjölda gjaldenda né á fjárhag ríkissjóðs, sem er alltaf niðurstaða spekinganna eftir talnaflóðið, vil ég á engan hátt taka þátt í afgreiðslu frv.

Það er þó ástæða til að ég segi hér örfá orð. Það átti eftir að verða hlutskipti mitt að byrja umræður á þessu þingi með því að taka undir með Vilmundi Gylfasyni um brtt. þá sem liggur fyrir frá honum og Árna Gunnarssyni. Bætt er inn í 7. gr. laganna orðinu „lífeyrir", og tryggt er þar með að sá 10% frádráttur, sem öðrum er ætlaður, nái einnig til eftirlaunafólks. Ég get ekki með nokkru móti skilið að það særi réttlætistilfinningu eins eða neins og allra síst úr nokkrum flokki sem vill kenna sig við verkalýð eða verkalýðsbaráttu. Ég held reyndar að þarna hafi orðið ákveðin pennaglöp. Ég vil lýsa því yfir, að ég styð mjög eindregið þessa brtt. og mun greiða henni atkvæði.

ATKVGR.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Í umræðum um þá till., sem ég geri til breytinga á brtt. hv. fjh.- og viðskn. og ég hef lýst fyrr, kom fram sú athugasemd að menn hefðu heldur lítið ráðrúm fengið til að kynna sér efni till. Þar sem hæstv. fjmrh. hefur farið fram á að tillögur verði dregnar til baka vil ég fyrir mitt leyti stuðla að því, að þetta mál fái góða afgreiðslu, og vænti fulltingis hans og mun þess vegna draga brtt. mína til baka, en hún fjallar um námskostnað og skattfrádrátt vegna hans.

Brtt. 172, a samþ. með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já: BÍG, FrS, GeirH, GJG, GGÞ, HBl, IGuðn, JE, JS, JÞ, KP, MHM, MB, ÓE, PS, SighB, SteinG, VG, ÁG, BGr.

nei: FÞ, GS, GHelg, HG, IGísl, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS.

MÁM, ÓÞÞ, SvH greiddu ekki atkv.

3 þm. (EH, HÁ, AG) fjarstaddir.

2. þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja: Er eðlilegt að menn, sem njóta lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóði ráðherra, úr lífeyrissjóði alþingismanna og úr lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna og fá greiðslur úr öllum þessum þremur sjóðum samtímis, eins og mörg dæmi eru um, fái allar sínar greiðslur dregnar frá skatti? Auðvitað svara allir sanngjarnir menn slíkri spurningu neitandi. Þetta sýnir að till., sem við höfum fengið einn eða tvo klukkutíma til að skoða hér er flausturslega samin og þarfnast nánari athugunar.

Ég tel alveg sjálfsagt að þetta mál verði í heild sinni athugað á næstu vikum og skoðun gerð á því, hvort það geti komið til greina við þá breytingu sem fyrirhuguð er, en að afgreiða málið nú á þennan flausturslega og vanhugsaða hátt tel ég fráleitt og því segi ég nei.

Sighvatur Björgvinsson: Ég er þeirrar skoðunar, að allir lífeyrisþegar í landinu eigi ekki að gjalda þess þó að þrír eða fjórir einstaklingar hafi rétt umfram aðra. Ég segi já.

Brtt. 171, 1 felld með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

ja: BÍG, FrS, GeirH, HBl, JÞ, MB, PS, SteinG.

nei: ÁG, BGr, GS, GGÞ, GHelg, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, KP, MHM, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SkA, StH, SvG, VG, ÞS, AS.

FÞ, GJG, MÁM, ÓE, PJ, SvH greiddu ekki atkv.

3 þm. (EH, HÁ, AG) fjarstaddir.

Brtt. 172, b samþ. með 19:14 atkv.

— 173 tekin aftur.

— 170,1 samþ. með 30 shlj. atkv.

— 170,2 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 171,2 kom ekki til atkv.

— 170,3 samþ. með 30 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 40. fundur.

Mánudaginn 18. febr., kl 6 síðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 174 (sbr. 168)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. það til breytinga á gildandi tekjuskattslögum, sem er nú til 1. umr., hefur legið fyrir þinginu í tvo mánuði. Það hefur sætt sameiginlegri athugun fjh- og viðskn. beggja deilda Alþingis, en óneitanlega eru tveir mánuðir ekki langur tími til þess að fjalla um svo flókið og veigamikið mál. Engu að síður er nú ljóst að brýna nauðsyn ber til að ljúka afgreiðslu þessa máls hið fyrsta til að ekki verði nein vandræði við framkvæmd álagningar skatta á þessu ári.

Lög nr. 40/1978 ásamt þeim breytingum, sem í þessu frv. felast, eru tvímælalaust róttækasta og viðamesta breyting sem hefur verið gerð á beinni skattlagningu frá því að almennur tekjuskattur var lögleiddur hér á landi. Slík breyting eða umbylting á svo viðamiklu sviði fer auðvitað ekki fram átakalaust eða erfiðislaust.

Ég skýrði frá því við umræður í hv. Nd. fyrr í dag, að ýmsir hefðu orðið til að vara við því, að fen væri fram undan í þessum skattamálum, bæði vegna þess að mikil óvissa væri ríkjandi um það, hver yrðu áhrif þessarar lagasetningar, og eins um hitt, hverjar tekjurnar yrðu. Ég skýrði einnig frá því í þeim umræðum, að ég hefði rætt þetta mál ítarlega við ýmsa þá aðila, sem mest hafa undirbúið þessa breytingu, og lagt fyrir þá spurningar m. a. um það, hvort menn teldu að svo alvarleg vandamál væru framundan að ástæða væri til að hugleiða það í

alvöru að leggja á samkv. gömlu lögunum og fresta þessu nýja skattakerfi um eitt ár. En það var samdóma álit þeirra manna sem ég ræddi við, að jafnvel þótt slíkt kynni kannske að hvarfla að mönnum, þá væri það óframkvæmanlegt, sporið hefði verið stigið og ekki yrði aftur snúið, lögin hefðu verið í gildi allt síðasta ár og það mundi hafa margvísleg vandamál og réttaróvissu í för með sér ef framkvæmd laganna yrði frestað.

Hinu er ekki að leyna, að menn hafa þungar áhyggjur af því, að veruleg breyting verði í skattlagningu hjá mörgum einstaklingum og þá alveg sérstaklega í hópi hjóna. Nú hverfur skattfrádráttur vegna vinnu eiginkonu utan heimilis, og vissulega hefði manni fundist koma til greina að slíkt stökk hefði verið tekið í einhverjum áföngum. En það hefur nú orðið úr að skella þessu yfir í einu lagi, og er ekki lengur neitt um það að sakast. Því verður ekki héðan af breytt.

Eins er það með þær áhyggjur sem menn hafa varðandi skattlagningu á atvinnurekstur. Það er ljóst, að samkv. þessum nýju lögum er unnt að skattleggja rekstraraðila sem rekur fyrirtæki með miklu tapi og á ekki einu sinni fyrir skuldum, einfaldlega vegna þess að verið er að færa verðbólguhagnaðinn, sem maðurinn hefur af skuldum sínum, sem tekjur og láta hann gjalda skatt af þeim. Vissulega hefði verið eðlilegra að gerð hefði verið rækileg könnun á því fyrir fram, hvernig atvinnureksturinn kemur út úr skattlagningu af slíku tagi. Það má vera að sumar greinar sleppi óþarflega vel, en aðrar komi mjög hastarlega út úr þessu. Ég hefði talið eðlilegast að svo sem 200—300 fyrirtæki hefðu verið tekin út úr og gerð könnun á því, hvernig þau koma út í þessari skattlagningu, og lögin endurskoðuð í ljósi þess. Því er ekki að leyna, að það að láta lögin koma nú til fullra framkvæmda er tilraunastarfsemi og getur brugðið til beggja vona hvernig fer með þá tilraun.

En þrátt fyrir þá fyrirvara, sem ég hef hér gert, er skoðun mín, að meginefni þessara laga horfi til hins betra og á þeim séu margir góðir kostir og þá fyrst og fremst það, að reynt er að samræma tekjuhugtakið því verðbólguástandi sem þjóðin býr við. Auðvitað hefur verðbólgan átt hvað mestan þátt í misrétti í skattamálum á undanförnum árum. Eldri tekjuskattslög tóku að vísu visst tillit til verðbólgu á ákveðnum sviðum, en að meginstefnu var tekjuhugtak þeirra á því byggt, að verðgildi peninga væri stöðugt. Þetta olli því, að margir þeir rekstraraðilar, sem í raun bættu stöðu sína fjárhagslega á tilteknu skattatímabili, komu út með reikningslegu tapi og voru því skattlausir. Jafnframt voru svo einnig aðrir aðilar, sem stóðu fjárhagslega verr í lok tímabils en í upphafi þess, gerðir upp með reikningslegum hagnaði og því skattlagðir þrátt fyrir slæma afkomu. Þetta misrétti í skattamálum hefur svo aftur verið einn aðalhvati þess, að fjölmargir rekstraraðilar hafa beint kröftum sínum að því að hagnast á verðbólgunni með rekstrarlega óarðbærum en verðtryggðum fjárfestinum, t. d. í steinsteypu, í stað þess að leggja áherslu á arðbæran rekstur.

Mikill hluti þessa frv. beinist að atvinnurekstrinum og er grundvallartilgangur þess að útfæra og fullkomna frekar þá stefnu sem mörkuð var í lögunum frá 1978 og lýtur að aðlögun tekjuhugtaksins að verðbólgunni. Frv. hefur sætt nokkuð miklum breytingum í meðförum í Nd., sem var að enda við að afgreiða málið. Það er orðið allmikið að vöxtum, en hafa ber í huga að í svo flóknum lögum sem tekjuskattslögin eru getur ein efnisbreyting kostað breytingar á texta fjögurra til fimm lagagreina. Eru því efnisbreytingar frv. alls ekki eins margþættar og viðamiklar og umfang þess bendir til.

Ég tel ekki ástæðu til að tíunda allar þær efnisbreytingar, sem í frv. þessu felast, og vil leyfa mér að vísa til frv. og grg. sem því fylgir. Ef menn óska sérstaklega eftir ákveðnum skýringum á einstökum greinum er sjálfsagt að verða við þeirri ósk, en tímans vegna leyfi ég mér að stytta mál mitt eins og ég get. Það var ekki áformað að halda hér uppi umræðum lengur en fram að kvöldmat og ætlunin að reyna að koma öðru frv. til nefndar. Ég minni á það, að á þessu stigi eru ekki gerðar till. um skattstiga, persónuafslátt eða aðrar tölur eða hlutföll í tekjuskattsálagningarkerfinu. Verður frv. um það efni flutt að þremur vikum liðnum, þegar það mál hefur verið undirbúið frekar. Það er því ljóst, að tekjuskattslögin koma hér til umræðu og afgreiðslu á síðara stigi, og hafi menn einhverjar sérstakar till. og hugmyndir fram að færa, sem þurfa nánari athugunar við, þá gefst gott tóm til þess að undirbúa þær og láta athuga þær frekar. Það voru því tilmæli mín til Nd. Alþingis í umræðum áðan, að þær brtt., sem ekki væri samkomulag um í fjh.- og viðskn., yrðu dregnar til baka og bornar fram að nýju þegar frv. kemur aftur til meðferðar eftir 3—4 vikur. Brtt., sem fram hafði komið, var dregin til baka, en atkvgr. fór fram um tvær till. deildarmanna. Önnur till. var samþ. Var það till. frá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni og Árna Gunnarssyni og snertir það atriði, að lífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins verði frádráttarbær til skatts.

Ég hef spurt að því, hvort þetta atriði hafi ekki komið til umræðu í fjh.- og viðskn. þingsins á þeim tíma sem þær hafa haft málið til meðferðar, og mér er sagt að svo hafi aldrei verið, engin hugmynd af þessu tagi komið fram, engin till. Svo kemur fram till. í dag sem menn hafa ekki séð áður, og þá er því algjörlega neitað, að menn fái að skoða þessa till. neitt frekar eða átta sig á því, hvaða afleiðingar hún kunni að hafa eða hvort hún er rétt tilfærð inn í lagatextann. Nefnd fær ekki að skoða hana. Hún verður bara að koma til atkvgr. tafarlaust og þar er hún samþykkt. Svo þegar fundi Nd. lýkur hefst að sjálfsögðu ítarleg umræða manna á milli um það, hvort ekki muni eitthvað vanta í þessa till. og hvernig beri að skilja hana. Ég get upplýst það hér, að þeir, sem tóku þátt í þeirri umræðu að deildarfundinum loknum, höfðu jafnmargar skoðanir á því og mennirnir voru margir. Ég get því ekki upplýst hv. deild um það, hvað felst í raun og veru í þessari till. Sumir segja að þar felist nákvæmlega ekki neitt, því það hafi vantað ákveðin orð inn í till., aðrir segja að hún feli það í sér, að bæði eftirlaun og lífeyrir verði frádráttarbær til skatts, en þeir þriðju segja að það eigi einungis við um lífeyrinn. Það er því greinilegt, að fjh.- og viðskn. deildarinnar hefur verk að vinna, að kanna þetta atriði, átta sig á þessu máli. Ég verðað segja það, að mér finnst það ekkert sjálfgefið að þeir menn, sem t. d. fá greiðslur úr fleiri en einum lífeyrissjóði — það eru dæmi um að menn fái greiðslur úr allt að þremur eða fjórum lífeyrissjóðum, t. d. fyrrv. ráðherrar — fái allan sinn lífeyri dreginn frá tekjum áður en skattur er á lagður. Það er auðvitað alls ekki sjálfgefið eða eðlilegt. En kannske á alls ekki að skilja till. á þennan veg. Má vera að þarna sé einungis átt við lífeyrisgreiðslurnar frá Tryggingastofnun ríkisins, þennan fasta lífeyri sem um getur í tryggingalögum. Þetta get ég ekki útskýrt frekar, en óska eindregið eftir því, að fjh.- og viðskn. skoði þetta

sér á parti og geri þá tilraun til að lagfæra þetta, hugsanlega setja ákveðið hámark á það, sem er frádráttarbært í slíkum tilvikum, og jafnvel að samræma það þannig að það falli með eðlilegum hætti inn í lagatextann.

Ég vil svo geta þess, að í brtt. frá hv. fjh.- og viðskn. var gerð till. um að breyta hámörkum einstakra frádráttarliða til samræmis við breytt verðlag, en þau eru nauðsynleg til þess að framteljandi geti fyllt út skattskýrslu sína. Þessi hámörk eru almennt 65% hærri en þau voru í lögunum frá 1978.

Að lokum vil ég geta þess í framhaldi af því sem ég sagði áðan, að ég tel ekki að þeir, sem greiddu atkv. gegn þessari till. Vilmundar Gylfasonar og fleiri till. sem þar voru til umræðu, hafi verið að lýsa yfir andstöðu sinni við efni þessara till., en þeir töldu almennt nauðsynlegt og sjálfsagt að fá ofurlítið lengri tíma en gafst á þessum fundi deildarinnar í dag til að athuga málið.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði vísað til fjh.-og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Lántaka Framleiðsluráðs landbúnaðarins, frv. (þskj. 175). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt urðu bændur á seinasta verðlagsári fyrir mjög verulegri tekjuskerðingu vegna óverðtryggðs útflutnings búvara. Á þinginu veturinn 1978—79 voru fluttar till. þess efnis, að Framleiðsluráði landbúnaðarins yrðu útvegaðar 3000 millj. kr. til þess að greiða bændum 2/3 hluta af því tekjutapi sem þeir urðu fyrir á því verðlagsári vegna hins óverðtryggða útflutnings.

Eins og menn vita náðu þessar till. ekki fram að ganga hér á þinginu. Var þetta einn af meiri háttar pólitískum hvellum sem þann veturinn urðu hér með frægri útgöngu í Nd. Síðan hefur þetta mál verið ófrágengið með öllu. En í málefnasamningi þeirrar stjórnar, sem nú hefur verið mynduð, er kveðið svo á, að þessar 3000 millj. kr., verði útvegaðar, og um það fjallar það frv. sem hér er til umræðu.

Í frv. er gengið út frá því, að Framleiðsluráð landbúnaðarins taki lán allt að 3000 millj. kr., en ríkissjóður ábyrgist lánið með sjálfsskuldarábyrgð. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi allt að 3000 millj. kr. í erlendri mynt, og ábyrgðin tekur jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar. Gert er ráð fyrir að ríkisstj. fjalli um lántökuskilyrðin áður en frá lántöku er gengið.

Í aths. við 2. gr. frv. segir: „Framleiðsluráð landbúnaðarins mun greiða bændum andvirði láns samkv. 1. gr. sem uppbætur á verð. Ákvæði 2. gr. gert heldur ekki ráð fyrir því, að Framleiðsluráð endurgreiði lánið af eigin fé." Það er sem sagt alveg ljóst, að ekki er ætlunin að þessi skuld lendi á Framleiðsluráði landbúnaðarins. Hins vegar er í 2. gr. gert ráð fyrir því, að verði heimild til greiðslu útflutningsbóta samkv. 12. gr. laga nr. 101 frá 1966 eigi fullnýtt á næstu árum hugsanlega, þá sé ríkisstj. heimilt að greiða úr ríkissjóði til lækkunar þessu láni það sem á vantar til þess að hámarki útflutningsbóta verði náð. Því er sem sagt haldið opnu, að verði svigrúm til þess að greiða af þessu láni af útflutningsbótakvóta allt að 10% eins og hann er samkv. lögunum, heimilt sé að gera það. En að öðru leyti og ef svo reynist ekki vera, þá er gengið út frá því að ríkissjóður annist afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu.

Ég held að mér sé óhætt að fullyrða það, að mjög óheppilegt væri fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins að samþykkt þessa frv. drægist langt fram í næsta mánuð. Þess vegna fer ég fram á það við hv. Ed., að hún afgreiði þetta frv. hið skjótasta, og bið fjh.-og viðskn. að taka það þegar til meðferðar, þannig að unnt sé að afgreiða það áður en að því kemur, sem ekki hefur nú verið tekin ákvörðun um, að gert yrði nokkurt hlé á þingstörfum.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu auðvelt fyrir sjálfstæðismenn að greiða götu þessa frv. í gegnum Alþingi, því að eins og mönnum er í fersku minni varð um það samkomulag á milli þriggja stjórnmálaflokka á s. l. vori, að mætt skyldi verða óskum bænda um að greiða það sem á vantaði eða verulegan hluta þess sem vantaði á verðlagsuppbætur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á framleiðsluárinu 1978. Eins og mönnum er líka væntanlega kunnugt um hafa sjálfstæðismenn flutt á Alþingi nú nýverið till. sem lýtur alveg að því sama og hér um ræðir, og eins og mönnum er kannske kunnugt um er hæstv. núv. landbrh. 1. flm. að þeirri tillögu.

Í raun er enginn eðlismunur á þessum tveimur till., þar sem þannig er hér frá málum gengið að öll þessi greiðsla er bundin ríkisábyrgð og þar af leiðandi loku fyrir það skotið, að þarna geti orðið um að ræða lán sem hugsanlega félli á bændurna eða landbúnaðinn.

Af þessari ástæðu, eins og ég hef skýrt að framan, er ekki nein fyrirstaða frá okkar hendi að greiða götu þessa máls í gegnum Alþingi. En vegna þess að ég kom nú hingað í ræðustól vil ég aðeins minna á það — og það væri gagnlegt að fá svör um það frá hæstv. ríkisstj. að það eru ýmsir aðrir hlutir óafgreiddir. Í því sambandi má minna á að á s. l. hausti, þegar nýtt verðlag á landbúnaðarvörum átti að taka gildi, var að tilhlutan þeirrar ríkisstj., sem þá hafði völd í landinu, frestað að láta verðlagið taka gildi. Þarna er um að ræða halla, sem hefur ekki enn þá verið greiddur, upp á tæplega 1/2 milljarð króna, að því er ég hygg. þáv. landbrh. lýsti því oftsinnis yfir, að þetta fé ættu bændur og þetta yrði greitt af ríkissjóði, og m. a. gaf hann yfirlýsingu á aðalfundi Stéttarsambands bænda sem fól þessi fyrirheit í sér. Það væri afar gagnlegt að fá það upplýst, hvað ríkisstj. hyggst gera í því að inna þessa greiðslu af hendi.

Alllangt er síðan Framleiðsluráð landbúnaðarins sendi frá sér bréf eða reikning upp á þessa fjármuni til ríkisstj., og þótt þessi ríkisstj. hafi ekki lengi setið, þá er raunar útilokað að um þetta mál hafi ekki verið fjallað við gerð stjórnarsáttmálans og aðrar umræður varðandi landbúnaðarmálin síðar.

Þá er það líka á allra vitorði, að þær verðlagshækkanir, sem bændur og sölufélög landbúnaðarins áttu rétt á 1. des., hafa ekki enn þá komið að fullu til framkvæmda. Við setningu Búnaðarþings lýsti hæstv. landbrh. því yfir,

að þessar hækkanir yrðu heimilaðar og bændum bætt það tjón sem þeir hafa orðið fyrir af þessari ástæðu. Með sama hætti vildi ég fá upplýsingar um það, hvenær þessi fyrirheit verða efnd. Þegar dráttur á slíkum greiðslum verður beinlínis af völdum opinberra aðila er að sjálfsögðu útilokað annað en að bændur fái skaðann bættan.

Þetta vildi ég láta koma hér fram, um leið og ég endurtek það sem ég sagði áðan, að það er sjálfsagt að afgreiðslu þessa máls verði hraðað hér í deild, og það mun ekki standa á sjálfstæðismönnum að svo geti orðið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er ekki nýtt mál á ferðinni, en mér sýnist það vera stórmál. Þó hér sé aðeins talað um 3 milljarða að þessu sinni, þá er greinilegt af því, sem fram hefur komið þá fáu daga sem núv. ríkisstj. hefur starfað, að þar hafa framsóknarmenn þriggja flokka nú tekið höndum saman um að halda áfram þeirri röngu og rugluðu stefnu sem fylgt hefur verið í landbúnaðarmálum um langt árabil og leitt hefur íslenskan landbúnað í meiri ógöngur en dæmi eru til um áður.

Engar horfur eru á því að hér eigi að verða nokkur minnsta breyting á, heldur á nú þvert á móti að ganga lengra en nokkru sinni fyrr. Það leynir sér ekki af því sem þegar hefur verið sagt og hæstv. landbrh. sagði — mér þykir leitt að hann skuli ekki vera viðstaddur — þegar hann ávarpaði Búnaðarþing fyrir fáeinum dögum. Í uppsiglingu er gífurleg skattlagning á neytendur og allan almenning í landinu, sem m. a. kemur fram í þessu frv., þar sem Framleiðsluráðinu er heimilað að taka lán að upphæð 3 milljarða kr. og ríkið á síðan að borga þetta lán með öllum þeim kostnaði sem því fylgir. Og hvar endar sá reikningur? Hann endar hvergi annars staðar en hjá skattborgurum og neytendum. En þetta er ekki það eina. Það kom líka fram í ræðu landbrh., að ríkisstj. mun leita eftir viðunandi lausn, eins og það er orðað, á greiðsluvanda vegna útflutnings landbúnaðarvara á þessu ári, sem hefur verið upplýst að muni nema eitthvað á sjöunda milljarð kr. Og í þriðja lagi mun ríkisstj. sjá til þess, að bændur fái greidda þá hækkun á vinnslu og dreifingarkostnaði mjólkur og mjólkurvara sem síðasta ríkisstj. synjaði um. Upplýst er að þetta muni nema 1—2% hækkun á verði búvöru núna á næstunni. Þá hefur verið frá því greint, að ríkisstj. muni athuga um greiðslur á vaxtakostnaði vegna geymslu á kjöti. Í fimmta lagi mun Bjargráðasjóði verða útvegað lán að upphæð 1100 millj. kr. til þess að hann geti staðið við skuldbindingar sínar.

Á sama tíma og þetta gerist tilkynnir hæstv. fjmrh. launþegum í landinu að nú sé enginn grundvöllur fyrir grunnkaupshækkunum. En á sama tíma á að taka 12—14 milljarða kr., varlega áætlað, og greiða til landbúnaðarins. Ég held að menn ættu að huga svolítið að þessu.

Mér er ekki kunnugt um að fyrir liggi ítarlegar og nákvæmar skýrslur um það, hve slæmt ástandið sé hjá bændum. Það má vel vera og er áreiðanlega rétt, að einstakir bændur hafi orðið fyrir þungum búsifjum í fyrra. En ég held að það sé langt frá því, að efnahagur íslenskra bænda sé eins lakur og afkoma þeirra jafnléleg og að hefur verið látið liggja. Bændur og samtök landbúnaðarins hafa launað fulltrúa sem gera ekki annað en að telja fólki trú um hversu léleg afkoma bænda og landbúnaðarins í heild sé. Þessir menn vinna sitt starf með slíkum ágætum, að nú orðið trúa því víst velflestir, að bændur hangi á horriminni og eigi ekki málungi matar. Þetta er, held ég, önnur saga en blasir við þeim sem ræða við bændur. Afkoma þeirra hefur verið góð. Árið 1978 var eitt besta ár sem um getur að því er varðar afkomu bænda. Það er rétt, að árið í fyrra var ýmsum þungt í skauti, en þeir voru vel undir það búnir að mæta erfiðleikum, og í búgrein eins og landbúnaði verða menn auðvitað að vera undir það búnir að taka líka því þegar koma mögur ár. Ég held að það væri vissulega athugandi að láta fara fram gaumgæfilega athugun á því, hvort ástandið í þessum efnum er jafnhrikalega slæmt og þær ráðstafanir, sem nú hafa verið boðaðar, benda til. Og þvert á móti því, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að það ætti að hraða þessu frv. sem allra mest í gegnum þingið, þá held ég einmitt að menn eigi að gefa sér tíma til að skoða þetta mál býsna vel. Það á að athuga hag og kjör — bænda ekki aðeins afkomuna og afurðaverðið, heldur líka hvernig háttað er skattgreiðslum bænda og hvernig þeirra lífs-og launakjör eru almennt miðað við aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Ég hygg að þá muni koma í ljós að málað hafi verið of svörtum litum. Ég tel að sé brýn ástæða til að gera slíka athugun.

Eins og ég sagði áðan eru auðvitað til þeir bændur sem þurfa á aðstoð og fyrirgreiðslu að halda. Og auðvitað á að greiða fyrir því, að hægt sé að veita þá aðstoð og fyrirgreiðslu. En í heild er ástandið áreiðanlega ekki eins slæmt og hér er af látið, og það, sem þarf auðvitað að gera fyrst og fremst, er að endurskoða stefnuna í landbúnaðarmálum.

Það eru vissulega váleg tíðindi þegar hæstv. landbrh., sem er nýtekinn við því embætti, boðar þjóðinni það, að halda skuli áfram offramleiðslustefnunni, en ekki síga í þá áttina sem menn hafa þó verið að tala um hér og virst nokkuð gott samkomulag um, að laga þessa framleiðslu að þörfum innanlandsmarkaðarins þannig að draga megi úr útflutningi og hætta að borga milljarða á ári með mat ofan í útlendinga. Nú er horfið frá því að aðlaga framleiðsluna að þörfum innanlandsmarkaðarins. Þvert á móti á að halda offramleiðslunni áfram. Þarna er stefnt í óefni sem neytendum og skattþegnum þessa lands á eftir að verða dýrt ef ekki verður til baka snúið.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Eins og komið hefur fram er hér um gamalkunnugt mál að ræða í sölum hv. Alþingis og ekki ástæða til að fara að fjölyrða mjög um það við þessa umr. En ég vildi vekja athygli á því, að a. m. k. get ég ekki séð að með þeim lagagreinum, sem eru lagðar fram í þessu frv., komi fram hvernig eigi að greiða lánið. Ríkissjóði er heimilað að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán allt að 3 milljörðum kr. og auk þess líka vexti og verðtryggingu þess láns, en það kemur alls ekki fram í raun hver eigi að greiða það, hvort það sé ríkissjóður eða með hvaða hætti eigi að endurgreiða lánið. Það er að vísu reynt að fara um það orðum í 2. gr. að fé verði tekið af útflutningsbótum í framtíðinni til að greiða lánið. En þegar ástandið er þannig, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að á skortir í ár 6—7 milljarða kr. til að fullnægja útflutningsbótaþörfinni sýnist ekki vera vænlegt að greiða þetta lán með þeim hætti sem í frv. er látið í veðri vaka.

Við sjálfstæðismenn höfum lagt fram frv. um þetta efni. Þar er skýrt fram tekið með hvaða hætti slíkt lán ætti að endurgreiða, svo sem eðlilegt og sjálfsagt er um ábyrga afstöðu til ríkisfjármála. Mér sýnist hér verið að heimila ríkissjóði að taka lán sem með engu móti er

rökstutt hvernig verði endurgreitt. Ef um misskilning er að ræða hjá mér vil ég biðja hæstv. ráðh. að upplýsa með hvaða hætti hann hugsar sér að þetta lán verði endurgreitt, hvort hann gerir ráð fyrir að ríkissjóður endurgreiði það eða hvort bændur eiga með einum eða öðrum hætti að standa undir endurgreiðslu þess.

Því hefur verið haldið fram meðal bænda, ef svo væri að bændur ættu að standa undir endurgreiðslu þessa láns, að það væri allnýstárleg leið, sem menn vildu fara til að bæta kjör manna, að láta þá slá lán til að auka tekjur sínar. Ekki hefur tekist hjá venjulegu fólki að bæta þannig kjör sín. Ég vona að hæstv. ráðh. sé mér sammála um að það muni ekki takast heldur hjá bændum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Út af fsp., sem hér kom fram frá Lárusi Jónssyni, hv. 3. þm. Norðurl. e., vil ég láta koma fram, að því er haldið opnu samkv. frv. hvernig endurgreiðslu verði háttað á þessu láni. Því er bersýnilega haldið opnu. Það er ekki ákveðið með hvaða hætti eða hvenær lánið verði greitt. Gengið er út frá því, að það verði ákveðið á síðara stigi.

Hv. þm. spurði hvort það mætti kannske skilja textann á þann veg, að bændur ættu að standa undir endurgreiðslunni. Ég get alveg hiklaust svarað þeirri spurningu neitandi. Það kemur ljóslega fram í aths. við 2. gr. frv, að slíkt er ekki ætlunin. Hins vegar kemur líka ljóslega fram, að ríkið áskilur sér rétt til þess í fyrsta lagi að taka endurgreiðsluna af útflutningsbótunum, að svo miklu leyti sem það er hægt innan þeirra marka sem lög ákveða á síðara stigi, ef tilefni verður til, kannske ekki á næsta ári, en hugsanlega eftir 2—3 ár þegar framleiðslan hefur aðlagast meira markaðsaðstæðum en nú er. Þessu er sem sagt haldið opnu. Hinn möguleikinn er sá, að ríkissjóður láti einhvern annan aðila greiða þetta. Þess vegna er greinin orðuð á þann veg, að ríkissjóður annist greiðsluna. Það er hugsanlegt, að menn kæmust að þeirri niðurstöðu að rétt væri að fá fé úr einhverjum þeim sjóði, sem til væri, og ekki yrði staðið af öðrum undir þessari greiðslu. En því er alls ekki slegið föstu í frv. hvernig það verði gert eða að því staðið.

Hv. þm. nefndi að hugsanlegt væri að Byggðasjóður greiddi þetta fé og þeir sjálfstæðismenn hefðu gert tillögu um það. Mér hefur fundist að slíkt gæti komið til greina En eins og komið hefur fram í umr. á Alþ. eru ekki allir á einu máli um það.

Það verður að segja eins og er, að því er alls ekki slegið föstu hvernig þessu verði háttað í framtíðinni. Ríkissjóður á að greiða lánið ef ekki verða aðrir til þess. Það eru hreinar línur. Það er ekki hægt að velta þessari byrði yfir á bændur á síðara stigi. Það eru líka alveg hreinar línur.

Hv. þm. Eiður Guðnason gerði tilraun til að tortryggja þetta mál á þann einfalda og gamalkunna hátt að etja launþegum þessa lands gegn bændum með því að vitna til þeirra orða minna, að ekki sé nú svigrúm til almennra grunnkaupshækkana í þjóðfélaginu, það sé nú aldeilis munurinn á meðferðinni sem launþegarnir sæti annars vegar og svo hins vegar bændur. Staðreyndin er sú, að flokkur hv. þm., svonefndur Alþfl., hefur sótt það af feikilegri hörku undanfarnar vikur og mánuði að skerða verðtryggingu launa hjá almennu launafólki og hefur að sjálfsögðu alls ekki verið til viðræðu um grunnkaupshækkanir, heldur þvert á móti sótt það af mikilli hörku að skerða kjörin með því að setja hámark á verðbótavísitölu og valda þannig talsvert mikilli lífskjaraskerðingu. Sem betur fer var ekki mynduð stjórn af því tagi að unnt væri að koma stefnu Alþfl. í þessu máli í framkvæmd. Þessi atlaga gegn launamönnum tókst ekki. Um bændur gegnir aftur á móti allt öðru máli. Þeir hafa orðið fyrir stórfelldri tekjuskerðingu nú þegar vegna þess að þeir hafa orðið að flytja út töluvert mikið af óverðtryggðum framleiðsluvörum. Hér er spurningin um hvort bændur eigi alfarið að taka á sig þá skerðingu eða hvort samfélagið ætlar að hluta til að hlaupa undir bagga með þeim.

Ég vek á því athygli, að hér er ekki um að ræða að útvegað sé lán til að greiða að fullu það tap sem bændur hafa orðið fyrir. Hér er einungis gert ráð fyrir að bæta þeim 2/3 hluta af þessu tjóni. Það er allmikill munur á því, hvort ríkisvaldið hleypur undir bagga og auðveldar bændum að taka á sig stórfellt tjón af þessu tagi, og svo á hinu, hvort verið er að færa mönnum gjafir, hækka kaupið þeirra, veita mönnum almennar grunnkaupshækkanir og bæta þau kjör sem þeir höfðu fyrir. Á þessu tvennu er auðvitað reginmunur. Við teljum sjálfsagt og eðlilegt, að úr því að launamenn virðast hafa fengið tryggð núverandi laun sín þeir halda sinni verðtryggingu, hún verður ekki skert, m. a. vegna þess að Alþfl. er ekki í ríkisstj., þá liggi líka beint við að kjör bænda verði ekki heldur skert. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Ég vil svo að lokum leggja til, herra forseti, af því að mér láðist að geta þess áðan, að þetta frv. fari til fjh.-og viðskn. að lokinni umr.

Egill Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. fór héðan án þess að svara fsp. frá mér. Ég vil gjarnan ítreka að ráðh. gæfi svör við fsp. sem komu fram um það, hvenær bændum yrði bættur sá tekjumissir sem þeir hafa orðið fyrir tvívegis með stuttu millibili vegna þess að stjórnvöld hafa tekið þær ákvarðanir að fresta þeim greiðslum sem þeir hafa átt rétt á.

En þetta var kannske ekki meginerindi mitt hingað í ræðustól að þessu sinni, heldur voru það orð ráðh. þar sem hann var að tala um ónýttar útflutningsuppbætur. **(Fjmrh.:** Hugsanlega.) Mér er alveg óskiljanlegt hvernig þær gætu orðið til að óbreyttum lögum. Eins og málum er nú komið er þessi greiðslutrygging miðuð við 10% af framleiðsluverðmætum landbúnaðarafurða. Í lögum er svo ákveðið, að því aðeins eigi að nota það fjármagn að það þurfi að greiða það vegna útflutningsuppbóta. Nú hefur hins vegar komið fram í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. að breyta eigi lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Við skulum vona að það verði til góðs. En yfirlýsing ráðh. verður tæpast skilin á annan veg en að þá eigi m.a. að breyta þessu ákvæði í framleiðsluráðslögunum þannig að landbúnaðurinn eigi að fá fé til ráðstöfunar sem svarar 10% af framleiðsluvörum og að það sé ekki nauðsynlegt að binda það einvörðungu við útflutning á landbúnaðarvörum. Með öðrum aðferðum geta þessar ónýttu útflutningsuppbætur, sem ráðh. var að tala um áðan, ekki orðið til.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Út af orðum hv. 11. landsk. þm., Egils Jónssonar, vil ég segja það, að hugsunin, sem býr að baki 2. gr. frv., er ósköp einfaldlega sú, að ef þróunin verði á þann veg á næstu árum að úr framleiðslunni dragi, vegna þess að verið er að reyna að

samræma framleiðsluna betur markaðsaðstæðum, og þær aðstæður koma upp að heimildin í framleiðsluráðslögunum verði eigi fullnýtt, þ. e. ekki þörf á að greiða á allt að 10% af framleiðslunni í útflutningsbætur þá megi nota mismuninn til að greiða af þessu láni. Hvort slíkt verður nokkurn tíma að raunveruleika skal alveg ósagt látið. Þessu er haldið þarna einfaldlega opnu.

Hjá hv. þm. kom fram sú hugsun, að hér væri vandi á ferð vegna þess að framleiðsluráðslögin væru á ákveðinn veg í þessum efnum, það yrði þá væntanlega að breyta þeim. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég heyri fullyrðingu af því tagi, að þm. séu í vandræðum með afgreiðslu einhvers frv. til l. vegna þess að einhver önnur lög komi í veg fyrir að slík samþykkt sé gerð. Auðvitað er kjarni málsins ósköp einfaldlega sá, að lagaheimildin, sem hér er til umr., er nægileg til viðbótar við það sem stendur í framleiðsluráðslögunum. Ef koma upp aðstæður eins og hér er verið að lýsa er fengin lagaheimild til að inna greiðslu af þessu tagi af hendi og þarf ekki að breyta öðrum lögum í því skyni. Þetta eru lög, jafnfullgild og augljós þeim sem fyrir eru.

Að lokum: Spurningum hv. þm. verð ég að geyma að svara. Ég held að það sé eðlilegra að landbrh. svari þeim spurningum. Þetta voru spurningar sem snertu starfssvið landbrh. og viðskrh. Ég tel eðlilegra að gefa þeim kost á að svara þessum spurningum við síðari tækifæri. Það ætti þá að gefast tóm til þess við 2. eða 3. umr. málsins.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að svara þeim kjaraskerðingarásökunum sem hæstv. fjmrh. var með áðan. Það hefur ævinlega verið auðveldur leikur á Íslandi að lofa öllum meira en hægt er að inna af hendi. Árangurinn hefur verið verðbólga. Mér sýnist að ýmsu leyti að það sé verið að halda áfram á þeirri braut.— En hitt er annað mál, að mönnum þótti náttúrlega nýung að því og nokkuð nýstárlegt þegar fjmrh. allt í einu eftir að hann var kominn í stólinn, gat lýst því yfir að fyrir grunnkaupshækkanir væri ekki svigrúm. Það svigrúm hafði greinilega orðið að engu við það að hann settist í stólinn. (**StJ:** Aldrei nefndar grunnkaupshækkanir.) Þá var málflutningurinn annar.

En ég held að þjóðin sé í rauninni búin að fá nóg af þessari verðhækkunarskrúfu. Það hefur verið álit Alþfl. um nokkrun tíma, að nauðsynlegt væri að taka á öllum þáttum, og þ. á m. að vera með afmarkaða launastefnu og endurbætur á því vísitölukerfi sem hér hefur verið gildandi, og við það höldum við okkur hvort heldur við erum í ríkisstj. eða ekki.

Annars var aðalerindið hingað að bera fram fsp. til fjmrh., sem ég óska eftir að hann upplýsi fyrir fjh.- og viðskn. þegar hún kemur til fundar í fyrramálið. Spurningin er þessi: Eru fordæmi fyrir því, að aðilar úti í bæ taki lán og fái ríkisábyrgð á því, en að ríkissjóður greiði lánið, eins og hér er yfirlýst, nema aðrir aðilar bjóði sig fram í þeim efnum, eins og mér skildist að væri helsta úrræðið til þess að ríkissjóður greiddi ekki? Eru fordæmi fyrir því, að aðili út í bæ taki lán sem ríkissjóður lýsir yfir að hann muni greiða?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar vil ég einungis segja: Ég hygg að fordæmi séu fyrir þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Sameinað þing, 25. fundur.

Þriðjudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. áfengislaga, nr. 82/1969.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Páll Daníelsson forstjóri (A),
Sigrún Sturludóttir húsfrú (B),
Guðsteinn Þengilsson læknir (C),
Einar Björsson fyrrv. eftirlitsmaður (D).

Varamenn:
Árni Helgason símstjóri (A),
Hafdís Sigurgeirsdóttir kennari (B),
Guðmundur Ólafsson kennari (C),
Hörður Zóphaníasson skólastjóri (D).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða sem eru í umsjá hennar, samkvæmt 36. gr. laga nr. 97 29. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri (A),
Jón Kristjánsson verslunarmaður, (B),

Kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Björgvin Sigurðsson hrl. (A),
Vilhjálmur Jónsson forstjóri (B),
Árni Halldórsson hrl. (C),
Gunnar Möller hrl. (A),
Baldvin Jónsson hrl. (D).

Varamenn:
Páll S. Pálsson hrl. (A),
Gestur Jónsson hdl. (B),
Arnmundur Backman lögfræðingur (C),
Axel Einarsson hrl. (A),
Þorsteinn Eggertsson lögfræðingur (D).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. laga nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Matthías Johannessen ritstjóri (A),
Áslaug Brynjólfsdóttir yfirkennari (B),
Einar Laxness kennari (C),
Sigurlaug Bjarnadóttir menntaskólakennari (A),
Gunnar Eyjólfsson leikari (D).

Varamenn:
Halldór Blöndal alþm. (A),
Eysteinn Sigurðsson ritstjóri (B),
Vésteinn Ólason lektor (C),
Eiríkur Hreinn Finnbogason cand. mag. (A),
Herdís Þorvaldsdóttir leikari (D).

Kosning 7 alþingismanna og jafnmargra alþingismanna til vara í rannsóknaráð til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Friðrik Sophusson alþm. (A),
Stefán Valgeirsson alþm. (B),
Stefán Jónsson alþm. (C),
Guðmundur Karlsson alþm. (A),
Kjartan Jóhannsson alþm. (D),
Guðmundur G. Þórarinsson alþm. (B),
Egill Jónsson alþm. (A).

Varamenn:
Pálmi Jónsson landbrh. (A),
Ólafur Þ. Þórðarson alþm. (B),
Guðrún Helgadóttir alþm. (C),
Lárus Jónsson alþm. (A),
Sighvatur Björgvinsson alþm. (D),
Ingólfur Guðnason alþm. (B),
Steinþór Gestsson alþm. (A).

Kosning 7 manna og jafnmargra varamanna í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. laga nr. 97 29. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru í kjöri sem aðalmenn Matthías Bjarnason, Steinþór Gestsson og Ólafur G. Einarsson, en sem varamenn Halldór Blöndal, Jósef H. Þorgeirsson alþm. og Pétur Sigurðsson alþm. Á B-lista voru í kjöri sem aðalmenn Stefán Guðmundsson, Geir Gunnarsson, Þórarinn Sigurjónsson og Eggert Haukdal, en sem varamenn Halldór Ásgrímsson, Helgi Seljan, Alexander Stefánsson og Sturla Böðvarsson. Á C-lista var í kjöri sem aðalmaður Karl Steinar Guðnason, en sem varamaður Karvel Pálmason. — A-listi hlaut 17 atkv., B-listi 32 atkv. og C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að gerðri athugasemd Matthíasar Á. Mathiesen, að kjörnir væru:

Aðalmenn:
Stefán Guðmundsson alþm. (B),
Matthías Bjarnason alþm. (A),
Geir Gunnarsson alþm. (B),
Þórarinn Sigurjónsson alþm. (B),
Karl Steinar Guðnason alþm. (C),
Steinþór Gestsson alþm. (A),
Eggert Haukdal alþm. (B).

Varamenn:
Halldór Ásgrímsson alþm. (B),
Ólafur G. Einarsson alþm. (A),
Helgi Seljan alþm. (B),
Alexander Stefánsson alþm. (B),
Karvel Pálmason alþm. (C),
Halldór Blöndal alþm. (A),
Sturla Böðvarsson sveitarstjóri (B).

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Við kosningu í Framkvæmdastofnun var óskað eftir að kosið yrði um aðalmenn sérstaklega, en forseti lýsti þá yfir að kosning færi fram um bæði aðalmenn og varamenn. Þegar svo forseti lýsti kosningu varamanna hljóp hann yfir þann mann á A-lista, þ. e. lista Sjálfstfl., sem var nr. 3, og tók þá tvo sem voru í 1. og 2. varasæti. Ég hefði haldið, að þar sem aðeins tveir menn af þessum lista voru kosnir, 1. og 2. maður, þá væru eðli málsins samkv. 3. og 4. maður á listanum kosnir 1. og 2. varamaður þess lista. Þegar stillt er upp þremur aðalmönnum og þremur varamönnum, þá sé ég ekki hverju það skiptir að sett sé orðið varamaður eða varamenn á undan þeim þremur síðari. Ef stillt hefði verið upp sex nöfnum, þá voru samkv. öllum venjulegum reglum þeir, sem voru nr. 1 og 2, kosnir aðalmenn, þeir, sem voru nr. 3 og 4, kosnir varamenn. Ég vildi mega mælast til þess við forseta, að þetta mál verði athugað og leiðrétt ef það sjónarmið, sem ég hér kem fram með, sýnist vera réttara en sú niðurstaða sem hann kynnti áðan.

Forseti (Jón Helgason): Vegna ábendingar hv. 1. þm. Reykn. um varamenn í stjórn Framkvæmdastofnunar vil ég geta þess, að ég fór eftir því, að nöfnum á A-lista er stillt upp í tvennu lagi, aðalmenn og varamenn sitt á

hvorum miðanum. Tók ég tvo efstu menn af hvorum miða í samræmi við atkvæðamagn. Hins vegar mun það vera rétt ábending hjá hv.-þm., að raunverulega eigi að vera í einni röð aðal- og varamenn. Mun því rétt vera, ef þessari röð er haldið, að varamenn af A-lista séu Ólafur G. Einarsson og Halldór Blöndal.

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn vísindasjóðs til næsta þings eftir almennar þingkosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. laga nr. 51 5. júní 1957, um vísindasjóð.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Magnús Magnússon prófessor (A),
Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri (B),
Þorsteinn Vilhjálmsson lektor (C),
Eggert Briem prófessor (D).

Varamenn:
Júlíus Sólnes prófessor (A),
Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri (B),
Guðrún Hallgrímsdóttir matvælasérfræðingur (C),
Guðlaugur Gauti Jónsson arkitekt (D).

Kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Við kosningur aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Gunnar Möller hrl. (A),
Þóra Þorleifsdóttir húsfrú (B),
Stefán Jónsson alþm. (C),
Guðmundur H. Garðarsson fyrrv. alþm. (A),
Jóhanna Sigurðardóttir alþm. (D).

Varamenn:
Ingibjörg Rafnar lögfræðingur (A),
Theodór A. Jónsson framkvæmdastjóri (B),
Ólöf Ríkarðsdóttir (C),
Arinbjörn Kolbeinsson læknir (A),
Haukur Helgason skólastjóri (D).

Kosning sjö manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 8 12. mars 1976, um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ellert B. Schram fyrrv. alþm. (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson fyrrv. ráðh. (B),
Ólafur R. Einarsson kennari (C),
Markús Örn Antonsson ritstjóri (A),
Eiður Guðnason alþm. (D),
Markús Á. Einarsson veðurfræðingur (B),
Erna Ragnarsdóttir innanhússarkitekt (A).

Varamenn:
Friðrik Sophusson alþm. (A),
Hákon Sigurgrímsson fulltrúi (B),
Jón Múli Árnason dagskrárfulltrúi (C),
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lögfræðingur (A),
Guðni Guðmundsson rektor (D),
Dagbjört Höskuldsdóttir skrifstofumaður (B),
Erlendur Magnússon viðskiptafræðinemi (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Vesturlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jón Magnússon fulltrúi (A),
Bjarni Arason ráðunautur (B),
Sigurður B. Guðbrandsson afgreiðslumaður (C),
Sverrir Sverrisson skólastjóri (A),
Sveinn Guðmundsson bankaútibússtjóri (D).

Varamenn:
Björn Arason framkvæmdastjóri (A),
Björgvin Bjarnason bæjarfógeti (B),
Ársæll Valdimarsson bifreiðarstjóri (C),
Jóhann Sæmundsson bankamaður (A),
Daníel Oddsson deildarstjóri (D).

Kosning yfirkjörstjórnar Vestfjarðakjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jón Ólafur Þórðarson lögfræðingur (A),
Guðmundur Magnússon bóndi (B),
Birgir Friðbertsson bóndi (C),
Guðmundur Kristjánsson bæjarstjóri (A),
Ágúst H. Pétursson skrifstofumaður (D).

Varamenn:
Guðmundur H. Ingólfsson forseti bæjarstjórnar (A),
Magnús Reynir Guðmundsson bæjarritari (B),

Baldur Vilhelmsson sóknarprestur (C),
Úlfar Ágústsson kaupmaður (A),
Marías Þ. Guðmundsson framkvæmdastjóri (D).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis vestra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Elías I. Elíasson bæjarfógeti (A),
Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður (B),
Benedikt Sigurðsson kennari (C),
Egill Gunnlaugsson dýralæknir (A),
Gunnar Þ. Sveinsson gjaldkeri (D).

Varamenn:
Torfi Jónsson bóndi (A),
Ólafur H. Kristjánsson skólastjóri (B),
Hulda Sigurbjörnsdóttir verkstjóri (C),
Sigurður Sigurðsson hreppstjóri (A),
Þorsteinn Hjálmarsson stöðvarstjóri (D).

Kosning yfirkjörstjórnar Austurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Erlendur Björnsson bæjarfógeti (A),
Hörður Hjartarson framkvæmdastjóri (B),
Aðalsteinn Halldórsson bóndi (C),
Bogi Nilsson sýslumaður (A),
Arnþór Jensen framkvæmdastjóri (D).

Varamenn:
Margeir Þórormsson verslunarstjóri (A),
Friðjón Guðröðarson sýslumaður (B),
Gísli Sigurðsson skrifstofumaður (C),
Árni Stefánsson framkvæmdastjóri (A),
Ari Bogason skrifstofumaður (D).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Guðjón Steingrímsson hrl. (A),
Björn Ingvarsson yfirborgardómari (B),
Þormóður Pálsson yfirbókari (C),
Páll Ólafsson bóndi (A),
Vilhjálmur Þórhallsson hrl. (D).

Varamenn:
Tómas Tómasson sparisjóðsstjóri (A),
Jón Grétar Sigurðsson skrifstofustjóri (B),
Hjörleifur Gunnarsson skrifstofumaður (C),
Ólafur St. Sigurðsson héraðsdómari (A),
Ásgeir Jóhannesson forstjóri (D).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ragnar Steinbergsson lögfræðingur (A),
Jóhann Sigurjónsson menntaskólakennari (B),
Jóhannes Jósefsson skrifstofumaður (C),
Guðmundur Þór Benediktsson fulltrúi (A),
Freyr Ófeigsson héraðsdómari (D).

Varamenn:
Benedikt Ólafsson lögfræðingur (A),
Haukur Logason fulltrúi (B),
Þorgerður Þórðardóttir húsmóðir (C),
Sigurður Briem Jónsson fulltrúi (A),
Ólafur Erlendsson sjúkrahúsráðsmaður (D).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Kristján Torfason bæjarfógeti (A),
Páll Hallgrímsson sýslumaður (B),
Hjalti Þorvarðarson rafveitustjóri (C),
Jakob Havsteen útibússtjóri (A),
Vigfús Jónsson fyrrv. oddviti (D).

Varamenn:
Eggert Óskarsson sýslufulltrúi (A),
Pálmi Eyjólfsson sýsluskrifari (B),
Lýður Brynjólfsson skólastjóri (C),
Ari Þorgilsson hreppstjóri (A),
Stefán J. Guðmundsson hreppstjóri (D).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jón G. Tómasson skrifstofustjóri (A),
Jón A. Ólafsson sakadómari (B),
Sigurður Baldursson hrl. (C),
Hjörtur Torfason hrl. (A),
Hrafn Bragason lögfræðingur (D).

Varamenn:
Guðmundur V. Jósefsson hrl. (A),
Skúli Pálmason hrl. (B),
Sigurmar Albertsson lögfræðingur (C),
Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. (A),
Þorsteinn Sveinsson lögfræðingur (D).

Kosning sjö manna nefndar til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar til að skipta fjárveitingu í fjárlögum til listamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 29/1967, um listamannalaun.

Fram komu fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri (A),
Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri (B),
Sverrir Hólmarsson kennari (C),
Halldór Blöndal alþm. (A),
Bolli Gústafsson sóknarprestur (D),
Gunnar Stefánsson dagskrárstjóri (B),
Bessí Jóhannsdóttir kennari (A).

Landgrunnsmörk Íslands til suðurs, fsp. (þskj. 68) — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Þriðja þingmál á haustþingi 1978 var till. til þál. um landgrunnsmörk Íslands til suðurs, sem flutt var af átta sjálfstæðisþingmönnum, einum úr hverju kjördæmi. Þegar till. var flutt var hún orðuð þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að mótmæla nú þegar öllum tilraunum Breta til að reyna að slá eignarhaldi á klettinn Rokk (Rockall).

Alþingi lýsir því jafnframt yfir, að ákvörðun ytri landgrunnsmarka Íslands til suðurs miðast við, að engri þjóð beri tilkall til Rokksins."

Í grg. örstuttri segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Stóra-Bretlands hefur gert tilraun til að slá eignarhaldi Breta á klettinn Rockall í þeim tilgangi að teygja yfirráð þeirra út á hafsbotnssvæði, sem tilheyrir Íslendingum eftir þeim þjóðréttarreglum, sem nú eru í mótun. Öllum slíkum tilraunum ber þegar í stað að mótmæla, enda þótt sker þetta mundi ekki fá sjálfstæða efnahagslögsögu eftir þeim reglum, sem nú eru skráðar í uppkasti að hafréttarsáttmála.

Þegar fiskveiðilögsaga Íslands var loks færð út í 200 mílur, var þess að sjálfsögðu gætt, að engin skerðing yrði á henni vegna Rokksins. Bretar viðurkenndu síðan fiskveiðitakmörk Íslands samkv. reglugerð frá 15. júlí 1975 með Oslóarsamkomulaginu 1. júní 1976 og staðfestu þar með, að engin efnahagslögsaga ætti að vera út frá Rokknum, þótt þeir teldu klettinn tilheyra sér. Ljóst er því, að nibba þessi getur ekki skert ytri landgrunnsmörk Íslands, fremur en efnahagslögsöguna."

Samkomulag varð um það hér á hinu háa Alþingi að afgreiða till. þessa hinn 22. des. 1978 með nokkuð breyttu orðalagi, og var hún afgreidd þannig orðuð:

„Alþingi lýsir því yfir, að ytri landgrunnsmörk Íslands til suðurs verði ákveðin án tillits til klettsins Rockall og að samvinna verði höfð við Færeyinga til að tryggja sameiginleg réttindi á landgrunnssvæðinu utan 200 sjómílna marka landanna."

Formaður utanrmn., Einar Ágústsson, sagði í ræðu nefndan dag, m. a.: „Undir þetta skrifar öll utanrmn. og ég mun ekki hafa fleiri orð um þessar till., aðeins segja það í lokin, að ég tel að með samþykkt þeirri og afgreiðslu undirstriki Íslendingar einu sinni enn samstöðu sína í landhelgismálinu, sem hefur verið órofa alla tíð."

Því miður hefur ekki miklum sögum af því farið, hvað gert hafi verið til að framfylgja þessari ályktun Alþingis, þótt eftir hafi verið gengið. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurnir um það mál, sem hafa nú verið á dagskrá alllengi. En af ástæðum, sem þm. og þjóðinni allri raunar eru kunnar, hafa hugir manna snúist um annað nú að undanförnu og skal ég út af fyrir sig ekki ásaka neinn fyrir það, að dregist hefur að svara þessum fyrirspurnum, þótt ég hyggi að hitt muni verða talið ámælisvert, hve lengi hefur dregist að aðhafast eitthvað í málinu. En nánar fáum við að vita um það nú þegar hæstv. utanrrh. svarar spurningum mínum. Þær eru í þremur liðum:

1) Hvað hefur verið unnið að því að ákveða ytri landgrunnsmörk Íslands til suðurs í samræmi við ákvörðun Alþingis 22. des. 1978?

2) Hefur ríkisstj. mótmælt aðgerðum Breta til að reyna að helga sér klettinn Rokk og þá með hverjum hætti?

3) Hefur verið mótmælt í orði eða á borði tilraunum Breta til að koma einhliða á 200 mílna fiskverndarsvæði umhverfis Rokkinn eða eru uppi um það fyrirætlanir, t. d. að senda íslensk fiskiskip til veiða á þessu svæði?

Ég hygg að þessar fyrirspurnir séu nægilega skýrar þannig að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þær nú, en fæ væntanlega tækifæri til að ræða málið örlítið nánar í stuttum ræðutíma eftir að hæstv. ráðh. hefur svarað þessum spurningum.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Svör þau við fyrirspurnum hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem ég les hér upp á eftir, eru undirbúin og samantekin í utanrrn. í tíð forvera míns þar.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur borið fram tvær fyrirspurnir, aðra þá sem hann vék að hér áðan og hina varðandi samstarf við Færeyinga. Svörin hafa verið þannig útbúin í hendur mér, að báðum þessum fyrirspurnum er svarað í einu lagi, og ég mun lesa svörin upp þannig ef hv. fyrirspyrjandi hefur ekki við það að athuga.

Þetta byrjar nú í rauninni á endurtekningu á því sem hv. fyrirspyrjandi var að rekja sjálfur áðan. Svarið er svo hljóðandi:

Á 100. löggjafarþingi lagði fyrirspyrjandi ásamt öðrum fram þáltill. um landgrunnsmörk Íslands til suðurs. Í því tilefni gerði utanrrh. á fundi í Sþ. hinn 24. okt. 1978 grein fyrir ýmsum atriðum sem varða þetta mál. Umrædd þáltill. fékk ítarlega meðferð í utanrmn., en náði ekki fram að ganga, heldur var henni samkvæmt till. n. vísað til ríkisstj. svo breyttri:

„Alþingi lýsir því yfir, að ytri landgrunnsmörk Íslands til suðurs verði ákveðin án tillits til klettsins Rockall og að samvinna verði höfð við Færeyinga til að tryggja sameiginleg réttindi á landgrunnssvæðinu utan 200 sjómílna marka landanna."

Rétt er að minnast á þau orð, sem frsm. n., hæstv. fyrrv. utanrrh., Einar Ágústsson, lét falla við það tækifæri, eins og hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir, að með afgreiðslu þeirri, sem till. hlaut, undirstrikuðu Íslendingar enn einu sinni samstöðu sína í landhelgismálinu. Síðan þessari till. var vísað til ríkisstj. hafa gengið í gildi lög nr. 41 frá 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, og er í þeim lögum m. a. að finna ákvæði um skilgreiningu landgrunnsins, um afmörkun þess gagnvart nærliggjandi ríkjum og um landgrunnsrannsóknir. Á sama hátt og við ákvörðun fiskveiðilögsögu Íslands 1975 var við ákvörðun landgrunnsmarka í lögunum ekki tekið tillit til Rockall. Mörkin hafa ekki verið sett utan 200 mílna, og var m. a. tekið tillit til þess, að enn var ólokið könnun á ýmsum hliðum þessa máls á Hafréttarráðstefnunni.

Að því er varðar samvinnu við Færeyinga þarf varla að taka það fram, að Íslendingar leitast ávallt við að styðja Færeyinga þar sem um sameiginlega hagsmuni er að ræða, hvort sem er á hafréttarsviði eða öðrum sviðum. Er þetta sjálfsagður liður í íslenskri utanríkisstefnu.

Skal nú fjallað um einstaka liði fyrirspurnanna. Ég byrja á þeirri sem varðar samvinnu við Færeyinga:

1) Sendinefnd Íslands á Hafréttarráðstefnunni hefur haft stöðugt samband við fulltrúa Færeyinga þar og hefur stutt sjónarmið þeirra gegn kröfum Breta og Íra til víðtækra réttinda á svæðinu á þeim grundvelli að um sé að ræða landgrunn Írlands og/eða Bretlands, hvort sem Rockall er með í myndinni eða ekki.
2) Engir formlegir fundir hafa verið haldnir með fulltrúum landsstjórnar Færeyja.
3) Ég tel óhætt að fullyrða að Færeyingar meta stuðning íslensku sendinefndarinnar og verður samvinnu haldið áfram.
4) Um viðræður við Breta og Íra skal tekið fram að Hans G. Andersen, formaður sendinefndar Íslands, og Guðmundur Pálmason hafa rætt málin við fulltrúa Breta og Íra og hafa haldið fram þeirri afstöðu sem grein var gerð fyrir. Og þessar upplýsingar varðandi þessa fyrirspurn eru einmitt fengnar sérstaklega frá Hans G. Andersen, formanni sendinefndarinnar á Hafréttarráðstefnunni, og stuðst við upplýsingar frá honum.

Varðandi hina fyrirspurnina skal þetta tekið fram:

1) Stöðugt er unnið að málinu á Hafréttarráðstefnunni. Verður áhersla lögð á að móta grundvöll til ákvarðanatöku af Íslands hálfu með hliðsjón af viðhorfum á næsta fundi ráðstefnunnar í mars. Iðnrh. hefur einnig skýrt frá ýmsum hliðum landgrunnsrannsókna, nú nýlega að ég hygg, eða nánar tiltekið á fundi Sþ. 29. jan.
2) Samkvæmt 121. gr., 3. málsgr., hafréttaruppkastsins á Rockall ekki að fá efnahagslögsögu eða landgrunn. Að því er varðar landgrunnsréttindi er aðalatriðið hvaða ríki hafsbotninn á svæðinu er talinn tilheyra án tillits til Rockall.
3) Svo sem kunnugt er hefur enn ekki náðst samkomulag á Hafréttarráðstefnunni um reglur varðandi afmörkun landgrunns strandríkja og eru þessi mál því öll enn í deiglunni. Það er hlutverk sendinefndar Íslands að fylgjast með þessum málum og undirbúa grundvöll fyrir ákvarðanatöku af Íslands hálfu sem ekki er tímabær að svo stöddu.

Ég vænti þess, að sú stutta greinargerð, sem ég hef hér flutt, gefi hugmynd um aðalatriðin í þessu máli. Og ég get lýst því yfir, að landhelgisnefnd mun fjalla um þessi atriði, en þess mun hafa verið óskað á sínum tíma, að landhelgisnefnd fjallaði um þau eða rætt yrði um þau á landhelgisnefndarfundi.

Ég bið svo hv. fyrirspyrjanda afsökunar á því, að ég hef tekið hér í einu lagi þessar fyrirspurnir, og verður það að reiknast honum til tekna við mál hans hér á eftir, að hann hefur ekki gert sérstaklega grein fyrir síðari fyrirspurninni. Ég vil svo aðeins endurtaka það, að frá þessu svari var að sjálfsögðu gengið áður en ég tók sæti í utanrrn. og þó að ég hafi lesið þessi svör hér yfir og sé þeim sammála, þá hefði ég í sjálfu sér kosið að hafa rýmri tíma til þess að geta sett mig inn í þessi mál áður en fyrirspurninni var svarað, en þau verða rædd á næstunni, bæði í landhelgisnefnd og að sjálfsögðu einnig í utanrmn., eftir því sem við á.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég er hæstv. utanrrh. að sjálfsögðu þakklátur fyrir að hafa lesið þessi svör upp, þótt ég sé á hinn bóginn mjög óánægður með efni þeirra. Og þar sem var í niðurlagi sagt að þessi svör gæfu hugmynd um aðalatriði málsins, þá verður ekki hægt að skilja þau orð öðruvísi en svo, að aðalatriði í framkvæmd þessara tillagna af hálfu hæstv. síðustu ríkisstj. hafi verið þau að gera ekki neitt, gæta hagsmuna Íslands ekki í einu eða neinu. Svörin voru nánast útúrsnúningar eða beinlínis farið fram hjá efni málsins og skal ég rökstyðja það.

Vík ég þá að þeirri fsp. sem ég hafði ekki rætt hér, en ég hafði að sjálfsögðu ekkert við það að athuga að þær yrðu teknar hér saman til umræðu.

Það er byrjað á því að segja að till. hafi ekki náð fram að ganga á Alþ., heldur verið vísað til ríkisstj. Formlega er þetta rétt. En ég las upp ummæli þáv. formanns utanrmn. um það, að utanrmn. hefði orðið sammála um að breyta till. og leggja til að hún yrði afgreidd með þeim hætti sem þarna varð niðurstaðan. Ég vil leyfa mér af þessu tilefni að vitna til ummæla í hörðum umræðum sem urðu á Alþ. 6. febr. 1979, þar sem þáv. utanrrh. hélt þessu fram, að það hefði ekki verið ákvörðun Alþingis, ekki samstaða Alþingis um að framfylgja ætti þessu máli. Þá kom til liðs við mig hv. þm. Stefán Jónsson, sem ofbauð þetta eins og fleirum, og sagði þá orðrétt:

„Fallist var á það af hálfu 1. flm. að vísa þessum till. til ríkisstj. Það var sátt af hans hálfu. Það var komið að lokadegi í afgreiðslu fjárlaga. Hann hótaði því þá, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, og hafði raunar stuðning

þingmanna úr fleiri flokkum á bak við þá hótun, að ef þessar þáltill. þeirra sjálfstæðismanna hlytu ekki afgreiðslu fyrir jól, vegna þess hversu brýnt væri að afgreiða þær, þá skyldi verða haldið uppi þess háttar umræðum um einstaka liði fjárlaga, að fjárlagaafgreiðslan drægist fram yfir jól af þeim sökum. Reyndar var þá viðbúið að fjárlagaafgreiðslan drægist fram yfir jól af öðrum sökum. En forustumenn stjórnmálaflokkanna sömdu um það við 1. flm. þessara þáltill., að þær yrðu afgreiddar með þessum hætti. Það var það sem kallast á enska tungu „gentlemen's agreement", sem var á vitorði — ég vil segja: allra þm. og hann féllst á í því trausti að með till. yrði farið eins og þær hefðu hlotið þinglega meðferð. Þetta vissi hver maður sem var hér í þingsölunum þá."

Og þetta vita allir sem hér eru enn á þingi og þá voru á þingi. Það átti að stöðva málin, þ. á m. Jan Mayen-málið. Það var ekki hægt að koma því inn í kollana á mönnum, — það tók raunar heilan meðgöngutíma að fá menn almennt til að skilja það, — að við ættum fersentimetersréttindi á Jan Mayen-svæðinu. Það var ekki fyrr en í júní í fyrra sem menn almennt fóru að gera sér grein fyrir því. Og það átti sem sagt að drepa allar þessar tillögur. Það varð að beita þessari hótun, sem hv. þm. Stefán Jónsson hefur upplýst með hvaða hætti var. Og enn í dag er sagt: Tillagan náði ekki fram að ganga.

En Bretar, okkar andstæðingar í þessu máli, þeir eru þó ekki svo skyni skroppnir að halda að þetta hafi ekki verið þingleg afgreiðsla, því að í bréfi breska utanrrn. eða öllu heldur breska sendiráðsins í Reykjavík, sem dagsett er 8. jan. 1979, þar sem mótmælt er afgreiðslunni hér á Alþ., er talað um „the resolution taken by the Althing" — ályktun Alþingis, sem verið er að mótmæla. Auðvitað var þetta ályktun Alþingis — einróma ályktun Alþingis. En þó að hún hafi verið hér afgreidd, þá hefur ekkert verið gert í málunum, ekki nokkur skapaður hlutur. Það er að vísu skrifað eitt bréf til að mótmæla þessum ummælum breska sendiráðsins 1979, það er dagsett 2. febr. 1979, og þar er það eina, sem um þetta er sagt:

„Iceland does not intend to revise the regulations of 1975 in this respect." — Ísland ætlar sér sem sagt ekki að breyta um línu, en engin mótmæli af neinu tagi, engin bein mótmæli. Þetta er það eina sem mér kunnugt um að hæstv. fyrrv. ríkisstj. hafi gert í málunum.

Nú vil ég halda því fram, að það mál, sem hér er til umræðu, sé ekki þýðingarminna en Jan Mayen-málið. Það er orðið tímabært að íslenskir ráðamenn fari að gera sér grein fyrir því, að við eigum að gæta réttinda okkar þarna suður í höfum, þótt ekki væri af neinu öðru en því, að við ætlum okkur að koma í veg fyrir að jarðrask verði þarna framið sem gæti stofnað fiskimiðum okkar og auðæfum Atlantshafsins í voða. Þarna er um geysilega þýðingarmikil réttindi að ræða sem samkvæmt þeim uppköstum, sem nú eru á Hafréttarráðstefnu, tilheyra Íslandi að verulegu leyti. Og það er með öllu óverjandi að taka ekki upp samvinnu við Færeyinga, ekki til þess að hjálpa þeim einum, þeir eru ósköp þakklátir fyrir að við þá hafi verið rætt, það hefur verið rætt við þá eitthvað yfir kaffibolla, ekki eftir neinum fyrirmælum frá utanrrn., á Hafréttarráðstefnu. Engin fyrirmæli voru um það svo mér sé kunnugt um. Þó skrifaði ég utanrrn. svo hljóðandi bréf, áður en ég fór á næstsíðasta fund Hafréttarráðstefnunnar og leyfi mér að lesa það hér upp:

„1) Verður strax útvegað fjármagn til að afla upplýsinga um hafsbotninn?

2) Verður strax tekið upp samstarf við Færeyinga til að gæta sameiginlegra réttinda á Rockall-svæðinu?

3) Verður haldið fast við þá kröfu, að Íslendingar eigi réttindi á Jan Mayen-svæðinu a. m. k. til jafns við Norðmenn?

4) Verður orðsendingu Breta frá 8. jan. 1978" — þeirri sem ég gat um áðan — „mótmælt eindregnar en með bréfi utanrrn. 2. febr. 1979?

Svör óskast við þessum spurningum áður en undirritaður ákveður hvort hann fer á fund Hafréttarráðstefnu."

Það kom að vísu loðin svör við þessu, en þó þess eðlis að ég taldi rétt að ég sem aðrir reyndi að fara á Hafréttarráðstefnuna og gera þar tilraunir til að gæta íslenskra hagsmuna. Varðandi það að við höfum stutt Færeyinga, er það að sjálfsögðu rétt, að við höfum stutt Færeyinga, en tillögurnar fjalla bara ekkert um það, að við eigum að styðja Færeyinga, þær fjalla um það, að við eigum að gæta sameiginlegra réttinda Íslendinga og Færeyinga. Það er stuðningur fyrir Færeyinga vegna þess að hagsmunir okkar fara saman. En ég er ekki að biðja um að gefa Færeyingum eitt eða neitt á okkar kostnað. Ég er að biðja um að við höfum sameiginlega réttargæslu gagnvart Bretum og Írum, að við sjáum um að þau réttindi, sem hugsanlega — við skulum ekki orða það sterkar — eiga að tilheyra okkur, verði ekki frá okkur tekin vegna gáleysis okkar, afskiptaleysis, umhirðuleysis, sinnuleysis, aumingjaskapar. Og varðandi það að Færeyingar meti okkar stuðning, auðvitað meta þeir okkar stuðning, en hann hefur bara ekki verið neinn nema smávegis orðagjálfur yfir kaffibolla, eins og ég áðan sagði.

Allir vita að ekki hefur náðst samkomulag á Hafréttarráðstefnunni. En það er einmitt vegna þess að nú er að byrja fundur á Hafréttarráðstefnu sem er algjörlega nauðsynlegt að íslenskir ráðamenn — og þá Alþingi Íslendinga, því að illa treysti ég hæstv. ríkisstj. í því efni — taki af skarið um það, hvaða stefnu við eigum að marka okkur í þessum málum, þannig að fulltrúar Íslands á Hafréttarráðstefnunni, sem eru oft æðimargir, viti hvað þeir eigi að gera, hvernig þeir eigi að haga sér, hvað þeir hafi á bak við sig og hvernig afstaða annarra þjóða sé, t. d. hve langt við getum komist í samningum við Norðmenn, vegna þess að ef við gætum náð hagstæðum samningum við Norðmenn mundum við auðvitað ekkert vera að berjast gegn 121. gr. um eyjar. Þá mundum við samþykkja hana. Það væri þá okkur í hag að samþykkja hana, ef við vissum að við gætum náð góðum samningum við Norðmenn. Ef hins vegar ekkert liggur fyrir um það, þá hljótum við að berjast fyrir breytingu á þeirri grein, hvort sem okkur tekst það eða ekki, vegna þess að hún óbreytt mundi auðvitað styrkja hagsmuni Norðmanna. Alveg á sama hátt eigum við að ræða við Íra og Breta og ekki bara líka yfir kaffibolla, heldur formlega, enda er um það spurt, hvort beinar viðræður hafi verið teknar upp. Hvað eigum við að gera til að kanna þeirra viðhorf? Ég er ekki kominn til með að segja að þessar fjórar þjóðir, Írar, Bretar, Færeyingar og Íslendingar, gætu ekki í sameiningu skipt þessu á milli sín, haft sameiginlegt yfirráðasvæði, eins og ég teldi kannske eðlilegast og mest í anda hafréttarsáttmálans, uppkastsins að honum, þar sem menn semdu í bróðerni og eftir sanngirnissjónarmiðum um mál eins og þessi. Æskilegast væri sjálfsagt að reyna að ná slíkum samningum. Við gætum kannske verið liðlegir í þeim samningum. Ég held

að réttindi okkar þarna séu út af fyrir sig ekkert minni en hinna þjóðanna. Kannske eiga Bretar og Írar alls engin réttindi á Rockall-svæðinu vegna þess — eins og margsinnis hefur verið frá skýrt — að hin upphaflega gliðnun, þegar Atlantshaf varð til, varð þar sem nú heitir Rockall-sund eða Rockall-dýpi, sem er á milli Rockall-svæðisins, Írlands og Bretlands. Þess vegna er þetta sokkna land ekkert eðlilegt framhald af Bretlandi og Írlandi, heldur er það hluti af því svæði sem Ísland og Færeyjar standa á. Og það var áfast við Grænland og rak þaðan fyrir um 60 milljónum ára, en fyrir 110 milljónum ára sprakk það frá Bretlandi og Írlandi. Við eigum þarna mjög mikilla réttinda að gæta.

Sumir brosa að þessu. Það var líka hlegið að því, að við ætluðum að fara að ásælast eitthvað á Jan Mayen-svæðinu, Jan Mayen væri norsk eign. Það var talað um landvinningastefnu, heimsvaldastefnu jafnvel, og margir hlógu að þessu. Það var þvælst fyrir þessu í þinginu, þannig að það varð að beita hótunum, eins og ég gat um áðan, til að koma málinu í gegnum Alþingi. Þess vegna bjóst ég nú við að fá eitthvað skýrari svör en þetta. Ég varð fyrir geysilegum vonbrigðum með það. Svörin eru sem sagt fólgin í því, að engri spurningunni er beint svarað, hins vegar sagt: ja, það hefur verið spjallað um þetta fram og til baka.

Ég ætla að lesa núna upp síðari fyrirspurnina sem hæstv. ráðh. svaraði með fyrri spurningunum. Hún er í fjórum liðum:

1. Hefur samvinna verið höfð við Færeyinga til að tryggja sameiginleg réttindi á landgrunnssvæðinu utan 200 mílna marka landanna í samræmi við ákvörðun Alþingis 22. des. 1978, og þá með hverjum hætti?

Svarið við þessu var sem sagt: Íslendingar hafa verið að styðja Færeyinga, stöðugt samband við Færeyinga á Hafréttarráðstefnunni. Við höfum reynt að halda smávægilega fundi, þeir eru nú ekki margir þar Færeyingarnir, einn og tveir venjulega. Danir eru þarna. Þeir hafa kvartað mjög undan því, að við skyldum ekki hafa nánara samband okkar á milli. Við höfum ekkert umboð haft til annars en að bjóða þeim upp á kaffi eða bjórglas.

2. Hafa verið haldnir formlegir fundir með fulltrúum landsstjórnar Færeyinga?

Það fékkst svar við því, að það hefði ekki verið gert, því miður. Auðvitað hefði átt að gera það fyrir 1½ ári, þegar mönnum, a. m. k. sumum, var ljóst að þarna var um mikilvæg réttindi að tefla.

3. Hvern árangur hefur samvinna við Færeyjar í þessu efni borið?

Auðvitað engan, það hefur ekkert verið gert.

4. Hefur afstaða Breta og Íra til krafna Íslendinga og Færeyinga verið könnuð með beinum viðræðum?

Mér er sagt að tíminn sé búinn. Ég hefði getað talað hér miklu lengur og langað til þess, en það, sem fyrir mér vakir, er þó ekki að hefja illdeilur. Ég hef reynt að komast hjá því í þessum málum og það höfum við flest borið gæfu til að gera hér á Alþingi. Það, sem fyrir mér vakir, er að brýna fyrir mönnum að nú má ekki lengur láta staðar numið. Við verðum að taka höndum saman um að marka okkur skynsamlega stefnu og halda á íslenskum réttindum alveg jafnt þarna suður í höfum eins og á Jan Mayen-svæðinu. Og þó að ég treysti illa núv. hæstv. ríkisstj., eins og ég sagði áðan, kannske verr en flestum stjórnum sem á Íslandi hafa fram til þessa setið, þá treysti ég fólki hér í Alþ. til að taka þessi mál í sínar hendur. Og eins og hæstv. ráðh. gat um, þá er landhelgisnefnd þegar farin að starfa og utanrmn. reyndar líka, og ég hygg að hæstv. utanrrh. muni einmitt gera utanrmn. grein fyrir málinu á morgun. En þessi mál verður núna að fara að skilja og taka föstum tökum. Um það skulum við reyna að sameinast.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. var ekki öfundsverður af því að lesa upp þau svör sem samin höfðu verið í tíð fyrrv. utanrrh., Benedikts Gröndals. Ég ætla að vona að hæstv. núv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, taki upp í þessu máli allt önnur vinnubrögð en fyrirrennari hans, hv. þm. Benedikt Gröndal.

Staðreynd er sú, að því miður er sú ádeila sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti hér á fyrrv. utanrrh., í fyllsta máta réttmæt og eðlileg, þótt í henni séu stórir og þungir dómar. Við talsmenn Alþb. höfum, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lýsti áðan, ætíð stutt að því, að hér væru tekin upp miklu myndarlegri vinnubrögð og haldið af meiri einurð á hagsmunum Íslendinga í þessu máli. En staðreyndin virðist einmitt vera sú, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð gat um áðan, að það er eins og sumir menn, þar með talinn fyrrv. utanrrh., hafi ekki skilið hagsmuni Íslendinga í þessu máli. Ég óttast að það sé einmitt kjarninn, sem við erum hér að glíma við, að við erum í 1½ ár búin að hafa utanrrh. sem ekki hefur viljað eða ekki hefur haft skilning eða manndóm til að fylgja fram hagsmunum Íslendinga í þessu máli.

Ég vil mælast af fullri vinsemd til þess við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, að hann hætti nú að kenna hæstv. fyrrv. ríkisstj., þ. e. þeirri sem sat næstsíðast, um þessa málsmeðferð. (**Gripið fram í:** Hún bar alla ábyrgð á því.) Það má vel vera að forminu til. Innan þeirrar stjórnar og hér í þinginu hafa talsmenn Alþb. ætíð, eins og hv. þm. veit, tekið undir þá gagnrýni og þá kröfugerð sem hann hefur flutt í þessu máli.

Ég vil þakka þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni sérstaklega fyrir að hann hefur haldið vöku þingsins í þessu máli. Það hefur enginn annar þm. tekið sig sérstaklega fram um að gera það. Í málum af þessu tagi, sem varða þjóðarhag og langtímahagsmuni þjóðarinnar jafnríkulega, á þingið að virða það að innan þingsala skuli vera maður sem sleitulaust heldur vöku þingsins í þeim málum. Staðreyndin er sú, að bæði í Jan Mayen-málinu og í þessu máli varð þingið annaðhvort formlega í þingsölum eða í þeim nefndum, sem þingflokkarnir tilnefndu, bæði í viðræðunefnd um Jan Mayen og í landhelgisnefnd, hvað eftir annað að reka á eftir hv. þm. Benedikt Gröndal og taka fram fyrir hendurnar á honum til að koma í veg fyrir að hagsmunum Íslands væri glutrað niður. Það segir kannske langa sögu um áhuga hv. þm. Benedikts Gröndals á þessu máli, að hann skuli ekki sjá ástæðu til að vera hér viðstaddur þegar þessi umræða fer fram.

Ég vil að lokum, vegna þess að tími minn er skammur í umræðum í fyrirspurnatíma þótt fyllilega væri ástæða til að ræða þetta mál ítarlega, lýsa yfir fullum stuðningi við þá gagnrýni, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð flutti hér, og beina þeirri árnaðaróskum til hins nýja utanrrh., Ólafs Jóhannessonar, að hann taki nú upp öflugri og kröftugri vinnubrögð í þessu máli sem og Jan Mayen-málinu en fyrirrennari hans, að ganga hans verði önnur í embætti en að fylgja fram þeim texta sem Benedikt Gröndal lagði grundvöll að, eins og gert var áðan. Það eru miklir þjóð-

arhagsmunir til langs tíma í veði. Hæstv. núv. utanrrh. verður að taka myndarlega forustuhlutverkið í þessu máli einmitt vegna þeirrar vanrækslu sem málið hefur hlotið á síðustu misserum.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég harma þau stóryrði sem tveir síðustu hv. ræðumenn létu falla í garð fyrrv. utanrrh. (**EKJ:** Ég hafði engin stóryrði í garð hans. Ég talaði um ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar.) Já, ég tók samt svo eftir að því væri beint að hæstv. fyrrv. utanrrh. og hann nafngreindur í því sambandi. En það má vera sem vill.

Ég ætla ekki að fara út í rökræður um þessi mál á þessu stigi. Ég tel eðlilegra að þau séu undirbúin og rædd í þeim nefndum sem eðlilega hljóta um þau að fjalla, landhelgisnefnd og auðvitað utanrmn. sem er fulltrúi þingsins til að fylgjast með utanríkismálum almennt og skal vera til ráðuneytis í þeim.

Ég álít ákaflega mikils vert fyrir mál sem þessi, og alveg sérstaklega Jan Mayen-málið, að þau séu sett ofar þröngum flokkslegum sjónarmiðum og menn hugsi um það fyrst og fremst í sambandi við þau mál að vera Íslendingar og vinna að málunum á þeim grundvelli. Það hefur verið styrkur okkar í landhelgismálinu að undanförnu, og af þeim sökum höfum við unnið sigra, að við höfum staðið saman. Þeirri stefnu eigum við að mínu áliti að fylgja áfram. Ég vonast til þess að enginn láti freistast til að láta nokkur ímynduð þröng flokkshagsmunasjónarmið hafa áhrif í efnum sem þessum.

Ég mun reyna að fylgja fram þeirri stefnu að láta þessa aðila, sem ég nefndi áðan, landhelgisnefnd og utanrmn., fylgjast með í málinu og hafa aðstöðu til að láta uppi álit og tillögur í þeim efnum, þ. á m. að móta þá stefnu sem fylgt verður fram á Hafréttarráðstefnunni. En það er rétt, að eftir er, að nokkru a. m. k., að fjalla um það efni og þarf sjálfsagt að móta þá stefnu ákveðnar en gert hefur verið. Hins vegar verður það náttúrlega og hlýtur að falla nokkuð í hlut þeirra fulltrúa, sem fara á Hafréttarráðstefnuna, að fylgjast þar nákvæmlega með frá degi til dags og taka afstöðu í því máli. Að sjálfsögðu hafa þeir samband við utanrrn., a. m. k. eftir því sem nokkur kostur er. En hitt vita þeir sem hafa verið þar, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, að það geta komið þar upp, kannske á hverjum degi, einhver mál sem þarf að taka afstöðu til.

Við erum svo heppnir að við höfum þann formann sendinefndarinnar sem nýtur alveg sérstaks álits í þessum málum og er í hópi þeirra manna á Hafréttarráðstefnunni sem e. t. v. er tekið hvað mest tillit til við þá ákvarðanatöku sem þar kemur til greina. En matsatriðin í þessu efni eru mörg og hagsmunirnir rekast á hjá hinum ýmsu ríkjum. Þeir rekast t. d. á varðandi 121. gr. Þarf að meta hvaða stefna í þeim efnum samrýmist best hagsmunum Íslands. Þetta þarf að meta út frá því sjónarmiði, sem ég hef minnst á, að við verðum að reyna að standa saman í þessu efni. Það viðhorf mun reynast okkur best. Ég leyfi mér að fullyrða að fyrrv. utanrrh. hafi unnið í þeim anda.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru í meira lagi furðulegar umræður sem hér hafa átt sér stað. Hv. 5. landsk. þm. óskar svars við tveimur fsp. og fær svar við þeim, samþykkir að hæstv. utanrrh. svari þeim báðum í einu, sem eðlilegt var. Utanrrh. kom með svör frá embættismönnum, sem höfðu verið útbúin í tíð fyrrv. utanrrh. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson segist vera óánægður með þau svör og bendir á fyrri gerðir sínar og reyndar um leið fyrri aðgerðir sjálfstæðismanna, bæði utan þings og innan, að þeir hafi verið í fararbroddi fyrir því að benda á aðgerðaleysi tveggja síðustu ríkisstj. Það kom skýrt fram í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að hann var ekki eingöngu að gagnrýna störf síðustu ríkisstj., heldur miklu frekar störf ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, sem var húsbóndi Benedikts Gröndals þegar Benedikt gegndi utanríkisráðherraembættinu í stjórnartíð hans. Ég fæ því ekki séð hvað á að þýða þetta upphlaup hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, þegar hann kemur upp og liggur við að hann flaðri upp um Eyjólf Konráð Jónsson til að hrósa honum fyrir forgöngu hans í málinu. Að vísu má hann vel gera það, en það er ekki þar með sagt að nein ástæða sé til að draga úr sök vinstri stjórnarinnar og getuleysi í stjórnartíð hennar. Að vísu sprengdu kratarnir ekki ríkisstj. vegna þessa máls. En ef það var svona þungt og mikið fyrir brjósti Ólafs Ragnars Grímssonar í stjórnartíð þeirrar stjórnar sem hann studdi hefði hann líklega getað sprengt þá ríkisstj. sjálfur vegna þessa máls.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að árétta það, sem raunar hefur komið fram í umr. áður hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, að á fundi utanrmn. í fyrramálið munu þessi mál verða á dagskrá samkv. ósk hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar á utanríkismálanefndarfundi s. l. mánudag. Vænti ég þess, að ritari utanrmn., ráðuneytisstjórinn í utanrrn., hafi óskað eftir því við hæstv. utanrrh. að vera þar innan handar og fjalla um málið ásamt henni.

Ég skildi orð hæstv. utanrrh. ekki þegar hann var að tala um málflutning hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar í hálfgerðum dylgjutón sem einhvers konar flokkshagsmunamálflutning. Ég segi: Ég skildi ekki málflutning hæstv. utanrrh. vegna þessa dylgjutóns. Ég vonast til þess, að ég fari villur vegar þegar ég geri því skóna að hann hafi með þessum dylgjum átt við málflutning hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar þegar hann talaði um að við mættum ekki setja flokkshagsmuni ofar þjóðarhagsmunum í þessu máli. Ég held að það sé viðurkennd regla, að þm. hafi rétt til að flytja till., að þm. hafi rétt til þess að spyrjast fyrir um hver orðið hafi framkvæmd þeirra till. sem þeir hafi flutt hér á Alþ. og fengið samþykktar. Ég hygg líka að það sé réttur þm. að gagnrýna ef þeim finnst áfátt um framkvæmdina, — það sé ekki eingöngu réttur þm., heldur og skylda þm.

Ég vonast til þess að umræður í utanrmn. og landhelgisnefnd séu til þess fallnar að undirbúa málsmeðferð þessara mikilvægu mála í samningaviðræðum við aðrar þjóðir. Það er í þeim tilgangi sem till. hv. þm. Eyjólfs Konráðs hafa verið fluttar. Það er í þeim tilgangi sem spurt er um framkvæmd till. Og það er í þeim tilgangi sem beðið er um frekari umfjöllun í utanrmn. og landhelgisnefnd áður en næsti þáttur Hafréttarráðstefnunnar er haldinn. Ég vænti þess, að hæstv. utanrrh. fallist á að þetta sé mjög eðlileg málsmeðferð, og mælist til þess fyrir hönd utanrmn. að farsæl og góð samvinna takist við hann um þessi mál sem önnur.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna hinnar furðulegu ræðu sem hv. þm. Pétur

Sigurðsson flutti áðan. Hann var að vísu ekki á þingi síðasta kjörtímabil og hefur sjálfsagt verið önnum kafinn við sjómennskustörf og annað sem honum er talið til tekna í Sjálfstfl. Á þessum tíma hafa þm. Alþb. og þm. Sjálfstfl. t. d. átt mjög gott samstarf um þennan málaflokk, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson rakti áðan. Við áttum verulegan hlut að því að knýja fram þá afgreiðslu og það „gentleman"-samkomulag sem hér var gert 1978. (**Gripið fram í:** Hvaða samkomulag var það?) Það var um afgreiðslu á þáltill. Hæstv. fyrrv. utanrrh., Benedikt Gröndal, ætlaði að reyna að drepa málið í þinginu og vakti mjög mikla tortryggni með þeirri tilraunastarfsemi sinni, sem ég vænti að hv. þm. Alþfl., sem voru að kalla fram í, sé kunnugt um. (**Gripið fram í:** Hvað kallaðist þetta samkomulag? Hver tók þátt í því?) Gat hver tekið þátt í því? Vill þm. ekki skýra spurningu sína? Hann skilur hana kannske ekki sjálfur.

En staðreynd málsins er sú, án þess að það sé ástæða til að rekja það, að hér hafa fulltrúar bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, og það hefur verið óháð því hvaða ríkisstj. hefur setið, reynt að taka höndum saman um að setja hagsmuni Íslendinga á oddinn. Þannig unnum við t. d., ég og hv. þm. Matthías Bjarnason, að því á s. l. sumri að ná samkomulagi um stefnu Íslendinga í Jan Mayen-málinu, vegna þess að við vorum ekki ánægðir með þann tillögugrundvöll sem þáv. hæstv. utanrrh., Benedikt Gröndal, lagði fram. Það er ekkert nýtt að þm. Alþb. og Sjálfstfl. hafi í þessum málum sett þjóðarhagsmuni ofar flokkshagsmunum og verið meginaflið í að skapa þá þjóðarsamstöðu og þá þjóðareiningu sem náðst hefur í þessu máli og á vonandi eftir að ríkja áfram.

Ég vona að næst þegar hv. þm. Pétur Sigurðsson fer að fordæma slík vinnubrögð með þeim hætti sem mér fannst hann gera áðan hafi hann kynnt sér vel þá sögu. Það má vel vera að hv. þm. sviði að einn flokksmanna hans, eins og ástandið er nú í þeim flokki, Eyjólfur Konráð Jónsson, skuli fá að njóta slíks sannmælis í þingsölum. Ég hef löngum talið, og þess vegna hafði ég þessi orð áðan, að mikill fjöldi þm. hafi annaðhvort haft skilning á eða vanmetið það frumkvæði sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur haft í þessu máli.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er undarleg árátta hjá hv. síðasta ræðumanni þegar hann telur að enginn megi mynda sér skoðanir um eitt eða neitt í þessu þjóðfélagi nema hann eigi sæti á Alþingi og ég tala nú ekki um helst í kommúnistaflokknum. Við sjálfstæðismenn byggjum upp málefnastefnu okkar þannig, að við leitum út fyrir raðir þm. til að fá fram skoðanir þeirra, sem hagsmuna eiga að gæta, og mótum stefnu okkar m. a. í þessu máli á grundvelli þess sem það an kemur. Og þótt ég hafi ekki átt sæti á síðasta Alþ. vil ég benda hv. þm. á að það fóru ekki svo litlar fréttir af þeim ósköpum sem hér gengu á, m. a. af hans völdum, að það færi fram hjá mér eða öðrum, alla vega ekki læsu fólki eða þeim sem höfðu fulla heyrn því það kom líka í hljóðvarpi.

Ef hv. þm. dregur í efa að við gerum þetta langar mig til að spyrja hann á móti: Hvern fjandann var hann að þvælast á fundi hjá farandverkamönnum fyrir ekki alls löngu? Var hann ekki að leita að skoðunum þess fólks? Var hann ekki að kynna sér hvað það hefði fram að færa í vandamálum sínum og hagsmunamálum? Mér er ekki kunnugt um, eins og ég hef áður orðað það á hv. Alþ., að hv. þm. væri farandverkamaður. Hins vegar hef ég haft orð á því, að hann væri mesti farandriddari sem íslensk stjórnmál hefðu haft sögur af fyrr og síðar.

Ég skal hins vegar ekki taka undir það, og ég vil leiðrétta það hjá hv. þm., að við sjálfstæðismenn eða ég séum að gagnrýna Eyjólf Konráð. Við höfum einmitt verið hrifnir af þeirri forgöngu, sem hann hefur haft um stefnumótun okkar sjálfstæðismanna í þessum málum, og þá ekki síður þeirri miklu vinnu sem hv. þm. Matthías Bjarnason hefur lagt fram. Þessir menn hafa aldrei tekið neinar ákvarðanir á eindæmi sitt, heldur haft fullt samráð við flokksbræður sína — og systur að sjálfsögðu — og hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Við erum hreyknir af því. Það er m. a. vegna þess, sem ég tek undir gagnrýni hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar þegar hann gagnrýnir þá stjórn sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson studdi og gat sjaldan fundið að þessum málum opinberlega — gat ekki fundið að þeim fyrr en Benedikt Gröndal varð forsrh. og utanrrh. Alla vega sá hv. þm. ekki ástæðu til að segja af sér eða sprengja stjórnina eins og kratarnir gerðu þó út af öðru máli síðar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt í íslenskri pólitík þó að menn deili hart innbyrðis og beri hver annan ýmsum sökum, bæði sönnum og lognum, um afstöðuna í innanlandsmálum. Hitt held ég að hafi aldrei gerst fyrr en á s. l. ári, að þm. á Alþingi hafi brigslað samþm. sínum um landráð vegna afstöðu þeirra til deilumáls sem Íslendingar áttu í við aðrar þjóðir. Það hefur hingað til verið styrkur okkar Íslendinga og kannske Alþingis fyrst og fremst, að við höfum átt innan dyra á Alþingi menn sem kunnað hafa að gæta sóma síns, jafnvel þó svo að þeir hafi oft verið ósammála. Maður, sem heldur því fram um andstæðing sinn í stjórnmálum að hann sé að selja landsréttindi Íslands fyrir erlent gull, á hingað ekki neitt erindi, alveg sama hvað honum sjálfum kann að finnast. Ísland verður aldrei sterkt í glímu við andstæðinga um hagsmunamál þjóðarinnar ef þm. ætla að fara að taka upp á þeim sið að berjast með slíkum vopnum. Ég vil frábiðja mér að þurfa að taka þátt í slíkum umræðum. Ég trúi því um samhaldsmenn mína sem andstæðinga í stjórnmálum, að fyrir þeim vaki að gera Íslandi sem mest gagn sem þeir geta, það hafi þeir allir, jafnt andstæðingar mínir sem flokksbræður, að leiðarljósi í samskiptum sínum við erlenda aðila um deilumál sem upp kunna að koma milli okkar og þeirra. Ég vorkenni þeim alþm. sem telja sér til sóma að setja landráðastimpil á andstæðinga sína og halda því fram innan veggja Alþingis og utan að hluti af þeim 60 mönnum, sem kjörnir voru hingað á Alþingi til að gæta hagsmuna þjóðarinnar, sé að selja þá hagsmuni fyrir erlent gull.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég vona að mér fyrirgefist að gera hér örstutta aths.

Ég harma að hæstv. utanrrh. skyldi halda því fram, að ég hefði í ræðu minni verið með stóryrði, eins og hann orðaði það, í garð fyrrv. utanrrh. Það leiðrétti ég úr sæti mínu, ég hafi aldrei nefnt hann, heldur hafi ég talað um ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. En ég geri honum tilboð: Þegar ræða mín kemur úr vélritun mun ég afhenda honum hana í ljósriti og óska þess, að hann greini mér frá í hverju þessi stóryrði eða ósanngirni hafi verið fólgin.

Ég gat ekki tekið það öðruvísi en svo, að það væru líka

dylgjur í minn garð um að ég hefði látið þröng flokkssjónarmið ráða gerðum mínum. Því mótmæli ég alfarið. Það segir hæstv. utanrrh. þvert um hug sinn. Hann veit betur.

Ég ætla ekki að láta hjá líða, úr því að atburðirnir haustið 1978 koma hér til umræðu, að geta þess, að hæstv. forsrh. hjálpaði þá mjög til að koma á samkomulagi. Hann sýndi fullan drengskap í því og stuðlaði að því að tillögurnar fengjust afgreiddar á hinum örlagaríka degi. Ég er honum ævinlega þakklátur fyrir það. Ég hafði ekki hugsað mér að gera neina persónulega árás á hann. Ef ég hef eitthvað hallað á hann persónulega er það mesti misskilningur. Hitt stendur því miður eftir og verður aldrei umflúið, að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar gerði bókstaflega ekkert í málunum fyrr en í Jan Mayen- málinu, eins og ég sagði í frumræðu minni, að níu mánaða meðgöngutíma liðnum. Þegar Norðmenn komu hingað til samningaviðræðna, þá fyrst var það sem kviknaði aðeins á mönnum. Allt, sem ég sagði í frumræðu minni, skal ég standa við og óska að hæstv. utanrrh. tilgreini eina setningu sem verði talin til stóryrða eða ósanngirni.

Nú á þetta mál auðvitað að vera langt hafið yfir þröng flokkssjónarmið, eins og ráðh. sagði.

Vissulega er það rétt, að Hans G. Andersen nýtur gífurlega mikils trausts á hafréttarráðstefnum og hefur unnið okkur ómetanlegt gagn. En það er ekki það, hvað við getum gert á hafréttarráðstefnum og þá fyrst og fremst hann. Ég var að tala um að heima fyrir hefði ekkert verið gert. Það vantar óteljandi upplýsingar. Það vantar að teknar séu upp beinar formlegar samræður við Færeyinga, Íra og Breta til að kanna málin, og kannske vantar númer eitt, tvö, þrjú og fjögur að mótmælt sé þeim tilraunum sem Bretar eru að gera, ekki til að slá eignarhaldi eingöngu á Rokkinn, heldur á allt hafsvæðið umhverfis með því að færa sig upp á skaftið jafnt og þétt án þess að íslensk stjórnvöld hreyfi legg eða lið. Þetta ætti a. m. k. að vera kunnugt um. Og ég vitna t. d. sérstaklega til greinar eftir Brown, prófessor við Walesháskóla í alþjóðarétti. Þetta er stór og mikil tímaritsgrein þar sem hann færir að því gild rök, bæði lögfræðileg og eins jarðfræðileg, að það sé mjög hæpinn réttur Breta og Íra á Rockall-svæðinu, og telur jafnvel að Færeyingar eigi þar meiri réttindi. Hann víkur að þessum þremur aðilum vegna þess að þar hafi mótmæli gengið á víxl og kröfugerðir, hann talar um ekkert annað en það sem fram hefur komið í dagljósið. Íslendingar hafa ekki enn til þessa dags gert formlega neitt tilkall til þessa svæðis. Og við vitum öll að sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær. Sá, sem er að teygja sig lengra áleiðis vinnur réttinn. Og það er m. a. s. þjóðarregla að hann vinnur rétt „de facto". Þó að hann hafi ekki nein lög með sér eignast hann þessi réttindi. Og þannig hefði farið með Jan Mayen-svæðið, það er ekki nokkur minnsti vafi á því, ef Alþ. hefði ekki tekið það mál upp. Það er ekki nokkur minnsti vafi á að Norðmenn væru þá búnir að taka það allt saman og við hefðum ekkert getað gert. Og eins fer þarna suður frá ef ekkert er að gert. Við skulum þess vegna ekki vera að deila, heldur sameinast um að halda nú til haga réttindum okkar og hvika hvergi.

Samstarf við Færeyinga við ákvörðun ytri marka landgrunnsins, fsp. (þskj. 68). — Ein umr.

Sjá umr. um næsta mál á undan.

Sameinað þing, 26. fundur.

Þriðjudaginn 19. febr., að loknum 25. fundi.

Framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar, þáltill. (þskj. 157). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ávöxtun skyldusparnaðar, þáltill. (þskj. 166). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 41. fundur.

Miðvikudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 174 (sbr. 168), n. 177, 179). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin fjallaði um þetta frv. í samvinnu við fjh. - og viðskn. Nd. Það hafa fá frv. fengið eins ítarlega meðferð hér í þinginu, ef undirbúningur að gildandi lögum er hafður í huga, enda munu fjórir fjmrh. úr jafnmörgum flokkum hafa lagt hönd á plóginn við að koma frv. og lögum í höfn. Sjálfsagt má margt um þessi lög og frv. um breytingar á þeim segja, en það er sameiginleg niðurstaða okkar nefndar í framhaldi af samvinnu við fjh.- og viðskn. Nd., að það sé tími til kominn að setja punkt aftan við þá vinnu að sinni. Nefndin hefur því á þskj. 177 orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþ. eins og það var afgreitt frá Nd. Það er gert í fullvissu þess, að sú yfirlýsing, sem hæstv. fjmrh. gaf við umr. í Nd. um endurskoðun á lögunum og endurskoðun á álagningu hvað einstaka þætti snertir, verði framkvæmd um leið og fyrir liggur hvernig þessi lög reynast í framkvæmd gagnvart einstökum aðilum, bæði einstaklingum og rekstraraðilum í þessu landi.

Einn hv. þm. hefur látið svo um mælt, að hér sé um að ræða stökk út í myrkrið. Það kann vel að vera. Það eru hins vegar allir sammála um að grunnforsendur þess stökks séu nauðsynlegar og réttar. Við væntum þess, að sú endurskoðun, sem verður framkvæmd, stuðli að því að varpa ljósi á það svo að þjóðin og þingheimur sitji ekki í myrkri hvað þetta mál snertir seinni hluta ársins.

Nefndin stendur sem sagt heils hugar að því að mæla með að frv. verði samþ. í þeim búningi sem það var afgreitt frá Nd. En þar að auki hefur meiri hl. n. skemmt sér við að flytja brtt. á þskj. 179, og er þar á ferðinni tilraun stjórnarandstöðunnar til að ákveða fyrir hæstv. ríkisstj. skattstiga. (Gripið fram í.) Vissulega ber að þakka áhuga hv. þm., sem að þessum till. standa, á að veita hæstv. ríkisstj. liðsinni. En við stuðningsmenn stjórnarinnar í n. teljum réttara, í samræmi við þá venju

sem hér hefur ríkt, að hæstv. ríkisstj. leggi fyrir Alþ. frv. um skattstiga og sú vinna sé tengd afgreiðslu fjárlaga þannig að ríkisbúskapurinn verði farsæll og árangursríkur þáttur í baráttunni gegn verðbólgunni og jöfnun lífskjara í þessu landi. Við teljum að flausturslega samdar brtt., sem vonsviknir þm. Alþfl. og nokkrir gamansamir þm. Sjálfstfl. standa að, stuðli ekki að því að þeim árangri verði náð. Þess vegna leggjum við í minni hl. n. eindregið til að d. flýti sér að fella þær brtt. sem fram eru komnar á þskj. 179 þannig að hæstv. d. geti afgreitt frv. í þeim búningi sem það var samþ. í frá Nd.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er einmitt vegna þess að meiri hl. n. vill ekki að þjóðin sitji úti í myrkrinu sem við flytjum þær brtt. sem birtast á þskj. 179.

Eins og kunnugt er hefur ríkt mikil óvissa í þjóðfélaginu, og nú horfir til þess að almennum launþegum í landinu verði gert að telja fram án þess að skattstigi liggi fyrir. Við viljum ekki að almennir launþegar þurfi að búa við slíka óvissu, þurfi að búa við það myrkur. Við erum þess vegna sammála um að þeirri óvissu beri að eyða með því að setja nú skattstiga og önnur ákvæði sem nauðsynleg eru til þess að hinir almennu framteljendur, fólkið í landinu, geti gert sér grein fyrir hvernig það verður skattlagt. Auðvitað er það Alþingis að taka ákvörðun um það efni. Þess vegna er það lagt fyrir Alþ. og þessa d. af þm. í deildinni. Þeir, sem eru aðilar að ríkisstj., eru jafnframt alþm. og verða að taka afstöðu sem alþm.

Þessar till. eru síst af öllu flausturslega samdar. Þær hafa farið í gegnum mikla og ítarlega prófun. Það er þess vegna rangt þegar því er haldið fram að þær séu ekki ítarlega undirbúnar.

Eins og fram kemur í nál. hefur n. fjallað um þessi mál á allmörgum fundum, sem voru sameiginlegir með fjh.- og viðskn. Nd. Á þeim fundum var einkum, og þá sérstaklega framan af, fjallað um þau atriði sem birtast í frv. eins og það hefur verið afgreitt frá Nd. Þessi atriði fjalla fyrst og fremst um skattlagningu atvinnurekstrar, en einungis lítillega um það sem varðar hinn almenna launamann. Við endanlega umfjöllun fjh.- og viðskn. þessarar d. kom fram, að allir nm. gátu sætt sig við þær breytingar sem þegar höfðu verið gerðar í meðferð Nd. á málinu og lutu einkanlega að skattlagningu atvinnurekstrar í landinu. Hins vegar vildi meiri hl. n. ekki láta staðar numið við þær breytingar einar saman, heldur einnig ganga frá skattstiga einstaklinga fyrir tekjuskatt og því sem honum tilheyrir, svo sem persónuafslætti og barnabótum. Minni hl. n. taldi sig hins vegar ekki í stakk búinn til þeirra verka. Fyrir því liggja hér fyrir sérstakar brtt. frá meiri hl. um þessi atriði til viðbótar þeim brtt. sem birtast á þskj. 168 og 174 og sýna búning málsins eins og frá var gengið af hálfu hv. Nd.

Rök meiri hl. fyrir tillöguflutningi sínum eru ákaflega einföld. Einstaklingar eiga á næstu vikum að ganga frá framtölum sínum. Það er mikilvægt fyrir þá að geta gengið úr skugga um hvernig þeir verða skattlagðir. Eytt hefur verið miklum tíma í að ganga frá atriðum sem varða atvinnurekstrinn, en fólkið í landinu, hinn almenni framteljandi, velkist enn í óvissu um skattlagningu sína. Svo verður áfram nema gengið sé frá skattstigum og þess háttar sem þá varðar. Nú er m. a. s. haft á orði, reyndar yfirlýst, að senda þingið heim í tvær vikur. Ef skattstigi og þess háttar er ekki afgreitt við þær kringumstæður velkist almenningur enn um nokkurra vikna skeið—og þá fram yfir endimörk framtalsfrests—í vafa um skattlagningu sína. Slíka óvissu teljum við óviðunandi. Alþ. hefur ekki síður skyldu við fólkið í landinu, hinn almenna framteljanda, en við atvinnurekstrinn. Við þessar aðstæður á almenningur, fólkið í landinu, kröfu á því, að óvissu sé eytt og að það fái að vita hvar það stendur.

Í annan stað er það skoðun meiri hl. n., að rétt sé að ganga þannig frá skattstigum og því sem þeim tilheyrir að skattbyrði aukist ekki milli áranna, heldur léttist frekar nokkuð. Þetta er fyrst og fremst stutt tvennum rökum:

1) Nauðsyn ber til að jafna kjör í landinu. Það verður m. a. gert með því að létta skattbyrði af hinum tekjulægri og að hluta af þeim sem hafa meðaltekjur.

2) Tekjuskattskerfið er meingallað og því ástæða til að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Það skref, sem hér er stigið, má líta á sem áfanga á þeirri braut.

Ég ætla að leyfa mér að víkja aðeins nánar að nokkrum efnisatriðum.

Þegar frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt var lagt fyrir Alþ. á árinu 1978 fylgdi því frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sem alkunna er náði tekjuskattsfrv. fram að ganga og varð að lögum, en staðgreiðslufrv. dagaði uppi. Skattstigar og aðrir þættir álagningarkerfisins voru engu að síður samþ. óbreyttir frá frv., en þeir voru sniðnir að staðgreiðslu. Af þessum orsökum og vegna verðbólguþróunar að undanförnu er auðvitað óhjákvæmilegt að endurskoða álagningarkerfið.

Með þeim brtt., sem hér eru lagðar fram, er lagt til að tekjuskattur af almennum launatekjum meðalfjölskyldu verði felldur niður að hluta. Má líta á þann hluta, sem hér er um að ræða, sem þann fyrri af tveimur áföngum. Hér er gert ráð fyrir að þetta verði gert með ákvörðun skattstiga þannig að árið 1980 verði tekjuskattur lækkaður um rúmlega 7 milljarða kr. frá áætlun í fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar og þeirri lækkun þannig hagað að hún komi þeim mest til góða sem lágar tekjur hafa svo og einstökum hópum, svo sem einstæðum foreldrum sem eiga erfiðum aðstæðum að mæta. Síðara skrefið mætti svo stíga á næsta ári með einfaldri breytingu á neðsta skattþrepinu eins og það lítur þá út.

Með frv. til fjárlaga, sem fjmrh. lagði fram í des. s. l., var gert ráð fyrir að innheimtur tekjuskattur á árinu 1980 lækkaði um 7,2 milljarða kr. frá áætlun fyrra fjárlagafrv. fyrir árið 1980. Því var jafnframt lýst yfir, að ætlunin væri að beita þeirri lækkun fyrst og fremst til að lækka skatta þeirra einstaklinga sem lægstar hafa tekjur. Þeim till., sem við tölum hér fyrir, er einmitt ætlað að ná þessu marki, en jafnframt, eins og áður greindi, geti þær verið áfangi á þeirri leið að fella niður tekjuskatt ríkissjóðs á almennar launatekjur. Þessi aðferð, bæði sá áfangi, sem hér er tekinn fyrir, og hinn hugsanlegi síðari áfangi, tekur einungis til upphæða og hlutfalla í álagningarkerfi laga nr. 40/1978, en breytir að litlu leyti grundvallaratriðum kerfisins.

Samkv. till. er gert ráð fyrir að skattstigi tekjuskatts einstaklinga verði þannig: Af fyrstu 2½ millj. tekjuskattstofni reiknast 15%, af næstu 3½ millj. 30%, en 50% af því sem er umfram 6 millj. kr. Skattafsláttur frá reiknuðum skatti verði 400 þús. kr. Sami skattstigi og skattafsláttur gildi fyrir einhleyping og fyrir hvort hjóna. Munur milli hæsta og lægsta skatthlutfalls er því meiri en

lög nr. 40/1978 gefa tilefni til, raunar einnig meiri en var við álagningu tekjuskatts á árinu 1979, en þetta er gert í því skyni að nýta það svigrúm, sem hér er til skattalækkunar, fyrst og fremst til hagsbóta þeim tekjulægstu og um leið til eins mikillar hækkunar skattfrelsismarka tekjuskatts og talið er kleift.

Samkv. þessum till. eru barnabætur 140 þús. kr. með fyrsta barni, en 215 þús. kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum yngri en 7 ára skulu vera 55 þúr. kr. hærri. Einstæð foreldri skal ætíð njóta hæstu barnabóta eða 270 þús. kr. með hverju barni. Barnabætur þessar eru 10% hærri en beinn framreikningur á tölum laga nr. 40/1978 gefur tilefni til. Er hér gerð breyting á barnabótum einstæðra foreldra frá ákvæðum þeirra laga, en þar var mælt fyrir um að barnabætur með börnum einstæðra foreldra skyldu vera 40% hærri en barnabætur með öðrum börnum. Það er ljóst að ákvæði laga nr. 40/1978 mundu valda mikilli röskun á skattbyrði einstæðra foreldra innbyrðis þótt skattbyrði hópsins í heild breytist ekki mjög mikið og þá heldur til lækkunar. Það fyrirkomulag, sem hér er lagt til, dregur úr slíkri röskun.

Lækkun tekjuskatts með framangreindum hætti á árinu 1981 mundi á verðgildi ársins 1980 kosta ríkissjóð nær 10 milljarða kr. í álögðum skatti til viðbótar því tekjutapi sem leiddi af samþykkt þessa frv. Þannig mundu báðir áfangarnir samanlagt kosta ríkissjóð um 18 milljarða kr. í álögðum tekjuskatti ef sú braut yrði farin. Talnalegur samanburður á því álagningarkerfi, sem hér er gerð tillaga um, við þau skattalög, sem síðast var beitt við álagningu, er auðvitað að ýmsu leyti torveldur, enda er álagningargrunnur hinna nýju laga mjög frábrugðinn þeim sem áður giltu. Engu að síður hefur verið framkvæmdur allítarlegur samanburður af þessu tagi. Sá samanburður leiddi m. a. eftirfarandi atriði í ljós:

1) Meðalskattgreiðslur einstaklinga til ríkissjóðs mundu lækka um 16%. Hjá hjónum er meðaltalslækkunin um 10%, en hjá einhleypingum um 29%.

2) Skattalækkunin verður tiltölulega meiri hjá barnmörgum fjölskyldum en hjá barnfáum, t. d. um 25% hjá hjónum með þrjú börn o. fl., en aðeins 6% hjá barnlausum. Sé hjónum skipt í flokka eftir tekjuöflun eiginkonu er skattalækkunin vel yfir meðallag hjá þeim hjónum þar sem eiginkonan aflar engra tekna eða tekna allt að 1. millj. kr. Skattalækkun þeirra hjóna, þar sem eiginkonan aflar milli 1 og 2 millj. kr. í tekjur, er nálægt meðallagslækkun, en lækkunin er lítil sem engin í þeim hjónahópi þar sem eiginkonan aflar meira en 2 millj. kr. tekna. Innan síðast talda hópsins eru þó verulega misjafnar aðstæður.

Það verður umtalsverð lækkun á skattbyrði meiri hluta hópsins, enda þótt veruleg hækkun á tiltölulega litlum hluta hans valdi því að hópurinn í heild standi í stað.

3) Skattalækkunin er veruleg hjá gjaldendum með meðaltekjur, en þeir tekjuhæstu lækka ekki og skattar hinna allra tekjuhæstu fjölskyldna hækka í sumum tilvikum lítils háttar. En í heild lækka skattar merkjanlega hjá um 60% framteljenda.

4) Skattfrelsismörk hækka hjá öllum fjölskylduhópum. Sé miðað við að almennur frádráttur sé 10% af tekjum verða skattfrelsismörk einhleypinga í tekjuskatti um 2,8 millj. kr., en sé miðað við að frádráttur sé 15%fara mörkin yfir 3 millj. Hækkun skattfrelsismarka nemur 370 þús. kr. miðað við 10% frádrátt, en 390 þús. kr. sé miðað við 15% frádrátt. Vegna takmarkaðrar sérsköttunar hjóna er samsvarandi samanburður erfiður að því er þau varðar, en hafi t. d. eiginmaður aflað allra teknanna hækkar þessi skattfrelsismörk fyrir barnlaus hjón um 630 þús. kr., enda sé þá miðað við 15% frádrátt af tekjum. Þessi hjón verða þá skattlaus ef tekjur þeirra eru undir 4,6 millj. kr. Skattfrelsismörk hjóna með tvö börn, þar sem eiginmaðurinn aflar allra teknanna og ef reiknað er með 15% frádrætti, hækka um 520 þús. kr. eða í 6,1 millj. kr. Skattfrelsismörk hjóna sem eins er ástatt um, nema hvað hjónin skipta tekjuöfluninni jafnt á milli sín, verða 7,6 millj. kr. og hækka þá um 140 þús. kr.

Þetta er hinn efnislegi samanburður á skattlagningu eins og skattalög gerðu síðast ráð fyrir að beitt væri við álagningu annars vegar og hins vegar samkv. þeim brtt. sem hér er lagt til að verði samþykktar.

Við flm. þessarar brtt. teljum að hér sé stigið ákveðið skref í réttlætisátt til að jafna kjörin í landinu. Við teljum að hér hafi átt sér stað vandlegur undirbúningur sem geri að verkum að allur samanburður sé vel grundaður. En síðast en ekki síst teljum við að með því að samþ. þessar brtt. sé verið að eyða óvissu hjá hinum almenna launþega í landinu, þannig að hann viti hvar hann stendur þegar hann telur fram. — Og einmitt það að eyða þessari óvissu er mikilvægt. Alþ. hefur auðvitað alveg sérstakar skyldur við fólkið í landinu — ekki bara við atvinnureksturinn einan — að eyða þeirri óvissu, sem hér hefur verið fyrir hendi, og sjá til þess, að allur almenningur þurfi ekki að stökkva út í myrkrið, heldur viti hvar hann stendur.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt þeim hv. þm. Eyjólfi Konráð, Þorvaldi Garðari og Kjartani Jóhannssyni brtt. á þskj. 179 og vil leyfa mér að gera nokkra grein fyrir þeim brtt.

Eins og hv. þdm. er kunnugt var frv. um staðgreiðslukerfi skatta lagt fram á þinginu 1978 þegar tekjuskattslögin voru afgreidd sem nú eru í gildi. En þetta staðgreiðslufrv. dagaði uppi og því eru skattstigar í gildandi lögum nánast út í bláin þar sem þeir eru miðaðir við staðgreiðslukerfið. Hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir að hún muni flytja frv. um skattstiga síðar á þessu þingi. Eins og fram hefur komið er ráð fyrir því gert að verði nokkurt hlé á þingstörfum, og þá getur svo farið að slíkt frv. verði ekki afgreitt fyrr en e. t. v. seint í vor. Afleiðing þess yrði sú, að allur almenningur yrði í algerri óvissu um hvaða skatta hann eigi að greiða til ríkisins þegar menn ganga frá framtali á næstu vikum. Til að koma í veg fyrir þetta m.a. höfum við flm. þessara brtt. lagt þær fram. Það er að mínu mati allsendis ófært að allur almenningur viti ekki fyrr en komið er fram á mitt ár hversu mikla skattbyrði hann eigi að bera, hversu miklar skattgreiðslur honum ber að inna af hendi til ríkissjóðs.

Þessar till. eru hliðstæðar fjórum greinum, í frv. sem hæstv. fyrrv. fjmrh., Sighvatur Björgvinsson, flutti á þessu þingi. Þær fela í sér breytingar á skattstigum einstaklinga og persónuafslætti og barnabótum. Samkv. þeim minnkar skattbyrði almennings um 6—7 milljarða kr. frá þeim forsendum sem gengið er út frá í fjárlagafrv. hæstv. fyrrv. fjmrh. Tómasar Árnasonar.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson gerði grein fyrir áhrifum þessara till. að öðru leyti, og ég skal ekki fara langt út í þá sálma, en meðaltalsskattgreiðslur einstaklinga mundu lækka með þessum till. um 16% og skattfrelsismörk hækka verulega þannig að skattfrelsismörk mundu

hækka upp í 3 millj. hjá einhleypingi og 6 millj. hjá hjónum með tvö börn ef þessar till. ná fram að ganga.

Þessar till. eru þó að minni hyggju ekkert endanlegt markmið. Þvert á móti eru þær áfangi á þeirri leið að létta sköttum af almennum launatekjum, en það hefur verið grundvallarstefna Sjálfstfl. í áratugi. Hér er því um skref að ræða í þá átt að hverfa frá þeirri háskattastefnu og ofskattastefnu sem vinstri stjórnin á árunum 1978—1979 framkvæmdi. Í því sambandi má geta þess að einvörðungu hækkun söluskatts og vörugjalds, sem vinstri stjórnin kom á, mun leggja 16 milljarða kr. viðbótarskattálögur á þjóðina árið 1980, auk þess sem nýir skattar þeirrar stjórnar á gjaldeyri t. d., verslunar- og skrifstofuhúsnæði og nýbyggingagjald bæta við þá tölu tæpum 4 milljörðum kr. Þessar till. eru því, eins og ég sagði áðan, einungis tilraun í þá átt að létta af þjóðinni hluta af hinum gífurlega auknu álögum vinstri stjórnarinnar. Þessar till. um nokkra tilslökun í tekjusköttun til ríkissjóðs eru enn þá brýnni vegna þess, að nú eru uppi áform um að heimila 10% hækkun útsvara frá því hámarki sem nú er í gildi. Þetta gæti haft í för með sér gífurlega aukna skattbyrði ef ríkissjóður slakar ekki á á móti. Að sjálfsögðu kæmi til greina að sveitarfélög tækju verkefni að sér á móti hækkunum á tekjusköttum til þeirra, og í sjálfu sér er ekki nema gott um það að segja. En ef ákvörðun er tekin einhliða um að heimila sveitarfélögum 10% álag á útsvör miðað við það hámark sem nú er augljóst að það hefur haft veruleg áhrif á heildarskattbyrðina í landinu þar sem þarna er um 1% að ræða af bruttótekjum alls almennings.

Í þessu sambandi spyrja menn kannske hvort sé ætlun flm. að þessar skattalækkanir eigi að hafa í för með sér hallarekstur á ríkissjóði. Því er til að svara, að að sjálfsögðu þarf að koma til á móti lækkun ríkisútgjalda og það þarf að gæta þar aðhalds og sparnaðar. Ég lýsi mig reiðubúinn til að vinna með öðrum þm. að því að finna leiðir til þess. En hér er um svo augljóst sanngirnismál að ræða, ekki síst ef um yrði að ræða að heimila sveitarfélögunum hækkun á tekjuskatti sínum, útsvarinu, að ég held að framhjá því verði ekki gengið að þörf er á að þessar till. gangi fram.

Ég vil leggja að lokum áherslu á það meginatriði, að löggjafinn komi hreint til dyra og skattþegnar geti vitað nú þegar, þegar þeir telja fram, hvaða tekjuskatt þeir eigi að bera á árinu. Ég legg á það áherslu líka, að brýn nauðsyn er að slaka á tekjuskattsálagningu til ríkisins ef heimila á sveitarfélögunum 10% hækkun útsvara. Í síðasta lagi vil ég undirstrika að hér er um áfanga að ræða á þeirri leið, sem felst í grundvallarstefnumarki Sjálfstfl., að afnema tekjuskatt til ríkisins af almennum launatekjum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar fyrir hraða afgreiðslu á þessu máli, enda komu nm. ekki ókunnugir að því, höfðu fylgst með vinnu nefndar í Nd. í seinustu viku.

Það hefur verið ráðgerð samstaða um að afgreiða nú alla þá þætti þessa máls sem ekki er ágreiningur um milli flokkanna, og á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. d. var gengið út frá því, að það yrði gert á þessum degum, afgreitt það sem fullt samkomulag væri um. Hins vegar varð ljóst að ekki væri heppilegt að afgreiða skattstiga, persónuafslátt og önnur mál, sem lúta að sjálfri skattheimtunni, upphæð hennar og heildartekjum ríkissjóðs, á 2—3 degum. Ég hélt að það væri einmitt niðurstaðan með sérstöku tilliti til stjórnarandstöðunnar og af sérstakri tillitssemi við stjórnarandstöðuna, að ekki væri ástæða til að afgreiða skattstigamálin núna í tengslum við önnur atriði frv. sem full samstaða er um.

Auðvitað segir það sig sjálft, að fjh.- og viðskn. vilja nú eins og alltaf áður athuga skattstigamálið og yfirheyra sérfræðinga um hvernig hinar mismunandi tegundir skattstiga koma út. Ég hef sjálfur hvað eftir annað verið viðstaddur slíka meðferð í fjh.- og viðskn., og þar hafa komið hinir færustu sérfræðingar með skuggamyndavél og brugðið upp ýmsum línuritum og talnarunum sem hafa sýnt þm. hvernig mismunandi tilbrigði skattstiga kæmu út í reynd. Ég hef alltaf gengið út frá því sem gefnu, að nm. í fjh.- og viðskn. Ed. jafnt sem Nd. hefðu þá sjálfsvirðingu gagnvart starfi sínu og gagnvart sjálfum sér, að þeir samþykktu ekki eitthvað út í bláinn án þess að það hefði verið ítarlega rætt í n. og fjallað um það með sérfræðingum þannig að menn vissu raunverulega hvað þeir væru að samþykkja. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er, að mér kemur harla mikið á óvart að seinasta daginn sem þetta frv. er til meðferðar í þinginu, allir gera ráð fyrir að það verði afgreitt í dag eða í allra seinasta lagi á morgun, þá skuli nokkrir nm. í fjh.- og viðskn. Ed. koma með flóknar og ítarlegar till. um einmitt skattstigamálið sem ekki var annað vitað en fullt samkomulag væri um að láta bíða þar til betra ráðrúm gæfist til að ræða það í nefndum.

Ég vildi ósköp vinsamlega mega bera upp þá spurningu, hvort þessar till. eru bornar fram með það í hyggju að atkvgr. fari fram um þær. Ég tel ekkert óeðlilegt að sýna till., það eru ágæt vinnubrögð að menn fái að sjá svona till. með góðum fyrirvara, og ég hef ekkert við það að athuga að hv. þm. úr Alþfl. og Sjálfstfl. komi með þessar till. nú þegar frv. er á dagskrá þannig að mönnum gefist betra tóm til að skoða þær áður en skattstigar verða teknir til afgreiðslu í þinginu. En ég tel alveg útilokað að hv. þm. meini það í fullri alvöru, að till. þeirra verði afgreiddar nú.

Það er augljóst, að þegar þm. greiða atkv. um till. og væntanlega fella þær, ef þær ganga til atkv., þá segir það út af fyrir sig ekkert um afstöðu manna til till. Þeir hafa ekki fengið nokkurt tækifæri til að ræða þær í n. eða kynna sér þær nánar og kynna sér aðra möguleika, sjá hvað aðrir hafa fram að færa. Það er þá ekki um neitt annað að ræða en að fella till. á þessu stigi málsins og taka svo málið allt til athugunar þegar menn eru almennt tilbúnir til að ræða um þá hlið málsins. Ef svo ólíklega vildi nú til, að það hafi hvarflað að hv. þm. Sjálfstfl. og Alþfl., sem bera fram þessar till., að láta þær ganga undir atkv., þá vildi ég mega bera fram þá bón til þeirra, að þeir hugleiddu hvort þeir gætu ekki fallist á að till. yrðu dregnar til baka og skoðaðar í tengslum við skattstigamálið í heild þegar það kemur til afgreiðslu í þinginu innan nokkurra vikna.

Ég er alveg sammála því sem fram kom í ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar áðan, að vissulega væri miklu æskilegra að geta afgreitt skattstigamálið nú. Það hefði verið miklu æskilegra. Ég var fyrst í stað á þeirri skoðun, að það væri best að drífa það af. En það var ljóst, að skattstigamálið væri það viðamikið og flókið og að kröfur yrðu gerðar um svo nákvæma og vandaða úttekt á þeirri hlið málsins í nefndum að varla mundi gefast tími til að afgreiða skattamálið almennt áður en þinghlé yrði gefið.

Ég hvarf því alveg frá þeim hugmyndum, og það hefur ekki hvarflað að mér fyrr en í dag að slíkt gæti verið á dagskrá. Ef stjórnarandstaðan hefði verið með ósk um að afgreiða skattstigamálið samhliða hinum atriðum frv. og borið þá ósk fram fyrir einni viku er ég ekkert frá því að orðið hefði fullt samkomulag um að afgreiða þá þann þátt málsins líka. Ekki hefði staðið á okkur í ríkisstj.-flokkunum að bera fram till. okkar og útkljá þessa hlið málsins. Við hefðum þá haft alla seinustu viku og nokkra daga í þessari viku til að líta á málið, og það hefði sjálfsagt mátt gera þó að það hefði verið gert í nokkri tímanauð. En þetta varð ekki, allt annað varð uppi á teningnum. Þess vegna hef ég látið skattstigahlið málsins bíða. Við höfum ekki tekið það mál neitt fyrir í flokkunum og það mun vera algerlega órætt. Við erum því ekki tilbúnir að leggja okkar till. fram nú.

Þetta vildi ég að kæmi hér skýrt fram, vegna þess að mér finnst það út af fyrir sig ekkert óeðlileg vinnubrögð að bera fram till. og sýna þær, en hitt væru í hæsta máta undirfurðuleg vinnubrögð á Alþ., ef þær ættu að ganga undir atkv.

Svo vil ég að lokum ítreka þakkir mínar til hv. fjh.- og viðskn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil lýsa undrun minni yfir þessari furðulegu ræðu hæstv. ráðh. Hann ásakar okkur þm. nánast fyrir það, að við höfum ekki sjálfsvirðingu og séum að vinna hér út í bláinn, ef ég man eitthvað af þeim orðum sem hann hafði hér um vinnubrögð okkar. Hæstv. ráðh. sagði sjálfur í sjónvarpi fyrir alþjóð í gær, að hann vissi ekkert hvernig þau skattalög, sem hann er að beita sér fyrir að verði sett á Alþ., komi út. Og svo kemur hann hingað og ásakar okkur fyrir það að við vitum ekkert hvað við erum að gera.

Ég vil benda hæstv. ráðh. á að það, sem hann er að tala um að þurfi skuggamyndavél til þess að skoða, er á þskj. 152 og er búið að liggja hér frammi á hinu háa Alþingi í nokkrar vikur. (**Fjmrh.:** Væri nú ekki rétt að skoða aðra möguleika?) Það er sjálfsagt að skoða aðra möguleika, hæstv. ráðh., en ég held að hv. þm. hafi allar upplýsingar um hvernig þessir skattstigar, sem við gerum hér till. um, komi út og það verði ekkert betrumbætt með neinum skuggamyndavélum. Það, sem vakir fyrir okkur tillöguflm., er einfaldlega sú tillitssemi við almenning í landinu að hann fái að vita það fyrr en einhvern tíma síðla í vor, hvaða skattaálögur hann á að bera á þessu ári. Ég veit að það er mismunandi tillitssemi sem hv. þm. hafa sýnt skattgreiðendum í þessu landi á undanförnum árum. Sumir hafa látið sig hafa það að leggja á afturvirka skatta eftir að búið var að leggja skatta á. Það eru vinnubrögð sem við sjálfstæðismenn viljum ekki að séu uppi höfð. Við höfum a. m. k. ekki viljað það fram að þessu. Það kunna að vera einhverjir sem hafa skipt um skoðun núna. Þess vegna held ég að þetta frv. eða þessar brtt. séu alveg ljósar.

Í máli eins af flm. komu fram glöggar upplýsingar um til hvers þessir skattstigar og þessar brtt. mundu leiða í skattlagningu. Það er auk heldur á þskj. 152 að finna fjölmargar upplýsingar um þetta mál. Ég sagði í ræðu minni áðan, að þessar brtt. séu hliðstæðar nokkrum greinum í því frv. sem liggur frammi hér á hinu háa Alþingi á þskj. 152. Þar er sem sagt að finna þessar upplýsingar. Ég held því að hv. d. eigi ekki að vera neitt að vanbúnaði að greiða atkv. um þetta. Það þarf bara að koma fram við þá atkvgr. hvort menn eru fylgjandi þeirri grundvallarstefnu sem í þessu er fólgin. Eru menn fylgjandi því að afnema í áföngum tekjuskatt af almennum launatekjum eða eru menn það ekki? Það verður að koma í ljós við atkvgr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Við, sem fylgdumst með vinnu fjh.- og viðskn. beggja deilda að þessu skattafrv., vitum fullvel að áhugi þm. Sjálfstfl. á því að afgreiða þetta mál með skattstigum er í hæsta lagi 40 klukkustunda gamall. Í sameiginlegri vinnu n. kom það aldrei fram hjá fulltrúum Sjálfstfl., að nauðsynlegt væri að afgreiða þetta frv. með skattstigum. Mig langar til að bera fram þá fsp. til hv. þm. Lárusar Jónssonar, hvort þetta séu till. þingflokks Sjálfstfl. sem hann og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson eru að flytja hér. (**LJ:** Þetta er í samræmi við grundvallarstefnu Sjálfstfl.) Hún er nú eins og guðspjöllin, allt eftir því hver túlkar, grundvallarstefna Sjálfstfl. En ég vænti þess, að hv. dm. hafi tekið eftir svarinu. Þetta er nefnilega alls ekki flutt í samráði við þingflokk Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Hver segir það?) Vegna þess að ef það væri, þá hefði hv. þm. Lárus Jónsson einfaldlega sagt já, en hann kýs að snúa sig út úr svarinu með því að vitna til einhverra guðspjalla sem heita grundvallarstefna Sjálfstfl. Menn vita að það er annars konar túlkun á þessu hjá kjósendum Sjálfstfl. en flokkseigendafélagi Sjálfstfl., eins og nýgengin skoðanakönnun hefur glögglega sýnt. Og hv. þm. Lárus Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson eru ekki neinir prókúruhafar að grundvallarstefnu Sjálfstfl. Ég held þess vegna að það sé alveg ljóst, að þær till., sem hér hafa verið lagðar fram, eru fyrst og fremst till. Alþfl. Það er dálítið merkilegt að þessir þm. Sjálfstfl. skuli láta svo lítið að ganga í smiðju hjá Alþfl. og gerast í raun og veru bara meðflm. að till. Alþfl. Þetta er nú allt risið á því sem eftir er af þingflokki Sjálfstfl. eða þeim þm. sem skipa sér undir merki svokallaðrar stjórnarandstöðu í þessari deild.

Við, sem höfum fylgst með gangi þessa máls, vitum ósköp vel að þegar Alþfl. sat í svokallaðri ríkisstj. einn sér, þá voru ráðherrar flokksins að gamna sér við það, meðan þeir biðu eftir því að fullgild ríkisstj. væri mynduð í landinu, að semja hin og þessi frv. Þeir lögðu hér fram síðustu daga sína í stjórnarráðinu fjölda frv. um ýmisleg mál. M. a. var, að ég held, tveimur eða þremur dögum áður en Alþfl. gekk út úr stjórnarráðinu lagt fram þetta frv. á þskj. 152, sem Lárus Jónsson sagði í ræðu sinni áðan að útskýrði grundvallarstefnu Sjálfstfl. í ræðu sinni. Það er sem sagt þetta stjfrv. Alþfl. sem er helsti útskýringartextinn á því sem hv. þm. Lárus Jónsson kallar grundvallarstefnu Sjálfstfl.

Við skulum ekki vera með neinn skollaleik í kringum þetta. Staðreynd málsins er sú, að í nefndum þingsins hefur ekki farið fram nein skoðun á þessum skattstigum. Það er staðreynd málsins. Frá því getur enginn þm. hlaupið, að í nefndum þingsins hefur engin skoðun farið fram á þessum skattstigum, vegna þess að engin krafa var sett fram um það á því tveggja mánaða tímabili sem unnið var að þessum málum af hálfu fjh.- og viðskn. beggja d., að skattstigarnir yrðu skoðaðir. Það var engin krafa sett fram um það, hvorki frá þm. Sjálfstfl. né öðrum. Hins vegar gerðist það á síðustu dögum ríkisstj. Alþfl., að hún lagði fram þetta frv. á þskj. 152. Þegar síðan fyrrv. ráðh. Alþfl. tóku að mæta á nefndafundun-

um, þá allt í einu tóku þeir — ekki þm. Alþfl. sem þar höfðu átt sæti í tvo mánuði, heldur ráðh. sem voru nýhlaupnir út úr stjórnarráðinu — upp kröfuna um að afgreiða skattstigana um leið. Það getur vel verið að þessir fyrrv. ráðh. Alþfl. hafi haft tíma í stjórnarráðinu, meðan þeir sátu þar einir við borð, að athuga þessi mál. Ég skal ekkert um það segja. Það getur vel verið að þeir hafi gert það rækilega. En aðrir þm. hafa ekki gert það. Ef ætti að fara að greiða atkv. um þessa skattstiga hér, þá fullyrði ég, þó að ég hafi ekki setið hér lengi á þingi, þá fullyrði ég það samt sem áður, að það yrði í fyrsta skipti í þingsögunni á síðari árum og áratugum sem væri farið að greiða atkv. um jafnveigamikil mál eins og skattstigamál almennings í landinu án þess að einni einustu mínútu af nefndarstörfum þingsins hefði verið varið til þess að athuga málið. Það eru vinnubrögð sem ég held að þjóðin mæli ekki með í hagsmunamálum sem eru jafnmikilvæg fyrir almenning.

Það má vel vera að hv. þm. Alþfl. hafi athugað þetta meðan þeir sátu einir í stjórnarráðinu. En þm. Sjálfstfl., Framsfl. og Alþb. hafa ekki gert það. Ég held að sé þess vegna nauðsynlegt að það verði viðhöfð við þetta mál eins og önnur þau vinnubrögð, að í nefndum þingsins sé það rækilega athugað og síðan sé það kynnt þingflokkunum, þannig að allir þm. hafa fyllsta möguleika til að kynna sér hvað er hér á ferðinni. Og það er athyglisvert, eins og hér hefur komið fram, að þetta er ekki till. þingflokks Sjálfstfl., heldur eru það tveir þm. Sjálfstfl. sem hafa gerst ábekingar á áróðursvíxli Alþfl.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég veit nú ekki hvers kristindómurinn í landinu á að gjalda, að guðspjöllin skuli lögð að jöfnu við grundvallarstefnu Sjálfstfl. Ég vissi ekki betur en hv. síðasti ræðumaður væri nýkominn af fundi með kristilegum félögum þar sem búið væri að samræma Marx og guðspjöllin. Eru þau þá farin að koma nokkuð víða við, ef það fer allt í einu og allt í sama farvegi: guðspjöllin, Marx og grundvallarstefna Sjálfstfl.

Annars upplýstist það í umr. áðan, hvers vegna hæstv. fjmrh. lagði svo mikið upp úr því að stökkva beint út í myrkrið. Það var auðvitað til þess að sjá á skuggamyndavélina, því að eins og hann upplýsti áðan er auðvitað ekki hægt að ákveða skattstiga öðruvísi en með skuggamyndavél. En það, sem fyrir okkur vakir sem höfum flutt hér frv. um skattstiga — og því skylt er auðvitað að hafa þetta allt í björtu, er að fólkið geti fengið að sjá til, en þurfi ekki að vefjast í myrkrinu eða bíða eftir því að skuggamyndavélum verði brugðið á loft.

Meginatriði málsins er auðvitað það, að miklum tíma hefur verið varið í að leita eftir því, hvernig ætti að hafa skattlagningu á atvinnureksturinn í landinu, en fólkið, almenningur, bíður enn í óvissu um það, hvernig hann verði skattlagður. Þetta er grundvallaratriðið. Það var mikið spjallað um það áðan af hæstv. fjmrh. og hv. 11. þm. Reykv., að undirbúningur þyrfti að vera vandaður. Ég rakti það í upphafsræðu minni, að sú úttekt, sem auglýst er eftir, hefur farið fram. Það er líka ljóst, að allt frá því fyrir viku, þegar farið var að hafa á orði að þingið yrði sent heim, kom það fram hjá fulltrúum Alþfl. í fjh.- og viðskn. beggja deilda að það ýtti á eftir því og gerði nauðsynlegt að ganga frá skattstigum tekjuskatts á einstaklinga til þess að draga úr óvissu, til þess að þetta skattalagafrv. þyrfti þó í sem minnstum mæli að vera stökk út í myrkrið. Það er þó allténd í áttina ef allur almenningur þarf ekki að velkjast í vafa og myrkri.

Hvers vegna hafa þá ekki farið fram ítarlegar umr. í n. um þetta? Það var vegna þess að fulltrúar Alþb. og Framsfl. í nefndunum höfðu ekki áhuga á því að láta þá umr. fara fram. Í hvert skipti, sem á því var imprað, þá þeir málunum til hliðar. En þetta mál hefur verið unnið mjög vel. Það liggur fyrir vönduð úttekt í þskj. 152 og þarf enga skuggamyndavél til þess að sjá hvernig þetta kemur út. Ég hefði líka talið að það væri ekkert því til fyrirstöðu, að alþm. hefðu skoðun, og það er það sem þeir hafa með flutningi þeirrar brtt. sem við höfum hér mælt fyrir. Það er svo annarra alþm. að taka afstöðu til hennar og sýna með þeim hætti hvaða skoðun þeir hafa.

Það kom fram í máli hæstv. fjmrh., að þó að hann segði nei við þessu, þá þýddi það ekki að hann væri á móti því. En það ber þá eitthvað nýrra við, ef túlka á afstöðu þannig, að þegar menn eru á móti hlut í atkvgr., þá þurfi það ekki að þýða að þeir séu á móti. Það held ég að sé fráleitt. Auðvitað á þessi deild að taka afstöðu til þeirra till. sem hér liggja fyrir með atkvgr. eins og venja er, og auðvitað á deildin að gera fólkinu í landinu þann greiða að samþykkja þær brtt. sem við höfum lagt fram.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að tala um hver er prókúruhafi fyrir grundvallarstefnu Sjálfstfl. eða prókúruhafi fyrir pappírstígrisdýr í Alþb. eða súkkulaðidrengi. Ég vil aðeins upplýsa hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson um það, af því að hann vildi fá að vita það og virtist vera mjög forvitinn, hvort þetta mál hefði verið rætt í þingflokki Sjálfstfl. Það var rætt og samþ. í þingflokki Sjálfstfl., sem boðað var til eftir fund í Sþ. í gær. Ef hv. þm. Ólafi Ragnari hægist við þetta, þá er sjálfsagt að gefa honum þessar upplýsingar.

Hann taldi að við hefðum farið í smiðju til Alþfl. í þessu máli. Ég er ekkert feiminn við að játa það, að við erum meðflm. tillagna Alþfl. Ég tók það skýrt fram, að till. eru hliðstæðar því sem Alþfl. flutti áður. Ef Alþfl. tekur upp mál sem Sjálfstfl. er búinn að hafa á sinni stefnuskrá í áratugi, þá finnst mér ekkert að því að fylgja þeim málum þótt Alþfl. sé með þau á sinni stefnuskrá. Ég sé ekkert athugavert við það. Sjálfstfl. hefur haft þessa skoðun í skattamálum í áratugi. Þessi skoðun er yngri í Alþfl. En batnandi mönnum er best að lifa, og það er ágætt að fylgja Alþfl.- mönnum ef þeir eru á sömu skoðun og er talin og hefur verið talin heilbrigð af okkur í langan tíma.

Ég skal fúslega ganga til samvinnu við hv. formann fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. um það að athuga þetta mál. En það er hann og það er stuðningslið ríkisstj. sem ætlar að reka þingið heim — það er nú öll virðingin fyrir Alþingi þegar mál liggja fyrir til afgreiðslu sem eru eins mikilvæg fyrir almenning í landinu og hv. þm. sagði.

Ég get haldið hér nokkuð langa tölu um afstöðu manna til virðingar Alþingis ef hv. þm. vill og vinnubrögð sem viðhöfð eru þessa daga í sölum Alþingis. Svo kemur þessi maður hér, breiðir sig út og talar um óþingræðisleg vinnubrögð í þessu efni. Ég vil leggja það til við hæstv. forseta, að hann fresti fundi og við göngum til þess að athuga þessi skattstigamál í fjh.- og viðskn. hv. d. Ég legg það til hér og nú.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Það hlýtur að vera einhver misskilning-

ur, að það eigi að reka þingið heim. Það hefur aðeins verið haft á orði að gera hlé á fundum deilda sameinaðs þings. En ég get glatt hv. þm. Lárus Jónsson með því, að í því þinghléi mun ég halda marga fundi í fjh.- og viðskn. þessarar d. til að athuga þetta mál sem og önnur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. - 34. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 179, 1.a felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: EKJ, GK, KSG, KJ, LJ, SalÞ, ÞK, EgJ, EG.
nei: GeirG, GB, GTh, JH, ÓRG, ÓLJ, StefG, StJ, TÁ, DA, HS.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Skattstiginn er eitt af þeim málum sem þarf að athuga og undirbúa mjög vandlega. Ætlunin var að gera það m. a. í væntanlegu þinghléi. Þær till. um skattstiga, sem hér liggja fyrir, hafa ekki einu sinni fengið athugun í n. hv. deildar og er ekki tímabært að ganga frá þeim nú. Þær þurfa miklu vandlegri athugun. Ég segi því nei.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér í umræðunum hafa þessar till. ekki fengið neina athugun í n. Eins og hæstv. forsrh. sagði áðan er nauðsynlegt að mjög ítarleg skoðun fari fram í nefndum þingsins á skattstigum. Engar slíkar óskir komu fram fyrr en á allra síðustu dögum. Með tilliti til þess, að ég tel nauðsynlegt að þingið vandi vel slíkar ákvarðanir, mun ég beita mér fyrir því, að bæði í þinghléi og strax þegar þing kemur saman mun hæstv. fjh.- og viðskn. þessarar d. vinna vandlega að athugun þessa máls, en tel ekki tímabært að taka ákvörðun um það nú og segi nei.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Í ljósi þess, að þær till., sem hér er verið að greiða atkv. um, eru vel undirbúnar, vel grundaðar og íhugaðar, og í ljósi þess, að mikil nauðsyn er að fólk hafi nokkra vissu um það, hvernig skattar verða á lagðir og hvaða skatta það muni hljóta, segi ég já.

35.—58. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 42. fundur.

Miðvikudaginn 20. febr., að loknum 41. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 174 (sbr. 168). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 184).

Neðri deild, 39. fundur.

Miðvikudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 169). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 169 leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum um lögskráningu sjómanna. Ég vil taka skýrt fram strax, að þetta frv. er ekki hluti af svonefndum félagsmálapakka, hvorki núv. ríkisstj. né tveggja fyrrv., en þeir munu vera einstæðasta framlag sem saga verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi hefur kynni af, a. m. k. hvað varðar þann hluta félagsmálapakkanna sem hafa verið loforð til íslenskrar sjómannastéttar. En það má segja í örstuttu máli, að þeim loforðum megi jafna við þessi fjögur orð: Svik ofan á svik.

Ég flyt frv. um breyt. á þessum lögum nú, þótt frv. um breyt. á þeim sé á ferðinni í hv. Ed., að gefnu tilefni, einnig vegna þess að þetta mál var á sínum tíma flutt inn á þing af mér og nokkrum öðrum hv. þm. Það er um að sá embættismaður hins opinbera, sem á að sjá um lögskráningu sjómanna, gæti þess að samningsbundnar tryggingar sjómanna séu í gildi. Ég flutti frv. um þetta 1962, og fjallaði það um þá grein laganna um lögskráningu sem telur upp þau gögn sem skipstjóri á að afhenda lögskráningarstjóra þegar skráning í skipsrúm fer fram. Efni frv. var á þá leið, að auk þeirrar upptalningar, sem fyrir var í lögum um skjöl þau sem skipstjóri þyrfti að hafa með sér, þyrfti hann að hafa vottorð frá tryggingarfélagi þess efnis, að samningsbundnar líf- og slysatryggingar sjómanna væru í gildi. Ég benti á það þá í ítarlegu máli og reyndar í grg. einnig, að mjög hefði færst í vöxt á þeim tíma að samtök sjómanna hefðu samið um og tekið upp í kaup- og kjarasamninga sína líf-, slysa- og örorkutryggingar. En vegna mjög tíðra sjóslysa, sem urðu á þeim árum, og í framhaldi af þeim komst upp um ítrekaða vanrækslu þeirra sem um lögskráninguna áttu að sjá og gæta þess að hinar samningsbundnu tryggingar væru í gildi, þá var þetta frv. flutt. Það var ekki eingöngu að um væri að ræða kröfu frá einum þrýstihóp, eins og það hefur verið orðað í sölum þessarar hv. d. af embættismönnum deildarinnar, heldur var hinn þrýstihópurinn, samtök útgerðarmanna, líka á ferðinni og tók undir það við útgerðarmenn — einstaklinga úr þeirra röðum — að þeir gættu þess að tryggingar væru fyrir hendi og þeir hefðu þær í gildi.

Það var í sjálfu sér mjög einföld brtt. sem lögð var til. Hún var á þá leið, að við upptalningu þeirra skjala, sem skipstjóri ætti að leggja fram hjá lögskráningarstjóra, ætti að bætast yfirlýsing frá viðkomandi tryggingarfélagi um að samningsbundnar líf- og slysatryggingar væru í gildi, eins og þar stóð.

Nú kom í ljós í meðförum Alþ., þegar málið kom til Ed., að þar kom hik á ákveðna þm. Ég geri ráð fyrir að það hafi m. a. verið vegna þess, að þeir voru embættis-

menn sem höfðu með slíka lögskráningu að gera í heimabyggð sinni. Það kom hik á þá um að svo gæti farið, ef undirsátar þeirra í embætti gegndu ekki sinni embættislegu skyldu, að þeir yrðu sjálfir skaðabótaskyldir ef þessarar embættisskyldu væri ekki gætt. Því varð það úr til að ná samkomulagi og til að fá málið þó í gegn með breyt., að bætt var í frv. brtt., sem síðar var svo samþ. í Nd., þess efnis, að ef útgerðarmaður vanrækti að hafa slíka líf- og slysatryggingu í gildi yrði viðkomandi útgerðarfyrirtæki ábyrgt fyrir umsömdum bótagreiðslum. Skylda embættismannsins til að gegna starfi sínu var þannig ekki tekin í lög og um leið ekki heldur baktryggingin, sem var ábyrgð ríkissjóðs á gerðum þessa starfsmanns síns.

Nú kom í ljós þegar fram liðu stundir að aðvörunarorð mín þá reyndust rétt. Það kom að því að það fórust skip þar sem einmitt hafði gerst að lögskráningarstjóra hafði láðst að lúta settum reglum. Hann hafði lögskráð á skipið án þess að gæta þess að í gildi væru hinar samningsbundnu tryggingar.

Ég hélt að mér höndum í þessu máli. Það voru ekki margir aðrir sem sýndu því áhuga þá. Alla vega hafa þeir, sem hafa verið að hamast við að bjóða yfir búðarborðið svokallaða félagsmálapakka á undanförnum árum, ekki haft mikinn áhuga á þessum þætti hagsmunamála sjómanna. Ég beið eftir því að dómur félli í Hæstarétti varðandi eitt slíkt mál. Málið er nr. 87 í Hæstarétti frá árinu 1976, en dómur var kveðinn upp í nóv. 1978. Þar komst meiri hl. dómenda að því — eða þrír af fimm — að útgerð skipsins, eins og reyndar segir í lögunum, en ekki ríkissjóður, bæri skaðabótaábyrgð þegar lögskráð hafi verið á skip án þess að í gildi væri líf- og slysatrygging sem um er fjallað í greindu lagaákvæði.

Ég geri ráð fyrir því, ef menn skoða hæstaréttardóma á liðnum árum í sambandi við skyld mál, að þar komi í ljós að mjög naumur meiri hluti fylgi hinum skráðu lögum, en síðan komi minni hlutinn sem viðurkenni hið siðferðilega rétta í málinu og dæmi samkv. því. Þannig var það í þessu máli, að minni hluti dómenda — eða tveir af fimm — sagði í sératkvæði sínu á þessa leið, — vil ég leyfa mér að fara með það orðrétt, með leyfi forseta, en þeir segja í mjög ítarlegri grg. sinni einmitt á þessa leið:

„Könnunarskylda skráningarstjóra er sérstaklega brýn, og lýtur hún að afmörkuðu og auðkönnuðu atriði. Lagaákvæðinu er ætlað að tryggja, að líf- og slysatrygging sjómanna, sem lögskráðir hafa verið, sé ávallt í gildi í samræmi við kjarasamninga, svo sem grg. með frv. til l. ber með sér. Skráningarstjóra urðu á saknæm mistök, er hann gætti þess ekki, áður en hann lögskráði skipverja á vélbátinn, að krefjast yfirlýsingar tryggingarfélags um líf- og slysatryggingu þeirra. Sætti hann áminningu í sakadómi fyrir brot á þessari starfsskyldu sinni, eins og í héraðsdómi greinir. Þessi mistök skráningarstjóra leiddu til þess, að vélbáturinn lét úr höfn með lögskráða áhöfn, án þess að skipverjar væru líf- og slysatryggðir í samræmi við gildandi kjör. Urðu afleiðingarnar þær, að áfrýjendur fengu ekki greidda vátryggingarfjárhæð þá, er þeir áttu rétt á samkv. framansögðu, þar sem útgerðarmaður reyndist ógjaldfær. Eins og hér stendur á, þykir vera um að ræða slík mistök í stjórnsýslu, að leggja verði bótaábyrgð vegna þeirra á ríkissjóð, en hann ber ábyrgð á þessum mistökum lögskráningarstjórans."

Svo mörg voru þau orð. Það var ekkja sem sótti málið vegna sjálfrar sín og þriggja ólögráða barna sinna. En dómurinn féll á þá leið, að hvorki hún né börnin fengju neitt af tryggingarupphæðinni. Meiri hluti Hæstaréttar kvað upp þann dóm, að þrátt fyrir sannaða vanrækslu embættismanns ríkisins bæri ríkissjóður ekki ábyrgð.

Það, sem ég legg til nú með breyt. á þessum lögum, er orðrétt á þessa leið: „Reynist útgerðarfyrirtæki eigi fært um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra." Þetta þýðir að það verði gengið fyrst að útgerðarfyrirtækinu og séð hvort það sé greiðslufært. Ef svo er ekki og fyrir liggur þá um leið og jafnframt að lögskráningarstjóri, embættismaður ríkisins, hefur vanrækt að gegna embættisskyldu sinni beri ríkissjóður fulla ábyrgð. Mér finnst það satt að segja ansi hart, — ég hef nú ekki þann langa lista með mér yfir þau mörgu laga- og reglugerðarákvæði sem íslensk sjómannastétt, allt frá hinum lægst setta á einu skipi til skipstjóra, verður að hlíta í starfi sínu fram yfir aðra borgara þessa lands, — að það skuli geta átt sér stað, þegar sjómenn hafa, kannske eftir langa og harða samninga við viðsemjendur sína, náð samkomulagi um þessi þýðingarmiklu atriði, líf- og slysatryggingar, sem engri stétt hér á landi ber frekar en þeim mönnum sem geta sannað ákveðið prósentuhlutfall af sínum aðilum sem dauðahlutfall í starfi, á hverju einasta ári, að hægt sé að leysa embættismenn undan ábyrgð sem þeir eiga skilyrðislaust að bera og hlíta í embætti.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta nema frekari ástæða gefist til. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. að lokinni 1. umr. og, að ég hygg, allshn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki ástæða til að hafa langt mál um það frv. sem hér er til umr., en ég vil þó nota tækifærið til að lýsa stuðningi mínum við þetta mál. Ég hygg að ef grannt væri skoðað kæmust menn, því miður, að þeirri niðurstöðu að víða er ábótavant að því er varðar lögskráningu á íslensk skip. Full þörf er á að Alþ. geri það sem það getur, og því ber í raun og veru skylda til að koma í veg fyrir þau mistök sem hafa átt sér stað og enn eiga sér stað í sambandi við lögskráningu. Þetta er einn þáttur af því máli. Aðrir hafa komið til umræðu hér, og sumir hafa verið í hinum margumtalaða félagsmálapakka til sjómanna. Frv. af því tagi liggja fyrir þinginu nú, en þetta er aðeins eitt til viðbótar.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta mál. Það er auðvitað alveg augljóst að Alþ. á ekki að vera þrándur í götu þess að sjómenn í þessu tilfelli nái þeim rétti sem þeir eru búnir að ná í kjarasamningum við viðsemjendur sína. Ég sé því ekki að það sé nein ástæða til þess að Alþ. verði ekki við því að samþ. breyt. þá sem hér um ræðir.

Vel má vera að það komi upp í hug einhverra, — einhverra segi ég, ég vona að þeir verði ekki margir, — að verið sé að leggja á ríkissjóð óeðlilega greiðslubyrði ef til þess kæmi að viðkomandi útgerðarmaður gæti ekki innt skyldu sína af höndum. En þetta er svo mikið réttlætismál og stórmál gagnvart þeim sem hér eiga í hlut, að ég held að menn hljóti að geta orðið sammála um að ríkissjóður verði að koma til. Þeir aðilar, sem hér um ræðir, eiga ekki að bera ábyrgð á axarsköftum, ef svo má orða, embættismanna ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um málið fleiri orð, en mér fannst rétt strax við 1. umr. málsins að lýsa afstöðu minni til þess og að ég væri meðmæltur frv. og styddi það.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þetta frv., en ég get ekki flokkað það undir félagsmálapakka eða neitt slíkt. Þarna er fyrst og fremst um það grundvallarréttaratriði að ræða, hvort stofnun beri ábyrgð á gerðum starfsmanna sinna, og mér finnst ákaflega hæpið ef ríkisvaldið hefur ekki uppi þá meginreglu að stofnanir beri ábyrgð á störfum sinna manna.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil taka undir mál þeirra, sem hér hafa talað, og mun veita þessu frv. brautargengi fyrir mitt leyti. Hins vegar hlýtur maður aðeins að staldra við vegna þess að hér er dálítið sérkennilegt mál á ferðinni.

Hér liggur það fyrir í hæstaréttardómi, að ríkið virðist ekki bera ábyrgð á „axarsköftum", eins og hér hefur verið nefnt, eigin starfsmanna, og það er auðvitað réttlætismál, úr því að svo er, að fyrir það líði ekki konur og börn sjómanna sem farast við störf sín. Ég hlýt hins vegar aðeins að vekja á því athygli, að vissulega er þessi trygging óöruvísi til komin hjá sjómönnum en öðrum starfsstéttum í landinu, þar sem opinberir starfsmenn eiga að sjá um að tryggingin sé í lagi. En sú spurning hlýtur að vakna: Hver gætir hagsmuna annarra sem hafa slík ákvæði í kjarasamningum sínum? Þá eru það venjulega atvinnurekendur sem eiga að sjá um að sú trygging sé í lagi, og ég hef sterkan grun um að þar sé víða pottur brotinn. Og þá er auðvelt að sjá fyrir sér hvað gerist ef slíkt mál kæmi upp, að maður færist á sama hátt við starf sitt og það kæmi í ljós að slík trygging hefði ekki verið framkvæmd. Þess vegna vil ég óska eftir því, að þegar málið kemur til n., sem ég geri ráð fyrir að það geri, hugi menn aðeins að því að fleiri stéttir eru harla lítt tryggðar í slíkum tilfellum. Ef þetta er misskilningur bið ég hv. flm. að leiðrétta mig um þessar efasemdir.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt á því að þakka ræðumönnum fyrir undirtektir þeirra við þetta frv., en vil þó vegna orða hv. 5. þm. Vestf. taka fram, að það eru hin furðulegustu atriði sem hafa verið tekin inn í hinn svokallaða félagsmálapakka til sjómanna, þ. á m. atriði sem maður telur hinn sjálfsagðasta hlut í sambandi við öryggismál. Þá undanskil ég algjörlega eðlilega félagslega þróun í þjóðfélagi okkar sem aðilar allra þjóðþinga eiga að geta flutt frv. um og barist fyrir að ná fram, en eiga ekki alltaf að þurfa að fara inn á viðskiptasvið viðkomandi vinstri ríkisstjórna og verkalýðshreyfingar. — En það, sem ég bendi á í sambandi við félagsmálapakkann sérstaklega og ég hef ekki enn þá fyrirgefið sumum félögum mínum í íslenskri sjómannastétt að fara að semja um sem viðskiptavöru, vegna þess að ég tel svo sjálfsagt að því sé komið á, er m. a. einn og annar öryggisbúnaður sem er sjálfsagður um borð í flotanum. Ég veit ekki hvaða aðilar meðal launþega, sem í landi starfa, þurfa að gefa eftir í launum sínum, t. d. ef það eru sett upp ný umferðarmerki á Suðurlandsbrautinni. Það er eitthvað álíka sem fyrri ríkisstj. samdi um og taldi rétt að bjóða sjómannastéttinni.

En vegna þess, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þá má vel vera og ég efa ekki að þess muni finnast dæmi, að á samningum einhverra aðila, sem samið hafa um tryggingar, sé eitthvert ólag. En ég bendi þá á að þeir hafa þá vörn að þeir eru við til þess að fylgjast með slíku sjálfir. Þeir hafa trúnaðarmenn í landi til að vinna fyrir sig, og þeir fylgjast með málum.

Lögskráningu í lögum var breytt á einu stigi í þá átt að gefa aukið frjálsræði til útgerðar fiskiskipa í sambandi við lögskráningu, oft og tíðum á þann veg að viðkomandi aðilar, sem skráðir eru um borð í skipin, koma þar ekki nærri. Þeir eru kannske ekki lögskráðir þegar skipið er komið út á sjó. Þeir eru búnir að vera úti á sjó marga daga þegar þeir eru lögskráðir. Þeir geta jafnvel verið dauðir, og þess finnast því miður dæmi. Því er um svo mikla sérstöðu í sambandi við þetta mál að ræða að ég vil ekki leggja sjómenn að líku við aðrar stéttir landsins í sambandi við slík mál.

Til viðbótar skal ég taka það fram, að þess vegna er svo tekið til orða hjá mér í frumvarpsflutningi mínum að greiðslan sé á ábyrgð ríkissjóðs, að í og með hef ég í huga að viðkomandi embættismaður sé fríaður af því að að sjálfsögðu geta mannleg mistök alltaf átt sér stað. En það er þá í hendi viðkomandi yfirmanns viðkomandi stofnunar, ríkissjóðs í þessu tilfelli, að gera ráðstafanir til þess og meta hvort eigi að fara að þeim embættismanni með skaðabótakröfu eða ekki. Ég veit að reynt er að gæta þessa. Ég vil líka undirstrika það sem kom fram í orðum hv. þm. Karvels Pálmasonar. Við vitum báðir, því að við höfum við þau mál fengist, að víða er misbrestur á. Við vitum líka að það er afskaplega erfitt að gegna starfi skráningarstjóra. Það eru t. d. hreppstjórar sem þarf að kalla til að nóttu sem degi undir vissum kringumstæðum. Ég vil því ekki alfarið gefa sök þeim hópi manna sem gegnir þessu starfi. Því segi ég að það sé eðlilegt, ef mistök koma fyrir, eins og við höfum hér átakanlegt dæmi um, þá sé það ríkissjóður sjálfur sem beri ábyrgðina. Að sjálfsögðu getur hann tryggt sig fyrir slíku ef hann telur að mistökin verði í svo miklum mæli að þess sé þörf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 167). — 1. umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 167 hef ég leyft mér ásamt 1. þm. Suðurl. að flytja frv. til laga um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum. 1. gr. frv. hljóðar þannig:

„2. og 3. mgr. 27. tl. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1979, orðist svo:

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 750 þús. og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 millj. 500 þús. kr.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 1.5 millj. kr. fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 3 millj. kr. af hverri bifreið samkv. þessari mgr."

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Á 100. löggjafarþingi flutti ég ásamt Vilhjálmi Hjálmarssyni þáv. þm. og Hilmari Rósmundssyni frv. til laga um breytingu á tollskrá sem var í beinu samræmi við óskir og ábendingar frá landssamtökum lamaðra og fatl-

aðra í landinu. Á því þingi varð það frv. að lögum. Við gerðum ráð fyrir í frv. að allt að 500 bifreiðar nytu tollalækkana, en í meðförum Alþ. var talan lækkuð í 400 bifreiðar árlega.

Á 100. löggjafarþinginu voru samþ. lög um að fella niður gjöld af allt að 400 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það ætti erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Samkv. þeim lögum má lækkun gjalda af hverri bifreið nema allt að 500 þús. kr. og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 millj. kr. Þó er heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 1 millj. kr. fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má þá nema allt að 2 millj. kr. af hverri bifreið.

Eins og öllum er ljóst hafa orðið miklar verðhækkanir síðan þessi lagabreyting tók gildi. Lætur nærri að verð bifreiða hafi hækkað um 50%. Að mati okkar flm. ber brýna nauðsyn til að hækka niðurfellingu á gjöldum, þar með talið innflutningsgjald, á bifreiðum til öryrkja til samræmis við þær verðlagshækkanir sem orðið hafa frá gildistöku laganna, til þess að það fólk, sem nú fær úthlutun, fái svipuð kjör og að var stefnt með fyrri lagabreytingu. Þarf raunar ekki að rökstyðja þá nauðsyn frekar. Við leggjum því til í þessu frv. að niðurfelling gjalda og innflutningsgjalds af þessum bifreiðum hækki um 50% frá gildandi lögum.

Það hefði verið ástæða til að gera um leið breytingu í þá átt að fjölga bifreiðum í þessu skyni. Við höfum ekki talið ástæðu til að gera það að þessu sinni, en þó vil ég benda á að við úthlutun, sem nú á að fara fram, eru gildar umsóknir, sem komnar voru inn þegar umsóknartími var út runninn, um 700 talsins. Mikið skortir því á að hægt sé að fullnægja þarna brýnustu þörfum.

Það kom einnig til umræðu við síðustu lagabreytingu, hvort ekki væri ástæða til að setja inn í lögin ákvæði sem heimila fjmrh. að hækka árlega niðurfellingu gjalda af slíkum bifreiðum, þ. m. t. innflutningsgjald, í samræmi við verðlagsbreytingar, sem gæti þá komið í staðinn fyrir nauðsyn þess að gera sífellt lagabreytingar í samræmi við þær verðlagsbreytingar sem orðið hafa hverju sinni. Þetta mætti mótspyrnu þegar málið var til umræðu á 100. löggjafarþingi. Þá var talið að Alþ. væri með slíku að veita ráðh. of mikil völd hvað þetta snertir. Ég tel ástæðu til þess að það atriði verði athugað í þeirri nefnd sem fær frv. til meðferðar. Það mundi auðvelda þetta mál. En sjálfsagt eru á því agnúar sem þarf að skoða vandlega.

Við væntum að þessi lagabreyting, sem er aðeins í samræmi við þá brýnustu nauðsyn sem við teljum vera, njóti stuðnings hv. þm. og fái skjóta afgreiðslu í þingdeildum svo að hún verði að lögum fyrir þá úthlutun sem þarf að fara fram helst fyrir lok næsta mánaðar. Ef skilningur er á málinu tel ég að hægt væri að fá málið úr nefnd strax eftir það þinghlé sem nú er áformað. Málið kæmi þá til endanlegrar afgreiðslu í hv. Alþ. þegar að þinghléi loknu.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Það er ekki það langt síðan málið var hér til ítarlegrar umr. og skoðunar. Ég veit líka að hv. þm. hafa almennt áhuga á þessu réttlætismáli. — Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég lýsi stuðningi mínum við þetta frv., sem fram er komið, um breyt. á lögum um tollskrá o. fl., með síðari breytingum. Eins og fram kom hjá frsm. var sambærilegt frv. við það, sem flutt er nú, flutt á 100. þingi, en hér er einungis um að ræða hækkanir á þeirri upphæð, sem þá var samþ., með tilliti til verðhækkana sem orðið hafa.

Ég vil taka undir með frsm. og segi að ég tel eðlilegt að þetta fylgi verðlagsþróun á hverjum tíma. Ég hafði reyndar áður en frsm. kom inn á það mál ætlað mér að flytja brtt. við frv., þannig að tekið yrði tillit til verðlagsþróunar á hverjum tíma. Ég tel að rýmka þurfi heimildina, sem felst í frv., þannig að svo sjálfsögð breyting, sem hér um ræðir, þurfi ekki að koma fyrir þingið á hverju ári. Ég tel að eðlilegt sé að rýmka þessa heimild og að upphæðin breytist árlega með tilliti til verðlagsþróunar.

Ég held ég haldi mér við að flytja brtt., enda mun það stuðla frekar að því að nefndin skoði hana samhliða frv. Ég vil því leyfa mér að flytja eftirfarandi brtt., svo að nefndin hafi hana til skoðunar samhliða frv.:

„Við 2. mgr. 1. gr. bætist:

Heimilt er að hækka þessa undanþágu árlega með tilliti til verðlagsþróunar á hverjum tíma."

Árni Gunnarsson: Herra forseti Ég fagna því frv., sem hér hefur verið kynnt, en vil um leið hvetja til þess að sú brtt., sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert grein fyrir úr þessum stól, verði tekin til alvarlegrar umfjöllunar og væntanlega samþ. á þessu þingi fljótlega. Ég tel fullkomlega ástæðulaust að á hverju þingi þurfi að koma fram frv. til l. um breytingar á þessum málum vegna þeirrar verðbólguþróunar sem við búum við. Langeðlilegast er að sú niðurfelling og lækkun gjalda, sem hér um ræðir, verði ákveðin í eitt skipti fyrir öll í þá veru að hún taki tillit til verðlagsþróunar á hverjum tíma.

Ég get ekki stillt mig um það, úr því að þessi mál eru komin til umr., að benda á nokkur atriði sem eru tengd þessu máli af margvíslegum sökum.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að í sambandi við úthlutun leyfa fyrir bifreiðum, sem njóta þeirra kjara sem hér um ræðir, þurfi að standa nokkuð betur að útgáfu leyfanna en gert hefur verið. Ég held að ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til efnahags þeirra einstaklinga sem leyfi hafa fengið, og þyrfti að gera gangskör að því að kanna hann hverju sinni þannig að tryggt verði að fólk, sem vissulega býr við örorku af því tagi sem þessi lög ná til, fái ekki leyfi ef efnahagur þess er á þann veg og tekjur að það hafi fyllilega ráð á að kaupa bifreiðar á því verði sem allur almenningur gerir. Hér held ég að sé ekki um neina mismunun að ræða, heldur miklu frekar meira jafnrétti.

Þá vil ég aðeins í tengslum við þetta mál minna á að hér er um að ræða hjálpartæki. Bifreið er fyrst og fremst hjálpartæki fatlaðs manns til að losna úr þeirri einangrun sem hann býr við. En fatlað fólk þarf að nota mörg önnur hjálpartæki. Ég tel brýna nauðsyn bera til að samræma þau lög og þær reglur sem gilda um niðurfellingu tolla og aðflutningsgjalda af hjálpartækjum. Það er nefnilega svo, að fötlun er ekki bundin við hreyfihömlun. Hún kemur fram á mjög margvíslegan hátt. Í mjög mörgum tilvikum er hún það sem kallað er dulin eða ósýnileg fötlun.

Þá þarf einnig og er brýn nauðsyn að reyna að auka upplýsingaflæði til þess fólks sem nýtur réttar eða á að njóta réttar samkv. lögum og reglugerðum sem samþ. hafa verið á hinu háa Alþingi.

Ég vil að endingu leggja til að sú brtt., sem nú hefur komið fram við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum, verði samþ. svo að hið háa Alþingi þurfi ekki á hverju einasta ári að afgreiða breyt. á lögum til lækkunar gjalda af þeim ökutækjum sem fatlaðir fá.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel að hér sé hreyft mjög eðlilegu máli, sem áður hefur raunar verið minnst á í umræðum á Alþ. á þessum vetri, og það sem mér finnst kannske skipta mestu í því máli er sú brtt., sem kom hér fram og var nefnd af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að um verði að ræða heimild í lögum til að færa þessar upphæðir til með tilliti til verðlagsþróunar. Það er raunverulega ekki aðalatriðið hvort upphæðir eru færðar til um ákveðna tölu núna, eins og gerð er till. um í frv. hv. þm. Alexanders Stefánssonar, það skiptir ekki öllu, heldur að tilfærsluheimildin verði inni og hægt að gera ráð fyrir reglulegum breytingum framvegis með tilliti til verðlagsþróunar. Ég verð þó að segja að orðalagið á till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, 10. landsk. þm., er dálítið ónákvæmt og þyrfti að athuga í nefnd við hvaða þátt verðlagsþróunarinnar á að miða. Á að miða við framfærsluvísitölu, á að miða við byggingarvísitölu eða verðbótavísitölu? Þetta er atriði sem nefndin getur auðvitað athugað.

Ég er einnig sammála því sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., að það er rétt að taka til íhugunar í þessu sambandi úthlutun leyfanna, hvernig hún fer fram, og ég tel einnig vert að vekja á því athygli, hvort ekki sé ástæða til að taka til athugunar endurnýjunartíma bifreiða sem hér hefur verið miðað við, þ. e. fimm ár eins og þetta hefur verið.

En meginmálið í þessu finnst mér þó vera það, og þess vegna kom ég nú upp að sinni, að við höfum haft fyrir framan okkur á Alþ. í vetur og í fyrravetur fjöldamörg mál sem snerta málefni fatlaðra. Það eru einstök frv. um einstakar lagfæringar á einstökum þáttum í tryggingalöggjöfinni og annarri löggjöf. Mér finnst að hin mörgu mál, sem flutt hafa verið hér í frumvarpsformi, ættu að verða okkur hvatning til að taka á málunum með heildstæðari hætti en gert hefur verið. Mér finnst líka að alþjóðaár fatlaðra, árið 1981, ætti að verða okkur sérstök hvatning til að endurskoða margvísleg lög og reglugerðir sem snerta hagsmunamál fatlaðra.

Nú eru þessi málefni dreifð um löggjöf mjög víða. Ég kann ekki að telja alla þá lagabálka og allar þær reglugerðir sem hér er um að ræða, en þær eru legió. Það er jafnvel erfitt fyrir stjórnkerfið sjálft að átta sig á þessum reglugerðum, lögum, undantekningarákvæðum, heimildarákvæðum og matsákvæðum út og suður í öllu kerfinu, hvað þá heldur fyrir hina fötluðu sjálfa sem við þessi kjör eiga að búa. Þess vegna held ég að einföldun á kerfinu, uppstokkun og samræming á því öllu, sé ein út af fyrir sig mikilvægt hagsmunamál fyrir fatlaða í þessu landi og við ættum að setja okkur það í tengslum við alþjóðaár fatlaðra að samræma þetta og um leið marka framtíðarstefnu um hvernig með þessi mál skuli farið, ákveða verkefnaskrá til nokkurra ára fram í tímann, þannig að það verði ekki tilviljanirnar einar, hver er duglegastur að þrýsta á hvern blett á hverjum tíma, sem ráði úrslitum um á hvaða málum er tekið.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem málið hefur fengið, sem raunar undirstrika það sem við vissum, að hv. alþm. hafa mikinn áhuga á þessum málum, enda væri annað óeðlilegt þegar litið er til þess sem á undan er gengið í sambandi við þessi mál. Allir stjórnmálaflokkar hér á landi hafa gefið skýr og ákveðin svör um áhuga sinn á því að sinna málefnum fatlaðra og annarra aðila í þjóðfélagi okkar sem minna mega sín og full þörf er á að leiða til betri meðferðar en hefur verið til þessa.

Ég minni á það hér, að í upphafi þessa þings flutti ég þáltill. í sambandi við málefni hreyfihamlaðra, sem er mjög mikilvægt mál, þar sem um er að ræða að opinberir aðilar taki höndum saman til að leysa það sem margoft hefur verið yfirlýst að væri skylt að gera og raunar komið í byggingarlöggjöf, að gera átak í því að auðvelda hreyfihömluðu fólki að komast leiðar sinnar bæði til að geta sinnt ýmsum störfum í þjóðfélaginu og notið þeirra venjulegu mannréttinda sem öllum finnst eðlilegt að fólk hafi. Þetta mál er því miður búið að vera nokkuð lengi í meðförum þingsins. Ég reiknaði satt að segja með að hv. alþm. mundu greiða götu þess þannig að málið væri þegar komið til meðferðar hjá stjórnvöldum. Ég vona að ekki verði löng bið á því.

Hér hefur komið fram ýmislegt um brtt. þá sem hv. 10. landsk. þm. hefur lagt fram. Ég vil upplýsa að ég er fyllilega sammála um að þess fyrirkomulags sé þörf, enda greindi ég frá því áðan og ræði í grg. með frv. um slíkt ákvæði. Þegar við flm. vorum að undirbúa þetta frv. skoðuðum við einmitt nokkuð það atriði með tilliti til þess sem kom fram á 100. löggjafarþingi þegar slík breyting var gerð síðast á tollskránni. Þá mætti þetta atriði mótspyrnu í þn. á hv. Alþ. og einnig hjá embættismannakerfinu, sérstaklega í fjmrn. Var talið að það væri varhugavert og þyrfti að skoða nánar, og í meðferð Alþingis á 100. löggjafarþinginu þótti ekki ástæða til að tefja framgang málsins með því að eyða miklum tíma í þetta atriði. Ef hægt er frá lagalegu sjónarmiði, þá finnst mér þessi meðferð í sambandi við þetta mál mjög eðlileg og fylgi henni. En slíkt þarf auðvitað að athuga vel. Ég vænti þess, að hv. þn., sem fær málið til meðferðar, athugi það mjög gaumgæfilega, eins og ég raunar lagði til í framsöguræðu fyrr.

Ég get líka tekið undir að það þarf að athuga úthlutunarreglurnar. Þeim var breytt með síðustu breytingu á lögunum og úthlutunarnefndin er óðruvísi samsett nú. En að sjálfsögðu þarf að athuga það mál. Umsóknafjöldi, sem fram kemur í sambandi við þessa eftirgjöf, er mjög mikill. Á síðasta ári, 1979, sóttu raunar enn þá fleiri um niðurfellingu gjalda en þegar hefur komið fram. En eins og ég sagði áðan, þegar umsóknartíminn var liðinn í byrjun þessa mánaðar voru komnar um 790 fullgildar umsóknir.

Það, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., er alveg rétt, að mörgum fleiri hjálpartækjum fyrir fatlað fólk þarf að koma undir sömu aðstöðu. Í frv., sem samþ. var á 100. löggjafarþinginu, var einmitt gerð sú breyting, að önnur hjálpartæki, sem fatlað fólk þarf á að halda, njóti sömu réttinda. Það eitt hefur komið fram, sem fulltrúar í fjmrn. segja að sé erfitt ákvæði í lögunum og ég vil taka fram hér að væri e. t. v. ástæða fyrir þd. að skoða í

samráði við fulltrúa frá tolladeild fjmrn., að sett var inn ákvæði um að það þyrfti læknisvottorð í sambandi við niðurfellingu tolla af öðrum hjálpartækjum fyrir fatlað fólk. Fulltrúar í fjmrn. segja mér að þetta valdi erfiðleikum og sé eiginlega óþarft ákvæði í lögum, það sé ástæðulaust að fatlað fólk og ekki síst mikið fatlað fólk, sem getur vart komist leiðar sinnar, þurfi endilega að vera að sækja til lækna til að fá vottorð sem það þarf að greiða fyrir kannske frá 2—5 þús. kr., fyrir utan allan aukakostnað við að fá það vottorð, það raunverulega tefji fyrir framkvæmd laganna. Þetta er atriði sem ég vildi nefna hér að væri rétt að kæmi til skoðunar í hv. þn. sem fær málið til afgreiðslu. En það var gert ráð fyrir því í síðustu breytingu laganna, að fatlað fólk fengi tollaeftirgjöf á öllum hjálpartækjum, sem það þarf á að halda, en bætt við að það skyldi vera „samkv. læknisvottorði". Það kemur því til skoðunar að fella það ákvæði niður í samráði við fulltrúa ráðuneytisins.

Ég vil svo að lokum endurtaka þakkir fyrir þann áhuga, sem hér kemur fram, og taka undir það með hæstv. félmrh., að hér er um mál að ræða sem Alþ. þarf að taka til heildarskoðunar. Er slíkt raunar í samræmi við þá yfirlýsingu sem allir stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á hv. Alþ., hafa fyrir fram gefið yfirlýsingu um. Og það er vel í samræmi við ár fatlaðra 1981 að hv. alþm. og stjórnvöld taki höndum saman um að gera stórt átak, ekki aðeins í að samræma löggjöf fyrir fatlað fólk, heldur einnig að koma til framkvæmda ýmsum velferðarmálum fyrir fatlaða.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það kom fram í máli hv. 1. þm. Vesturl. að honum þykir sem ýmis áhugamál sín hafi ekki haft eins skjótan framgang og hann hafði vænst. Ég á þess vegna von á að hann taki undir með mér þegar ég vil álíta að hér séu mörg mikilvæg málefni á dagskrá, sem við þurfum að vinna að, og andmæli þeirri óhæfu að Alþ. verði leyst frá störfum lengur en brýnasta nauðsyn krefur.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það sem hæstv. forseti sagði, að það liggur býsna mikill málabunki fyrir þessu þingi sem hæglega ætti að vera hægt að vinna að á næstu dögum og þeim kannske tveimur vikum sem hugmyndin er að senda þingið heim, þó svo að ráðh. þyrftu ekki að sitja í þingsölum lon og don daginn langan og tefja sig frá störfum í ráðuneyti.

Erindi mitt hingað í þetta sinn var að taka undir með hæstv. félmrh. og benda á þá staðreynd, þvílík beðja, þvílík ringulreið ríkir í löggjöf um málefni fatlaðra hér á landi. Það eru í gildi í dag hvorki færri né fleiri en 16 lög og reglugerðir um málefni fatlaðra á Íslandi. Það var fyrir alllöngu skipuð nefnd sem átti að endurskoða allan þennan laga- og reglugerðahóp. Ég veit ekki til þess að sú nefnd hafi haldið einn einasta fund og vil þó ekki hafa hana fyrir rangri sök, það gæti verið að þeir væru orðnir einn eða tveir.

Það er kannske rétt mönnum til fróðleiks að telja þau lög og reglugerðir og nefna með nafni sem samþ. hafa verið hér á þingi um málefni fatlaðra. Það eru lög um endurhæfingu, lög um aðstoð við þroskahefta, lög um almannatryggingar, lög um vinnumiðlun, lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, lög um grunnskóla, lög um heyrnleysingjaskóla, lög um heilbrigðisþjónustu, lög um ráðstöfun og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, lög um tollskrá, byggingareglugerð nr. 292/1979, reglugerð um félagsmál og upplýsingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, lög um heimilishjálp í viðlögum, reglugerð um heimilisþjónustu fyrir aldraða, reglugerð um öryrkjavinnu og reglugerð um sérkennslu. — Þetta eru öll þau lög, sem í gildi eru hér á landi um málefni fatlaðs fólks, sem vitað er um. Þau kunna að leynast einhvers staðar fleiri.

Ég vildi aðeins nefna þetta til þess að þeir hv. þm., sem hafa tíma til að sitja fundi Nd., gerðu sér grein fyrir hvers konar mál væri hér á ferðinni og hversu mikilvægt er fyrir þingið að reyna að vinna bráðan bug að breytingu á þessum lögum, endurbótum á þeim og samræmingu þeirra. Þetta er eitt hið stærsta mál fyrir hinn stóra hóp sem hefur ekki notið sömu kjara í þjóðfélaginu og við hinir sem heilbrigðir erum. Ég vænti þess fastlega, að hið háa Alþingi sjái sér nú fært í tilefni af ári fatlaðra 1981 að gera gangskör að því að hreinsa til í þeim lagabálkum og þeim lagaviðjum og flækjum sem þetta fólk býr við og þekkir ekki nema brotabrot af.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Segja má að hér sé hreyft athyglisverðu máli. Það er að sjálfsögðu gott málefni, sem hér er um fjallað, að hækka lagaheimildir til þess að fella niður innflutningsgjöld af bifreiðum fyrir öryrkja, hreyfihamlað fólk, eins og það heitir víst nú orðið. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að það er búið að lofa býsna miklu á þessum síðustu vikum. Það á að gera ýmislegt fyrir fólkið í landinu, en það er ekki nóg að samþykkja hér í Nd. — og jafnvel þó það sé gert í Ed. líka — lagaheimildir af þessu tagi, heldur er nauðsynlegt að ráð sé fyrir því gert í fjárlögum. Og ég saknaði þess í ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh., að hann skyldi ekki láta þess getið, hvaða undirtektir það hefði fengið í fjmrn. að hækka þær fjárhæðir sem hér er um að ræða.

Það hefur komið fram og síast út, að þótt sáttmálsörkin sé býsna fallegt plagg og þótt þar sé talað um það, að í félagsmálapakkann eigi að fara einhverjir milljarðar, þá standi ekki til að efna margt af þessu strax á þessu ári. Og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. í sjónvarpinu í gærkvöld, að hann hygðist enn hækka launaskattana á þessu ári, sem nú er að ganga yfir, um a. m. k. helming þeirrar fjárhæðar sem í sáttmálsörkinni er lofað að rétta sem dúsu upp í launafólk í landinu. Ég vil í því efni einnig minna á það, að á s. l. ári, þegar sú vinstri stjórn, sem þá sat, var að fá launþega til þess að gefa eftir af sínum verðbótum 1. des., þá var því heitið að lækka beina skatta í þeim fjárlögum sem samþykkt yrðu fyrir árið 1979. En eins og við vitum var ekki við þetta staðið, heldur þvert á móti voru hinir beinu skattar hækkaðir þvert ofan í skattamálasamþykktir Alþýðusambandsins, eins og ég veit að hv. 7. þm. Reykv. man eftir, þar sem m. a. hefur verið komist að þeirri niðurstöðu, að tekjuskattar bitni fyrst og fremst á launafólki í landinu, séu launaskattar.

Ég vil þess vegna leggja mjög mikið upp úr því, að fyrir liggi strax við þessa umræðu yfirlýsing um það frá hæstv. heilbr.- og trmrh. og frá hæstv. fjmrh., að ekki muni standa á því af þeirra hálfu að gera ráð fyrir fjármagni í þessu skyni, ef þetta frv. kæmist í gegnum þingið nú á þessum vetrardögum. Það væri einnig skemmtilegt að fá um það nánari upplýsingar, hvaða upphæðir, hvaða fjármagn liggur á bak við þau orð sem hæstv. trmrh.

viðhafði áðan. Það er nefnilega ekki nóg að koma upp í þennan ræðustól og lýsa yfir að það eigi að gera hvað eina fyrir hvern sem er í þessu landi, en vera á hinn bóginn ekki reiðubúinn til að gera ráð fyrir neinu fjármagni í fjárlögum til þess að standa við loforðið. Þess vegna væri mjög fróðlegt og skemmtilegt ef hæstv. trmrh. leyfði Alþ. að fylgjast með því, hvernig hann ætlar sér að standa við þau orð sem hann sagði hér áðan, og ef hann gæti núna einnig upplýst okkur nánar um það, hvað hann hafði í huga þegar hann sagði þetta, eða hvort það muni kannske vera eins og mig grunar, að sú ræða, sem hann flutti áðan, hafi orðið til á stundinni ógrunduð og hann eigi eftir að ræða þessi mál nánar við félaga sinn, hæstv. fjmrh., sem — eins og við heyrðum í sjónvarpinu í gærkvöld — ætlaði ekki að vera neitt örlátari en hans fyrirrennarar, svo að hann gengur jafnvel fram af jafnörlátum manni og Guðmundur J. Guðmundsson annars er, hv. 7. þm. Reykv.

Það er þetta sem ég vildi segja. Talað er um að bjarga þurfi sæmd Alþingis. Maður hefur heyrt mikið talað um það upp á síðkastið. Einnig hefur verið talað um það, að nauðsynlegt sé að fá einhverja ríkisstj. í landið. Og þeir menn, sem núna sitja, hafa fengið mikið fylgi hjá fólkinu. Það hvílir mikil ábyrgð á þeirra herðum. Fólkið ber mikið traust til þeirra. Það ætlast til þess, að þessir háu ráðherrar, sem njóta svo óskoraðs trausts fyrir dugnaðinn og fyrir að hafa nú komið á ríkisstj. í landinu, séu ekki að fleipra hér í ráðherrastólunum rétt eins og þeim sýnist og hvenær sem þeim þóknast.

Við heyrðum það í gærkvöld, að þeir ætluðu að hækka skattana. Það var eftir að skoðanakönnunin fór fram. Maður veit því ekki hvort þeir eru nú jafntraustir í sessi og þá, af þeim sökum. Það eru ýmsir hér sem þykir nóg um. Það eru ýmsir sem gera sér grein fyrir því, að á sama tíma og þjóðartekjur minnka í landinu er kannske ekki óeðlilegt að ríkið minnki líka sinn hlut.

Við vitum það, að ef þjóðartekjurnar minnka hlýtur að minnka það sem hver og einn hefur til skipta, allir hafa til skipta, kakan minnkar. Og ef á að gera ráð fyrir því, að um leið og þjóðartekjurnar minnka haldi ríkið enn áfram að auka sína skatta, þá þýðir það annað tveggja að ráðstöfunarfé einstaklinganna minnkar eða skuldasöfnunin erlendis vex.

Það var gert mikið spé að því, að við sjálfstæðismenn værum reiðubúnir til þess að koma margvíslegum umbótum á hér í þjóðfélaginu með því að spara á móti. Við heyrðum það í sjónvarpinu í gær, að hæstv. fjmrh. er ekki þeirrar skoðunar, heldur hyggst hann halda áfram að hækka skattana. Ég vona að eitthvað af því fé, sem þannig á að innheimta af skattkúguðum lýðnum, megi renna í vasa þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, öryrkjanna, þeirra sem bágast eiga. Ég vil einnig segja það, að ekki væri kannske heldur úr vegi að ýmislegt af þessari auknu skattheimtu í landinu megi renna til aldraðs fólks. Ég held að við getum ekki verið stoltir af því, Íslendingar, hvernig aðbúnaður þess er að mörgu leyti hér. Við dáumst að því mikla framtaki, sem gert er með hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi, og gerum okkur grein fyrir því, að ríkisvaldið mundi aldrei sýna þvílíkan dugnað til að hjálpa þessu fólki.

Það liggur t. d. fyrir, að hv. 1. landsk. þm. hefur beitt sér fyrir miklu framtaki í þessa veru í Hafnarfirði, þar sem hjúkrunarheimili aldraðra er nú í byggingu. Það væri ánægjulegt ef eitthvað af þeirri skattahækkun, sem boðuð var í gærkvöld, gæti runnið til þess að létta þar undir, — eða er kannske meiningin að þetta fari allt saman í eyðslu? Það getur vel verið. Við höfum reynslu af því af fyrri vinstri stjórnum, að eyðslan hefur viljað vaxa. Og ef ég man rétt frá þeim tímum þegar Gunnar Thoroddsen, hæstv. forsrh., var borgarstjóri Reykjavíkur, þá minnir mig að ýmsum andstæðingum hans, sem nú sitja með honum í ríkisstj., hafi þótt nóg um eyðsluna í borgarapparatinu þá. Ég held að þeir hafi ekki haft sérstakt orð á því, að dregið hafi úr eyðslu undir hans stjórn. En það verður náttúrlega fróðlegt að fylgjast með þessu.

Það, sem ég fer fram á og vil spyrja um er í fyrsta lagi þetta: Má búast við því, að Nd. Alþingis fái tíma til að fjalla um þetta frv., eða megum við búast við því, að hæstv. ríkisstj. ætli að fá legáta sína til þess að senda þm. heim úr því húsi hvers sæmd þeir hafa bjargað upp á síðkastið, eða megum við kannske búast við því að fá umræður um stefnuræðu hæstv. forsrh. áður en við verðum sendir heim? Hver er meiningin í þessu máli? Það er þetta sem mér finnst nauðsynlegt að komi fram.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það hvarflaði að mér áðan, þegar hv. 7. landsk. þm. var að tala, að hann væri reiður einhverra hluta vegna. Það kann að vera að skýringin á geðbrigðum hans felist í innanhússástandinu í Sjálfstfl., svo að ég blanda mér ekki í þau mál. Þau verður að leysa á vettvangi þess ríkis sem þar er um að ræða. **(Forseti:** Eru þau ekki á dagskrá?) Þau eru ekki á dagskrá þessa fundar, nei, hæstv. forseti, — og skipti hann nú og skapi.

Það, sem hér er hins vegar á dagskrá og hv. 1. þm. Vesturl. og aðrir hv. þm. eru að ræða, er frv. það sem Alexander Stefánsson og Þórarinn Sigurjónsson hafa lagt fram um breytingu á lögum um tollskrá. Í tilefni af því hefur hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, séð ástæðu til þess að mæla nokkur vísdómsorð um afkomu ríkissjóðs og nauðsyn þess að gæta jafnan aðhalds á því sviði. Þakka ég honum þá hvatningu, sem hann hefur hér flutt, og veit að hann mælir þar manna heilastur. Þar er um að ræða heilræði sem flutt eru af drengskap og heilindum í garð þeirrar ríkisstj. sem nú situr í landinu.

En mér kemur í hug nú undir ræðu hv. þm., að í stjórnarmyndunarviðræðunum, sem fram fóru hér um jóla - og nýársleytið, voru fluttar till. um lækkun á sköttum ríkissjóðs um u. þ. b. 25 milljarða kr. Það, sem vantaði upp á, átti helst að leysa með útgáfu skuldabréfa á innlendum markaði, hitt átti „að vera með gati", eins og það var kallað. Þetta var sú fjármálaspeki sem við fengum að kynnast um áramótin úr herbúðum hv. þm., af hálfu nokkurra aðila í Sjálfstfl., sem þó vildu ekki kannast við málið þegar til kom, og varð að kenna till. við einhvern Mr. X, sem af skiljanlegum ástæðum hefur enn ekki gefið sig fram í opinberu þjóðlífi hér á landi.

Eftir að þessar till. komu fram um áramótin hefur það greinilega gerst, að hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, telur ástæðu til að hvetja núv. ríkisstj. til aðhalds og aðgátar, sparnaðar í ríkisrekstrinum. Þá ábendingu þakka ég. Ríkisstj. mun vafalaust reyna að halda þannig á málum að aðhalds sé gætt.

Það var einnig athyglisvert við þá ræðu sem hv. þm. flutti hér áðan, að ævinlega þegar upp koma mál af því tagi sem hv. þm. Alexander Stefánsson flytur hér núna og fjöldamörg önnur mál í opinberri umræðu um margra

ára skeið, þá spretta þeir upp, þm. Sjálfstfl., og tala um veisluhöld, eins og þeir gerðu 1971 þegar hækkaður var elli — og örorkulífeyrir úr 4900 kr. í 7500 kr. á mánuði. *Þetta voru kölluð ófyrirgefanleg veisluhöld fyrir aldraða* og öryrkja í þessu landi. Og það er sérkennilegt með eins velviljaða menn og ég er sannfærður um að hv. 7. landsk. þm. er, að þeir skuli ævinlega, þegar að svona málum kemur, spretta upp með þessum neikvæða hætti.

Auðvitað gerum við okkur það ljóst, að þetta kostar fé. Auðvitað gerum við okkur það ljóst, að framlög til verkamannabústaða kosta peninga, framlög til elliheimila kosta peninga, til sjúkrahúsa, til dvalarheimila aldraðra, og þannig mætti lengi telja, til skólakerfsins — og þessir peningar eru fengnir með skattlagningu í landinu. Það er ekki hægt að fá þá öðruvísi. Og það er ekki um það að ræða, að til sé einhver vondur, óhlutgerður aðili sem heiti ríki og hirði af mönnum þessa fjármuni. Hugmyndin er sú, að ríkið sé þarna millifærsluaðili milli borgaranna og taki skatta af mönnum sem síðar eru fluttir til hinnar félagslegu þjónustu. Mér þætti hins vegar fróðlegt að vita hvað það er, sem hér væri hugsanlegt að spara. Vafalaust er það eitthvað. Ég dreg ekki í efa að í 330 milljarða fjárlögum sé hægt að spara einhverjar upphæðir. Ég dreg það ekki í efa. Mönnum hefur oft gengið það dálítið illa, en við skulum reyna það. Reynslan er bara sú, að það tekur tíma að láta slíkan sparnað skila sér. En við skulum samt sem áður athuga það.

Við skulum líta á stærsta liðinn á fjárlögum íslenska ríkisins, sem er heilbr.- og trmrn. með 110 milljarða kr. *Ég hef ekki orðið var við eina einustu till. hér á hv. Alþ.* um það, að hægt sé að spara eina einustu krónu á þessum lið. Ég hygg að þarna mætti ná einhverju fram til sparnaðar án þess að þjónustan versnaði *en till. á hv. Alþ.* ganga allar út á það, að þarna þurfi að auka við. Og ég er sammála því, að þarna þarf að auka við. En ég segi þá líka, eins og hv. þm. Halldór Blöndal benti á áðan, að til þess að auka þarna við verða menn að þora að grípa til skattlagningar og sækja peningana í þjóðfélaginu þangað sem hægt er að sækja þá. Það eru til peningar í þessu þjóðfélagi. Það eru til aðilar sem hafa sloppið furðuvel við að greiða til samneyslunnar hér á undanförnum árum, en þeir eiga að gera það og það þarf að búa þannig um hnútana, að þeir geri það.

Þessi orð mín eru flutt í tilefni af ræðu þeirri sem hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, flutti áðan, en líka í tilefni af mörgum öðrum ræðum sem eru iðulega fluttar hér á hv. Alþ. um nauðsyn stórfelldra skattalækkana, meðan menn sjá æpandi alls staðar í þjóðfélaginu þarfir, kröfur, sanngjarnar kröfur til úrbóta hjá fólki sem býr raunverulega við mjög lakan kost. Áður en við förum að belgja okkur út með till. og hugmyndir um skattalækkanir skulum við gera okkur grein fyrir því, að hér á Íslandi er fólk sem enn þá þarf að lifa á innan við 200 þús. kr. á mánuði. Mér þætti gaman að sjá þá hv. alþm., sem hér sitja, leika þá list að tóra, að skrimta af þeim upphæðum sem ákveðnum einstaklingum er ætlað að lifa af. Við verðum að taka tillit til þessarar grundvallarstaðreyndar, ef við ætlum að stjórna. En til þess er ríki og ríkissjóður að stýra málum og færa til fjármuni í þjóðfélaginu eftir því sem brýn nauðsyn krefur. Þó verða menn auðvitað að gæta sín í þeim efnum, að ganga ekki eins langt og mörg dæmi eru til um frá Svíþjóð t. d., en ég hirði ekki um að rekja þau hér og er ekki sérlega hrifinn af þeim.

Af því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er búinn að kveðja sér hljóðs og ætlar að segja eitthvað hér á eftir, þá ætla ég að víkja nokkrum orðum sétstaklega til hans og ávarpa hann fyrir fram. Alþýðuflokkurinn á Íslandi er flokkur sem í öðru orðinu berst fyrir félagslegum framförum, fyrir jafnrétti. Mörg mál, sem þm. Alþfl. hafa flutt hér á Alþ., t. d. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og fyrrv. hæstv. félmrh., Magnús H. Magnússon, eru ákaflega jákvæð og hafa framfarir í för með sér ef þeim er fylgt eftir. En þetta kostar fjármuni. Og við verðum að gera okkur það ljóst, að til þess að koma þessum málum í framkvæmd verðum við að sækja þessa fjármuni. Ef við þorum ekki að segja það, að við þurfuð að sækja þessa fjármuni hér í landinu, þá erum við um leið að segja að við séum að dæma þessi félagslegu umbótamál úr leik, henda þeim út um gluggann. Og mér finnst það kostulegt að flokkur, stofnaður 1916, um leið og Alþýðusamband Íslands, með alla sína fortíð og sögu á bakinu, glæsilega fortíð að mörgu leyti á þessum sviðum, skuli nú allt í einu vera kominn — mér liggur við að segja: hægra megin við íhaldið á ýmsum sviðum að því er þessi mál varðar. Mér finnst það kostulegt að svo skuli vera. Og þessi lokaorð flutti ég bara til þess að koma í veg fyrir það, að Sighvatur Björgvinsson hefði ekkert að segja í ræðustól, sem væri nýlunda á Alþingi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hæstv. heilbrmrh. hafði orð á því, að ég hefði verið í vondu skapi áðan, og ég get þá sagt það, að mér þótti maðurinn býsna ísmeygilegur, sem var hér í ræðustólnum, raunar í bæði skiptin, og verð að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hans. Fyrst kemur mér það mjög mikið á óvart, að hann *skuli vera að reyna að slá keilur með því að* við skulum ekki vera búnir að leggja fram brtt. í Nd. við fjárlagafrv. sem hefur ekki verið afgreitt úr nefnd. Ég hef aldrei heyrt um það fyrr og hef þó ekki setið í ráðherrastól og síst af öllu verið viðskrh., að það sé vaninn hér á Alþ. að leggja fram brtt. við fjárlagafrv. löngu áður en það kemur úr nefnd til 2. umr. En það getur verið að þessi þingreyndi ráðh. og mikli gáfumaður viti það betur en við hinir eða hafi kannske séð þetta í einhverri rauðri hillingu eða eitthvað því um líkt. (**Félmrh.:** Hv. þm. til upplýsingar, þá eru fjárlög afgreidd í Sþ.) Ég vissi það. Ég var að segja það. En mér heyrðist ráðh. sakna þess að hafa ekki hér fyrir framan sig einhverjar brtt. við fjárlagafrv. Hvar bjóst hann við að fá þær? (**Félmrh.:** Það er misheyrn, hv. þm.) Var það misheyrn?

Ég vil svo aðeins vekja athygli á því, að hæstv. trmrh. láðist að gefa hér það loforð sem beðið var um, að hann beitti sér fyrir því að fjárlögum yrði breytt og tekið tillit til þess af meiri hl. fjvn. og af ríkisstj. í þá veru sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er að sjálfsögðu til einskis að vera að samþykkja frv. í deildum Alþingis á þessu þingi ef ekki er gert ráð fyrir því í fjárlögum, að þær heimildir, sem þar eru samþykktar, nái fram að ganga. Þetta láðist hæstv. ráðh. að gera. Ég vil samt vona í lengstu lög að ríkisstj. bregði ekki fæti fyrir þetta mál, heldur láti undan þeim þrýstingi sem hún mun verða fyrir í þingsölunum, vegna þess að hér er um mikið réttindamál að ræða.

Hér höfum við fyrir framan okkur frv. til fjárlaga fyrir árið 1980, sem lagt var fram á haustþinginu og yfirlýst hefur verið af hæstv. ríkisstj. að hún líti á sem sitt skilgetna afkvæmi og ætli að leggja til grundvallar við gerð fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Sú yfirlýsing vekur furðu

mína og einnig ummæli hæstv. félmrh. í sambandi við verkamannabústaðina, dagvistunarmálin, og í sambandi við þetta allt saman, vegna þess að ég man mætavel eftir því frá haustdögum 1978 þegar hann lofaði félagsmálapakkanum þá og fékk í staðinn þá gjöf frá launþegum að þeir gáfu eftir þrjú vísitölustig fyrir félagsmálapakkann og tvö fyrir skattalækkanirnar. Finnst hæstv. trmrh. að það, sem í þessu plaggi stendur, og það, sem felst í fjárl. ársins 1979, sé einhverjar efndir á þeim fyrirheitum sem gefin voru í desembermánuði 1978? Það væri t. d. fróðlegt að fá það fram hjá honum eða öðrum mönnum sem báru ábyrgð á þeirri gjöf og vildu þiggja hana, hvað sjómenn hafa borið úr býtum. Og ef við lesum blöðin í dag sjáum við þá yfirlýsingu frá flokksbróður hæstv. trmrh., Jóni Hannessyni, formanni launamálaráðs Bandalags háskólamanna, að í þeirra hlut hafi ekkert komið. Það er þess vegna ekki nóg þó maðurinn sé mælskur og beri af okkur hinum í því að vera ísmeygilegur, það er náttúrlega ekki nóg að vera að flagga svona hlutum hérna. Og ég vil segja það við hv. 1. þm. Vesturl. — vegna þess að ég veit að hann getur verið harður í horn að taka þegar svo ber undir og hefur sýnt það ekki síst í sinni heimabyggð — að honum veitir ekki af að taka á núna í þingflokknum og í stjórnarherbúðunum, ef hann ætlar að ná því fram að hæstv. ríkisstj. fáist til að ætla nægilegt fjármagn á fjárl. þessa árs til að hægt verði við þau fyrirheit að standa sem í þessu frv. felast.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. um breytingu á lögum um tollskrá, um lækkun gjalda af bifreiðum, sem má nema allt að 750 þús. kr., og skattalækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1.5 millj. Ég fyrir mitt leyti er mjög hlynntur þessu frv. og er sammála því, að það sé athugað gaumgæfilega í n. Ég tel, að ekki hafi verið nóg gert í þessum efnum á undanförnum árum, og ég tel sömuleiðis, að það sé svo margt annað í þessu þjóðfélagi þar sem fé sé verr varið en til að koma til móts við þessa aðila.

Umræður hafa farið nokkuð út fyrir frv. sjálft. Einkum finnst mér hæstv. félmrh. hafa farið töluvert út fyrir umræðuefnið, sérstaklega út af ræðu hv. 7. landsk. þm. Hæstv. félmrh. taldi að hv. 7. landsk. þm. hefði verið reiður þegar hann flutti sína ræðu. Mér finnst þetta nú ekki bera vott um mikla skapstillingu hjá hæstv. ráðh., enda er varla við því að búast að honum líði sérstaklega vel. Það er búið að króa hann þarna af við heitan miðstöðvarofn og bræður hans í ríkisstj. og samherjar ætla að hita hann hægt. Það er þegar farið að sýna sig, að hann er farinn að fara ákaflega í höfuðið á honum, þessi hiti frá ofninum — og kannske líka samfélagið við hina. Þetta er greindur og gegn maður, hæstv. ráðh., en það er auðvitað hægt að fara þannig með heilsu manna að þeir tapi sér mjög, eins og hann gerði hér í ræðu sinni áðan.

Ég sá ekki nokkurn vott þess, að 7. landsk. þm. væri reiður þegar hann talaði hér áðan. Hann spurði bara ósköp kurteisislega, eins og hans var von og vísa, hvernig hæstv. trmrh. ætlaði að sjá fyrir þessu fjármagni. Það er ósköp eðlilegt, að mönnum verði dálítið bilt við eftir að hafa fengið alveg sérstaklega íhaldssaman fjmrh. eins og nú er. Sérstaklega hefur þeim mönnum orðið bilt við sem hafa stutt Alþb., skal ég segja hæstv. félmrh., þegar þeir hafa séð hæstv. fjmrh. í sínu nýja gervi á sjónvarpsskerminum eða í viðtölum við blöð.

Hv. 7. landsk. þm. sagði að fjmrh. ætlaði að hækka skattana á landsmönnum og hæstv. félmrh. tók undir það með honum, að þarfirnar í þessu þjóðfélagi væru margar, þar væri margt ógert — vitaskuld er það alveg rétt — og því þyrfti að hækka skatta. En ég þekki þrjá menn í hæstv. ríkisstj. sem vilja lækka skattana. Þeir eru horfnir, þeir sjást ekki núna, þeir eru kannske að undirbúa málið. Ég veit ekki annað en að forsrh. þessarar ríkisstj., landbrh. og dóms- og kirkjumálaráðh. hafi í Sjálfstfl. staðið að samþykkt um það að afnema alla skatta sem vinstri stjórnin lagði á sem hæstv. félmrh. var í og hæstv. fjmrh., — þeir stóðu að þeirri samþykkt, að þeir yrðu afnumdir. Það hefði því verið fróðlegt — jafnhliða því sem þessir ráðherrar telja að hækka beri skattana á landslýð — að heyra frá hinum, þessum þremur, hvernig þeir ætli að snúast við. Og mér er ekki grunlaust um að einn stuðningsmaður þessarar ríkisstj., sem nú er í framboði eða verður í framboði við forsetakjör, sé harðari en nokkur maður annar af þessum 60 í því að afnema þessa skatta. Hann stóð upp hér fyrir jólin í sambandi við staðfestingu þeirra brbl. og lagafrv., sem þá lágu fyrir, og talaði mjög harkalega gegn þeim. **(Gripið fram í:** Hefur landbrh. flutt einhverjar sparnaðarræður?) Nei, ekki skildist mér að það væri bein sparnaðarræða sem var flutt við setningu Búnaðarþings, síður en svo.

Það væri fróðlegt að fá að vita hvað þessi blessuð stjórn er að fara og hvort hún viti sjálf hvað hún er að fara. Það er ekki nóg að segja að það liggi á að mynda ríkisstj. í landinu því að Alþ. sé óstarfhæft, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði þegar hann skrifaði undir reisupassa forsrh. til Bessastaða. Svo á að reka Alþ. heim, eftir að þessi ríkisstj. er komin, og segja: Nú hafið þið ekkert að gera, skrattarnir ykkar, farið þið bara heim. - Það er skemmtilegt framundan í þessu þjóðfélagi. Hefur íslenska þjóðin höndlað haningjuna með tilkomu þessarar ríkisstj.? Og svo eru menn í þessari stjórn sælir og glaðir yfir því, hvað þjóðin fagni þessari stjórnarmyndun.

Ég minnist þess, að ég var þá held ég 17—18 ára — nú er einn af guðfeðrunum að biðja um orðið — þegar Chamberlain kom frá því að semja við Hitler um frið um alla eilífð. Honum var fagnað á Heathrow-flugvelli af þúsundum manna og allir sögðu að Chamberlain væri einhver mesti friðarhöfðingi, hann hefði tryggt frið í heiminum. Það leið ekki langur tími þar til þeir, sem fögnuðu Chamberlain á Heathrow - flugvelli, könnuðust ekki við að hafa komið þangað. Og hvað skeði svo næst á eftir?

Nei, það er ekki ástæða til þess fyrir menn að fagna á meðan þeir hafa ekkert sýnt og ekkert gert. Það er ekki nóg að mynda ríkisstj. ef ekkert annað fylgir með, ef einn segist ætla að afnema skatta, annar segist ætla að bæta við skattana, þriðji segist ætla að beita aðhaldi í öllu og fjórði flytur svo ræðu um svona allt að 15 — 16 milljarða ný útgjöld. Hvar á að taka þau? Hæstv. félmrh. segir: Við eigum að hækka skattana, það er enn þá til fólk í þessu landi sem á peninga. Við verðum að taka þessa peninga af því.

En það er líka til annað. Þeir sem skara fram úr, þeir sem leggja mikið á sig og vinna lengi, þeir sem hafa háar tekjur í þjóðfélaginu eru ekki að gera þetta eingöngu fyrir samfélagið, ekkert frekar en ráðh. eru að gera það bara fyrir samfélagið að vera ráðh. Þeir vilja hafa eitthvað eftir af tekjunum. Við skulum segja að haldið sé áfram að hækka skatta taka meira til samfélagsins af þeim sem hafa háar tekjur og leggja hart að sér við vinnu.

Hvað skeður þá? Ef á að fara að taka kannske 90% af þessu fólki þegar komið er upp í ákveðna upphæð, þá minnkar það bara við sig vinnuna, hættir að vinna. Við skulum taka tekjuháar stéttir í þessu þjóðfélagi. Við skulum taka stétt eins og læknastéttina. Hvernig svara þeir? Þeir svara því með minnkandi vinnu, lengra fríi. Við skulum taka aflasæla skipstjóra eða sjómenn á aflasælum skipum, sem hafa góðar tekjur af því að þeir leggja mikið og hart að sér og eiga langan vinnudag. Ef á að fara að taka af þeim allt, þá vilja þeir heldur vera lengur heima á sínu heimili og dytta að sínu húsi og vera með sinni fjölskyldu. Þannig má lengi telja. Það er ekki nóg að vera gripinn skattabrjálæðishækkunum og sjá ekkert annað og vilja ekkert annað. Það verður ekki borgað með þeim hækkunum, þegar fólk er hætt að vinna og farið að draga við sig.

Hæstv. trmrh. sagði að enginn hefði bent á að hægt væri að lækka útgjöld til stærsta og dýrasta málaflokksins í þessu þjóðfélagi, heilbrigðis- og tryggingamála. Ég sé ekki að hægt sé að lækka mikið lífeyristryggingarnar nema lækka lífeyrisgreiðslurnar til einstaklinga. Minnsti kostnaður við lífeyristryggingarnar er útgreiðsla á vegum Tryggingastofnunar, það vita allir. Öðru máli gegnir um sjúkratryggingarnar. Þar er auðvitað ýmislegt hægt að færa til betri vegar, en til þess þarf stór og mikil átök. Ég geri ekki ráð fyrir því, að menn séu tilbúnir á nokkrum dögum eða vikum í slík átök, en vafalaust má þar lækka ýmislegt, sem maður gæti komið inn á við allt aðrar aðstæður en hér eru. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil standa með hvaða ríkisstj. sem situr — og þar með þessari — að því að beita auknu aðhaldi í rekstri þjóðfélagsins og þjóðarbúskaparins. Ég ætla ekki að taka undir hvaða óskir og kröfur sem gerðar eru á hendur samfélaginu, því að það er mín skoðun að við verðum að setja um það ákveðið mark hvað við getum gengið langt í sköttum á einstaklinga í þjóðfélaginu. Og þá verður þetta að fylgjast að, hvort sem okkur líkar sú stjórn sem situr vel eða illa.

Við vitum að of miklar skattahækkanir draga úr vinnu manna, draga úr áhuga þeirra að auka tekjur sínar. Þetta verðum við að hafa fast í huga þegar við ræðum þessi mál.

Ég ætlaði mér ekki að fara svo geyst út í umr. út af þessu frv. nema vegna þess sem á undan er gengið. En ég ætla að lokum að segja hæstv. félmrh. það — og í fullri vinsemd því að mér er síður en svo neitt í nöp við hann — að þegar hann kemur hér til þess að ræða um mál sem falla undir hans málaflokk eða málaflokka, þá skiptir þar ekki máli þó að hann hafi nú um hríð trúlofast litlum hluta af Sjálfstfl. Sjálfstfl. mun lifa eftir sem áður, þrátt fyrir þessa trúlofun Gunnars Thoroddsens og hans fylgifiska og Alþb. og Framsfl., og við sjálfstæðismenn — ég segi: við sjálfstæðismenn, sem virðum samþykktir og gerðir meiri hl. í okkar flokki á hverjum tíma, munum í afstöðu til þessarar ríkisstj. láta málefni ráða. (**Gripið fram í:** Er þetta um tollskrána?) Nei, þetta er aðeins utan við hana. Við munum láta málefni ráða hverju sinni. Við viljum standa með ríkisstj. í góðum og skynsamlegum málum. En ég tel fráleitt að Alþ. sé sent heim, eins og ég tel sjálfsagðan hlut að þingfundir falli niður á meðan Norðurlandaráðsþing er, en lengri töf á störfum Alþingis má ekki eiga sér stað, vegna þess að kosningar og annað sem þeim fylgir, stjórnarmyndun og þess háttar hafa tafið þingstörfin nógu lengi. Þau eru mörg mál sem bíða hér afgreiðslu og það er engin ástæða til að senda þingið heim, enda sé ég ekki — þó að þingið sé starfandi — að ráðh. sýni því þá verðingu að sitja hér í sætum sínum. Hæstv. fjmrh. hefur sest hér í sitt sæti öðru hverju, eins og þegar kría sest á stein. Hinir fjórir hafa ekki sést síðan á fyrstu fimm mínútunum. Og hérna situr sá eini sem er við miðstöðvarofninn.

Sighvatur Björgvinsson: Hæstv. forseti. Ég er að vísu ekki með tollskrána hérna með mér, heldur Tímann. En það getur komið í sama stað niður, því að eins og allir vita er mörg matarholan á banakringlunni og víða hægt að vitna í tollskrá í þessu sambandi.

Ég vil aðeins taka það fram í sambandi við frv. það sem hér er flutt af þeim hv. þm. Alexander Stefánssyni og Þórarni Sigurjónssyni, að út af fyrir sig held ég að það sé til bóta, en þó væri til athugunar að breyta þessum ákvæðum þannig, að í staðinn fyrir að tiltaka krónutöluupphæðir í lögum með þessum hætti sem heimilt er að lækka gjöld af bifreiðum til öryrkja og annarra sjúklinga, þá væri þessi krónutöluupphæð lögð á vald fjmrh. með reglugerð, þannig að ekki þyrfti ávallt að koma til lagabreytinga þegar þyrfti að hækka þessa frádrætti eða þessar niðurfellingar vegna mikillar verðbólguþróunar í landinu. Þegar verðbólga er um 50%, eins og verið hefur á undanförnum árum og því miður eru ekki miklar líkur á því að hún fari minnkandi, a. m. k. ekki meðan núv. hæstv. ríkisstj. situr, þá er óeðlilegt og mjög óæskilegt að hafa slíkar krónutölur bundnar í lögum, þannig að frv. þurfi að fara í gegnum þrjár umr. í Nd. og þrjár umr. í Ed., þ. e. lagabreytingaprósessinn allan, til þess að hægt sé að breyta slíkum krónutöluupphæðum. Ég held að það væri miklu nær að leggja þetta á vald félmrh., eins og raunar brtt. er komin fram um.

Ég vil aðeins í sambandi við ummæli hæstv. félmrh. áðan um þá hækkun, sem varð á bótagreiðslum almannatrygginga sumarið 1971 þegar gildistöku tekjutryggingarinnar, sem var nýmæli í þeim lögum, var flýtt um fjóra mánuði, taka fram að hæstv. ráðh. gleymdi að geta um það sem er meginatriði í málinu, að reikningurinn fyrir þennan kostnað er enn þá ógreiddur. Þegar ákvörðunin var tekin um að flýta gildistöku tekjutryggingarinnar um fjóra mánuði var ekki útvegað neitt fé til þess að það væri hægt, heldur var með þeirri ákvörðun gefin út innistæðulaus ávísun. Sú innistæðulausa ávísun hefur enn ekki verið greidd. Eins og nú standa sakir mun skuld ríkissjóðs við Tryggingastofnun ríkisins vera um 5 milljarðar kr., eða var það um s. l. áramót, og hún stafaði af þessari ákvörðun sem fyrirrennari hæstv. ráðh. og flokksbróðir, þáv. félmrh., tók sumarið 1971 án þess að hafa nokkurt fé til þess að greiða fyrir hana. Síðan eru menn búnir að velta þessari skuld á undan sér árum saman og engin ríkisstj. hefur treyst sér til þess að gera hana upp, með þeim afleiðingum að nú skuldar ríkissjóður Tryggingastofnun ríkisins um 5 milljarða kr. og meginhlutinn af þeirri skuld stafar af þeirri ákvörðun sem tekin var sumarið 1971 án þess að nokkurt fé væri fyrir hendi til þess að greiða þær tryggingabótahækkanir sem þar voru ákveðnar. Þetta held ég að hæstv. félmrh. ætti að muna og hvorki telja það sér né sínum flokki til sérstaks ávinnings að hafa tekið ákvörðun af þessu tagi.

Ég ætlaði mér ekki að ræða önnur mál undir þessum dagskrárlið. Hins vegar óskaði hæstv. ráðh. eftir því,

þegar hann beindi orðum sínum til mín áðan, að ég gerði það. Það er sjálfsagt að láta af því verða, þótt ég takmarki ræðutíma minn og stytti mál mitt, m. a. vegna þess að hér liggur fyrir þinginu till. til þál. frá skrifara þessarar d. þar sem hann segir að till. sé flutt til að bæta úr ástandi deilna. Ég held að það þyrfti mjög að bæta úr ástandi deilna hér í þinginu og ætla að gera mitt til þess, að úr ástandi deilna verði bætt, með því að verða ekki langorður um þessi mál að þessu sinni.

En það er ekki að ástæðulausu sem menn af góðum hug vilja gefa hæstv. félmrh. góð ráð. Hvernig skyldi standa á því? Auðvitað gefa menn þau ráð af heilum hug. Þau eru af góðum hug gefin, eins og hæstv. ráðh. tók fram. Ástæðan skýrist í því blaði af Tímanum sem ég er með hérna, frá 19. febr. s. l. Þar er rætt við einn af fremstu verkalýðsleiðtogum Alþb., Ingólf nokkurn Ingólfsson, fyrrum formann Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Og hvað segir Ingólfur? Hann segir, með leyfi forseta: „Það er ljóst, að þeir, sem ferðinni ráða (í Alþb.), telja betur komið málefnum flokksins án þessara manna (verkalýðsmannanna) en með þá innanborðs". Svo kemur innskot blaðamannsins: Nú gæti flestum sýnst að verkalýðsflokkur teldi æskilegt að hafa fulltrúa launþega innan flokksins. „Ekki sýnist það alltaf vera í reynd, enda ekki einsdæmi að menn skreyti sig með lánsfjöðrum," svaraði Ingólfur. „Verkalýðsforingjar mættu líka svo sem vel vera innan flokksins, en helst ekki þar í flokki sem þeir gætu haft einhver áhrif eða verið til erfiðleika."

M. ö. o.: Þessi verkalýðsforingi Alþb. segir að menn í pólitískri forustu þess flokks vilji ekkert hafa með ráð þeirra manna að gera sem hafa tileinkað sér reynsluþekkingu á efnahags- og atvinnumálum. En hann segir líka, hann vekur athygli á því, að í Alþb. hafi þeim mönnum ekki heldur verið hossað hátt sem sýnt hafi sérfræðilega innsýn í efnahagsmál. Þeir hafa yfirleitt verið lagðir til hliðar, þótt einhverjum gæti dottið í hug að eftirsókn væri eftir slíkum mönnum, einkanlega þegar flokkurinn hefur sig talsvert í frammi með spaklegum yfirlýsingum um stefnu í efnahagsmálum. M. ö. o.: hin pólitíska forusta Alþb. vísar ekki aðeins á bug ráðum þeirra, sem yfir reynsluþekkingu búa í efnahags- og atvinnumálum, heldur einnig ráðum hinna, sem yfir sérfræðilegri þekkingu búa sem þeir hafa aflað sér með skólagöngu. Og eins og hv. þm. Alþb., Guðmundur J. Guðmundsson, sagði í morgun í morgunútvarpi, þá standa spekingarnir eftir. Það er því ekki skrýtið þó menn vilji af góðum hug gefa þeim mönnum ráð og vekja af svefni, sem hvorki vilja tileinka sér ráð þeirra, sem yfir reynsluþekkingu búa í flokki sínum, né hinna, sem hafa aflað sér þekkingarinnar með menntun.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í sjálfu sér er það mál, sem hér er til umr., einfalt og auðskiljanlegt í framsetningu. Ég get strax sagt það, að ég fylgi þessu máli vegna þess að ég tek þetta frekast sem leiðréttingu á þegar orðnum hlut. Verðbólga sú, sem hér hefur ríkt, erlendar verðhækkanir, sem hafa átt sér stað, hafa valdið því, að í þjóðfélagi okkar hafa greiðslur tryggingabóta til þeirra aðila, sem eiga að njóta, ekki fylgt verðlagi í sama mæli og hefði þurft. En eins og hæstv. forseti tók fram hafa blandast inn í þetta nokkur „prinsip"-mál, sem vissulega varða þetta mál. M. a. hefur hæstv. trmrh. gefið ástæðu til þess að þetta mál verði nokkru frekar rætt og þá kannske nokkru víðtækar en aðeins í samhengi við þetta eina mál, og þá um leið vegna yfirlýsingar frá hæstv. fjmrh. um hækkun skatta til þess m. a., geri ég ráð fyrir, að standa undir ýmsum félagslegum umbótum.

Ég tek undir það með hæstv. trmrh., að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að ef við ætlum að stuðla að eðlilegri þróun í okkar þjóðfélagi, sem fylgi að nokkru leyti og þá af einhverri skynsemi öðrum þjóðum á þessum sviðum, þá verðum við að vera reiðubúnir að kosta fjármunum til þess. Hins vegar er ekki alveg sama hvernig við förum að því. Hæstv. ráðh. talaði hér um einhvern Mr. X sem hefði flutt till. með gati. Ég hef nú ekki enn þá komist að því, hvort þetta er Mr. eða Mrs. X, sem þarna var á ferðinni, en alla vega veit ég að hæstv. trmrh. og félagar hans hafa fengið gatið til fylgilags við sig í núv. hæstv. ríkisstj. Hvað um það, við verðum að gera okkur grein fyrir því, eins og ég sagði áðan, að við þurfum að standa undir félagslegum umbótum og þær kosta peninga. En það er auðvitað ekki sama hvernig farið er að í sambandi við kostnað þessara félagslegu umbóta. Við gerum okkur grein fyrir því, að það frv., sem hér er á ferðinni, mun kosta útgjöld fyrir ríkissjóð, hvort sem það verður á yfirstandandi fjárhagsári eða næsta. Ég geri því miður fremur ráð fyrir því, að ef þetta frv. fer til n. nú, að það nái ekki fram ef fylgt verður till. ráðh., sem maður hefur heyrt um, að ríkisstj. ætli að senda þingið heim rétt þegar það er að komast á laggirnar til starfa, meðan hér liggja fyrir óafgreidd til umr. mál svo tugum skiptir, t. d. í Sþ., þá eigi að senda þessa drengi, þessa 50 sem standa í kringum ráðh., heim eins og hverja aðra stráka sem hafi hér ekkert að gera meðan þeir ráða ráðum þjóðarinnar uppi í stjórnarráði. (Gripið fram í.) Ja, ég hef alltaf álitið þennan hv. þm. dreng góðan, sbr. baráttu hennar í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir því að fá samningana í gildi. Hins vegar hef ég heyrt lítið í hv. þm. hér á Alþ. um að fá samningana í gildi, enda skilst mér að í öllu loforðafargani hennar og hennar fylgismanna hér í sambandi við málefnasamning ríkisstj. sé alls ekki gert ráð fyrir efndum í því, miklu frekar hinu, að ef við ætlum að fara einhverja umbótaleið í félagsmálum hjá þessari þjóð, þá eigi að draga það frá launum manna, en ekki að það eigi að auka við launin.

Kem ég þá aftur að því, að það er auðvitað ekki sama hvernig að félagslegum umbótum er unnið. Við sjálfstæðismenn höfum aldrei nokkurn tíma lagt það til, að dregið væri úr þörfu framlagi þjóðarinnar, hvorki til heilsugæslu, menntamála né annarra slíkra verkefna sem þjóðfélagið þarf að sinna. Okkur hefur hins vegar greint á við aðra um það, hvernig að þessu er farið og hvort ekki væri hægt að vinna þetta á ódýrari og skynsamlegri hátt en oft hefur verið gert. Og ég vil fagna ummælum hæstv. trmrh., þegar hann sagði hér áðan eitthvað á þá leið, að það mætti margt gott til Sviþjóðar sækja, en hann væri samt sem áður ekki hrifinn af öllu sem þaðan kæmi — ég held ég fari a. m. k. efnislega rétt með hans orð. Undir þetta vil ég heils hugar taka, vegna þess að það eru allt of margir í þessu þjóðfélagi sem hafa talið að þeir hafi öðlast hina æðstu visku með því að leita til Svíþjóðar um allar fyrirmyndir til félagslegrar framþróunar hér norður á Íslandi, sem ég tel fjarri öllu lagi.

En vegna þess að bæði hæstv. ráðh. og hv. 7. landsk. þm. komu hér inn á nokkur atriði úr málefnasamningi ríkisstj., sem vissulega blandast inn í þær umr. sem hér hafa orðið. Bið ég hv. flm. frv., sem hér er til umr.,

afsökunar á því, að þeirra mál skuli tefjast vegna þessa, en það er m. a. vegna hótunar ráðh. um að senda þingið heim, að menn óska eftir að ákveðnum spurningum sé hér svarað, hvernig þeir ætli sér að uppfylla þau loforð sem þar eru gefin. Ég hefði t. d. talið fulla ástæðu til þess fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh., að hann hefði komið hér fram á þingi — áður en þingið væri sett í hugsanlegt eða væntanlegt hlé — með frv. sem liggur tilbúið á hans borði, um þjónustumál aldraðra, hjúkrunarheimili aldraðra o. fl. Þetta frv. hefur legið í rn. nokkrar vikur, en það var unnið af nefnd manna sem skipuð var af fyrrv. heilbr.- og trmrh. Ég held að það hefði ekki verið ónýtt fyrir ráðh. ef hann hefði áhuga á því að gera nokkra betrumbót á þessum málum. Ég tel fulla þörf á að þingið hefði fengið þetta mál til umfjöllunar í n. meðan á þinghléi stendur. Ég sé enga ástæðu til þess, þótt fundum Alþingis verði frestað, að nefndir þingsins leggi niður störf eða mæti ekki til leiks og vinni að þeim málum sem til nefnda eru komin.

Um þetta eina mál, vandamál aldraðra, get ég m. a. vegna þess að hv. 6. þm. Norðurl. e., Árni Gunnarsson, benti á það ófremdarástand sem ríkir í sambandi við löggjöf um fatlað fólk og öryrkja. Væri full ástæða til að vinna þau mál á sama hátt og reynt var að gera og byrjað var á í sambandi við öldrunarmálin, að ná þessum málum saman í einn málaflokk, í einn lagabálk, þar sem þeir, sem með þurfa að fylgjast, — ekki aðeins lagasmiðir, heldur hinir fjölmörgu sem að þessum málefnum vinna og þeir sjálfir sem hlunninda og bóta eiga að njóta samkv. gildandi lögum í þessum efnum, — geta gengið að viðkomandi ákvæðum á einum stað til að fylgjast með og finna það sem þarf. Það gefur enn frekar ástæðu til að spyrjast fyrir um þessi mál, að það kom fram í málgagni hæstv. forsrh. Gunnars Thoroddsens, Þjóðviljanum, í gær, að svokallaður félagsmálapakki, sem boðaður hefur verið, þegar reiknað hefur verið með u. þ. b. 30% verðbólgu, geti þýtt á næsta ári, ef loforðin koma þá til efnda, um 4 milljarða kr. eða um 60 þús. kr. á hvern launþega. Þetta mundu verða um 15—20 þús. kr. á hvert mannsbarn á næstu tveim árum. En nota bene — þessu fylgir, ef ég skil þennan loforðalista rétt, að engar grunnkaupshækkanir eigi að verða í þjóðfélaginu á þessu tímabili. Ef svo er ekki og þetta er rangt skilið hjá mér, þá vona ég að hæstv. ráðh. leiðrétti það og útskýri. Reyndar hefur hæstv. félmrh. útskýrt fyrir mér eitt atriði í sambandi við þennan stjórnarsáttmála, sem ég spurði hann um í persónulegu samtali, einmitt þennan kjara- og félagsmálaþátt.

Satt að segja hef ég ekki trú á að það, sem þar kemur fram og launþegum er lofað, nái frekar fram en allt það sem lofað var í tíð fyrrv. ríkisstj., ríkisstj. sömu flokka og nú stjórna landinu — að frádregnum krötunum, en viðbættum núllmönnunum sem svo voru nefndir hér áðan. Bendi ég m. a. í því sambandi á þá hlutfallsbreytingu sem varð í þeirra stjórnartíð á milli fiskverðs til fiskimanna hér á landi og kauptaxta verkamanna. Það var þó í tíð sjútvrh. Sjálfstfl., Matthíasar Bjarnasonar, eins og hefur reyndar verið um ótalin ár, það hlutfall þar á milli, að íslenskir fiskimenn væru prósentulega nokkru hærri en hinn almenni verkamaður í landi og kemur þetta til af mörgum eðlilegum ástæðum. Það kemur til bæði af vinnuaðstöðunni, þeirri vosbúð sem starfinu fylgir, hættu í starfi, fjarveru o. fl., o. fl. En það var svo undarlegt í tíð þessarar stjórnar alls verkalýðsins, að þetta snerist alveg við. Þetta hlutfall varð á þann veg og hefur verið síðan og fer ekki batnandi, að fiskverð til sjómanna lækkaði og varð undir í þessu hlutfalli, undir vísitölu kauptaxta, sérstaklega kauptaxta verkamanna. Ég veit að þannig má finna fleiri slík dæmi og reyndar var getið hér um eitt dæmi áðan. Það var frá Bandalagi háskólamanna um kvartanir þær sem frá því hafa komið í sambandi við afgreiðslu félagsmálapakka fyrrv. ríkisstj.

Nú vil ég taka það strax fram til þess að afstýra misskilningi og tefja ekki um of fyrir fundarstörfum, að margt af því, sem kom úr þeim félagsmálapakka til verkamanna og iðnverkamanna, var af hinu góða og var nauðsynlegt þeim til handa. Hins vegar endurtek ég þau orð mín fyrr í dag, að félagslegar umbætur til fólks í þessu landi þurfa ekki alltaf að nást fram í kaupslagi yfir búðarborð á milli ráðh. í einhverri ríkisstj. og pólitískra fylgisveina þeirra í verkalýðsfélögum.

Umr. frestað.

Efri deild, 43. fundur.

Fimmtudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Lántaka Framleiðsluráðs landbúnaðarins, frv. (þskj. 175, n. 185 og 188, 186,187). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. - Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv., sem hér er til umr., og meiri hl. n., sem skipaður er þm. þriggja flokka, þm. Alþb., Framsfl. og Sjálfstfl., leggur til að frv. verði samþ. með brtt. sem flutt er á þskj. 186, þar sem því er bætt við upphaflegan texta 2. gr. frv., að Byggðasjóður skuli á næstu 3 — 5 árum greiða allt að helmingi lánsins.

Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls hér í hv. Ed. var talið æskilegra af ýmsum að kveðið væri nánar á um greiðslu lánsins, og eftir athugun í n. og umr. milli flokkanna, sem að þessu nál. standa, eða þm. þeirra varð að samkomulagi að orða greinina á þennan hátt. Ég tel það sjálfur verulegan áfanga fyrir málefni landbúnaðarins að með þessum hætti sé viðurkennt að landbúnaður sé verulegur þáttur í eflingu og viðhaldi byggðar í þessu landi og hægt sé að skapa svo breiða samstöðu sem hér hefur náðst um þá fjármögnun sem þetta frv. kveður á um. Fulltrúi Alþfl. í n. skilar hins vegar sérálitiog mun hann væntanlega gera grein fyrir skoðun sinni við umr.

Ég vil sérstaklega þakka þeim meðnm. mínum í fjh.- og viðskn. sem unnu að því að koma þessu samkomulagi á, hv. þm. Framsfl. og Sjálfstfl., því að ég tel afar mikilvægt að öflug samstaða geti skapast um afgreiðslu málsins hér á Alþ. eins og sést í afgreiðslu meiri hl. fjh.- og viðskn. á málinu.

Það væri vissulega tilefni til að taka hér til umr. vandamál landbúnaðarins almennt, en ég ætla ekki að gera það þar eð boðað er að ríkisstj. muni beita sér fyrir því, að lögð verði fyrir þingið sérstök till. um framtíðarstefnumótun í landbúnaðarmálum, og þá gefst tilefni til að taka afstöðu til þeirra þátta. Sú fjármögnun, sem hér er til umr., er hins vegar greiðsla á gamalli skuld, ef svo mætti orða, og er nauðsynlegt að afgreiða hér með skjótum hætti. Það hefur dregist allt of lengi að málið yrði afgreitt, svo að hægt væri að takast á við framtíðarstefnumótun í landbúnaði með nokkurn veginn hreint borð.

Að svo mæltu vil ég endurtaka þakkir mínar til meðnm. minna allra fyrir afgreiðslu málsins og sérstaklega þeirra, sem standa að þessum meiri hl., og vænti þess, að hv. d. afgreiði málið á þennan hátt.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég flyt hér brtt. á þskj. 187, en jafnframt hefur verið dreift nál. á þskj. 188.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að íslenskur landbúnaður er í ógöngum. Þessum ógöngum má kannske lýsa í mjög fáum orðum með eftirfarandi hætti:

Öngþveitið í landbúnaði er í því fólgið að íslenskir bændur slíta sér út fyrir aldur fram við að framleiða vörur sem ekki eru seljanlegar nema til komi stórkostlegar niðurgreiðslur í formi útflutningsbóta sem greiddar eru með skattlagningu á fólkið í landinu. Niðurstaða þeirrar stefnu, sem hefur verið rekin, birtist því í ferþættri eða fimmþættri mynd. Við höfum fyrir okkur útslitna bændur, skattpíndan almúga til að greiða niður mat ofan í útlendinga, við höfum fyrir okkur lífskjaraskerðingu þjóðarinnar sem heildar og við höfum fyrir okkur glaðbeitta útlendinga sem njóta vitleysunnar og hlæja að henni. Og síðast en ekki síst göngum við á gróðurinn í landinu með ofbeit. — En þetta ástand, þessar ógöngur eða þetta öngþveiti, er auðvitað sorglegt því að það slítur út þjóðinni, bændum jafnt sem launþegum.

Það sorglegasta við þetta allt saman er að sífellt er troðinn sami hringurinn. Þrátt fyrir allt tal og umræður um vandamál landbúnaðarins er sama taktfasta, venjubundna hringrásin troðin. Það frv., sem ríkisstj. hefur nú flutt og hér er til umr., er einungis eitt skref enn í hringrás vanans og uppgjafarinnar — uppgjafar við stefnumótun. Þetta er með sama gamla markinu brennt, nefnilega að raunhæfum aðgerðum er skotið á frest, en peningum dælt til greinarinnar til stundlegrar friðþægingar. Menn kaupa frest, kaupa frið og velta málinu áfram, rétt eins og menn trúi því að vandamálið muni gufa upp eða leysast af sjálfu sér. Þó ættu allir að vita að til þess er engin von. Hitt er sönnu nær, að vandinn hefur sífellt magnast á undanförnum árum og hann mun að öllu óbreyttu stigmagnast á komandi árum.

Hér var talað um 1200 millj. fyrir ári umfram útflutningsbótahámark, 3000 millj. núna, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, er verið að tala um 7 milljarða í haust í aukareikning á ríkissjóð umfram þær útflutningsbætur sem að hámarki samkv. lögum teljast 10% af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða, en þær upphæðir, þessi 10% viðmiðun, voru 5.3 milljarðar á árinu 1979 og áætlast 8.5 milljarðar á árinu 1980. Við erum þannig í rauninni að tala um 8.3 milljarða kr. skattlagningu á þjóðina bara vegna útflutnings á afurðum vegna framleiðslu ársins 1978—1979 og þá væntanlega um 15 milljarða vegna framleiðslu ársins 1979 — 1980. Ég spyr: Á að halda þessu áfram með árlegri tvöföldun, eins og birtist í tölunum 8 — 15, þannig að næst verður þetta 30 og svo 60 milljarðar þar til landbúnaðurinn og allir bændur landsins eru múlbundnir á klafa ríkisframlaga, sem kreist eru út úr skattborgurunum því að ekki sækir ríkið fé sitt annað en í álögum á þjóðina? Og hvar stendur íslenskur landbúnaður við þessar aðstæður?

Það er sannfæring mín að nokkur sársauki nú og stefnubreyting út úr öngþveitinu sé áreiðanlega heilbrigðari og heillavænlegri en sú kvalafulla ringulreið og uppflosnun eða jafnvel sprenging, uppreisn fólksins gegn þessu kerfi, sem leiðir af óbreyttri stefnu. En ástandið, sem við búum við, og sú framtíðarsýn, sem við blasir, verður ekki bændum kennd, þeim verður ekki um ástandið kennt. Það er kerfið, sem við höfum búið okkur, sem óhjákvæmilega hefur haft og hlýtur að hafa þessar afleiðingar.

Hér hefur ríkt óheft framleiðslustefna. Sú stefna átti við fyrir nokkrum áratugum, en sá tími og það ástand er úr sögunni. Nú er sú stefna baggi á þjóðinni og á leiðinni að verða vítafen fyrir bændur þessa lands. En meðan þessi stefna ríkir hlýtur hver bóndi að bjargast sem best hann má og þá m. a. og ekki síst með framleiðsluaukningu. Það liggur í hlutarins eðli við þessa stefnumörkun. Það er því ekki við bóndann að sakast. Sökudólgarnir eru mennirnir í þessu húsi, alþm. og þingflokkar Framsfl., Sjálfstfl. og nú nýverið Alþb., sem bera ábyrgð á þessari stefnu og vilja viðhalda henni í ævintýralegum misskilningi á því, í hverju hagsmunir bænda og þjóðarinnar allrar eru fólgnir.

Alþfl. hefur sem kunnugt er um alllangt árabil barist fyrir stefnubreytingu í þessum efnum, — stefnubreytingu í þá veru að óarðbærum útflutningi á landbúnaðarafurðum yrði hætt og framleiðslan miðaðist við innanlandsþarfir. Á seinustu misserum þóttumst við Alþfl.-menn sjá merki þess, að aðrir flokkar væru að átta sig á að stefnubreyting af því tagi væri nauðsynleg, og svo mikið er víst, að launþegahreyfingunni og öllum almenningi er fyllilega ljóst að öngþveitið, sem þríflokkarnir hafa boðað, má ekki standa. En nú er að sjá sem þær týrur, sem kviknað höfðu hjá þessum flokkum þremur, séu að slokkna. Skal tvennt tilfært til að styðja þá röksemd:

Í fyrsta lagi verður lítið ráðið um vilja eða stefnumörkun til þessarar áttar af þeim orðum sem raðað hefur verið saman undir titlinum. „Stjórnarsáttmáli ríkisstj. Gunnars Thoroddsens". Í annan stað hélt hæstv. landbrh. ræðu á Búnaðarþingi nýverið sem gekk einmitt í þveröfuga átt og hverrar megininntak var meiri framleiðsla. — Við Alþfl.-menn vörum bændur og þjóðina alla við afleiðingum slíkrar mörkunar framleiðslustefnu. Þær afleiðingar verða hörmulegar. Til þess eru vítin að varast þau, en ekki að sökkva dýpra eins og hæstv. landbrh. virðist leggja til.

Með því frv., sem ríkisstj. hefur nú lagt fram og er hér til umr., eru bændur enn hafðir að ölmusumönnum án þess að nokkuð fleira komi til. Ég held að það sé ljóst, að bændur vilja ekki feta þá braut áfram með stighækkandi bakreikninga af þessu tagi. Sú brtt., sem ég mæli hér fyrir og hef lagt fram, felur hins vegar í sér breytta stefnumörkun og að koma þessum málum úr ölmusufarveginum. Hún nær ekki yfir nema hluta þeirrar stefnu-

breytingar sem nauðsynleg er, en hins vegar nær hún yfir mikilvægan þátt og þá þann þáttinn sem beint tengist því frv. sem ríkisstj. hefur flutt og hér er til umræðu þótt fyllsta ástæða hefði verið til ítarlegri tillöguflutnings hef ég látið það ógert að þessu sinni, heldur látið brtt. einskorðast við það svið sem beint tengist frv. ríkisstj. Hins vegar gefast væntanlega tækifæri síðar til að flytja tillögur um aðra þætti hinnar nauðsynlegu stefnumörkunar og þeirra nýju vinnubragða sem upp verður að taka í málefnum landbúnaðarins.

Við Alþfl.-menn höfum aldrei synjað fyrir að greiða gæti þurft úr stundarvanda með fjárútvegun eða fjárútlátum, en við höfum viljað binda það því skilyrði að skilmerkileg og fastbundin stefnubreyting til frambúðar næði fram að ganga. Það má orða þetta svo, að við höfum talið að útgjöld núna ættu að vera aðgöngumiði að framtíðinni eða aðgöngumiði að frambúðarlausn. Hinu er ekki að leyna, að við höfum talið og teljum hollast að bændur taki sjálfir á sig hluta vandans.

Í fyrsta lagi er ólíklegt, mjög ólíklegt, næstum ómögulegt, að tilkostnaður vaxi í beinu hlutfalli við afurðamagn í góðæri eða við framleiðsluaukningu, eins og kostnaðartölur, tekjuskerðingartölur og þar með þær tölur, sem skilgreina stærð vandans, gefa til kynna. Það vex ekki svo hratt. Í annan stað er ekkert sem mælir með því að bændur einir allra stétta skuli vera „stikkfrí" fyrir öllum vandamálum af tekjutagi eins og hér á við. Að vera þannig algjörlega „stikkfrí" er engri stétt hollt. Í sjávarútvegi er afli takmarkaður með ýmsum hætti. Sjómenn og útgerðarmenn láta sér lynda að búa þannig við minni tekjur um sinn en þeir gætu annars haft. Þeir gera það til að tryggja framtíðarafkomu sína og afkomuöryggi. Þeir leggja þannig sitt af mörkum í aðgangseyri að framtíðinni. Og hvort heldur menn telja takmarkanir of miklar eða of litlar, rétt eða rangt að þeim staðið er þó a. m. k. yfirgnæfandi meiri hluti þings og þjóðar á því að takmörkun verði að vera og þar með aðgangseyrir að framtíðinni í sjávarútvegi. Á sama hátt verður að ætla bændum að bera nokkurn hluta byrðanna af offramleiðslu landbúnaðarins og greiða þannig hluta aðgangseyris, þótt aðstæður geri á hinn bóginn eðlilegt að ríkið komi í þeim efnum og í þessari grein nokkuð til móts og útvegi nokkurt fé, t. d. með lánsábyrgð eins og hér er lagt til, svo hörmulega sem til hefur tekist um stefnumörkun af opinberri hálfu. En það á að gera því aðeins að hér sé um að ræða aðgangseyri að endurbættri stefnu sem skili árangri.

Um að byrðunum skuli deilt með þessum hætti má reyndar segja að ríkt hafi samstaða fyrir ekki alllöngu. Í svonefndri harðindanefnd, sem skipuð var fulltrúum allra flokka og skilaði áliti í byrjun ágústmánaðar s. l., birtist þessi skoðun með svofelldum hætti:

Vandinn, eins og það er orðað, var skilgreindur þá sem 4.5 milljarðar kr. Meiri hl. n. vildi mæta honum af opinberri hálfu að $^2/_3$ hlutum eða með 3 milljörðum kr. Minni hl., Eiður Guðnason alþm., vildi mæta honum með $^1/_3$ að viðbættum $^1/_2$ milljarði til að greiða fyrir að bændur, sem þess æsktu, gætu lagt niður búskap, eða alls með 2 milljörðum kr.

Nú er það svo, að „vandinn", sem svo er nefndur, hefur reynst samkvæmt nýjustu áætlunum 3.5 milljarðar kr. Samkvæmt áliti meiri hl. harðindanefndar ætti þá að mæta honum með sem nemur 2.3 milljörðum kr. af opinberri hálfu, en með 1.2 + 0.5 milljörðum samkv. tillögum Eiðs Guðnasonar. Auðvitað er ævinlega matsatriði hver sé réttlát deiling byrðanna, en í þeirri brtt., sem ég flyt hér, er farið bil beggja og valið bræðralag helmingaskiptanna og þannig gerð till. um helming af 3.5 milljörðum kr. í opinberri peningafyrirgreiðslu eða 1750 milljónir kr.

Nú er það svo, að í frv. því sem hér liggur fyrir, þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður ábyrgist allt að 3 milljarða kr. lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, er jafnframt tekið fram að ríkissjóður annist afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu að því leyti sem aðrir bjóðast ekki til að taka á sig greiðslurnar, svo notað sé orðalag hæstv. fjmrh. fyrir nokkrum dögum, en það verður að álíta harla ólíklegan kost. Þannig er um það að ræða samkv. þessu frv., eins og ríkisstj. hefur lagt það fram, að ríkissjóður lýsi því yfir fyrir fram og afli sér lagaheimildar til að standa undir greiðslu á láni sem aðili úti í bæ tekur með ríkisábyrgð.

Þessi aðferð er fordæmislaus eða á sér a. m. k. mjög hæpin fordæmi, og brýtur að líkindum í bága við lög nr. 52/1966, um ríkisreikninga, eða verður a. m. k. að teljast mjög vafasöm í samhengi við þau lög. Auk þess er hér farið inn á stórvarasama braut.

Tillögur meiri hl. n. um að Byggðasjóður greiði allt að helmingi lánsins breyta hér auðvitað engu um, enda getur Byggðasjóður reyndar samkv. því valið að greiða ekkert af láninu þar eð engin neðri mörk eru tilgreind á greiðslu af hans hálfu, heldur einungis talað um að hann skuli greiða „allt að" helmingi lánsins, en það vill svo til að talan núll er einnig þar innifalin. Frv. ríkisstj. og till. meiri hl. mega því ekki standa óbreyttar.

Sú aðferð er hins vegar að ýmsu leyti rétt, að Framleiðsluráð landbúnaðarins geti tekið lán til að standa straum af sveiflum í landbúnaðarframleiðslu. En þá er á hinn bóginn sjálfsagt að Framleiðsluráðið standi skil á afborgunum og vöxtum af því láni eins og aðrir lántakendur. Af þessum sökum er vitaskuld rétt að fella niður 2. gr. frv., eins og hún birtist af hálfu ríkisstj. eða meiri hl. n., og breyta jafnframt lögunum um framleiðsluráð landbúnaðarins þannig að Framleiðsluráðið geti tekið lán af þessu tagi og risið undir þeim.

Eins og ég sagði áðan er ljóst að sú offramleiðslustefna, sem ríkt hefur í landbúnaði, hefur leitt til ófarnaðar. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að breyta þegar um stefnu í þeim efnum og miða framleiðsluna við innanlandsþarfir. Þjóðin verður ekki skattpínd öllu lengur til að standa undir niðurgreiðslu á mat ofan í útlendinga, og bændur hafa vitaskuld ekki geð í sér til að gerast eilífir og sívaxandi ölmusumenn skattborgaranna og stefna þannig málum sínum í stórhættu. Fjárhagslega fyrirgreiðslu til úrlausnar á stundarvanda á því að tengja nýrri stefnumörkun í landbúnaðarmálum þjóðinni til heilla og lífskjarabóta jafnframt því að tryggja frambúðaröryggi og sjálfstæði bænda. Útgjöld á líðandi stund eiga því, eins og ég sagði, að vera aðgöngumiði að framtíðinni, en ekki skilyrðislaus ávísanaútskrift á skattþegnana, eins og frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir. Af þessum sökum er nauðsynlegt að því frv., sem hér liggur fyrir, verði breytt með tilliti til heillavænlegrar frambúðarstefnu.

Eins og ég gat um áðan hefur Alþfl. um alllangt árabil talað fyrir stefnubreytingu í þessum efnum og varað við því í hvert óefni væri komið. Nýverið hefur þessi stefnumörkun m. a. birst í till. flokksins um niðurtalningu útflutningsbóta, sbr. till. í stjórnarmyndunartilraunum

formanns flokksins, Benedikts Gröndals. Sú braut, niðurtalning útflutningsbóta, mun gæfusamleg fyrir bændur þessa lands og þjóðina í heild.

Til þess nú að greiða fyrir því, að lántaka á vegum Framleiðsluráðsins geti verið með eðlilegum hætti og stangist á engan hátt á við lögin í landinu, jafnframt því að tryggja stefnubreytingu í stjórn landbúnaðarmála og skynsamlega dreifingu á byrðum af stundarvanda, legg ég til í brtt. á sérstöku þskj. að brugðist verði við með ákveðnum hætti. Þessar till. fela í sér, að í stað 2. gr. frv. komi breyt. á framleiðsluráðslögunum sem nái einmitt þeim markmiðum að tryggja stefnubreytingu í stjórn landbúnaðarmála, að ná fram skynsamlegri dreifingu byrðanna og að tryggja að Framleiðsluráðið geti með eðlilegum hætti tekið lán af því tagi sem felst í 1. gr.

Nú kann hv. d. að þykja að langt sé sælst, og læddist sá grunur að mér að gagnrýna mætti hversu þinglegt væri að standa svona að málum, að breyta framleiðsluráðslögunum í þessu samhengi. Því bar ég þessi mál undir þann mann, sem fróðastur mun vera um þau, skrifstofustjóra Alþingis, og hann taldi að ekki væru meinbugir á því að standa að málum með þeim hætti sem ég hef hér gert, enda reyndar einmitt vitnað í 12. gr. laga um Framleiðsluráð í nefndri 2. gr. eins og hún kemur frá ríkisstj.

Meginatriði breytinganna, sem ég lít á sem meginatriði þess sem gera þarf á þessari stundu, eru breytingar á framleiðsluráðslögunum og eru þessar:

Í fyrsta lagi: Í stað ákvæða í gildandi lögum um hámark útflutningsbóta komi ákvæði um að ríkissjóður greiði Framleiðsluráði landbúnaðarins tilteknar fjárhæðir næstu fjögur ár í formi framleiðslu- og framfarastyrks, sem miðist við 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar fyrstu tvö árin, en lækki síðan um 1%-stig á ári næstu tvö ár þar á eftir.

Í öðru lagi þessum framleiðslu- og framfarastyrk skuli Framleiðsluráðið verja til eftirfarandi atriða:

a) útflutningsbóta samkv. sérstökum reglum, sbr. það sem ég mun rekja í 3. lið hér á eftir;

b) til að standa undir lánum sem ráðið kann að taka til afkomujöfnunar, sbr. fyrirliggjandi frv.;

c) til að greiða fyrir því að bændur, sem þess æskja, geti hætt búskap;

d)til að styrkja nýjar arðvænlegar búgreinar, svo sem ylrækt, garðrækt, fiskeldi og loðdýrarækt.

Í þriðja lagi er það nýmæli, að við ákvörðun útflutningsbóta skuli gilda eftirfarandi:

a) Hámark heildarupphæðar í þessu skyni sé 9% af heildarframleiðsluverðmæti næstu tvö árin, en þar á eftir 8% og síðan 7% af heildarframleiðslu á sauðfjár - og nautgripaafurðum.

b) Útflutningsbætur fari aldrei fram úr 100% af útflutningsverði af hverri einstakri sölu.

Með þessum hætti verður Framleiðsluráðið sjálfstæður stjórnunaraðili innan þeirra marka sem lögin setja og fær svigrúm til að ryðja braut nýrri stefnumörkun, jafnframt því að geta staðið undir greiðslum á lánum eins og fyrirliggjandi frv. gerir ráð fyrir.

Hér er sem sagt um tvíþætta niðurtalningu að ræða: annars vegar er tekið upp það nýmæli, að sérstakur framleiðslu- og framfarastyrkur sé veittur til Framleiðsluráðsins sem fari stiglækkandi á næstu árum, að vísu mjög hægt, en hins vegar að þessum styrk megi verja til fjölþættra verkefna, þ. á m. til útflutningsbóta, en þó sett ákveðið hámark á útflutningsbæturnar, sem í raun-inni eru einu prósentustigi lægri hvert ár en gert er ráð fyrir að framleiðslu- og framfarastyrkurinn nemi.Þennan mismun, 1%, getur ráðið notað til að standa undir lánum af því tagi sem hér er verið að taka og skortir mjög tilfinnanlega að ráðið geti tekið í raun og sannleika, eins og málin eru nú í pott búin af hálfu ríkisstj. Ráðið getur notað hluta af mismuninum til að greiða fyrir því, að bændur, sem þess æskja, hætti búskap, og til að styrkja nýjar og arðvænlegar búgreinar. Framleiðsluráðið verður þannig sjálfstæður stjórnunaraðili innan þessara marka, og með þessum hætti er engin hætta á að dregið verði í efa að hér sé löglega að farið með því að veita lán af því tagi sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv.

Það væri vissulega ástæða til að reifa ýmislegt annað varðandi stefnumörkun í landbúnaði í þessu samhengi Ég skal stytta mál mitt mjög í þeim efnum, en ég get ekki stillt mig um að minna á fáein atriði í þessu sambandi.

Fyrir utan það, sem hér er sett fram, er áreiðanlega nauðsynlegt að endurskoða verðlagningarkerfi búvara þannig að greiðsla fyrir afurðirnar standi í beinu sambandi við söluverðmæti þeirra og markaðsaðstæður. Í þessu sambandi held ég að kanna eigi sérstaklega að koma á samningum milli bænda og mjólkurvinnslustöðva um mismunandi verð á mjólk, stórmismunandi verð á mjólk eftir árstíðum, og stiglækkandi verð á mjólk með auknu framleiðslumagni. Í öðru lagi og á sama hátt þarf að koma á samningum milli dilkakjötsframleiðenda og sláturleyfishafa um stiglækkandi verð á dilkakjöti með auknu framleiðslumagni. — Þetta eru áreiðanlega brýn verkefni að því er varðar verðlagningarkerfi búvara. Auk þess er vafalaust nauðsynlegt að gera þann uppskurð á verðlagningarákvörðun búvara að greinileg skil verði á milli í verðlagningunni að því er varðar verð til bænda, þ. e. skil á milli bænda og vinnslustöðva.

Í annan stað er vafalaust nauðsynlegt — og brýn nauðsyn, að fjárfestingarstefnan í landbúnaði verði tekin til endurskoðunar og miðist beinlínis að því að koma í veg fyrir framleiðsluaukningu. Jarðræktarframlög ætti þannig að afnema í áföngum á næstu þremur árum eða svo, og hluta af því, sem þannig sparast, mætti verja til sams konar verkefna og ég hef talað um hér áður, til nýrra búgreina, svo sem garðyrkju, ylræktar, fiskeldis og framleiðslu á svína-, hænsna- og nautakjöti, og í annan stað til að aðstoða bændur, sem þess æskja, að hverfa frá búskap. Jafnframt ætti auðvitað að sjá til þess, að fjárfestingarlán verði á þessu stigi ekki veitt til nýframkvæmda við peningshús yfir nautgripi og sauðfé, og enn fremur er ekki ástæða til að veita fjárfestingarlán til nýframkvæmda við vinnslustöðvar landbúnaðarins á næstu árum.

Ég vildi einungis drepa stuttlega á þessi atriði vegna þess að ég tel þau mjög mikilvæg að því er varðar stefnumörkun í landbúnaðarmálum. Ég skal svo ekki tefja d. með lengri ræðu um þetta mál. En ég bendi enn á þá meginþætti sem felast í þeim brtt. sem ég hef lagt fram.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir lægri fjárhæð sem lánuð yrði og veitt ríkisábyrgð út á, 1750 millj. kr. í stað 3000 millj. kr. Í öðru lagi er tekin upp ný stefnumörkun í landbúnaðarmálum, nýtt stjórnunarkerfi, þar sem sjálfstæði bænda, innan þess ramma sem þar er markaður, er aukið. Framleiðsluráðinu er gert kleift, ekki bara núna, heldur í framtíðinni, að standa undir lántökum til sveiflujöfnunar þegar því sýnist svo og það treystir sér til

að standa undir lántökum af þessu tagi. Það kann að vera gott til sveiflujöfnunar. Það fær svigrúm til að stuðla að framförum í greininni. Jafnframt getur það varið ákveðnu hámarki af því fé, sem það fær þannig í framleiðslu- og framfarastyrk, til útflutningsbóta. Það verður svo í hag bændanna sjálfra að draga í áföngum úr því, sem þannig fer í að greiða niður mat ofan í útlendinga, og geta fengið meira fé handa á milli til framfara í greininni stig af stigi.

Ég tel að með frv. svona breyttu væri stigið verulegt framfaraspor í málefnum íslensks landbúnaðar til heilla fyrir bændur þessa lands og þjóðina alla.

Íslenskur landbúnaður er í ógöngum, sem birtist í útslitnum bændum, í ofnýttu gróðurlendi, í skattpíndum almúga og í þjóðfélagslegri lífskjaraskerðingu. Þrátt fyrir mikla umræðu um þennan vanda er sífellt troðin sama taktfasta, venjubundna hringrásin. Fyrirliggjandi frv. ríkisstj. óbreytt mundi vera enn eitt skrefið í hringrás vanans og uppgjafarinnar, þar sem raunhæfum aðgerðum er skotið á frest, en stundleg friðþæging keypt á kostnað skattborgaranna. Í þeim brtt. sem ég legg fram, er lagt til að þessi vítahringur vitleysunnar verði rofinn, bændur fái sjálfstæði um ákvörðun mála sinna innan stefnumarkandi ramma og skattborgurunum verði tryggt að þeim sé ekki ætlað að standa undir óarðbærri framleiðslu til frambúðar. Útgjöld núna, miðað við skynsamlega dreifingu byrðanna milli bænda og fólksins í landinu í heild, eru skoðuð sem aðgangseyrir að frambúðarstefnu á skynsamlegum grunni. Ég legg því til að frv. verði samþ. með þeim breyt. sem birtast á þskj. 187.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 192, og að athuguðu máli hef ég ákveðið að draga hana til baka að sinni og ræða hana ekki frekar við þetta tækifæri.

Ég get ekki stillt mig um í sambandi við þær umræður, sem hér hafa farið fram, og í tilefni af ádeilum hv. 2. þm. Reykn., Kjartans Jóhannssonar, á það kerfi sem ríkir í landbúnaðinum, þ. e. uppbótakerfið, að rifja upp með örfáum orðum hvernig og hvenær þetta kerfi varð til. Það er nákvæmlega 20 ára gamalt á þessu ári. Það varð til á árinu 1960. Menn skyldu halda að það hefði verið Framsfl. sem stóð að því að koma á þessu kerfi, en það var nú eitthvað annað. Það var Alþfl. ásamt Sjálfstfl. sem kom á þessu kerfi, tók upp útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir. Þetta gerðist í ríkisstj. sem var starfandi 1960 og starfaði raunar lengi síðan, og það var undir forustu Ingólfs Jónssonar þáv. landbrh. En það var ekki hægt að koma þessu máli fram þá nema með samþykki Alþfl., þannig að Alþfl. hefur sennilega ráðið úrslitum um að þetta kerfi var tekið upp. Á þetta vil ég minna. (**Gripið fram í:** Voru framsóknarmenn þá andvígir þessu?) Við töldum rétt að haga málum þannig að verja þessu fé til að greiða niður kostnaðarþætti landbúnaðarins til að hægt væri að selja landbúnaðarvörur við lægra verði innanlands. Það var stefna okkar í þessum málum. En síðan eru 20 ár og þetta kerfi hefur auðvitað reynst hvetjandi til útflutnings. Það er alveg ljóst og það má öllum vera það ljóst, enda viðurkennt, að hér er vissulega við vanda að fást. Það ber að snúast við honum, það er viðurkennt. Ég get vitnað til starfa fyrrv. landbrh., Steingríms Hermannssonar, í þeim efnum, án þess að ég fari að rifja það nánar upp hér. En ég get ekki stillt mig um það við þessa umr. að minna á forsögu þessa máls, að Alþfl. er á vissan hátt í þessu máli að vinda ofan af sjálfum sér.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er, eins og kunnugt er, flutt af hæstv. fjmrh., enda fjallar það um ábyrgðar- og greiðsluheimildir ríkissjóðs vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Frv. var lagt fram s. l. mánudag og kemur nú fyrst til 2. umr., þrátt fyrir að þess væri mjög óskað að frv. gengi fram með skjótum hætti. Ég vil taka það fram, að ég hef lagt á það mikla áherslu að frv. þetta geti náð afgreiðslu og orðið að lögum áður en þinghlé hefst, sem væntanlega verður um þessa helgi. Því miður hefur sá dráttur, sem hér hefur orðið á afgreiðslu þessa máls, og málatilbúnaður, sem þessu máli er samfara, gert horfur á afgreiðslu þess fyrir næstu helgi harla slæmar. Ég vil eigi að síður þakka meiri hl. n. fyrir að hafa náð svo víðtækri samstöðu sem þar kemur fram og þakka n. fyrir að hafa á ýmsan hátt lagt sig í líma við að greiða fyrir þeirri samstöðu sem náðst hefur.

Ég tel ekki ástæðu til að hefja um þetta mál langar umræður. Allir þekkja forsögu þess. Mál þetta bar á góma í ýmsum myndum þegar á 100. löggjafarþinginu og náði þá eigi afgreiðslu. Það voru flutt þmfrv. um þetta mál á síðasta Alþ. og þegar á þessu alþ., en ríkisstj. tók ákvörðun um að flytja frv. í því formi sem það er í nú. Þetta frv., sem hér liggur því fyrir til 2. umr., er þess efnis að greiða úr skuld sem myndast hafði á síðasta ári. Þetta frv. er flutt til að bæta úr arfleifð sem núv. ríkisstj. tekur við af þeirri hæstv. ríkisstj. sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sat í fyrir fáum mánuðum.

Ég tel ekki ástæðu til að hefja hér umræður um stefnu í landbúnaði. Ég tel að þær brtt., sem fram hafa komið frá hv. 2. þm. Reykn., séu sumpart þess efnis, að þær megi vel skoða í sambandi við stefnumálin í landbúnaði, en þær eiga lítið erindi með þessu frv. Þetta frv. er óháð stefnu í landbúnaði. Þetta frv. er til að bæta úr bráðabirgðaástandi, til að bæta úr vanda sem hlaðist hefur upp, — vanda sem við hefur verið að etja allt s. l. ár og hefur þegar verið dregið of lengi að bæta úr.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson hafði hér mörg orð um landbúnaðarstefnuna sem vissulega væri ástæða til að gera að umtalsefni. Ég vil þó ekki gera það nema með sem allra fæstum orðum.

Hann sagði að landbúnaðarstefnan væri í ógöngum, afleiðingar þess væru útslitnir bændur, skattpíndur almúgi í landinu, sem hv. þm. er sjálfsagt gleggsta dæmið um sjálfur, glaðbeittir útlendingar, sem nytu þess að fá ódýrar og góðar vörur, og ofbeitt gróðurlendi. — Þetta voru þau einkunnarorð sem hv. 2. þm. Reykn. valdi landbúnaðinum og landbúnaðarstefnunni. Ég tel að á ýmsan hátt sé ómaklega og illa að orði komist.

Ég tel að í þessu frv. birtist t. a. m. á engan hátt stundleg friðþæging, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson orðaði það. Hér er verið að greiða úr máli sem er m. a. erfðasynd frá þessum hv. þm. þegar hann var ráðh. Það er nauðsynlegt, að áður en ný stefna tekur að verka í landbúnaði sé búið að gera nokkurn veginn hreint borð miðað við það ástand sem nú ríkir.

Hv. þm. tók svo til orða, að vandamálum hefði verið skotið á frest. Það er sannarlega vel að orði komist, því að hvort tveggja var, að sú hæstv. ríkisstj., sem sat í 13 mánuði og hv. þm. var ráðh. í, skaut þessu máli á frest, en einnig og ekki síður sú bráðabirgðastjórn, minnihlutastjórn Alþfl., sem settist að völdum í októbermánuði s. l.

og sat til 8. febr. Hún skaut sannarlega málum á frest. Í hennar tíð hlóðust upp vandamál bæði að því er snertir landbúnaðinn og aðra þætti þjóðmála. Aðkoma núv. ríkisstj. var því sannarlega ekki glæsileg eftir þá stjórnarsetu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar.

Ég vil aðeins segja það um þetta mál, að núv. ríkisstj. hefur boðað að hún muni birta stefnu sína í málefnum landbúnaðarins. Enn hefur ríkisstj. ekki setið nema tæpan hálfan mánuð. Enn er þess vegna ekki hægt að krefjast þess að hún hafi fullmótað þá stefnu sem hún hyggst starfa eftir í landbúnaðarmálum. Ég vil því ekki segja margt um þá stefnu að þessu sinni, en með þeim orðum hv. þm., þar sem hann vitnaði til ræðu minnar á Búnaðarþingi, að þar hefði verið talað í þveröfuga átt við það sem hann taldi að helst hefðu heyrst skynsemisraddir um á síðustu mánuðum og misserum, kann að vera að hann eigi við þá þætti í ræðu minni sem fjölluðu um að í sambandi við stefnumótun í landbúnaði þyrfti að taka til athugunar hagkvæmni umframframleiðslu í landbúnaði fyrir þjóðfélagið í heild, það þyrfti t. a. m. að fá úr því skorið hvort ekki væri þjóðinni hagstætt, þegar allt kemur til alls, að nokkru meira væri framleitt af sauðfjárafurðum en þjóðin neytir af kjöti með tilliti til þess mikla vinnumagns sem kjötframleiðslunni er tengt, þeirrar miklu þjónustu og ýmiss konar atvinnu, þeim iðnaði sem er ein helsta grein útflutningsiðnaðarins, svo nokkuð sé nefnt, sem yrði stórum að draga saman ef þessi atvinnugrein miðaðist aðeins við innanlandsmarkaðinn. Ef það er í munni hv. 2. þm. Reykn. að stefna í öfuga átt að leita svara við því, hvað þjóðfélaginu er hagstætt, þá er það glöggt dæmi þess hvað vel menntaðir skrifborðsmenn geta látið sér um munn fara þegar þeir ræða málefni atvinnustétta í landinu. Og þetta er glöggt dæmi þess, hvernig spekingar Alþfl. hafa talað árum saman um málefni landbúnaðarins.

Ég tel ekki ástæðu til að skipta orðum við hv. þm. um málefni landbúnaðarins að neinu verulegu marki út af þeirri ræðu sem hann hefur hér flutt. Ég vil enn leggja á það áherslu, að hv. deild hraði afgreiðslu þessa máls, og ég vil ljúka máli mínu með því að segja, að ég styð þá brtt., sem flutt er af meiri hl. n., og vænti þess, að málið nái afgreiðslu eins og það liggur fyrir frá meiri hl. hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Hv. þdm. og raunar þm. allir hafa síðustu klukkutímana orðið varir við og fylgst með næsta óvanalegum vinnubrögðum í hinu háa Alþingi, en þó ekki einstæðum. Þannig er mál með vexti, að mikill meiri hluti þingsins hefur lýst yfir að hann sé reiðubúinn að afgreiða það mikilvæga mál sem hér er til umr. áður en menn fari í frí. Að því er Sjálfstfl. varðar hefur verið gerð um það flokkssamþykkt að gera allt sem í hans valdi stendur til að greiða fyrir framgangi þessa máls, og í morgun samþ. við fjh.- og viðskn.-menn Sjálfstfl. þá brtt. sem fram kom frá formanni nefndarinnar. Sérstaklega var að því spurt, hvort ekki væri samkomulag í ríkisstj. um þá breytingu. Upplýst var að samband hefði verið haft við formann Framsfl., hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. og þess vegna bæri að líta svo á að þetta væri mál ríkisstj. Við samþ. þessa brtt. og raunar aftur breyt. á henni og skrifuðum upp á nál. fyrirvaralaust.

Önnur brtt. kom fram frá formanni nefndarinnar í gær. Hún var um það, að einungis skyldi heimilt að taka innlent lán. Við studdum það, enda væri miklu eðlilegra að taka til þessa innlent lán en erlent, þó að vissulega megi kannske segja að menn eigi að horfast í augu við raunveruleikann, þegar svona erfiðleikar steðja að, og finna a. m. k. að einhverju leyti aðrar leiðir, þ. e. að ríkissjóður sjálfur axli slíkar byrðar. En um þetta má auðvitað endalaust deila. En formaður nefndarinnar, sjálfsagt til sátta við einhverja innan eigin flokks eða við einhvern í hinum stjórnarflokknum, Framsfl., tók svo aftur til baka þessa till. og hélt því opnu að taka mætti erlent lán. Við sjálfstæðismenn samþ. það og höfum líka flokksfyrirmæli um að gera allt sem í okkar valdi stendur til að þetta mál nái fram að ganga áður en þm. fara í frí.

En þá er það að hæstv. viðskrh. varpar hér fram brtt., að mér skilst að meðráðh. og formanni fjh.- og viðskn. a. m. k. forspurðum, án þess að þeir hafi hugmynd um það, og vill breyta því sem samkomulag var orðið um. Þá upphefst hér, eins og menn urðu varir við, mikill gauragangur meðal ráðh. og ráðamanna í stjórnarflokkunum, þannig að jafnvel voru köll á milli manna, og engum þm. gat dulist að nú var stjórnarherrunum mikið niðri fyrir og hver deildi þar við annan.

Þá berast þau tíðindi, að það eigi að slíta fundi í hv. Ed. án þess að málið fáist rætt. Ég tilkynnti þá forseta deildarinnar að ég mundi kveðja mér hljóðs um dagskrá og krefjast þess, að staðið yrði við það, sem okkur hefur verið sagt, sjálfstæðismönnum, og ég held öllum þm., að þetta mál ætti að afgreiða frá Alþ. áður en þinghlé yrði gert. Það næsta, sem gerist, er að hæstv. viðskrh. dregur til baka till. sína, en undirstrikar að hann beri hana til baka að sinni. Málið er sem sagt ekki leyst. Það á að vinna sér einhvern gálgafrest eða tefja málið eins lengi og unnt er. Og það næsta sem gerist við þetta er að látið er berast út að Nd. ætli alls ekki að taka málið fyrir þó að við afgreiðum það nú hér á stundinni, það eigi bara að drepa það þar eða alls ekki að taka það á dagskrá. Ekki trúi ég að þetta sé satt, en þó er boðaður fundur í Sþ. kl. 17.00 og kannske á þar að ákveða þingfrestun.

Ég sagði áðan að þetta væru mjög óvanaleg vinnubrögð, og þau eru það í hæsta máta og mjög vítaverð. A. m. k. verðum við stjórnarandstöðumenn, að líta svo á, sem höfum gert um það flokkssamþykkt að greiða fyrir þessu máli með öllum ráðum, og við erum reiðubúnir að sitja hér í alla nótt og allan daginn á morgun og alla helgina, ef svo langan tíma tekur að sætta stjórnarliðið.

En þó þetta séu óvanaleg vinnubrögð eru þau ekki einstæð. Nákvæmlega sama gerðist í fyrravor í nákvæmlega sama málinu. Sjálfstæðismenn höfðu þá flutt till. um að þessir 3 milljarðar yrðu greiddir bændum. Hún var felld af stjórnarliðinu í heild og það með hlátrasköllum. Síðan, þegar reynt var að koma fram annarri till. sem stjórnarliðar þóttust standa að, er málinu forklúðrað vísvitandi og það fæst ekki tekið á dagskrá á lokadögum þingsins. Síðan skjóta menn sér bak við að hér hafi verið það sem kallað er útganga. Og það hefur verið rangtúlkað svo að með ólíkindum er að menn skuli ekki enn í dag vita hvað þar gerðist.

Það, sem gerðist, var að forseti Nd. beitti alvitlausum úrskurðum og þm., hver um annan þveran, mótmæltu ýmist úr sætum sínum eða úr ræðupúlti, raunar eftir að atkvgr. hafði farið fram, og þá segir forseti Nd., Ingvar Gíslason, með leyfi forseta, orðrétt:

„Ég vil enn endurtaka það, að ég tel að þessi atkvgr. hafi farið rétt fram og að þessi till. geti staðist alveg

sjálfstætt, eins og ég hef hér lýst og borið mig saman við kunnáttumann á vegum þingsins í því efni. Ég tel að það sé ekkert því til fyrirstöðu að þetta fari saman, og ég mótmæli því, að hér hafi nokkur bolabrögð verið höfð í frammi eða að ég hafi á nokkurn hátt staðið óeðlilega að þessari atkvgr. Hv. þd. hefur með þátttöku sinni í atkvgr. staðfest það, sem ég hef hér gert, og ákveðið sjálf hvernig fara skuli með."

Þá stóðu þm. upp til mótmæla. Ég á ekki sæti í Nd., en ég heyrði, að eitthvað var að gerast, og fór í dyrnar og hlustaði á þessi orð. Hann rak mennina út. Það var enginn kominn til með að segja hvort þeir yrðu eina mínútu eða tvær, en málið var tekið af dagskrá og fékkst aldrei tekið fyrir aftur. Nákvæmlega það sama er að gerast hér núna og þó enn þá meira áberandi.

Ég trúi því að vísu ekki að þessi dagur endi svo, eða morgundagurinn, að menn heykist ekki á þeim bolabrögðum sem hér er verið að reyna að fremja. Og ég þekki þá illa hæstv. landbrh. ef hann lætur bjóða sér það. Hann hefur fyllsta stuðning hvers einasta manns í Sjálfstfl. til að láta þetta ekki gerast.

Það er búið að draga það í kringum eitt ár að bændur fái þessa 3 milljarða, sem 5/6 hlutar þingsins alla vega hafa lýst yfir að þeir telji þá eiga. Og hvað eru þessir 3 milljarðar í fyrra orðnir mikið núna? Kannske í kringum 1.5 milljarða eða eitthvað slíkt. Og þá fæst ekki einu sinni afgreiddur þessi helmingur af því sem bændur áttu rétt á og eiga rétt á. Þó fóru þeir ekki fram á nema um það bil 2/3 af því tjóni sem þeir höfðu orðið fyrir. Það eru laun bóndans í landinu, sem svona er farið með, og Alþ. ætlar að halda þessu áfram. Mér skilst að það liggi fyrir. Ég mótmæli því og mun gera það áfram og Sjálfstfl. í heild. Menn eru ekkert of góðir til að sitja hér fram eftir kvöldi og fram á nótt og reyna að ná sáttum í þessari vandræðastjórn, þessari uppákomu, eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson réttilega nefnir þetta stjórnar- ja, hvað eigum við að segja? — sleppum seinni hluta orðsins.

Þó mig langi til að ræða mjög margt efnislega um þetta ætla ég einungis að ræða hér þessi formsatriði, vegna þess að þau eru vissulega svo alvarlegs eðlis að við það verður ekki unað. Svona vinnubrögð geta með engu móti gengið.

Ég sagði áðan að peningarnir væru kannske ekki nema helmingurinn af því sem bændur áttu að fá í fyrra. Þeir verða að fá þetta fé og þeir verða að fá það strax. Og það er mikils virði að það verði bændur sem fái þetta fé, en það stöðvist ekki svo og svo lengi í verslunarfyrirtækjum, eins og er með fjármuni bændastéttarinnar í mjög ríkum mæli. Það er ánægjuefni að nú situr í sæti landbrh. maður sem stóð að till. um beinar greiðslur til bænda. Ég veit að hann mun fylgja því máli fram að láta ekki lengur viðgangast að þeir fjármunir, sem bændur eiga, brenni upp í verðbólgu vegna þess að þeir eru frystir inni í Sambandi ísl. samvinnufélaga og notaðir til að byggja verslunarhallir í Reykjavík og til marghátt aðs brasks. Það er ánægjuefni að við skulum nú hafa landbrh. sem hugsar fyrst og fremst um landbúnaðinn, en ekki einhverja aðra hagsmuni óskylda bændum. Ég lýsi fyllsta trausti á störf hans, og við sjálfstæðismenn munum reyna að gera allt sem í okkar valdi stendur til að styðja þann mann þótt við styðjum að sjálfsögðu ekki uppákomuna, ríkisstj.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. — Ég ætla ekki að fara að ræða landbúnaðarmálin efnislega núna og raunar ekki formhlið þessa máls eða það sem virðist vera að gerast hér núna. Hv. 5. landsk. þm. hefur gert það. En mér þykir ekki nægilegt fyrir þessa hv. deild að heyra einhvern áväning um það sem sagt er að hafi gerst áðan á göngum í þinghúsinu. Mér finnst að þessi deild þurfi að fá skýringar á því hvað veldur, ef nú á að fresta afgreiðslu þessa máls. Ég veit ekki betur en ég og aðrir nm. í hv. fjh.- og viðskn. höfum legið undir þrýstingi, ef svo mætti segja, til að ljúka afgreiðslu þessa máls frá nefndinni, við höfum lagt okkur fram um að fá sem mesta samstöðu um málið, og það hefur verið sagt við okkur fram að þessu að málið eigi að afgreiða áður en gert verður þinghlé. — Ég læt mér ekki nægja að heyra einhvern áväning um það sem menn kunna að segja um þessi efni hér á göngunum. Ég ætlast til þess að hv. deild verði sýnd sú tillitssemi að segja henni hvað veldur þessari breytingu, ef um breytingu er að ræða.

Hæstv. landbrh. talaði hér áðan. Ég gat ekki merkt af orðum hans að það væri endanlega ákveðið að fresta afgreiðslu þessa máls núna. Hann sagði eitthvað á þá leið, að það væri erfitt að koma málinu fram, en í orðum hans fólst ekki að frestun væri endanlega ákveðin. Hann lauk ræðu sinni með því að segja að hann skoraði á hv. deild að ljúka afgreiðslu þessa máls sem fyrst. Hvað þýðir þetta? Ég vil leggja þann skilning í þetta, að hæstv. landbrh. óski eftir að málið verði núna afgreitt. Ég get ekki lagt annan skilning í það. Hann leiðréttir það ef svo er ekki.

En ég vil leyfa mér að fara fram á það, ef hæstv. landbrh. gefur ekki skýringu á þessu, að þá geri það einhver úr ríkisstj. (Gripið fram í.) Nú sé ég að hæstv. forsrh. gengur í salinn. Mér finnst að nauðsynlegt sé að það séu tekin af öll tvímæli um hvað á að gerast hér og ef á að fresta þessu máli, hvers vegna. Eftir hvers ósk er það að fresta á þessu máli? Ég vænti þess að hæstv. forsrh. gefi skýringar á þessu.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég hélt að það hefði ekki farið fram hjá neinum alþm., að ríkisstj. hefur óskað eftir að nokkurt hlé yrði á fundum Alþingis. Það hefur verið gert ráð fyrir hálfs mánaðar hléi. Að vísu kemur ein vika þar af sjálfu sér, þar sem er Norðurlandaráðsþing sem haldið verður 3.—7. mars. Það hefur verið föst venja, þegar það þing er háð hér í Reykjavík, að fundir Alþingis falla niður þá daga. Það sama verður að gerast nú þegar af þeirri ástæðu að Norðurlandaráð þarf á húsakynnum Alþingis að halda.

Ástæðan til þess, að ríkisstj. hefur farið fram á nokkurt hlé á fundum þingsins umfram þá vikufrestun sem stafar af Norðurlandaráðsþingi, er sú, að hún telur þörf á því að fá tíma og næði að undirbúa viss mál. Er það auðvitað fyrst og fremst fjárlagafrv. og mál sem standa í sambandi við það. Þetta ætti engum að koma á óvart. Slíkt hefur verið gert áður, þegar ríkisstj. hefur tekið við á miðjum þingtíma eða miðjum vetri, og þarf ekki fredari skýringa við.

Ætlunin var hins vegar, þegar óskað var eftir þinghléi, að tvö mál yrðu afgreidd áður en til þess kæmi. Annað var frv. um breytingar á skattalögum frá 1978, og það er þegar afgreitt frá Alþingi. Hitt er það frv. sem hér liggur fyrir.

Nú er komið í ljós, að í þessari hv. deild og þeirri nefnd, sem fjallað hefur um málið, er verulegur ágrein-

ingur og ekki líkur til annars en að miklar umr. verði hér um málið og þá ekki síður í Nd. Það er því nokkuð ljóst að hæpið er að þetta frv. gæti náð afgreiðslu í Alþ. fyrr en eftir helgi eða einhvern tíma í næstu viku.

Þessi er ástæðan til þess, að ekki þykir möguleiki á því, áður en til fyrirhugaðrar fundarfrestunar kæmi, að ljúka þessu máli. Ég vænti þess, að þetta séu nægar skýringar á því sem spurt var um.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. komst svo að orði, að hann hefði haldið að engum kæmi á óvart að það stæði fyrir dyrum þinghlé. Ég gaf ekkert tilefni til að ætla að mér kæmi það á óvart. Ég minntist ekki á að mér kæmi það neitt á óvart. Okkur kemur það ekkert á óvart. Það sem kemur á óvart er að það skuli vera hlaupið frá afgreiðslu þessa máls.

Hæstv. ráðh. hefur nú gefið þá skýringu, að ágreiningur Alþfl. valdi því að málið nái ekki fram að ganga fyrir þinghlé. Ég stóð í þeirri meiningu, að leitað hefði verið eftir samkomulagi þingflokkanna um þetta þinghlé. Ef ég man rétt hefur mér skilist að Alþfl. hefði ekkert við það að athuga. Ég læt mér ekki detta í hug, að ef það er samkomulag að einhverju leyti um þetta þinghlé þýði það að menn séu með málþóf til að rifta í framkvæmd því samkomulagi. En mér skilst af ummælum hæstv. forsrh., að hann óttist að Alþfl. hafi ekki látið sér nægja að gera ágreining í þessu máli, heldur muni hann beita málþófi og draga þingið svo að útilokað sé að málinu ljúki fyrir þinghlé.

Ég er hræddur um að hæstv. ríkisstj. takist seint að ná einhverjum árangri í landbúnaðarmálunum ef hún ætlar að láta Alþfl. hindra sig svo í störfum sem virðist samkv. þessari yfirlýsingu.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Málefnaleg afstaða okkar Alþfl.-manna í þessu máli hefur vitanlega legið fyrir í mörg ár. Það er hins vegar yfirlýst af okkar hálfu, að við værum reiðubúnir til að greiða fyrir að þessu máli mætti ljúka. Það er auðvitað ekki hugmynd okkar að halda uppi neinu óheyrilegu málþófi í þessu máli, þó við hljótum að gera grein fyrir skoðunum okkar með eðlilegum hætti eins og ég tel að ég hafi gert í dag á skaplega skömmum tíma. Það er því algjör misskilningur ef einhverjum dettur í hug að Alþfl. ætli að halda uppi málþófi í þessu máli og hindra að það geti fengið afgreiðslu.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vonir stóðu til að mál þetta yrði afgreitt í dag, en það er nú enn ekki komið til atkvgr. í fyrri deild við 2. umr. og bersýnilega engar líkur á að það verði afgreitt fyrir helgi. Ég held að það blasi við öllum sem eitthvað þekkja til starfshátta hér á Alþ., að þegar einn stjórnmálaflokkur spyrnir mjög fast á móti máli, sem hér er til afgreiðslu, tekur alltaf einhvern tíma að afgreiða það með eðlilegum hætti á þingi, enda hafa þm. auðvitað góð tök á að láta umræður verða hæfilega ítarlegar um mál sem vissulega er mikið deilumál, þó það þurfi ekki endilega að vera málþóf út af fyrir sig. Hins vegar er ljóst nú, að það liggur fyrir samkomulag þriggja flokka um hvernig þetta mál skuli afgreitt, og það ríkir ekki lengur nokkur minnsti vafi um að þetta mál verður afgreitt innan tíðar og því komið heilu í höfn. Það liggur nú alveg ljóst fyrir.

Ég veit að hv. alþm. gera sér fyllilega grein fyrir því, að ekki er nóg að samþ. þetta mál hér á Alþ. Það þarf að gera meira. Það þarf að útvega lánið. Það þarf að undirbúa lántökuna. Vissulega tekur það líka einhvern tíma. Ég lít svo á, að nú, þegar ljóst er að samkomulag hefur tekist með þremur flokkum um í hvaða búningi þetta mál verði afgreitt, sé eðlilegt að fjmrn. hefji undirbúning að því að lán af þessu tagi verði tekið, enda þótt að sjálfsögðu verði beðið eftir að Alþ. afgreiði málið. Mér sýnist að ef tíminn í þinghléi verður notaður til að undirbúa lántökuna muni það koma næstum að segja í sama stað niður þó að svo fari að þinghlé verði gert áður en þetta mál verður endanlega afgreitt.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann, en tveir hæstv. ráðh., hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., hafa nú komið hér í ræðustól til að bíta hausinn af skömminni. Það veit hver einasti þm. að það er ágreiningur í stjórnarflokkunum sem veldur því að mál þetta er ekki afgreitt. Það liggur fyrir yfirlýsing frá Alþfl. um að hann ætli ekki að tefja málið. Það liggur fyrir flokkssamþykkt Sjálfstfl., að okkur beri að gera allt sem við getum til að koma málinu fram, og við höfum samþ. allar brtt. Þó þær hafi sveiflast fram og til baka vegna ágreinings í ríkisstj. höfum við samþ. allt sem formaðurinn hefur lagt til, og m. a. s. þegar hann hefur tekið til baka eigin till. höfum við samþ. það. Við erum reiðubúnir til að afgreiða málið umræðulaust, og ég efast ekki um að sjálfstæðismenn í Nd. séu það líka — eða umræðulítið, og þess vegna er þessi framkoma með öllu óverjandi. Það hefur varla komið hæstv. forsrh. mikið á óvart að Alþfl. mundi ekki samþ. þetta mál. Hann heldur því fram, að verulegur ágreiningur sé í nefnd, það sé nefndin sem stöðvi málið, — nefnd sem er einróma samþykk, með einni undantekningu. Alþýðuflokksmenn hafa gert grein fyrir sínu máli, og þeir höfðu vissulega rétt á að tala hér í 20 mínútur eða svo.

Við erum reiðubúnir að vaka í alla nótt og bíða eftir að stjórnin nái samkomulagi. Ég geri mér að vísu ekki miklar vonir um að hún nái samkomulagi, hvorki í þessu né öðru. En við skulum bíða. Það er ekki hægt að kenna stjórnarandstöðunni um að þetta mál frestast. Það veit hæstv. forsrh. mætavel. Það er einfaldlega vegna þess að hann hefur ekki stjórn á sínu heimili og mun ekki hafa. Og hæstv. fjmrh. segir að það sé bersýnilegt, að málið nái ekki fram fyrir helgi. Við erum hér á fimmtudegi. Við bjóðumst til að vera hér í alla nótt, allan daginn á morgun, allan laugardaginn — enda þurfum við ekki að vera hér nema í hálftíma þegar boðið kemur frá stjórninni að hún hafi sæst, þá fer málið í gegn á einum hálftíma.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Ég vil aðeins taka það fram vegna þeirra ásakana sem fjmrh. var með áðan í garð Alþfl., vegna þess að við höfum talað í um 20 mínútur í þessu máli, að ég óska sérstaklega eftir að afgreiðslu þessa máls verði hraðað og haldið áfram með það.

Umr. frestað.

Neðri deild, 40 fundur.

Fimmtudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er hafa á undanförnum dögum orðið allnokkrar umræður um að þingfrestun stæði til. Lengi vel var málið ekki rætt hér í þinginu eða við þm. eða þingflokka og það varð til þess, að ég spurðist fyrir um það í umræðum hér í þessari hv. d. fyrir örfáum dögum, hvaða áform ríkisstj. hefði í því sambandi. Ég tók það sérstaklega fram, að við Alþfl.-menn værum reiðubúnir til að virða óskir hennar um slíka frestun, ef fram kæmu, og mundum ekki leggja neinn stein í götu þess að ríkisstj. fengi tíma til að skoða þau mál sem hún teldi nauðsynlegt að kanna sérstaklega, en óskaði jafnframt eftir því, að samráð yrði haft við þingflokka um þessar fyrirætlanir og ekki síst að samráð væri haft við þingflokka um þau mál sem ríkisstj. hygðist afgreiða áður en til þingfrestunar kæmi.

Hæstv. forsrh. hafði samband við mig fljótlega eftir þessar umræður, þar sem hann skýrði mér ásamt öðrum formönnum þingflokka frá því, að þetta mál hefði verið rætt í ríkisstj. og væru hugmyndir uppi um frestun á fundum Alþingis um nokkurra daga skeið. Í gær, held ég það hafi verið, kom hæstv. forsrh. að máli við mig og fór þess formlega á leit að ég kannaði viðbrögð þingflokks Alþfl. við þeirri ósk hæstv. ríkisstj., að fundum Alþingis yrði frestað nú í vikulokin og gert tveggja vikna hlé. Hæfust þá fundir aftur mánudaginn 10. mars.

Hæstv. forsrh. tók fram að ríkisstj. hefði í þessu sambandi í hyggju að fá afgreidd tvö mál fyrir þingfrestun: í fyrsta lagi frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem afgreitt var úr Ed. í gær, og í öðru lagi frv. til l. um ábyrgðarheimildir fyrir ríkissjóð vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að upphæð 3 milljarðar kr.

Ég ræddi þetta mál á þingflokksfundi Alþfl. í gær og þar kom fram sú afstaða, að þingflokkur Alþfl. teldi enga sérstaka ástæðu til þess að hlé yrði gert á þingstörfum núna, þar sem fjölmörg mál lægju fyrir þinginu sem enn hafa ekki komið á dagskrá, en ástæða væri til að ræða. Ef ríkisstj. hins vegar legði þunga áherslu á að fá fram þinghlé vegna þess að hún teldi sig þurfa slíkt hlé til að geta undirbúið stefnumörkun sína og málatilbúnað á Alþ., þá mundi þingflokkur Alþfl. ekki leggjast gegn því að þinghlé yrði gefið næstu tvær vikur, þannig að þingfundir hefjist að nýju mánudaginn 10. mars n. k., eins og hæstv. forsrh. hafði rætt um.

Þingflokkur Alþfl. hefur auk þess fallist á að afgreiða frv. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt svo tímanlega, að unnt sé að gera hlé á þingstörfum nú í vikulokin. Þingflokkurinn er hins vegar andvígur því, að reynt sé að afgreiða fleiri viðkvæm og umdeild mál fyrir þann tíma, enda yrði það ekki gert nema með margföldum afbrigðum og með óvenjulegum og óeðlilegum hraða. Í því sambandi lagði þingflokkurinn t. d. áherslu á að frv. til l. um 3 milljarða kr. lántökuheimild til greiðslu aukaútflutningsbóta á landbúnaðarafurðir sé mál sem er umdeilt og þarfnast betri skoðunar en svo, að unnt sé að afgreiða það við 3. umr. í Ed. og allar umræður í Nd. á aðeins einum eða tveimur dögum.

Það eru fjöldamörg önnur mál til meðferðar hér í þinginu og mörg þeirra mjög viðkvæm og sum þeirra mjög umdeild. Eitt af þessum málum er frv. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í n., sem er með það frv., hafa verið lagðar fram allmargar brtt. við frv. Sumar þeirra eru aðeins þess eðlis að laga frv. að þeim breytingum sem þegar hafa verið gerðar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 40 frá 1978. En sumar breytingarnar, sem rætt er um í hv. félmn. þessarar d., eru mjög viðkvæmar, svo ekki sé meira sagt, stórpólitískar og umdeildar, t. d. brtt. þess efnis að heimila sveitarfélögum að hækka útsvarsálagningu, sem hæst hefur til þessa mátt vera 11%, upp í 12.1%, sem hafa mundi í för með sér mjög mikla þyngingu á útsvari frá því sem áður hefur verið. Þetta stangast að sjálfsögðu gersamlega á við það ákvæði í málefnasáttmála hæstv. ríkisstj. að vinna að því að lækka útsvör á láglaunafólki. Hér er um mjög mikla hækkun á útsvari að ræða sem fulltrúar hæstv. ríkisstj. í félmn. berjast nú fyrir að fá fram.

Þetta mál hefði verið rætt á þingflokksfundi Alþfl. í gær og þar fjallað um málið nákvæmlega lið fyrir lið, ef ekki hefðu legið fyrir upplýsingar hæstv. forsrh. um það, að ekki stæði til að afgreiða þetta mál fyrir þingfrestun. Þessar upplýsingar gerðu það að verkum, að umræðum um þetta viðkvæma deilumál og undirbúningi brtt. við till. stjórnarsinna í n. um hækkun á útsvari var frestað á fundi þingflokks Alþfl. í gær. Á fundi félmn. þessarar hv. d. í morgun virtust hins vegar þeir stjórnarsinnar ekkert við þetta kannast. Þeir kröfðust þess, að málið yrði afgreitt frá n. Þeir fengust ekki til að hlusta á það, fengust a. m. k. ekki til þess að viðurkenna það, að okkur hefðu verið gefnar þær upplýsingar að þetta mál ætti ekki að afgreiða. Fulltrúi Alþfl. í n. skýrði öðrum nefndarmönnum frá því, að sökum þessara upplýsinga hefði Alþfl. ekki fjallað um málið á þingflokksfundi sínum í gær, þar sem hann hefði ekki vitað betur en átt hefði að fresta málinu þann tíma sem þinghlé stæði yfir, og óskaði fulltrúa Alþfl. í n. eftir því, að málið yrði ekki afgreitt á fundinum, vegna þess að Alþfl. hefði ekki enn þá getað gengið í það að móta endanlega afstöðu sína til málsins. Við þeim óskum var ekki orðið, og eftir því sem formaður n. tjáði mér rétt áðan stendur til að taka málið með afbrigðum á dagskrá deildarinnar nú á eftir.

Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu mjög harkalega. Það stangast gjörsamlega á við þær upplýsingar sem hæstv. forsrh. hefur gefið mér og ég borið til míns þingflokks, og við höfum tekið afstöðu til þingfrestunar á grundvelli þeirra upplýsinga. Ef ætlunin er að bregða nú út af því sem við vorum beðnir um, þá munum við breyta okkar afstöðu til þingfrestunar og mótmæla því harðlega og berjast gegn því hér á fundum þingsins með þeim úrræðum, sem við höfum sem þingmenn, að sú þingfrestun nái fram að ganga. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort ekki megi örugglega treysta á þær upplýsingar um afgreiðslu mála fyrir þinghlé sem hann gaf mér í gær og ítrekaði í samtali við mig kl. hálfeitt í dag, að ekki stæði til af hálfu ríkisstj. að afgreiða þetta mál eða önnur þau frv. sem hér liggja fyrir Alþ., að frátöldu frv. um lánsfjártökuna til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, — hvort þessar upplýsingar hans standa ekki jafnt nú sem í dag kl. hálfeitt og í gær.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og kunnugt er og skýrt hefur verið hér frá, hefur ríkisstj.

talið æskilegt að hlé yrði um tveggja vikna skeið á fundum Alþingis. Til þess liggja tvær ástæður. Önnur er sú, að Norðurlandaráðsþing stendur yfir 3.—7. mars, og þá er venja, þegar það þing er háð hér, að niður falli fundir Alþingis. Hin er sú, að ríkisstj. hefur nú, eins og oft áður þegar svipað hefur staðið á, óskað eftir nokkru fundarhléi á Alþ. til þess að ganga frá undirbúningi mála. Meðal annars og ekki síst er það fjárlagafrv. og mál sem standa í beinu sambandi við það.

Í ríkisstj. var talað um að lögð yrði áhersla á að afgreiða tvö mál áður en þinghlé yrði, þá væntanlega nú seinni hluta þessarar viku. Annað var frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt sem nú hefur verið afgreitt frá Alþ., og hitt var frv. um ríkisábyrgð vegna 3 milljarða kr. lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins í sambandi við útflutningsuppbætur. Það mál er til 2. umr. á hv. Ed. nú.

Ég tjáði formanni þingflokks Alþfl. og formanni þingflokks Sjálfstfl. þessar óskir. Þá bar á góma þriðja málið, frv. um breyt. á lögum um tekjustofna, sem hv. 3. þm. Vestf. gerði hér að umtalsefni. Ég tók það fram, að ég liti svo á að það frv. yrði því aðeins afgreitt fyrir þinghlé að um það væri samstaða í þinginu. Ég lít svo á, að ef ágreiningur er um það mál og óskir eða eindregnar kröfur um að það verði ekki afgreitt nú, þá lít ég svo á, að það verði ekki afgreitt áður en þinghlé verður. Að þessu leyti vil ég staðfesta það sem hv. þm. sagði um það mál.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það er rétt sem fram kom hjá formanni þingflokksins, að á þingflokksfundi í gær bar hann þau skilaboð að þessu máli um tekjustofna sveitarfélaga yrði frestað, þannig að það var ekki tekið til umræðu á þingflokksfundi. Þess vegna kom það mér spánskt fyrir sjónir í morgun þegar afgreiða átti þetta mál, vegna þess að auk þess að um væri að ræða samræmingaratriði í brtt. var um að ræða grundvallarbreytingar sem þingflokkurinn hafði af þeim sökum, sem ég lýsti, ekki haft tíma til að fjalla um. Ég sagðist á fundi félmn. telja að þingflokkurinn gæti fallist á að afgreiða þau atriði sem lytu að samræmingarbreytingartillögunum, en hann þyrfti að fá tíma til að athuga aðrar till. Ég taldi mig þurfa að bera þetta mál undir þingflokkinn áður en ég skrifaði undir nál. En svo mikið liggur á að ganga frá þessu máli og knýja það gegnum þingið, að formaður n. hefur sent nál. í prentun án þess svo mikið sem að leyfa nm. að sjá það. Ég tel, eftir þann stutta tíma sem ég hef verið á þingi, að venja sé að þingmenn skrifi undir viðkomandi nál. og fái að sjá staf fyrir staf hvað þeir eru að skrifa undir. Því vil ég mótmæla þessum vinnubrögðum og tel það mjög óvanalega afgreiðslu sem hér á að viðhafa varðandi þetta mál.

Sighvatur Björgvinsson: Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf við fyrirspurnum mínum, þar sem hann staðfesti það, að ekki verður gerð tilraun til að afgreiða fyrir þinghlé önnur mál en þau, sem hann ræddi um við mig og formann þingflokks Sjálfstfl. í gær. Það er ekki tilgangur ríkisstj. samkvæmt því að fá fram þá afgreiðslu á frv. um tekjustofna sveitarfélaga sem gerð var tilraun til að gera í félmn. þessarar hv. d. í morgun. Hitt er síðan mál sem þarf sérstakrar skoðunar við, ef það er rétt að nál. sé sett í prentun með nöfnum nefndarmanna án þess að þeir hafi undirritað það. Þetta eru dálítið einkennileg vinnubrögð. Fyrst ekki stendur til af hálfu hæstv. ríkisstj. að afgreiða þetta mál, þá vil ég mjög eindregið fara þess á leit við hv. félmn. þessarar d. að draga þetta þskj. til baka, þegar það liggur í fyrsta lagi fyrir að málið á ekki að afgreiða og í öðru lagi liggur fyrir athugasemd frá nm. um að sett hafi verið í prentun nál., væntanlega með nafni nm. undir, án hans vitneskju. Ég held að sæmilegast væri fyrir hv. félmn., miðað við allar aðstæður, að þetta þskj. yrði dregið til baka, því yrði ekki dreift á þessum fundi og því síður gerð tilraun til þess að taka málið fyrir með afbrigðum, annaðhvort á þessum fundi eða á fundi síðar í dag.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka hér til máls, en út af þeim orðum, sem hér hafa fallið í sambandi við þetta mál, þykir mér rétt að gefa nokkra skýringu.

Þannig var, að um síðustu helgi hafði ég samband við ríkisskattstjóra, samkv. því sem mér hafði verið falið á fysta fundi félmn., til að láta undirbúa þau samræmingaratriði sem þyrfti að gera á frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga í sambandi við meðferð frv. um tekjuskatt hér á hv. Alþingi. Þetta var undirbúið s. l. sunnudag hjá ríkisskattstjóra og útbúið sem brtt. við það frv. um tekjustofna sveitarfélaga sem hér um ræðir. Á fund í félagsmálanefndum beggja d. s. l. þriðjudag komu svo ríkisskattstjóri og framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, og var þetta mál rætt ítarlega á fundi félmn. í báðum deildum í fyrsta lagi þær samræmingartillögur, sem þurfti að gera, og enn fremur tvö efnisatriði sem einnig var gerð grein fyrir í þessum till. Þessi efnisatriði voru um það í fyrra lagi, að taka upp úr núgildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga ákvæðu um 10% álag á útsvör miðað við óskir sveitarfélaga og leyfi viðkomandi ráðh., og í öðru lagi að breyta gjaldskrá við álagningu aðstöðugjalda að því er varðar landbúnað.

Þessar till. voru ræddar á þessum fundi s. l. þriðjudag, og þar sem við vissum ekki annað en ætti að afgreiða þetta mál ef um það næðist samkomulag, þá var gert ráð fyrir því, að annar fundur yrði s. l. miðvikudag, í gær, og að nefndarfólk kynnti þessar hugmyndir fyrir þingflokkunum til þess að geta tekið afstöðu til málsins á miðvikudagsfundi, þeim fundi sem átti að halda í gær. En þessi fundur var haldinn í morgun og þá lá fyrir afstaða þingflokks Alþb., þingflokks Framsfl. og þingflokks Sjálfstfl. til málsins. Það, sem gerðist á þessum fundi, var það, að samkomulag varð um að leggja fram sameiginlegt álit félmn. í sambandi við þau samræmingaratriði sem þurfti að gera vegna samþykktar tekju- og eignarskattsfrv. hér á hv. Alþ. í gær. Það var samþykkt að leggja þetta til sem sameiginlegt álit frá n. Hins vegar voru efnisatriðin tvö, sem ég gat um áður, tekin út úr, og það var á valdi þingmanna í þessari n., ef þeir vildu flytja um þau sem sérstaka brtt. við frv. hér á hv. Alþingi.

Það, sem síðan hefur gerst, er það að tíminn var stuttur og ég hef fengið aðstoð starfsmanna ríkisskattstjóra til að útbúa þessar till. og nál. Að sjálfsögðu er ætlunin, þegar það er komið úr vélritun, að leggja það fyrir einstaka nm. til undirskriftar eða staðfestingar, þó að ég hafi um það upplýsingar að það sé ekki algild regla þegar n. er sammála um mál og niðurstaða n. er bókuð á sameiginlegum fundi. En þetta verður að sjálfsögðu gert samkvæmt þeim ábendingum sem hér hafa komið, enda var aldrei ætlunin að þvinga hér fram einhvern málatilbúning. Hins

vegar vil ég taka það fram, að mér hefur aldrei borist til eyrna annað en að það ætti að reyna að koma þessu máli í gegnum afgreiðslu þingsins nú, ef um það yrði samkomulag í viðkomandi nefnd eða nefndum. Það hefur ekki borist til mín annað en hvatning frá hæstv. félmrh. um að reyna að afgreiða þetta mál í framhaldi af samþykkt tekjuskattslaga, af þeirri einföldu ástæðu að öll sveitarfélög á Íslandi bíða eftir afgreiðslu þess. Ég vil benda hv. þd. á það, að ekki er nóg að afgreiða hér með hraði breytingar á frv. um tekju- og eignarskatt, ef þetta frv., sem er gjörsamlega samtengt hinu, á ekki að ná afgreiðslu hér á hv. Alþ. Ég bendi á það, að fjöldi sveitarstjórna bíður með fjárhagsáætlanir sínar til 2. umr. eftir því, hver verður niðurstaða Alþingis í sambandi við þann tekjustofn sem þetta frv. gerir ráð fyrir, bæði að því er varðar útsvör og aðstöðugjöld.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil aðeins taka það fram í sambandi við þær umræður, sem orðið hafa um þetta sérstaka mál, að þingforsetar héldu fund í morgun til þess að ræða um starfshætti, miðað við það að ákveðið er að þinghlé verði gert í hálfan mánuð. Þá var ekkert vitað um að þetta mál ætti að koma hér til umræðu. Það er fyrst þegar hv. 1. þm. Vesturl. snaraðist hingað upp í forsetastól rétt við þingsetningu að mér var um það kunnugt. Ég vil taka það fram, að mér líst málið þann veg vaxið, og tilkynni hér með, að það verður ekki haldinn fundur um þetta mál í dag í þessari hv. d. Menn þurfa að athuga að afgreiðsla mála á hinu háa Alþingi getur verið viðameiri en t. d. afgreiðsla mála í hreppsnefnd Ólafsvíkur.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hygg að þær athugasemdir, sem hæstv. forseti lét falla í garð hv. formanns félmn. Nd., séu algjörlega óþarfar, og ég vil í tilefni af þeirri umræðu, sem hér hefur farið fram, minna á það sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Vesturl., að allir flokkarnir, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþb., hafa lýst sig reiðubúna til að gera það sem hægt er til að koma þessu máli áleiðis nú í dag og á morgun, eða áður en þingfrestun yrði gerð. Það er vegna þess að öll sveitarfélög í landinu bíða nú eftir því að geta gengið frá sínum fjárhagsáætlunum. Þau eru búin að bíða lengi eftir því að geta gengið frá sínum fjárhagsáætlunum og það er nauðsynlegt fyrir þau að fá úr þessu máli skorið, vegna þess að í frv. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga er gert ráð fyrir að aðlaga lögin um tekjustofna sveitarfélaga að hinum breyttu skattalögum, lögum nr. 40 frá 1978, ásamt síðari breytingum.

Ég lýsi mikilli ábyrgð á hendur Alþfl. ef hann ætlar nú að bregða fæti fyrir að unnt sé að koma þessu máli áleiðis á þeim sólarhringum sem nú eru að líða. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur honum. Enda þótt það sé auðvitað ljóst og rétt með farið hjá hæstv. forsrh. áðan, að ekki hafi verið rætt um þetta mál í upphafi vikunnar sérstaklega — eða fyrir helgina — þá mátti öllum ljóst vera, sem þekkja til mála hér á hv. Alþ., að þetta mál um tekjustofna sveitarfélaganna er nátengt og náskylt frv. um breyt. á tekjuskatti og eignarskatti sem mun hafa verið afgreitt frá hv. Ed. í gær. Og mér þykir slæmt til þess að vita, ef svo á að fara að verulegur dráttur verði enn á því að sveitarfélögin geti gengið frá sínum málum vegna þess að ekki hafi verið hægt að koma á fundi um málið í tíu manna þingflokki Alþfl.

Það mál, sem hér er um að ræða — og ég kemst ekki hjá því að fara út í það örlítið efnislega er það annars vegar að verið er að laga tekjustofnalögin að þeim skattalögum sem nú hafa verið afgreidd. Hins vegar er spurningin um það, hvort hv. Alþingi er tilbúið til þess að ganga nokkuð til móts við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga að því er varðar verðtryggingu á tekjustofnum sveitarfélaganna, eins og það hefur verið kallað. Samband ísl. sveitarfélaga hefur hvað eftir annað samhljóða og ítrekað lagt fram óskir af þessu tagi. Í vinstri stjórninni, sem starfaði hér á árunum 1978—1979, var samstaða um það með öllum þáv. stjórnarflokkum, að óhjákvæmilegt væri að styðja nokkuð við bakið á sveitarfélögunum vegna þess hvað tekjustofnar þeirra hefðu rýrnað í verðbólgunni. Þær hugmyndir, sem munu hafa komið fram í hv. félmn. Nd., eru að sveitarfélögin fengju ekki heimild til þessarar verðtryggingar að fullu, heldur fengju þau heimild til 10% álags ef sveitarstjórn óskaði eftir því, og félmrh. samþykkti. Hér er verið að ganga örlítið skref til móts við sveitarfélögin. Það getur verið að menn viti ekki hvernig ástandið er í þessum efnum. Ef menn þekkja eitthvað til ástandsins, þá tel ég það furðulegt ef menn ætla að bregða fæti fyrir þetta mál hér á Alþ. nú á þessum sólarhringum. Hér hlýtur að vera um uppgert mál að ræða hjá hv. þm., sem eitthvað hafa kynnt sér þessi málefni.

Ég vil aðeins að lokum minna á það, að eigi að hefja hér allsherjar eldhúsdaga um þetta mál, utan eða innan dagskrár eftir atvikum, þá þýðir það vitaskuld að það þinghlé, sem um hafði verið rætt, verður að hefjast án þess að þessi mál verði afgreidd, bæði málið um verðábyrgð til landbúnaðarins, 3 milljarða, og þetta mál sem snertir tekjustofna sveitarfélaga. En ég legg á það áherslu, að alþm. hv. reyni að koma sér saman um að koma þessum málum áleiðis, þannig að niðurstaða fáist með skaplegum hætti, án þess að hér hefjist langvarandi umræður, rifrildi og málþóf út af meira og minna smáum atriðum miðað við þau stóru atriði sem hér eru í húfi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Umr. í hv. Nd. bæði í gær og í dag bera það ekki með sér að hér ríki jafnmikil ábyrgð og hjá hreppsnefndinni í Ólafsvík. Og með fullri virðingu fyrir hæstv. forseta, má hann gjarnan gera sér grein fyrir því, að forsetastóllinn er ekki hugsaður til þess að skjóta úr honum óþverra yfir salinn, þó hann hafi gaman af og telji sig vera í aðstöðu til þess, heldur er hann ætlaður til þess að stjórna fundum hér í Nd. En vegna fáfræði hv. 3. þm. Vest. um útsvar og tekjustofna sveitarfélaga verður ekki hjá því komist að segja hér örfá orð.

Allir, sem hafa á þeim málum örlitla þekkingu, gera sér grein fyrir því, að sú verðbólga, sem verið hefur í landinu, 40—50%, hefur verið að rýra þá tekjustofna í reynd frá því að vera 10% af tekjum þegnanna niður í það að vera 7—8% af tekjum þeirra. Þetta er grundvallaratriði sem mér finnst að hv. 3. þm. Vestf. mætti gjarnan vita. Þá er það spurningin: Í hvað fara þessar tekjur? Þær fara í að halda uppi þjónustu og framkvæmdum hjá sveitarfélögunum. Ef við minnkum tekjurnar jafnmikið og verið hefur að gerast á undanförnum árum, þær hafa verið að minnka jafnt og þétt, þá leiðir það til þess, að þjónustan ein verður eftir, en framkvæmdirnar skornar niður.

Það vekur jafnframt — undrun mína miðað við það

góðmannlega fas sem hv. 3. þm. Vestf. viðhafði hér fyrir jólin þegar hann þurfti að koma málum í gegn og minnihlutastjórn sat, hver breyting er orðin á háttalagi hans. Það er eins og þrumuský sé að koma hér upp í pontuna öðru hverju til að þenja sig yfir allan mannskapinn og prédika. Mér er fullkomlega ljóst að það fækkar sýningarferðum í sjónvarpið út af fjárlögum og góðri stöðu ríkissjóðs. Vel má vera að það eigi að bæta það upp með því að tefja fyrir fundum hér á Alþingi. En það væri ánægjulegt engu að síður ef hv. 3. þm. Vestf. talaði örlítið meira af viti um tekjustofna sveitarfélaganna þegar hann tekur næst til máls.

Sighvatur Björgvinsson: Hæstv. forseti. Að hugsa sér að Snorri Sturluson skuli einu sinni hafa búið í Reykholti. Ég kom hingað upp í ræðustól aðeins til þess að beina tiltekinni fsp. til hæstv. forsrh. út af afgreiðslu mála hér í Alþ. fyrir þinghlé. Ég ætlaði ekki að tefja umr., hvorki um útsvör né um frv. það sem hér liggur fyrir þessari hv. d. og hefur orðið ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs.

Ég vil aðeins vekja athygli hæstv. félmrh. á því, að það eru liðnir nokkrir dagar síðan ég óskaði eftir því, að við Alþfl.-menn fengjum að vita hvaða mál ríkisstj. hefði áhuga á að afgreiða fyrir þinghlé, svo að við gætum gengið til þess verks að gera upp hug okkar til þeirra mála og gætum þannig tekið þátt í afgreiðslu þeirra án þess að tafir þyrftu að hljótast af í störfum þingsins. Hæstv. félmrh. hefur hins vegar aldrei haft fyrir því allan þennan tíma að láta vita af því, að hann hafi áhuga á að afgreiða þetta mál. Og hæstv. forsrh. hefur þráfaldlega tekið það fram, og staðfesti það hér úr ræðustól áðan, að hann hefur ekki í nafni ríkisstj. óskað eftir að þetta mál yrði afgreitt. Þess vegna held ég, að ef hæstv. félmrh. ætlar að leita að einhverjum sökudólg í þessu sambandi ætti hann að líta í spegil, vegna þess að það er hann, hæstv. ráðh., sem heldur að hann geti komist upp með það að fá afgreidd hér á Alþ., þegar til stendur að fresta fundum þingsins um nokkurra daga skeið, þau mál sem honum einum dettur í hug, án þess að hann þurfi að hafa fyrir því að beita þeim almennu mannasiðum að hafa samráð við þá menn sem hann ætlast til þess að rétti upp hönd og samþykki þau mál sem honum þóknast að krefjast að fá afgreidd hér. (**Forseti:** Aths. gerist nokkuð löng.) Hún verður mjög stutt, það sem eftir er af henni.

Ég ætlaði aðeins að taka það fram í fyrsta lagi, að sveitarfélög geta ekki afgreitt fjárhagsáætlanir sínir fyrr en skattstiginn liggur fyrir. Það eru engar tillögur um skattstiga á ferðinni í hv. félmn. þessarar deildar í sambandi við mál það sem þar er til meðferðar. Þó svo að allar þær breytingar yrðu samþykktar sem þar er rætt um gætu sveitarfélögin ekki gengið til afgreiðslu fjárhagsáætlana sinna. En hitt er rétt, að í því hálfs mánaðar þinghléi, sem hæstv. ríkisstj. óskar nú eftir að fá, gefst auðvitað ekki tími til þess að afgreiða neitt slíkt. Ég tek það fram, að við Alþfl.-menn erum reiðubúnir til þess að sitja hér á fundum alla næstu viku svo að hægt sé að afgreiða ekki bara lögin um tekjustofna sveitarfélaga, heldur líka skattstigana. Það skal þá standa upp á hæstv. félmrh. hvort hægt verður að afgreiða þetta mál á næstu dögum þannig að sveitarfélögin geti gengið til þess verks að ganga frá fjárhagsáætlunum sínum. Ef hæstv. félmrh. vill það, þá erum við Alþfl.-menn reiðubúnir til þess að hverfa frá því að veita erindi hæstv. forsrh. þá úrlausn sem við gerðum í gær, að fallast á frestun á fundum Alþingis nú í vikulokin. Við erum reiðubúnir til þess. Það þarf ekki nema eitt orð, hæstv. félmrh., þá hverfum við frá stuðningi við tilmæli hæstv. forsrh., þannig að hægt sé að ganga frá afgreiðslu á tekjustofnafrv. því sem hæstv. ráðh. ber svo mjög fyrir brjósti, þ. á m. skattstigaákvörðunum, sem koma í veg fyrir það, séu þær ekki teknar, að sveitarfélögin geti gengið frá fjárhagsáætlunum sínum. — Eitt orð frá hæstv. ráðherra.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þetta orð, sem hv. 3. þm. Vestf. bíður eftir frá mér, fær hann ekki á þessari stundu. (Gripið fram í.) En það, sem ég vil segja við hann, er þetta: Hann var að bera það upp á mig, að ég hefði haft undarleg vinnubrögð í þessu máli. Ég kann ekki við að sitja þegjandi undir slíku. Það, sem ég gerði í málinu, er þetta: Nokkru eftir að núv. ríkisstj. var mynduð ræddi ég um það við formann félmn. Nd., hv. þm. Alexander Stefánsson, hvort hugsanlegt væri að koma þessu máli um tekjustofna sveitarfélaga áleiðis í gegnum þingið á næstu sólarhringum, vegna þess að það væri nauðsynlegt fyrir sveitarfélögin að fá það afgreitt. Ég ræddi líka við hæstv. forsrh. og síðan hæstv. sjútvrh., formann Framsfl., um það, hvaða augum þeir litu þetta mál. Síðan ræddi ég það nokkuð við fyrrv. starfsfélaga mína í vinstri stjórninni forðum, hvort hugsanlegt væri að viðhorf til þessa máls almennt séð hefðu að einhverju leyti breyst. Ég bið hv. þm. Sighvat Björgvinsson afsökunar á því, ef mér hefur sést yfir þann möguleika að þingflokkur Alþfl. hefði aðra skoðun á slíku máli þegar hann er í stjórn en þegar hann er utan stjórnar. Það orð skal hv. 3. þm. Vestf. fá frá mér, en önnur ekki að sinni. En ég endurtek, að ég harma það, ef til þess þarf að koma, að þetta mál, þetta mikilvæga mál, svo og málið um verðábyrgð vegna landbúnaðarafurða, verður tafið með þeim hætti sem ég lýsti áðan og kemur heim og saman við meginstaðreyndir í þessu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að vera langorður. Hv. 3. þm. Vestf. er búinn að tala sig dauðan í þessu máli og á því ekki tök á að svara. (Gripið fram í.) Hins vegar vil ég þakka honum það, að hann rengdi ekki þær upplýsingar sem ég kom hér með varðandi það, að í reynd hefur útsvar verið að lækka. (**SighB:** Þetta vita allir, Ólafur. Þú þarft ekkert að segja okkur um þetta. Við erum búnir að vita þetta miklu lengur en þú.) Mér þætti vænt um ef fréttaritarar kæmu því á framfæri, að Sighvatur lýsti því yfir hér, að útsvarið hefur verið að lækka og það er ekki verið að leggja til hækkun á því. Hitt geri ég ekki að deilumáli, hvar menn búa. En í Kríuhólahverfinu hef ég aldrei búið.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Þetta er, eins og menn vita, mín fyrsta vera á hv. Alþingi. Ég hlýddi hér á umr. í gær um tollskrá o. fl. Nú er til umr. fsp. frá hv. 3. þm. Vestf. Í gær blandaðist nokkuð inn í umr. virðing Alþingis. Ef þær umr., sem fram fóru í gær og áttu að vera um tollskrá o. fl., og ef þessar umr. halda áfram með sama hætti og nú virðist stefna að, þá hefur það hugtak virðing farið alveg öfugt inn í mitt höfuð. Ég tel ekki að Alþ. sé nein virðing gjörð með þeim skrípalátum sem áttu sér stað hér í gær, þegar hv. þm. hver eftir annan komu og hentu skít á báða bóga, alveg óskylt því málefni sem var til umr. Ég bið menn að grunda vel, hvað er

virðing Alþingis og í hverju hún er fólgin. Og mér sýnist að full ástæða sé fyrir Alþ. að taka sér svo sem hálfs mánaðar frí og vita hvort menn verði ekki rólegri þegar þeir koma til baka. Kannske er full þörf á þrem vikum. Framkoma eins og birtist hér í gær og stefnir í nú bendir til þess, að mönnum sé alveg bráðnauðsynlegt að taka sér svolitla hvíld, fara heim og breiða yfir höfuð og hugsa ráð sitt, ef þeir eru á annað borð að hugsa um virðingu Alþingis.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hæstv. félmrh. sagði áðan. Það kemur úr hörðustu átt, ef hann ætlar að ásaka þingflokk Alþfl. um að hann sé að bregða fæti fyrir þetta mál. Það er búið að rekja það hér, hvaða mál það voru sem hæstv. ríkisstj. lagði áherslu á að afgreidd yrðu áður en þinghlé yrði gert. Það var gert af sjálfum hæstv. forsrh., að allir telja í nafni hæstv. ríkisstj. *Málin voru tekju- og eingarskattsfrv.* og 3 milljarðarnir. Annað var ekki lögð áhersla á. Það er hins vegar sérstakt pot í hæstv. félmrh. að koma þessu máli í gegn án þess að um það væri talað við þingflokkana af hæstv. forsrh. Það er því á ábyrgð hæstv. félmrh. sjálfs hvernig málum er nú komið. Hann verður sjálfur að axla þá byrði. Hefði verið talað við þingflokk Alþfl. í gær um þetta mál á sama hátt og 3 milljarða kr. málið, þá hefði þingflokkur Alþfl. að sjálfsögðu tekið þetta mál til umfjöllunar og afgreiðslu í gær. En það var ekki til umræðu hjá hæstv. forsrh., að málið ætti að fara hér í gegn, og þess vegna ekki ástæða til að ræða málið á þingflokksfundi Alþfl.

Þetta er auðvitað höfuðskýringin á því, hvernig málum er nú komið, að það hefur ekki verið samband hjá hæstv. félmrh. við hæstv. forsrh. um þetta mál. Hann hefur sjálfur á eigin ábyrgð, ekki í nafni ríkisstj., verið að reyna að pota málinu í gegn með þessum hætti, sem þýðir það að málið er komið í strand vegna vinnubragða hans sjálfs. Það er skýringin.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. nokkurra spurninga: Er ekkert samband milli þeirra álaga, sem þarna er um rætt, og skattstigans, sem á eftir að koma, í tekjuskattinum? Skipta tengslin þarna á milli engu máli fyrir skattþegnana? Hver verður skattstiginn t. d. fyrir launafólkið af tekjunum? Verður hann með þeim hætti að það sé bætandi á þetta sama fólk í sambandi við greiðslu útsvarsins? Hæstv. ríkisstj. hefur lofað skattalækkun — er það ekki? Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því, að það er afskaplega óeðlilegt að afgreiða skattstigana gagnvart tekjuskattinum annars vegar sér og hins vegar álagninguna í gegnum útsvarið sér. Það eru sömu aðilarnar sem koma þá til með að borga fyrst og fremst. Það er verið að leggja á sömu einstaklingana og eitthvert samræmi hlýtur að þurfa að vera í þessu, ef menn ætla ekki að halda áfram skattpíningu eins og raunar verið hefur.

Það er út af fyrir sig rétt, sem hér hefur komið fram, að tekjur sveitarfélaganna hafi verið að rýrna vegna þess ástands sem hefur verið í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Það er rétt. En kjör gjaldþegnanna hafa líka verið að rýrna. Það þarf líka að taka tillit til þeirra þegar verið er að tala um álögurnar. Það er ekki nóg að hafa bara annað sjónarmiðið með í þeirri mynd.

Ég vil sem sagt að lokum vísa alfarið á bug þeim orðum sem hæstv. félmrh. viðhafði hér áðan, þegar hann ætlaði að kenna þingflokki Alþfl. um það, hvernig þessi mál eru nú komin. Það er á ábyrgð hæstv. félmrh. sjálfs, hvernig hann hefur klúðrað þessu máli, annaðhvort óafvitandi eða vísvitandi. Það verður hann sjálfur að skýra, hvort heldur er. En ástæðan og sökin er hans.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 167). — Frh. 1. umr.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Hér í deildinni var í gær til umr. heimild til lækkunar á gjöldum af bifreiðum til hreyfihamlaðra. Ég hygg að það hafi orðið fleirum en mér undrunarefni, þegar þetta sjálfsagða réttlætismál var til umr., að upp spratt hér hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal — sem reyndar er nú ekki viðstaddur, en gaman hefði verið að hafa hér — og lýsti yfir feiknalegum áhyggjum sínum vegna fjárhags ríkissjóðs sérstaklega í sambandi við þetta mál. Umræðan var og er um lagfæringu á heimild í lögum. Umræðan er um lagfæringu vegna verðbólgu, lagfæringu fyrir fólk sem er hreyfihamlað og af ýmsum ástæðum má sín lítils í þjóðfélaginu, verður jafnvel, þrátt fyrir þær aðgerðir sem hér er verið að ræða um, að búa við önnur og lakari kjör og aðstæður en aðrir. Að umræða um slíka heimild skuli verða tilefni til slíkra ræðuhalda sem hv. þm. viðhafði hér í d. í gær um skattheimtu og hag ríkissjóðs er fullkomið undrunarefni. Það má vel vera, að viðkomandi þm. hafi einhverja löngun til þess að ræða fjárhag ríkissjóðs og jafnvel skattheimtu. Sjálfsagt er að gera það þegar fjárlög koma fram og menn hafa eitthvað meira til að standa á en nú í því sambandi. En að gera það á þennan hátt, í sambandi við umræður um sjálfsagt leiðréttingarmál á kjörum hreyfihamlaðra, það er Alþ. til vansæmdar.

Hér er m. a. verið að fjalla um fólk sem kemst jafnvel ekki milli húsa nema í sérstaklega útbúnum bílum, - fólk sem ekki er fært um að komast milli staða eða njóta lífsins nema hafa eitthvert farartæki undir höndum. Þegar Alþ. fjallar um svo sjálfsagt leiðréttingarmál sem þetta, þá er komið við hjartað í þessum þm. - og ekki er það hjarta stórt. Þarna er um að ræða fólk sem að mörgu leyti býr við gjörsamlega lokaðan atvinnumarkað, fólk sem af ýmsum félagslegum og atvinnulegum ástæðum á erfitt uppdráttar. Það er undrunarefni að þm. Sjálfstfl., eins og hér gerðist í gær, skuli í tilefni af slíkum leiðréttingum gera hér sérstaklega að umræðuefni að skattakerfið megi ekki vera letjandi, von sé á halla á ríkissjóði o. s. frv. Það er erfitt að skilja í rauninni hvað menn eiga við, hvað menn eru að fara.

Í viðbót við það heilsuleysisböl, sem þetta fólk býr að mörgu leyti við, er það svo, að það af því, sem ekki getur unnið, verður að búa við tekjur sem eru lífeyrir og tekjutrygging, u. þ. b. 150 þús. kr. á mánuði, en getur komist upp í 170 þús. kr. á mánuði ef viðkomandi býr einn. Það er þetta fólk sem fær þessa kveðju frá viðkomandi þm., sem því miður er ekki viðstaddur hér í d. við framhald þessara umræðna, — kveðju þess efnis, að veruleg hætta sé á halla á ríkissjóði ef ekki komi til aukin skattheimta, - hér sé um að ræða gífurlega alvarlegt mál, nú verði að gera dæmið upp, nú þurfi menn að fara að reikna. En hvernig skyldi nú þetta dæmi snúa ef menn skoða það eins og það liggur fyrir? Einmitt hér á hæstv. Alþ. hefur áður verið varpað fram tölum varðandi þetta mál. Ég hygg að það muni vera heimild í lögum til niðurfellingar eða lækkunar á gjöldum á u. þ. b. 400 bifreiðum, en að auki um 25 til þeirra sem við sérstaklega mikil

örkuml búa. Af þeim 400 bílum sem um er að ræða er heimild til að lækka gjöld um 1 millj., en um 2 millj. af þessum 25. Menn sjá því í hendi sér að hér er um að ræða heimild til lækkunar á gjöldum sem nemur einhvers staðar í kringum 450 millj. kr. Ef menn síðan hugleiða það, að líklegt er að hér á götum séu u. þ. b. 2000 öryrkjabílar, og líta síðan á þá gífurlegu skattheimtu sem ríkissjóður hefur uppi vegna bensíns og annars eldsneytis, þá er ekki fjarri lagi að álíta að hver bíll greiði u. þ. b. 200 þús. kr. einmitt til ríkissjóðs af sinni bensínnotkun. Það mundi þýða það, að þessir öryrkjabílar greiddu 400 — 450 millj. á ári í ríkissjóð í sköttum af bensíni, eða nálægt því þá sömu upphæð sem hæstv. Alþ. hafði veitt heimild til niðurfellingar á af þessum bílum á síðastliðnu ári. Hér er þess vegna ekki um neina niðurfellingu í sjálfu sér að ræða. Hér er eingöngu um það að ræða að gera ekki vandræði þessa fólks að tekjustofnum fyrir ríkissjóð. Þetta er nú allt dæmið sem gaf tilefni til þvílíkra umræðna sem nokkrir þm. Sjálfstfl. höfðu hér uppi á þinginu í gær.

Ég fullyrði það að áhyggjur hv. 7. landsk. þm., Halldórs Blöndals, af þessu máli eru óþarfar. Ég held að ástæða væri til þess, að þingið kæmi sér saman um að gera myndarlegt og sérstakt átak í málefnum fatlaðra í tilefni af alþjóðaári fatlaðra 1981. Það, sem hér er um að ræða, er eingöngu einföld og lítil leiðrétting. Hér er aðeins verið að færa til nokkrar steinvölur, þar sem ástæða væri til að velta björgum.

Hv. þm. gerði mikið að umræðuefni virðingu Alþingis, eins og menn gera gjarnan hér daglega. Ég held að óhætt sé að segja það, að þessi þm. gæti að eigin frumkvæði aukið virðingu Alþingis verulega með því að halda færri ræður sjálfur af því tagi sem hann gerði í gær.

Ég vil síðan segja það, að það mál, sem hér er um að ræða, er ágætt mál. Það er sjálfsagt mál, og ég tel ástæðu til þess að færa hv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánssyni, sérstakar þakkir fyrir þá vöku sem hann hefur haldið varðandi málefni fatlaðra og hvað eftir annað fært hér inn í hæstv. Alþingi. Ég held að Alþ. eigi að samþykkja þetta frv. hið allra fyrsta, og ég held að umræða af því tagi, sem hér fór fram í tengslum við þetta mál í gær, sé Alþingi til vanvirðu. Ég leyfi mér að fullyrða það, að það væri Sjálfstfl. til sóma svo lengi sem hann lifir, að fulltrúar hans héldu ekki á Alþingi fleiri slíkar ræður.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Þegar ég mælti fyrir þessu frv. í gærdag gerði ég ekki ráð fyrir því, að þær umr., sem urðu í tilefni þess, færu inn á þá braut sem raun varð á, þar sem ég hélt að hér væri um að ræða mál sem allir hv. alþm. væru sammála um og mundu greiða fyrir jafnvel á hljóðlátan hátt hér í hv. deild. Ég verð því miður að lýsa því yfir, að ég harma mjög þá stefnu sem umr. um málið tóku, þetta litla lagafrv. til lítillar leiðréttingar á málefnum fatlaðra. Og ég hlýt að taka undir þá skoðun, sem kom fram áðan hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., að það sé e. t. v. tímabært að sumir hv. alþm. a. m. k. fái þinghlé til að öðlast nauðsynlega hugarró, svo hægt sé á hv. Alþ. að flytja og koma fram nauðsynlegum umbótamálum án þess að hafnar séu harðvítugar eldhússdagsumræður um stjórnmál í tilefni hvers máls sem fyrir er tekið.

En ég vil trúa því, að fullur einhugur sé hér á Alþ. um að greiða fyrir framgangi þess lagafrv. sem hér er til umr., og vísa ég enn til hástemmdra yfirlýsinga allra stjórnmálaflokka um stuðning við málefni fatlaðra. Okkur flm. er fullkomlega ljóst að ef þetta frv. verður að lögum minnka tolltekjur ríkissjóðs um 180 —200 millj. kr. vegna innflutnings á þessum 400 bifreiðum. Ég vona að hv. alþm. sjái sér fært, þó ekki væri nema samvisku sinnar vegna, að verða valdir að slíkri tekjuskerðingu ríkisins í þágu þeirra sem verða að búa við það vandamál að komast ekki ferða sinna án farartækis. Það eru sjálfsögð mannréttindi fyrir þetta fólk.

Þingflokkur Framsfl. hefur ákveðið einróma að styðja að samþykkt þessarar lagabreytingar. Ég vænti þess, að hv. alþm. sameinist um afgreiðslu þessa máls í dag. Og ég treysti því, herra forseti, að freistað verði að koma þessu máli til nefndar að lokinni þessari umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég styð hv. flm. frv. við afgreiðslu þess, og það mun þingflokkur Alþb. allur gera því að hér er um að ræða mikilsverða lagfæringu á málefnum öryrkja. Ég tel jafnframt að brtt. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna Gunnarssonar sé til bóta, og við styðjum hana einnig.

Hv. þm. Árni Gunnarsson minntist á það hér í gær, að meira aðhald mætti taka upp við úthlutun gjaldalækkunar á bifreiðum fyrir öryrkja. Ég held að rétt sé og þarft að minnast á það atriði hér. Mikilsvert er að allt sé gert sem unnt er til að létta öryrkjum bifreiðakaup, ef þeir mega raunverulega ekki án þeirra vera, en halda heldur í við hina sem ekki eru eins háðir bifreið.

Eitt atriði vil ég nefna sem fyrst og fremst á erindi til hæstv. fjmrh., sem því miður virðist ekki vera hér í augnablikinu. Eins og kunnugt er þurfa þeir, sem fá lækkun á bifreiðagjöldum, að eiga bifreiðar sínar í fimm ár. Öllum öryrkjum ber saman um að sá tími sé of langur. Bifreiðum þessum er mjög mikið ekið, eigendur geta lítt sem ekkert annast viðgerðir á þeim og þær verða þess vegna dýrar í rekstri. Þegar loks er leyfilegt að selja þær eru þær oft illa farnar og verðlitlar. Ég vil því leyfa mér að skora á hæstv. fjmrh. að stytta þennan tíma um tvö ár eða í þrjú ár fyrir þá sem mestir eru öryrkjar og í fjögur ár fyrir aðra öryrkja.

Nái þetta frv. fram að ganga með þeirri brtt., sem hér liggur fyrir munu margir öryrkjar kunna vel að meta hug Alþ. í þeirra garð. Ef hæstv. fjmrh. sæi sér fært að stytta jafnframt eignartímann hygg ég að þeir telji bifreiðamálum sínum mun betur borgið en áður.

Ég skora því á hv. Alþ. að hafa nú hröð handtök á afgreiðslu frv. í stað þess að tefja það með gagnslausu málþófi, eins og átti sér stað í gær. Þá fór raunar fyrir mér eins og fleiri hv. þm., sem sitja hér í fyrsta sinn, að okkur þótti lítið til um virðingu hins háa Alþingis. Ég hygg að hv. dm. megi telja sig heppna að fáir öryrkjar voru hér á pöllunum í gær til að fylgjast með þeim áhuga sem málum þeirra var sýndur.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég þakka þá mildilegu áminningu sem til mín var beint.

Það var erindi mitt hingað að ítreka þá brtt., sem við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir höfum flutt við það frv. sem hér er til umr., og ítreka stuðning minn við frv. í heild eins og það nú liggur fyrir. Á sama hátt held ég að ég verði að ítreka það, sem hefur komið fram í umr. manna í hv. deild í dag, að nánast verða menn furðu lostnir yfir því sem gerðist í deildinni í gær, þegar verið var að ræða jafneinfalt og sjálfsagt mál og þá var til umr., þ. e. frv.

sem við erum nú aftur að ræða. Þá fór umræðan í deildinni út í hreinan strákslegan eldhúsdag. Ég tel persónulega að slík vinnubrögð séu gjörsamlega óþolandi og það sé til harla lítils að leggja fram mál í þessari deild og SÞ. ef slíku málaþvargi á að halda áfram. Hér liggja mál í bunkum óafgreidd og fá ekki afgreiðslu, hvorki í deildum né Sþ., vegna þess að menn hafa tilhneigingu til að snúa hverri einustu umr., sem hér fer fram, upp í hinn ómerkilegasta eldhúsdag, um stjórnmálaviðhorf og annað sem ég tel að eigi ekki heima í umr. þegar verið er að ræða ákveðin frv. og þáltill.

Fleira ætlaði ég ekki að segja, herra forseti.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það vill svo til að þau lög, sem verið er að breyta með þessu frv., heita lög um tollskrá o. fl. Ég kemst því ekki hjá því að ræða það mál sem á dagskránni er og heitir þetta. En ég ætla samt að hætta mér aðeins út í umr., sem hér hafa orðið undir þessum dagskrárlið, og það eingöngu að gefnu tilefni.

Mér þótti ræða hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar vera eins konar örverpi úr umr. sem fóru fram í gær, og ég þykist þess fullviss, að hann hafi samið þá ræðu í gærdag þegar hér á Alþ. fóru fram umr. undir þessum dagskrárlið, en þó um óskyld málefni. Ástæðan var auðvitað sú, að það hafði frést að senda ætti Alþingi heim og þar með fresta störfum Alþingis jafnvel um hálfs mánaðar skeið. Við skulum hafa í huga að það er sent heim af sömu mönnum og efndu til stjórnarmeirihlutasamstarfs til að Alþ. yrði starfhæft. Mér þykir ekkert skrýtið þegar umr. verða á Alþ., jafnvel undir öðrum dagskrárliðum eða utan dagskrár, þegar svo háttar til. Ég vil því að menn íhugi málið með slíkum hætti.

Fyrr á fundinum var rætt utan dagskrár um mál sem varðaði líka frestun þingsins og ég kaus ekki að ræða efnislega og mun að sjálfsögðu ekki gera undir þessum dagskrárlið. En það, sem rak mig fyrst og fremst upp í ræðustólinn, voru þau ummæli sem hér voru höfð um sjálfstæðismenn. Það var látið að því liggja, þó ekki beinlínis sagt, að við værum á móti þessu máli. Það er afskaplega mikill misskilningur. Ég vona að það hafi ekki verið sagt í fullri alvöru, heldur eingöngu vegna þess að það hafi verið skrifað og fest á blað í hita þeirra umr. sem fóru fram um allt önnur atriði í gær.

Ég á sæti í þeirri hv. n. sem fær þetta mál til meðferðar. Ég lofa því fyrir mitt leyti, og ég vona að ég geti gert það enn fremur fyrir aðra sjálfstæðismenn sem sæti eiga í þeirri n. að mál þetta mun verða skoðað af fullum velvilja. Við munum að sjálfsögðu kappkosta að finna þá lausn á málinu sem hentugust er, hvort sem það verður samkv. till. hv. þm. Alexanders Stefánssonar, samkv. brtt. tveggja hv. þdm. eða eftir öðrum leiðum sem hentugri þykja þegar málið hefur verið skoðað þar.

Það voru þessi atriði sem ég taldi nauðsynlegt að kæmu hér fram. Ég vona að ekki gæti annars skilnings í huga þeirra manna sem hafa talað á þessum fundi og reyndar snúið máli sínu að sjálfstæðismönnum sem í dag eru ekki staddir á þingdeildarfundi og hafa fjarvistarleyfi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Sameinað þing, 27. fundur.

Fimmtudaginn 21. febr., kl. 5 síðdegis.

Kosning fyrri varaforseta í stað Gunnars Thoroddsens forsætisráðherra.

Fyrri varaforseti var kosinn

Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm., með 40 atkv. — Albert Guðmundsson hlaut 1 atkv., Guðmundur J. Guðmundsson 1 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur nú ákveðið að fresta fundum Alþingis í hálfan mánuð. Af því tilefni vil ég láta þess getið, að þingflokkur sjálfstæðismanna hefur ekkert að athuga við að þingfundum verði frestað vikuna frá 3. mars n. k. vegna þings Norðurlandaráðs. Hins vegar gegnir öðru máli um næstu viku. Það sýnast næg verkefni vera fyrir hendi hjá Alþ. næstu daga. Fjöldi mála er óafgreiddur. Frv. og till. einstakra þm. hafa ekki komist til umr. hér, ýmist ekki komist til 1. umr. eða ekki komist til nefndar.

Hæstv. ríkisstj. rökstyður nauðsyn á frestun þingfunda fyrst og fremst með því, að hún þurfi tíma til að undirbúa mál. Þetta má vera rétt, en hins vegar sýnist það rekast á yfirlýsingar ýmissa aðstandenda hæstv. ríkisstj. fyrir nokkru um að þingstörf hafi verið næsta lítil. Það var jafnvel notað til að réttlæta nauðsyn á myndun ríkisstj. fyrir skömmu, til þess þá væntanlega að koma þingstörfunum í eðlilegt horf. Það skýtur því nokkuð skökku við þegar þingið er sent heim svo skömmu eftir myndun hæstv. ríkisstj.

Í sambandi við þetta er einnig talað nokkuð um virðingu Alþingis, og um hana urðu nokkrar umr. í hv. Nd. í dag. Er það raunverulega til aukinnar virðingar fyrir Alþingi að senda það heim? Ég dreg í efa að svo sé, en það kann að vera skoðun ýmissa hv. þm. Það bryddaði jafnvel nokkuð á þeirri skoðun í umr. í dag. En ég dreg það í efa.

Í þessu sambandi er rétt að hv. þm. og hæstv. ríkisstj. hugleiði nokkuð verkefni Alþingis og ríkisstj. Alþingi fer með löggjafarvaldið, en ríkisstj. fer fyrst og fremst með framkvæmdavaldið. Þótt ríkisstj. kunni að vera í tímahraki með undirbúning sinna mála getur þingið að sjálfsögðu haldið áfram löggjafarstarfi sínu og á að gera það. Þar er margt óunnið.

Þingflokkur Sjálfstfl. hefur ekki ályktað sérstaklega um þá fyrirætlun ríkisstj. að gera nú hálfsmánaðar hlé á störfum þingsins. Ég vil hins vegar láta þess getið, að það er almenn andstaða þm. flokksins við þá ætlun af ástæðum sem ég hef þegar nefnt. Auk þess má telja það fram, að það hlýtur að vera borin von að þingmál, sem þegar eru fram komin, fái afgreiðslu á þessu þingi, hvað þá önnur mál sem ekki hafa enn komið fram.

Mér er sagt að það sé talað um í liði stjórnarinnar að

afgreiða fjárlög fyrir páska. Ég hlýt að telja að slíkt sé útilokað, og ekki bætir úr skák að gera nú hálfs mánaðar hlé á störfum þingsins.

Þá hlýtur það einnig að teljast ámælisvert, að þingið sé sent heim áður en stefnuræða hæstv. forsrh. er flutt, þinghlé sé gert áður en stefnuræðan er haldin, þrátt fyrir ákvæði þingskapa.

Ég geri þetta ekki frekar að umræðuefni nú þótt ástæða kynni að vera til þess. Ríkisstj. hefur ákveðið að hafa þennan hátt á, og ég dreg ekki í efa að hún hefur vald til þess. En nauðsynlegt var að koma þessum aths. að til þess að hæstv. ríkisstj. héldi ekki að hún hefði til þessa einróma samþykki þingmanna.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég tel rétt að hér og nú komi fram upplýsingar um það sem hefur verið að gerast í hv. Ed. síðustu klukkutímana. Raunar vita allir þm. í stórum dráttum að þar hefur slík óeining ríkt meðal stjórnarsinna að ekki hefur verið unnt að koma fram því máli sem brýnt var talið að koma fram og brýnt er að koma fram, þ. e. lántöku vegna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Þegar nokkuð var komið fram yfir venjulegan fundartíma tók að brydda á því, að ókyrrð var meðal ráðh. og stjórnarsinna, og augljóst að mikið var í aðsigi. Í fjh. - og viðskn. höfðu sex af sjö alþm. einróma samþ. nál., án allra fyrirvara, og mælt með samþykkt frv. Sjálfstfl. hafði gert um það flokkssamþykkt að gera allt sem í hans valdi stæði til að málið næði fram að ganga, og við í fjh. - og viðskn. hv. Ed. samþ. allar þær brtt. sem formaður n. lagði fram og taldi sig leggja fram í nafni ríkisstj., enda var hann sérstaklega að því spurður, hvort svo væri ekki, og upplýsti hann að hann hefði haft samráð við formann Framsfl., hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. Þess vegna litum við svo á, að um samþykki ríkisstj. væri að ræða. Hann bar að vísu fram eina brtt. um að eingöngu yrði heimilt að taka innlent lán. Það samþ. við, enda hefði það verið eðlilegast. Þegar hann óskaði síðar eftir að sú till. yrði dregin til baka samþ. við það einnig. Sem sagt höfum við lagt ríka áherslu á að mál þetta næði fram að ganga.

En hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. héldu því blákalt fram fyrir nokkrum mínútum að ekki væri hægt að koma málinu fram nú á þinginu vegna þess að mikill ágreiningur væri í fjh. - og viðskn. og að tími ynnist ekki til þess. Við sjálfstæðismenn höfum lýst því yfir í Ed., að við værum reiðubúnir til að afgreiða málið þegar í stað úr deildinni umræðulaust. Ég hygg að sjálfstæðismenn í Nd. mundu geta gefið svipaða yfirlýsingu. Alþfl. - menn hafa lýst yfir að þeir vilji að málið nái fram að ganga og muni ekki tefja það. Það er þess vegna verið að beita hér nákvæmlega sama ofbeldinu og beitt var í fyrravor, þegar sömu flokkar, Framsfl. og Alþb., stöðvuðu sama mál með bolabrögðum, nákvæmlega á sama veg og þeir nú gera. Þessu mótmæla sjálfstæðismenn, og ég veit að bændur um allt land munu mótmæla slíkum vinnubrögðum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vildi af þessu tilefni árétta það, sem raunar kom fram hjá mér í morgun við umr. utan dagskrár, að þingflokkur Alþfl. tók í gær til umræðu málaleitan hæstv. forsrh. um þingfrestun í tvær vikur. Niðurstaða þingflokksins var í mjög stuttu máli sú, að við þm. Alþfl. töldum enga sérstaka ástæðu til að gera hlé á þingstörfum, þar sem fjölmörg mál liggja fyrir þinginu sem enn hafa ekki komið á dagskrá og ástæða er til að ræða, og við töldum að þm. gætu mætavel gefið sér tíma til að fjalla um þau næstu viku. Hins vegar varð afstaða okkar sú til erindis hæstv. ráðh., að ef ríkisstj. legði þunga áherslu á að fá þinghlé vegna þess að hún teldi sig þurfa slíkt hlé til að undirbúa stefnumörkun sína og málatilbúnað á Alþ. mundu þm. Alþfl. ekki leggjast gegn því erindi.

Að sjálfsögðu er alveg ljóst að það er ríkisstj. sem óskar eftir þessu. Hlé mun hafa þau áhrif á störf Alþ. að tefja nokkuð meðferð mála og hugsanlega draga þingið fram á vorið, en ég geri ráð fyrir að hæstv. ríkisstj. hafi gert sér fulla grein fyrir því þegar hún óskaði eftir þingfrestuninni.

Ég hef svo engu frekar við þetta að bæta.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma hér fram, að þingflokkur Alþb. samþ. í gær einróma að standa að því fyrir sitt leyti að afgreidd væru frá þinginu í dag eða á morgun frv. um tekjustofna sveitarfélaga og frv. um fjáröflun Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Það hefur ekki staðið á þm. Alþb. að þessi tvö mál væru afgreidd frá þinginu.

Þarf ekki að rekja fyrir hv. þm. hvers vegna svo er ekki. Fulltrúar annars stjórnarandstöðuflokksins hafa lagst gegn því að frv. um tekjustofna sveitarfélaga væri afgreitt hér. Um það urðu umr. utan dagskrár í Nd. í dag. Það samkomulag, sem ég beitti mér fyrir sem formaður fjh.- og viðskn. Ed. og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lýsti áðan að gert væri um afgreiðslu málsins, reyndist ekki, þegar á leið, jafnvíðtækt og við hefðum kosið. En staðreyndin er samt sem áður sú, að þingflokkur Alþb. hefur verið reiðubúinn að afgreiða þessi mál hér í þinginu. Það er algerlega rangt, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði í lok ræðu sinnar, að það hafi að einhverju leyti staðið á þingflokki Alþb. að afgreiða málið. Það var m. a. fyrir okkar frumkvæði í fjh.- og viðskn. Ed. sem náðst hafði það víðtæka samkomulag sem fólst í því að fulltrúar þriggja flokka í n. skiluðu sameiginlegu áliti. Ég vænti þess, að afgreiðsla málsins frá þinginu á sínum tíma verði í sama anda og hv. þm. muni þegar í stað, þegar þing kemur saman aftur, afgreiða frv. um tekjustofna sveitarfélaga í þeim samkomulagsanda sem náðst hafði á sameiginlegum fundum félmn. beggja d., þannig að þjóðin þurfi ekki að horfa upp á að óþarft ósamkomulag í þinginu hindri afgreiðslu mála sem eru lífsnauðsynleg bæði fyrir sveitarstjórnir þessa lands og bændur þessa lands.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það, sem hér er um að ræða er hlé á fundum Alþingis í hálfan mánuð. Um það bil helmingurinn af þeim tíma er vegna funda Norðurlandaráðs, 3.—7. mars, en þegar Norðurlandaþing hefur verið háð hér á Íslandi, sem gert er á fimm ára fresti, er föst venja að fundir Alþingis falli niður þá daga, sumpart vegna þess að þm. og ráðh. sækja þá fundi, en ekki síður vegna hins, að Norðurlandaráðsþing þarf á húsakynnum Alþingis að halda meðan á því stendur. Það, sem hér er um að ræða, er því í rauninni um vikutími sem þingfundir yrðu þá felldir niður að ósk ríkisstj.

Þetta er engin nýlunda og ástæðulaust að gera það að einhverju stórmáli. Það kemur alloft fyrir, að til þess að ríkisstj. gefist betra tóm til að undirbúa þingmál sé gert

nokkurt hlé á fundum Alþingis. Auðvitað má segja, eins og hér kom fram, að Alþingi gæti haldið áfram löggjafarstarfi sínu. En mál liggja nú þannig fyrir, að ráðh. eru skyldir að sækja fundi Alþingis, og veitir það þeim að sjálfsögðu meiri starfstíma til að undirbúa þau mál, sem um er að ræða, ef hlé er á fundum Alþingis í nokkra daga. Þetta hefur komið fyrir stundum þegar ríkisstjórnir hafa verið myndaðar á miðjum þingtíma, alveg sérstaklega ef þurft hefur að semja nýtt fjárlagafrv. eins og nú. Alloft hefur það komið fyrir, að hlé hefur verið gert á fundum Alþingis eftir jólahlé langt fram eftir janúarmánuði, einmitt af þessum ástæðum, til að gefa ríkisstj. betra tóm til að undirbúa mál. Nú standa sakir þannig, að ríkisstj. er í miðjum klíðum að vinna að nýju fjárlagafrv. sem ætlunin er að leggja fyrir Alþingi þegar það kemur saman að nýju. Auðvitað þarf að undirbúa ýmis önnur mál í sambandi við fjárlagafrv.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, að ágreiningur meðal stuðningsmanna ríkisstj. út af frv. um ríkisábyrgð á láni í sambandi við verðbætur eða útflutningsbætur á landbúnaðarafurðum valdi því, að það frv. hafi ekki gengið fram. Ég vil lýsa því yfir, að allir stuðningsmenn ríkisstj. styðja frv. sem liggur fyrir hv. Ed. Hins vegar er það ljóst vegna þess ágreinings, sem er um þetta mál, að vægast sagt yrði hæpið að fá það afgreitt eða gert að lögum fyrr en eftir helgi.

Í rauninni ræður ekki neinum úrslitum hvort frv. verður að lögum nú eða fljótlega eftir að þing kemur saman að nýju. Eins og hæstv. fjmrh. tók fram í umr. í Ed. þarf nokkurn undirbúning að 3 milljarða lántöku. Tíminn meðan fundir Alþingis falla niður verður notaður til að undirbúa það mál þannig að hægt sé að hrinda því í framkvæmd sem fyrst eftir að frv. verður að lögum, væntanlega strax eftir þinghlé.

Allir stuðningsmenn stjórnarinnar styðja þetta mál og þingflokkur sjálfstæðismanna hefur samþykkt að styðja það. Alþfl. hefur sérskoðun á því máli, en málinu er að sjálfsögðu tryggður framgangur miðað við þær yfirlýsingar sem liggja fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Ég held að það liggi skýrt fyrir hvers vegna farið er fram á þinghlé, sem í rauninni er aðeins vikutími, að ósk stjórnarinnar. Hitt kemur af sjálfu sér vegna Norðurlandaráðsþings. Engin ástæða er til að vera að gera þetta að neinu stórmáli.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mér er fullkomlega óskiljanlegt að 20 mínúta ræða af hálfu eins af þm. Alþfl. skuli valda því, að frv., sem talið var mjög brýnt að yrði afgreitt fyrir helgi, skuli nú allt í einu vera komið í óefni. Sér auðvitað hver maður að sú getur ekki verið skýringin.

Ég vil bæta því við, að það er yfirlýst af hálfu Alþfl. að hann vilji greiða fyrir framgangi þessa máls, sé reiðubúinn til þess. Ég óskaði meira að segja sérstaklega eftir því, að það yrði afgreitt þegar í stað og afgreiðslu þess hraðað. — Vegna ásakana, sem voru bornar á borð fyrir þm. í Ed. af hæstv. fjmrh., að við værum að tefja fyrir þessu máli, og vegna þeirra ummæla, sem hæstv. forsrh. hafði hér áðan og hnigu til sömu áttar, vil ég að þetta komi fram og að við óskum sérstaklega eftir að afgreiðslu málsins verði haldið áfram og henni hraðað. Ég trúi því, að þm. séu ekki svo kvöldsvæfir að þetta ætti ekki að vera hægt í dag ef vilji er fyrir hendi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég skil ekki almennilega hæstv. forsrh. þegar hann reynir að skýla sér á bak við Alþfl. einan í sambandi við afgreiðslu frv. um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ég skildi vel þá yfirlýsingu, sem talsmaður Alþfl. gaf áðan, að þrátt fyrir þann ágreining, sem flokkurinn gerir í n. í Ed., vill hann greiða fyrir afgreiðslu málsins. Fyrir liggur yfirlýsing þingflokks Sjálfstfl., sem formaður þingflokksins og hv. 5. landsk. þm. gáfu áðan, og yfirlýsing formanns þingflokks Alþb.

Liggur ríkisstj. svona á að losna við Alþingi? Ég heyrði einn af guðfeðrum ríkisstj. segja að hann vildi leggja allt í sölurnar til þess að ný ríkisstj. yrði mynduð, til þess að Alþ. gæti hafið störf því að það hefði verið starfslaust í langan tíma. Sá hv. þm. taldi að það lægi mikið á að fá ríkisstj. til að bjarga sæmd Alþingis. En nú á að senda sama Alþingi heim í hálfan mánuð. Urmull af málum liggur fyrir Alþingi, liggur í nefndum eða er til 1. umr. Það er fullkomið verkefni næstu viku.

Hæstv. forsrh. segir að það sé skylda ráðh. að sitja þingfundi. Vitaskuld er skylda ráðh. að sitja þingfundi. En skylda ráðh. hefur ekki verið svo mikil undanfarna daga að þeir hafi setið hér í stólunum. Lengst af í gær var þessi bekkurinn alveg tómur, þó að þeir sitji þarna fjórir núna og einn og tveir sátu hérna megin í gær og fyrradag. Það er helst maðurinn við ofninn sem situr hérna. Svo á bara að bjarga sæmd Alþingis með því að senda það heim!

Hvers vegna gengur forsrh. landsins fyrir þingflokkana og biður um að afgreiða ákveðin mál, eins og þetta mál um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, þegar ekkert er í veginum að afgreiða það? Hvað segir landbrh. núna? Nú liggur ekkert á. Hann er nýlega búinn að flytja mikla ræðu við setningu Búnaðarþings, en nú á bara að bíða. Á hverju stendur? Það stendur ekki á neinu, segir hæstv. forsrh. Það eru komnar fram yfirlýsingar frá öllum. Ætlið þið að fara að vinna hér í kvöld? Hví ekki að halda áfram og afgreiða þetta mál? Er Framsfl. kannske eitthvað snúinn í málinu? Það hefur ekkert heyrst frá honum. Hann hafði þó mikinn áhuga á því í vor, en þó ekki það mikinn að hann vildi halda þinginu áfram — eða þáv. forsrh. — í einn dag til að ljúka því.

Nei, nú á að senda þingið heim. Það á ekki einu sinni að afgreiða það sem sagt var fyrir nokkrum klukkutímum að ætti að fara fram. Á svo þjóðin að trúa því, að það sé allt í lagi hjá ríkisstjórnarflokkunum? Svo á að reyna að koma þessu á kratana þrátt fyrir að þeir bjóðist til að sitja hér bæði nætur og daga — eða réttara sagt í kvöld og nótt — ef maður þarf til þess að afgreiða þetta mál.

Ég skora á forsrh. og ríkisstj. að láta þingið ekki hætta störfum að sinni fyrr en búið er að afgreiða þetta mál. Því verður ekki trúað, hvorki trúa því bændur né aðrir, að stjórnarandstaðan standi nú í veginum. Það er eitthvað að á stjórnarheimilinu. Það er eitthvað ekki alveg með felldu þar, fyrst þeir eru svona hræddir við að halda störfum áfram í kvöld eða fram eftir nóttu ef með þarf, sem ég efast stórlega um að þurfi til. Það er eitthvað óhreint í pokahorninu hjá hæstv. forsrh. Lukkustjórn þjóðarinnar er ekki hamingjusöm í dag.

Kl. þrjú eða hálffjögur var ákveðið að halda þessu máli til streitu og afgreiða það, en svo kom einhver fjandinn upp á og það varð mikið fjaðrafok í þinghúsinu í dag.

Ráðh. voru hlaupandi hver um annan þveran, ég tala nú ekki um aðalstuðningsmennina, sem brostu þannig að brosið náði alveg kringum höfuðið á þeim fyrstu dagana. En þeir eru ekki eins brosmildir núna sumir hverjir. Þeir eru eitthvað áhyggjufullir. Hvað er það sem er verið að dylja? Hvers vegna er ekki gengið hreint til verks? Hvers vegna þarf að hvetja stjórnina til að afgreiða eigin mál þegar báðir flokkar stjórnarandstöðunnar hvetja til afgreiðslu málsins? Hverjum á að trúa? Hvernig ætlar forsrh. lukkustjórnarinnar að sannfæra bændur landsins um að allt sé í fínu lagi á heimilinu?

Nei, það er allt komið í óreiðu eftir ekki hálfs mánaðar tíma, og það þarf endilega að reka þingið heim, — þingið sem einn af guðfeðrunum taldi að gæti starfað snurðulaust með því að fá ríkisstjórn. Það væri líka fróðlegt að heyra frá þeim þm. nú, hvað hafi valdið sinnaskiptum hans á ekki lengri tíma. Kannske hefur sannfæringin sagt honum að skipta um skoðun á síðasta augnabliki.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við þessa umr.

Ég var einn þeirra sem töldu ástæðulaust að leysa upp þingið, eins og við getum kallað að gert sé nú. Ég hef hlustað á hv. þm. lýsa því yfir og kvarta yfir því, að mál þeirra gengju hægt fram, ýmis brýn áhugamál þeirra sem þeir telja, þáltill. t. d. í Sþ. væru enn óhreyfðar og ekki komnar til n., enda er útlit á þingstörfum það, að ólíklegt er að hin miklu áhugamál einstakra þm. fái neina afgreiðslu, af því sem ljóst er að hið háa Alþingi fær sem mest að vinna þegar það kemur saman á nýjan leik.

Ég hef oft áður minnst á þetta, að hið háa Alþingi þarf að sinna fleira en því sem sjálfum stjórnarherrunum dettur í hug, sem þá verði allt að víkja, hin brýnustu áhugamál einstakra þm., fyrir því hvernig hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma vill skipa málum að undirlagi embættismannakerfisins að mestu leyti, eins og við þekkjum. En um þetta ætla ég ekki að fara fleiri orðum.

Það lá ljóst fyrir á fundi forseta í morgun, hvernig skipa skyldi afgreiðslu mála á hinu háa Alþingi, og kl. sex hyggst forseti Nd. halda áfram fundi til að greiða fyrir hinu brýna máli um ábyrgðarheimild vegna Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ég varpa nú þeirri spurningu fram, hvort enn megi ekki leysa þetta mál, hvort stjórnarliðið ætli nú að fara í útgöngu í málinu. Þeir sem tóku það til bragðs á sínum tíma, hafa legið undir miklu ámæli. En það verður þá útganga nr. tvö ef stjórnarliðið sjálft ætlar að hlaupast frá þessu máli nú.

Það liggur ljóst fyrir eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh. nú, að stjórnarliðið er allt sammála um afgreiðslu þessa máls. Hæstv. forsrh. gat þess, sem rétt er, að Sjálfstfl. er það líka. Og fulltrúi Alþfl., hv. 2. þm. Reykn., lýsti yfir að Alþfl. væri reiðubúinn til að greiða fyrir þessu máli. Hann gat þess, að ekki mundu hv. þm. vera svo kvöldsvæfir að þeir entust ekki til að vinna nú sem skarplegast að þessu máli eitthvað fram eftir kvöldi, og á morgun var ákveðið að reyna að skila þessu máli í höfn. — Nú skora ég eindregið á þá, sem í fyrirsvari eru hér, hæstv. ríkisstj., að athuga hvort við getum ekki tekið til við þetta brýna hagsmunamál þannig að þeir á fyrstu dögum sínum sleppi nú við að verða kenndir við útgöngu nr. tvö í hagsmunamálum bænda.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. kvartaði undan því að heyra ekki frá okkur framsóknarmönnum í þessu sambandi. Mér heyrðist hlaupinn á hann eins konar vestfirskur framboðsfundarandi áðan, og þar er venja að við tölum báðir.

Ég vil leggja áherslu á að það stendur á engan máta á okkur framsóknarmönnum að afgreiða málið sem nú liggur fyrir Ed. um ríkisábyrgð vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Hér hafa hins vegar gerst þau gleðilegu tíðindi, að allir keppast við að lýsa stuðningi við málið, og það er nokkuð nýtt í þessum þingsölum. M. a. liggur fyrir yfirlýsing frá hv. sjálfstæðismönnum um að þeir ætli ekki að ganga út, a. m. k. ekki í Ed., og m. a. s. ætli að flýta fyrir afgreiðslu málsins. Hv. Alþfl.-menn virðast m. a. s. vera í kapphlaupi við aðra um að flýta afgreiðslu þessa máls. Við getum því sagt að málinu sé tryggður framgangur hér á hinu háa Alþingi. Ég held að allir geti verið sammála um það. Það er vitanlega aðalatriðið. Með þessar yfirlýsingar er unnt að fara að vinna að útvegun lánsfjár, sem tekur einhvern tíma, og það getur þá allt legið fyrir þegar Alþ. kemur saman aftur. Þetta sýnist mér svo mikilvægt, sem hér hefur komið fram, að það skipti út af fyrir sig ekki öllu máli hvort málið sé afgreitt í dag eða eftir tvær vikur.

Ég veit að hæstv. forsrh. hefur þegar hafið undirbúning að útvegun þess fjármagns sem þarna er um að ræða, og ég skora á hann að hraða því.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég er að vísu ekki óvanur hringlandahætti frá hæstv. forsrh., svo að mér kemur ekkert á óvart þó að það væru tilmæli hans í gær að slíta þinginu á föstudag og í dag að slíta því í dag. Það er eins og við höfum lifað við sem höfum verið í Sjálfstfl., að þar standa orðin ekki allt of lengi. En maður getur nú svo sem látið það eiga sig í bili.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því, sem mér þykir eftirtektarvert varðandi hæstv. ríkisstj., sem mynduð var til að gæta sóma Alþingis, að ráðh. hennar ganga nú hér upp hver á fætur öðrum og segja að það skipti ekki öllu máli hvort þessi lánsfjárheimild sé afgreidd frá Alþ. deginum fyrr eða síðar, það sé hægt að vinna að málinu hvað sem því líði. Það er kannske hægt að taka lánið og eyða því. Það er kannske rétt að hafa þann háttinn á, að Alþ. gangi frá málinu fyrst, áður en menn fara að taka lánið og eyða því. Ég veit ekki hverju er að treysta í þeim efnum hjá hæstv. ríkisstj.

Ég tek undir það með hv. 4. þm. Austurl., að fróðlegt er að sjá hæstv. ráðh. Framsfl. í annað skipti verða til þess að senda þingið heim þegar þetta mál bíður afgreiðslu. Í fyrra skiptið var það til þess að hæstv. núv. utanrrh. gæti náð sér í doktorstign til vesturálfu. Nú er það til þess að hinn doktorinn geti dundað sér við það í næstu viku, segir hann, að marka þá stefnu fyrir ríkisstj. sem hann sagði fyrir hálfum mánuði, þegar hann var að bjarga sæmdinni, að hann væri búinn að marka.

Auðvitað sýnir þetta mál okkur að ríkisstj. er illa á vegi stödd. Tilurð hennar var slík, að það er við því að búast að mörg verði töfin. Það er áreiðanlegt að þetta verður ekki í fyrsta skiptið sem orðin, sem frá henni berast, standa ekki allt of lengi. Ég held að það sé líka áreiðanlegt, að það verður ekki í fyrsta skipti nú í dag sem við óbreyttir þm. verðum varir við launræður milli hæstv. ráðh. Ég gæti trúað að launræðurnar verði býsna margar, við verðum oft varir við þær, eins og allt er í pottinn búið.

Án þess að ég ætli að fara að efna til frekari umr. vil ég aðeins ítreka það sem hér hefur komið fram. Að vísu

minnist ég þess, að hæstv. forsrh. talaði um að það væri flokksræði í Sjálfstfl. Hann er nú búinn að lýsa því yfir hér úr stólnum að allir þm., framsóknarmenn, kommúnistar og þetta horn sem klofnaði frá, ætli allt saman að vera með frv. Það er nú meira en lítið flokksræði þar. Hann bíður ekki einu sinni eftir því að hæstv sjútvrh. standi upp til að lýsa afstöðu Framsfl. Hann telur það algert aukaatriði, enda líkti hann sér við Adenauer í sjónvarpinu.

Ég held að það færi nú best á því að afgreiða þetta mál fyrir þinghlé, fyrst allir eru sammála um að samþykkja það. Það tekur ekki langan tíma ef allir eru samhentir.

Sameinað þing, 28. fundur.

Mánudaginn 10. mars, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Jón Helgason): Mér hafa borist tvö bréf, svo hljóðandi:

„Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið.

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum get ég ekki setið þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Tryggvi Gunnarsson skipstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum get ég ekki setið þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara rannsókn kjörbréfs í sameinuðu þingi.

Alexander Stefánsson,
forseti Nd."

Þar sem þessir varamenn, Tryggvi Gunnarsson og Jón Baldvin Hannibalsson, hafa ekki átt sæti á þessu Alþingi fyrr þarf að fara fram rannsókn kjörbréfs. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að athuga kjörbréfin og verður gefið fundarhlé á meðan í 8 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Jóns Baldvins Hannibalssonar ritstjóra, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavík, og kjörbréf Tryggva Gunnarssonar skipstjóra, Vopnafirði, sem er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd gerir engar athugasemdir við kjörbréfin og leggur til að kosning verði tekin gild og kjörbréfin samþykkt.

ATKVGR.

Till kjörbréfanefndar samþ. með 45 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Tryggvi Gunnarsson, sem hafði ekki áður tekið sæti á Alþingi, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Jón Helgason): Tryggvi Gunnarsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann og Jón Baldvin Hannibalsson velkomna til starfa á Alþingi.

Efri deild, 44. fundur.

Mánudaginn 10. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lántaka Framleiðsluráðs landbúnaðarins, frv. (þskj. 175, n. 185 og 188, 186, 187, 192). — Frh. 2. umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þegar þetta frv. var til umr. í þessari hv. deild fyrir þetta tveggja vikna þinghlé urðu um það töluvert miklar umr. Af hálfu Alþfl. var skýrt tekið fram í þeim umr., að flokkurinn vildi beita sér fyrir því að þetta mál yrði afgreitt með eðlilegum hætti og eðlilegum umr. fyrir þinghlé og þá að sjálfsögðu með þeim brtt. sem gerð var grein fyrir af hálfu Alþfl. þegar málið kom úr nefnd.

Alþfl. ætlaði sér ekki með neinum hætti að tefja framgang þessa máls hér í þinginu, þótt segja megi að þetta mál þurfi töluverðrar athugunar við. Það var hins vegar annað sem varð til þess að tefja þetta mál. Það kom sem sé í ljós í þessu máli, að þótt ríkisstj. hefði ekki starfað lengi var ekkert samkomulag um það, hvernig ætti að afgreiða málið. Hér fór á síðasta degi fyrir þinghlé allt í háaloft, ef svo má segja, köpuryrðin og klögumálin gengu hér á víxl milli stjórnarliða og þar var engin samstaða um þetta mál fremur en annað. Það var, eins og þm. sjálfsagt muna, till. frá hæstv. viðskrh. sem olli þessu fjaðrafoki hér. Sú till. var, eins og hæstv. viðskrh. sagði úr þessum ræðustóli, dregin til baka að sinni. Nú kemur væntanlega í ljós hvort þessi hálfi mánuður hefur dugað ríkisstj. til að jafna þann ágreining sem þarna var risinn um það, hvort Byggðasjóði skyldi skylt að annast þetta lán að hluta eða hvort slíkt skyldi aðeins heimilt. Það verður fróðlegt að sjá hvert verður nú framhald þessa máls, hvort till. viðskrh., sem öllu þessu fjaðrafoki olli, verður hér sýnd að nýju eða hvort hæstv. viðskrh. hefur nú verið beygður undir ok stjórnarsamstarfsins.

Hæstv. viðskrh. Tómas Árnason, sem nú er ekki viðstaddur, því miður, sagði í umr. um þetta mál um daginn, að núverandi kerfi útflutningsbóta væri undan rifjum Alþfl. runnið. Þetta er ekki rétt, þó rétt sé að þetta kerfi hafi komist á þegar Alþfl. átti stjórnaraðild. En hér er ekki verið í rauninni að ræða um þetta kerfi sem slíkt, heldur er verið að ræða um það að ganga lengra en það kerfi, sem verið hefur, gerir ráð fyrir. Það er verið að ræða um það að ganga lengra en núgildandi lagareglur gera ráð fyrir. Og það er ekki allt og sumt, heldur er hér aðeins verið að stíga fyrsta skrefið. Sjálfsagt munu fleiri fylgja á eftir.

Hér er sem sé verið að ganga lengra en lög í rauninni heimila varðandi útflutningsbætur. Það er verið að leggja auknar greiðslubyrðar á almenning og það mætti spyrja

sem svo: Hvernig ætla hæstv. landbrh. og fjmrh. að leysa þann vanda sem við blasir vegna útflutningsins á yfirstandandi verðlagsári? Hvernig ætlar hin nýja ríkisstj. að leysa þann 7 milljarða vanda sem þar blasir við? Fróðlegt væri að fá svör við því. Það má raunar segja að þessu hafi með nokkrum hætti verið þegar svarað í þeirri ræðu sem nefnd hefur verið dýrasta ræða á Íslandi, þegar hæstv. landbrh. ávarpaði Búnaðarþing á dögunum. Það á að greiða þá reikninga sem framvísað verður.

Nú hafa framsóknarmenn úr þremur stjórnmálaflokkum sameinast um að skattleggja almenning í landinu og það algjörlega án tillits til afkomu þeirrar atvinnugreinar sem hér er um að ræða.

Mér segir svo hugur um, að vandleg athugun á högum bænda mundi leiða það í ljós, að sums staðar, á stöku stað, væri ástæða til að rétta hjálparhönd, en annars staðar hins vegar ekki, og slík athugun mundi leiða í ljós að hagur bænda er langt frá því að vera jafnslæmur og þeir barlómsmenn vilja vera láta.

Það er hins vegar til þeir bændur sem finnst lítið til koma þegar í síauknum mæli er reynt að gera bændastéttina að eins konar ölmusumönnum á ríkisframfæri. Það á ekki við lengur sem eitt sinn var sagt, að það sé enginn bóndi sem ekki kunni að berja sér. Hins vegar gildir það kannske nú, að enginn kemst í forustu í samtökum bænda eða búnaðarsamtökum nema hann sé atvinnumaður í barlómi.

Í þessari deild sitja bændur og það fleiri en einn og fleiri en tveir. Það væri ekki ófróðlegt að heyra sjónarmið þeirra um það, hvort rétt sé sem forusta bændasamtaka og búnaðarfélaga halda fram, að þessi atvinnugrein hangi á horriminni og þar þurfi þá stórfelldu ríkisaðstoð sem nú er talað um. Það væri býsna fróðlegt ef þeir óðalsbændur, sem hér sitja t. d. í skrifarasætum, létu nú til sín heyra um það, hvernig háttar til í rauninni, hvort þetta er raunverulegur vandi eða hvort þetta er vandi, blásinn upp af forustumönnum landbúnaðarins, sem hafa velt sér upp úr fjölmiðlaljósinu og grátið framan í alþjóð.

Þetta mál snýst ekki eingöngu um tímabundna fyrirgreiðslu til landbúnaðarins heldur snýst það fyrst og fremst um það, að hér verður að eiga sér stað stefnubreyting. Núverandi stefna hefur leitt bændur og þjóðina alla í ógöngur, mestu ógöngur sem íslenskur landbúnaður hefur nokkurn tíma ratað í. Það er engin tilraun gerð til þess að breyta þessu, heldur á aðeins að halda áfram að borga og borga gagnrýnislaust og láta neytendur og skattborgara gjalda þess. Það er það sem þetta mál snýst um.

Því miður sýnist svo sem stefna hinnar nýju ríkisstj. í þessum málum lofi sannarlega ekki góðu. Þar á að halda áfram og herða á þeirri vitleysu sem verið hefur ríkjandi hér. Það er þetta sem þetta mál snýst um. Við Alþfl.-menn höfum flutt hér till. um breytingar í tengslum við þetta frv. Við viljum að komið sé til móts við bændur að nokkru, en það sé gert með ákveðnum skilyrðum sem leiða okkur út úr þessum vítahring, en ekki að halda áfram stöðugt í sömu stigamyllunni. Það er hvorki bændum né neytendum til góðs. Þær till., sem við höfum hér lagt fram og verða bornar hér undir atkv., miða að því að breyta þessari stefnu bændum til hagsbóta og neytendum öllum, þeim sem ríkisstj. ætlar að borga þennan brúsa.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki ástæða til þess að ýfa upp miklar umr. um landbúnaðarmál að þessu sinni á grundvelli þess frv. sem hér er til umr. Því var lýst yfir af hálfu stjórnarandstöðunnar áður en þinghlé var gefið, að stjórnarandstaðan mundi greiða fyrir afgreiðslu málsins eftir því sem framast væri kostur. Þeir þm. voru jafnvel fúsir til að vaka daga og nætur til þess að það mætti komast fram. Ég vil því í þessari ræðu aðeins gera örfáar athugasemdir við ræðu hv. síðasta ræðumanns og það í eins fáum orðum og kostur er.

Hv. þm. Eiður Guðnason sagði að hér væri um það að ræða, að það væri gengið lengra en lög heimila í því að greiða bætur á útfluttar landbúnaðarvörur og hér væri aðeins um fyrsta skrefið að ræða á þeirri braut, þannig ætti að halda áfram.

Það er rétt, að hér er farið fram úr því sem hin almenna lagaregla greinir, og það hefur raunar áður verið gert. Þetta er gert til þess að leysa úr bráðum tímabundnum vanda sem bændastéttin stendur frammi fyrir. Það er ástæðulaust fyrir hv. þm. Eið Guðnason að koma í þennan ræðustól og spyrja hvort hér sé um að ræða raunverulegan eða uppblásinn vanda þeirra sem grátið hafa framan í þjóðina í fjölmiðlum. Þetta eru ástæðulausar aðdróttanir og lýsa því, að þessi hv. þm. hefur ekki þær upplýsingar um þjóðlífið og hag landbúnaðarins sem telja verður að honum beri skylda til að hafa. Það á ekki að vera þörf á því hér að rekja það, hvað hér liggur til grundvallar og hvernig þetta kemur við bændastéttina. Það á ekki að vera þörf á því að segja það, að á síðasta ári vantaði 3.5 milljarða til þess að bændur fengju fullt verð fyrir framleiðsluvörur sínar, sem einvörðungu kæmi niður á nettótekjum bænda ef þetta fengist í engu bætt. Það á ekki að vera þörf á að minna á það, að ýmsar aðstæður á árinu 1978, veðurfarslegar og þjóðfélagslegar, urðu til þess að bændastéttin varð þá fyrir mjög alvarlegum tekjumissi. Sumpart er það þess háttar tekjumissir sem bændur þurfa hvenær sem er að vera viðbúnir að mæta og verður aldrei að fullu bættur. Hins vegar eru þær aðstæður þess eðlis, að það gerir meiri kröfur til þess að þeirri tekjuskerðingu sé mætt sem stafar af því, að ekki fæst fullt verð fyrir afurðirnar. Hér á ég við það, að harðindin s. l. ár ollu miklum vandkvæðum í landbúnaðinum. Þau ollu því, að þær tekjur, sem fengist hefðu í meðalári, náðust hvergi nærri og það svo munar, að ég hygg, milljónum á hvert bú í landinu, a. m. k. um norðanvert landið. Ég ætlast ekki til að ég þurfi að fara að rekja þetta hér í smáatriðum. Þetta ætti öllum að vera ljóst. Þess vegna segi ég og ítreka enn, að það er ástæðulaust að koma hingað og spyrja: Er þetta raunverulegur eða uppblásinn vandi.

Hv. þm. spyr hvernig eigi að leysa vanda þessa árs sem vissulega er mikill. Hann segir að þessu hafi verið svarað af mér við setningu Búnaðarþings í ræðu sem hann kallar dýrustu ræðu sem flutt hefur verið á Íslandi. Ég get endurtekið það fyrir þennan hv. þm., sem ég sagði um þetta efni við setningu Búnaðarþings. Með leyfi forseta hljóðar það svo:

„Því miður eru horfur þær á þessu verðlagsári, að miklar fjárhæðir skorti til þess að útflutningsbótafé dugi svo fullri verðtryggingu verði náð. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir svo um þetta efni: „Leitað verði samkomulags um viðunandi lausn á fyrirsjáanlegum vanda vegna halla á útflutningi búvara á þessu verðlagsári í tengslum við heildarstefnumótun í landbúnaði.

Ég vil taka það fram, að ég mun leita eftir slíku samkomulagi við fulltrúa bændasamtakanna og vænti góðrar samvinnu í þessu vandasama máli á milli fulltrúa bænda og fulltrúa ríkisstj."

Þannig hljóða þau dýru orð sem metin hafa verið af ýmsum skriffinnum eða ræðumönnum Alþfl. á 6—8 milljarða kr., sem sé efnislega það að leita samkomulags um viðunandi lausn á þeim vanda sem við blasir á þessu verðlagsári vegna óverðtryggðrar framleiðslu búvara. Það er metið á þessar fjárhæðir án þess að nokkur stafkrókur sé fyrir því á annan veg. Falsanir af þessu tagi á ummælum manna geta kannske verið hlægilegar í fyrstu lotu og sumpart skemmtilegar. En þær eru síður en svo skemmtilegar, þær eru háalvarlegar þegar síðan á að fara að nota þær til þess að egna fólk gegn tiltekinni stétt í landinu, eins og gerð hefur verið tilraun til í framhaldi af uppfinningu þessara ágætu Alþfl.-manna um þetta efni, sem er hreinn uppspuni frá þeirra hálfu. Það var þess vegna gott að hv. þm. Eiður Guðnason spurði um þetta efni, því að ég vænti þess að það þurfi ekki að tíunda svarið frekar.

Ég vil aðeins bæta því við, að enn hafa ekki hafist neinar samkomulagsumleitanir um þetta mál á milli fulltrúa ríkisstj. og fulltrúa bændasamtakanna. Það mun bíða eftir því að unnt sé af hálfu ríkisstj. að setja fram stefnuatriði sem eftir því sem segir í orðanna hljóðan í stjórnarsáttmála eiga að skoðast um leið og þetta vandamál er metið til úrlausnar. Þess vegna hef ég engin svör um það enn þá til hv. þm., hvað hér verður um að ræða. Hitt held ég að allir geri sér ljóst, að hér verður ekki um að ræða aðstoð til bændastéttarinnar upp á 6—8 milljarða kr., miðað við þær horfur sem nú eru.

Hv. þm. Eiður Guðnason sagði að engin stefnubreyting væri sjáanleg, aðeins ætti að herða á vitleysunni. Nær hefði verið að hann hefði þau orð um í eigin ræðu, því að hver hv. þm. Alþfl. á fætur öðrum hefur komið upp í ræðustól á Alþ. til þess að herða á vitleysunni, eins og við höfum mátt hlusta á og horfa á undanfarin misseri þegar hv. þm. Alþfl. hafa talað um landbúnaðarmál. Þá hafa þeir sannarlega ekki sparað að herða á vitleysunni.

Um stefnubreytingu af hálfu þessarar ríkisstj. í landbúnaðarmálum er of snemmt að fjölyrða. Hv. þm. getur lesið sér til um það sem segir um stefnu um þessi efni í stjórnarsáttmála. Ég skal ekki fara að rekja það hér, en stefnan hefur enn ekki verið fullmótuð. Það er verið að vinna að undirbúningi hennar. En þegar sú stefna liggur fyrir skulum við ræða það mál frekar.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. landbrh., að ég ætla ekki að fara að hefja hér langar umr. um landbúnaðarmál almennt. En eftir þá dæmalausu ræðu, sem hv. 5. þm. Vesturl. flutti áðan, tel ég sjálfsagt að segja hér nokkur orð.

Hann beindi orðum sínum sérstaklega til okkar bænda hér í deildinni, og ég vil láta það koma skýrt fram, að ég fyrirverð mig ekki fyrir að vera bóndi. Ég tel mér það til gildis. Þó að hann ausi yfir þá orðum eins og hann gerði hér áðan, þá breytir það engu.

Ég hef verið einn í hópi, eins og hann sagði, forustumanna bændastéttarinnar. Ég tel mig ekki vera neinn atvinnubarlómsmann og aldrei hafa verið, en hins vegar vil ég líta á málin af skynsemi og sanngirni.

Hv. 5. þm. Vesturl. spurði sérstaklega um það, hvort við teldum að landbúnaðurinn hengi nú á horriminni. Ég vil aðeins vitna til ársins 1979, þar sem ég tel það sanna hversu traustur landbúnaðurinn er, að hann skyldi standa af sér það árferði og þau áföll af þess völdum eins og þó raun ber vitni. Það hefði landbúnaðurinn ekki gert nema vegna þess hvernig landbúnaðarstefna liðinna áratuga hefur beinst að því að gera hann sterkari og öflugri. Ég tel að það sé ómetanlegt fyrir okkur Íslendinga hversu sterkur landbúnaðurinn raunverulega er: að þola slík áföll án þess að þó fari verr.

En viðvíkjandi því máli sem hér er til umr., vandanum við útflutning landbúnaðarvara, þá er ekki rétt að forustumenn bænda hafi ekki vakið máls á þessu fyrr. Það er öllum kunnugt sem eitthvað þekkja þessi mál, að árið 1972 var flutt hér á Alþ. af þáv. landbrh., Halldóri E. Sigurðssyni, frv. til breytingar á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, þar sem m. a. áttu að koma inn heimildir til allvíðtækrar stjórnunar á landbúnaðarframleiðslunni til handa Framleiðsluráði landbúnaðarins. Því miður náði þetta frv. ekki fram að ganga og hv. 5. þm. Vesturl. gæti spurt suma af flokksmönnum sínum um það, hver ástæðan var fyrir því.

En allt síðan þá hafa forustusamtök landbúnaðarins óskað eftir að fá slíkar heimildir. En það náði ekki fram að ganga fyrr en á s. l. vori og þá í allt annarri mynd og gekk skemmra en bændasamtökin höfðu óskað eftir. Það er ekki rétt, að bændur vilji eingöngu kasta vandanum frá sér, heldur hafa samtök þeirra árum saman óskað eftir að fá heimildir til þess að koma í veg fyrir að slíkur vandi komi upp sem nú er í útflutningnum. Enda þótt hér sé um vanda að ræða með útflutninginn, þá er langt frá því að það sé hægt að orða það þannig að landbúnaðurinn hangi á horriminni.

Ég held að það komi úr hörðustu átt þegar hv. 5. þm. Vesturl. talar um að menn velti sér upp úr fjölmiðlaljósi. Hver ætli hafi af þeim, sem hér vinna oftar komið fram í sjónvarpi en hv. 5. þm. Vesturl. Hvað meinar hv. þm. með þessum orðum? Ég held áreiðanlega að hann eigi þar margfalt met á við alla aðra.

Ég vil svo að lokum aðeins geta þess, að samtök bænda hafa gert fjölmargar till. um hvernig hægt sé að snúast við þessum vanda á jákvæðan hátt. Öllum ætti að vera kunnugt umtal um nýjar búgreinar og óskir um stuðning til þess að koma slíku á ásamt mörgu öðru. Þess er vænst að það fái stuðning. En það er ljóst öllum sem til þessja, að atvinnugrein getur ekki á einu eða tveimur árum gjörbreytt um framleiðslutegundir. Það þarf nokkurn aðlögunartíma, og það er til þess að komast yfir slíkan aðlögunartíma sem óskað er eftir að þarna verði hlaupið undir bagga af hálfu ríkisvaldsins.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Í þeim ræðum, sem hæstv. landbrh. hefur haldið hér að undanförnu, bæði nú í dag og eins við fyrri hluta þessarar umr. fyrir drjúgt tveimur vikum, hafa komið fram ýmsar dæmalausar fullyrðingar.

Hæstv. landbrh. hefur haldið því fram, að með því frv., sem ríkisstj. væri nú að flytja, væri verið að greiða skuld til bænda. Þetta er rangt. Það er ekki um neina skuld til bænda að ræða í þessu sambandi. Það er ótvírætt samkv. lögum, hversu mikið beri að greiða, og það, sem hér er flutt frv. um, er umfram það sem ríkissjóði ber að inna af hendi samkv. lögum. Það er meira að segja tekið svo til orða í þeim lögum sem hér um ræðir, að hámark skuli vera 10% af heildarverðmæti landbúnaðar-

framleiðslunnar, fram úr því megi ekki fara. Það er kannske líka skýringin á því, að það undurfurðulega form er valið sem er á því frv. sem ríkisstj. hefur hér flutt eða fjmrh. fyrir hennar hönd, að þetta skuli vera heimild til lántöku fyrir aðila úti í bæ, sem fjmrh. lýsir yfir að ríkissjóður muni greiða nema einhverjir aðrir bjóðist til þess að greiða lánin. Þetta er furðulegt form, og eins og ég benti á í ræðu minni þegar þetta var til umfjöllunar hér fyrir drjúgt tveimur vikum á þetta sér tæpast nokkur fordæmi og er ákaflega vafasamt að lögum. En það var einmitt til þess að greiða úr þessari flækju og koma málunum á eðlilegan grundvöll, þannig að það væri í rauninni stætt á því að veita ábyrgðarheimild fyrir láni af þessu tagi, sem ég flutti þá brtt. sem hér liggur fyrir, jafnframt því að vilja með því stuðla að því að menn rifu sig út úr þeim vítahring vitleysunnar sem landbúnaðarstefnan er komin í.

Það kom líka fram í máli hæstv. landbrh., að hann teldi að hér væri um erfðasynd að ræða. Hann vildi ekki kalla þetta stundlega friðþægingu, eins og ég hafði gert, heldur erfðasynd. En það var bara eftir að feðra erfðasyndina, því að ég held að það sé augljóst að sé um erfðasynd að ræða, þá er þetta erfðasynd Alþingis. Þær ógöngur, sem þessi mál eru komin í, eru ekki bændum að kenna, heldur Alþ., sem hefur haldið fram stefnu í atvinnugrein, landbúnaðinum, sem er svo dæmalaus sem raun ber vitni.

Mér heyrðist á ræðu hæstv. landbrh. áðan, að hann teldi að málflutningur Alþfl. í þessum landbúnaðarmálum hefði verið til þess að herða á vitleysunni, ef ég heyrði rétt. Ég skil það svo, að hæstv. ráðh. sé svo stoltur af stöðu og stefnu landbúnaðarmála samkv. þessu að sérhver gagnrýni á hana sé illa þokkuð vegna þess hve þetta sé glimrandi gott — eða hvernig má með öðrum hætti skilja orð ráðh.? Ég hefði haldið að hæstv. ráðh. mundi þiggja með þökkum þær uppbyggilegu tillögur sem við höfum flutt hér um stefnubreytingu í landbúnaðarmálunum, þar sem reynt er hægt og sígandi að beina framleiðslunni inn á þá braut, sem svarar til innanlandsþarfanna, og út af þeirri braut að greiða þurfi 50—75% af kostnaðarverði vörunnar niður fyrir erlenda neytendur. Ég hef talið, að stór hluti bænda væri sammála um að í þessum efnum þyrfti einmitt að skipta um stefnu með þeim hætti sem ég hef hér flutt till. um.

Ég minntist líka á það í ræðu minni hér fyrir drjúgt tveimur vikum, að eitt einkenni landbúnaðarstefnunnar væru útslitnir bændur. Þetta þótti hæstv. fjmrh. ákaflega furðulegt. Ég veit að vísu ekki hvernig bændur hafa það í Húnaþingi. En ég þekki nokkuð til bænda hér sunnanlands og ég verð að segja það, að reynsla mín hefur verið sú, að þeir hafa lifað ærið hörðu lífi, þeir hafa lagt hart að sér og þeir hafa margir hverjir verið útslitnir fyrir aldur fram vegna þess að eins og kerfið er hafa þeir verið ginntir til þess að slíta sér út við að framleiða vöru sem síðan hefur orðið að leggja stórskatta á þjóðina til þess að greiða niður fyrir útlendinga. Ég kalla þetta sorglegt, og ég endurtek það sem ég sagði fyrr um þetta mál: Þetta er sorgleg staðreynd og það er sorglegt að einn liður í landbúnaðarstefnunni, eins og hún hefur verið í framkvæmd, er það, hversu margir bændur slíta sér út fyrir aldur fram. Það gildir a. m. k. þar sem ég þekki til.

Auðvitað er það svo í landbúnaði, að menn geta orðið fyrir tímabundnum áföllum eins og harðindum, og mér finnst alger óþarfi hjá hæstv. landbrh. að fara að blanda því saman við þetta mál. Það hefur ævinlega legið ljóst fyrir, að við Alþfl.- menn vildum leysa úr þeim þætti, við vildum líta á það mál sérstaklega og greiða úr því. En það hefur ekki haggað því, að við töldum jafnbrýnt eftir sem áður að mörkuð yrði landbúnaðarstefna til frambúðar.

Hæstv. landbrh. talaði um að einhverjir væru að egna þjóðina gegn tiltekinni stétt eða hugsanlega aðrar stéttir gegn tiltekinni stétt, nefnilega bændum. Ekkert er fjær sanni. Sannleikurinn er sá, að sú stefna, sem hefur verið fylgt hér undanfarinn áratug, er að egna þjóðina upp á móti landbúnaðinum sem slíkum. Og það er einmitt til þess að forðast að slíkar árásir, slík uppreisn verði og jafnframt uppgjöf eða sprenging í landbúnaðinum, eins og kom fram í fyrri ræðu minni, það er einmitt til þess að afstýra því sem við Alþfl.- menn höfum lagt ríka áherslu á að greitt yrði úr þessu máli, að mörkuð yrði ný stefna, og við höfum talið sjálfsagt að það yrði gert í sambandi við þann stundarvanda sem nú er við að fást.

Er það ekki t. d. augljóst, að sjómenn, sem sætta sig við takmarkanir á veiðum, taka þannig á sig tekjuskerðingu umfram það sem þeir annars gætu haft, og þeir gera það til þess að tryggja frambúðarhag sinn. Er nema von að þeim þyki kúnstugt að þetta skuli gilda fyrir þá, en ekki fyrir aðrar stéttir?

Þær brtt., sem ég hef hér flutt, gera ráð fyrir að bændur taki líka á sig nokkur óþægindi núna, en til þess að tryggja frambúðarhag sinn. Þetta er sannleikurinn í málinu. Það er áreiðanlega nauðsynlegt að vítahringur vitleysunnar verði rofinn, og ég tel að með þeim brtt., sem við höfum flutt hér, höfum við stigið spor í þá átt.

Ég held að það sé alveg augljóst, jafnvel þó að hæstv. landbrh. sé stoltur af ástandinu, að mönnum ógnar það þegar greiða á úr ríkissjóði fyrir verðlagsárið, sem nýliðið er, 8.3 milljarða, um það bil 2 milljónir á hvern bónda í landinu eða um 190 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu. Ég held að jafnvel þótt hæstv. landbrh. sé stoltur af ástandinu, þá ógni fólkinu það, bændum ekki síður en öðrum. Horfurnar eru slíkar fyrir yfirstandandi ár, að tilsvarandi tölur verði 4 millj. á hvern bónda eða 333 þús. kr. í skatt á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, bara til þess að greiða niður útflutning á matvælum ofan í útlendinga. Þetta er mælikvarði sem við komumst ekki fram hjá, og það er út úr þessum ógöngum, sem við verðum að fikra okkur. Ég held að það verði best gert með niðurtalningu útflutningsbóta eins og ég hef lagt fram frv. um.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja hér miklar umræður frekar en orðið er. Því var lýst yfir við fyrri umr. af hendi okkar sjálfstæðismanna, að við mundum fyrir okkar leyti vilja greiða fyrir því, að þetta mál gengi hindrunarlítið í gegnum þessa hv. d., og við erum sama sinnis enn. Það hefur að sjálfsögðu ekki neitt skýrst, hvort ríkisstj. væri búin að koma sér saman um afgreiðslu þessa máls. Það hefur ekki komið fram í ræðum þeirra tveggja stjórnarliða sem hér hafa talað, enda er það kannske feimnismál og reyndar best fyrir menn að muna sem minnst eftir því hvað gerðist hér á hv. Alþ. fyrir hálfum mánuði. En alveg burt séð frá þeim atburðum er afstaða okkar sjálfstæðismanna að því leyti óbreytt, að við viljum að þetta mál komist hér áfram, þótt hins vegar hafi gefist hér á vissan hátt tækifæri til mikillar almennrar umr. um landbúnaðarmál. En samt sem áður vildi ég taka það hér fram í þriðja sinn og leita eftir því við hæstv. ríkisstj. að fá spurningum mínum

svarað. Hæstv. landbrh. hefur ekki verið hér í þessari hv. d. aðra tíma þegar ég hef lagt fram þessa spurningu. Hún hefði samt átt að geta komist til hans. En það út af fyrir sig er ærið mál fyrir bændurna í þessu landi að fá vitneskju um hvenær á að greiða þeim það sem af þeim var óbeint tekið við verðákvörðun 1. sept. Það var, eins og menn væntanlega vita, algerlega að tilhlutan þeirrar ríkisstj. sem þá sat, þegar eðlilegri hækkun á búvöruverðinu var frestað og bændurnir í þessu landi hlutu af því tjón sem mun hafa numið ekki mjög langt frá hálfum milljarði kr. Það er ekki síður ástæða til að ámálga þessa fsp. vegna þess að núv. sjútvrh., sem fór með landbúnaðarmál í þeirri ríkisstj., gaf þær yfirlýsingar á aðalfundi Stéttarsambandsins að þetta tjón yrði bætt bændum þessa lands.

Nú hefur hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstj. að sjálfsögðu haft góðan tíma og gott rúm til þess að meta þetta mál. Það er búið að semja fjárlög og það er alveg útilokað annað en að við umfjöllun á nýju fjárlagafrv. hafi verið gengið til endamarkanna á því að kanna þetta mál. Þannig ætti að vera auðvelt fyrir hæstv. landbrh. að gefa um það alveg skýr svör, hvernig ríkisstj. hyggst afgreiða þetta mál og hvenær hún ætlar að gera það.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta miklu meira, en ég vil hins vegar undirstrika það, sem reyndar hefur komið hér fram í máli hv. 3. þm. Suðurl., að þennan vanda við skort á útflutningsbótum ber ekki sérstaklega að rekja til erfiðs árferðis. Hann ber fyrst og fremst að rekja til þess að bændurnir í þessu landi og samtök þeirra fyrir þeirra hönd hafa alls ekki fengið þær stjórnunaraðgerðir í sambandi við framleiðslumálin sem þau hafa beðið um. Ég hygg að það fari að nálgast einn áratug síðan bændasamtökin fóru að setja fram óskir um breytingar á framleiðsluráðslögunum í þeim dúr að það væri hægt að stjórna þessari framleiðslu. En það hefur ekki fengist fyrr en á s. l. vetri og þá á mjög ófullkominn og að mörgu leyti vafasaman hátt. Það er þess vegna grundvallarforsenda fyrir þessari breytingu á þessum bótum, að það hefur staðið á ríkisvaldinu að fá bændasamtökunum í hendur þær stjórnunaraðgerðir, sem þeim eru alveg nauðsynlegar. Og ég vil undirstrika það alveg sérstaklega, að þau mál eru á engan hátt komin neitt á viðhlítandi hátt í rétt horf.

Að öðru leyti aðeins undirstrika ég það sem hefur komið hér fram, m. a. hjá hæstv. landbrh., að ríkisstj. ætlaði að marka sína stefnu í sambandi við málefni í íslenskum landbúnaði með þál. frá Alþingi. Hæstv. landbrh. sagði við setningu Búnaðarþings, að þeir þrír aðilar, sem að ríkisstj. stæðu, mundu tilnefna hver sinn mann í n. til þess að semja þá þáltill. Og allir geta rennt grun í það, vegna hvers hæstv. landbrh. talar um þrjá aðila í þessu sambandi. En Sjálfstfl. mun að sjálfsögðu, þegar að umr. og afgreiðslu þess máls kemur, setja fram sín sjónarmið í sambandi við framleiðslumálin almennt og viðhorf sín gagnvart íslenskum landbúnaði þegar á heildina er litið. Þess vegna m. a. látum við það nægja sem hefur komið hér fram, bæði við fyrri umr. og þessa umr., í sambandi við þetta mál. Ég undirstrika það sem við höfum áður sagt, sjálfstæðismenn, að við munum ekki tefja framgang þessa máls við afgreiðslu á Alþingi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð, einkum í tilefni þess sem hæstv. landbrh. sagði áðan. Hann fullyrti að ég hefði ekki þær upplýsingar um hag þjóðlífsins, eins og hann komst að orði, sem mér bæri skylda til. Ég hef að sjálfsögðu ekki rætt við alla bændur, en ég hef rætt við nokkra bændur og ég verð að segja það, að í þeim er annað hljóð en hér heyrist. Auðvitað ber að viðurkenna það og á því stendur ekki, að á vissum stöðum hafa bændur átt við erfiðleika að etja, og það er auðvitað líka rétt, að að nokkru sé komið til móts við þá þar sem er um staðbundinn vanda að ræða. En þetta mál er bara miklu, miklu stærra en það.

Hæstv. ráðh. talaði áðan um að árið 1978 hefði verið erfitt. Það hygg ég raunar að hafi verið mismæli, því að árið 1978 er besta ár sem íslenskur landbúnaður hefur nokkurn tíma fengið. Árið 1979 var hins vegar af ýmsum sökum erfitt. En ég spyr: Hvernig er komið þeirri atvinnugrein, og er ástæða til að vera sérstaklega stoltur af því þegar ástandið er þannig að harðæri, harðindin skapa erfiðleika? Það skilja allir. En þegar góðæri skapar orðið enn þá meiri erfiðleika en harðæri, er þá ekki vissulega ástæða til að staldra við og spyrja: Hvert erum við að fara, hvert stefnir? Er ekki ástæða til að breyta um stefnu? Ég held að það gefi auga leið. Sá vandi, sem hér er verið að ræða, er kominn til vegna og mikillar framleiðslu, framleiðslu sem við þurfum að borga með til þess að koma á markað erlendis.

Það verður auðvitað aldrei hjá því komist að bændur eigi sitt undir sól og regni, eins og þar segir. Það verður aldrei hjá því komist, og auðvitað verða bændur eins og aðrar atvinnustéttir að taka nokkra áhættu af árferði. Það er aldrei hægt að tryggja einn eða neinn fyrir öllu slíku. Það á auðvitað að koma til móts við menn þar til þess að jafna út þannig að sveiflurnar verði ekki of miklar. Sjómenn eiga sitt undir aflabrögðum og tíðarfari. Bændur eiga sitt undir tíðarfarinu líka og í veg fyrir það verður aldrei hægt að koma, nema ætlunin sé að setja bændur algerlega á framfæri ríkisins og gera þá að hreinum ríkisstarfsmönnum.

Hv. þm. Jón Helgason tók þannig til orða: Ég fyrirverð mig ekki fyrir að vera bóndi, sagði hann. Auðvitað á hann að vera stoltur af því eins og hver maður sem vinnur heiðarlega fyrir sínu brauði. En sá útúrsnúningur, sem stöðugt er á ferðinni þegar rætt er um landbúnaðarmál og afstöðu Alþfl. til landbúnaðarmála, er að Alþfl. sé að fjandskapast við bændur. Þetta er grundvallarmisskilningur. Það er stefnan í landbúnaðarmálum sem Alþfl. hefur verið að berjast gegn og mun berjast gegn meðan hún er óbreytt. Við munum berjast fyrir því, að þessu verði komið á skynsamlegri grundvöll. Það er mergurinn málsins. Það er enginn að fjandskapast við bændastéttina. Ég hef að vísu sagt og segi enn, að mér þykja forustumenn bænda of miklir barlómsmenn, vegna þess að hjá bændum sjálfum heyri ég ekki þetta sama hljóð og frá þeim sem heyrist í í fjölmiðlunum.

Og aðeins að lokum: Hv. þm. Jón Helgason vék að fjölmiðlaljósinu og hverjir böðuðu sig þar. Það er alveg rétt sem hann sagði að því er mig varðar, að ég hafði atvinnu af því. Ég tel ekkert óheiðarlegt við það, að ég var starfsmaður sjónvarpsins og hafði það að atvinnu að koma þar fram. En samanburður eins og hann var með úr þessum ræðustól áðan, hann hélt ég satt best að segja og vonaði að væri fyrir neðan virðingu þessa ágæta þm. Málflutningur af því tagi er ekki sérstaklega háreistur.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég hygg að það verði mikil ógæfa því samfara, ef till. meiri hl. fjh.- og viðskn. verður samþ., og þá sérstaklega fyrir bændur sem

munu gjalda þess þegar fram í sækir hvernig á málum hefur verið haldið. Og nú er enn á ný kynt undir þeirri óreiðu, sem hefur verið í stefnumörkun landbúnaðarins.

Ég vil vekja athygli á því, að þær till., sem Alþfl. hefur gert um breytingar á landbúnaðarstefnunni, eru alveg samhljóða þeim tillögum sem Alþýðusambandið hefur lagt fram. Þar fara leiðir Alþfl. og Alþýðusambandsins saman eins og svo víða. Og það væri fróðlegt að vita hver yrði umsögn miðstjórnar Alþýðusambandsins ef þessar till. yrðu sendar henni til umsagnar.

Það þarf að koma fram, að hér er verið að greiða þessar auknu útflutningsuppbætur vegna þess að óvenjumikið góðæri var í landinu árið 1978, en ekki vegna þess að það voru harðindi. Hitt er annað, að við Alþfl.-menn höfum tekið mjög sterkt undir það, að það þurfi að hjálpa til þegar illa gengur vegna harðinda, eins og t. d. 1979, en það er alls ekki það sem þessi till. fjallar um.

Staðreyndin er sú, að bændur eru farnir að sjá í hvert óefni stefnir. Bændur eru náttúrlega þannig settir, að sumir þeirra eru allvel settir, aðrir eru mjög illa settir og e. t. v. er innan bændastéttarinnar fátækasta fólkið í landinu. En raunin er sú, að með því að breyta ekki um stefnu í landbúnaðarmálum erum við að viðhalda fátækt þessara manna, við erum að viðhalda búskap þessara manna, sem í raun geta aldrei séð til lands vegna þess hvernig málum er háttað.

Ég gæti vel hugsað mér að þeim fjármunum, sem nú á að verja til að greiða útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir, yrði varið til þess að aðstoða bændur við að hætta búskap, aðstoða bændur við að skapa sér ný atvinnutækifæri og betri lífskjör. En því miður virðist ekki vera vilji til þess hjá hv. framsóknarmönnunum hér á Alþingi.

Hv. þm. Jón Helgason ræddi um það, að 1972 hefði komið fram einhver till. á Alþingi um stefnubreytingu í þessum efnum. Ekki er nú áhuginn mikill fyrst ekki hefur verið bryddað á þessu aftur. Ekki er málafylgjan mikil að manni sýnist. En ég vil á ný endurtaka það, að Alþýðusambandið og Alþfl. eru mjög á því að breyta þurfi til hér, taka beri upp nýja stefnu í landbúnaðarmálum sem geri ráð fyrir því að niðurtalning útflutningsuppbóta verði hafin.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að hv. ræðumönnum Karli Steinari Guðnasyni og Eiði Guðnasyni muni raunverulega vera það enn í fersku minni, hver tengsl voru þessa máls, þar sem eru milljarðarnir þrír, eða uppbót á útflutningsverð landbúnaðarafurða, við önnur þau mál sem stéttarsamtök bænda höfðu átt frumkvæði að að koma fram á þingi á sínum tíma, þar sem einmitt væri að því miðað að bregðast nú við tæknilegum og félagslegum vandamálum landbúnaðarins á sérstakan hátt og annan en áður hafði verið.

Ég minnist þess, að hv. þm. Eiður Guðnason og fleri af þm. Alþfl., sem þá fjölluðu um þessi mál, töldu að þá væru stigin af hálfu stéttarsamtakanna skref í rétta átt í leit að hyggilegum úrbótum í sambandi við skipulag á framleiðslumálum bænda. Jafnframt minnist ég þess, að heldur voru dræmar undirtektir þessara sömu aðila undir hugmyndina um það, að hagur bænda yrði tryggður svo sem gerist um sumar aðrar stéttir — með þeim hætti að bændur semdu árlega við ríkisstj., við ríkisvaldið um kjör sín, ekki um verð á landbúnaðarafurðum yfirleitt, heldur um kjör sín, þannig að fram mætti nást í raun og veru sá jöfnuður miðað við aðrar stéttir sem til er ætlast lögum samkv. að bændur njóti fyrir vinnu sína.

Ég hef rökstuddan grun um það, hvernig sem nú mun af reiða hjá forustu Alþfl. í stjórnarandstöðunni, að ekki beri nú e. t. v. eins mikið á milli hæstv. landbrh. og hinna vitrari forustumanna Alþfl. í því, með hvaða hætti við hljótum að tryggja bændastéttinni sæmileg kjör. Ég hef ekki enn þá hitt þann Alþfl.-mann sem ekki hafi verið til viðtals um þann vanda sem af því skapast, að við ætlumst til að bændur sjái okkur í harðæri fyrir kjöti og mjólk og mjólkurafurðum sem nægi okkur til innanlandsneyslu og af þeim sökum eigi þeir hönk upp í bakið á okkur, kröfu á okkur um að við hjálpum þeim að sjá farborða þessum sömu afurðum í góðæri, þegar við getum átt von á að framleiðslan verði ekki 10%, ekki 15% umfram það sem var í harðærinu, heldur jafnvel upp í 20%. Vandamálið er það, með hvaða hætti við gerum þetta.

Ég hef heyrt þá bændur halda því fram, sem er nú í einna mestur móðurinn, og honum fagna ég ávallt þegar ég heyri hann, því að mér finnst móðurinn miklu betri en barlómurinn, — halda því fram, að ef við ætluðum okkur að afla markaða erlendis fyrir íslenska dilkakjötið, m. a. til þess að geta framleitt fleiri gærur til iðnaðar innanlands — ég sé að hv. þm. Eyjólfur Konráð hýrnar allur við þegar ég minnist á gærur — og ull, einnig til þess að efla íslenskan iðnað til þess að veita fleira fólki atvinnu, og hafa það eftir sérfræðingum sem athugað hafa málið, að til þess að við gætum lagt út á þá braut þyrftum við að geta boðið fast a. m. k. 10 þús. tonn árlega, tryggt hinum erlenda markaðsaðila a. m. k. 10 þús. tonn árlega, u. þ. b. jafnmikið og við þurfum til innanlandsneyslu núna. Og þá segja þessir sömu góðu bændur—og ég skil þá vel: Ef þið neytendur ætlið að telja eftir okkur þessa tryggingu sem við þurfum til að geta haldið áfram framleiðslunni, að geta selt mismuninn sem er á framleiðslu hjá okkur — ekki í harðæri, heldur í slöku meðalári og góðu meðalári, — ef þið ætlið að telja það eftir okkur, þá gæti svo farið að við neyddumst til þess að taka hinn kostinn: að reyna að tryggja okkur markaðinn erlendis með því að láta hinn erlenda markað sitja fyrir framleiðslunni hjá okkur, en bjóða ykkur síðan bara afganginn, mikinn eða lítinn eftir árferði.

Vandamál ýmis koma þarna upp. Enda þótt ég hafi getað stillt mig um það á liðnum misserum og árum að hæla krötum neitt að ráði úr ræðustól, þá verð ég nú að segja það eins og er, að ég veit að þm. Alþfl. líta vandamál eins og þetta jákvæðum augum, eru til viðtals um leiðirnar til þess að ná úr þessum vanda. Aftur á móti veit ég það, að þar sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason samsamar sig gersamlega stefnu stjórnar Alþýðusambands Íslands í þessu máli, þá hlýtur það að vera nýtilkomið, því það var í forsetatíð Hannibals Valdimarssonar í Alþýðusambandi Íslands sem raunverulega var mótuð sú stefna af stjórn Alþýðusambands Íslands, að teknir yrðu upp beinir samningar milli ríkisvalds og bænda, ekki um verðlag á landbúnaðarafurðum, heldur um kjör bænda yfirleitt.

Eins og að líkum lætur finnst mér ekki taka því núna, til þess mun gefast færi seinna, að ræða við hv. þm. Egil Jónsson um þá sérstöðu sem hann er nú að reyna að skapa sér og Sjálfstfl. gagnvart stefnu hæstv. landbrh. Pálma Jónssonar, sem var og er hið stefnumarkandi afl innan Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum. Það má vel vera að hv. þm. Agli Jónssyni heppnist þetta. En í bili ætla ég að

láta nægja að vitna með hæfilegri nákvæmni til málsgreinar í frægri bók og segja sem svo, að kringra hefði Agli Jónssyni verið að sitja heima að ljósaverkum að búi sínu heldur en hitt, að aka hingað til Alþingis þeirra erinda að varpa steini í götu þeirra manna sem nú glíma við lausn á vandamálum landbúnaðarins með atbeina þeirra Gunnars og þeirra Njálssona, því að það eitt er víst, að að þessum málum er unnið af heiðarleika og einlægni núna. Hitt má alltaf gera, að búa sér til vandamál.

Jón Helgason: Herra forseti. Það er aðeins vegna þess að mér fannst hljóta að gæta nokkurs misskilnings í ræðu hv. 5. þm. Vesturl. áðan. Hann sagðist hafa ætlað að ræða fyrst og fremst um stefnuna í landbúnaðarmálum, en viðurkenndi þó að hann hefði síðan farið að ræða um grátsöng forustumanna bænda í leiðinni, m. a. í sjónvarpi. Það, sem ég vakti athygli á, var að mér finnst furðulegt að hann, svona mikill sjónvarpsmaður, skyldi telja það eitthvað miður að bændur kæmu þar fram og settu fram sín stefnumál. Og það er ekki rétt hjá hv. 5. þm. Vesturl., að hann hafi eingöngu komið fram í sjónvarpi sem starfsmaður þess, a. m. k. er mér tjáð að það séu ekki margar vikur síðan hann einmitt var að ræða landbúnaðarmál í sjónvarpi og þá ekki sem starfsmaður sjónvarpsins, eins og allir vita. En ég sá ekki þann þátt. Ég gaf ekki í skyn að það væri eitthvað óheiðarlegt að koma fram í sjónvarpi, síður en svo. Ég get ekki skilið hvernig hann gat fundið það út úr orðum mínum.

Vegna orða Karls Steinars Guðnasonar, hv. 3. landsk. þm., um að bændur hafi ekki haft neinn áhuga á því síðan 1972 að fá framleiðslustjórn, þá sýnir það aðeins vanþekkingu hans að vita það ekki, af því að um það hefur verið rætt á hverju einasta ári hjá bændasamtökunum.

Að lokum aðeins í sambandi við þessar tölur sem hv. 2. þm. Reykn. var hér með, þar sem hann var að deila niður á bændur og fjölskyldur í landinu þeim tölum sem vantaði upp á útflutning landbúnaðarvara. Ég held að nauðsynlegt sé að hafa í huga þann mikla fjölda fólks í landinu, og margfaldan fjölda á við bændurna, sem vinnur í sambandi við landbúnaðarframleiðsluna, þ. e. veitir bændum þjónustu og vinnur úr vörunum, breytir þeim í söluvöru. Það er vitanlega allur þessi fjöldi sem byggir á landbúnaðarframleiðslunni, og ef við eigum að fara að deila þeim fjárveitingum, sem koma frá ríkinu, niður á þá sem að þessu vinna, þá held ég að það sé óheiðarlegt að hafa ekki allan þennan fjölda í huga, því að þetta fólk er búið að fá sitt fulla kaup áður en farið er að gera upp við bændur. Og ef úr þessu dregur á annað borð, þá bitnar það vitanlega á þessu fólki öllu.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið.

Hv. 11. landsk. þm., Egill Jónsson, spurði hvenær afgreitt yrði og hvenær greitt það fé, sem í raun og veru tapaðist vegna þess að verðákvörðun 1. sept. var frestað um 17 daga. Ég vil segja frá því hér, að um þetta hefur engin ákvörðun verið tekin af núv. ríkisstj. Það er rétt, að hér er um verulega fjárhæð að ræða, 400—500 millj. kr., sem talið er að bændur hafi beint tapað vegna þess að verðákvörðun var frestað að þessu sinni í rúman hálfan mánuð. En ákvörðun um það hefur ekki verið tekin af ríkisstj. Ég vil enda segja það, að það er álitamál hvort núv. ríkisstj. nær því að greiða úr öllum þeim erfðasyndum sem hún tók við frá hv. ríkisstj. Alþfl. og hv. vinstri stjórn sem sat að völdum 1. sept. Ég vil ekki fullyrða neitt frekar um þetta mál á þessu stigi, en vænti þess, að þetta sé eftir atvikum nægilegt svar til hv. 11. landsk. þm.

Að svo mæltu gæti ég að sjálfsögðu látið máli mínu lokið. Ég skal ekki fara mörgum orðum um ræður hv. þm. Alþfl., sem hér hafa komið hver á fætur öðrum í þennan ræðustól. Þeir höfðu, eins og ég vitnaði til, lýst yfir að þeir vildu greiða fyrir framgangi þessa máls, en mér sýnist að þeir hafi nú þegar stefnt því í tvísýnu að það verði afgreitt héðan úr þessari hv. d. í dag, a. m. k. ef svo heldur fram sem horfir. En ég vil aðeins segja það, að það kemur engum á óvart að hv. þm. Alþfl. séu andvígir þessu máli. Afstaða þingflokka til þessa máls hefur legið fyrir frá því á miðju s. l. sumri. Það hefur legið fyrir að þrír stjórnmálaflokkar í landinu vildu afgreiða það efnislega með þeim hætti sem hér liggur fyrir frv. um, en Alþfl. var því andvígur. Ég vil aðeins segja það, að þeir hafa þrásagt hér að ég væri sérstaklega stoltur af ástandi landbúnaðarmála. Ég held að það sé of mikið sagt að telja að ég sé eitthvað sérstaklega stoltur af því, enda hef ég ekkert tilefni til þess, því að það er harla stutt síðan ég kom í það starf sem ég gegni nú og fékk þar með verulega aðstöðu til þess að móta stefnu í þessum málum.

Það er sannarlega margt sem þarf athugunar við í landbúnaðarmálum. Það er margt sem þarf að bæta og breyta þeirri stefnu sem ríkt hefur. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að tíunda það í smáatriðum og hef tekið það fram að þessi mál eru í vinnslu hjá ríkisstj. og þau verða rædd á þeim tíma sem þau koma hingað til Alþingis.

Ég get vel unnt þeim hv. þm. Alþfl. að eiga þá skoðun, að afgreiðsla þessa frv. með þeim hætti, sem meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. gerir till. um, boði áframhaldandi ógæfu og vaxandi óreiðu, og ég skal ekki vera neitt að finna að því þó að þetta sé þeirra skoðun. Það kemur aðeins heim og saman við það sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði í fyrri ræðu sinni og ég sneri upp á hv. þm. Alþfl., að þeir væru að herða á vitleysunni í málflutningi sínum.

Ég vil svo aðeins beina því til hv. d., að það er von mín að það takist að afgreiða þetta mál héðan úr deildinni í dag. Ég tel að það sé í samræmi við yfirlýsingar, sem gengið hafa, og ég skal ekki gera fleiri aths. við umr., þó að ærin ástæða væri til, svo að þetta megi þá takast. Ég vonast eftir því, að unnt verði að afgreiða þetta mál frá Alþ. í þessari viku eða a. m. k. þegar eftir helgi. Í trausti þess, að svo megi verða, ætla ég að leiða hjá mér að gera fleiri aths. við þann sérkennilega málflutning sem hér hefur verið hafður í frammi.

Forseti (Helgi Seljan): Varðandi afgreiðslu þessa máls úr þessari hv. d. vil ég aðeins taka það fram, að ég hafði gert ráð fyrir því, að eftir 2. umr. þessa máls gætum við sett nýjan fund og látið málið fara hér í gegnum 3. umr. Ég vil taka það fram, að hv. þm. Alþfl. höfðu ekkert við það að athuga að málinu yrði flýtt á þann veg, að það færi út úr þessari deild í dag við 3. umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ekki skal ég tefja fyrir framgangi þessa máls. Það er öllum ljóst, að Sjálfstfl. leggur á það mikla áherslu að málið nái fram að ganga sem allra fyrst. En mér finnst ekki drengilegt af stjórnarsinnum, eins og kom fram hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að fara að ráðast að einum þm. Sjálfstfl. sem dyggilega hefur stutt að framgangi þessa máls, Agli

Jónssyni, og tala um að hann væri að varpa steini í götu þeirra manna sem af heiðarleik og eindregni vinna að lausn mála. Við vitum ósköp vel að málið strandaði ekki á afstöðu sjálfstæðismanna og kannske síst Egils, sem strax við 1. umr. — og þá var hæstv. landbrh. raunar ekki staddur hér — gaf þá yfirlýsingu fyrir hönd Sjálfstfl., að við mundum greiða fyrir framgangi málsins. Það á að sjálfsögðu ekki að viðhafa slíkan málflutning og síst af þeim sem þykjast leggja á það áherslu að málið nái sem fyrst fram að ganga.

En til þess að öruggt sé að málið nái fram að ganga nú á nokkrum mínútum, þá verðum við að fá upplýsingar um það, hvort stjórnarsinnar séu loksins orðnir sáttir. Þeir voru langt frá því að vera það, þeir voru langt frá því að vinna af heiðarleik og eindrægni að lausn mála hér síðast þegar við skildum, og vissu allir sem hér voru að þar voru bæði óheiðarleiki og flokkadrættir á ferðinni af verstu sort. (Gripið fram í.) Það var einmitt till. hæstv. viðskrh. Tómasar Árnasonar sem ég ætlaði að spyrja um, hver hefðu orðið afdrif hennar. Hæstv. ráðh. sagðist taka sína till. til baka að sinni. Nú veit ég ekki hvað það þýðir á þingskaparmáli. En alla vega lagði hann á það áherslu, að hún væri ekki endanlega tekin til baka. Venjulega segja menn þá: Ég tek till. til baka til 3. umr. Hann gerði það ekki. Hún hefur ekki sérstaklega komið til umr. hér núna og þess vegna vænti ég þess, að sú till. sé úr sögunni og a. m. k. á yfirborðinu séu stjórnarsinnar sammála um afgreiðslu málsins. Og ég held að ég megi lýsa því yfir fyrir hönd allra þm. Sjálfstfl., að við séum reiðubúin að ganga til atkv. bæði við 2. og 3. umr. án frekari málalenginga. Það hafa ekki verið neinar málalengingar af okkar hálfu. Aðrir hafa stofnað til þeirra. Og ég vil ekki segja að hv. þm. Alþfl. hafi gert neina tilraun til að stofna málinu í hættu. Þeir voru reiðubúnir til þess að afgreiða það hér áður en við fórum í fríið, það vissu allir menn, og þeir gáfu um það margfaldar yfirlýsingar. Þó að ég sé ósammála þeim efnislega, þá komu þeir algerlega heiðarlega fram að því er formhliðina varðandi og þingsköp. En ég leyfi mér þá að líta svo á, að till. hæstv. viðskrh. sé endanlega dregin til baka og gangi ekki til atkv.

ATKVGR.

Brtt. 187,1 felld með 13:3 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 187,2 felld með 13:3 atkv.
— 192 tekin aftur.
— 186 (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 187,3 kom ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 45. fundur.

Mánudaginn 10. mars, að loknum 44. fundi.

Lántaka Framleiðsluráðs landbúnaðarins, frv. (þskj. 197). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 41. fundur.

Mánudaginn 10. mars að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég hef fengið leyfi forseta til þess að kveðja mér hljóðs utan dagskrár á fyrsta fundi þessar hv. d. að afloknu þinghléi til þess að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. varðandi ákvarðanir eða öllu heldur ákvarðanaleysi hæstv. ríkisstj. meðan á þessu þinghléi stóð.

Þetta ákvarðanaleysi er í tengslum við vaxtamál. Þannig er, að í lögum nr. 13 frá 1979, lögum sem fjalla um efnahagsmál o. fl., er kveðið svo á, að vextir skuli hækka í áföngum þannig að náð hafi verið markmiði raunvaxta fyrir árslok 1980. Framkvæmd þessara laga hefur hingað til verið óumdeild af öllum, þannig að vextir hafa í áföngum verið hækkaðir á þriggja mánaða fresti, svo sem farið er með aðra vísitölubindingu, t. d. laun, í þessu landi. Um þessa aðferð hefur ekki verið deilt. Það er að vísu svo, að deila má um það — vegna þess hversu erfitt getur verið að spá um verðlagsþróun — hversu mikil nákvæmlega vaxtahækkunin skuli vera. En hitt er ljóst, að um nokkra upphæð hafa vextir þurft að hækka á þriggja mánaða fresti í því skyni að því markmiði verði náð, að sparifé landsmanna sé verðtryggt á gefnum tíma, svo sem ívitnuð lög ótvírætt mæla fyrir um.

Okkar kerfisbygging er þannig, að það er Alþ. og ekki ríkisstj. sem fer með vaxtavaldið í landinu. Samkv. lögum um Seðlabanka Íslands frá því í mars 1961 er svo ákveðið, að það er Seðlabanki Íslands sem framkvæmir, vilja Alþingis. Þessi mál, eins og íslensk löggjöf er, koma því ríkisstjórn í landinu hreint ekkert við. Alþingi getur auðvitað hvenær sem er breytt þessum lögum, en lagabókstafurinn er svona.

Það er óþarfi að hafa mörg orð um þær umr. sem urðu um vaxtastefnuna á s. l. ári. Eftir mikil átök innan þáv. hæstv. ríkisstj., ríkisst. Ólafs Jóhannessonar, þar sem raunar sitt sýndist hverjum, náðist samkomulag um ívitnuð lög nr. 13 frá 1979 og þau voru samþykkt af Alþ. þá. Það er óþarfi að rekja þær röksemdir sem fluttar voru bæði með og á móti því að stefna að verðtryggingu sparifjár og þar með hækkun vaxta, þangað til verðbólgustiginu væri náð. En þessa stefnu samþykkti Alþingi á sínum tíma. Að vísu kom upp sú furðulega staða innan þáv. hæstv. ríkisstj., að þáv. hæstv. bankamrh. var á móti stefnu eigin ríkisstj. og lagðist gegn henni, hvernig sem það kemur nú heim og saman. Málgagn hans, Þjóðviljinn, lagðist einnig gegn þessari stefnu. Hvað um það, engu að síður voru þetta lög samþykkt af Alþingi og lög sem Seðlabanka Íslands var gert að framkvæma, svo sem

hann hefur gert til þessa.

Það fer ekkert á milli mála, að t. a. m. skoðanir hæstv. fyrrv. bankamrh. á þessum efnum og sú staðreynd, að fólk fékk á tilfinninguna að óvíst væri hvort þessari stefnu yrði framfylgt í raun, hafa ýtt undir spákaupmennsku og brask ásamt óákveðinni framkvæmd þessarar stefnu. Það er ekki minnsti vafi á því, að það ýtir enn fremur undir spákaupmennsku og brask á lánamarkaðnum hér. Engu að síður er það svo, að einhver virðingarverðasti minnisvarði um þessa hæstv. fyrrv. ríkisstj. eru þau ákvæði í lögum nr. 13 frá 1979 að stefna í áföngum að raunvöxtum. Og þeirri stefnu hefur undantekningarlaust verið framfylgt á þriggja mánaða fresti, síðast fyrir 1. des. 1979. Hitt er jafnljóst, að í hinum sömu lögum er gert ráð fyrir bæði lengingu lánstíma og gert ráð fyrir því, að bankarnir hegði sér í samræmi við það. Á því hefur orðið misbrestur. Eins hefur orðið misbrestur á hinu, að fólk sé upplýst um réttindi sín að því er þetta varðar, og var þó gerð bragarbót þar á í viðskiptaráðherratíð hæstv. ráðh. Kjartans Jóhannssonar.

Kjarni málsins er þá einfaldlega sá, að það er Alþ. sem fer með vaxtaákvörðunarvaldið. Alþingi tók þessa ákvörðun í apríl í fyrra og fól Seðlabankanum að framkvæma þessa stefnu, sem hann og hefur gert þangað til núna, að lesa má í tilkynningu frá Seðlabanka Íslands að hæstv. ríkisstj. hefur farið að setja fingurna í þetta mál. Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta, ef ég má vitna í tilkynningu frá Seðlabanka Íslands sem hann gaf út í vandræðum sínum, þegar hann fékk ekki að framfylgja landslögum: „Jafnframt hefur hún“ — þ. e. hæstv. ríkisstj. — „lýst yfir því, að hún ráðgeri að taka til endurskoðunar ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl., að því er varðar lengd aðlögunartíma, uns fullri verðtryggingu verði náð.“

Hér er Seðlabankinn að lýsa óskhyggju hæstv. ríkisstj., með hvaða hætti hún vilji breyta lögunum. En það er óvart svo, að það er ekki ríkisstj. í landinu sem setur lög. Það er Alþ. sem það á að gera, og vaxtastefnan frá því í apríl 1979 er auðvitað vaxtastefna í landinu þangað til Alþ. ákveður annað.

Ég hef fengið um það upplýsingar hjá hagdeild Seðlabanka Íslands, hvert tap sparifjáreigenda er vegna þessa ákvarðanaleysis núv. hæstv. ríkisstj., hverju sparifjáreigendur tapa vegna þess að núv. hæstv. ríkisstj. hefur heykst á því að framkvæma lög eða farið að skipta sér af framkvæmd laga sem henni — og ég endurtek það — í reynd kemur ekkert við. Seðlabankinn gefur upp — og það eru auðvitað erfiðleikarnir á framkvæmd, að það er ekki hægt að gera sér nákvæma grein fyrir um hvaða prósentustig vextir skuli hækka — en Seðlabankinn sagði að nú 1. mars mundu vextir hafa hækkað um 3—5%, eftir því hvernig reiknað er. Það að sparifjáreigendur eru sviptir 3% nemur á þremur mánuðum 1.8 milljörðum kr. Með þessu ákvarðanaleysi núv. hæstv. ríkisstj. er 1.8 milljarðar fluttir til, frá sparendum í þessu landi og til lántakenda. Á heilu ári nemur það 7.2 milljörðum kr. Og ef miðað er við hærri töluna sem Seðlabankinn gefur upp, þ. e. 5%, þá nemur flutningurinn eða tap sparifjáreigenda 3 milljörðum kr. á þremur mánuðum eða um það bil 12 milljörðum kr. á ári. Og þegar þessar tölur eru notaðar, þá er átt við sparifé að viðbættum veltiinnlánum. Það er ljóst, að hér er ekki um neinar smáar upphæðir að ræða sem núv. ríkisstj. hefur í reynd beitt áhrifum sínum til þess að flytja frá sparendum og til lántakenda. — Þessar upplýsingar eru fengnar hjá hagdeild Seðlabanka Íslands.

Það eru fleiri hlutir sem má velta fyrir sér í þessu sambandi. Sparifjáreigandi, sem lagði inn á 12 mánaða reikning um síðustu áramót t. d. 1 millj. kr. eða 10 millj. kr., reiknaði auðvitað með því að þessi vaxtastefna yrði framkvæmd og að fyrir árslok á þessu ári yrði í áföngum náð því marki að innistæða hans yrði verðtryggð. Landslög segja að það skuli gert. Þessi lántakandi gat einnig átt von á því, að eins og allt verðbindingarkerfi eða vísitölukerfi okkar hefur verið rekið, þá yrði um að ræða hækkanir, ef verðlagsþróun gæfi tilefni til þess, á þriggja mánaða fresti. Þannig hefur launastefnan verið rekin og þannig hefur verðbindingarstefna yfir höfuð verið rekin. Nú hefur það hins vegar gerst, að ríkisstj., að því er segir í tilkynningu Seðlabanka Íslands, hefur gripið inn í framkvæmd landslaga og í reynd komið í veg fyrir að Seðlabankinn gæti framkvæmt landslög. Það er að vísu svo, og það er hryggileg staðreynd að sparifjáreigendur hafa aldrei haft með sér samtök. Sú spurning vaknar engu að síður, hvort sparifjáreigandi mundi ekki vinna mál, sem hann höfðaði á hendur viðskiptabanka sínum eða á hendur viðskrh. eða fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs, og hvort ríkissjóður er ekki skaðabótaskyldur gagnvart þessum sparifjáreiganda sem hefur verið sviptur eignum sínum sem hann réttilega hefur átt tilkall til samkv. ótvíræðum landslögum, samkv. lögum nr. 13 frá 1979. Það er því miður svo — og það skal endurtekið — að sparifjáreigendur hafa ekki haft með sér samtök. Það er þó sjálfsagt mál að hvetja til þess, að það fólk, sem miskunnarlaust er níðst á af stjórnvöldum, athugi vel sinn gang og athugi möguleika á því, að það, eða samtök fyrir þess hönd, t. d. neytendasamtök, reki mál gegn ríkinu og leiti réttar síns, reynt verði að komast að því, hvort ríkisvaldið sé ekki skaðabótaskylt af þessum ástæðum og verði það þangað til vaxtastefnunni verður aftur breytt.

Sé það stefna núv. hæstv. ríkisstj. að ætla að hverfa frá þessari vaxta- og verðtryggingarstefnu, þá verður það væntanlega fyrsta ógæfusporið sem stigið verður. Og eigi að halda á ný inn í gamla tímann, skömmtunartímann í lánastofnunum, þá verða það vond ógæfuspor sem svo væru stigin. Arðrán sparifjáreigenda í þessu landi er fyrir löngu óþolandi staðreynd. Brask lántakenda er sömuleiðis óþolandi staðreynd og óþolandi lýsing verðbólgusamfélagsins. Það hefur verið kennt hér um áraraðir, að sparnaður sé dyggð, að með því að spara séu menn að leggja inn fé sem síðan nýtist þeim sem á þurfa að halda, hvort sem er einstaklingum eða fyrirtækjum. Sé hæstv. núv. ríkisstj. að heykjast á þessu og hyggist hún í ljósi þingmeirihluta síns — sem við skulum ætla að sé til — leggja fram nýtt frv. um þessi efni, þá væri það ógæfuframvarp. En enn sem komið er hefur hæstv. ríkisstj. ekki lagt slíkt frv. fram, og meðan hún hefur ekki gert það er í landinu vaxtastefnan sem samþ. var í apríl 1979.

Með aðgerðaleysi sínu hefur hæstv. ríkisstj. framkvæmt stórkostlega tilfærslu enn á ný frá sparendum og til skuldara. Aðeins á þremur mánuðum nemur þessi tilfærsla 1.8 og upp í 3 milljarða kr. eftir því hvernig reiknað er. Það er auðvitað ljóst, að hér eru að takast á hagsmunir annars vegar þeirra, sem aðgang hafa átt að lánum, og hins vegar, þeirra, sem sparað hafa. Það er þetta sem er óþolandi, og það er óþolandi einnig að

ríkisstj. skuli með þessum hætti hafa gripið fram fyrir hendurnar á þeim sem með réttu eiga að framkvæma landslög og samkv. tilkynningu frá Seðlabanka Íslands ætluðu að gera það og hefðu gert það ef vond verk ríkisstj. hefðu ekki komið til.

Af þessum ástæðum vil ég fá að bera upp þrjár spurningar til hæstv. viðsk.- og bankamrh. um þessi efni:

1) Hvers vegna heyktist ríkisstj. á því að færa vexti að verðbólgustigi 1. mars, eins og landslög mæla fyrir um?

2) Hefur ríkisstj. gert sér grein fyrir því arðráni sem hún er með þessum hætti að fremja gagnvart sparifjáreigendum?

3) Hefur hæstv. viðskrh. velt fyrir sér þeim möguleika, að sparifjáreigendur eða fulltrúar þeirra höfði mál á hendur ríkisvaldinu og að ríkisvaldið kunni að vera stórkostlega skaðabótaskylt vegna þessarar ákvörðunar?

Viðskrh. (Tómas Árnason). Herra forseti. Ég skal reyna að svara fsp. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og mun gera það á þann hátt að gefa ekki tilefni til almennra eldhúsumræðna um stefnu ríkisstj. utan dagskrár á Alþingi. Það mun áreiðanlega gefast mjög fljótlega kostur á að ræða stefnu ríkisstj., t. d. í sambandi við fjárlagaumræðuna sem sjálfsagt fer fram fljótlega, og skal ég snúa mér að því að gera grein fyrir þeim málum sem hér er spurt um, að svo miklu leyti sem ég treysti mér til þess.

Ég vil fyrst víkja að því, að í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., sem kom til valda fyrir svo að segja réttum mánuði, segir svo um þau efni sem hér hefur verið fjallað um:

„Í peningamálum verði mörkuð stefna, er stuðli að hjöðnun verðbólgu. Verði í því sambandi m. a. lögð áhersla á eftirgreind atriði:

1) Peningamagn í umferð verði í samræmi við markmið í efnahagsmálum.

2) Verðbótaþáttur vaxta hækki ekki 1. mars og fari síðan lækkandi með hjöðnun verðbólgu. Í stað hárra vaxta verði unnið að útbreiðslu verðtryggingar og lengingu lána."

Hér er því um að ræða framkvæmd á stjórnarsáttmálanum eða þessu ákvæði stjórnarsáttmálans, og skal ég nú gera grein fyrir hvernig ríkisstj. hefur unnið að þessu máli.

Hinn 29. febr. s. l. sendi ég Seðlabankanum bréf þar sem lagt var til að verðbótaþáttur vaxta verði ekki hækkaður um mánaðamótin febr. og mars. Var það í samræmi við ákvæði stjórnarsamningsins og ákvarðanir sem teknar voru í ríkisstj. um þessi efni. Bankastjórn Seðlabankans féllst á þessi tilmæli og gerði af sinni hálfu nánari grein fyrir málinu í fréttatilkynningu til fjölmiðla þennan sama dag. Það er því misskilningur að ríkisstj. hafi tekið um þetta ákvörðun. Það var leitað til Seðlabankans í sambandi við málið og það tekið upp við Seðlabankann, en hann hefur, eins og kunnugt er, lögum samkvæmt ákvörðunarvald um vexti. Ég tel rétt að lesa upp fréttatilkynningu Seðlabankans — hún er ekki löng — til að skýra samhengi þessara mála. En hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í VI. og VII. kafla laga um stjórn efnahagsmála o. fl. er sú stefna mörkuð að vaxtaákvarðanir á árunum 1979 og 1980 skuli við það miðaðar að komið verði á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána fyrir árslok 1980. Í samræmi við þetta hafa síðan verið gerðar verulegar breytingar á lánskjörum, sem stefnt hafa í átt til aukinnar verðtryggingar, lengingar lánstíma og jákvæðrar ávöxtunar á sparifé. Var sú stefna mörkuð vorið 1979 að þessum markmiðum yrði náð í áföngum, þannig að verðbótaþætti vaxta yrði breytt ársfjórðungslega með hliðsjón af verðbólgustigi á hverjum tíma. Þessar ársfjórðungslegu breytingar hafa verið gerðar í kjölfar hins ársfjórðungslega útreiknings framfærsluvísitölu og hafa þær miðast við 1. júní, 1. sept., 1. des., en samkvæmt reglunni á næsta breyting að eiga sér stað 1. mars n. k." — Þessi fréttatilkynning er dagsett 29. febr.

„Miðað við þær reglur, sem notaðar hafa verið við útreikning verðbólgustigs og ákvörðun verðbótaþáttar, ætti verðbótaþáttur vaxta að hækka um 3—5% 1. mars n. k., eftir því hvernig verðlagsþróun næstu mánuði er metin. Í málefnasamningi ríkisstj. er hins vegar tekið fram að hún muni beita sér fyrir því, að verðbótaþáttur vaxta verði ekki hækkaður að þessu sinni, enda er þar gert ráð fyrir lækkandi verðbólgu það sem eftir er þessa árs. Miðað við þær forsendur mun verðbótaþáttur geta farið lækkandi með minnkandi verðbólgu á síðari helmingi ársins.

Bankastjórn Seðlabankans hefur að undanförnu átt viðræður um þetta mál við ríkisstj. og hefur ríkisstj. í dag farið formlega fram á það, að verðbótaþáttur vaxta verði látinn óbreyttur að þessu sinni. Jafnframt hefur hún lýst yfir því, að hún ráðgeri að taka til endurskoðunar ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl. að því er varðar lengd aðlögunartíma uns fullri verðtryggingu verði náð. Í samræmi við þetta hefur bankastjórn Seðlabankans í dag ákveðið, að höfðu samráði við bankaráð, að engar breytingar verði að sinni á verðbótaþætti vaxta, en leggur um leið áherslu á mikilvægi þess að ekki verði horfið frá þeirri grundvallarstefnu um verðtryggingu sparifjár og heilbrigða ávöxtun fjármagns sem mörkuð var á síðasta ári með lögunum um stjórn efnahagsmála."

Þannig hljóðar fréttatilkynning Seðlabankans um þetta mál. Í henni kemur að sjálfsögðu fram að ríkisstj. leitaði til Seðlabankans, sem er ákvörðunaraðili í þessu máli og hefur með höndum framkvæmd þess, og óskaði eftir að hann samþ. þetta ákvæði í stjórnarsamningnum. Og Seðlabankinn varð við því, að sjálfsögðu algjörlega á löglegan hátt, með því að bankaráð bankans tók um þetta ákvörðun. Þannig er auðvitað alls ekki um það að ræða að lög hafi verið brotin í þessum efnum, heldur er hér um að ræða framkvæmd laga.

Eins og fram kemur í fréttatilkynningu Seðlabankans ráðgerir ríkisstj. að taka til endurskoðunar ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl. að því er varðar lengd aðlögunartíma uns fullri verðtryggingu hefur verið náð. Er gert ráð fyrir því í lögunum að slík aðlögun fari fram á þessu ári að fullu, ef ég man rétt. Um þetta hefur ekkert verið fjallað, og það þarf breyt. á lögum til að breyta þessum ákvæðum. Ég skal engu um það spá, hvað ofan á verður í því efni. Það liggur ekkert fyrir um að breyta þarna eða lengja þessa aðlögun, og það er ekkert ákvæði um það í stjórnarsamningnum eða í samningum milli stjórnarflokkanna að svo skuli gert. Ég get þess vegna ekki á þessari stundu gefið neina yfirlýsingu til eða frá um málið frekar en það sem ég hef verið að ræða.

Ég vil svo taka það fram, að stefnan í peningamálum verður að sjálfsögðu ákveðin af hálfu ríkisstj. og þess þingmeirihluta, sem að henni stendur, í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. Lögum samkvæmt á að leggja fyrir Alþ. fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun

um svipað leyti — eða fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í kjölfar fjárlagafrv. Það hefur lítið verið unnið að fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni enn þá og hún hefur ekkert verið rædd í ríkisstj., vegna þess að ríkisstj. hefur verið að fjalla um önnur mál og þá alveg sérstaklega fjárlagafrv. Hins vegar liggur fyrir mikil undirbúningsvinna varðandi fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina, sem bæði var unnin af mér á sínum tíma, þegar ég var fjmrh., síðan af þm. Sighvati Björgvinssyni, sem var fjmrh. í starfsstjórn í vetur, og eitthvað hefur verið unnið í framhaldi af þessu. Eitt af næstu stórmálum ríkisstj. verður að sjálfsögðu að fjalla um það mál, sem er eitt af allra stærstu málunum sem lögð eru fyrir Alþ. og ríkisstj. fjallar um á hverju ári, en þar verður að sjálfsögðu mörkuð stefna í peningamálum af hálfu ríkisstj.

Varðandi fsp. hv. þm., hvers vegna þetta hefði verið gert, þá vil ég mega ætla að þessar upplýsingar mínar séu fullnægjandi í því efni, — hvort sem hv. þm. er sammála því eða ekki, það er annað mál. Ástæðan er stjórnarsamningurinn, og framkvæmdin hefur verið eins og ég hef greint hér frá.

Í öðru lagi spurðist hv. þm. fyrir um það, hvort þetta væri ekki aðrán gagnvart sparifjáreigendum og hvort þeir ættu ekki skaðabótarétt á hendur ríkinu vegna þessara mála.

Ég vil í fyrsta lagi taka það fram, að margt fleira en vaxtamálin hefur að sjálfsögðu þýðingu fyrir sparifjáreigendur. Þar á ég við verðbólguna sjálfa eins og hún er á hverjum tíma. Þó að menn fái háa vexti skaðast þeir náttúrlega ef verðbólgan er enn þá hærri. Og í tengslum við þetta mál eru mörg önnur sem varða verðbólguna og þróun hennar, eins og t. d. — svo ég nefni dæmi — hver er grundvöllur útflutningsatvinnuveganna eins og málin standa nú, hvernig verður gengisstefnan o. s. frv. Þannig koma margir fleiri þættir þarna við sögu þegar meta á þessi mál í heild. En án þess að fara nánar út í það álít ég að sparifjáreigendur eigi engar skaðabótakröfur á hendur ríkisvaldinu vegna þessara aðgerða ríkisstj. Þær eru allar saman löglegar, þær eru framkvæmd á máli sem ekki er til lykta leitt. Það er t. d. hugsanlegt, eins og ég ýjaði að áðan, að það verði mögulegt að framkvæma þessa aðlögun á þeim tíma sem lögin gera ráð fyrir þrátt fyrir þessa aðgerð.

Ég skal ekkert um það segja á þessu stigi málsins, hvort menn hyggja að því að breyta lögunum. Það liggur ekkert fyrir um það. Engin ákvæði eru um það í stjórnarsamningnum, engir samningar á milli stjórnarflokkanna, þannig að áform í því efni eru engin umsamin. Það mikið get ég sagt á þessari stundu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fagna því að þinghlé það, sem nú er er lokið, hefur haft góð áhrif á hv. 9. þm. Reykv. Hann hefur verið í einhvers konar ræðumennskuhvíld undanfarið, eða þann tíma sem hann var ráðh., og ég fagna því að nú skuli aftur lifna yfir þingstörfunum. (**Gripið fram í:** Við ættum báðir að hvíla okkur öðru hvoru.) Já, við fengum jafnlanga hvíld báðir tveir svo ég held að við séum báðir tilbúnir í slaginn. — En ég skil mætavel að hv. þm. og flokksmenn hans sætti sig illa við nýja ríkisstj. og nýja stefnu í ýmsum málum, ekki bara í vaxtamálum, heldur sætta þeir sig illa við að vera ekki áfram í þeirri aðstöðu sem þeir á mjög óvenjulegan hátt komust í um tíma.

Það er ýmislegt sem ég hef við málflutning hv. þm. að athuga, en þó hef ég meira við málið sjálft að athuga. Vaxtaaukastefnan — þessi raunvaxtastefna sem þeir Alþfl.-menn börðu í gegn á þeim tíma sem þeir voru í aðstöðu til að hafa áhrif á svonefnd Ólafslög — er röng frá upphafi til enda. Ég vil færa nokkur rök að þessum orðum mínum.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. sagði: Það að framfylgja þessari stefnu ýtir ekki undir brask. Ég tel að hin nýja raunvaxtastefna ýti undir aðra möguleika á braski en áður var. Og þeir möguleikar eru, svo sem heyrist að nú eigi sér stað, að menn leggi inn á vaxtaaukareikninga og taki svo út eftir ákveðinn tíma til að leggja inn aftur til að fá svo vexti á vextina plús höfuðstólinn. Þetta er nýtt brask, og þetta brask kom með hinum nýju lögum.

Þessi vaxtaaukatrygging gætir ekki hagsmuna sparifjáreigenda. Það er langt frá því. Þessi lög gæta hagsmuna bankanna gegn sparifjáreigendum. Og ég er ansi hræddur um að embættismenn hafi komið meira við sögu í mótun þessara laga en á yfirborðinu virðist vera, því að það eru hagsmunir sparifjáreigenda annars vegar og hagsmunir bankavaldsins hins vegar sem hér er um að tefla. Ef höfuðstóll saprifjáreigenda hefði aftur á móti verið tryggður á raunverulegan hátt hefði höfuðstóllinn aukist á vissu mánaðabili — á þriggja mánaða bili — og vextirnir þá kannske verið skaplegir og eðlilegir miðað við það sem vextir eiga að vera þar sem efnahagsástand er eðlilegt. En nú eru 32% innlánsvextir á bundnar bækur, ársbækur, en útlánavextir eru 42%. Mjög stór hluti sparifjáreignar landsmanna er á hinum bundnu bókum, en afskaplega lítill hluti af því fé er lánað út öðruvísi en á fullum vaxtaaukaþunga, sem er 42%. Það er 10% munur á innlánsvöxtum bankaanna og útlánsvöxtum. Þá eru bankarnir orðnar hreinar okurstofnanir, enda er hagur þeirra nú þannig að hann hefur líklega aldrei verið betri. Þar vil ég segja að Alþ. hafi brugðist sparifjáreigendum. Vextir eru reiknaðir um áramót af sparifjárinnstæðu, af höfuðstólnum. Þá kemur vaxtasveiflan á árinu til tekna hjá sparifjáreigendum, í staðinn fyrir að hún ætti að koma sem innlegg á þeim tíma, sem verðsveiflurnar eru reiknaðar út, og bætast þá við höfuðstólinn. Meðan það er ekki gert skulum við ekkert vera að blekkja okkur, ekki að reyna að bekkja hver annan eða blekkja sparifjáreigendur með því að telja þeim trú um að við séum að gæta hagmuna þeirra. Þetta er ekki eini blekkingarleikurinn sem Alþfl. hefur staðið fyrir.

Það þarf að endurskoða hugsunina bak við þá lagasetningu sem hér hefur verið rætt um. Það þarf að breyta lögunum á þann hátt að sparifjár og hagsmuna sparifjáreigenda sé gætt, eins og hugsunin var og kom fram hér í umræðum á sínum tíma.

Hvað er tapið mikið fyrir sparifjáreigendur ef höfuðstóllinn stækkaði í krónutölu við reikningsskil á þriggja mánaða fresti? Hvað er þá tekjutap sparifjáreigenda mikið ef það er 3%, 1.8 milljarðar á þriggja mánaða fresti? Það fer upp í 7—8 milljarða á ári eða kannske meira.

Ég tel að það sé fyllilega kominn tími til að þessar aðgerðir í vaxtamálum séu rannsakaðar og skoðaðar gaumgæfilega. Ég vil taka undir með þeim sem hafa hreyft þeirri hugmynd á Alþingi nokkrum sinnum síðan ég tók hér sæti, að lög um Seðlabanka Íslands, og þá áhrif Seðlabanka Íslands og hvernig hann er frjáls að því að nota það fé sem er á milli handa í Seðlabankanum, séu

endurskoðuð. Ég á t. d. afskaplega bágt með að sætta mig við það, ef það er staðreyndin, — ég á eftir að kanna það sjálfur, en mér hefur borist það til eyrna, — að enginn endurskoðandi sé kosinn í Seðlabanka Íslands, þeir hafi endurskoðunardeild þar sem þeir ráði endurskoðendur og það sé eina endurskoðunin í þeim banka. Ef svo er, þá er það að mínu viti afskaplega óheppilegt og óeðlilegt. Það er margt í rekstri Seðlabankans sem ég vildi gjarnan athuga.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. En ég vil undirstrika að meðan höfuðstóll sparifjáreigenda er ekki tryggður, en vextirnir eru tryggðir á þann hátt sem þeir eru tryggðir nú, er verið að gæta hagsmuna peningastofnananna frekar en sparifjáreigendanna. Því þarf að breyta.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er ósköp eðlilegt að við þm. í hv. deild hljótum hér á fyrsta fundi að ræða nokkuð þau mál sem helst hafa verið til umræðu í þjóðfélaginu, þegar það er haft í huga að við erum nýkomnir úr fríi, og hver veit hvenær við verðum sendir aftur í sams konar frí því varla hefur gefist mikill tími fyrir ríkisstj. í öllum veisluhöldunum, sem fram fóru í síðustu viku, til þess að undirbúa sín mál.

Það var athyglisvert, sem kom frm hjá hæstv. viðskrh., og ég held að eðlilegt sé að undirstrika þau ummæli, að það var samkv. tilmælum hæstv. ríkisstj. sem Seðlabankinn tók ákvörðun sína. Seðlabankinn tók sína ákvörðun vegna þess að það kom fram loforð um að aðlögunartími lengdist, loforð fram í tímann, og það byggðist á þeim yfirlýsingum sem mátti lesa úr stjórnarsamningnum. Þess vegna er ofureðlileg afstaða Seðlabankans, sem hingað til hefur farið að vilja hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma í slíkum málum eins og öðrum, og er það reyndar samkv. íslenskum lögum.

Það þarf ekki að rifja upp fyrir hv. þm. þær umræður sem fóru fram um ávöxtunarmál á 100. löggjafarþinginu, sérstaklega hér í hv. Nd. Þar kom fram sá munur sem er á skoðunum stjórnmálaflokkanna um þessi efni. Þar kom fram svokölluð raunvaxtastefna Alþfl., sem birtist í því að Seðlabankanum yrði skylt að hækka eða lækka vexti eftir verðbólgustiginu á þriggja mánaða fresti. Í þeim umræðum kom einnig skýrt fram sú stefna Sjálfstfl., að Seðlabankinn ætti ekki að fara með vaxtaákvörðunarvaldið nema aðeins fyrir eigin lán. Ég leyfi mér, herra forseti, að lesa hér upp úr plaggi sem samþykkt var á landsfundi Sjálfstfl. Þetta var orðað þannig þar:

„Draga verður úr opinberum afskiptum á peningamarkaði. Ákvörðunarvald um kjör almennra innlána og útlána flytjist frá Seðlabanka til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra fjármagnsstofnana. Frjálst verði að semja um tengingu fjárskuldbindinga við skráð gengi erlends gjaldmiðils eða verðtryggingu með öðrum hætti. Seðlabankinn ákveði eftir sem áður vexti og önnur kjör útlána sinna og innlána, einnig fylgist hann náið með breytingum peningamagns og sjái til þess að þær stuðli að hjöðnun verðbólgu."

Á þessum landsfundi voru, eins og menn kannske muna, allir þeir sjálfstæðismenn sem sitja nú á þingi og sumir hverjir í framboði til trúnaðarstarfa flokksins. Og ég get sagt það hér og nú, að enginn greiddi atkvæði gegn þeirri yfirlýsingu sem ég las áðan. Álíta verður því að þarna sé um að ræða þá skoðun, þá almennu skoðun, nánast undartekningarlausa, sem ríki í forustuherbúðum Sjálfstfl., — og þarf þá ekki að nefna nöfn þm. sem nú um sinn hafa skipt um skoðun af sérstökum viðhorfum sem ég ætla ekki að ræða hér sérstaklega um.

Það gerðist síðan á s. l. vetri, á 100. löggjafarþingi, að ríkisstj. var komin í eindaga með sín mál. Innan hennar voru svokallaðir sprengjusérfræðingar að störfum, sem aðrir kölluðu hreinsunardeild Alþfl., og þar voru til varnar íhaldssömustu öflin í íslenskum stjórnmálum undir forustu Alþb.-mannanna, og gegnir sama máli hvort þar var um að ræða gáfumannafélagið eða glímudeildina, sem nú hefur eignast fulltrúa á þingi.

Úrslit málsins urðu þau, að gert var samkomulag sem birtist í lögbundnu samkomulagi vinstri stjórnarinnar, sem nú gildir sem lög á Íslandi, nr. 13 1979, sem kölluð hafa verið í höfuðið á þáverandi hæstv. forsrh., Ólafi Jóhannessyni, Ólafslög. Það er skýrt tekið fram í þeim lögum hvernig standa eigi að þessum málum. Ég skal viðurkenna það hér, eins og ég hef gert áður úr þessum stól á þessu þingi, að eftir lögunum hefur aldrei verið farið í mikilvægum efnum, þannig að það kom mér ekki á óvart að frá þeim væri vikið nú. En niðurstaðan var í stuttu máli sú, að lagt var til að um verðtryggingu skyldi verða að ræða. Þegar við sjálfstæðismenn ræddum um ávöxtunarmál gilti það jafnt um verðtryggingu og vexti.

Síðan kom til starfa núv. hæstv. ríkisstj., og í sáttmála hennar er að sjálfsögðu fjallað um þessi mikilvægu mál. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í kaflanum um peningamál, 2. lið:

„Verðbótaþáttur vaxta hækki ekki 1. mars og fari síðan lækkandi með hjöðnun verðbólgu. Í stað hárra vaxta verði unnið að útbreiðslu verðtryggingar og lengingu lána."

Og í þriðja lagi: „Opnaðir verði í bönkum og sparisjóðum sparireikningar, þar sem sparifé njóti fullrar verðtryggingar, samkv. nánari reglum og í samræmi við möguleika til útlána."

Reyndar er þetta þannig orðað, að það, sem sagt er í fyrri hluta setninganna, er tekið burt í síðari hlutanum. Enginn veit því hvað þetta þýðir. En það er samt ágætt, sýnist þó og heyrist manni, fyrir stjórnmálamenn að geta, þegar þeir vilja, vísað til þessara orða, og maður verður, a. m. k. á meðan maður rekur sig ekki á annað, að telja að þetta séu yfirlýstar skoðanir þeirra manna sem nú fara með völdin hér á landi.

Ef litið er á það fjárlagafrv., sem var verið að leggja hér fram og liggur hér fyrir, og það er skoðað kemur í ljós að verðlagsforsendur í því frv. eru þær milli ára, þ. e. ef tekið er meðaltal 1979 til meðatals 1980, að gert er ráð fyrir 47% hækkun. Og samkv. reynslu, a. m. k. hv. fyrrv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og margra annarra reyndar, hefur Þjóðhagsstofnunin lengst af verið heldur í neðri kantinum með slíkar spár. Þess vegna má gera ráð fyrir því, og það kemur reyndar fram í gögnum hæstv. ríkisstj., að verðbólgan haldi áfram með sama hraða og hún hefur gert að undanförnu. Þess vegna get ég ekki annað séð en að það atriði sem við vorum að ræða, vextirnir, stangist algjörlega á við þá stefnu sem kemur fram í fjárlagafrv.

En lítum nú á síðari hluta þess máls sem ég las hér upp um vextina, þar sem segir að nú skuli opna í bönkum og sparisjóðum sparireikninga þar sem sparifé njóti fullrar verðtryggingar. Og nú spyr ég hsætv. ráðh.: Hver á að borga þann mun sem fram kemur ef verðbólgan verður meiri á þessu ári, þannig að hún sé hærri en verðbætur og vextir? Hver á að borga þennan mun? (**Viðskrh.:** Vill

ekki þm. lesa alla greinina?) Ég las hana áðan. (**Viðskrh.:** Nei.) — Ég get bætt því hérna við. Það er væntanlega fjórði liðurinn:

„Beitt verði aðhaldi í gengismálum. Til að treysta gengi gjaldmiðilsins verði gert sérstakt átak til framleiðniaukningar í atvinnuvegunum." (**GJG:** Þetta er af landsfundinum, er það ekki?) Ég veit ekki á hvaða landsfundi þú varst, en hitt er annað mál, að þetta plagg, málefnafamningurinn, var m. a. samið á landsfundi Alþb. Það vita allir menn sem eru læsir á Íslandi. (**Gripið fram í:** Hvernig er þriðji liðurinn?) Ég las hann áðan. Ef hæstv. ráðh. hefur ekki nennt að hlusta á það sem ég var að segja, þá var ég að lesa upp úr þriðja lið í þessum samningi og er búinn að því einu sinni. Svo getur hann fengið að lesa þetta aftur. (**Viðskrh.:** Vill hv. þm. gera svo vel að lesa hann aftur?) Já, já. Ég skal lesa þetta hægt þannig að allir skilji — með leyfi forseta:

„Opnaðir verði í bönkum og sparisjóðum sparireikningar, þar sem sparifé njóti fullrar verðtryggingar samkv. nánari reglum og í samræmi við möguleika til útlána."

Það er einmitt þetta sem ég vildi fá fram. Takið eftir þessu svari, sem reyndar kom ekki hér úr ræðustól. Það er sagt þarna: Þeim vonum, sem sparifjáreigendum eru gefnar í þessu plaggi, er kippt til baka með þessari síðustu setningu. Auðvitað eru engir möguleikar til annars þegar við höfum hæstv. ríkisstj. sem hagar sér eins og sú ríkisstj. sem nú situr hér á landi. Það er þess vegna gott svar sem hér hefur komið fram. Það eru góðar yfirlýsingar sem hér hafa verið gefnar og ég vona að þjóðin þurfi ekki lengi að taka á móti slíkum gjöfum. Það er þess vegna alveg ljóst, hvað sem hver segir úr þessu, að þeir sparifjáreigendur, sem lagt hafa inn í banka og hafa haldið að hæstv. ríkisstj. á Íslandi ætlaði sér að standa við gefnar yfirlýsingar, að hæstv. ríkisstj. ætlaði að fylgja lögum, þessir aðilar hafa verið sviknir. Aðeins er hægt að nota það orð.

En það eru fleiri atriði í málefnasamningnum sem varða þetta mál því að vextir ákvarðast m. a. af verðlagi, eins og allir eru sammála um og kemur nákvæmlega fram í Ólafslögum. Það er annar kafli sem hefur þess vegna ákaflega mikil áhrif á vaxtaákvörðunina. Það er kaflinn í málefnasamningnum um verðlagsmálin. Og af því að hæstv. viðskrh. er nú viðstaddur umr. er ástæða til þess að fá, af því að menn eru svo ferskir og nýkomnir úr frii, aðeins upplýsingar um hvað gerst hafi í verðlagsmálunum á undanförnum dögum.

Ég ætla fyrst aðeins — með leyfi forseta — að rifja upp fyrir hv. þm. hvað stendur í kaflanum um verðlagsmál. Þar er þessi fræga niðurtalningarleið sem Alþb. samþ. í sínum plöggum með stefnu sinni þegar það hafði með stjórnarmyndunarviðræðurnar að gera. Þar stendur að verðlagið eigi að teljast niður. En þegar búið er að lýsa því yfir eru auðvitað alls konar undantekningar frá því. Þessi aðalregla verður því harla lítils virði, eins og reyndar sú regla sem ég las upp áðan samkv. ósk hæstv. viðskrh.

Síðan segir í sama kafla, og það virðist vera ættað frá öðrum en Alþb.-mönnum, að það eigi að koma nýjum verðlagslögum til framkvæmda — undir eftirliti verðlagsráðs, er reyndar sagt í plagginu. Þannig er enn þá slegið undan. En þetta verður þó varla skilið öðruvísi, því að ég þykist vita að þetta sé frá þeim sjálfstæðismönnum komið sem starfa í hæstv. ríkisstj., en að þarna eigi að koma inn aftur 8. gr. verðlagslaganna, gildistöku, en 8. gr. var frestað á sínum tíma á vinstristjórnarárum síðari í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, svo að ég rugli þeim ekki öllum saman.

Þetta rifja ég hér upp af því gefna tilefni að verðlagsmál hafa áhrif á vaxtaákvarðanir. Og nú langar mig til þess að spyrja hæstv. verðlagsráðh. og viðskrh. hvernig þeirri reglugerð, sem samin var í viðskrn., hafi vegnað þegar hún var send verðlagsráði til umsagnar. Það skiptir nefnilega gífurlegu máli fyrir þjóðina og okkur að fá að vita þetta því að um er að ræða lykilatriði um vaxtaákvarðanir og reyndar lykilatriði um þá verðlagsþróun sem hér hlýtur að verða á næstu vikum og mánuðum. Drög viðskrn. að reglugerð voru lögð fyrir verðlagsráð til umsagnar mánudaginn 3. mars. Formaður ráðsins, Björgvin Guðmundsson, greindi frá því á þeim fundi að ríkisstj. hefði ákveðið að gefa reglugerðina út þriðjudaginn 4. mars. Formaður tók málið af dagskrá, án þess að bera upp fram komnar tillögur. Á fundi, sem viðskrh. hélt síðan með verðlagsráði þriðjudaginn 4. mars, ákvað hann að leggja málið á ný fyrir verðlagsráð og gaf því frest til að skila álitsgerð til dagsins í dag eða þar til í morgun. Nú langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því, — ég veit ekki hvort að ég á að tala hærra því að hann gekk af fundinum, en vonandi verða honum þá borin þau boð, — hvernig þetta mál hafi farið. Þetta mál er úrslitamál um verðlagsþróun á næstu vikum og mánuðum og þar af leiðandi líka um vaxtamál.

Þar sem hæstv. ráðh. hefur nú horfið af fundi tel ég ekki ástæðu til að fjalla frekar um þessa reglugerð, þótt hún komi vissulega allri hæstv. ríkisstj. við.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Auðvitað væri fróðlegt og reyndar nauðsynlegt að ræða fleiri þætti þeirra mála sem hæstv. ríkisstj. ætlar að standa að. Það er þó eitt sem kemur fram sem ég er neyddur til að nefna, og það er athyglisvert og það varðar líka viðskrn., að í hinni nýju bók — þetta er marsútgáfan af fjárlögunum — hefur verið sparaður einn liður undir viðskrn., og það er liðurinn um jöfnun húsnæðiskostnaðar. En sá niðurskurður kemur ekki fram gjaldamegin þegar maður skoðar frv. í heild. Þvert á móti hækka niðurstöðutölurnar um 10 milljarða. En hvað varð um þessa 2.3 milljarða? Það væri gaman að fá að vita hvort ríkið ætlar sér að spara þá á næstunni eða hvort það sé rétt, sem fram hefur verið haldið í blöðum, þ. á m. af hæstv. sjútvrh., að það eigi að taka þessi mál út úr fjárlagafrv. og það eigi að leggja á sérstakan skatt, án þess að það komi nokkurs staðar fram í fjárlagfrv., og láta þann skatt og þessi útgjöld ekki koma fram í verðbótavísitölu samkv. þeim sömu Ólafslögum sem hæstv. ráðh. núv. ríkisstj. keppast um að troða á og fara ekki eftir.

Ég óska eftir að hæstv. viðskrh. komi hér og skýri hv. þingheimi frá þeim atriðum sem ég hef hér verið að nefna. Öll hafa þau áhrif á verðlagsþróun næstu ára og áhrif á vaxtaákvarðanir Seðlabankans, sem gegnir að sjálfsögðu hæstv. ríkisstj. í einu og öllu í þeim efnum.

Forseti (Alexander Stefánsson): Þegar ég leyfði þessar umr. utan dagskrár treysti ég því, að ekki yrði um að ræða eldhúsdagsumræður, heldur aðeins efnislega um fsp. Ég vona að hv. alþm. haldi sig við efni þessarar fsp. utan dagskrár. En þetta gefur vissulega enn á ný ábendingu um það, að kominn sé tími til að taka til endurskoðunar ákvæði þingskapa að því er varðar fsp.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Erindi mitt í þennan ræðustól er það, í framhaldi af ummælum hæstv. viðskrh. áðan þess efnis, að forsendan fyrir þeirri ákvörðun ríkisstj. að fresta framkvæmd gildandi laga um verðtryggingu sparifjár eigi sér stoð í því ákvæði málefnasamningsins, sem fjallar um verðlagsmál, að upplýsa um afgreiðslu verðlagsráðs á því máli. Aðrir ræðumenn hafa vikið að þessu efni einnig.

Sem kunnugt er, er stefna ríkisstj. í málefnasamningi yfirlýst á þá leið, að binda skuli verðlag með lögum í tilteknum áföngum. Í því efni hefur hæstv. viðskrh. beitt sér fyrir setningu reglugerðar þar sem þessi stefna er nánar skilgreind, svo hljóðandi:

„Á tímabilinu frá 1. mars 1980 til 31. júlí 1980 skal óheimilt að hækka verð á vöru eða þjónustu frá því sem það var 29. febr. 1980 um meira en 8% á tímabilinu 1. mars til 30. apríl 1980. Það verð, sem gildir 30. apríl 1980, má ekki hækka um meira en 7% á tímabilinu 1. maí til 31. júlí 1980.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Markmiðið er að halda verðhækkunum innan við 31% á árinu 1980."

Þetta mun vera meginstefnan. Það segir sig sjálft, að ef hæstv. ríkisstj. tækist að framkvæma þessa stefnu í reynd, þá hefði það áhrif á hversu réttmætt væri að fresta frekar ákvörðunum í vaxtamálum. En nú vill svo til að hæstv. ríkisstj. ætlar að takast ákaflega ambögulega að koma þessu á. Þau tíðindi eru þegar orðin, að verðlagsráð hefur nú fjallað um þessi drög að reglugerð viðskrh. og komist að þeirri niðurstöðu með öllum greiddum atkv. gegn einu, fulltrúa ráðh. sjálfs, að vara eindregið við því að reglugerðardrög ráðh. taki gildi. Um þetta urðu sammála fulltrúar í verðlagsráði, bæði Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambandsins og fulltrúi Hæstaréttar. Ekki einn einasti aðili í verðlagsráði treysti sér til þess að mæla bót þeirri aðferð, sem ríkisstj. hér reynir að beita, annar en embættismaður hennar sjálfrar.

Rökin fyrir þessu eru þau, að meginákvæði gildandi laga, þ. e. 12. gr. verðlagslaga nr. 56 frá 1978, segir að miða beri verðákvarðanir við það, að tæknilega og fjárhagslega vel rekin fyrirtæki geti starfað a. m. k. án hallarekstrar. Þetta er sú grundvallarregla, lagaregla, sem gildir um verðákvarðanir stjórnvalda, svo gáfulegt sem það kerfi annars er í sjálfu sér. Nú liggur auðvitað alveg ljóst fyrir, að í því verðbólguástandi sem nú er, að það er þegar bullandi hallarekstur í fjölmörgum atvinnuvegum á Íslandi. Fyrir liggja yfirlýsingar t. d. forsvarsmanna fiskiðnaðarins þess efnis, að fiskiðnaðurinn í landinu sé rekinn með u. þ. b. 11 milljarða kr. halla. Það kom fram í fjölmiðlum nýlega í sambandi við vanda ullariðnaðar, að fyrirtæki í þeirri grein, eins og Álafoss, langsamlega stærsta fyrirtækið, sem er vel rekið fyrirtæki og hefur skilað framleiðniaukningu svo nemur rúmlega 8% á s. l. ári, er engu að síður rekið með þvílíkum halla að nemur 600 millj. kr. frá því í nóv. s. l. Með hliðsjón af þessu ástandi er auðvelt að færa rök að því, að stjórnvaldsákvörðun um einhverjar tilbúnar takmarkanir verðlagningar fyrirtækja, sem búa við slíkt efnahagsástand, eru náttúrlega alveg gersamlega út í bláinn, efnislega, burt séð frá þeim ógöngum sem ríkisstj. virðist vera komin í með formlega setningu reglugerðar um framkvæmdina.

Kjarni málsins er sá, að stefnan, sem sett er fram með þessum hætti, er út af fyrir sig algerlega óraunsæ. Það er rétt af þessu tilefni að vitna til ummæla landsbankastjóra, sem eftir honum voru höfð á frægum fundi, flokksráðsfundi sjálfstæðismanna. Hann sagði að væri það ætlun ríkisstj., að framfylgja þessari verðlagspólitík einni sér, án þess að á eftir fylgi aðrar ákvarðanir í veigamiklum þáttum efnahagsmála, ef fyrirtækjum er m. ö. o. ætlað að hlíta þessum fyrirskipunum um verðlagningu, þrátt fyrir að framleiðslukostnaður þeirra verði af öðrum ástæðum miklu meiri en hér er kveðið á um, sé um að ræða eitthvert mesta tilræði sem gert hefur verið í sögu þjóðarinnar við atvinnulíf í landinu. Það er náttúrlega aðall bankastjóra að tala varlega í slíkum efnum, en öllu alvarlegri áfellisdóm er varla hægt að kveða upp um stefnu stjórnvalda.

Ástæðurnar fyrir því, að verðlagsráð hefur nú nær einhuga vísað á bug reglugerðardrögum viðskrh., eru fyrst og fremst þær, að stjórnvaldsákvörðun af þessu tagi brýtur í bága við þá meginreglu verðlagslaganna, að „tæknilega og fjárhagslega vel rekin fyrirtæki" fái skilað hagnaði. Þar við bætast ýmis lögfræðileg formsatriði sem ég hirði ekki um að rekja hér.

Að lokum þetta: Sá misskilningur er mjög algengur og kom berlega fram m. a. í þessum umr., að viðleitni stjórnvalda til þess að verðtryggja sparifé landsmanna, svo sem kveðið er á um að skuli vera markmið gildandi laga um að koma á raunvöxtum í áföngum, sé hávaxtapólitík og okurvaxtapólitík. Þetta er auðvitað misskilningur á einföldustu huttökum. Það er auðvitað hægt að koma málefnum einnar þjóðar svo gersamlega í kaldakol með stjórnlausri og ríkisrekinni óðaverðbólgu að vaxtastig hækki við það upp úr öllu valdi. En ef hér væri um að ræða viti borna hagstjórn, svona að meðaltali á við það sem tíðkast með helstu viðskiptaþjóðum okkar, þá mundu raunvextir í raun og veru ekki þýða hærra vaxtastig en u. þ. b. 11%.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal reyna að halda mig við það efni, sem hér er spurt um, þótt það sé hins vegar ofur eðlilegt að til umr. komi ýmis önnur mál þegar rætt er um vaxtamál, því að þau eru náttúrlega samtvinnuð öllu hagkerfinu.

Þegar lög um efnahagsmál, nr. 13, voru samþ. á s. l. ári, þá var sparifjáreigendum gefið ákveðið vilyrði samkv. lögum. Og þetta vilyrði var með þeim hætti, að það skyldu vera komnir á vextir eða trygging fyrir sparifjáreigendur sem væri jafnhá verðbólgunni í árslok 1980. Ég held að engum, sem stóð að því að setja þessi lög, hafi dottið í hug að þetta skyldi felast í því, að verðbólgan skyldi elt með vaxtahækkunum endalaust. Ég held að það sé ljóst, að þeir, sem stóðu að þessari ákvörðun, hafi með þessu viljað lögfesta góðan hug og fyrirætlanir í baráttunni gegn verðbólgu. Enda voru fljótlega settar um það ákveðnar reglur með hvaða hætti þessi aðlögun skyldi fara fram. Og það kom í ljós mjög fljótlega, að aðlögunin reyndist erfið með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í upphafi, vegna þess að verðbólguhraðinn var orðinn svo gífurlegur. Og það var fljótlega, er a. m. k. 1. sept. 1979, fallið frá þeirri útreikningsreglu sem upphaflega var stofnað til. Og 1. des. var einnig fallið frá upphaflegri útreikningsreglu.

Ég spurðist fyrir um það strax 1. sept., hvort einhver hætta væri á að sparifjáreigendur gætu höfðað mál gegn ríkissjóði og krafist skaðabóta. Ekki var talið að sparifjáreigendur gætu átt rétt á slíku, þar sem hér væri fyrst og fremst um það að ræða að koma á verðtryggingu eða fullum verðbótum fyrir árslok 1980. Spurningin er fyrst og fremst sú, með hverjum hætti það skuli gert. Og það var strax á haustmánuðum 1979 brugðið út af þeirri reglu sem upphaflega var stofnað til. Það hefur einnig verið gert að þessu sinni. Það er ekki gert ráð fyrir að verðbótaþátturinn breytist að þessu sinni.

Seðlabankinn sem slíkur hefur hér í reynd aðeins ákvörðunarvald um það, hvernig þessu skuli skipt milli tímabila. Honum ber að haga framkvæmd laganna með þeim hætti sem um getur í lögunum, þannig að full verðtrygging verði komin á í lok 1980. En spurningin er fyrst og fremst sú, hversu mikið tillit beri að taka til fortíðar í þessu sambandi og framtíðarspár um verðbólguþróunina. Ég held að það sé samdóma álit flestra, að nú á næstunni muni það mjög ráðast hver verður framvinda verðbólgunnar á þessu ári og á næstu árum. Það liggur fyrir, að taka þarf ákvörðun um fjárlög nú á næstunni. Það þarf að taka ákvörðun um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Og kjarasamningar eru væntanlegir. Það er því á margan hátt heppilegt að doka við til þess að sjá, hvað gerist í þessum málum, áður en frekari skref í vaxta- og verðbótamálum verða tekin. Flestir eru sammála um það, að vonlaust sé að elta verðbólguna endalaust með vaxtahækkunum. Það verður að koma til raunhæf barátta til að lækka verðbólguna. Það er annað sem líka skiptir máli í þessu sambandi, og það er vaxtamismunurinn. Það er alveg rétt, að hann er orðinn 10%, sem er gífurlegur munur og sérstakt rannsóknarefni. Og það er auðvitað m. a. vegna þess, að það er orðin mikil barátta milli bankanna um fjármagn. Bankarnir eru farnir að veita alls konar þjónustu án þess að taka fyrir hana, taka að sér innheimtu fyrir alls konar stofnanir, ríkisstofnanir og aðrar stofnanir. Og hverjir borga þennan kostnað? Það er sagt að þetta sé ókeypis til handa almenningi. En auðvitað eru það sparifjáreigendur sem borga alla þessa innheimtu. Það eru þeir sem verða að greiða hana. Ef þessi kostnaður, þessi vaxtamismunur væri ekki svona mikill, þá gætu sparifjáreigendur fengið meira í sinn skerf.

Bankaráð Seðlabankans er út af fyrir sig ekki mjög valdamikil stofnun. Bankaráðið hefur t. d. ekki ákvörðunarvald í slíkum málum sem vaxtamálum. Það er aðeins ráðgjafaraðili. En það er þó á einu sviði sem bankaráðið hefur allmikla ábyrgð og það er í sambandi við endurskoðun bankans. Þess vegna vil ég leiðrétta þau ummæli sem komu hér fram hjá Albert Guðmundssyni, sem er út af fyrir sig ekki ástæða til þess að eyða löngu máli í. Hins vegar sýnir það að ekki er gott að vera að hafa það eftir í ræðustól á Alþingi sem menn heyra úti í bæ. En undir bankaráðið heyrir sérstök innri endurskoðunardeild sem starfar í bankanum og á ábyrgð bankaráðsins. Þar að auki hefur bankaráðið ráðið sér sérstakan utanaðkomandi endurskoðanda, löggiltan endurskoðanda, sem annast líka endurskoðun fyrir hönd bankaráðsins. Það er sem sagt bæði innri endurskoðunardeild, sem er hluti af innra eftirliti bankans á ábyrgð bankaráðsins, — formaður bankaráðsins hefur einnig samkv. lögum miklar skyldur varðandi eftirlit, — og þar að auki starfar sérstakur óháður utanaðkomandi endurskoðandi sem undirritar reikninga bankans. Ég get bent hv. þm. á að líta á síðustu reikninga bankans fyrir árið 1978, reikningarnir fyrir árið 1979 eru ekki komnir. **(Gripið fram í:** Það er enginn kjörinn endurskoðandi í bankanum.) Það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Bankaráð er kjörið af Alþ. til þess að annast lýðræðislegt eftirlit í bankanum. Það er kosið hér á Alþ. Samkv. lögum hvíla á þessu bankaráði mjög ákveðnar skyldur, m. a. í sambandi við endurskoðun. Og hver ætti að kjósa þennan endurskoðanda? Væri betra að Alþ. sjálft kysi þennan endurskoðanda? Það má vel vera. En mér hefur ekki sýnst — án þess að ég ætli að gera miklar aths. við þá aðila sem Alþ. hefur kosið til þess — að gerðar hafi verið a. m. k. mjög miklar kunnáttukröfur til þeirra. Í þessu tilfelli hefur bankaráðið þó gert þær kröfur, að viðkomandi maður væri löggiltur endurskoðandi.

Þetta vildi ég leiðrétta. Ég held að þessum málum sé vel fyrir komið. Ég veit ekki um neinn ríkis-banka sem kemur þeim málum betur fyrir, þannig að ég vildi leiðrétta þann misskilning sem kom fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni. Og ef það er ekki misskilningur vil ég biðja hann um að skýra betur við hvað hann á.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. viðskrh. fyrir þau drög að svörum, sem hann flutti hér áðan, en mér þóttu þó um margt vera ófullnægjandi. Kjarni málsins er auðvitað sá, að stjórnarsáttmáli ríkisstj., jafnvel þó merkileg ríkisstj. sé, verður ekki æðri landslögum. Landslög gilda eftir sem áður þangað til þeim hefur verið breytt af réttum aðilum. Og plaggið, sem hér hefur verið lesið upp úr jafnvel á skakk og skjön, kann út af fyrir sig að vera ágætt plagg, en það er ekki æðra landslögum. Það verður auðvitað að vera ljóst.

Í lögum um Seðlabanka Íslands frá 1961 segir svo í 13. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta" o. s. frv. Það er annar kjarni málsins. Hinn kjarni málsins er sá, að í lögum nr. 13 frá 1979, sem stundum eru ranglega kennd við hæstv. ráðh. Ólaf Jóhannesson — mér er satt að segja ekki kunnugt um að hann hafi gegnt öðru hlutverki en að hlaupa þar á milli krata og komma, en allt um það, við hann eru lögin kennd, — er ótvírætt sagt fyrir um hver skuli vera vaxtastefna í landinu til ársloka 1980. Þegar þetta tvennt er lagt saman er auðvitað alveg ljóst, annars vegar hver vaxtastefnan skuli vera og hins vegar hver skuli framkvæma hana. Og hæstv. ríkisstj. kemur það nákvæmlega ekkert við að öðru leyti.

Hins vegar segir svo í hinni vandræðalegu tilkynningu Seðlabankans, sem hann gefur út og er að afsaka þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Bankastjórn Seðlabankans hefur að undanförnu átt viðræður um þetta mál við ríkisstj., og hefur ríkisstj. í dag farið formlega fram á það" o. s. frv.

Hvað er hér um að ræða? Auðvitað ákvörðun ríkisstj. Auðvitað er ríkisstj. að skipta sér af málum sem henni koma ekkert við, öðruvísi en það, að ef menn gera ráð fyrir að hæstv. ríkisstj. hafi þingmeirihluta, sem við skulum gera ráð fyrir, getur hún auðvitað flutt frv. Í krafti þingmeirihluta getur hún fengið lög samþ. og þar með nýja vaxtastefnu. Þá eru það lög sem menn eiga að beygja sig fyrir, en fyrr ekki.

Með afskiptum sínum eða afskiptaleysi hefur ríkisstj. gripið inn í peningamarkaðinn hér og flutt til stórkostlega fjármuni frá sparendum og til skuldara. Það er út af

fyrir sig ákveðið sjónarmið að hafa samúð með skuldurum. En ég vísa hér í tölur sem ég hef fengið hjá hagdeild Seðlabanka Íslands, þar sem það er ljóst að á aðeins þremur mánuðum er verið að flytja til hvorki meira né minna en 1.8 milljarða kr. — og er þá miðað við lægstu útgáfu af þeirri vaxtahækkun sem átti að eiga sér stað samkv. reglum sem við viðurkennum hér — út um allt efnahagslífið. Og hverjar eru þær reglur? Þær reglur eru, að ef um verðbindingu er að ræða, t. d. verðbindingu launa, þá eigi slíkt að koma til framkvæmda á þriggja mánaða fresti. Þannig hafa vaxtalögin hér verið framkvæmd án þess að nokkur maður gerði við það aths., og auðvitað gera menn ráð fyrir að svo verði áfram framkvæmt.

Við verðum að taka tillit til mannsins sem leggur fyrir og er að spara, t. d. í byrjun þessa árs. Einstaklingar hegða sér einu sinni svo í efnahagslífi. Þeir hegða sínu persónulega efnahagslífi svo, að þeir gera áætlanir. Alþ. var búið að gefa mjög nákvæm fyrirheit um það, eftir hvaða reglum lánamarkaðurinn mundi starfa út þetta ár. Hæstv. ríkisstj. er með inngripi sínu að koma í veg fyrir áður ákveðna hegðun á lánamarkaði og flytja til fjármagn frá sparendum til skuldara. Af þessum ástæðum: Því, sem hæstv. viðskrh. sagði að væri misskilningur minn um þetta inngrip, vísa ég til baka. Það er misskilningur hans því að lögin í landinu eru ótvíræð um þetta efni. Það er Alþ. sem tekur þarna ákvörðun. Seðlabankinn framkvæmir fyrir þess hönd. Svo er og verður þangað til öðruvísi hefur verið ákveðið og lögunum frá 1961 hefur verið breytt.

Hv. þm. Albert Guðmundsson flutti hér fyrirlestur um vaxtamál. Það er ekki rétt, að þessi vaxtastefna hafi ekki skilað árangri. Sannleikurinn er auðvitað sá, að það var lítillega byrjað að þreifa fyrir sér í þessa átt þegar á árinu 1976, þó að hægt væri farið, og ber þeim virðing sem að því stóðu á þeim tíma, en síðan er hið stóra spor stigið með lögum nr. 13 á árinu 1979. Tölur sýna auðvitað að innlán í lánastofnunum hafa t. d. stóraukist, heilbrigð skynsemi segir okkur einnig að gera megi ráð fyrir að öll fjárfesting hafi að því leyti breytt um svip að sjónarmið arðsemi ráði þar í miklu ríkari mæli en áður var. Auðvitað getum við ekki eitt efnahagskerfa í heiminum rekið til lengdar lánastefnu þar sem lánað er langt undir raunvirði. Í þeim efnum vísa ég t. d. til þess sem verið hefur að gerast í vaxtamálum í Bandaríkjum Norður-Ameríku að undanförnu, og eru þeir þó að glíma við nær þrefalt lægra verðbólgustig en það sem við hér erum að glíma við. Hitt er auðvitað rétt hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni, og á því hafa raunar komið fram nokkrar skýringar hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, að mismunur á útlánum og innlánum virðist vera óeðlilega mikill og svo hefur verið um langt skeið. Það er efalítið mál sem þarf sérstakrar skoðunar við. Ég er ekki talsmaður Seðlabanka Íslands með einum eða neinum hætti, en hins vegar eru lög í landinu um þessi efni og þau lög eiga að standa, þau eiga að gilda og eftir þeim á að fara þangað til Alþ. hefur ákveðið öðruvísi.

Hér í salnum situr hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sem er kannske að verða síðasti „móhíkomminn", að verða síðasti komminn sem hefur lifandi tengsl við vinnandi fólk í þessari borg og í þessu landi. Ég skil vel og ég er viss um að þm. eins og hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni líður illa undir þessari umr., og mig langar til að upplýsa þingheim um af hverju ég veit að honum líður illa. Umbjóðendur hans eru t. d. þeir sem vinna við höfnina í Reykjavík — fólk sem hefur haft svívirðilega lág laun um svívirðilega langa hríð. Þetta er fólkið sem hefur ekki haft nægilegar tekjur til þess að fjárfesta eins og þeir, sem meiri tekjur hafa, hafa gert. Það sem þetta fólk með svívirðilega lágar tekjur gerir við umframfé sitt, ef það er til, er að leggja það fyrir. Og það sparar. Það er einmitt á þessum sviðum sem eru hin heiðbundnu fórnarlömb, — ekki verðbólgu því að verðbólga er aðeins lýsandi hugtak, heldur sukksins sem viðgengst og þrífst í skjóli verðbólgunnar. Að heill stjórnmálaflokkur hafi látið undan fáránlegum kenningum manns sem hér situr ekki lengur, Lúðvíks Jósepssonar, í þessum efnum er nánast ein af furðulegustu þversögnum íslenskrar hagsögu. Ég veit að þm. eins og Guðmundur J. Guðmundsson, síðasti „móhí-komminn", veit miklu betur, og hann auðvitað kýs að tala hvergi og þegja stíft. Ég get vel skilið það að því er þetta verðar. En þjónn umbjóðenda sinna er hann ekki — eða þeir kommar — í þessum efnum. Það er eðli málsins samkv. að þeir taka ekki þátt í svona umræðum lengur, og ég get vel skilið það. Það eru hinir stjórnmálaflokkarnir sem um þessi mál ræða og á þeim hafa skoðanir og af þeim hafa áhyggjur.

Sú ákvörðun eða ákvarðanaleysi, sem hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft, þýðir stórkostlegan flutning á fjármagni frá sparendum til skuldara, og um það hef ég hér flutt tölur. Kjarni málsins er auðvitað fyrst og fremst sá, að með því að heykjast á þessu er ríkisstj. að hlaða undir spákaupmennsku og brask og framkvæma arðrán á sparendum, að flytja til fjármagn með ósæmilegum hætti, hvernig sem málið er skoðað, og þar að auki að brjóta lög. Það er þá orðið allnokkuð sem hér er um að ræða. Og á þessu verður að verða breyting.

Svör hæstv. viðskrh. eru einnig ófullnægjandi að því er varðar réttarstöðu sparifjáreigenda. Ég veit ekki hvaða heimildir hann hefur fyrir því eða hvar það hefur verið skoðað, að hann telji að sparifjáreigendur geti ekki höfðað mál á hendur ríkisvaldinu. Lögfróðir menn hafa tjáð mér að víst gæti það verið flókið mál fyrir dómstólum, en engu að síður mundu sparifjáreigendur eða fulltrúar þeirra, sem lögsæktu ríkisvaldið vegna þessarar ákvörðunar, eiga rétt — a. m. k. má orða það svo, að það væri vel tilraunarinnar virði að reyna það. Auðvitað ætti að hvetja sparifjáreigendur til þess að láta ekki misvitra ríkisstj. hafa af sér réttmætar eignir með þessum hætti, heldur beinlínis að leita réttar síns fyrir dómstólum. Hæstv. viðskrh. taldi það nokkuð öruggt áðan hver yrði niðurstaðan í slíku máli. Ég endurtek það, að mér er ekki kunnugt um hverjar eru heimildir hans fyrir því. En þetta fólk á sinn rétt. Það er búið að troða á því nægilega lengi og það er áreiðanlega tilraunarinnar virði að það reyni að snúa hjólunum við og hafa vit fyrir ríkisstj. sem hefur ekki aðeins tekið löglausa ákvörðun, heldur siðferðilega ranga ákvörðun.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Hér eru til umr. utan dagskrár lög nr. 13 frá 1979, sem kveða á um að fullri verðtryggingu skuli komið á sparifé, inn- og útlán, í áföngum fyrir árslok 1980.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur haft uppi ákaflega stór orð í þessari umr. Ég vil sérstaklega leggja áherslu á það, að í þessum lögum segir að verðtryggingu skuli komið á í áföngum fyrir árslok 1980. Það er ekkert í

lögunum sem segir í hve mörgum áföngum, heldur eingöngu hvert lokamarkið skuli vera. Hér getur því ekki verið um nein lögbrot að ræða, eins og hv. þm. lýsti hér áðan. Hér er eingöngu um að ræða framkvæmd þessara laga. Og þá verða menn sérstaklega að hafa það í huga að hér hefur nýlega verið mynduð ríkisstj. sem með sérstökum stjórnarsáttmála hefur ákveðið að takast á við verðbólguna í þessu landi með ýmsum aðgerðum, svo sem með því að leggja sérstakar hömlur á verðlagshækkanir, með ýmsum aðgerðum í fjármálum ríkisins, peningamálum, fjárfestingarmálum o. s. frv. Þess vegna er sú ákvörðun eðlileg að vextir hækki ekki nú. Hún er eðlileg og í fullu samhengi og samræmi við aðrar ákvarðanir sem nú er verið að taka í efnahgsmálum og fjármálum ríkisins. Ég get ekki séð að það sé á nokkurn hátt lögbrot sem hér er verið að gera — engan veginn. Og það er alls ekki alfarið bundið vaxtahækkunum að koma á verðtryggingu sparifjár. Það veit hv. þm. Vilmundur Gylfason að hægt er að gera líka með því að ná verðbólgunni niður, og sjálfsagt erum við sammála um að það væri æskilegri leið. Ekki síður vil ég vekja athygli á því, að ákvörðunin um að hækka ekki vexti nú er að sjálfsögðu í samhengi og samræmi við að nú eru menn að leggja fram fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun og ýmsar stefnumarkandi ákvarðanir í efnahagslífi þjóðarinnar er verið að taka einmitt nú.

Ég ætla að virða orð forseta um að fara ekki út í almennar umr., þó að ástæða væri til þess af ýmsu sem hér hefur komið fram. En ég vil þó sérstaklega benda á, vegna ummæla hv. þm. Friðriks Sophussonar áðan um vaxtamálin, að í þeim plöggum, sem sjálfstæðismenn lögðu fram í stjórnarmyndunarviðræðunum fyrir skömmu, voru sérstök ákvæði um vaxtamálin. Og ég vil lesa hér a-lið 4. gr., með leyfi forseta, þar sem segir í plaggi þeirra sjálfstæðismanna:

„Vegna aðgerða í verðlagsmálum verði vextir ekki hækkaðir í febrúar, en þeim haldið óbreyttum uns verðbólgustigið er komið niður fyrir þá og jákvæðir raunvextir tryggðir".

Þetta er í rauninni alveg í samræmi við það sem menn eru að segja í stjórnarsáttmálanum og reyna að framkvæma.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hér hefur verið minnst á efnahagslögin sem samþ. voru fyrir réttum 11 mánuðum. Eitt af því fáa bitastæða, sem átti að vera í þeim lögum, voru ákvæðin um vaxtamál og verðtryggingu sparifjár. Það átti að koma á jákvæðri ávöxtun fjármagns er menn legðu til hliðar. Hver hefur raunin orðið af framkvæmd þessara laga í 11 mánuði? Hverjir eru þeir áfangar, eins og síðasti hv. ræðumaður Guðmundur G. Þórarinsson nefndi, sem hafa náðst samkv. þessum lögum, miðað við þann tíma þegar lögin voru sett? Ég held að það sé gott ef við stöndum í sömu sporum, og jafnvel er ávöxtun sparifjár neikvæðari nú en var fyrir 11 mánuðum. Mér er nær að halda að sparifjáreigendur tapi meira nú, þrátt fyrir hærri vexti e. t. v. að nafninu til, vegna þess að verðbólgan hefur vaxið ennþá meira.

Við sjálfstæðismenn vöruðum við því, þegar efnahagslögin voru sett, að tengja saman með reglubundum hætti vexti og verðbólgustig þegar fyrirsjáanlegt væri að verðbólgan færi vaxandi, vegna þess að í efnahagslögunum, sem sett voru fyrir 11 mánuðum og bæði Alþb. og Framsfl. og auk þess Alþfl. báru ábyrgð á, skorti ákvæði sem gáfu mönnum vonir um að verðbólgan færi lækkandi. Og það er sama sagan nú, þegar við stöndum í sömu sporum eða höfum e. t. v. stigið eitt sport eða fleiri aftur á bak frá því fyrir 11 mánuðum, þegar rætt er um heilbrigða ávöxtun sparifjár, að við völd situr ríkisstj. sem hefur ekki boðað í málefnasamningi sínum hvernig að skuli standa í baráttunni gegn verðbólgunni þannig að vonir standi til að hún fari lækkandi. Það eina, sem hæstv. ríkisstj. hefur sagt, ef marka má umsögn Seðlabankans, er að hún ætli að framlengja tímann sem fyrrv. vinstri stjórn ætlaði sér til að koma á samræmi á milli ávöxtunar sparifjár og verðbólgustigs. Hún ætlar að framlengja þann tíma fram yfir næstu áramót. Og þá eru allar líkur til, ef við tölum hér saman eftir 11 mánuði, að því verði sama reynslan og við höfum orðið vitni að síðustu 11 mánuði.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson vitnaði til þeirrar hugmyndar sem ég lagði fram í stjórnarmyndunarviðræðunum, þar sem skýrt var kveðið á um að vextir skyldu ekki hækka eða verðbótaþáttur vaxta miðað við 1. mars s. l. Það er alveg rétt. En þessi hugmynd var bundin öðrum aðgerðum á sviði efnahagsmála, og samkv. mati Þjóðhagsstofnunar hefði verðbólgustigið verið komið niður í 26% í ágústmánuði n. k. ef farið hefði verið eftir þeim hugmyndum sem ég lagði fram í stjórnarmyndunarviðræðunum. Undir þeim kringumstæðum var eðlilegt að verðbótaþáttur vaxta væri óbreyttur þar til að vaxtaákvörðun kæmi miðað við 1. sept. n. k. Þá hefði verið komið að því að þeim áfanga eða því markmiði væri náð að um jákvæða ávöxtun fjármagns væri að ræða miðað við verðbólgustig. Það er þetta sem skiptir öllu máli.

Nú er það svo, að auðvitað er ekki hægt að tala um vaxtamál nema í tengslum við aðra þætti efnahagsmála. Það er auðvitað annmarkinn á þeim aðgerðum, sem fyrrv. vinstri stjórn og núv. vinstri stjórn ýmist gera eða boða, að ekki er um samræmda stjórn efnahagsmála að ræða. Það er þörf á slíkri samræmingu ef við ætlum að ná árangri. Nokkrir hv. ræðumenn, eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson og raunar fleiri, Halldór Ásgrímsson einnig, hafa nefnt að í vændum væru ýmsar ákvarðanir, eins og t. d. í verðlagsmálum eða kjaramálum, og setning fjárlaga og gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar væri í undirbúningi. Við höfum ekki séð hér á þingi nema það frv. til fjárlaga sem lagt var fram í dag, en af því má marka og þeim fréttum, sem af því höfðu áður borist, að þar sé ekki um fjárlög að ræða sem líkleg séu til þess að hamla gegn verðbólgunni. Þetta eru verðbólgufjárlög. Það er upplýst að utan þeirra eru margir útgjaldaliðir sem við þurfum með öðrum hætti að standa undir, annaðhvort með sérstakri skattheimtu eða með aukinni lántöku sem þá ætti að fella inn í lánsfjáráætlun.

Af þessu tilefni hlýt ég að spyrja: Hvað líður framlagningu lánsfjár- og fjárfestingaráætlunar? Útilokað er að ætlast til þess að Alþingi afgreiði fjárlög án þess að fram hafi komið og rædd hafi verið lánsfjár- og fjárfestingaráætlun fyrir yfirstandandi ár.

Herra forseti. Ég taldi rétt að þessi atriði kæmu fram í tengslum við þær umræður sem átt hafa sér stað varðandi vaxtaákvarðanir eða ákvarðanir um verðbótaþátt vaxta.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð í framhaldi af því sem hér hefur komið fram. Það

væri fróðlegt út af fyrir sig að eiga orðastað við hv. þm. Vilmund Gylfason um lögfræði, því að ýmislegt kom fram hjá honum sem gæfi tilefni til að ræða um, en ég skal ekki fara nánar út í það að þessu sinni. E. t. v. gefst okkur síðar meir tækifæri til þess að ræða svolítið um lögfræði og skilning hans á þeirri fræðigrein.

Ég vil minna hv. þm. á það, þegar hann gagnrýnir nú frestun á því að láta koma til framkvæmda 1. mars hækkun verðbótavaxta, að þetta er nákvæmlega það sama og starfsstjórn Alþýðuflokksins, sem hann sat sjálfur í, gerði 1. des. Þá var áformum Seðlabankans frestað. Það var öðruvísi, það voru aðrar tölur, en í „prinsipinu" er þetta nákvæmlega sama. Það er verið að fresta framkvæmd aðgerða sem Seðlabankinn hafði áformað og sett reglur um, en það er ekki verið að gera breytingar á lögunum um stjórn efnahagsmála o. fl., eins og glögglega kom fram í ræðu hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar áðan.

Varðandi þau atriði, sem aðrir ræðumenn komu hér inn á, þá minntist hv. þm. Friðrik Sophusson á peningamálakafla stjórnarsáttmálans og sérstaklega það atriði, að opnaðir verði í bönkum og sparisjóðum sparireikningar þar sem sparifé njóti fullrar verðtryggingar samkv. nánari reglum og í samræmi við möguleika til útlána. Það er rétt, að ríkisstj. hefur áhuga á þessu, hefur áhuga á því að taka upp það fyrirkomulag, að fólk geti lagt inn fé sem sé fullkomlega verðtryggt. En sá er hængur á, að þetta er auðvitað ekki mögulegt nema hægt sé að fjármagna þessar aðgerðir, lána þetta fé aftur út með sömu kjörum. Ríkisstj. ætlar að láta framkvæma athugun á því, hvort hugsanlegt sé að koma á svona kerfi. En ekki er ákveðið að það verði gert. Og það verður ekki gert nema það sé mögulegt, eins og hér er tekið fram.

Varðandi verðlagsmálin og umr. um þau hér vil ég geta þess, að það er verið að fjalla um þau í ríkisstj. í samræmi við áform ríkisstj. um niðurtalningu verðbólgunnar. Ég hef haft áhuga á að reglugerð verði sett í samræmi við ákvörðun stjórnarsáttmálans. Hún hefur ekki verið endanlega ákveðin, heldur var hún send til verðlagsráðs til umfjöllunar, því að gert er ráð fyrir því í verðlagslögunum, að þegar slík mál eru ákveðin skuli verðlagsráð segja álit sitt á þeim. Fundi verðlagsráðs um þetta mál var ekki lokið fyrir hádegið, þegar ég fór úr stjórnarráðinu, og ég hef því ekki átt kost á því að ræða við formann verðlagsráðs um það, hvernig honum lyktaði, og þess vegna hef ég ekki aðstöðu til þess að ræða nánar um þetta mál við þetta tækifæri, en vonandi gefst færi á því síðar.

Ég vil að lokum segja í sambandi við umr. eins og þessar utan dagskrár, að ég vil taka undir það sem flestallir eða ég hygg allir þm. séu sammála um, að auðvitað eru utandagskrárumræður sjálfsagðar þegar sérstök tilefni gefast. En það er dálítið varasamt, að slíkar umr. fari út í öfgar og verði miklu tíðari og lengri en eðlilegt er og geti jafnvel truflað þingstörf. T. d. á meðan þessi umr. fór fram hér — og ég var að sjálfsögðu bundinn við hana vegna þess að til mín var beint fsp. — var í Ed., þar sem ég á sæti, verið að fjalla um mál og meira að segja atkvgr. um mál sem ég hafði talsverðan áhuga á, landbúnaðarmál. Þetta sýnir að það þarf a. m. k. að gæta þess í sambandi við það að stofna til slíkra umræðna, að þær trufli ekki beinlínis þingstörf eða þingfundi sem hafa verið auglýstir. Í þessu tilfelli hafði ég ekki tækifæri til að taka þátt í afgreiðslu máls hér í Ed., sem ég hafði áhuga á og bar náttúrlega skylda til sem þm. þeirrar hv. þd. Ég vildi því aðeins í lokin taka fram, að ég hygg að Alþ. ætti að fara varlega í það að leyfa þm. að taka til máls í tíma og ótíma utan dagskrár, því að ef allir þm. tækju upp á því yrði sú regla, sem þingsköp ætlast til að sé viðhöfð í störfum alþingis, náttúrlega að engu. Það gefur auga leið. En ég vil ekki að neinn misskilji mig, og ég tel sjálfsagt og rétt að það séu möguleikar til þess að stofna til umr. utan dagskrár um ýmis efni, en þó ekki að mínu mati nema sérstakt tilefni gefist til þess.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 29. fundur.

Þriðjudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Umsvif erlendra sendiráða, fsp. (þskj. 95). — Ein umr.

Forseti (Jón Helgason): Eins og hv. alþm. er kunnugt útbýtti hæstv. fyrrv. utanrrh. svari við þessari fsp. skriflega fyrr á þinginu, og hefur fyrirspyrjandi tjáð að það svar væri fullnægjandi. Er því fsp. svarað og málið tekið út af dagskrá.

Skriflegt svar utanrrh. er á þessa leið:

SVÖR

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Halldóri Blöndal í þskj. 95 (tölulið II) um umsvif erlendra sendiráða.

Snemma á síðastliðnu ári gerði utanríkisráðuneytið könnun á fjölda starfsmanna erlendra sendiráða í Reykjavík, en slíkar athuganir fóru einnig fram 1971 og 1974. Yfirlit þetta nær yfir allt erlent starfsfólk sendiráða og fjölskyldur þess svo og íslenska þegna, er starfa í erlendum sendiráðum. Er þar miðað við starfsheitaflokkun Vínarsamningsins frá 1961 um stjórnmálasamband.

1. Tólf ríki hafa sendiráðsskrifstofur í Reykjavík. Þau eru Bandaríkin, Bretland, Danmörk, Frakkland, Kína, Noregur, Pólland, Sovétríkin, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Sambandslýðveldið Þýskaland og Alþýðulýðveldið Þýskaland. Útsent starfsfólk við þessi sendiráð er samtals 118. Auk þess starfa við sendiráðin fáeinir ríkisborgarar annarra ríkja og 29 íslenskir ríkisborgarar.

Af útsendum starfsmönnum hafa 51 diplómatísk réttindi (sendiherrar, sendifulltrúar, sendiráðunautar, sendiráðsritarar o. s. frv.), en aðrir starfsmenn, alls u. þ. b. 100 manns, teljast til skrifstofu-, tækni- og þjónustustarfsmanna.

Í sendiráði Bandaríkjanna starfa 18 Bandaríkjamenn og 14 Íslendingar, en 1971 störfuðu hér 16 Bandaríkjamenn og 19 Íslendingar.

Í sendiráði Sovétríkjanna starfa 35 Sovétmenn, en voru 30 árið 1971. Engir Íslendingar hafa verið þar að störfum, hvorki 1979 né 1971.

Í sendiráði Kína starfa nú 20 manns, allir kínverskir. Þetta sendiráð hafði ekki verið opnað 1971, þegar fyrsta

könnun ráðuneytisins var gerð, en í 2. könnun þess árið 1974 voru starfsmenn 14.

Önnur sendiráð í Reykjavík eru verulega minni en þau þrjú, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni.

2. Bandaríkin starfrækja hér upplýsingaskrifstofu og Sovétríkin fréttastofu.

Í bandarísku upplýsingaþjónustunni starfa 2 diplómatískir starfsmenn og eru þeir taldir með starfsliði bandarísku sendiráðsins í heildartölunum hér að framan. Auk þeirra starfa 7 Íslendingar við stofnunina.

Sovétríkin starfrækja hér APN-fréttastofuna og vinna þar sovésk hjón ásamt 3 Íslendingum.

3. 117 fjölskyldumeðlimir dveljast hér með þeim 118 útsendu starfsmönnum, sem um er rætt í 1. tölulið.

4. a Erlend sendiráð eiga hér 18 fasteignir, samtals rösklega 33 þúsund rúmmetra.

Sovétríkin eiga 4 fasteignir í Reykjavík, samtals 7261 rúmmetra, Bandaríkin 2, samtals 3923 rúmmetra, Kínverska alþýðulýðveldið 2, samtals 3739 rúmmetra og Sambandslýðveldið Þýskaland 2, samtals 3712 rúmmetra. Frakkland og Noregur eiga einnig 2 fasteignir hvort ríki, en þær eru talsvert minni í rúmmetrum talið. Önnur ríki eiga hér eina fasteign hvert, nema Pólverjar, sem ekki eru skráðir fyrir neinni fasteign hér á landi.

4. b Samkvæmt nýju yfirliti ráðuneytisins eru nú samtals 97 bifreiðar skráðar hér á landi í eigu erlendra sendiráða og sendiráðsstarfsmanna.

5. Leiguhúsnæði.

Pólska sendiráðið leigir húsnæði að Grenimel 7 og upplýsinga- og fréttastofnanirnar leigja að Neshaga 16 og Suðurgötu 13. Þeir starfsmenn, sem ekki búa í framangreindum fasteignum í eigu sendiráðanna, búa í leiguhúsnæði víðs vegar í Reykjavík og nágrannabyggðum.

6. Erlendar ríkisstjórnir hafa ekki fengið heimild til neinnar annarrar starfsemi hér á landi en þeirrar, sem greinir í svörum við 1. og 2. tölulið fyrirspurnarinnar.

Áðurgreind skýrsla utanríkisráðuneytisins frá 1979 er fylgiskjal með svari þessu. Enn fremur nýtt yfirlit yfir bifreiðaeign sendiráðanna, svo og ný skrá yfir þá erlenda starfsmenn sendiráðanna, er fengið höfðu persónuskilríki 17. janúar 1980.

Sendiráð í Reykjavík í janúar/febrúar 1979.

Yfirlit yfir fjölda starfsmanna erlendra sendiráða í Reykjavík (Miðað er við starfsheitaflokkun Vínarsamningsins frá 1961 um stjórnmálasamband).

1. **Bandaríki N.-Ameríku:**		
Bandarískir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	8 + 22	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	10 + 6	„
Samtals	18 + 28	„
Íslenskir þegnar:		
b) Skrifstofu- og tæknimenn	14	
Samtals	14	
Þegnar annarra ríkja:		
b) Skrifstofu- og tæknimenn (br.)	1 + 1	fjölskyldumeðlimir
c) Þjónustustarfsmenn (br.d.)	2	„
Samtals	3 + 1	„
2. **Bretland:**		
Breskir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	4 + 7	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	1	„
Samtals	5 + 7	„
Íslenskir þegnar:		
b) Skrifstofu- og tæknimenn	2	
Samtals	2	
Þegnar annarra ríkja:		
b) Skrifstofu- og tæknimenn (fr)	1	
d) Einkaþjónustufólk (tanz.)	1	
Samtals	2	
3. **Danmörk:**		
Danskir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	2	
b) Skrifstofu- og tæknimenn	2	
d) Einkaþjónustufólk	1	
Samtals	5	
Íslenskir þegnar:		
b) Skrifstofu- og tæknimenn	1	
c) Þjónustustarfsmenn	1	
Samtals	2	
Þegnar annarra ríkja:		
a) Stjórnarsendimenn (br.irl.)	5	fjölskyldumeðlimir
d) Einkaþjónustufólk (br.)	1	
Samtals	1 + 5	„

4. Frakkland:

Franskir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	4 + 4	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	5	„
d) Einkaþjónustufólk	1	
Sendikennari	1 + 1	„
Samtals	11 + 5	„
Íslenskir þegnar:		
b) Skrifstofu- og tæknimenn	2	
Samtals	2	
Þegnar annarra ríkja:		
c) Þjónustustarfsmenn (br.)	1	
Samtals	1	

5. Kína:

Kínverskir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	6 + 4	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	9 + 5	„
c) Þjónustustarfsmenn	5 + 5	„
Samtals	20 + 14	„

6. Noregur:

Norskir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	2 + 2	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	2	
Samtals	4 + 2	
Íslenskir þegnar:		
b) Skrifstofu- og tæknimenn	1	
Samtals	1	

7. Pólland:

Pólskir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	2 + 2	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	1 + 1	„
Samtals	3 + 3	„

8. Sovétríkin:

Sovéskir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	13 + 19	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	16 + 17	„
c) Þjónustustarfsmenn	6 + 6	„
Samtals	35 + 42	„

9. Svíþjóð:

Sænskir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	2 + 1	fjölskyldumeðlimir
Samtals	2 + 1	„
Íslenskir þegnar:		
b) Skrifstofu- og tæknimenn	1	
Samtals	1	
Þegnar annarra ríkja:		
c) Þjónustustarfsmenn (n)	1	
Samtals	1	

10. Tékkóslóvakía:

Tékkneskir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	1 + 1	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	3 + 4	„
Samtals	4 + 5	„

11. Sambandslýðveldið Þýskaland:

Þýskir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	4 + 8	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	3	
Samtals	7 + 8	„
Íslenskir þegnar:		
b) Skrifstofu- og tæknimenn	1	
c) Þjónustustarfsmenn	4	
Samtals	5	

12. Þýska alþýðulýðveldið

Þýskir þegnar:		
a) Stjórnarsendimenn	2 + 2	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	2	
Samtals	4 + 2	„
Íslenskir þegnar:		
c) Þjónustustarfsmenn	2	
Samtals	2	

Skýringar:

1. Skammstafanir í svigum á eftir þegnum annarra ríkja eru sem hér segir:
   - br. breskir þegnar
   - d. danskir þegnar
   - fr. franskir þegnar
   - isl. írskir þegnar
   - n. norskir þegnar
   - tanz. frá Tanzaníu
   - p. portúgalskir þegnar
2. Upplýsingar varðandi sendiráð Frakklands eru með fyrirvara, þar sem erindi ráðuneytisins var ekki svarað þrátt fyrir munnlegan eftirrekstur. Er því miðað við upplýsingar, sem fyrir hendi eru í skjalasafni ráðuneytisins, og jafnframt tekið tillit til þeirra breytinga, sem starfsfólki ráðuneytisins eru kunnar.
3. Börn sendiráðsmanna búsett erlendis eru ekki talin með í fjölskylduliðnum.
4. Makar og börn íslenskra starfsmanna sendiráða eru ekki talin með í fjölskylduliðnum.

II.

Yfirlit yfir fjölda starfsmanna sendiráða, sundurliðað í samræmi við starfsheitaflokkun Vínarsamningsins frá 1961 um stjórnmálasamband.

	Stj.sendim.	Skrifst. og tæknimenn		Þj.starfsmenn		Einkaþj. starfsmenn		Þegnar annarra ríkja	Heildfj. starfsm.			Dagsetn. upplýsinga
		sendir.	ísl.	sendir.	ísl.	sendir.	ísl.		sendir.	ísl.	aðrir	
1. Bandaríkin	8/22	10/6	14					3/1	18/28	14	3/1	16.1.1979
2. Bretland	4/7	1	2					2	5/7	2	2	16.1.1979
3. Danmörk	2/*	2	1		1	1		1/5	5/	2	1/5*	16.1.1979
4. Frakkland	5/5	5	2			1		1	11/5	2	1	(m. fyrirv.)
5. Kína	6/4	9/5		5/5					20/14			18.1.1979
6. Noregur	2/2	2	1						4/2	1		15.1.1979
7. Pólland	2/2	1/1							3/3			15.1.1979
8. Sovétríkin	13/19	16/17		6/6					35/42			8.2.1979
9. Svíþjóð	2/1		1					2	2/1	1	1	17.1.1979
10. Tékkóslóvakía	1/1	3/4							4/5			18.1.1979
11. Sambandslýðv. Þýskal.	4/8	3	1		4				7/8	5		18.1.1979
12. Þýska alþýðulýðv.	2/2	2			2				4/2	2		1.2.1979

Skýringar:
1. Aftan við skástrik eru aðrir fjölskyldumeðlimir.
2. Íslenskir ríkisborgarar eru því aðeins taldir, að þeir gegni sjálfstæðum störfum í sendiráði, þ. e. makar og börn eigi talin með.
* makar og börn stjórnarsendimanna eru ríkisborgarar annarra ríkja.

III.

Tafla yfir heildarfjölda starfsmanna erlendra sendiráða í Reykjavík.

	Frá sendiríki + fjölskylda	frá öðrum erlendum ríkjum	íslenskir
1. Bandaríkin	18 + 28 = 46	3 + 1 = 4	14
2. Bretland	5 + 7 = 12	2	2
3. Danmörk	5 + * = 5	1 + 5* = 6	2
4. Frakkland	11 + 5 = 16	1	2
5. Kína	20 + 14 = 34		
6. Noregur	4 + 2 = 6		1
7. Pólland	3 + 3 = 6		
8. Sovétríkin	35 + 42 = 77		
9. Svíþjóð	2 + 1 = 3	1	1
10. Tékkóslóvakía	4 + 5 = 9		
11. Sambandslýðv. Þýskaland	7 + 8 = 15		5
12. Þýska alþýðulýðveldið	4 + 2 = 6		2
Samtals	118 + 117 = 235	4 + 6 = 14	29

Skýringar:
* makar og börn stjórnarsendimanna eru ríkisborgarar annarra ríkja

IV.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

1. **Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna**
Forstöðumaður er Mr. Irving E. Rantanen. Þar vinnur einnig Mr. Paul J. Saxton og eru báðir kvæntir og eiga eitt barn hvor. Starfsmennirnir eru diplomatar á vegum sendiráðsins og eru taldir með í yfirliti yfir fjölda starfsmanna þess. Auk þeirra starfa nú 7 Íslendingar við stofnunina, sem er til húsa í leiguhúsnæði að Neshaga 16.

2. **APN fréttastofan (NOVOSTI)**
Forstöðumaður er Evgeni Barbukhov. Auk hans starfar við stofnunina eiginkona hans, Natalia Barbukhova, og eiga þau eitt barn. Einnig starfa nú við stofnunina 3 Íslendingar. Íslensk kona er skráð ábyrgðarmaður ritsins „Fréttir frá Sovétríkjunum", og starfar hún stöku sinnum við stofnunina.

V.

Fasteignir erlendra ríkja í Reykjavík vegna sendiráða.

1.	Bandaríki N-Ameríku		
	Laufásvegur 21—23		**3.923.0 m³**
2.	Bretland		
	Laufásvegur 33		**1.595.0 m³**
3.	Danmörk		
	Hverfisgata 29		**3.065.0 m³**
4.	Frakkland		
	Túngata 22	1.124.0 m³	
	Skálholtsstígur 6	1.630.0 m³	**2.754.0 m³**
5.	Kínverska alþýðulýðveldið		
	Víðimelur 29	2.190.0 m³	
	Víðimelur 25	1.549.0 m³	**3.739.0 m³**
6.	Noregur		
	Fjólugata 15	1.380.0 m³	
	Fjólugata 17	1.090.0 m³	**2.470.0 m³**
7.	Pólland		
	Engin fasteign		
8.	Sovétríkin		
	Garðastræti 33	2.122.0 m³	
	Garðastræti 35	1.269.0 m³	
	Túngata 9	2.058.0 m³	
	Túngata 24	1.812.0 m³	**7.261.0 m³**
9.	Svíþjóð		
	Fjólugata 9		**1.816.0 m³**
10.	Tékkóslóvakía		
	Smáragata 16		**1.555.0 m³**
11.	Sambandslýðveldið Þýskaland		
	Laufásvegur 70	1.198.0 m³	
	Túngata 18	2.514.0 m³	**3.712.0 m³**
12.	Alþýðulýðveldið Þýskaland		
	Ægissíða 78		**1.428.0 m³**
Fasteignir erlendra ríkja vegna sendiráða í Reykjavík		Samtals	**33.318.0 m³**

VI.

Lóðareign erlendra ríkja í Reykjavík vegna sendiráða.

1.	Bandaríki N-Ameríku		
	Laufásvegur 21, 23 og Þingholtsstræti 36	981.0 m²	
	Þingholtsstræti 34	413.0 m²	**1.394.0 m²**
2.	Bretland		
	Laufásvegur 31	1 270,5 m²	
	Laufásvegur 33	1 179,0 m²	**2 449,5 m²**
3.	Danmörk		
	Hverfisgata 29		**1 338,0 m²**
4.	Frakkland		
	Túngata 22	1 000,3 m²	
	Skálholtsstígur 6	923,7 m²	**1 924,0 m²**
5.	Kínverska alþýðulýðveldið		
	Víðimelur 29	810,0 m²	
	Víðimelur 25	900,3 m²	**1 710,3 m²**
6.	Noregur		
	Fjólugata 15	929,6 m²	
	Fjólugata 17	913,0 m²	**1 842,6 m²**
7.	Pólland		
	Engin fasteign		
8.	Sovétríkin		
	Garðastræti 33	1 162,1 m²	
	Garðastræti 35	1 130,5 m²	
	Túngata 9	555,3 m²	
	Túngata 24	824,2 m²	**3 672,1 m²**
9.	Svíþjóð		
	Fjólugata 9		**1 351,8 m²**
10.	Tékkóslóvakía		
	Smáragata 16		**971,4 m²**
11.	Þýska alþýðulýðveldið		
	Ægissíða 78		**1 059,0 m²**
12.	Sambandslýðveldið Þýskaland*		
	Túngata 18	838,4 m²	
	Laufásvegur 70	660,0 m²	**1 498,4 m²**
Lóðareign erlendra ríkja vegna sendiráða í Reykjavík		Samtals	**19 211,1 m²**

*Um er að ræða leigulóðir (til 75 ára).

VII.

Samanburður við sams konar kannanir, sem gerðar voru á árunum 1971 og 1974.

Heildarfjöldi starfsmanna sendiríkis og íslenskra starfsmanna:

	1971 Frá sendiríki Samtals m. fjölsk.	Þar af starfsm. a, b, og c.	Ísl.	1974 Frá sendiríki Samtals m. fjölsk.	Þar af starfsm. a, b, og c.	Ísl.	1979 Frá sendiríki Samtals m. fjölsk.	Þar af starfsm. a, b, og c.	Ísl.	Frá öðrum ríkjum.
1. Bandaríkin	36	16	19	38	20	14	46	18	14	4
2. Bretland	21	7	6	18	7	3	12	5	2	2
3. Danmörk	7	6	2	8	5	3	5*	5	2	6*
4. Frakkland	8	8	4	20	10	2	16	11	2	1
5. Kína				15	14		34	20		
6. Noregur	8	5		6	4		6	4	1	
7. Pólland	6	2	2	7	3	1	6	3		
8. Sovétríkin	65	30		71	32		77	35		
9. Svíþjóð	7	4		7	3	1	3	2	1	2
10. Tékkóslóvakía	8	4		8	5		9	4		
11. Sambandslýðveldið Þýskaland	17	7	5	17	8	3	15	7	5	
12. Þýska alþýðulýðveldið				5	3		6	4	2	
Samtals	183	89	38	220	114	27	235	118	29	15

Fasteignir og lóðareign erlendra ríkja í Reykjavík vegna sendiráða:

	1971 Fasteignir	Lóðareign	1979 Fasteignir	Lóðareign
1. Bandaríkin	3 923,0 m³	1 394,0 m²	3 923,0 m³	1 394,0 m²
2. Bretland	1 595,0 m³	2 449,0 m²	1 595,0 m³	2 449,0 m²
3. Damörk	3 065,0 m³	1 338,0 m²	3 065,0 m³	1 338,0 m²
4. Frakkland	2 754,0 m³	1 924,0 m²	2 754,0 m³	1 924,0 m²
5. Kína			A 3 739,0 m³	A 1 710,3 m²
6. Noregur	2 724,0 m³	2 234,3 m²	M 2 470,0 m³	M 1 842,6 m²
7. Pólland				
8. Sovétríkin	7 261,0 m³	3 672,1 m²	7 261,0 m³	3 672,1 m²
9. Svíþjóð	1 816,0 m³	1 351,8 m²	1 816,0 m³	1 351,8 m²
10. Tékkóslóvakía	1 555,0 m³	971,4 m²	1 555,0 m³	971,4 m²
11. Sambandslýðveldið Þýskaland	3 712,0 m³	1 498,4 m²	3 712,0 m³	1 498,4 m²
12. Þýska alþýðulýðveldið			1 428,0 m³	A 1 059,0 m²
Samtals	**28 405,0 m³**	**16 833,5 m²**	**33 318,0 m³**	**19 211,0 m²**

A = aukning
M = minnkun

VIII.

Nokkur atriði varðandi samanburð á tölum áranna 1971, 1974 og 1979 viðvíkjandi erlendum starfsmönnum sendiráða og fjölskyldum þeirra.

1971 og 1974: Könnun ársins 1974 leiddi í ljós að útsendum starfsmönnum sendiríkja ásamt fjölskyldum búsettum hér á landi hafði fjölgað um **37**, þar af **25** sendimenn a, b og c. Fjölgunin átti aðallega rætur sínar að rekja til þess, að kínverska alþýðulýðveldið og þýska alþýðulýðveldið settu formlega á stofn sendiráð í Reykjavík. Útsendu starfsliði bandarískra og sovéska sendiráðsins fjölgaði sem hér segir: **Bandaríkin** 2 með fjölsk., þar af **4 sendim. a, b og c.** Sovétríkin 6 m/fjölsk., þar af **2 sendim. a, b og c.**

1974 og 1979: Á árinu 1979 hafði útsendum starfsmönnum sendiríkja, ásamt fjölskyldum, fjölgað um 15 frá því, sem þeir voru á árinu 1974. Könnun ársins 1979 gerir sérstaklega grein fyrir þegnum annarra ríkja en sendiríkis og gistiríkis, en þeir voru nú 14. Þurfa þessir 14 ríkisborgarar (aðallega vestrænna ríkja) að bætast við ofangreinda 15 til að gefa rétta mynd af hlutfalli milli áranna þannig að heildaraukningin varð **29** frá og á vegum sendiríkis. Sendimönnum a, b og c fjölgaði um **4** á sama tíma.

1971 og 1979: Ef bornar eru saman tölur ársins 1971, þegar fyrst var tekið saman nákvæmt yfirlit yfir starfsfólk á vegum erlendra sendiráða, og ársins 1979 (jan./febr.) sést að útsendum starfsmönnum sendiríkis ásamt fjölskyldm hafði á þessum tæplega 8 árum fjölgað um 52.

Þegar við bætast ofangreindir 14 þegnar erlendra ríkja **verður aukningin samtals 66 erlendir starfsmenn ásamt fjölskyldum,** þar af **29** sendimenn a, b og c. Þessa miklu fjölgun má einkum rekja til tilkomu sendiráða Kína og Þýska alþýðulýðveldisins, sbr. ofangreint.

Útsendum starfsmönnum Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Kína fjölgaði sem hér segir:

Bandaríkin: **10** starfsmenn m/fjölsk., þar af **2** sendimenn a, b og c.
Sovétríkin: **12** starfsmenn m/fjölsk., þar af **5** sendimenn a, b og c.
Kína (frá '74) **19** starfsmenn m/fjölsk., þar af **6** sendimenn a, b og c.

Þeir sem hafa persónuskilríki pr. 17. jan. 1980:

	Diplomatar	**eiginkonur**	**starfsmenn**	**eiginkonur**	**börn**	**þjónustufólk**
Sovétríkin	13	13	24	19		
Bandaríkin	7	4	11	1	17	
Bretland	4	3	2			
Kína	5	1	14			
Tékkóslóvakía	1	1	3	2	2	
Frakkland	8	4	1			1
V-Þýskaland	4	4	3	1	4	
A-Þýskaland	2	2				
Noregur	2	1	2			
Danmörk	2	2				1
Pólland	2	2	1	1	1	
Svíþjóð	2	2				1

Bifreiðar erlendra sendiráða í Reykjavík (í ársbyrjun 1980):

Sendiráð	**Bifreiðar**
Kína	6
Tékkóslóvakíu	5
Danmerkur	6
Frakklands	11
V-Þýskalands	12
Bretlands	7
Bandaríkjanna	20
A-Þýskalands	3
Noregs	4
Póllands	2
Svíþjóðar	3
Sovétríkjanna	18
Samtals	**97**

Lánakort, fsp. (þskj. 133). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Forseti. Ég hef leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. viðskrh. og hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„1. Þarf að leita leyfis stjórnvalda til stofnunar lánakortafyrirtækis hér á landi?

2. Eru slík fyrirtæki háð eftirliti, t. d. samsvarandi bankaeftirliti?

3. Ef slík lánastarfsemi er óháð lögum, hyggst þá viðskrn. beita sér fyrir lagasetningu, sem tekur til slíkrar starfsemi og tryggir eftirlit með henni?"

Fsp. þarfnast ekki mikilla skýringa. Fyrir allnokkru birtust fréttir um að starfsemi þessi væri að hefjast hér á landi, og vöktu þær mismikla hrifningu. Telja margir að hér sé á ferðinni enn ein leið til verðbólgumyndunar, þar sem þjónusta þessi byggist á að menn kaupi vörur sem greiða má seinna. Eins og menn munu vita verður unnt að taka út vörur fyrir allt að 200 þús. kr. eða meira, ef samkomulag næst, gegn framvísun plastkorta þessara, sem Kreditkort hf. gefa út í samvinnu við alþjóðafyrirtækið Eurocard, sem sagt er að sé eitt hið stærsta sinnar tegundar í heiminum. Tekið er þó fram, að ekki sé unnt að nota kort þessi erlendis þar sem gjaldeyrisreglur hér í landi leyfi það ekki, en þó er talað um að nýleg rýmkun á gjaldeyrisreglum geti undir vissum kringumstæðum leyft notkun kortanna erlendis og verði frekari rýmkun, segir í frétt, geti Íslendingar brátt verslað með alþjóðlegum lánakortum frá Eurocard. Mánaðarlega munu svo menn fá senda heim gíróseðla og skulu þeir þá greiða úttekt sína að frádregnum 10% af úttektarheimild viðkomandi korthafa, en ætlast er til að þá upphæð greiði korthafinn inn á viðskiptin 15 dögum eftir fyrsta úttektardag. Forsvarsmenn fyrirtækisins leggja á það áherslu, að hér sé ekki um eiginlega lánastarfsemi að ræða, heldur fyrst og fremst innheimtustarfsemi. Standi korthafinn í skilum er kostnaður hans aðeins gjald sem greiðist í upphafi hvers gildistímabils kortsins.

Hvað sem um það má segja er hér augljóslega um að ræða nýja tegund auglýsinga á vörum, þar sem fréttabréf verða gefin út og viðskiptavinum tilkynnt hvaða fyrirtæki hafa tekið upp þessi viðskipti og hvaða vörur eru á boðstólum hjá þeim. Menn hljóta að spyrja, hvort þörf sé á

þessari þjónustu hér á landi sem bætir enn við skrifstofubáknið í landinu. Upphaflega mun þetta hafa skotið upp kollinum í stórborgum heimsins, þar sem menn þora ekki að ganga með peninga í fórum sínum af ótta við glæpi. Ég hygg að hv. deildarþm. viti einnig mætavel um þau vanskilamál sem dómarar landsins fást við hundruðum saman ár hvert, svo sem vanskil á víxlum, afborgunum og öðru slíku. Varla væri að undra þó eitthvað því til viðbótar kæmi með lánakortakerfinu, enda hefur það sýnt sig, t. d. í Bandaríkjunum, þar sem starfsemi þessi hefur náð gífurlegri útbreiðslu, að mikil brögð eru að vanskilum, og sömu sögu er að segja í Svíþjóð. Er því svo komið nú, að upp hafa risið ráðgjafaskrifstofur hundruðum saman fyrir fólk sem lent hefur í alvarlegum erfiðleikum vegna óviðráðanlegra skulda. Í erlendum ritum má lesa langar greinar um áhyggjur manna af þessari starfsemi, sem margir telja að geri meiri skaða en gagn. Og það er dálítið erfitt að sjá að starfsemi sem þessi dragi úr verðbólgu sem núv. ríkisstj., eins og margir fyrirrennarar hennar hafa tekið að sér að berjast gegn.

Ég skal ekki hafa þessi orð lengri í bili, en vænti svars hæstv. viðskrh.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. hefur borið fram fsp. til mín í þremur liðum.

1. liður fsp. er svo hljóðandi: „Þarf að leita leyfis stjórnvalda til stofnunar lánakortafyrirtækis hér á landi?"

Ekki þarf að leita leyfis stjórnvalda til stofnunar slíks fyrirtækis. Sé slíkt fyrirtæki stofnað í formi hlutafélags fylgist hlutafélagaskrá með því að við stofnun félagsins sé gætt ákvæða nýju hlutafélagalaganna nr. 32 12. maí 1978, um skilyrði fyrir skrásetningu félagsins. Í þessum lögum, sem tóku gildi, að því er ég hygg, um áramót, eru allítarleg ákvæði um skrásetningu hlutafélaga, og viðskrn., sem á að annast þá skrásetningu, er nú að fjalla um það með hverjum hætti verði best fyrir komið framkvæmd þeirrar skrásetningar sem nýju hlutafélagalögin segja fyrir um.

2. liður fsp. er á þessa leið: „Eru slík fyrirtæki háð eftirliti, t. d. samsvarandi bankaeftirliti?"

Viðskrn. sendi fsp. til umsagnar Seðlabankans og fékk umsögn hans um það, hvernig viðskipti í formi kreditkorta samrýmist lögum um banka og lánastarfsemi. Svarið verður á þessa leið:

Lánakortafyrirtæki er ekki samkv. núgildandi lögum og reglum háð eftirliti sem samsvarar bankaeftirliti. Hins vegar er ljóst að ýmis lög mundu taka til slíks fyrirtækis sem og annarra fyrirtækja, t. d. hlutafélagalög og skattalög, og hafa mismunandi stjórnvöld eftirlit með því, að farið sé að ákvæðum slíkra laga. Hlutafélagaskrá mundi t. d. hafa eftirlit með því að fjórðungur hlutafjár væri greiddur, áður en félagið yrði skráð, og afgangur hlutafjár í síðasta lagi innan þriggja ára frá skrásetningu félagsins. Þá yrðu lánakortafyrirtæki að fara eftir ákvörðun Seðlabanka Íslands varðandi vexti og annað endurgjald fyrir umlíðun skuldar, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, og lög nr. 58 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Svo sem aðrir aðilar í þjóðfélaginu verða þau að sjálfsögðu að fara að þessum lögum.

Þriðja atriðið, sem spurt er um, er á þessa leið: „Ef slík lánastarfsemi er óháð lögum, hyggst þá viðskrn. beita sér fyrir lagasetningu, sem tekur til slíkrar starfsemi og tryggir eftirlit með henni?"

Viðskrn. hefur gert ráðstafanir til að afla upplýsinga um lög og reglur um lánakortafyrirtæki í nokkrum nágrannalöndum okkar og mun taka afstöðu til þess, hvort setja þurfi sérstök lög eða reglur hérlendis í ljósi þeirra upplýsinga, sem berast, og reynslunnar af lánakortastarfseminni hér í landinu. Kann vel að vera að það verði talið nauðsynlegt að setja lög um slíka starfsemi sem þessa. Á þessu stigi málsins get ég ekki tjáð mig frekar um þetta, þar sem ég hef ekki tiltækar nauðsynlegar upplýsingar, sem þurfa að vera fyrir hendi þegar á að meta hvort það þurfi eða sé æskilegt að setja sérstaka löggjöf um slíka starfsemi sem þessa.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Af því að þetta mál kom upp í viðskrh.-tíð minni þykir mér rétt að leggja hér nokkur orð í belg.

Hæstv. viðskrh. hefur nú svarað fsp. formlega, en þetta mál kom til íhugunar strax á sama tíma og Kreditkort tóku til starfa. Þá gerði ég ráðstafanir til þess að leita upplýsinga erlendis um viðskiptahætti af þessu tagi. Meginniðurstaðan úr þeirri upplýsingaöflun varð sú, að þetta væri tiltölulega lítið bundið af lögum eða reglugerðum í grannlöndum okkar, þeim sem upplýsinga var leitað hjá. Virtist meginlínan vera sú, að að svo miklu leyti sem lög eða reglugerðir væru um þetta efni stefndu þau fyrst og fremst að því að vernda hagsmuni þeirra, sem kortin bæru, gagnvart stuldi á kortunum.

Í annan stað gerði ég ráðstafanir til þess að fá umsögn bankaeftirlitsins um það, hvert væri álit þess og Seðlabankans á því máli, hvort starfsemi af þessu tagi samræmdist lögum um bankastarfsemi. Ég trúi að þau svör, sem bárust, séu í fórum viðskrn., og þau svör, sem viðskrh. gaf hér áðan, séu í samræmi við þá umsögn, sem barst frá Seðlabankanum eða bankaeftirlitinu varðandi þetta efni.

Ég held að það sé þrennt sem menn þurfa kannske sérstaklega að íhuga í sambandi við viðskipti af þessu tagi. Auðvitað getur stuldur korta orðið áhyggjuefni. Er þá hægt að styðjast við erlenda reynslu til þess að tryggja hagsmuni þeirra sem kortanna hafa aflað, og ætti að vera hægt að girða fyrir það á bærilegan hátt.

Annað atriðið er spurningin um það, hvort fyrirtæki, sem rekur starfsemi af þessu tagi, sé nægilega traust. Það, sem við þurfum þá að íhuga, eru hagsmunir þeirra verslunarfyrirtækja sem stofna til viðskipta á hinum endanum við fyrirtækið, leyfa skuldfærslu við sig. Ef fyrirtæki þetta er ótraust, þá gæti það komið ýmsum verslunarfyrirtækjum og framleiðslufyrirtækjum illa ef fyrirtæki af þessu tagi „rúllaði", eins og sagt er, og það gæti auðvitað haft mjög slæmar afleiðingar í þjóðfélaginu.

Í þriðja lagi eru það svo þær áhyggjur sem hv. 8. landsk. fjallaði allítarlega um í máli sínu, nefnilega sú hætta að fólk stofni til óheyrilegra skulda þegar lánsfé fæst með greiðum hætti eftir þessari leið. Af þessu hafa menn greinilega ekki haft verulegar áhyggjur í grannlöndum okkar, en ég tel að miðað við þær aðstæður, sem ríkt hafa í íslensku þjóðfélagi, þar sem hefur verið lánsfjárskömmtun, en jafnframt lánsfjáreftirsókn, því að það hefur nánast verið úthlutun á niðurgreiddu fé að geta fengið lán, þá hljóti að vera ástæða til þess í sambandi við hugsanlega reglugerðarsetningu að líta sérstaklega til þess, hvort einhverjar takmarkanir þurfi að vera hér á landi að þessu leytinu vegna þeirra aðstæðna sem við

búum við hér í þjóðfélaginu.

Ég vildi einungis beina þessum þremur meginatriðum til hæstv. viðskrh., þegar hann nú heldur áfram að fjalla um þetta mál.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. og fyrrv. viðskrh. fyrir upplýsingar þeirra. Ég vil hins vegar ítreka að það er augljóst að hægt er að stofna til fjármálafyrirgreiðslu af ýmsu tagi hér í landi án leyfis yfirvalda og óháð þeirra eftirliti. Ég vil minna á að fyrir örstuttu beitti þáv. dómsmrh., hv. þm. Vilmundur Gylfason, sér fyrir því, að Rannsóknarlögregla ríkisins rannsakaði starfsemi leigumiðlunar einnar hér í bæ, sem jafnframt hafði stundað atvinnumiðlun, og hafði fyrirtækið velt stórfé án þess að raunverulega nokkur hefði eftirlit með því hvort viðskiptavinir töpuðu þar fé.

Mér er svo sem ekki kunnugt um hvort þeirri rannsókn er lokið, enda skiptir hún ekki máli í þessu sambandi. Mergurinn málsins hér er sá, að ég tel að engin raunveruleg ástæða sé til þess að auka á fjölbreytni slíkrar fjármálaþjónustu. Ég held að það sé ekki minnsta ástæða til þess að taka upp nýja fyrirgreiðslu af þessu tagi. Ég tel að kaupmenn landsins séu fullfærir um að taka við þeim peningum, sem fólk á til þess að kaupa fyrir, og sem betur fer er ekki svo komið að við getum ekki gengið hér á milli húsa með einhverja fjármuni á okkur án þess að eiga á hættu líkamsárásir og meiðingar. Fyrir venjulega íslenska borgara er það foraðsfen, sem heitir íslenskt fjármálalíf, að verða óþolandi. Það er auðvitað árangur þess verðbólguástands, sem við höfum búið við um áratugi, að fólk treystir ekki lengur og trúir ekki á peningana sína, heldur flýtir sér að koma þeim í fasta hluti og jafnvel áður en það á þessa peninga til. Ég er satt að segja hrædd við að fara að búa til nýtt kerfi til þess að hjálpa fólki að kaupa meira en það hefur efni á. Og þó að þetta þrífist annars staðar og einkum og sér í lagi þar sem það liggur fyrir að þetta þrífst mjög illa, — nýlega las ég í tímariti, sem fjallar um verslunarmál, grein um þetta fyrirbæri, þar sem það var kallað „verra en eiturlyf", þá held ég að við ættum að forðast í lengstu lög að bæta slíkri plágu við það sem við höfum þegar af slíku.

Í sömu grein var talað um að um svipað leyti og þessi kort tóku að ná almennri útbreiðslu jukust sakamál, sem fjölluðu um peningavanskil af öllu tagi, um 83% í Svíþjóð. Ég tel að við höfum alveg nóg á okkar könnu í þeim efnum þó að ekki sé farið að bæta við það, og ég vil skora á viðskiptayfirvöld í landinu og hæstv. viðskrh. að kanna mjög vel, hvort einhver fengur er að þessu, og setja lög um slíkt. Ég held að það fari smávegis hrollur niður eftir bakinu á velflestum Íslendingum þegar farið er að tala hér um hlutafélagalög. Það mætti kannske byrja á að athuga þau eitthvað. En ég held að það sé lítil ástæða til þess að bæta við nýrri tegund af slíku og nær að snúa sér þá frekar að því að búa til ný og marktæk lög um hlutafélög, sem raunverulega er hægt að fóta sig á og vinna eftir, í stað þess að fara að eyða mikilli orku í að lögfesta þetta, nema þá til þess eins að koma í veg fyrir að lánakort nái nokkurri útbreiðslu hér.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm., að sá hugsunarháttur er allt of mikið ríkjandi hér í landinu að fólk vilji ráðstafa peningum og fjármunum áður en það hefur þá í hendi. Það hefur kannske ekki verið örgrannt um að Alþingi sé alsaklaust af þessu. Nei, þessi hugsunarháttur nær nú e. t. v. til Alþingis.

Ég vildi aðeins bæta við það sem ég sagði hér áður, að ég mun halda áfram að athuga þessi mál vandlega og að þeirri athugun lokinni taka ákvarðanir um það, hvort ég tel ástæðu til þess að semja um þau lagafrv. og leggja fyrir Alþingi.

Sölustofnun lagmetis, fsp. (þskj. 109). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Um árarаðir hefur það verið umræðuefni viðs vegar hér á landi, að nauðsyn bæri til og miklir möguleikar væru á að efla útflutning íslensks lagmetis og styrkja þannig atvinnugrundvöll landsmanna og markaðsstöðu þeirra erlendis. Þrátt fyrir mikla umræðu og ákveðnar yfirlýsingar um fyrirheit á þessu sviði, þá virðist þróunin á síðari árum og þó sérstaklega nú á síðustu mánuðum og misserum stefna í þveröfuga átt, að útflutningsstarfsemi á sviði lagmetisiðnaðar sé í stórfelldri hættu, bæði vegna þróunar þeirrar meginstofnunar, sem þessu hefur sinnt, og eins vegna síaukinna frétta um gallaðar vörur og aðra meinbugi á framleiðslu þessari, sem stefnir markaðsstyrkleika okkar erlendis í stórfellda hættu.

Undanfarna mánuði hafa borist fréttir um hvert áfallið á fætur öðru sem stefnir tilveru Sölustofnunar lagmetis, að því er virðist, í stórfellda hættu og vekur jafnframt mjög alvarlegar spurningar um framtíð markaða Íslendinga erlendis fyrir útflutt lagmeti. Meðal þessara áfalla, sem fréttir hafa borist af á síðustu vikum og mánuðum, má nefna nokkur atriði.

T. d. hafa stjórnvöld eða fulltrúar þeirra tekið ákvörðun um að eitt af þremur stærstu fyrirtækjunum í Sölustofnun lagmetis, Norðurstjarnan í Hafnarfirði, gangi út úr því fyrirtæki. Virðast stjórnvöld á þann hátt taka sig sérstaklega fram um að skerða rekstrargrundvöll og möguleika fyrirtækisins.

Í öðru lagi er ljóst, að annað af þremur stærstu fyrirtækjunum ásamt Norðurstjörnunni í þessari sölustofnun, K. Jónsson & Co. á Akureyri, hefur lent í mjög margvíslegum erfiðleikum og fjölþættir gallar komið fram á framleiðslu fyrirtækisins. Rætt hefur verið um það oftar en einu sinni á opinberum vettvangi á undanförnum vikum, að e. t. v. þurfi að selja fyrirtækið.

Í þriðja lagi hefur stjórnarformaður fyrirtækisins, hv. þm. Lárus Jónsson, að því er fréttir segja, neitað beiðni iðnrn. um að segja af sér formennsku, en tekið sér hins vegar leyfi til vors, en framkvæmdastjóri fyrirtækisins hins vegar sagt upp störfum.

Til viðbótar má nefna, að söluskrifstofa Sölustofnunar lagmetis í New York hefur verið lögð niður, en starfandi formaður í fyrirtækinu getur þess hins vegar í blaðaviðtali, að sá sem rekið hafi skrifstofuna, sé reiðubúinn að stofna eigið fyrirtæki og taka að sér þá starfsemi sem söluskrifstofan hafi haft. Vekur það satt að segja ýmsar spurningar um að sá maður, sem staðið hefur þannig að rekstri skrifstofunnar að það hafi orðið að leggja hana niður, lýsir sig hins vegar reiðubúinn til þess að reka hana fyrir eigin reikning.

Til viðbótar þessu má nefna að fjölþættar fréttir hafa borist um gallaðar vörusendingar. Á undanförnum vikum hafa verið fréttir um margvíslegt tjón vegna

skemmda á útflutningi gaffalbita til Sovétríkjanna, á útflutningi rækju til Vestur-Þýskalands, á útflutningi kavíars til Frakklands, þar sem m. a. er fullyrt að 2000 kassar af skemmdum kavíar liggi í Frakklandi. Einnig hefur verið fullyrt um mjög gallaða vöru í Tékkóslóvakíu og Ástralíu. Og nú síðast hefur viðskiptafulltrúi íslenska ríkisins í Bandaríkjunum látið frá sér fara mjög alvarlegar ásakanir um gallaðar vörusendingar og lélega útflutningsstarfsemi Íslendinga á Bandaríkjamarkaði.

Það virðist, ef þessar fréttir eru allar saman réttar, að það sé ekki bara í einu landi, heldur sé það í fjölmörgum löndum: Bandaríkjunum, Sovétríkjunum, Vestur-Þýskalandi, Frakklandi, Tékkóslóvakíu, Ástralíu og jafnvel víðar, sem markaðir fyrir útflutning á íslensku lagmeti séu í stórfelldri hættu vegna lélegs eftirlits, lélegs gæðamats og ýmissa annarra ágalla sem virðast vera á þessari mjög nauðsynlegu útflutningsstarfsemi.

Það mætti nefna fjölmargt annað sem hefur verið að gerast í málefnum lagmetisiðnaðarins á síðustu vikum og mánuðum og vekur mjög alvarlegar spurningar um hvert stefni í þessum efnum og hvort Íslendingar standi frammi fyrir því, að öll þau miklu fyrirheit, sem sett voru fram um þróun lagmetisiðnaðar í landinu og útflutningsstarfsemi á þessu sviði, séu e. t. v. að enda í niðurlagningu þeirrar stofnunar sem átti að sinna þessari þróun, á sama tíma og fjölmörg önnur fyrirtæki í landinu, sem gjarnan vilja starfa að þessum málum, hafa ekki svigrúm til þess að sinna þeim sem skyldi, m. a. vegna þeirra lagaákvæða, sem gilda um Sölustofnun lagmetis og meina ýmsum öðrum fyrirtækjum að stunda útflutningsstarfsemi til þeirra landssvæða, þar sem ríkið eða ríkisstofnanir annast kaupin.

Til þess að afla upplýsinga um það, hvað hér hefur í raun og veru verið að gerast, og fá þannig grundvöll fyrir raunhæfar umr. um málefni þessarar stofnunar og lagmetisiðnaðarins í heild hef ég á þskj. 109 borið fram 9 fyrirspurnir til hæstv. iðnrh., þar sem m. a. er spurt: Hvaða ástæður lágu til þess, að Norðurstjarnan í Hafnarfirði hefur ákveðið að segja sig úr Sölustofnun lagmetis, og hverjir tóku þá ákvörðun? Hversu miklu fjármagni hefur verið varið til markaðsöflunar og sölustarfsemi á vegum Sölustofnunar lagmetis frá upphafi? Hver var kostnaður vegna söluskrifstofu Sölustofnunarinnar í New York og hversu mikið var greitt úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins til þessarar starfsemi? Hverjar voru skuldir þessarar sömu skrifstofu þegar henni var lokað og hvernig verða þær greiddar? Hver var kostnaður af starfsemi Sölustofnunar lagmetis á árinu 1979 og tekjur stofnunarinnar það ár og hver er fjárhagsstaða hennar nú? Hverjar hafa verið tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins þau ár sem hann hefur starfað, hvernig greinast þær eftir útflutningsþáttum og hvernig hefur sjóðseign verið ráðstafað eftir árum? Hvers vegna hafa lagmetisiðjur, sem ekki eru í Sölustofnun lagmetis, ekki haft möguleika á að njóta styrks úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins? Og svo að lokum: Hvert var heildartjón aðildar verksmiðja Sölustofnunar lagmetis vegna gallaðra vörusendinga á tímabilinu 1978—1979 og hvernig hafa greiðslur slíkra skaðabótakrafna verið fjármagnaðar og hve margar kvartanir hafa borist um gallaðar vörusendingar á tímabilinu 1977—1979 og frá hverjum hafa þær borist.

Ég vænti þess, að svör hæstv. ráðh. verði þess eðlis, að þau auðveldi Alþingi og stjórnvöldum nánari umræður og ákvarðanatöku um þau þáttaskil sem tvímælalaust þurfa að verða í málefnum útflutnings á íslensku lagmeti.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Sú fsp., sem hér er fram borin, hefur legið alllengi fyrir þinginu án þess að hún kæmi hér á dagskrá. Hún kom fram í tíð fyrrv. ríkisstj. og fyrrv. iðnrh. En jafnskylt er að svara henni nú, og ég vænti þess, þó að svarið hafi verið tekið saman fyrir allnokkru, að það sé í fullu gildi í meginatriðum. Ég hef raunar litið yfir það með tilliti til þess sem verið hefur að gerast í þessum efnum nú undanfarnar vikur, þó að það sé ekki margt frásagnarvert á þessu stigi. Aðstoð við svör við þessum fsp. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar veitti m. a. Sölustofnun lagmetis, en sölustofnunin er sem kunnugt er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, eins og kveðið er á um í lögum. Stofnaðilar hennar eru íslenska ríkið og atvinnurekendur í niðursuðu- og niðurlagningariðnaði. Það má segja, að viss atriði í fsp. sem slíkum varði efnislega aðildarverksmiðjurnar sjálfar, en þó er ekki um að ræða að það hindri svör við þeim efnisatriðum sem hér eru fram komin. En ég tel eðlilegt að við umr. um þessi mál og athugun þeirra átti menn sig á því, að hér er um sölusamtök sjálfstæðra fyrirtækja að ræða sem eiga þarna hlut að máli með íslenska ríkinu.

Ég mun þá svara þeim fsp. sem hér liggja fyrir, og þá 1. fsp., sem er þannig: „Hvaða ástæður lágu til þess, að Norðurstjarnan í Hafnarfirði hefur ákveðið að segja sig úr Sölustofnun lagmetis, og hverjir tóku þá ákvörðun?“

Svarið er þannig: Í bréfi Norðurstjörnunnar hf., dags. 28. des. 1979, segir stjórn fyrirtækisins upp aðild sinni að Sölustofnun lagmetis sökum óvissu um skipan markaðsmála á Bandaríkjamarkaði. Stjórn Sölustofnunar lagmetis fjallaði um efni bréfsins á fundi sínum 7. jan. s. l. og var Norðurstjörnunni hf. ritað bréf 8. jan. og gerð grein fyrir sjónarmiðum stjórnar stofnunarinnar. Af umr. þeim, sem fram hafa farið um málefni Sölustofnunar lagmetis og samskipti Sölustofnunar lagmetis og Norðurstjörnunnar hf., er það staðföst skoðun forráðamanna Sölustofnunar lagmetis, að eigi muni koma til raunverulegrar úrsagnar árið 1981 og Norðurstjarnan hf. verði með traustari aðildarfélögum samtakanna. Fram undan er lokasamningagerð af hálfu Sölustofnunar lagmetis í Bandaríkjunum um sölu á léttreyktum síldarflökum, Kipper snacks, sem er meginframleiðslutegund Norðurstjörnunnar hf. Þar með er stefnt að því að fullnýta framleiðslugetu Norðurstjörnunnar þetta árið og lagður frekari grundvöllur að sölu ársins 1981. Á undanförnum vikum hafa þessi mál verið til meðferðar á vegum Sölustofnunar lagmetis og það, sem þar hefur gerst, m. a. varðandi þá söluskrifstofu sem vikið er að síðar í þessari fsp., ætti frekar að leiða til þess en ekki, að Norðurstjarnan verði áfram aðili að Sölustofnun lagmetis eins og vænst er af stjórn Sölustofnunarinnar.

2. fsp. er þannig: „Hversu miklu fjármagni hefur verið varið til markaðsöflunar og sölustarfsemi á vegum Sölustofnunar lagmetis frá upphafi?“

Svarið við fsp. er þannig: Til starfsemi Sölustofnunar lagmetis hefur hið opinbera varið tæpum 120 millj. kr. í samræmi við lög nr. 48/1972. Samkv. þeim skyldi varið í 5 ár, tímabilið 1973—1977, 25 millj. kr. á ári til uppbyggingar starfsemi Sölustofnunar lagmetis. Tekjur stofnunarinnar af eigin starfsemi nema 315 millj. kr. frá upphafi, en heildarkostnaður af sölu- og markaðsstarf-

semi, innkaupaþjónustu o. fl. 442 millj. kr.

3. fsp.: „Hver var kostnaður vegna söluskrifstofu Sölustofnunar lagmetis í New York og hversu mikið var greitt úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins til þessarar starfsemi?“

Svar: Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur staðið straum af öllum kostnaði vegna söluskrifstofu Sölustofnunar lagmetis í New York, Iceland Waters Industries Ltd. Ákvörðun um stofnun söluskrifstofunnar var tekin í byrjun árs 1976 og raunveruleg starfsemi hafin á miðju því ári. Hér var um að ræða markaðsátak til þriggja ára, er síðan var framlengt um eitt ár, og skyldi varið til þess talsverðu fé úr Þróunarsjóði samkv. sérstakri áætlun. Samkv. þeirri áætlun var gert ráð fyrir að fyritækið næði svo mikilli veltu 1979 að það stæði undir eigin kostnaði. Með starfsemi Iceland Waters Industries Ltd. fengust mikilvægar upplýsingar um Bandaríkjamarkaðinn. Sett var upp umboðsmanna- og dreifikerfi fyrir sölu á vörumerki Sölustofnunar lagmetis, Iceland Waters, og ný sambönd við einkamerkisfyrirtæki náðust. Þrátt fyrir þann ávinning tókst ekki að ná fullnægjandi veltu og tók stjórn Sölustofnunar lagmetis ákvörðun um það á miðju ári 1979 að loka söluskrifstofunni í lok síðasta árs. Heildarvelta fyrirtækisins frá upphafi til ársloka 1979 er tæpar 3 millj. dollara, en rekstrarhalli, sem að stórum hluta ætti frekar að kallast stofnkostnaður, áætlast sama tíma bil tæpir 400 þús. dollarar. Þetta stofnkostnaðarfé hefur verið yfirfært úr Þróunarsjóði eftir þörfum og þá á mismunandi gengi. Nú standa yfir samningaviðræður um að nýta þá viðskiptalegu hagsmuni, er unnist hafa með rekstri söluskrifstofu Sölustofnunar lagmetis.

Um er að ræða að tryggja, að við haldist sölusambönd, umboðsmannakerfi og fleiri markaðsatriði, með samstarfssamningi án beinnar fjárhagslegrar áhættu fyrir Sölustofnun lagmetis. Ég get bætt því við, að ég hef fengið munnlegar upplýsingar nú nýverið frá stjórnarformanni Sölustofnunar lagmetis, Heimi Hannessyni lögmanni, um það, að frá þessum samningum hafi nú verið gengið og að hans mati á viðunandi hátt.

4. fsp.: „Hverjar voru skuldir söluskrifstofu Sölustofnunar lagmetis í New York, þegar henni var lokað, og hvernig verða þær greiddar?“

Svar: Endanlegt uppgjör 31. des. 1979 fyrir Iceland Waters Industries Ltd. liggur ekki fyrir, en samkv. bráðabirgðatölum er óyfirfært frá Íslandi af rekstrarhalla 60 þús. dollarar, sem er þá skuld fyrirtækisins um áramótin og verður gerð upp á þessu ári.

5. fsp.: „Hver var kostnaður af starfsemi Sölustofnunar lagmetis á árinu 1979 og tekjur stofnunarinnar það ár og hver er fjárhagsstaða hennar nú?“

Svar: Samkv. bráðabirgðatölum voru heildargjöld Sölustofnunar lagmetis 128 millj. kr., en tekjur 111 millj. kr., þannig að áætlað rekstrartap er 17 millj. kr. fyrir árið 1979. Greiðslufjárstaða er lakari en æskilegt er, og mun eiginfjárstaða fyrirtækisins væntanlega vera neikvæð um 7 millj. kr í lok árs 1979. Eiginfjárstaða Þróunarsjóðs í lok sama tímabils er hins vegar mun betri eða 250 millj. kr.

6. fsp.: „Hverjar hafa verið tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins þau ár sem hann hefur starfað, hvernig greinast þær eftir útflutningsþáttum og hvernig hefur sjóðseign verið ráðstafað eftir árum?“

Svar: Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins starfar samkv. áðurnefndum lögum og er hlutverk sjóðsins að efla lagmetisiðnaðinn, m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu iðnaðarins, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur haft tekjur af útflutningsgjöldum saltaðra grásleppuhrogna og útflutningsgjöldum lagmetis, og átti sú ráðstöfun að gilda hið sama 5 ára tímabil og ríkisstyrks naut við. Lögin voru síðan framlengd um 3 ár, ákvæði um ríkisstyrk voru ekki framlengd en Þróunarsjóði tryggðar tekjur í 3 ár til viðbótar.

Samkv. hinum endurskoðuðu lögum hefur Þróunarsjóður tekjur af þrennu:

1) 1% útflutningsgjald af lagmeti.

2) 2% útflutningsgjald af söltuðum grásleppuhrognum.

3) 3% útflutningsgjald af frystum og söltuðum matarhrognum.

Tekjur Þróunarsjóðs til ársloka 1979 hafa verið sem hér segir: Lagmeti 84 millj. 362 þús. kr. Er það 25% af tekjum sjóðsins. Söltuð grásleppuhrogn 200 millj. 677 þús. kr. Eru það 58% af tekjum. Þorskhrogn og matarhrogn 57 millj. 840 þús. kr. eða 17% af tekjum sjóðsins. Samtals eru þetta tekjur sem nema 342 millj. 879 þús. kr.

Fyrsta heila starfsár Þróunarsjóðsins, þ. e. árið 1973, fór að miklu leyti í það að fá yfirsýn yfir brýnustu verkefnin og skipuleggja framkvæmd þeirra. Helsta verkefni sjóðsins til þessa hefur verið vöruþróun. Þá hefur sjóðurinn einnig annast hönnun umbúða, merktra sameiginlegu vörumerki samtakanna, svo og gerð margvíslegs kynningarefnis. Hann hefur styrkt verksmiðjur til ýmiss konar tilraunastarfs, veitt fé til hagræðingarathugana, upplýsingasöfnunar og ýmislegs er iðnaðinn varðar. Þá veitti hann fé til stofnunar söluskrifstofu í Bandaríkjunum sem áður greinir. Sjóðurinn hefur greitt laun sérmenntaðra starfsmanna sinna.

Erfitt er að meta árangurinn af því starfi sem þegar hefur verið unnið á vegum sjóðsins, enda eru þróunarverkefni oft vanþakklátt verk þar sem árangurinn er vandmetinn og kemur að jafnaði ekki strax í ljós. Íslendingar verja tiltölulega minna fé til slíkra rannsóknarstarfa en nágrannar þeirra.

Ráðstöfun tekna Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins árin 1972—1979 hefur verið sem hér greinir í eftirtalin verkefni:

1) Tímabundin markaðsverkefni 22 millj. 77 þús. kr., til söluskrifstofu í Bandaríkjunum 71 millj. 983 þús. Samtals í markaðsverkefni 94 millj. 60 þús. kr.

2) Þróun nýrra vörutegunda að upphæð 28 millj. 783 þús. kr.

3) Hönnun nýrra umbúða og gerð vörumerkis 13 millj. 567 þús. kr.

4) Styrkir til framleiðenda 9 millj. 250 þús. kr., ráðgjöf og hagræðingarverkefni 3 millj. 374 þús. kr. Samtals í slík verkefni 12 millj. 621 þús. kr.

5) Laun sérmenntaðs starfsfólks að upphæð 36 millj. 935 þús. kr., skrifstofu- og stjórnarkostnaður 10 millj. 384 þús. kr. Samtals í slík verkefni 47 millj. 319 þús. kr.

Útgjöld eru því samtals 196 millj. 350 þús.

7. fsp.: „Hvers vegna hafa lagmetisiðjur, sem ekki eru í Sölustofnun lagmetis, ekki haft möguleika á að njóta styrks úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins?“

Svar: Samkv. upphaflegri reglugerð Þróunarsjóðs frá 27. apríl 1973 má einungis veita fjárframlög til aðila

Sölustofnunar lagmetis, en hins vegar hefur aldrei á það reynt að aðilar utan samtakanna hafi sótt um styrk. Telja verður að það samræmist fullkomlega markmiðum sölusamtakanna að hafa slík ákvæði í reglugerð Þróunarsjóðs, enda hvetur það nýjar verksmiðjur til þátttöku í samtökunum. Jafnljóst er og, að ef um er að ræða hagsmunamál iðnaðarins í heild, stæði ekki á stuðningi Þróunarsjóðs, hverjir svo sem aðstandendur styrkumsóknar væru.

8. og 9. fsp. verður svarað í sameiningu, en þær eru svo hljóðandi: „Hvert var heildartjón aðildarverksmiðja Sölustofnunar lagmetis vegna gallaðra vörusendinga á tímabilinu 1978—1979 og hvernig hafa greiðslur slíkra skaðabótakrafna verið fjármagnaðar?“ — Hve margar kvartanir hafa borist um gallaðar vörusendingar á tímabilinu 1977—1979 og frá hverjum hafa þær borist?“

Svör: Ekki er kleift að gefa yfirlit yfir fjölda kvartana eða heildartjón aðildarverksmiðja Sölustofnunar lagmetis 1978—1979. Til þess telur Sölustofnun lagmetis sig hafa mjög takmarkaða aðstöðu og erhér um að ræða mál er varðar hvert einstakt fyrirtæki þó það snerti heildarhagsmuni. Hvert einstakt fyrirtæki ber fjárhagslega ábyrgð framleiðslu sinnar. Almennt orðað hafa kvartanir þær, sem upp hafa komið á árinu, ekki verið margar né stórar og málin leystst á fullkomlega viðskiptalegan hátt hverju sinni fyrir báða aðila.

Eina stóra vandamálið, sem upp hefur komið, er kvörtun frá Sovétríkjunum vegna gaffalbita í upphafi árs 1979. Það mál var leyst með beinum samningum framleiðenda og seljanda annars vegar og kaupanda hins vegar. Setti framleiðandinn að fullu á sinn reikning þann kostnað, 130 millj. kr., er kaupandinn taldi sig hafa orðið fyrir, og á það raunar einnig við um öll hin smærri tilfelli. Því er við að bæta, að varðandi Lagmetisiðjuna Siglósíld á Siglufirði, sem er ríkisfyrirtæki og varð fyrir hnekki af völdum þessa tjónamáls frá umræddu fyrirtæki á Akureyri, þá var um það tekin ákvörðun að bæta þeirri verksmiðju það beina tjón sem hún hafði orðið fyrir. Tengist það mál fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár.

Í árslok 1979 kom kvörtun frá umboðsmanni Sölustofnunar lagmetis í Þýskalandi varðandi niðursoðna rækju. Taldi umboðsmaðurinn gæði vörunnar ekki vera samkv. samningum eða gæðin a. m. k. umdeilanleg. Samningar um það efni eru nú á lokastigi, en ljóst er að beint markaðstjón hefur ekki orðið að mati viðkomandi fyrirtækis.

Óhöpp og tjón, sem lagmetisiðnaðurinn hefur orðið fyrir á undanförnum árum og fyrirspyrjandi vék hér að, hafa vissulega dregið verulega úr bjartsýnustu vonum um skjóta uppbyggingu þessarar iðngreinar. Erfiðleikarnir, sem við er að glíma, eru margvíslegir, smæð heimamarkaðar veitir fyrirtækjum ekki þá kjölfestu sem rennir traustum stoðum undir þessa framleiðslu hjá nágrannaþjóðum. Starfsreynsla og þekking er af skornum skammti og eftirliti hefur vissulega verið ábótavant. Iðnrn. hlutaðist til um það á s. l. ári, eftir að upp komu umrædd tjónamál varðandi gaffalbita sérstaklega, að eftirlitsmál með framleiðslunni yrðu tekin til sérstakrar meðferðar, og nú hefur í samráði við sjútvrn. og eftirlitsstofnanir fiskiðnaðarins og lagmetisiðnaðarins verið endurskoðuð reglugerð um eftirlit, framleiðslu og útflutning á lagmeti. Er sú reglugerð nú tilbúin til útgáfu og verður væntanlega birt mjög fljótlega. En opinbert eftirlit eitt nægir ekki. Auka þarf þekkingu manna við framleiðslu og koma þarf á stöðugu eftirliti í verksmiðjunum sjálfum. Hér er mikið verkefni fyrir vel menntað fólk í matvælafræðum. Fyllri vinnsla sjávarafla hefur e. t. v. aldrei verið eins brýn og einmitt nú og lagmetisiðnaðurinn kemur vissulega inn í þá mynd og þau verkefni sem þar blasa við. Til eru markaðir fyrir ýmsar þær vörutegundir sem lagmetisiðnaðurinn framleiðir. Nægir að minnast á lifur og rækju, en gæði framleiðslunnar verða að vera í fyrirrúmi. Endurskipulagning og endurbætur í lagmetisiðnaði verða að taka mið af því.

Herra forseti. Ég tel þessum fsp. svarað þó að fara mætti mörgum fleiri orðum um þetta efni og stöðu lagmetisiðnaðarins almennt. Þar er þörf á þróunarátaki, og iðnrn. mun fyrir sitt leyti vinna að því að kanna bæði vandamál og möguleika þessarar iðngreinar á næstunni.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 11. þm. Reykv., Ólafi Ragnari Grímssyni, fyrir að koma fram með þessar fsp. og hæstv. ráðh. fyrir hans prúðmannlegu svör. Satt best að segja hefur ýmislegt gengið á og ýmislegt verið sagt um sölumál lagmetis á undanförnum árum. Svo langt hefur verið gengið, að prófessor við Háskólann ásakaði þingheim um það, taldi það eitt af því sem væri miður fyrir virðingu Alþingis, að þm. þeyttust um allan heim eins og þeytispjöld til að selja gaffalbita, sem ekki er náttúrlega stafur fyrir. Enginn þm. mér vitanlega hefur tekið þátt í sölustarfsemi af slíku tagi. En svo langt hefur verið seilst til þess að koma höggi á þessa starfsemi í fjölmiðlum.

Ég varð því miður var við það, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafði ýmislegt fleira í huga en kom fram í fsp. hans þegar hann flutti hér sína framsögu fyrir þessum fsp. Í sambandi við það, að hann sagði að ég hefði sem stjórnarformaður neitað beiðni iðnrn. um að segja af mér, vil ég aðeins benda hv. þm. og þingheimi á, að ef þetta er rétt, þá væri það kannske ekki alveg rökrétt af þeim iðnrh. að skipa varaformann stjórnarformann, mann sem hefur verið í stjórn Sölustofnunar lagmetis frá stofnun og ber ekkert síður ábyrgð á stjórnarathöfnum þar heldur en við hinir sem erum í stjórninni. Í þessu sambandi vil ég taka það fram — og mér þykir gott að fá tækifæri til að segja frá því hér — að ég varð eins og aðrir þm. að sæta því að það urðu kosningar með skyndingu á s. l. hausti. Þá fékk ég leyfi stjórnarinnar til þess að vera fjarverandi um nokkurt skeið og þá var varaformaður stjórnarformaður. Í framhaldi af þessu færðust þingstörf mikið til á árinu, og eins og hv. þm. er eflaust kunnugt er ég í nokkuð erfiðum þingnefndum, m. a. fjvn., sem hafði fengið ekki færri en þrjú fjárlagafrv. til þess að fjalla um, eins og þau eru nú flókin og fyrirferðarmikil, þannig að ég fór þess á leit við fyrrv. hæstv. iðnrh. að fá formlegt leyfi frá störfum meðan þing stæði. Þannig er nú þetta mál vaxið, og ég vísa því algerlega á bug að þetta sé til komið vegna einhverra ávirðinga stjórnar eða starfsliðs Sölustofnunar lagmetis, enda, eins og ég sagði áðan, væri kannske heldur hlálegt að skipa þá varaformann í formannssæti í fjarveru minni.

Því er ekki að neita, að það hafa farið fram víða í þjóðfélaginu umr. um þá galla sem orðið hefur vart í útfluttu lagmeti að undanförnu og ábyrgð ýmissa aðila, hverjir beri ábyrgð á þessum málum. Ég fékk lögmann stofnunarinnar, sem ég vænti að þekki lög og reglur um útflutning á þessu sviði allra lögfræðinga best og hefur verið lögfræðingur stofnunarinnar frá upphafi, til þess að

gera nokkra úttekt á þessu. Hann lét okkur í stjórn Sölustofnunarinnar í té greinargerð um hugsanlega ábyrgð stjórnar Sölustofnunar lagmetis á gölluðum framleiðsluvörum, og þessi álitsgerð var send iðnrn. á sínum tíma. Ég vil, með leyfi forseta, lesa örstuttan kafla úr þessari greinargerð. Þar segir orðrétt:

„Árið 1976 var sett ítarleg reglugerð um framleiðslueftirlit og útflutning á lagmeti, nr. 221 1976. Var í reglugerðinni gert ráð fyrir auknu hráefniseftirliti á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Iðnrn. gaf út reglugerð þessa með stoð í lögum nr. 48/1972. Af einhverjum ástæðum tókst rn. ekki að koma reglugerðinni í framkvæmd og situr við svo búið enn þá, en ný reglugerð er nú nánast tilbúin til útgáfu í meginatriðum byggð á sömu hugsuninni." — Þetta er sú reglugerð sem hæstv. ráðh. vék hér að — „Í reglugerð þessari er áfram byggt á meira eftirliti framleiðanda og opinberu eftirliti, en eftirlit ekki lagt á söluaðila, eins og t. d. Sölustofnun lagmetis." Ég endurtek: „en eftirlit ekki lagt á söluaðila, eins og t. d. Sölustofnun lagmetis. Virðast allir aðilar, sem um mál þetta hafa fjallað, vera sammála um að ekki sé rétt að leggja eftirlit á söluaðilann, Sölustofnun lagmetis, heldur auka hið opinbera eftirlit og innra eftirlit. Sölustofnun lagmetis hefur ítrekað bent stjórnvöldum á þörf aukins eftirlits og ekki síst þörfina á því að koma reglugerðinni frá 1976 í framkvæmd." Síðan segir einnig orðrétt: „Niðurstaða mín er sú, að allar hugsanlegar hugleiðingar um ábyrgð stjórnar Sölustofnunar lagmetis eða starfsmanna Sölustofnunarinnar á göllum í útfluttri framleiðslu frá aðildarverksmiðjum eigi sér enga stoð. Stjórnin hefur enga lagaskyldu vanrækt á þessu sviði og jafnan reynt að hafa áhrif á rétta aðila um aukið og bætt eftirlit."

Þetta vil ég að komi hér fram, ekki síst vegna þess að svo langt hefur verið gengið á þessum sviðum að einn opinber starfsmaður réðst með mjög svo óviðurkvæmilegu orðalagi að forstöðumanni Sölustofnunar lagmetis þegar hann var að gera aths. við blaðaskrif hans nú fyrir skömmu. Og það er alveg ljóst samkv. þessu, að í raun er hér ekki um mál að ræða sem Sölustofnun lagmetis getur við ráðið. Hér verður því — ég tek undir það með hæstv. ráðh. — að efla hið opinbera eftirlit og alveg sérstaklega innra eftirlitið í verksmiðjunum sjálfum.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau svör, sem hann flutti hér og voru undirbúin, eins og hann gat um, í tíð fyrrv. iðnrh. En því er ekki að leyna, að mér hefði þótt æskilegt að svörin hefðu verið ítarlegri og nákvæmari varðandi ýmsa efnisþætti. T. d. kom ekki fram hver hefði í raun og veru tekið þá ákvörðun, að hið opinbera fyrirtæki samkv. eignarhlutdeild, Norðurstjarnan í Hafnarfirði, ákveður að segja sig úr sölustofnun lagmetis. Þótt núv. stjórnendur Sölustofnunar lagmetis meti það, að sú uppsögn muni ekki koma til framkvæmda í raun, þá er það aðeins þeirra mat. Mér finnst á engan hátt hafa verið nægilega upplýst, hvernig þessi ákvarðanataka um Norðurstjörnuna hefur átt sér stað og hverjir hafa markað þar hina opinberu stefnu.

Í öðru lagi finnst mér skorta á nákvæmari upplýsingar varðandi aðra spurninguna, um skiptingu fjármagns milli markaðsöflunar og sölustarfsemi, sem sérstaklega var spurt um. Enn fremur skortir á að svarað sé hvernig menn hyggist greiða það tap sem hefur orðið vegna söluskrifstofu stofnunarinnar í New York. Það komu upplýsingar um hver áætlaður halli væri, en ekki var upplýst hvernig eða hverjir ættu að standa straum af því að greiða hann. Í því sambandi held ég að það sé óeðlilegt, eins og reyndar kom fram síðar í svari hæstv. ráðh. að væri reyndin, að fjölmargir útflutningsaðilar á þessu sviði greiða gjald til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins, sem síðan er notaður til að fjármagna þessa söluskrifstofu sem starfar fyrst og fremst í þágu þeirra fáu fyrirtækja sem eru í Sölustofnun lagmetis, en alls ekki í þágu þeirra fjölmörgu fyrirtækja og útflutningsaðila sem greiða til sjóðsins. Það er algjörlega óeðlileg skipan og getur ekki verið til frambúðar, að fjölmargir aðilar séu knúnir til þess að greiða í Þróunarsjóð tiltekinnar útflutningsgreinar, en hafi síðan enga möguleika til að hljóta styrki og greiðslur úr sjóðnum nema þeir gangi í Sölustofnun lagmetis, sem þar að auki virðist nú vera að fækka fyrirtækjum í. Ég vil þess vegna við þetta tækifæri skora á hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því — og óska eftir upplýsingum hvort hann sé reiðubúinn til þess — að starfsemi Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins verði algjörlega endurskipulögð og þá helst á þann veg, að allir þeir aðilar, sem greiða í sjóðinn, hafi möguleika til þess að fá þaðan styrki án nokkurra frekari skilyrða en almennra skilyrða um að fjármagnið komi að notum við að efla útflutning þessara vörutegunda.

Það alvarlegasta í svörum hæstv. ráðh. fannst mér hins vegar vera það, að samkv. þeim svörum virðist enginn aðili hafa yfirlit yfir þær erlendu kvartanir sem borist hafa vegna gallaðrar framleiðslu Íslendinga á þessu sviði. Þrátt fyrir það, að hér starfar sérstök sölustofnun, og þrátt fyrir starfsemi ráðuneyta á þessu sviði og eftirlitsstofnana er enginn sem getur upplýst það, hve margar kvartanir hafi borist, hvers eðlis eða frá hverjum. Við höfum enga heildarsýn yfir það, hve alvarlega þessum málum kann að vera komið. Við búum þrátt fyrir þessi svör við það, að þær margvíslegu blaðafregnir, sem ég vék að hér í upphafi míns máls, standa eftir óhaggaðar. Þær hafa falið í sér miklu alvarlegri tíðindi um gallaða framleiðslustarfsemi á þessu sviði heldur en vikið var að í þeim svörum sem hæstv. ráðh. flutti. Ég held að það sé mjög brýnt að taka starfsemi Sölustofnunarinnar til endurskoðunar og eftirlitsstarfsemina alla, og mér er til efs að þær breytingar, sem vikið var að í svörum hæstv. ráðh., dugi.

Að lokum vil ég bæta því við, að það eru þrír þættir sem mér sýnist fyrst og fremst þurfa að taka á í þessu máli. Það er í fyrsta lagi sú endurskoðun á starfsemi Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins sem ég hef þegar vikið að. Það er í öðru lagi upplýsingastarfsemi og eftirlit með gölluðum útflutningi og yfirlit yfir þær kvartanir sem kunna að berast. Í þriðja lagi vil ég svo endurtaka það sem ég sagði í upphafi, að meðan Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er jafnveikburða og raun ber vitni sé nauðsynlegt að breyta þeim ákvæðum í lögum um stofnunina sem veita henni einkaleyfi til útflutnings á þeim markaðssvæðum þar sem ríkið eða opinberar stofnanir annast einar gerð viðskiptasamninga. Ég held að það sé óeðlilegt, miðað við núverandi aðstæður, að við bindum slíkan útflutningsrétt við stofnun af þessu tagi og þau fyrirtæki sem hana mynda. Þar til stofnunin hefur fengið sterkari sess held ég að nauðsynlegt sé að við leyfum öllum þeim, sem hafa á annað borð möguleika til þess að flytja út íslenskt lagmeti til þessara landa eða annarra, að

stunda þá útflutningsstarfsemi. Það er fullkomlega óeðlilegt að með lögum um þessa stofnun sé þannig verið að loka fyrir þessa möguleika. Ég skora því á hæstv. ráðh. að beita sér fyrir endurskoðun laganna um Sölustofnun lagmetis til þess að hægt sé að efla útflutning þessara vörutegunda án þess að erfiðleikar í starfsemi stofnunarinnar sjálfrar séu þar hindrun í vegi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála, að almennur áhugi hefur verið fyrir því á Íslandi að efla útflutning lagmetis og efla lagmetisiðnað hér á landi. Stundum hefur þetta reyndar verið kallað niðurlagning, og þegar ég hlustaði á ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar áðan fór ég auðvitað að velta því fyrir mér, hvort hér væri komið að niðurlagningu niðurlagningarinnar. En hvort sem svo er eða ekki, þá held ég að nauðsynlegt sé, þegar umr. af þessu tagi fer fram, að menn geri sér grein fyrir fáeinum grundvallaratriðum varðandi atvinnurekstur af þessu tagi. Þó að áhugi hafi verið almennur fyrir því að efla þessa atvinnugrein, þá held ég að menn megi ekki vaða þann reyk að halda að hér sé um auðvelt svið að ræða, að hér sé um auðtekinn gróða að véla, að þetta sé sérstaklega auðrötuð og ábatasamleg vaxtarleið í íslensku atvinnulífi.

Sannleikurinn er sá, að þetta er mjög erfitt rekstrarsvið. Þetta er mjög vandasöm atvinnugrein. Það er afkomulega þröngt í niðurlagningariðnaði almennt séð. Það er markaðslega erfitt fyrir Íslendinga að vera í þessari grein. Þetta hvort tveggja stafar af því, að við erum fjarri þeim stóru mörkuðum, sem um er að ræða, og tiltölulega stór hluti útflutningsverðmætisins er aðföng af öðru tagi en þau sem finnast hér innanlands. Fiskmetið sjálft er ekki nema tiltölulega lítill hluti af útflutningsverðmætinu.

Það er nauðsynlegt eða a. m. k. mjög æskilegt að vera nálægt mörkuðum, þegar svo háttar til, og ekki síður þar sem fylgjast þarf vel með smekk fólks um þá vöru sem verið er að selja.

Í þriðja lagi er þetta tæknilega vandasöm atvinnugrein og það hefur auðvitað sýnt sig í þeim dæmum, sem hér hafa verið rakin um alla þá galla sem komið hafa fram í framleiðslunni. Ég held að það sé nauðsynlegt, jafnvel þó — og kannske ekki síst vegna þess — að almennur áhugi hafi verið fyrir þessari grein, að menn átti sig á því, hversu vandratað er um þetta hlið, hversu erfið þessi grein er að þessu leyti.

Það er hárrétt, sem kom fram hjá hæstv. iðnrh., að það eru til markaðir, en þá er spurningin bæði um gæði og verð. Og það er þetta tvennt sem þarf að hafa eftirlit með. Ég held að það sé augljóst, að framleiðslueftirlitið verður að vera sífelldur þáttur í framleiðslunni sjálfri. Þáttur ríkisins er að líta eftir því, að framleiðslueftirlitið á vegum verksmiðjanna sjálfra sé í fullkomnu lagi. Hins vegar geta sölusamtök ekki starfað með fullnægjandi hætti og selt vöru nema þau sjálf hafi fullnægjandi gögn um að gæði vörunnar á hverjum tíma séu eins og til er ætlast. Þau þurfa þess vegna annaðhvort sjálf að hafa eftirlit með eftirlitinu eða fela það öðrum aðila. Annars kemur upp óbærileg staða fyrir sölusamtökin.

Um sölumálin, sem er annar meginþátturinn, held ég að það sé rétt, að ekki eigi að binda í einkaleyfi sölumál af þessu tagi, það sé vafasamt eða eigi alls ekki að vera og þess vegna sé nauðsynlegt að endurskoða það.

Þróunarmálin hljóta að verða til sífelldrar umfjöllunar, og var rakið hér áðan hvaða fjármunum hefur verið varið í þeim efnum. Meginatriðið er auðvitað hvort þeir hafa nýst í þeim verkefnum sem þeim hefur verið varið til. Um það er sjálfsagt erfitt að dæma, enda fengust engin svör um það áðan.

Ég vil að lokum bera fram eina fsp. til hæstv. iðnrh. og e. t. v. fyrrv. formanns Sölustofnunar lagmetis, um það, hvort Þróunarsjóðurinn sem slíkur hafi eignast nokkra fasteign eða uppi hafi verið áform um að Þróunarsjóðurinn gerðist fasteignareigandi hér í bæ.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Varðandi ábendingar og athugasemdir frá hv. fyrirspyrjanda vil ég segja hér nokkur orð. Hann vék að því, að ekki hefði komið fram í svörum mínum hver hefði ákveðið að Norðurstjarnan í Hafnarfirði segði sig úr Sölustofnun lagmetis. Ég skal reyna að gera betri grein fyrir þessu heldur en fólst e. t. v. í svari mínu áðan.

Sá aðili sem tók um þetta ákvörðun, var stjórn fyrirtækisins Norðurstjörnunnar hf., sem Framkvæmdasjóður er sem kunnugt er verulegur aðili að. Í bréfi, sem skrifað er Sölustofnun lagmetisiðnaðarins 28. des. s. l., segir svo orðrétt:

„Á fundi sínum í dag gerði stjórn Norðurstjörnunnar hf. svo hljóðandi samþykkt:

Í framhaldi af ákvörðun stjórnar Norðurstjörnunnar hf. 20. sept. 1979 og bréfi félagsins til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins, dags. 21. sept. 1979, og sökum þeirrar óvissu, er ríkir um skipan markaðsmála á Bandaríkjamarkaði, lítur stjórn Norðurstjörnunnar hf. svo á, að föst og óuppsegjanleg aðild félagsins að Sölustofnun lagmetis um næstu tvö ár sé næsta óráðleg, og segir því upp aðild sinni að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins miðað við n. k. áramót og komi sú ákvörðun til framkvæmda 1. jan. 1981, eins og núgildandi lög um Sölustofnun lagmetis gera ráð fyrir.

Þetta tilkynnist yður hér með."

Undirritað af fjórum stjórnarmönnum Norðurstjörnunnar hf.

Af tilefni þessa bréfs skrifaði stjórn Sölustofnunar lagmetis stjórn Norðurstjörnunnar og greindi henni m. a. frá horfum og fyrirhuguðum aðgerðum á Bandaríkjamarkaði, sem var megintilefni að þessari ákvörðun stjórnar Norðurstjörnunnar. Segir þar í lokin orðrétt:

„Því fær stjórn Sölustofnunar legmetis ekki skilið efnisástæður þær, sem þér færið fram fyrir úrsögn yðar og væntir þess í samræmi við síðari viðræður milli aðila, að Norðurstjarnan hf. verði traustur hlekkur í Sölustofnun lagmetisiðnaðarins framvegis."

Mér er tjáð að þær aðgerðir, sem síðan hafa verið gerðar á Bandaríkjamarkaði af hálfu stjórnar Sölustofnunar lagmetis með sölu á umræddri söluskrifstofu, bendi til þess, að stjórn Norðurstjörnunnar muni sjá sér fært að endurskoða þessa ákvörðun sína.

Það var fleira sem hv. fyrirspyrjandi vék að og taldi að ekki hefði komið fram sem skyldi. Það má lengi leita upplýsinga og ég hef hér ekki sundurgreiningu, eins og fram kom í svari mínu, milli fjárveitinga til markaðsöflunar og sölustarfsemi. Eflaust er hægt að afla fyllri upplýsinga um það og sjálfsagt að það verði gert ef sérstaklega er eftir því óskað.

Varðandi það atriði í lögum og reglum Sölustofnunar lagmetis, að ekki njóti aðrir styrkja úr Þróunarsjóði lagmetis, þá má vera að það þyki óeðlilegt. Ég vil þó minna á

að hér er um að ræða fyrirtæki sem reist var til þess að skipuleggja sölu og markaðsöflun fyrir íslenskt lagmeti með hlutdeild og styrk af hálfu íslenska ríkisins, og til þess að breyting verði á þessum atriðum þarf að endurmeta þessa þætti. Það er ofur eðlilegt, að í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hefur af þessari starfsemi á undanförnum árum, verði lög um Sölustofnun lagmetis og reglur varðandi Þróunarsjóð tekin til endurmats, og ég er reiðubúinn að beita mér fyrir endurskoðun að þessu leyti og tel raunar ofur eðlilegt að yfir þau mál sé litið í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur.

Varðandi þá athugasemd hv. fyrirspyrjanda, að enginn aðili hafi yfirlit um tjónamál þau sem orðið hafa í lagmetisiðnaði á undanförnum árum, þó sérstaklega síðustu tvö árin, þá geri ég ráð fyrir að ná mætti saman grófum upplýsingum þar að lútandi, en uppgjör á þeim tjónamálum var, eins og fram kom í svari mínu, í verkahring viðkomandi framleiðenda, sem gert var að bera kostnað af þeim og standa undir þeim tjónum, þannig að það er þá í verkahring viðkomandi framleiðenda að gera grein fyrir því. Vissulega væri hægt að óska eftir því við stjórn Sölustofnunar lagmetis, að hún fengi slíkar upplýsingar frá framleiðendum, til þess að yfirlit lægi fyrir í meginatriðum.

Hvað snertir tjón vegna gaffalbitasölunnar á síðasta ári, þá var það upplýst, að mig minnir, í umræðum hér á Alþ. í aðalatriðum, hversu mikinn vanda væri þar við að etja, hversu mikið þetta tjón gæti orðið hugsanlega, og ég get vísað til þess. Auk þess hefur margt komið fram í fjölmiðlum um þessi efni. En það er vissulega alls ekkert óeðlilegt hjá hv. fyrirspyrjanda að ætlast til þess, að þeir aðilar, sem um þessi mál fjalla, hafi yfirlit í meginatriðum yfir stöðuna hvað þetta snertir.

Þá vék hann að því ákvæði í lögum um Sölustofnun lagmetis þar sem svo er kveðið á í 2. gr., að stofnunin skuli m. a., eins og þar segir orðrétt, „annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn." Þetta taldi hv. fyrirspyrjandi óeðlilegt ákvæði og að þessu bæri að breyta. Ég vil ekki að óathuguðu máli taka undir það, að þarna beri að gera breytingu á. Það má vera að sumum þyki þetta ekki eðlilegt ákvæði, og vissulega hefur verið fundið að þessu af aðilum sem hafa viljað komast inn á markaði eins og markaði fyrir lagmeti í Austur-Evrópu. En þetta varðar fyrst og fremst sölu á lagmeti þangað, þar sem það eru fyrst og fremst ríkisaðilar eða opinberir aðilar sem eru viðskiptavinir okkar í þessum löndum. Ég hygg að það væri ekki okkar markaði á þessu svæði — eða þar sem eins háttar til — ótvírætt til framdráttar að breyta þessu ákvæði, að þarna væru íslenskir framleiðendur í samkeppni um þessa markaði, þar sem fyrst og fremst er um einn kaupanda að ræða. Það gæti leitt til óhagstæðari niðurstöðu. En á þessu geta menn vissulega haft misjafnt mat.

Hvað snertir gæðamálin mætti kannske ætla að það mundi ýta undir bætt gæðaeftirlit og meiri vöruvöndun en ella ef fleiri kepptu um þann markað sem hér er til umræðu. Ég er þó ekki viss um að það eitt út af fyrir sig leiddi til slíks. Meginatriðið í þessum málum og varðandi það, sem hér hefur verið að vikið réttilega, þann vanda sem snýr að gæðum þessarar framleiðsluvöru okkar, er það, að þar verði tekið betur á með samstarfi opinberra aðila, sem eiga að annast þetta eftirlit, og framleiðendanna sjálfra, alveg sérstaklega fyrirtækjanna sjálfra, og að þau leggi sig fram um að tryggja að hér sé um að ræða frambærilega vöru, vöru sem standist allar eðlilegar gæðakröfur. Þetta skiptir auðvitað mjög verulegu máli. Sú reglugerð, sem unnin hefur verið í samvinnu ráðuneyta og opinberra stofnana og í samvinnu við Sölustofnun lagmetis um þetta atriði og senn verður staðfest, að ég vænti, og útgefin, á að leiða til þess, að þarna verði mjög veruleg breyting á. En við undirbúning reglugerðar á árinu 1976 urðu veruleg mistök varðandi það að tryggja samstarf þeirra aðila sem taka áttu þátt í þessu gæðaeftirliti.

Þá spurði hv. 2. þm. Reykn. um það, hvort þróunarsjóður lagmetis ætti orðið fasteign hér í bæ. Varðandi mál Þróunarsjóðs lagmetis beitti ég mér fyrir því á s. l. sumri, að skipti hans við Sölustofnun lagmetis yrðu tekin til endurmats og uppgjörs. Að því var unnið í tíð fyrrv. ríkisstj. að framfylgja því sem hafði verið sett í gang að þessu leyti fyrir tilstuðlan iðnrn., og þessu uppgjöri var lokið nálægt síðustu áramótum. Einn liður í því má ég segja — og vil þó ekki fullyrða það ákveðið — að hafi verið það, að gengið hafi verið frá eignaraðild Þróunarsjóðs lagmetis í húsnæði sem Sölustofnun lagmetis hefur reist, en segi þetta þó með fyrirvara þar sem ég hef ekki farið nákvæmlega yfir þessi gögn. En frá uppgjöri þessa máls var gengið í náinni samvinnu við ríkisendurskoðun og það til lykta leitt með samkomulagi milli aðila.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð þar sem þingsköp leyfa ekki viðamiklar umræður um svona flókið mál í fyrirspurnatíma.

Ég vil taka undir og staðfesta það sem hæstv. ráðh. sagði, að þessi uppgjörsmál Þróunarsjóðs og Sölustofnunar lagmetis voru til athugunar í fyrra og þau hafa verið leyst í samráði milli þessara þriggja aðila: iðnrn., ríkisendurskoðunar og stjórnar Sölustofnunar lagmetis, þannig að ég hygg að þar séu allir sáttir.

Ég vil aðeins gera örstuttar athugasemdir við það sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni. Hann taldi að verðmætisaukning væri lítil í lagmeti á hráefni. Þetta er ekki rétt. Verðmætisaukning á hráefni er oft á milli tvö- og þreföld í lagmeti. t. d. í gaffalbitunum er um að ræða tvö- eða þreföldun á verði síldarinnar ef hún væri flutt út í tunnum. Þarna er því um að ræða allverulegt mál. **(Gripið fram í:** Það haggar ekki því sem ég var að segja.) „Nei, ég er ekki að segja það. Ég er bara að benda á þetta í framhaldi af því sem þú sagðir.

Í sambandi við það sem sagt var hér um ákvörðun Norðurstjörnunnar, þá er það rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að stjórn Norðurstjörnunnar byggir úrsögn sína á óvissu á Bandaríkjamarkaði. Ég vil í því sambandi skýra frá því, að þegar ég tók við stjórnarformannsstöðu í þessu fyrirtæki voru 4 millj. dósa óseldar frá þessari verksmiðju og höfðu verið óseldar í marga mánuði, ef ekki ár, af framleiðslu hennar, og hún var lokuð. Þá hefði stjórn Norðurstjörnunnar, held ég, frekar átt að segja sig úr Sölustofnuninni vegna óvissu um sölu á Bandaríkjamarkaði.

Að lokum aðeins þetta um lagabreytingar. Við höfum um nokkurra mánaða skeið verið að endurskoða lögin um Sölustofnun lagmetis. Þau komu hér til endurskoðunar á Alþ. fyrir rúmum tveimur árum, og þá voru sett ákvæðin um Þróunarsjóð sem hv. þm. Ólafur Ragnar

hefur mikið við að athuga núna. Þau voru sett hér á hinu háa Alþingi. Þessi lög hafa verið í endurskoðun að undanförnu, og ég er hæstv. ráðh. alveg sammála um það, að þau þurfa endurskoðunar við í samræmi við reynsluna. En ég vil leggja áherslu á það sem kom fram í hans máli, að ég bið menn að íhuga hvort það sé rétt stefna að við förum að láta einstaka lagmetisframleiðendur bjóða vöru sína þar sem einn kaupandi er fyrir. Mundi það t. d. auðvelda okkur fisksölu til Sovétríkjanna ef einstök hraðfrystihús byðu fisk þangað? Ég held að menn þurfi að íhuga hvað þeir eru að gera í þessum efnum, og ég þekki ekkert land sem þannig stendur að sölumálum til þessara landa þar sem einn kaupandi er.

Sameinað þing, 30. fundur.

Þriðjudaginn 11. mars, að loknum 29. fundi.

Útreikningur framfærsluvísitölu í hverju kjördæmi, þáltill. (þskj. 178). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðild Íslands að Genfarbókuninni, þáltill. (þskj. 99, n. 181) — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur haft til athugunar till. til þsl. um aðild Íslands að Genfarbókuninni 1979. Nefndin hefur rætt málið og er sammála um að leggja til að till. verði samþykkt, eins og fram kemur í nál. á þskj. 181.

ATKVGR.

Till. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 201).

Dalabyggðaráætlun, þáltill. (þskj. 38). — Ein umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 38 flyt ég till. til þál. um framkvæmd Dalabyggðaráætlunar. Meðflm. eru aðrir þm. Vesturl. ásamt 2. landsk. þm. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að fullfrágengin Dalabyggðaráætlun hjá Framkvæmdastofnun ríkisins, byggðadeild, verði samþykkt, gefin út og fjármögnuð til framkvæmda 1980."

Ég vil taka það sérstaklega fram, að þessi þáltill. var eitt af fyrstu málum þessa þings, en því miður hafa ýmsar orsakir orðið til þess að þetta mál á þskj. 38 er svo síðbúið sem raun ber vitni.

Forsendan fyrir vinnu byggðadeildar að málefnum Vesturlands er sú, að árið 1969 var borin fram á Alþ. þáltill. um svokallaða Vesturlandsáætlun. Henni var ætlað að koma fram með till. um hvernig treysta mætti atvinnugrundvöll í Vesturlandskjördæmi, einkum þar sem atvinnuástand var ekki öruggt og þar sem iðnaður gæti fyllt upp í og skapað öryggi í atvinnu við hlið hinna hefðbundnu atvinnugreina í sjávarútvegi, fiskvinnslu, landbúnaði, verslun og hinum ýmsu þjónustugreinum, eins og tekið var til orða.

Framkvæmdastofnun ríkisins hóf vinnu við Vesturlandsáætlun, þ. e. byggðaáætlun fyrir Vesturland, árið 1974 í samráði við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Hefur því starfi verið haldið uppi síðan og hafa verið gefnar út ýmsar tölulegar upplýsingar um stöðu landshlutans, sem teknar hafa verið fyrir á aðalfundum Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og innan Framkvæmdastofnunar ríkisins. En þessi gagnaöflun og upplýsingar eru mjög mikilvægar og vel unnar, gefnar út í vönduðum bæklingum. Stjórn og nefndir á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi hafa tekið virkan þátt í þessu starfi í samráði við byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég nefni hér álitsgerð og úttekt varðandi samgönguáætlun, raforkuáætlun, varmaveitur, úttekt á skólahúsnæði, heilbrigðisáætlun, jarðefnanámur í Vesturlandskjördæmi, fiskimið, atvinnuáætlun, hráefnisöflun í sjávarútvegi o. fl.

Þegar upplýsingar lágu að miklu leyti fyrir um stöðu Vesturlands í byrjun árs 1977 var ljóst að alhliða byggðaþróunaráætlanir fyrir heilu kjördæmi skiluðu ekki þeim árangri sem vonir stóðu til. Var sú stefna tekin í áætlunargerð á Vesturlandi í samráði við samtök sveitarfélaga að takmarka áætlunarstarfið við eitt byggðasvæði hverju sinni. Með byggðasvæði er átt við landssvæði, þar sem íbúarnir annaðhvort sækja eða gætu sótt almenna þjónustu til eins aðalþjónustukjarna innan byggðarinnar, búa við líkar aðstæður og hafa hliðstæð meginvandamál við að fást á sviði atvinnu-félags- og menningarmála.

Byggðirnar á Vesturlandi hefur byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins skilgreint til áætlunargerðar þannig: Dalabyggð, sem spannar yfir Dalasýslu og þrjá hreppa í A-Barðastrandarsýslu. Snæfellsnesbyggð. Borgarfjarðarbyggð, sem nær yfir Mýrasýslu og Borgarfjarðardali norðan heiðar. Akranesbyggð, sem tekur til Akraness og byggðarinnar sunnan heiðar.

Á grundvelli þeirra gagna, sem aflað hefur verið og unnið úr um stöðu Vesturlands, voru allir sammála um þá niðurstöðu, að Dalabyggð væri hvað verst á vegi stödd, m. a. vegna mikillar íbúafækkunar síðustu áratugi, einhæfni atvinnulífs og lágra brúttótekna. Var því ákveðið að hefja vinnu við byggðaáætlun fyrir Dalabyggð. Var skipulega unnið að þessari áætlunargerð í fullri samvinnu við heimamenn. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og aðra aðila tengda málinu. Í febrúarmánuði 1978 var heimilað að gefa út skýrslu sem trúnaðarmál undir heitinu: Dalabyggð, drög að byggðaþróunaráætlun. Með útgáfu skýrslunnar var ætlunin að fá fram skoðanir hlutaðeigandi aðila um efni hennar áður en endanleg skýrsla yrði borin undir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar til samþykktar eða synjunar. Í marsmánuði 1978 var efnt til fundar á Hótel Heklu. Voru allir þm. í Vestfjarða- og Vesturlandskjördæmi boðaðir á fundinn. Þetta var fyrsti fundurinn sem boðað var til um efni skýrslunnar. Á sumar- og haustmánuðum voru haldnir fundir með forsvarsmönnum allra sveitarfélaga á áætlunarsvæðinu svo og fulltrúum þeirra opinberu stofnana, sem einstakir efniskaflar skýrslunnar voru taldir varða. Drög að byggðaþróunaráætlun fyrir Dalabyggð voru til kynningar lögð fyrir fyrsta fund hinnar nýju stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins ásamt yfirliti yfir helstu niðurstöður og tillögur um aðgerðir. Á

aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi haustið 1978 var sú eindregna skoðun látin í ljós, að afgreiðsla stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins á byggðaþróunaráætlun fyrir Dalabyggð væri prófsteinn á það, hvort samtökin teldu ástæðu til að taka frekari þátt í áætlunarstarfi stofnunarinnar.

Í áætluninni eru settar fram tillögur um aðgerðir til þess að hafa bein áhrif á byggðaþróun á svæðinu. Er þar annars vegar um að ræða tillögur um sérstakan stuðning við landbúnað í því skyni að bæta búskaparhætti og tryggja rekstrarafkomu býla, hins vegar tillögur um eflingu iðnaðar til að auka á fjölbreytni atvinnulífs og draga þannig úr brottflutningi íbúa frá svæðinu. Markmiðið er að treysta búsetu og viðhalda byggð á öllu svæðinu.

Dalabyggðaráætlun var fullgerð í byrjun árs 1979. Hafði áætlunin verið kynnt rækilega, m. a. fulltrúum stjórnvalda, ríkisstofnana og hagsmunasamtaka, sveitarstjórna, búnaðarsambanda og fleirum. Endanlegar tillögur áætlunarinnar hlutu meðmæli frá öllum aðilum sem leitað var til, enda ljóst að framkvæmd hennar mun leiða til framfara á svæðinu. Þær tillögur um sérstakar lánafyrirgreiðslur, sem settar eru fram í áætluninni, eru þessar:

1) Til að tryggja rekstrarafkomu býla:
   a. Lán til ræktunar.
   b. Lán til súgþurrkunarkerfa.
   c. Stuðningur við félagssamtök bænda.
   d. Sérstök endurbyggingarlán í Gufudalshreppi.
2) Til að byggja upp staðarkjarna:
   Bygging iðngarða í Búðardal.
   Lán til viðbótar venjubundnum lánum fjárfestingarlánasjóða iðnaðarins.
3) Sérstakur stuðningur við uppbyggingu nýrra búgreina:
   Samkv. áætluninni er gert ráð fyrir sérstökum lánum úr Byggðasjóði til þeirra verkefna sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

Samkv. tillögum í byggðaþróunaráætluninni fyrir Dalabyggð er áætlað að hámarksframkvæmdir kosti um 900 millj. kr. miðað við verðlag um áramót 1978—1979. Þar af er hlutur Byggðasjóðs áætlaður um 220 millj. á fimm árum, en það jafngildir um 45 millj. á ári eða um 1% af ráðstöfunarfé Byggðasjóðs 1979 á verðlagi þess árs.

Mjög almennur áhugi er fyrir framgangi þessa máls á öllu svæðinu. M. a. hefur búnaðarsambandið lagt fram mikið starf. Sveitarstjórn og atvinnumálanefnd Laxárdalshrepps beittu sér fyrir því á s. l. hausti, að stofnað var félag í Búðardal til vinnslu á afurðum af sel, svo sem sútun selskinna og fullvinnslu skinna. Þar eru sett fram þau markmið:

1) að nýta selastofninn við landið,
2) að draga úr þeim skaðlegu áhrifum sem fjölgun sela hefur á hringormamyndun í nytjafiski,
3) að auka fjölbreytni í framleiðsluiðnaði landsmanna,
4) að skapa atvinnumöguleika,
5) að stuðla að jafnvægi í lífríki hafsins og við strendur landsins.

Er hér vissulega um áhugavert mál að ræða sem er nú í ítarlegri skoðun.

Leirvinnsla við Búðardal er enn í athugun, og nauðsynlegt er að kanna til hlítar möguleika til framleiðslu. Nýlega hefur verið upplýst að Iðntæknistofnun hefur að undanförnu gengist fyrir því, að kannað væri notagildi svokallaðs Búðardalsleirs og þá einkum með tilliti til framleiðslu gróf-keramiks. Hefur á vegum stofnunarinnar verið unnið að söfnun sýna sem eru nú til rannsóknar í Bretlandi. Skýrsla um niðurstöður er væntanleg nú á næstunni.

Samkv. þeim upplýsingum, sem fram hafa komið á þessu sviði er talið að þarna geti verið um mjög góða framleiðslu að ræða. Þetta mál hefur verið oftar en einu sinni til umfjöllunar hér á Alþingi. Árið 1957 var samþykkt tillaga á Alþ. um athugun á leirverksmiðju í Dalasýslu. Frumathugun hafði verið gerð, en niðurstöður reynst neikvæðar. En árið 1969 var Rannsóknastofnun iðnaðarins og Orkustofnun falið að rannsaka notagildi íslensks leirs og þaðan var erindinu vísað til Rannsóknaráðs sem lagði til að frekari rannsóknir yrðu gerðar á leirnum svo og á markaðsöflun. Þannig hafði verið að þessu máli staðið, en nú hefur málið verið tekið upp að nýju. Það veltur mjög á þeirri skýrslu sem væntanleg er frá Bretlandi, hvort þessi leir reynist hæfur til framleiðslu á múrsteinum, flísum og klæðningarplötum, en athuganirnar miðast fyrst og fremst við slíka framleiðslu. En þess má geta, að feikilegt magn af leir er fyrir hendi á þessu svæði, þar er talin ein stærsta leirnáma sem finnst hér á þurru landi.

Ég vil einnig geta hér um eitt mál sem er nú mjög ofarlega á baugi í Dalabyggð og þarf að taka til meðferðar nú á næstu vikum. Það er vatnsöflun fyrir þéttbýlið í Búðardal. Það liggur fyrir að fram undan er neyðarástand vegna vatnsskorts á svæðinu. Þau áform, sem þegar hafa verið kynnt, eru um það að leggja nýja vatnsleiðslu um 27 km leið og mun hún kosta á núverði 266 millj. kr. Ætlunin er að reyna að koma þessu máli fram nú á þessu vori og sumri. Hér er um stórt mál að ræða fyrir svona lítið byggðarlag, sem er það mikilvægt að leyst verði, að um byggð verður ekki að ræða ef ekki tekst að afla vatns, bæði vegna mjólkurstöðvar, sláturhúss o. fl.

Svo ég haldi áfram með sögu málsins í sambandi við Framkvæmdastofnunina, þá kom það til afgreiðslu í stjórn stofnunarinnar á s. l. ári, vorið 1979. En þá stöðvaðist málið. Stjórnin vildi ekki samþykkja áætlunina í heild til framkvæmda. Við það situr og hefur fullgerð áætlun ekki verið gefin út né send til ríkisstj. Hefur þetta valdið miklum vonbrigðum, ekki aðeins í Dalabyggð, heldur einnig víðs vegar um byggðir landsins og í samtökum sveitarfélaga, sem telja til lítils að leggja vinnu og fjármagn í áætlunargerð ef hún í reynd á að vera aðeins pappírsgagn. Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 9. nóv. s. l. sagði framkvæmdastjóri samtakanna í skýrslu sinni m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Afgreiðsla stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins á byggðaþróunarmálum fyrir Dalabyggð veldur miklum vonbrigðum. Til að dreifa salti í sárið má nýlega lesa fjögurra dálka fyrirsögn í dagblaði um að landamæri Byggðasjóðs hafi verið þurrkuð út. Ef gerður er samanburður á Dalabyggð annars vegar með stöðuga íbúafækkun, einhæft atvinnulíf, lágar brúttótekjur og mjög vel unna áætlun tilbúna, en hins vegar landamærasvæðinu með stöðuga fólksfjölgun, fjölbreytt atvinnulíf, hæstu meðaltekjur í landinu og enga áætlun, breytast vonbrigðin í réttláta reiði.

Mannkynssagan geymir margar frásagnir af tilraunum til að þurrka út landamæri, en hver eru landamæri Byggðasjóðs? Þau eru svo hljóðandi í 28. gr. laga um

Framkvæmdastofnun Íslands:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

Ég vænti þess, að Dalabyggðaráætlunin muni leiða til aukinna framfara á svæðinu og að stjórn Byggðasjóðs muni í reynd styðja verulega við slíka þróun. En ástæða er til að minna á að það var aldrei ætlunin að Byggðasjóður tæki að sér almennt hlutverk lánastofnana eða gerðist staðgengill ríkissjóðs, þó málefnin væru út af fyrir sig góð."

Í grg. frá framkvæmdastjóra byggðadeildar til stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar um afgreiðslu stjórnarinnar á Dalabyggðaráætluninni segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Útgáfa án samþykktar: Tilgangur útgáfu áætlunar er að kynna öllum, sem hlut eiga að máli, stefnu Framkvæmdastofnunarinnar, þ. e. ríkisvaldsins og heimamanna um uppbyggingu viðkomandi landshluta eða byggðarlags. Til þess að skýrsla frá byggðadeild, sem gerð er í samráði við fulltrúa heimamanna, öðlist þessa stöðu þarf stjórnin að samþykkja hana. Til þess að svo verði er vitaskuld nauðsynlegt að skýrslan sé þannig gerð að stjórnin geti samþykkt hana. Skýrsla um byggðaáætlun sem byggðadeild sendir frá sér án samþykkis stjórnarinnar, er ekkert annað en álit byggðadeildar, og hefur slík skýrsla sáralitla þýðingu og til lítils annars brúkleg en að fylla hillur eða skjalaskápa."

Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins stendur m. a. í 28. gr.:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Í 10. gr. laganna stendur:

„Byggðadeild gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins."

Í 3. gr.:

„Verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunar eru m. a. þessi: Að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstj., sbr. 9. gr."

Og í 9. gr stendur:

„Áætlanir skulu sendar ríkisstj. og gerir hún Alþ. grein fyrir þeim."

Tölulegar staðreyndir sanna að byggð í Dalasýslu er í verulegri hættu. Með flutningi þessarar þáltill. vilja flm. fá viljayfirlýsingu Alþingis um að þessi fullgerða byggðaþróunaráætlun fyrir Dalabyggð nái fram að ganga í samræmi við lög og tilgang Byggðasjóðs með það meginmarkmið að styrkja byggð á þessu svæði.

Við treystum því, að samstaða náist um þetta mál. Það er vissulega prófsteinn á vilja um framkvæmd byggðastefnu.

Herra forseti. Ég legg til að þessari þáltill. verði að lokinni þessari umr. vísað til atvmn.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um framkvæmd Dalabyggðaráætlunar. Flm. eru allir þm. Vesturl. Þó að hv. fyrsti flm. hafi gert allrækilega grein fyrir till. þessari ætla ég að láta örfá orð falla til viðbótar.

Mál þetta hefur verið lengi á döfinni. Eins og getið var um hefur Framkvæmdastofnun ríkisins lengi haft málið í undirbúningi og áætlunargerð hefur staðið yfir allt frá árinu 1974, að ég ætla. Í marsmánuði 1978 var áætlunin sérstaklega kynnt þm. Vesturl. af starfsmönnum Framkvæmdastofnunar, sem að henni höfðu unnið. Málið hefur verið mikið rætt manna á milli og vakið athygli heima í héraði. Það var m. a. rætt á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem haldinn var í Munaðarnesi í nóv. 1978, en áður höfðu ýmsir þættir skýrslunnar verið kynntir m. a. sveitarstjórnarmönnum á Vesturlandi.

Ég vil geta þess, að það mun hafa verið 13. febr. 1979 sem hæstv. þáv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, svaraði fsp. frá mér um þetta efni hér í sölum Alþ. Ég leyfi mér að vitna í lokaorð á svari hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk aðkallandi verkefna hafa tveir starfsmenn byggðadeildar unnið úr þessum gögnum í vetur. Þeirri úrvinnslu er nú lokið, en um þessar mundir stendur yfir frumlestur á handriti að endanlegri skýrslu. Er að því stefnt, að efni skýrslunnar verði lagt fyrir stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins í næsta mánuði, en þar mun tekin ákvörðun um hvort hrinda beri í framkvæmd tillögum þeim sem fram koma í skýrslunni."

Tíminn líður, og skýrsla þessi hefur ekki enn hlotið náð fyrir augum stjórnenda Framkvæmdastofnunar ríkisins. En allir vitum við að litlum tilgangi þjónar að stafla upp áætlunum og geyma þær án þess að hrinda þeim í framkvæmd. Það hlýtur að vera lýjandi iðja til lengdar, og hafa starfsmenn Framkvæmdastofnunar ríkisins óspart látið þá skoðun í ljós oftar en einu sinni í mín eyru. Það hefur verið minnt á hlutverk Byggðasjóðs oft og einatt í þessu sambandi, og allir eru sammála um að viðhalda og efla þurfi byggð í lífvænlegum héruðum landsins.

Í Dalasýslu einni voru íbúar rétt við 1900 þegar manntalið var tekið árið 1703, rúmlega 2000 um síðustu aldamót, árið 1947 voru þeir 1295, en 1. des. 1978 aðeins 1134. Svipuð þróun hefur orðið víða um land sem kunnugt er. Flestir telja svo stórfellda búseturöskun miður æskilega. Orðin ein, þótt oft séu fögur sögð um þessi mál, og áætlanir góðar og vel unnar duga skammt. Jafnvel hin merkasta löggjöf nær ekki að láta gott af sér leiða nema þeir, sem við framkvæmd hennar fást, séu einhuga í því að láta hana ná tilgangi sínum samkv. anda hennar og orðalagi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en leyfi mér að óska þessari till. góðrar ferðar eftir sinni vissu braut um þingsali.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mjög umr. um þessa till. til þál. varðandi framkvæmd Dalabyggðaráætlunar, aðeins segja örfá orð.

Ég hygg að flestum þm. séu ljósar ástæður, aðdragandi og innihald þeirrar áætlunar sem hér um ræðir. Eins og fram hefur komið var mikil áhersla á það lögð, að framkvæmd áætlunarinnar yrði að veruleika vegna byggðar sem stendur mjög höllum fæti að því er varðar einhæfni í

atvinnulífi, lágar tekjur og íbúafækkun, eins og fram hefur komið. Markmið áætlunarinnar er að sjálfsögðu að treysta búsetu á þessu svæði. En til þess að það megi takast verður að efla atvinnustarfsemina, þá sem fyrir er, en sömuleiðis að skapa ný atvinnutækifæri.

Eins og fram hefur komið voru það gífurlega mikil vonbrigði öllum þeim sem hlut áttu að máli við gerð þessarar áætlunar, og ekki síst heimamönnum, að stjórn Framkvæmdastofnunar skyldi ekki treysta sér til að samþ. áætlunina á liðnu ári og tryggja fjármagn til framkvæmda samkv. henni. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi óskuðu eftir að málið yrði tekið til endurskoðunar í von um breytta afstöðu, m. a. vegna þess að hæpin afgreiðsla málsins væri prófsteinn á gildi ætlunargerðar í þessu landi. Endanleg niðurstaða varð sú, eins og áður greinir, að Framkvæmdastofnunin taldi ekki fært að binda fjármagn með formlegri samþykkt áætlunar um Dalabyggð. Hins vegar var um það talað að taka tillit til áætlunarinnar vegna afgreiðslu lánsumsókna.

Ég ætla ekki að ræða í smáatriðum frekar en gert hefur verið atvinnuástand og horfur í atvinnumálum í Dalasýslu og þeim þremur hreppum A.-Barðastrandarsýslu sem áætlunin nær til. Ég vil aðeins ítreka að aðgerða er þörf. Slíkar aðgerðir hljóta óumdeilanlega að kosta allnokkurt fé á næstu árum, eins og hér hefur komið fram. En ef við ætlum okkur að tryggja eðlilega þróun byggðar um allt land verðum við að haga okkur samkv. þeim áformum.

Nú hugsar e. t. v. einhver sem svo, að það skipti ekki höfuðmáli þótt einhver dráttur verði á framkvæmd slíkrar áætlunar. En því er til að svara, að fjármagn það, sem lagt yrði í framkvæmdir eða aðgerðir samkv. áætluninni, ræður ekki eitt sér þeim árangri sem vonast er eftir, heldur og ekki síður brennandi áhugi heimamanna, en sá áhugi gæti dvínað ef framkvæmdir dragast um of. Við þurfum einmitt að bregðast nógu skjótt við, á meðan dugnaður og áræði fólksins í þessari byggð er enn fyrir hendi. Hitt getur orðið þjóðarbúinu miklu dýrara, ef lífvænlegar byggðir brotna niður með afleiðingum sem við öll þekkjum og þarf ekki að lýsa hér.

Herra forseti. Með því að framkvæma áætlun um Dalabyggð stígum við einu skrefi framar í eðlilegri þróun byggðar á forsendum traustrar atvinnustarfsemi í þessu landi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jöfnun húshitunarkostnaðar, þáltill. (þskj. 63). — Ein umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 63 hef ég ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal lagt fram till. til þál. sem fjallar um jöfnun á kostnaði við upphitun húsnæðis.

Svo sem kunnugt er hefur verðhækkun á olíu verið eitt þeirra vandamála sem hvað mestan svip hefur sett á efnahagsmál okkar Íslendinga. Verð á gasolíu til húshitunar hefur frá 13. des. árið 1978 hækkað úr 57.55 kr. í 155.25 kr. hinn 20. des. árið 1979. Hefur verðið þannig hækkað á þessu tímabili um 170%. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar úr 1234 stigum í 1911 eða um 677 stig. Hlutfallsleg hækkun vísitölunnar er því 55% á árinu 1979.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hér hve mikil áhrif olíuverðshækkunin hefur á kjör þess fólks, sem verður að hita hús sín með olíu, né heldur, sem þó er e. t. v. enn alvarlegra, til hve mikils ósamræmis slíkt ástand í kjörum þjóðarinnar leiðir innbyrðis. Hinn 1. des. árið 1978 bjuggu 72% af íbúum þjóðarinnar við hitaveitu. Að viðbættum þeim hitaveitum, sem síðar hafa verið byggðar eða eru í byggingu, munu 76% þjóðarinnar njóta hitaveitu og er þá hraunhitaveitan í Vestmannaeyjum ekki talin með. Sé litið til einstakra landshluta eða kjördæma búa nálega allir íbúar Reykjavíkur og Reykjaness við hitaveitu, 73% í Norðurlandskjördæmi eystra, 53% í Norðurlandskjördæmi vestra, 43% í Vesturlandskjördæmi, 34% í Suðurlandskjördæmi, 9% á Austurlandi og 6% á Vestfjörðum. Eru þá með taldar þær hitaveitur sem nú eru í byggingu. Þar sem einstakir landshlutar og byggðarlög skapa þeim, er þar búa, mikinn mismun í kjörum hlýtur búsetan í landinu að mótast af því þegar tímar líða. Óþarft er að rekja hér nánar hvern kostnað slík þróun hefði í för með sér. Með sama hætti er einnig óþarft að ræða nánar það tjón sem gæti hlotist vegna vannýtingar þeirra verðmæta í híbýlum og atvinnufyrirtækjum þess fólks er breytti búsetu sinni af þessari ástæðu. En jafnvel þó fram hjá þessum röksemdum sé litið verður ekki fram hjá hinu gengið, að vandamálum, sem snerta fólkið í þessu landi með eins misjöfnum hætti og verðlag á olíu hefur gert, verður þessi þjóð að mæta sem sameiginlegu vandamáli, enda hefur svo verið gert bæði í þessu máli og öðrum hliðstæðum.

Stærsti liður í orkubúskap Íslendinga er húshitun, en til hennar fara nú um 3500 gwst. á ári, mælt hjá notendum, eða þriðjungur af allri orkunotkun. Samkv. skýrslu Orkustofnunar: „Hitað húsrými 1978—2000" — sem út kom í ágúst árið 1979, má ætla að orkunotkun til húshitunar vaxi mjög á næstu árum. Þetta stafar aðallega af tvennu: Í fyrsta lagi af íbúafjölgun, sem kallar á aukið íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Í öðru lagi af auknu húsrými á hvern íbúa, sem einkum lýsir sér í stærri íbúðum, jafnframt því sem íbúum í hverri íbúð fækkar. Þá er reiknað með að gerðar verði auknar kröfur til atvinnuhúsnæðis, það verði rýmra en áður og betur hitað.

Í spá Orkustofnunar er áætlað að rúmmál upphitaðs húsrýmis vaxi úr 40 millj. m^3 árið 1980 í 76 millj. m^3 árið 2000 eða því sem næst tvöfaldist á næstu 20 árum. Samkv. áætlun um skiptingu húsrýmis á orkugjafa er áætlað að í ár verði 10.9% orkuþarfarinnar fullnægt með olíu, 14.1% með rafmagni og 75% húsnæðis njóti hitaveitu. Þegar kemur fram til ársins 1985 er áætlað að hlutur olíu verði kominn niður í 2%, rafhitun verði 18.5% húsnæðis og 79.5% húsnæðis fái heitt vatn frá hitaveitum. Ef spá Orkustofnunar er fylgt enn þá lengra fram í tímann og litið á áætlaða skiptingu árið 1990 kemur í ljós að upphitun með olíu er því sem næst úr sögunni eða aðeins 0.2% alls húsnæðis. Þá er áætlað að árið 1990 njóti 79.6% húsnæðis hita frá hitaveitum og 20.2% húsnæðis verði rafhitað. Gert er ráð fyrir að stöðugu ástandi hvað varðar skiptingu milli orkugjafa hafi verið náð árið 1990, þ. e. að um næstu aldamót verði hlutur rafhitunar enn um 20% og hlutur hitaveitu um 80%.

Ekki eru fyrir hendi nýjar tölur um hlutfallslega skiptingu á húsnæði eftir notkun þess, en samkv. skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins: „Hitað húsrými" — sem gefin var út árið 1975, er íbúðarhúsnæði 63% af heildarhúsnæði í landinu. Þar sem íbúðarhúsnæði krefst

hins vegar hærra hitastigs, er í stöðugri notkun og sumir hlutar iðnaðarhúsnæðis ekki hitaðir má ætla að hitunarkostnaður við íbúðarhúsrými sé ca. 70% af heildarkostnaði, en 30% komi í hlut annars hýsrýmis, þar með taldir skólar og aðrar þjónustu- og menningarstofnanir.

Þá er komið að því að víkja nokkrum orðum að orkuverðinu eftir gjaldskrárbreytingarnar í febr. s. l. sé miðaður við 450 m³ húsrými, olíunotkun, er svarar 13 lítrum á ári fyrir hvern m³, meðalfjölskyldustærð, sem er 3.4 menn, og olíustyrk, er nemi 72 þús. kr. á einstakling. Verð óniðurgreiddrar olíu er 23.88 kr. hver kwst. Að frádreginni niðurgreiðslu verður sambærileg tala 17.44 kr. Er það hliðstæð tala og hjá Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins. Aftur á móti kostar hver kwst. hjá Hitaveitu Reykjavíkur aðeins 3.45 kr. Þannig er óniðurgreidd olía til húshitunar tæplega sjöföld miðað við Hitaveitu Reykjavíkur, en eftir niðurgreiðslu rúmlega fimmföld. Kostnaður við upphitun með olíu á 450 rúmmetra húsi verður, miðað við framangreindar forsendur, 633 400 kr., en hjá Hitaveitu Reykjavíkur 130 800 kr.

Að sjálfsögðu geta komið til greina margar leiðir þegar meta á upphæð olíustyrks. Í þeim efnum hef ég talið eðlilega viðmiðun að miða upphæð olíustyrksins við að kostnaður við húshitun með olíu verði þrefaldur miðað við Hitaveitu Reykjavíkur. Þær röksemdir, sem að baki þessari ábendingu liggja, eru m. a. þessar:

1. Viðmiðunin er skýr og einföld í framkvæmd.

2. Kostnaðarhlutfall verður svipað og var í ársbyrjun 1978, en þá var kostnaður við upphitun með olíu 2.8 sinnum hærri en hjá Hitaveitu Reykjavíkur.

3. Kostnaður við upphitun með olíu væri þá áþekkur og hjá nýjum hitaveitum, og tæplega eru rök fyrir að fara niður fyrir þau mörk.

Samkv. skýrslu Orkustofnunar: „Hitað hýsrými 1978—2000" — er út var gefin í ágúst 1979 og áður er vitnað til, er áætlað að olíunotkun til húshitunar verði á árinu 1980 56 809 000 lítrar. Miðað við núverandi olíuverð kostar sú olía 8.8 milljarða kr. Sé sú viðmiðun, sem að framan er greind notuð þarf að greiða hverja kwst. framleidda með olíu niður með 13.53 kr. eða sem svarar 56.7% af olíuverðinu. Á ársgrundvelli yrði þá niðurgreiðslan ca. 5 milljarðar kr., og er þá allt húsrými tilgreint.

Herra forseti. Ég hef hér að framan lýst þeim meginsjónarmiðum sem liggja til grundvallar þeirri till. sem hér er til umr. Vissulega væri hægt að fara um þau fleiri orðum og ræða málið á breiðara grundvelli, en til þess sé ég ekki ástæðu þar sem mikil umr. hefur átt sér stað um málið, m. a. hér á Alþingi. Till. var lögð fram á Alþ. fyrir jólaleyfi alþm. Hún er byggð á þeim meginforsendum, að hér á Alþ. verði leitað leiða til að fá sem víðtækast samstarf og samkomulag um leiðir til að leysa eða draga úr þeim mikla vanda sem olíunotkun til húshitunar hefur í för með sér. Í till. er gert ráð fyrir kjöri nefndar og að tillögur liggi fyrir við afgreiðslu fjárl. Að því er þann þátt mála varðar eru forsendur brostnar. Hitt er jafnaugljóst, að flutningur og samþykkt þessarar till. er jafnbrýnn, sérstaklega þegar í ljós kemur að ríkisstj. hyggst ekki hafa forgöngu um lausn málsins við samþykkt fjárlaga.

Ég vil svo að endingu, herra forseti, gera það að till. minni að málinu verði vísað til allshn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er vissulega engin tilviljun að jöfnun húshitunarkostnaðar er mjög á dagskrá yfirstandandi þings, og raunar hefur það verið svo síðan olía tók hið mikla stökk til hækkunar í ársbyrjun 1979, að ljóst varð að bregðast þurfti við vanda þeirra sem við olíukyndingu búa. Ríkisstj., sem var við völd 1979, tók á þessum vanda þá með því að hækka mjög verulega styrk til þeirra sem búa í olíukyntu húsnæði. Raungildi olíustyrks var þá tvöfaldað, og það raunar áður en ljóst var að hverju stefndi varðandi hækkun olíuverðs, og síðan hækkaði olíustyrkurinn frá ársfjórðungi til ársfjórðungs á liðnu ári. Aðstaða þeirra, sem fengu það áfall sem hækkun olíuverðsins fylgdi, var því bætt að nokkru leyti. Hins vegar er ljóst að hlutfallslega auknar byrðar voru lagðar á fólk, sem bjó við þennan hitagjafa við upphitun á húsnæði sínu, og að taka yrði þessi mál til enn frekari athugunar og með víðtækari hætti en fólst í hækkun olíustyrksins sem ég gat um áðan.

Það hafa verið ýmsir ágallar á fomri olíustyrksins frá því að það var innleitt 1974, fyrir utan það, að sá tekjustofn, sem þá var markaður til þess að greiða olíustyrk, var rýrður mjög verulega á árunum þar á eftir og stuðningur við þá, sem bjuggu í olíukyntu húsnæði, fór þá lækkandi að raungildi um nokkurt skeið. Í málefnasamningi nýlega myndaðrar ríkisstj. er fjallað um þetta atriði í kafla um orkumál, og segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Unnið verði að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar."

Að þessum málum er nú unnið af ríkisstj., bæði að því er varðar tekjuöflun til þess að greiða olíustyrk og varðandi aðrar leiðir til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Ég vænti þess, að ekki líði á löngu þangað til hv. Alþ. fái grg. og tillögur af hálfu ríkisstj. um þetta efni.

Það er afar brýnt, eins og fram kemur efnislega í þeirri þáltill. sem hér er til umr., að stefna verði mörkuð um þetta, og ég vil taka undir með hv. flm. till. um að brýnt sé að marka stefnu um þessi efni og ná sem víðtækastri samstöðu um málið hér á þinginu. Ég vænti þess, að það verði áður en þingi, verður slitið að vori, að við höfum gengið frá þessum málum þannig að viðunandi verði talið frá sjónarmiði þeirra sem eru þolendur þess ástands sem hér ríkir og hv. frsm. þáltill. gerði mjög glögga grein fyrir í máli sínu áðan.

Það þarf, eins og hv. flm. benti réttilega á, að gæta að ýmsu við ákvörðun um þessi efni og þá m. a að ekki verði í sambandi við verðjöfnun á hitunarkostnaði keppt á óeðlilegan hátt við þá innlendu orkugjafa sem við erum að taka í notkun og þurfum að stefna að að hraða á næstunni að komist í gagnið hvarvetna þar sem þeirra er völ, og það á að vera unnt víðast hvar á landinu, annaðhvort með hitaveitum eða með beinni rafhitun eða þá blöndu af þessu og með olíu til að taka af toppa, þ. e. með svokölluðum fjarvarmaveitum.

Það kom fram í máli hv. frsm. að áætlanir væru um að olíunni yrði útrýmt eða unnt yrði að útrýma henni á árunum fram til 1990. Það er einmitt stefna sem þarf að marka. Alþ. þarf að taka afstöðu til, hversu hratt skuli að þessu brýna máli unnið, og jafnhliða að tryggja að viðunandi jöfnuður sé milli þegnanna að þessu leyti.

Í þeim hugmyndum, sem fram komu hjá hv. frsm., 1. flm. þáltill., held ég að hann hafi nefnt viðmiðunina milli 56 og 57% sem hlutfall varðandi niðurgreiðslu á olíunni og taldi að það mundi sleppa í samanburði við þær nýjustu veitur sem nú er unnið að, hitaveitur eða fjarvarmaveitur. Ég vil ekki leggja neinn fullnaðardóm á þetta, en geri þó ráð fyrir að það sé í efri kantinum hvað niður-

greiðslur snertir. Það er ekki óeðlilegt að menn vilji ganga langt í þessum efnum, en þarna þarf ákveðna aðgæslu til þess að ekki verði raskað rekstrargrunni fyrir þær veitur sem unnið er að og verið er að taka í notkun eða reisa þarf á næstu árum. Í mínu rn. er unnið að greiningu þessa máls, og eins og ég gat um áðan vænti ég að það líði ekki langur tími þangað til afrakstur af því starfi komi fram hér á Alþingi.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en tel að sá ríki áhugi, sem birtist í flutningi till. um jöfnun húshitunarkostnaðar í báðum þingdeildum og í Sþ., sé mjög góðra gjalda verður og sýni að það er ríkur skilningur á þessum vanda hjá hv. þm.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er til umr. hið þýðingarmesta mál, og það er ekki að ófyrirsynju. Hv. frsm., hv. 11. landsk. þm., hefur nú lýst því vandamáli sem hér er við að glíma, þar sem er jöfnun upphitunarkostnaðar í landinu. Það er ákaflega þýðingarmikið. Ég vil taka undir það sem hæstv. iðnrh. sagði, að það verði sem mest samstaða um þetta mál, og till. sú, sem hér er til umr., er einmitt flutt í þeim anda.

En ég get ekki látið hjá líða að minna á að í hv. Ed. er frv. til l. um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa. Það fjallar einmitt um þetta efni, og þar er þess einnig gætt að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu milli flokka. Frv. er flutt af mér ásamt mönnum úr öllum flokkum.

Ég ætla ekki að fara að ræða efni þessa frv. hér. En ég vil með þessum fáu orðum hér leggja áherslu á hversu mikil þörf er á að hraða þessu máli. Við, sem stöndum að frv. í hv. Ed., höfum lagt áherslu á að hraða málinu. M. a. var það svo, að við undirbúning málsins hafði ég sem formaður iðnn. Ed. samband við formann iðnn. Nd., sem þá var hæstv. iðnrh. Okkur kom saman um að málið væri þess eðlis að mjög þyrfti að hraða því. Þess vegna kom okkur saman um að halda sameiginlega fundi um málið, sameiginlega fundi iðnn. beggja deilda. Við höfum haldið nokkra slíka fundi. En í millitíðinni hefur það skeð, að sá, sem var í upphafi formaður iðnn. Nd., er það ekki lengur, en hann er orðinn iðnrh. Og maður hefði ekki átt að halda að slíkt væri lakara fyrir framgang málsins ef hæstv. iðnrh. hefði í huga það sem hann hafði áður í huga, að hraða málinu sem mest.

Eitt af því, sem hinir sameiginlegu fundir iðnn. beggja deilda hafa gert, er að óska eftir umsögnum um þetta frv. M. a. var um miðjan febrúar óskað eftir umsögn iðnrn. um þetta mál. Okkur þótti það ekki veigaminnst að fá að vita hver væri stefna hæstv. iðnrh. og ríkisstj., eins og þá var komið. Við lögðum líka áherslu á að fá svar sem fyrst. Nú er kominn 11. mars og í þessu þýðingarmikla máli höfum við ekki enn þá fengið svar. En iðnn. Ed. barst orðsending frá hæstv. iðnrh. 22. febr., þar sem sagt er að í undirbúningi sé umsögn rn. um þetta frv., en tekið fram, að umsögnin hafi tafist vegna veikinda starfsmanns og annríkis í rn.

Það er mjög alvarlegt mál að mínu viti, að svo þýðingarmikið mál sem verðjöfnun á olíu- og upphitunarkostnaði húsnæðis er skuli tefjast af slíkum sökum. Ég efast ekki um að þarna hafi verið um veikindi að ræða og margs konar annríki í rn. Ég vil spyrja: Hvernig er heilsufarsástandið í rn. í dag? Hefur það batnað? Og hvað um annríkið? Ég vildi gjarnan fá svör við þessu, vegna þess að ég tel að áríðandi sé að við fáum sem fyrst afstöðu rn. í þessu máli. Ég veit að við, sem stöndum að frv., hljótum allir að vera sammála um það. Mér dettur ekki í hug að halda því fram og ég vil ekki láta orð mín skiljast á þann veg, að ég sé að væna hæstv. ráðh. um að hann hafi ekki áhuga á þessu máli. En mér sýnist að áhuginn sé ekki nægilega mikill til að láta þetta mál ganga fyrir og er þó fullkomin ástæða til þess.

Ég skildi orð hæstv. ráðh. áðan á þá leið, að við mættum vænta með vorinu tillagna hans eða ríkisstj. um að leysa þann vanda sem við ræðum hér um. Ég tel að þá sé allt of seint af stað farið. Í frv. því, sem við félagar úr öllum flokkum fluttum í hv. Ed., var gert ráð fyrir að þær ráðstafanir, sem gerðar yrðu samkv. því frv., ef að lögum yrði, tækju gildi frá síðustu áramótum. Og það var engin tilviljun að við gerðum ráð fyrir slíku, vegna þess að við lítum svo á, og ég tel að allir lítum við þannig á, að enginn ónauðsynlegur dráttur megi verða á því að gripið sé til aðgerða til að leiðrétta það ranglæti, sem viðgengst í þessum málum í þjóðfélagi okkar, og létta byrðar þeirra sem búa á olíuhitunarsvæðunum fyrir vestan, fyrir austan og hvarvetna um land þar sem olía er notuð til upphitunar.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að fara að ræða það frv., sem ég hef hér vitnað til, efnislega eða fara að hefja almennar umr. um þessi mál. En mér þykja þessi mál svo þýðingarmikil að það sé rétt að leggja áherslu á þau hér með þeim hætti sem ég hef gert að gefnu tilefni.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil vegna orða hv. 4. þm. Vestf. greina frá því, að þegar hann vann að undirbúningi frv., sem hann ræddi um áðan og liggur nú fyrir hv. Ed., átti ég tal við hann að hans beiðni um frv. og lýsti þeirri skoðun minni, sem leitað var eftir, að ég teldi að jöfnun upphitunarkostnaðar eða húshitunarkostnaðar í landinu væri brýnt viðfangsefni, en ég tók út af fyrir sig ekki efnislega afstöðu til þess frv. sem þar var um að ræða, enda ekki eftir því leitað að ég gerði það. Hitt er rétt, sem hv. þm. greindi frá, að ég taldi ofureðlilegt að iðnn. beggja þingdeilda hefðu nokkra samvinnu um meðferð málsins til þess að það gæti fengið hraðari skoðun og að þeir sérfræðingar, sem til væru kvaddir, þyrftu ekki að koma oft til funda um þetta efni hér í Alþ. ef málið færi áfram til hv. Nd. Það er einnig rétt, sem hv. þm. greindi frá, að óskað var eftir umsögn iðnrn. um málið, og þá umsögn er hægt að gefa enn. Hitt er annað mál, að það er auðvitað matsatriði hvort rn. eiga að vera að tjá sig efnislega um mál sem flutt eru í þinginu. Sérstaklega á slíkt varla við ef í undirbúningi eru af rn. hálfu till. eða frv. sem lúta að sama efni. Ég hygg að hv. 4. þm. Vestf. viti, að fyrirhugað er af hálfu iðnrn. að taka á þessu máli. Ríkisstj. hefur það nú til meðferðar, eins og ég greindi frá áðan, og það verður flutt hér við fyrstu hentugleika eftir að búið er að undirbúa það sem skyldi í formi frv. um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar.

Ég vænti þess, að hv. flm. nefnds frv. um jöfnun húshitunarkostnaðar, sem Ed. fjallar um, hafi fengið allnokkrar umsagnir frá sérfræðilegum aðilum til þess að athuga og meta sitt mál í ljósi þeirra. Ég hef séð nokkuð af þeim umsögnum og tel að efni þeirra hljóti að vekja þá n. þingsins, sem um þetta mál fjallar, hv. iðnn. Ed., og e. t. v. Nd. líka, ef hún fjallar um málið með þeim, til umhugsunar um hvort að öllu leyti sé stefnt að réttu marki með þeirri tillögugerð sem þar liggur fyrir. Ég hygg að þarna sé kannske gengið nokkru lengra en réttmætt geti talist í niðurgreiðslu á olíu, en ætla ekki að fara

að ræða þetta efnislega.

Það kom fram í sambandi við þáltill., sem hér er til umr., það kom fram í máli flm., að að hans mati gæti komið til greina að greiða olíu niður þannig að hún yrði ekki dýrari en sem svaraði þrisvar sinnum kostnaði hjá Hitaveitu Reykjavíkur og það mundi svara til niðurgreiðslu milli 56 og 57%. Ég vil ekki fara frekar út í þau efni, en þó benda aðeins á það, að ég hygg að mörkin varðandi tilkostnað þeirra hitaveitna, sem nú eru í byggingu og nú er unnið að, miðað við olíu séu nálægt 40% eða þar um bil og það gæti verið að niðurgreiðsla nálægt því hlutfalli eða ekki miklu hærri væri nokkuð við hæfi.

Ég vil líka vekja athygli hv. þm. á því, að það er hægt að jafna húshitunarkostnað með öðrum hætti en að greiða niður olíu, og það er þjóðhagslega skynsamlegt að verja talsverðum fjármunum í því skyni. Þar á ég við að endurbæta íbúðarhúsnæði, þannig að dregið verði úr tilkostnaði, og gera það með hagstæðum lánum og jafnvel með styrkjum, þannig að menn geti brugðið þar skjótt við og alveg sérstaklega á þeim svæðum þar sem kynt er með olíu. Það hefur komið í ljós við staðbundnar athuganir á þessum málum, að tilkostnaður er víða mjög hár. Sú viðmiðunartala, sem hv. þm. Egill Jónsson gat um áðan, 13 lítrar miðað við 450 m³ húsnæði, er tiltölulega lág tala miðað við það sem mest gerist. Það má jafnvel sums staðar þrefalda þá tölu, þar sem ástandið er lakast, og það segir sig sjálft að skynsamlegt er að verja fjármagni til að bæta úr bruðli af þessu tagi. Ég tek þó fram að þetta er ekki bruðl sem ég skrifa á kostnað þeirra sem í húsunum búa. Þeir ráða ekki við þann tilkostnað að endurbæta húsnæði sitt nema til komi samfélagslegur stuðningur, fjárhagsleg fyrirgreiðsla. Ég tel mjög mikilsvert að tiltækt verði, helst á þessu ári, allverulegt fjármagn í því skyni að geta greitt fyrir endurbótum á íbúðarhúsnæði og njóti olíuhitunarsvæðin forgangs í sambandi við ráðstöfun á því fé sem tiltækt kann að verða.

Til viðbótar þessu vildi ég aðeins víkja að þeim samanburði sem mjög oft er gerður við hitunarkostnað hér í Reykjavík á vegum Hitaveitu Reykjavíkur. Ég tel ofureðlilegt að menn beri það saman. Tilkostnaður í sambærilegu húsnæði hjá Hitaveitu Reykjavíkur og á olíuhitunarsvæðum er þannig, að kostnaðurinn hjá Hitaveitu Reykjavíkur er aðeins um 13% af því, sem er við sambærilegar aðstæður á olíuhitunarsvæði, og hefur farið lækkandi á undanförnum árum, eins og ég gat um áður. Þetta er auðvitað hrikalegur samanburður sem þannig fæst, en ég tel að hann sé ekki einhlítur. Kostnaðurinn við upphitun hér í Reykjavík er óeðlilega lágur, einnig miðað við rekstrarforsendur Hitaveitu Reykjavíkur. Ástæðan fyrir því er m. a. sú, að við vísitöluviðmiðun um upphitunarkostnað er eingöngu tekið mið af upphitunarkostnaði í Reykjavík, og þetta hefur leitt til þess, að um langt árabil hefur af eðlilegri viðleitni stjórnvalda við að halda niðri verðlagshækkunum og draga úr hækkunaráhrifum vísitölu verið tilhneiging til þess að bremsa af hækkanir hjá Hitaveitu Reykjavíkur alveg sérstaklega, á meðan hitaveitur annars staðar á landinu hafa fengið hækkanir langt til nálægt því samkv. óskum eða a. m. k. til að halda eðlilegu viðmiðunarhlutfalli við olíu, sem um skeið var talið hæfilegt allt að 80% af olíuhitunarkostnaði, og var tekið mið af þeim fyrirtækjum sem í uppbyggingu voru, eins og t. d. Hitaveitu Suðurnesja, Hitaveitu Akureyrar og nýju veitunum. Það liggur nú fyrir, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum nýlega, að Hitaveita Reykjavíkur telur sig hafa þörf fyrir mjög verulega hækkun á gjaldskár sinni til þess að geta sinnt nauðsynlegum fjárfestingum og óskum um útfærslu á sínu upphitunarkerfi. Þar er um háar tölur að ræða, mig minnir milli 50 og 60%. Þessi hækkunarbeiðni, sem nemur svo háum upphæðum, stafar kannske sumpart af því, að það var ekki óskað eftir hækkun hjá hitaveitunni á síðari hluta ársins sem leið eða síðasta ársfjórðungi, að mig minnir. Það er auðvitað afar erfitt fyrir stjórnvöld að standa frammi fyrir hækkunarbeiðni af þessu tagi, en ég vil taka það fram að hún er ekki að ástæðulausu. Ég tel að það verði að líta á þetta mál af raunsæi við afgreiðslu þess, þó að jafnljóst sé að erfitt er að verða við hækkun af þessu tagi. Í málefnasamningi ríkisstj. er gert ráð fyrir að farið sé yfir málefni opinberra stofnana á þessum mánuðum og hækkunarþörf þeirra metin sérstaklega áður en til þeirra mjög ákveðnu takmarkana kemur sem gert er ráð fyrir í sambandi við verðlagshækkanir síðar á þessu ári. Að því er unnið nú að yfirfara málefni opinberra stofnana að þessu leyti.

Herra forseti. Ég sá ástæðu til að víkja hér að þessu máli, þeim samanburði sem títt er gerður á orkuverði við upphitun í Rykjavík og annars staðar á landinu. Það er skoðun mín að e. t. v. sé hægt að minnka bilið og ekki óeðlilegt að bilið minnki frá báðum endum og það orkuverð, sem menn búa við hér í Reykjavík, sé lægra en þeir, sem standa fyrir veitufyritæki hér, hefðu kosið og lægra en raunverulega eðlilegt getur talist á tímum mjög hækkandi orkuverðs. Þó er eðlilegt og út af fyrir sig lofsvert að hægt sé að bjóða mönnum upphitun á góðu verði. En þarna verður að gæta lágmarksréttlætis og því er sú till., sem hér er til umr., fyllilega tímabær. En við þufum að leita leiða — og það áður en veturinn er allur — til þess að fá hér úr bætt.

Hv. 4. þm. Vestf. talaði um að ég vildi draga hlutina, jafnvel til vorsins, að fá niðurstöðu í þessu máli. Ég held það hafi verið misskilningur hjá honum að meta orð mín þannig. Ég greindi frá því, að ég vænti þess að Alþ. yrði ekki slitið svo að við hefðum ekki náð saman um viðunandi lausnir í þessu efni fyrir vorið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að fagna þeim orðum hæstv. iðnrh., sem mátti skilja á þann veg að í framtíðinni verði skilningur á gjaldskrármálum Hitaveitu Reykjavíkur betri en hefur verið í fortíðinni. Ég man ekki betur en við borgarráðsmenn samþ. á s. l. ári að fara fram á hækkun á gjaldskrá. Sú hækkunarbeiðni var ekki að fullu tekin til greina, en þó að nokkru leyti. En einmitt vegna þess að gjaldskrárhækkanir stofnana Reykjavíkur hafa aldrei verið að fullu teknar til greina er uppsafnað vandamál borgarinnar nú á þessu sviði og mörgum öðrum gríðarlega mikið.

Ég hef oft verið að bera saman það, sem ég hef staðið sjálfur í framkvæmdum, við það, sem framkvæmt er á þeim stöðum þar sem ég er kjörinn fulltrúi. Þar sem ég fer ásamt félögum mínum í einkarekstri út í fjárfestingu tekur fjárfestingin enda og fjársteymi minnkar þess vegna og afraksturinn gerir allt auðveldara og ódýrara. En hjá opinberum aðilum virðist fjárfestingin aldrei taka enda. Þannig verkar það, sem er verið að fjárfesta í, aldrei, þannig að íbúar þessa lands njóti góðs af í ódýrari þjónustu. Þetta er furðulegt. Það er kannske umhugsunarefni fyrir opinbera aðila hvernig stendur á því, að þessi

munur er hjá einstaklingum og því opinbera. Ég held að það hljóti að koma að því, þegar fjárfest er í hitaveitum eins og t. d. Hitaveitu Reykjavíkur eða öðrum, að fjársteymið til hitaveitnanna minnki. Þó að byrjunarframkvæmdir séu dýrar standa þá eftir aðallega viðhaldsframkvæmdir, og þegar neytendur eru margir þarf tiltölulega lítið frá hverjum til að standa undir þeim kostnaði.

En það, sem ég ætla einkum að tala um hér, er þáltill. á þskj. 63. Hún er flutt af Agli Jónssyni og Halldóri Blöndal, er um jöfnun húshitunarkostnaðar og svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er geri tillögur um með hvaða hætti húshitunarkostnaður verði jafnaður. Nefndin skal skila áliti fyrir 15. febr. n. k."

Sú dagsetning er að vísu liðin, en ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa till., og einmitt vegna þess að dagsetningin, sem hér er um getið, er liðin tel ég brýnni þörf á að unnið verði með enn meiri hraða.

Þetta er þýðingarmikið mál. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, að þetta er réttlætismál. Þess vegna legg ég á það alla áherslu að afgreiðslu þess verði hraðað. En ég tek ekki undir þau rök, sem komu hér fram hjá hv. 4. þm. Vestf., að það þurfi að létta af því ranglæti sem viðgengst um land allt. Hvaða ranglæti er að ske hér? Ég tek þetta til mín sem Reykvíkingur. Við getum ekki sagt að það sé okkur að kenna, sem búum við hitaveitu, eða fólkinu á Suðurnesjum eða Akureyringum, sem eru að fá hitaveitu núna, að við höfum ódýrari orku til húshitunar en þeir sem búa við olíuhitun. Ég vil ekki segja að það sé okkur að kenna. Ég segi frekar að það sé að sumu leyti þeim að þakka, sem hafa verið forsjálir og byggt upp hitaveitur, að minna magn af dýrum orkugjöfum þarf að flytja til landsins. Þar af leiðandi er olían kannske enn þá ódýrari en hún væri ef Reykjavík væri kynt með olíu ásamt Suðurnesjum, Akureyri og fleiri stöðum sem njóta hitaveitu. Ég vil því ekki að talað sé þannig, að þeir, sem búa við hitaveitu, séu einhvers konar sökudólgar. Mér finnst það óréttlæti, en mér finnst sá tónn oft koma fram.

Það segir í grg. með till., sem ég vil ljá stuðning minn, ég tek það fram og ítreka, að olíuverð hafi hækkað á síðustu árum. Þetta eru upphafsorð grg. Þar kemur líka fram, að kostnaður við húshitun með olíu hefur farið stórhækkandi, svo að nú er svo komið að hann er rúmlega áttfaldur miðað við Hitaveitu Reykjavíkur, ef ekki er tekið tillit til olíustyrksins sem á þessu ári nemur 46 700 kr. Þetta er síðan sannað með töflu, og sýnir hún þróunina frá 13./12. 1978 til 20./12. 1979. Á þessu tímabili hefur verð hækkað úr 57 50 kr. á lítra upp í 155 25 kr. En af hverju stafar þessi mikla hækkun? Þessi mikla hækkun er m. a. vegna þess að við sjálf eða ríkissjóður skattleggur vandann, sem skapast við erlenda olíuhækkun, á nákvæmlega sama hátt og hann skattlagði hráefnið sjálft og tvöfaldar þá kannske tekjur sínar í krónutölu af sama magni innfluttrar olíu. Þarna erum við eða ríkisstj. á hverjum tíma að auka á vandann, að gera vandann sjálfan að tekjulind fyrir ríkissjóð. Ekkert af tekjunum fer til baka til að greiða niður húshitunarkostnað í dreifbýlinu. Í staðinn er lagður á verðjöfnunarskattur til að standa undir hinum aukna kostnaði. Og þá vil ég segja, að ef Alþ. samþ. að kjósa þessa fimm manna nefnd álít ég að það eigi að vera verkefni hennar að athuga hve mikið af þeirri niðurgreiðslu, sem nauðsynleg er geti komið úr ríkissjóði sjálfum, og þegar það er vitað skal ég ekki vera talsmaður gegn því, að einhver viðbót komi frá þeim stöðum sem njóta innlendrar orku í dag. En ég vil ekki að verðjöfnunargjald sé lagt á innlenda orku eingöngu til þess að ríkissjóður geti ráðstafað viðbótarfé af skattlagningu olíuhækkana erlendis eins og ríkisstj. hentar hverju sinni.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég vil taka undir þessa þáltill. með flm. Ég tel að hún sé þörf. Það þarf að vinna hratt. Tíminn, sem þeir ætluðu til þess að nefndin skilaði áliti, er útrunninn og nefndin hefur ekki enn verið kosin, enda hugmyndin, sem hér er á blaði, ekki enn komin gegnum völundarhús Alþingis. Ég vona að það verði með hraði, en vil þó benda á að ég hefði talið vænlegra til að ná skjótum árangri ef till. hefði hljóðað ofurlítið öðruvísi. Ég geri þá ábendingu til flm. ef þeir vildu breyta till. sinni í meðferð, að hún orðist þannig: Alþingi ályktar að fela ráðh. að skipa nú þegar fimm manna nefnd. — Ég held að það væri fljótvirkari og eðlilegri gangur mála en að Alþ. sjálft færi að kjósa slíka nefnd.

Hv. 4. þm. Vestf. gerði að umræðuefni ágæta till. sem hann er flm. að í Ed., en þar sem hún er í Ed. tel ég ekki ástæðu til að fjalla um hana hér og nú.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það er ekki vonum fyrr að sú till. til þál., sem hér liggur fyrir, sé tekin á dagskrá í hv. Alþingi. Till. hefur legið frammi síðan snemma þings, og hefði vissulega verið ástæða til að fá hana á dagsrá fyrr til að ræða þessi mál hér í hv. Sþ. Þó er ekki fyrir það að synja að nokkuð hefur verið fjallað um þetta mál á Alþ. og þá ekki síst vegna þess frv. sem 4. þm. Vestf. ásamt nokkrum öðrum þm. flutti í Ed. Þingið hefur því unnið nokkurt verk í þessu máli nú þegar.

Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Ég skal strax taka það fram sem mína skoðun að ég tel að hér sé úrbóta þörf. Ég tel að hér sé um það mikið misrétti að ræða varðandi upphitun húsa að ákveðinna aðgerða sér þörf. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að þær aðgerðir eigi að vera meira í því formi, að um eins konar viðlagaaðgerðir sé að ræða, en forðast eigi í lengstu lög að setja upp fast kerfi sem dragi úr hvöt manna til að gera ráðstafanir til orkusparnaðar eða til að taka sem fyrst í notkun þá innlenda orkugjafa sem við höfum yfir að ráða til húshitunar, þ. e. einkum jarðvarma og raforku.

Það koma að sjálfsögðu fleiri en ein leið til greina í þessu máli. Sú leið, sem hingað til hefur verið farin, en þó ekki að því marki sem talið er nægja, er að greiða olíu niður úr ríkissjóði. Það vekur nokkra athygli, að í fjárlagafrv. því, sem lagt var fram hér á hv. Alþ. í gær, er tekið út úr frv. Það sem áður var í fyrri frumvörpum sem hér hafa verið lögð fram: Þær upphæðir sem ætlaðar voru til niðurgreiðslu á olíu, 2.3 milljarðar, að því er mig minnir, og ekkert kemur í staðinn. Það vekur óneitanlega grun um að fyrirhugað sé að leggja á nýjan skatt, sérstakan orkuskatt sem hætta er á að verði til frambúðar í skattkerfinu hvað sem líði framtíðarþörf til þessa málaflokks. Ég verð að segja fyrir mig, að ég tel það vafasama leið, en það hlýtur að verða sjálfstætt umræðuefni hér síðar, þegar tillögur um það sjá dagsins ljós. En það er þó alveg ljóst, að upphæðin, sem ég gat um áðan, hefur verið tekin út úr fjárlagafrv. nú til þess að rýma fyrir öðrum útgjöldum ríkissjóðs. Eftir stendur þá að afla tekna til þeirra niðurgreiðslna sem fyrir voru, svo að ekki sé talað um þær sem eiga að verða til viðbótar því sem var og

menn virðast vera sammála um að þurfi að hækka að einhverju marki.

Í þessari umr. hefur verið vikið nokkuð að þeim samanburði sem gjarnan er viðhafður þegar verið er að bera saman hitakostnað annars vegar hér í Reykjavík og hins vegar víða úti um land. Auðvitað er sá samanburður líklegur til að vekja óánægju, svo mikill munur sem er á því verði sem menn greiða fyrir hitaorku. En ég vil vekja sérstaka athygli á því og undirstrika það, sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. áðan, að þessi samanburður er ekki réttur vegna þess að verði á heitu vatni í Reykjavík hefur verið haldið niðri óeðlilega mikið undanfarin ár vegna þess að sá liður í vísitölu framfærslukostnaðar, sem heitir upphitunarkostnaður, er eingöngu miðaður við verð á heitu vatni frá Reykjavík. Er þar að sjálfsögðu um mjög óeðlilegt fyrirkomulag að ræða í vísitöluútreikningi. Ég vil undirstrika þetta frekar með því að kynna í þessari umr. grg. sem stjórn veitustofnana Reykjavíkurborgar hefur nýlega látið frá sér fara og er undirrituð af öllum fulltrúum í þeirri stjórn, fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga í borgarstjórn Reykjavíkur, en þar er vakin athygli á því, hversu alvarlegt ástand sé nú orðið hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Ég vil, með leyfi forseta, lesa nokkuð upp úr þessari grg., en þar segir:

„Stjórn veitustofnana hefur undanfarið fjallað margoft um hina vaxandi fjárhagserfiðleika sem Hitaveita Reykjavíkur á við að búa og torveldar henni að standa undir eðlilegum vexti. Gjaldskrá Hitaveitunnar hækkaði um 20% þann 1. febr. 1980 þrátt fyrir að stjórn veitustofnana og borgarráð hefði samþykkt 37% hækkun. Fyrir þann tíma voru liðnir 9 mánuðir án þess að Hitaveita Reykjavíkur hefði fengið nokkra hækkun á gjaldskrá, þrátt fyrir þá staðreynd að flestar aðrar hitaveitur í landinu höfðu fengið hækkun á þessu tímabili.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Hitaveitu Reykjavíkur hefur verið synjað um eðlilega hækkun, og má eflaust reka fjárhagserfiðleika fyrirtækisins til þeirrar staðreyndar, að gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur er tengd framfærsluvísitölu ein allra hitaveitna landsins.

Síðan fjárhagsáætlun Hitaveitu Reykjavíkur fyrir árið 1980 var gerð í nóv. 1979 hefur hækkun átt sér stað bæði á rekstrar- og framkvæmdakostnaði, og er nú svo komið að fjárvöntun fyrirtækisinu fyrir þetta ár er orðin um 1600 millj. kr. Ef ekki á að koma til niðurskurðar á verulegum framkvæmdum þýðir þetta 58% gjaldskrárhækkun frá 1. maí 1980.

Allt frá síðari hluta árs 1970 hefur verð á heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur lækkað stöðugt miðað við almennt verðlag í landinu. Nú er svo komið, að það er um 57% af því sem það var fyrir 10 árum. Þetta má greinilega sjá á meðfylgjandi súluriti, sem sýnir núgildisverð á heitu vatni í Reykjavík allt frá árinu 1940.

Á síðustu 10 árum hefur Hitaveita Reykjavíkur staðið undir miklum framkvæmdum og stækkunum og þjónar nú fjórum nágrannasveitarfélögum. Til þess að ná þessum árangri í viðbót við stækkun á Reykjavíkursvæðinu var gripið til þess úrræðis að taka erlend lán til framkvæmda. En lántökur héldu áfram eftir að útvíkkun kerfisins til nágrannasveitarfélaganna átti sér stað eða allt til ársins 1978. Eftirstöðvar þessara lána eru nú 5—6 milljarðar kr., og árlegar greiðslur afborgana og vaxta eru um 1200 millj. kr. Ef eðlileg gjaldskrárhækkun hefði fengist á framkvæmdatímabilinu, eins og óskað var eftir, þá væri búið að greiða þessi lán niður án þess að verð á heitu vatni væri hærra en það er í dag.“ — Þetta finnst mér vera mjög athyglisverð staðreynd í þessari grg.

„Afborganir lána og vaxtagreiðslur eru nú nokkru lægri en fjárvöntun til framkvæmda. Þrátt fyrir erlend lán, sem tekin voru á síðasta áratug, hefur orðið að fresta ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum sem varða eðlilega þjónustu við viðskiptavinina. Miðað við eðlilegan vöxt nemur stærð þeirra húsa, sem árlega eru tengd Hitaveitu Reykjavíkur, um 900 þús. rúmmetrum. Þetta samsvarar allri byggð í Keflavík eða álíka og helmingi byggðar Akureyrar, svo að einhver samanburður sé nefndur. Þessi dæmi sýna glögglega hvað árlegar framkvæmdir eru umfangsmiklar hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Árlegur kostnaður við þessar framkvæmdir nemur um 3—4 milljörðum kr. og sýnir meðfylgjandi tafla framkvæmdaáætlun fyrir árið 1980, — en þar kemur fram, að hér er um að ræða bæði framkvæmdir við ný dreifikerfi í öll þessi fjögur sveitarfélög svo og virkjanir og boranir, bæði hér innan borgarlandsins og á Reykjum.

Á síðustu árum hefur orðið að skera niður nauðsynlegar framkvæmdir, og er nú svo komið, að ekki má fresta lengur þeim verkum sem lagt er til að unnin verði, ef halda á því rekstraröryggi sem hitaveitan hefur tryggt síðasta áratuginn. Það nálgast óðum sá tími sem Hitaveita Reykjavíkur getur ekki fullnægt hitunarþörf höfuðborgarsvæðisins. Að óbreyttu mun framboð á heitu vatni ekki fullnægja þörfum komandi vetrar. Stjórn veitustofnana telur að ekki komi til greina erlend lántaka til að standa undir eðlilegri stækkun, slíkt muni aðeins magna vandann á næstu árum. Ef gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur verður ekki fljótlega færð í þá átt að hún geti staðið undir eðlilegum vexti og rekstri, þá verður ekki komist hjá annaðhvort að hætta við að tengja nýbyggð hús Hitaveitunni eða þola kulda á köldustu árstíðum, nema hvort tveggja verði.“

Þetta er úr greinargerð sem stjórn veitustofnana hefur látið frá sér fara um ástand hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Og það er í rauninni kaldhæðnislegt, að við skulum standa hér upp á hv. Alþ. og vera að ræða orkukreppu, þann geysilega kostnað sem af því leiðir að hita upp hús með olíu um landið, þegar stærsta hitaveita landsins er í þeirri stöðu vegna stefnu stjórnvalda, að það er á næsta leiti að þurfi að taka upp hitun með olíu á svæði þessarar hitaveitu. Og ekki nóg með það. Sannleikurinn er sá, að ef Hitaveita Reykjavíkur hefði fengið eðlilegar hækkanir væri hún búin að byggja sig enn frekar út. Þá væri væntanlega búið að ná samningum við ýmis önnur nágrannasveitarfélög sem bíða og hafa óskað eftir samvinnu við Hitaveitu Reykjavíkur. Þar vil ég t. d. nefna Kjalarneshrepp og Kjós og jafnvel Bessastaðahrepp. En vegna stefnu stjórnvalda hafa þessi sveitarfélög þurft að bíða og nota olíu til upphitunar sinna húsa. Þessi stöðugi vísitölufeluleikur hefur gert þetta að verkum, og því fer fjarri að þessi vísitöluleikur hafi orðið til þess, sem stefnt er að, þ. e. að launþegar fái betri lífskjör. Ég held að það ætti að reyna að vinda bráðan bug að því, að reynt verði að semja sérstaklega um þennan þátt í vísitölunni, því auðvitað er það hagsmunamál launþega um land allt að reynt verði að flýta sem allra mest nýtingu innlendra orkugjafa. En þetta fordæmi, sem við höfum nú í Reykjavík og þessi stefna stjórnvalda um mörg ár er vissulega ekki hvatning til þess að svo sé gert.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Mín er nú þörfin sú að taka til máls um þessa mjög svo athyglisverðu þáltill. þeirra Egils Jónssonar að hún hefur verið rædd í tengslum við frv. það — ég undirstrika að það er ekki þáltill., heldur lagafrv. — sem flutt er í Ed. og hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson er 1. flm. að. Er þá sæmst strax í upphafi að leiðrétta lítils háttar misskilning sem fram kom í máli hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Þrátt fyrir mjög eindreginn og hvassan stuðning við málstað þeirra Vestfirðinga og annarra dreifbýlismanna sem ekki njóta hitaveitu, þá minnist ég þess ekki, að hv. þm. Þorvaldur Garðar Krisjánsson hafi nokkurn tíma talið það óréttlæti að Reykvíkingar hefðu ódýra orku til að hita upp hús sín, heldur hitt, að fólk í öðrum byggðarlögum á landinu þurfi að borga 7—8 sinnum meira. Það er það sem hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson hefur æ ofan í æ lagt áherslu á. Við hinir, meðflm. að því frv. sem flutt er í Ed., höfum stundum tekið mjög hressilega undir, og stundum hefur okkur heppnast að verða aðeins á undan honum að vekja máls á því óréttlæti. Það er það sem fyrir okkur vakir.

Eins og hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson vakti athygli á í ræðu sinni, þá óskuðum við, flm. þessa frv., þess af iðnrn., að það léti okkur í té upplýsingar varðandi fyrirætlanir af hálfu ráðh. og rn. um aðgerðir í þessu máli. Við létum það fylgja með, að ef það kæmi nú í ljós að við ættum þess von að því máli, sem lýtur að brýnni þörf þess fólks sem borgar nú upp undir það helming af tekjum heimilis síns til þess að hita upp híbýli sín, yrði flýtt þannig að við ættum þess von að fólkið fengi, ef ekki leiðréttingu mála sinna á fyrsta fjórðungi yfirstandandi árs, þá a. m. k. eindregna von í því að úr þessum vanda yrði leyst fyrir vorið, þá mundum við sætta okkur við það, að nokkuð tefðist afgreiðsla þessa frv., og athuga með hvaða hætti mætti samrýma efni þess fyrirhuguðum aðgerðum rn. Þetta hefur dregist, því miður. Aftur á móti *er það rétt sem hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni áðan*, að við athugun á frv. sjálfu komu í ljós ýmsir annmarkar. Við því höfum við flm. búist. Til þess kvöddum við á fund iðnn. Ed. hina hæfustu sérfræðinga, að þeir gætu frætt okkur og gagnrýnt þetta frv. Ábendingum þeirra tókum við, eins og að líkum lætur, afburðavel. Það voru ýmis atriði í þessu frv. sem við vorum þegar að loknum þeim fundum staðráðnir í að breyta og færa til betra vegar, svo sem þeim ákvæðum frv. sem e. t. v. gætu leitt til þess að lagasetning af því tagi, nákvæmlega því tagi sem þar er ráðgerð, kynni að draga úr hvatanum til þess að leita ódýrari fanga til húsahitunar.

Ég hygg að þess sé ekki þörf, að ég reki hér ítarlega þau atriði sem fram komu á sameiginlegum fundum iðnn. beggja deilda Alþ. við umfjöllun um þetta frv. En ég vil þakka hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni sérstaklega fyrir þá vinnu sem hann lagði fram við samningu þessa frv. Eitt af þeim málum, sem hvað skýrast komu fram við umfjöllun um frv., var einmitt það atriði sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson drap á áðan. Það er sú skekkja sem hin öfluga Hitaveita Reykjavíkur setur í allt tal okkar og alla útreikninga varðandi hitunarkostnað á Íslandi. Kom nú í ljós í ræðu hv. þm. það sem mig hafði lengi grunað, að það er stundum býsna breytt bil á milli réttlætisins og prósentunnar og hún ekki vænleg til þess út af fyrir sig að koma miklum hlutum í framkvæmd á Íslandi ef við hana er stuðst eingöngu.

Hv. þm. vakti sjálfur athygli okkar á sameiginlegum nefndarfundum einmitt á þeirri staðreynd í fyrsta lagi, að hið lága verð á heitu vatni í Reykjavík, sem haldið er *niðri með aftöðu hins opinbera út af vísitölumálum*, hefur valdið miklu tjóni, ekki aðeins á rekstri fyrirtækisins sem slíks, heldur á efnahag fólksins á Reykjavíkursvæðinu þegar til lengdar lét. Hér er ekki aðeins um það að ræða að við höfum af þessum sökum orðið að láta hjá líða öflun meiri orku til upphitunar á þessu svæði, heldur hefur þetta lága verð, samkvæmt upplýsingum frá Hitaveitu Reykjavíkur, valdið sóun á heitu vatni, þannig að ef verðið hefði verið sanni nær, þá hefði vatnið á þessu svæði enst okkur betur, og aukinheldur það að ég er hv. þm. fyllilega sammála um að hið æskilega og eðlilega og eina skynsamlega er að fyrirtæki eins og Hitaveita Reykjavíkur fái að byggja upp efnahag sinn með þeim hætti að hún geti sjálf staðið undir framkvæmdum. Hitt er alls ekki nógu gott.

Ég bind nú miklar vonir við það, að frv., sem verið er að vinna að í iðnrn. varðandi orkumálin og þá sérstaklega húshitunarmálin, komi fram hið fyrsta og verði afgreitt hér í þinginu. Ég geri mér grein fyrir því, að hér er um að ræða miklu víðtækara mál heldur en það sem lýtur að hækkandi verði á olíu til húshitunar. Persónulega er ég þeirrar skoðunar og tel mig hafa ástæðu til þess að ætla að við þurfum alls ekki að búast við því, að neinn bati verði til batnaðar í sambandi við olíuverð, heldur að hröðunin á verðhækkuninni haldi áfram svo sem verið hefur allar götur frá 1974, vegna þess að það er ekki satt að þetta sé séra Khomeini að kenna, að olían hefur hækkað í verði eða þeim hvítskikkjuklæddu Aröbum. Ástæðan er beinlínis sú, að framleiðsla á olíu helst ekki í hendur við eftirspurn og það er fyrirsjáanlegt að á tímabilinu fram undir 1990 mun með áframhaldandi hröðun á notkun, eins og verið hefur, skorta upp undir það 1/4 hluta á að brýnni þörf fyrir olíu verði fullnægt. Þessi hækkun heldur áfram, og sá vandi, sem okkur er þar á höndum, er líka geigvænlegur á mörgum sviðum öðrum en þeim sem lúta að húshituninni. Ég er viss um það, að við verðum að huga alvarlega að því að bæta húsakynni okkar, einangra þau betur, kannske að huga að því í framtíðinni, að við byggjum ekki íbúðarhúsnæði nema miðað við það, að við höldum sæmilegri hlýju á okkur í húsakynnum okkar, og leitum sem flestra úrræða til þess að bæta úr orkuskortinum. Þar eigum við ýmissa kosta völ.

Ég held að þáltill., sem hv. þm. Egill Jónsson er hér 1. flm. að, hafi þegar gert mjög mikið gagn með því að vekja umhugsun um þetta geigvænlega vandamál í þeirri mynd sem það er. Ég er hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni samdóma um það, að við hljótum að fylgja eftir anda þessara tveggja þingmála. Það er hlutverk okkar þm. sem förum með umboð fólksins á þeim svæðum þar sem nú er ekki tiltæk ódýr orka til að hita upp hús.

Ég er þakklátur í hvert sinn sem ég kem inn úr kuldanum, að það skuli vera nógu hlýtt. Ég hef ástæðu til þess að vera þakklátur, af því að ég man þann tíma í Reykjavík þegar verið var að vinna að hitaveitunni, — þakklátur fyrir visku og framtak þeirra manna sem stóðu að þeim stórkostlegu framkvæmdum á þeim tíma. Mér sárnaði það stórkostlega þegar ég las viðtal við Winston Churchill í Saturday Evening Post, þar sem hann sagðist hafa stungið upp á því, þegar hann kom til Reykjavíkur á stríðsárunum, að Reykvíkingar notuðu eitthvað af þessu heita vatni til þess að hita upp húsin sín. Mér sárnaði það

sérstaklega vegna þess, að Churchill þurfti að stikla yfir hitaveituskurði þegar hann kom hingað til Reykjavíkur í þessa heimsókn. Hann sagðist hafa sagt þetta við mann sem hann myndi ekki hvað héti, en maðurinn hefði verið með hnerra, sagði hann í þessu viðtali. Þessu var lítils háttar breytt síðan í ævisögu hans, en hann hélt þessu enn þá fram, að það hefði verið hans uppástunga að Reykvíkingar færu að nota heita vatnið til þess arna. Hér var um að ræða framtak sem hefur sannarlega komið allri þjóðinni til nota. Ég er aftur á móti hálfuggandi um það, að öll þessi ofgnótt af heitu vatni hafi ekki verið að öllu leyti til hollustu fyrir fólkið í bænum, að menn búi í of heitu húsnæði, þannig standi á þessum bláu nefjum sem maður sér í 6 stiga frosti hér í Reykjavík umfram það sem maður sér í þorpunum úti á landi þar sem minni er upphitunin. Þetta búskaparlag er kannske ekki vel til þess fallið að ala upp harðgert fólk sem þolir loftslag síns lands.

Ég er sjálfur mótfallinn því, að nokkuð verði gert að ráði að því að auka upphitunarkostnað fólks á Reykjavíkursvæðinu, þó að ég sé utan af landi, — auka upphitunarkostnað á þessu svæði, ef hægt er að komast hjá því, til þess að lækka upphitunarkostnað annars staðar. Við verðum að leita annarra fanga til þess að leysa þetta mál til langframa. Það hefur verið partur af kjörum alþýðunnar á Reykjavíkursvæðinu, skaplegum eða óskaplegum eftir ástæðum, að hafa tiltölulega lágan upphitunarkostnað. Við verðum að leita annarra ráða af megni til þess að leiðrétta það ranglæti sem hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson gerði grein fyrir í ræðu sinni. Það er ranglátt að fólk í heilum byggðarlögum kringum landið skuli þurfa að borga sjö- til áttfalda upphæð fyrir upphitun á nauðsynjahúsnæði sínu á við það sem gert er hér á Faxaflóasvæðinu. Og þess vænti ég, að ekki muni standa á þingmönnum Reykvíkinga þegar til kastanna kemur, síst af öllu þeim sem sakna þess nú ákaflega að ekki virðist vera gerð grein fyrir fjárveitingum í fjárlagafrv. í þessu skyni, — að ekki muni standa á þeim þegar til þess kemur að afla fjár til að bæta úr þessari neyð úti á landi. Ég hef verið ákaflega feginn hversu oft það kemur fram einmitt í máli þingmanna Reykjavíkur, að þeir bera verulegan hlýhug til fólksins úti á landi, eru tilbúnir að taka undir nauðsynjamál þess, þó misjafnlega eftir því hvað það kostar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætlaði að víkja nokkrum orðum að framlagi hv. 3. þm. Reykv. í þessari umræðu, en í raun og veru hefur hv. 4. þm. Norðurl. e. tekið af mér ómakið. Hv. 3. þm. Reykv. hneykslaðist á því, að ég notaði orðið ranglæti þegar ég hafði í huga að sumir þurfa að búa við fimm- eða sexfaldan upphitunarkostnað á við aðra. Þetta fór í hans fínu taugar. Ég sagði ekkert um það, hverjum þetta væri að kenna. Það kom ekki í minn huga neitt um það, hvað þá heldur að ég segði eitthvað um það. Ef ég hefði farið að segja eitthvað um það, þá er ekki nema að ég hefði nefnt Khomeini. En nú hefur hv. 4. þm. Norðurl. e. sagt að það sé ekki einu sinni honum að kenna. Og svo stendur hv. 3. þm. Reykv. upp og gerir mér það upp, að ég sé að kenna þeim, sem búa við hitaveitu, um þetta. Í raun og veru er þetta ekki svaravert. Og svo heimskar þessi hv. þm. sig á að leggja út af þessum hugarórum. (Gripið fram í.) Ég treysti þér, Stefán Jónsson, til þess að segja allt sem ég hef sagt um þetta og fara með það eins og þú vilt.

Ég hefði viljað segja nokkur orð hér við hæstv. iðnrh., en hann er því miður farinn svo að ég ætla að draga úr því sem ég hefði kannske sagt, þó að ég hafi aldrei ætlað mér að fara út í almennar umræður um þessi mál. Hæstv. ráðh. gaf í skyn að í frv. okkar fjórmenninganna í Ed. hefði kannske verið gengið fulllangt í hugmyndum okkar um niðurgreiðslu. Það er að sjálfsögðu matsatriði hvað menn telja í þessu efni. Við gengum þó ekki lengra en það, að við gerðum ráð fyrir að þeir, sem byggju við olíukyndingu, borguðu tvisvar og hálfu til þrisvar sinnum meira en meðalverð. Ég fer ekki út í að skýra þessa reglu. Ég held að fram komi það sem er aðalatriði í þessu.

Hæstv. ráðh. vék að því, að það væri skynsamlegt að verja fjármagni til þess að draga úr olíukostnaðinum, þ. e. til tiltekinna framkvæmda, eins og t. d. að bæta einangrun húsa og annað slíkt. Ég er honum alveg sammála um þetta. Og ég er honum svo sammála að ég hef ásamt níu öðrum hv. þm., félögum mínum, borið fram sérstaka till. um þetta efni á þskj. 157, þar sem gert er ráð fyrir að gerð verði sérstök framkvæmdaáætlun til fjögurra ára til þess að flýta fyrir því, að við losnum við olíuna sem orkugjafa, og svo að gera tilteknar orkusparandi aðgerðir. En ég held að svo þýðingarmikið sem þetta er, þá megum við ekki gæla við þá hugsun að ætla að taka af því fé sem nauðsynlegt er til þess að lækka þegar í stað upphitunarkostnaðinn á olíuhitunarsvæðunum. Við verðum að verja öðru fé í framkvæmdirnar.

Hæstv. ráðherra vék svo að Hitaveitu Reykjavíkur og því ástandi sem hér hefur verið komið inn á af mörgum fleiri ræðumönnum, að kostnaðurinn hjá Hitaveitu Reykjavíkur sé óeðlilega lágur vegna þess að það hafa ekki fengist gjaldskrárhækkanir eins og nauðsynlegt hefur verið. Ég er sammála því sem menn hafa sagt um þetta efni. En ég vil vekja athygli á því, að það er ákaflega þýðingarmikið að gera eitthvað til þess að breyta þessu ástandi. Eitt af höfuðatriðum okkar Ed.-manna, sem hér hefur verið vitnað til, er að gera ráð fyrir að niðurgreiðsla á olíu og upphitunarkostnaður á olíuhitunarsvæðunum fari eftir sérstakri viðmiðunarreglu sem ég ætla ekki að fara að skýra út hér. En í þessari viðmiðunarreglu felst það, að niðurgreiðslur lækka sjálfkrafa ef gjaldskrár hitaveitnanna hækka. Þessu fylgja tveir kostir: Annars vegar sá kostur, að það ætti ekki að vera hætta á því, þegar búið er að setja á ákveðinn styrk, að hann haldist í sama mæli lengur en þörf er á. Stundum er hætta á því. Hins vegar hefur þetta þann kost, að sá aðili, sem ætti að hafa mesta hagsmuni og mestan áhuga á því að lækka niðurgreiðslurnar, minnka það fjármagn sem þarf til niðurgreiðslunnar, gerir það með því að veita eðlileg leyfi til hækkunar á gjaldskrám hitaveitna.

Hér hafa sumir, svo sem hv. 6. þm. Reykv., vikið að orkuskatti. Ég skal ekki fara að ræða það mál. En við, sem stöndum að frv. í Ed., lögðum höfuðáherslu á að flýta þessu máli. Í þeim tilgangi að flýta málinu lögðum við áherslu á að takmarka það við þetta eina höfuðatriði, að greiða niður olíu, en ekki að taka inn í frv. almenn ákvæði um allsherjarverðjöfnun á orkugjöfum. Ekki var það gert vegna þess að við værum að segja að það ætti ekki að gera, heldur vegna þess að við töldum að það væru svo mörg ágreiningsatriði og margt sem orkaði tvímælis í þeim efnum, að það tæki of langan tíma að leysa þau mál meðan olíuupphitunarfólkið væri að bíða eftir lausn á sínum vandamálum. Þetta vildi ég að hér kæmi fram. Allt, sem hefur komið fram í þessu efni, m. a.

till. sú sem við ræðum hér, leggur áherslu á þetta höfuðatriði, að málinu sé flýtt. En það er mín skoðun að eðlilegasta og öruggasta leiðin til þess sé að samþykkja það frv. sem fyrir liggur með þeim breytingum, sem menn telja að þurfi að vera á því.

Hæstv. ráðh. gaf hér í skyn að í umsögnum, sem borist hafa um þetta frv., sé ýmislegt sem segi það að þurfi að bæta úr göllum á frv. Þetta er rétt. Það hafa líka komið umsagnir sem hafa lagt áherslu á að frv. verði samþykkt óbreytt. Við, sem stöndum að frv., höfum alltaf gert ráð fyrir að það gæti þurft að gera á því breytingar í meðferð. En við höfum talið að höfuðatriði þess, sem er fyrirkomulag og viðmiðun olíuniðurgreiðslunnar, sé rétt stefna. Við höfum alltaf gert ráð fyrir því. En það er að sjálfsögðu pólitísk ákvörðun hvað niðurgreiðslan á að vera mikil. En ég vona að allir hv. þm. geri sér grein fyrir því, að það er tómt mál að tala um þetta niðurgreiðslumál á olíu ef við erum ekki reiðubúnir til þess að gera verulega bragarbót frá því sem nú er. Ef við gerum það ekki reynist það svo í verki að við meinum lítið með því þegar við erum að lýsa hinu slæma ástandi og hinu mikla vandamáli sem hér er við að glíma.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Vegna þess, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, hlýtur það að koma upp á, hvaða leið sem við förum, að öll verðjöfnun í þessum efnum sem öðrum verður fyrst og fremst á kostnað þeirra sem búa við lægst verð á orku í dag. Þetta á auðvitað við um alla verðjöfnun, af hvaða tagi sem er, og reyndar allar félagslegar aðgerðir. Þær eru flutningar á verðmætum frá þeim, sem betur mega sín, til þeirra, sem verr eru staddir. Það er ekki hægt að komast fram hjá þeirri staðreynd.

Hér erum við að ræða um eitthvert hrikalegasta misrétti sem nú viðgengst í þjóðfélagi okkar. Þetta misrétti er svo mikið, að það hlýtur að leiða til verulegrar röskunar á búsetu í landinu ef ekki verður að gert og það fljótt. Ýmsar leiðir koma til greina til úrbóta, a. m. k. til að draga verulega úr þessu misrétti. Í fyrsta lagi er hægt að hækka þann olíustyrk sem nú er greiddur. Í öðru lagi er hægt að leggja á sérstakt olíugjald og hafa þá innifalið í því verðjöfnunargjald á raforku, eins og lagt er til í frv. því sem minnihlutastjórn Alþfl. lagði fyrir Alþ. Í þriðja lagi má hugsa sér að jafna þetta gegnum tekjuskattinn með mismunandi persónuafslætti, barnabótum eða einhverju því um líku. Við verðum að finna ráð til að draga verulega úr því misrétti sem hér er um að ræða, án þess að draga um of úr áhuga manna á að hraða framkvæmdum við hitaveitur og aðrar fjarvarmaveitur.

Herra forseti. Ég styð eindregið efni þeirrar þáltill. sem hér er til umræðu.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Það er sannarlega ekki mikið tilefni til þess fyrir mig að flytja hér langt mál, og raunar á ég helst það erindi eitt að þakka þær undirtektir sem sú till., sem ég hef flutt ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal, hefur hlotið hér á Alþingi. Ég held að þær umræður, sem hér hafa farið fram, gefi góðar vonir um að samstaða náist um þetta mál við afgreiðslu þess á Alþingi.

Það, sem er að minni hyggju langsamlega stærsta atriðið í þessu máli, er tekjuöflunin. Þegar við gengum frá þessari till. til flutnings á Alþ. var okkur að sjálfsögðu í fersku minni að stutt var umliðið frá kosningum og einmitt um þessi mál hafði þá orðið nokkur kosningahamagangur. M. a. af þeirri ástæðu er þessi till. sérstaklega bundin við það, að menn komi sér niður á þann grundvöll til tekjuöflunar sem sæmilegur friður geti orðið um.

Ég er þakklátur hæstv. iðnrh. fyrir framlag hans í þessar umræður. Reyndar vissi ég áður um áhuga hans í sambandi við þetta mál. Ég vil hins vegar ekki láta undan gangast að undirstrika það alveg sérstaklega, að þó að tekin hafi verið upp vinna undir hans stjórn í iðnrn. að tillögugerð varðandi þetta stóra mál, þá vænti ég þess, að þar verði unnið með þeim hætti að fyrir liggi nokkurt samkomulag um málið þegar það kemur til flutnings af hans hendi. Og að því leyti get ég tekið undir það sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði í þessum umræðum, að bæði þau frv., sem hafa verið flutt á Alþ., og svo þessi þáltill. og þær umræður sem út af henni hafa spunnist hér á Alþ., þetta ætti allt saman að vera góður grundvöllur til þess að byggja á tillögugerð sem mundi geta leitt til góðs samkomulags hér á Alþ. Væri það að sjálfsögðu verðugt fyrir þetta mál og úrlausn þess, að um það gæti orðið góður friður og gott samkomulag hér á Alþingi.

Ég endurtek svo þakklæti mitt fyrir undirtektir við þetta mál og vænti að það fái greiðan framgang.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess að leggja hér nokkur orð í belg um þetta mál, vegna þess að eins og hér hefur komið fram er um að ræða eitthvert mesta ranglæti sem viðgengst í þjóðfélaginu í dag, þ. e. mismuninn á því kostnaðarlega séð að hita upp húsnæði á olíusvæðunum samanborið við Reykjavíkureða hitaveitusvæði — svo enginn móðgist skulum við segja hitaveitusvæði.

Eins og hér hefur komið fram, hefur þetta mál verið hér fyrr til umræðu, og ég trúi því satt að segja a. m. k. í lengstu lög að það sé almennur vilji meðal þm. fyrir því að leysa þetta mál þannig að ná sem mestum jöfnuði milli landsmanna í upphitun, hvar svo sem þeir búa á landinu.

Þáltill., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir að Alþ. álykti að kjósa 5 manna n. Ég persónulega hef þá skoðun, og það undirstrikar þessa skoðun mína að þetta er 50. mál Alþingis og er fyrst nú að koma til umr. hér í þinginu, líklega tæpum þremur mánuðum eftir að málið er lagt fram að málsmeðferð með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, mundi að mínu viti þýða það með þeim vinnubrögðum, sem hér eru viðhöfð, að ef þetta ætti að ná fram að ganga efnislega eftir till., og ég þykist vita hver meining tillögumanna er, þá þýddi það í raun og veru að þetta yrði kannske til lykta leitt á næsta hausti, næsta Alþ., ef þau vinnubrögð eiga hér að ríkja sem verið hafa ekki bara núna, heldur um langan tíma. En þó að ekkert hafi verið annað heldur en það, að þessi till. hafi verið lögð fram og hún verið rædd, þá hefur hún að mínu viti — og ég tek undir með hv. þm. Stefáni Jónssyni um það — hún hefur vissulega skilað árangri í málinu. Ég held að ég muni það rétt, að núv. hæstv. iðnrh., sem er sá hinn sami sem fyrrv. hæstv. iðnrh., skipaði á sínum tíma nefnd til þess að gera könnun á þessu. Sú n. skilaði, að ég held, áliti. Ég held því að fyrir liggi öll plögg um það, hvað þarf í raun og veru að gera, og það er öllum ljóst hvaða leiðir er hægt að fara í þessu máli, þannig að nú vantar bara framkvæmdina. **(Gripið fram í:** Ákvörðunina). Ákvörðunina, jú, við erum nú búnir að fá ríkisstj. í landið sem hv. þm. styður, og ég vænti þess að þar verði ákvörðunin tekin og eftir henni þurfi ekki lengi að bíða. En af öllum

þeim umr. og öllum þeim hugmyndum og skrifum, sem fram hafa komið varðandi þetta mál, held ég að það þurfi hvorki að kjósa nefnd né láta ráðh. skipa nefnd.

Það liggur allt á borðinu. Það þarf einungis — ég skal fallast á það með hv. þm. Stefáni Jónssyni — að taka ákvörðunina og framkvæma. Það er það sem nú liggur fyrir og er hægt að gera án frekari umr. og án frekari málalenginga um málið.

Ég tók eftir því, að hv. þm. Stefán Jónsson sagði áðan að hluti af kjörum launafólks hér í Reykjavík væri sú aðstaða sem það býr við að því er varðar hinn lága upphitunarkostnað. Þetta er að sjálfsögðu rétt. Og hann sagði áfram, ég held að ég hafi náð því nokkurn veginn orðrétt: Ég er á móti því að auka kostnað hjá Reykvíkingum. Við verðum að fara aðra leið. — En hvaða leiðir á að fara til þess að jafna, ef ekkert á að leggja á þá sem búa við bestu aðstöðuna? Eigum við hinir að borga fyrst og síðan verði það tekið aftur af okkur? Það er auðvitað engin leið til jöfnunar öðruvísi en þeir, sem búa við bestu aðstöðuna, taki á sig aukinn kostnað. Það verður að vera með a. m. k. Þess vegna skil ég ekki það og mér þætti vænt um að heyra það hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, — ég veit að það stendur ekkert í honum að upplýsa það, honum er þá illa aftur farið, — hvaða leið hann á við til jöfnunar ef það á ekki að ganga í þá átt að það verði aukinn kostnaður hjá þeim, sem minnst þurfa kostnaðarlega séð að bera núna. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að það komi niður á þeim líka. Og ég vil nú segja það hreinskilnislega, að auðvitað á það fyrst og fremst að koma niður þar sem minnst er borgað fyrir þetta nú.

Kannske finnst hv. flm. þessarar þáltill. að ég sé í andstöðu við þá, en það er síður en svo. Ég tek alveg heils hugar undir það sjónarmið sem ég þykist vita að liggi á bak við þessa þáltill., þó að ég telji að það atriði hennar að fara að kjósa n. núna komi til með að skila árangri svo seint að við getum ekki beðið svo lengi úr því sem komið er. En það er eitt sem vekur athygli manna einmitt þessa dagana, og það snýr kannske að hv. þm. Stefáni Jónssyni líka og ekki síst. Það vekur að sjálfsögðu athygli, að hæstv. ríkisstj. gerir í sínu fjárlagafrv. ekki ráð fyrir einum eyri til þess að jafna þennan mismun, ekki einu sinni að halda því inni sem fyrir var til þess að jafna mismuninn, hvað þá að gert sé ráð fyrir að bæta við hann. Þetta hlýtur að vekja athygli, ekki síst þegar sjálfur hæstv. fjmrh. er úr þeim flokki sem fyrst og fremst hefur talið sig vera aðila í landinu til þess að jafna lífsbyrðunum og hefur oftast kallað sig hinn eina og sanna fulltrúa þeirra sem verst eru settir í landinu.

Menn segja í áframhaldi af þessu: Það á að gera ráðstafanir fyrir utan fjárlög. — Og af því að ég er velviljaður maður hlýt ég að reikna með því, að það sé meining hæstv. ríkisstj. og stjórnarliða að gera það, að það sé meinig þeirra að gera sérstakar ráðstafanir í þessu tilfelli. Menn verða þá að bíða eftir að sjá í hvaða formi þær ráðstafanir eiga að vera. En ekki er hægt að bíða lengi. Þetta mál verður að fara að koma inn í þingið til ákvörðunartöku, því að það er rétt, sem hér hefur komið fram, að ef fram heldur sem horfir, leiðir þetta líklega til óstöðvandi fólksflutninga frá olíusvæðunum, sem menn kalla, til þeirra svæða þar sem jarðvarmi eða slík orka er fyrir hendi, vegna þess að hér er auðvitað um stórkostlega kjaraskerðingu að ræða hjá þeim einstaklingum sem búa á olíusvæðunum. (Gripið fram í.) Ekki aldeilis. En ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. fari að taka við sér varðandi þetta, því að auðvitað bíða menn eftir því að hún leggi fram hugmyndir sínar í málinu. Og enn vil ég treysta því, að svo verði gert, og ég vil a. m. k., þar til annað kemur í ljós, treysta á að þar verði leitað fyllsta jafnaðar til þess að koma til móts við þá sem búnir eru að axla þessa byrði í nokkuð mörg undanfarin ár. Auðvitað hefur verið mismunur þarna á ferðinni, en aldrei eins augsýnilegur og mikill og verið hefur nokkur undanfarin ár. Hvort sem hv. þm. eru fulltrúar hitaveitusvæðanna eða olíusvæðanna, þá er þessi munur hróplegur og knýr á sameiginlegt átak þingsins til að létta byrði þessa fólks og létta hana verulega, helst það mikið að við náum því að hér verði jöfnuður á ferðinni. Nóg annað er til þess að íþyngja þeim íbúum þessa lands sem búa utan Reykjavíkursvæðisins og snýr að ójöfnuði, þó að hér verði myndarlega að verki staðið af hálfu Alþingis til þess að létta þessa byrði.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þetta er orðin nokkuð löng umr. og það hafa verið mörg sverð á lofti, — það eru mörg mál svipaðs eðlis á ferli hér í þinginu. Þessi till. til þál. á þskj. 63 hljóðar á þá leið, að Alþ. álykti að kjósa 5 manna n. er geri till. um með hvaða hætti húshitunarkostnaður verði jafnaður. N. skal skila áliti fyrir 15. febr. n. k. Ég geri ráð fyrir að dagsetning breytist í þeirri n. sem væntanlega fær þessa till. til afgreiðslu, ef til þess kæmi. En svona nefndir hafa verið að störfum áður, og eins og raunar kom fram hjá síðasta ræðumanni hefur slík n. nýlega skilað skýrslu. Í okt. 1979 skilaði n. skýrslu, og ég er hér með í höndum álit þeirrar n.: Tillögur um leiðir til jöfnunar á hitunarkostnaði. Þessi n. var skipuð af iðnrh. Hjörleifi Guttormssyni í sept. s. l. Skilabréf hennar er dags. 14. okt. 1979. Í erindisbréfi hennar segir m. a.:

„Í nefndina voru skipaðir Gunnar R. Pétursson rafvirki á Patreksfirði, Kristinn V. Jóhannsson skólastjóri á Neskaupstað, sem var formaður n., Magnús Reynir Guðmundsson bæjarritari á Ísafirði og Matthías Bjarnason alþm. í Garðabæ og Finnbogi A. Jónsson verkfræðingur starfaði með n. af hálfu iðnrh. og var hann ritari nefndarinnar."

Samkv. erindisbréfi var nefndinni ætlað að fjalla í fyrsta lagi um söfnun upplýsinga um mismun á upphitunarkostnaði heimila víðs vegar um land og gera till. um leiðir til að draga sem fyrst úr honum frá því sem nú er; í öðru lagi um æskilegar fjáröflunarleiðir til að mæta útgjöldum við jöfnun á upphitunarkostnaði, þar með til greiðslu á olíustyrk; í þriðja lagi endurskoðun reglna um greiðslu olíustyrks með það í huga, að í þeim verði fólginn hvati til sparnaðar og meira samræmis gætt en nú er á milli orkunotkunar heimila og upphæðar olíustyrks.

Þá var n. einnig ætlað að taka til meðferðar upphitunarkostnað skólahúsnæðis og úrræði til að minnka hann og draga úr misræmi í tilkostnaði sveitarfélaga vegna hitunar kennsluhúsnæðis og heimavista.

Þessi n. vann sitt verk á skömmum tíma. Einn nm., hv. þm. Matthías Bjarnason, gat raunar ekki starfað í n., segir í skilabréfinu, vegna anna við önnur störf og dvalar erlendis.

Í skýrslu n. kemur ýmislegt fróðlegt fram. Hér er m. a. tafla þar sem er áætlaður kostnaður við hitun 450 rúmmetra einbýlishúss. Ef orkugjafinn er olía er þessi kostnaður 895 þús. kr., en frá dregst þar olíustyrkur, sem þá var 72 þús. kr. á ári fyrir einstakling. Rafmagn frá

RARIK 587 þús. kr. Heitt vatn á Akureyri 295 þús. kr. Heitt vatn í Reykjavík 117 þús. kr. Menn sjá af þessum tölum hve gífurlegur mismunur þarna er á ferðinni og að þarna er um mikið óréttlæti að ræða.

Í niðurstöðum í skýrslu n., sem ég les úr — með leyfi forseta að sjálfsögðu — örfáar setningar, segir m. a.:

„Í árslok 1978 notuðu 23% landsmanna olíu til húshitunar og greiddu fyrir hana um 60% af heildarkostnaði við hitun húsnæðis í landinu. Þessi 23% landsmanna, sem notuðu olíu, greiddu sem sagt 60% af heildarkostnaði við hitun húsnæðis."

N. leggur síðan áherslu á að útrýma sem fyrst olíuhitun húsa og bendir á þann gífurlega þjóðfélagslega mismun sem af henni leiðir. Þá telur hún eðlilegt, að upphæð olíustyrks verði miðuð við að hitunarkostnaður með olíu verði greiddur niður sem svarar um þriðjungi af kostnaði, og leggur til að styrkupphæð verði fastsett í lögum, *en hækki síðan til samræmis við breytingar á olíuverði.* Hún telur enn fremur eðlilegt að breyta núgildandi lögum um jöfnun á hitunarkostnaði þannig að það sé ótvírætt að þeir, sem eingöngu nota olíu til hitunar íbúða sinna, skuli njóta olíustyrks, í öðru lagi, að þeir, sem eiga kost á öðrum hagkvæmari orkugjafa njóti ekki olíustyrks og að meira samræmi sé milli olíustyrks og raunverulegs hitakostnaðar.

Nefndin leggur til að verðjöfnunargjald á raforku og olíuverði verði fellt niður, en í þess stað lagður almennur orkuskattur á alla orkusölu í landinu, þar með talið orkusölu til stóriðju og hitunar húsa. Tekjum af orkuskatti verði varið til verðjöfnunar á raforku, eldsneyti og hitunarkostnaði, til Orkusjóðs vegna framkvæmda í orkumálum og til Orkustofnunar vegna rannsókna á nýtingu innlendra orkugjafa og leiðum til að draga úr olíuinnflutningi. — Lýk ég hér að vitna til skýrslu þessarar nefndar.

Úr þessari skýrslu hafa hugmyndir flotið víðar hér inn í þingið heldur en á þessu þskj. Ég nefni frv. sem hv. fyrrv. ríkisstj. bar fram, stjfrv. um orkugjald. Ég nefni frv. á þskj. 112 sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, Tómas Árnason, Stefán Jónsson og Eiður Guðnason báru fram og hefur nokkuð komið til umr. í þessari lotu, þar sem lagt er til að olía verði niðurgreidd. Það er um margar leiðir að velja. Ég er ekki sannfærður um að enn sé búið að finna þá sem er alveg gallalaus. Frv. hv. þm. Þorv. Garðars, Tómasar Árnasonar, Stefáns Jónssonar og Eiðs Guðnasonar er að ýmsu leyti gott frv. að mínum dómi. Þó er á því ansi mikill galli, að það vantar það sem við á að éta. Það vantar sem sagt tekjuöflunarhliðina. Hugmyndin um orkuskatt er að ýmsu leyti álitleg, en hún er gölluð líka og sumt í henni vitleysa, eins og t. d. að fara að leggja skatt á olíuna sem skipin þurfa til að afla fisksins sem við svo lifum á. Ég held að það geti ekki komið heim og saman. Ef farið er að gera þetta, þá er það hrein vitleysa, og ég óttast að sumt í framkvæmd þess máls, ef að lögum yrði, eða þeirrar hugmyndar yrði meira að segja fyrirhafnarsöm vitleysa. En vonandi erum við öll sammála um að það þurfi að hafa lífsaðstöðu þegnanna sem jafnasta, og það er náttúrlega ekki hægt að líta svo á að lífsaðstaðan sé jöfn að þessu leyti.

Hvað orkuskattinum viðvíkur, þá er aðeins tilraun að klóra þar í bakkann vegna þess að menn hafa samið af sér um orkusölu til stóriðju og láta þar á spottpris rafmagn til að bræða ál suður í Straumsvík eða til að framleiða járnblendi uppi á Grundartanga, meðan það kostar, eins og ég sagði áðan, 587 þús. kr. að hita upp 450 m^3 einbýlishús á veitusvæði RARIK. Á RARIK-svæðunum býr reyndar þó nokkur hópur manna í þessu landi. Ef olíustyrkur er greiddur og ég til að hann eigi rétt á sér og sé nauðsynlegur, og ef hann er orðinn hár, þá getur hann náttúrlega gengið út í öfgar, því að þá fer að borga sig betur að brenna olíu en hita upp með rafmagni frá RARIK. Þess vegna þyrfti, jafnframt því sem olíustyrkur væri hækkaður til verulegra muna, jafnframt að koma því svo fyrir, að RARIK seldi mönnum orku á viðráðanlegra verði með einhverjum hætti. Ég held að engin leið, sem búið er að benda á, sé nægilega góð, það þurfi að vinna úr þessum hugmyndum. Þær eru margar á sveimi og það þarf að vinna úr þeim. Það þarf að finna lausn á þessum vanda. Ég vænti þess, að ríkisstj. sé að glíma við það, og treysti henni vel til þess, því að eins og við vitum er þar einvalalið. Ég treysti henni líka til þess að útvega þá peninga sem til þarf, því að eins og menn líka vita eru þar hinir snjöllustu fjármálamenn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 85). — Ein umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Uppbygging atvinnuvega er oft til umr. á Alþingi. Einkum er rætt um landbúnað og sjávarútveg, en minna fer fyrir umr. um sköpun nýrra starfstækifæra í iðnaði.

Á undanförnum árum hefur aflarýrnun hér suðvestanlands verið mjög tilfinnanleg og skapað margháttuð vandamál í atvinnulífi þeirra byggða er nær eingöngu hafa byggt á sjávarútvegi. Hvergi hefur aflarýrnun verið eins hrikaleg og á Suðurnesjum, sem sjá má af því að árið 1970 komu þar á land samtals 65 998 lestir af þorski, en á s. l. ári aðeins 45 281 lest. Fiskvinnsluhús á Suðurnesjum hafa samfara minnkandi verkefnum dregist aftur úr miðað við önnur fiskvinnsluhús á landinu hvað hagræðingu og tæknivæðingu snertir og er ástandið svo alvarlegt að einungis eitt frystihús á Suðurnesjum nær framleiðni sem talist getur þokkaleg. Atvinnutækifæri fyrir þann hóp, sem líklega hverfur frá fiskveiðum, fiskiðnaði, og fyrir þann fjölda ungs fólks, sem væntanlegt er á vinnumarkaðinn á Suðurnesjum á næstu árum, verða að vera í iðnaði eigi ekki að verða um brottflutning að ræða frá Suðurnesjum. Menn segja oft að koma þurfi upp iðnaði, en því miður eru menn úrræðalitlir þegar innt er eftir hvers konar iðnaði skuli koma á fót. Það er ekki að undra að svo sé, því að uppbygging iðnaðar á Suðurnesjum hefur átt mjög erfitt uppdráttar til þessa. Fyrir því eru að sjálfsögðu margar samverkandi ástæður, en auðvitað fyrst og fremst að áður en aflahrunið átti sér stað var atvinna þar mikil og stöðug. Þá hefur þetta landssvæði verið afskipt að fyrirgreiðslu er aðrir hafa fengið, og á ég þar við lánveitingar Byggðasjóðs.

Skömmu fyrir síðustu áramót gerði stjórn Byggðasjóðs samþykkt um að breyta útlánareglum á þann veg að afnema svokölluð landamæri, opna sjóðinn fyrir lánveitingum á þá staði sem áður hafa verið afskiptir, en átt við byggðavandamál að stríða. Hins vegar hefur ekki reynt á þessa samþykkt, en það er von mín að ný stjórn Framkvæmdastofnunar virði hana, enda um réttlætismál

að ræða.

Eitt aðalatriðið varðandi stuðning við iðnaðaruppbyggingu er skipulegt starf í leit að nýiðnaðarhugmyndum og nýiðnaðartækifærum. Síðan verður að fara fram skipuleg úrvinnsla hugmynda, fjármögnun rannsókna- og þróunarkostnaðar og síðan röðun hugmyndanna í forgangsröð eftir hagkvæmni. Vinna verður að athugun á nægilega mörgum iðnaðartækifærum í einu til þess að iðnaðaruppbygging verði jöfn og með þeim hraða sem atvinnuástand gerir kröfu til.

Talið er að um 200 manns komi út á vinnumarkaðinn á Suðurnesjum á ári næstu 5—10 árin. Um helmingur þess fólks mun leita sér starfa í þjónustugreinum. Er þá gert ráð fyrir að skiptingin stefni í að verða svipuð á Suðurnesjum og hún hefur verið yfir allt landið í heild milli framleiðslu- og úrvinnslugreina og þjónustugreina. Nú er atvinnuskiptingin þannig t. d. í Keflavík, að hlutur fiskvinnslu er 24.2%, en fyrir landið allt 8.2%. Þetta hefði í för með sér að um 100 manns leituðu eftir starfi í framleiðslu- og úrvinnslugreinum. Ljóst er því, ef ekkert yrði að gert til að skapa ný starfstækifæri á svæðinu, að helmingur þess fólks, er kemur á vinnumarkaðinn, má búast við að eiga erfitt með að fá atvinnu. Líklegt er að atvinnuleysi verði verulegt ef ekkert verður að gert. Að vísu eru Suðurnesin ekkert einsdæmi í þessum efnum, því að í rauninni er framtíðarsýn okkar Íslendinga í atvinnumálum heldur dapurleg ef ekki verður hafin sókn í átt til uppbyggingar í iðnaði.

Ef við lítum á reynslu annarra þjóða er eðlilegast að horfa þangað er finna má hliðstæður og verður Írland fyrst á vegi. Sjávarútvegurinn er og hefur verið undirstaða efnahagslífs okkar. Nú fer þeirri atvinnugrein hnignandi vegna ofveiði. Írar hafa við svipuð vandamál að stríða og við erum nú að reyna í sjávarútvegi og reyndar landbúnaði líka, þó með öðrum hætti sé. Landbúnaður hefur sem kunnugt er löngum verið aðalatvinnuvegur Íra. Á þeirri atvinnugrein byggðist afkoma þjóðarinnar að verulegu leyti fram á síðari ár. Er óþarft að fara mörgum orðum um það, að landbúnaðurinn var ekki fær um að veita landsbúum þá bót lífskjara sem almennt hefur orðið í löndum Vestur-Evrópu. Sú staðreynd varð til að skapa gífurlegt atvinnuvandamál í landinu, sem enn hefur ekki tekist að leysa að fullu þrátt fyrir mikið átak af hálfu stjórnvalda síðari árin. Þannig hafa fólksflutningar frá Írlandi verið mjög miklir og eru ekki mörg ár síðan þjóðinni beinlínis fækkaði af þeim sökum. Með ýmsum aðgerðum til atvinnusköpunar hefur stjórnvöldum þar þó tekist að draga mjög verulega úr fólksflóttanum.

Eitt af hagrænum einkennum Írlands er mikilvægi utanríkisviðskipta í efnahagslífinu. Landbúnaðarafurðir voru lengi vel meginútflutningur Íra, en þar sem verulegur hluti þess útflutnings var búfé á fæti skapaðist aldrei neinn teljandi vinnsluiðnaður til útflutnings í þeirri atvinnugrein. Jafnframt átaki til atvinnusköpunar hafa Írar lagt mikla áherslu á það hin síðari ár að renna fleiri stoðum undir efnahagslífið. Sú viðleitni hefur fyrst og fremst beinst að iðnþróun, og er nú svo komið að áberandi er aukið mikilvægi iðnaðarins á kostnað landbúnaðar. Verðmæti iðnaðarframleiðslu til útflutnings er nú mun meira en útflutningsverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar.

Írar hafa beitt ýmsum úrræðum til að skapa ný starfstækifæri. Eitt þeirra var að setja á stofn tollfrjálst iðnaðarsvæði við Shannon. Í fyrra flutti ég till. um athugun á stofnun slíks svæðis og endurflyt ég nú þá till. á þskj. 55. Þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka hvort hagkvæmt er að starfrækja tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll."

Írar hafa náð stórkostlegum árangri með stofnun tollfrjáls iðnaðarsvæðis og því tel ég fyllstu ástæðu til að kanna hvort við getum ekki fetað í fótspor þeirra. Umferð um flugvöllinn við Shannon var afar mikil þar til langfleygar þotur voru teknar í notkun. Þá minnkaði flugumferð um völlinn verulega. Gripu Írar því til margvíslegra ráðstafana til að nýta betur hið mikla fjármagn sem bundið hafði verið í mannvirkjum á staðnum.

Árið 1958 var með lögum stofnað félag til að annast uppbyggingu við Shannon og tryggja arðbæra nýtingu þess fjármagns sem þar var þegar bundið. Með lögunum var félaginu heimilað að taka hverja þá ákvörðun sem með góðu móti mátti búast við að væri nauðsynleg til að hindra minnkandi flugumferð um flugvöllinn sem stafaði af tilkomu langfleygra flugvéla. Skyldi það gert með því að nýta alla möguleika sem flugvöllurinn hefði að bjóða. Eitt af því, sem gert skyldi, var að koma upp tollfrjálsu iðnaðarsvæði með iðnaðar- og verslunarfyrirtækjum sem væru að verulegu leyti háð flugflutningum með framleiðsluvörur sínar og hráefni. Jafnframt stofnun framkvæmdafélagsins og framkvæmdaráðs árin 1958 og 1959 var mikil stefnubreyting gagnvart erlendri fjárfestingu í landinu. Írar höfðu verið dæmigerðir einangrunarsinnar, en horfið var þá frá hefðbundinni stefnu verndartolla og skilyrðum um meirihlutaaðild innlendra aðila að fyrirtækjum og frjálslyndari stefna tekin upp. Erlendum fyrirtækjum var ekki aðeins leyft að rekja verksmiðjur og hvers konar starfsemi á Shannon og raunar öðrum stöðum, heldur gerðu Írar stórt átak til þess að hvetja þau til að hefja þar starfsemi.

Tollfrjálsa iðnaðarsvæðið og fríhafnarverslunin á Shannon voru fyrsta framtak sinnar tegundar í heiminum og náðu þegar gífurlegum vinsældum. Umferð fór strax að aukast, því að flugstjórar, sem þurftu að millilenda, völdu nú Shannon fremur en aðra flugvelli. Brátt var svo starfsemin aukin verulega og stofnuð svokölluð Alþjóðleg verslunarmiðstöð, þar sem vöruúrval er mjög fjölbreytt. Það er ekki aðeins að reksturinn hafi efnahagslega gengið vel, heldur hafði fyrirtækið mikið auglýsingagildi fyrir flugvöllinn. Auk þess hefur fyrirtækið tekið drjúgan þátt í ferðamálastarfsemi á Írlandi.

Vegna legu sinnar á flugleiðum Atlantshafsins er Shannon að mínu mati og einnig Keflavíkurflugvöllur ákjósanlegir staðir til að geyma iðnaðarvörur og dreifa þeim síðan í austur og vestur. Ávinningurinn af því að geyma þær vörur er aðallega sá, að ekki er nauðsynlegt að tollafgreiða í innflutningslandi fyrr en raunverulega þarf á vörunum að halda. Með því má koma í veg fyrir fjármagnsbindingu og vaxtakostnað. Varahlutir í t. d. margar bandarískar vélar í Þýskalandi eru geymdir í Shannon og má koma þeim flugleiðis þaðan á skömmum tíma. Eru hlutir þessir þá tollafgreiddir í Þýskalandi um leið og þeirra er þörf. Annars þyrfti viðkomandi verksmiðja að liggja langtímum saman með nauðsynlegar varahlutabirgðir sem greiddur hefði verið tollur af.

Sérstakt svæði við hliðina á flugfragtstöðinni í Shannon hefur verið skipulagt fyrir vörugeymslur eingöngu. Fullunnar vörur, hálfunnar eða hráefni má flytja á stað-

inn og ýmist geyma, vinna frekar við eða setja í aðrar umbúðir áður en þær eru endurútfluttar, allt án greiðslu tolla. Allt eykur þetta umferð um flugvöllinn og stuðlar að hagkvæmari gjöldum fyrir flugfragt.

Þá er málum svo komið nú, að verksmiðjubyggingar á tollfrjálsa iðnaðarsvæðinu við Shannon þekja hundruð þúsunda fermetra. Alls konar vörur eru framleiddar þar, og má nefna t. d. svo fjarskylda hluti sem alls konar elektróníska iðnað, píanó o. s. frv. Upphaflega áttu Írar í erfiðleikum með að fá fyrirtæki til að setjast að á Shannon, þrátt fyrir öfluga auglýsingastarfsemi í mörgum löndum. Það var ekki fyrr en þeir höfðu byggt fullkomið verksmiðjuhús og skrifstofuhúsnæði að fyrstu fyrirtækin fengust til að hefja starfsemi þar. Írar töldu þetta stafa af því, að keppnin um að fá fyrirtæki til sín væri mjög hörð, sérstaklega byðu ýmsar þróunarþjóðir mjög góð kjör.

Nú er svo komið að um 500 fyrirspurnir koma árlega til Shannon og geta Írar valið þau fyrirtæki sem þeir telja sér hagkvæmast að fá. Það, sem þeir hafa einkum í huga við val fyrirtækja, er atvinna fyrir bæði karla og konur, og þá helst lærða iðnaðarmenn sem fá tiltölulega hátt kaup, svo og að fyrirtæki noti sem mest af hráefni frá landinu sjálfu.

Eins og ég hef áður sagt, var einn höfuðtilgangur aðgerðanna á Shannon í fyrstu að freista þess að nýta betur það mikla fjármagn sem þar var bundið. En minnkandi umferð um flugvöllinn varð til þess að skapa ótta um að öll hin miklu fjárútlát vegna mannvirkja þar mundu gefa lítið í aðra hönd. Sú uppbyggingarstarfsemi, sem ráðist var í af þessum sökum, var og hluti af alhliða ráðstöfunum sem hið opinbera stóð fyrir til lausnar tveimur tengdum þjóðfélagsvandamálum, þ. e. atvinnuleysi og fólksflótta úr landi annars vegar og vanþróuðum iðnaði hins vegar.

Þessi vandamál voru Írum mjög alvarleg, eins og flestum er kunnugt, og nú er svo komið að slík vandamál yfirskyggja margt annað hjá okkur Íslendingum, a. m. k. hjá þeim er horfa vilja til framtíðarinnar. Flugumferð um Keflavíkurflugvöll fór að vísu vaxandi nokkur s. l. ár. Árið 1972 var umferðin þó mest, en þá nam farþegafjöldinn 543 344 manns. Síðan varð veruleg fækkun. Um tíma jókst umferðin nokkuð aftur, og árið 1979, á s. l. ári, var farþegafjöldinn 553 385. Það er þó mun minni umferð en spáð var fyrir 10 árum. Samkvæmt þeirri spá var reiknað með að nú yrði farþegafjöldinn um 1 millj.

Framtíðarhorfur flugsins hér á landi eru mjög tvísýnar, því nú á Norður-Atlantshafsflugið í afar miklum erfiðleikum. Fjöldauppsagnir starfsfólks hafa þegar átt sér stað og er jafnvel rætt um að hætta Ameríkuflugi. Þegar hefur ferðum þangað fækkað. Nú er ástandið vægast sagt geigvænlegt. Fyrirsjáanlegt er að Keflavíkurflugvöllur verður nokkurs konar draugastöð ef svo heldur áfram sem horfir. Spáð er að fækkun farþega, er hafi viðkomi á Keflavíkurflugvelli, verði mjög mikil í ár, ekki síst ef áframhald verður á því að þotur Flugleiða haldi áfram að yfirfljúga, hætti viðkomu á Keflavíkurflugvelli.

Þrátt fyrir að ástandið sé nú alvarlegt er ekki ástæða til að fyllast vonleysi, því í fluginu skiptast vissulega á skin og skúrir. Það er aftur á móti ljóst, að margs konar aðgerðaleysi í málum, er varða flugstöðina og þá miklu umferð sem þrátt fyrir allt er enn um Keflavíkurflugvöll, hefur svipt Íslendinga margvíslegum ágóða.

Á síðustu árum hefur bryddað á atvinnuleysi og fólksflutningum úr landi hér. Það er uggvænleg staðreynd, að á s. l. 5 árum fluttust af landi brott samtals 3700 manns umfram þá er fluttust til landsins. Þetta jafngildir því, að á þessum árum hefðu allir íbúar í Sandgerði, allir í Garði og allir í Gindavík flutt úr landi. Ég hygg að allt of fáir hafi gert sér ljóst hve þessi vandamál eru hrikaleg. Það er vissulega ekki uppörvandi framtíðarsýn er við okkur blasir, því landbúnaður og sjávarútvegur munu engan veginn færir um að taka við því aukna vinnuafli sem leiðir af eðlilegri fólksfjölgun. Aukin áhersla á iðnþróun er því það ráð, sem flestir eru sammála um að taka beri til lausnar því vandamáli, og sökum smæðar heimamarkaðarins verði iðnaðarframleiðsla til útflutnings til að koma.

Þegar öllu er á botninn hvolft eru þessi frumvandamál því ekki óskyld þeim sem Írar stóðu frammi fyrir þegar þeir hófu þær aðgerðir sem ég hef leitast við að lýsa hér að framan. Þegar tollfrjálsa iðnaðarsvæðið á Shannon var ákveðið vantaði allt til alls á staðnum. Vinnuafl varð að sækja að aðallega til Limerick í 25 km fjarlægð. Við Shannon hefur nú risið mjög myndarleg byggð eða kaupstaður. Keflavíkurflugvöllur stendur ólíkt betur að vígi, þar sem við næsta nágrenni hans búa tæplega 13 þús. manns og höfuðborgin í aðeins 40 km fjarlægð. Þá eru Hafnir í lítilli fjarlægð frá vellinum. Má benda á að þegar varnarliðið fer héðan losnar gífurlega mikið húsnæði sem nota mætti í sambandi við tollfrjálst iðnaðarsvæði með margvíslegum hætti. Ef það húsnæði væri ekki notað í þeim tilgangi er hætt við að langan tíma tæki að fá viðunandi arð af því.

Flugvellirnir í Keflavík og á Shannon eru á margan hátt sérstæðir. Þeir komast báðir næst því að vera miðja vegu milli Evrópu og Ameríku, því að við Norður-Atlantshaf eru þeir einu keppinautarnir um þær flugvélar sem millilenda til að taka eldsneyti. Enginn vafi er á því, að hinar margvíslegu ráðstafanir til að auka umferð um Shannon hafa borið árangur og þá á kostnað Keflavíkurflugvallar. Því má ætla að hliðstæðar ráðstafanir hér muni auka umferðina að mun.

Í grg. fyrir till. minni er aðeins vikið að tollabandalögunum. Ekki er ólíklegt að þjóðir, sem eru utan við þau bandalög, muni sækja eftir aðstöðu á tollfrjálsu iðnaðarsvæði hér. Í þessu sambandi þarf að kanna málefni tollabandalaganna sérstaklega.

Ég hef hér að framan borið saman aðstæður hér og á Írlandi og rætt um nauðsyn þess, að við Íslendingar færum sömu leið og Írar til að skapa ný starfstækifæri. Til frekari áherslu ætla ég hér að benda á eftirfarandi:

1. Samgöngur Íslendinga við umheiminn hafa raskast að undanförnu í kjölfar þeirra örðugleika sem Flugleiðir hf. eiga við að etja. Aukin þörf fyrir fragtflutninga til landsins gæti breytt því tapi er samdráttur eftirspurnar eftir farþegarými hefur myndað í hagnað þannig að flugsamgöngur við útlönd aukist aftur.

2. Kaupskipastóll Íslendinga hefur næg verkefni á leiðinni til Bandaríkjanna og frá Evrópu, en er lítt notaður á leiðinni frá Bandaríkjunum til Evrópu. Hugsanlegt er að með fullri notkun í báðar áttir á þessum tveimur leiðum mundu farmgjöld hækka minna en ella.

3. Flugvöllurinn í Keflavík er afmarkað svæði nú þegar með nægilegt rými þar í kring til stækkunar, en landið lítt nytsamlegt til annarra þarfa. Gæsla er þegar fyrir hendi.

4. Hinn áðurgreindi samdráttur í starfsemi Flugleiða

hf. mun hafa skaðleg áhrif á atvinnutækifæri á Suðurnesjum, en vörugeymslusvæði mundi bæta úr þessu.

5. Sem framhald af þessari starfsemi er hugsanlegt að unnt yrði að koma á fót léttum iðnaði á svipuðu og e. t. v. nálægu svæði, svo sem samsetningu tækja, smíði varahluta og þess háttar, þar sem aðföngin eru flutt inn tollfrjáls, unnin á svæðinu og hinar fullunnu vörur síðan fluttar út tollfrjálsar eða keyptar með venjulegum hætti til neyslu á innlenda markaðinum.

Meðal breyttra aðstæðna, sem gera kleift að framkvæma þessa till., eru bætt samskipti við umheiminn sem fylgja í kjölfar hinnar nýju jarðstöðvar í Mosfellssveit.

Ég flutti þessa till. á síðasta þingi. Till. varð ekki útrædd, en atvmn. sendi hana til umsagnar. Umsagnir bárust m. a. frá atvinnumálanefnd Suðurnesja, og segir m. a. í þeirri umsögn, með leyfi forseta:

„Var einróma samþykkt í nefndinni að mæla með þessari þáltill. Mikil vöntun er á iðnfyrirtækjum á Suðurnesjum til þess að taka við þeim mannafla sem misst hefur atvinnu sína vegna samdráttar í sjávarútvegi. Er hér því um mikið hagsmunamál að ræða.

Það skal tekið fram, að gífurleg orka er nú að myndast á Suðurnesjum með tilkomu hitaveitunnar, sorpeyðingarstöðvarinnar og saltverksmiðjunnar. Vatnsorka er mikil og raforkuvinnsla er nú þegar 4 mw., en gæti orðið milli 20 og 30 mw. ef leyfi fengist til framleiðslu."

Aðrar umsagnir um till. voru jákvæðar, sem sýnir að menn hafa áhuga á að kanna þetta mál til hlítar, athuga hvort við Íslendingar getum ekki farið að dæmi annarra við mótun nýrra starfstækifæra í því skyni að forðast atvinnuleysi sem fyrirsjáanlegt er ef ekkert verður að gert.

Herra forseti. Ég legg til að er umr. lýkur verði till. vísað til atvmn.

Jóhann Einvarðsson: Forseti. Það er nú liðið á kvöldið og orðinn þunnskipaður bekkur hér í þinginu, svo ég skal ekki lengja mjög þessar umr. En ég vil taka undir þessa þáltill. sem Karl Steinar Guðnason, hv. 3. landsk. þm., flytur hér og var að lýsa áðan.

Það er rétt, sem fram kom hjá honum, að atvinna á Suðurnesjum er mjög viðkvæm um þetta leyti og hefur farið mjög versnandi á undanförnum árum, m. a. vegna minnkandi afla og ýmissa erfiðleika í rekstri slíkra fyrirtækja sem skapast hefur m. a. vegna þess að stjórnvöld hafa afskipt Suðurnesin mjög svo alvarlega.

Eins og fram kom í ræðu flm., kom þessi till. til umsagnar til okkar í Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum eða í atvinnumálanefnd þeirra, og var þar einróma samþykkt að mæla mjög með þessari till. Við teljum að það sé kominn tími til að kanna á hvern hátt iðnaðaruppbygging verði aukin og ekki síst þá á Suðurnesjasvæðinu, þar sem orka, samgöngur og mannfjöldi er til, þar sem ekkert af þessu þarf að flytja til.

Ég vil svo að lokum í þessum stuttu áhersluorðum mínum um þessa till. minna á það, að í sameiginlegu skipulagi Keflavíkur, Keflavíkurflugvallar og Njarðvíkur, sem gert var fyrir nokkrum árum, er sérstakt svæði við Keflavíkurflugvöll frátekið fyrir tollfrjálst iðnaðarsvæði. Þetta skipulag er nú í endurskoðun, en samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef um þá endurskoðun, er þar enn gert ráð fyrir þessu svæði og ýmsar framkvæmdir og undirbúningur skipulagsmála í Keflavík hafa verið við það miðuð að þessi starfsemi komist þarna á sem allra fyrst.

Ég vil taka undir það sem fram kom í orðum hv. 3. landsk. þm. Þetta er ekki einungis atvinnuskapandi, þó að það sé líka stórt mál. Það eru líka miklar gjaldeyristekjur sem gætu af þessu skapast. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa gert sér grein fyrir því, að mikið af japönskum sjónvarpstækjum, sem seld eru á markað hér núna og á mjög góðu verði, að sagt er, þó ég þekki það ekki af samanburði, er sett saman hér í Evrópu vegna innflutningshafta til Evrópu á vissum stærðum af japönskum tækjum.

Ég vil að lokum árétta það, að ég tel rétt, að þessi könnun fari fram, og mæli því eindregið með því, að þessi till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aðstoð við fiskflutninga milli Þorlákshafnar, Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, þáltill. (þskj. 84). — Ein umr.

Flm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Í atvinnuþróun og uppbyggingu Íslands nú á síðari hluta tuttugustu aldar hafa Stokkseyri og Eyrarbakki orðið út undan í grundvallaratriðum í aðstöðusköpun hins opinbera. Á ég þar við að ekki hefur þótt fært, eftir að hin mikla hafnaruppbygging hófst í Þorlákshöfn, að gera þær aðgerðir í hafnarmálum Stokkseyrar og Eyrarbakka sem gera mögulegt að fylgja eðlilegri þróun í útgerðarmálum. Lengst af var stutt sókn í fiskinn og þá risu þessir staðir upp til blómlegs atvinnulífs. Hægt var og hagkvæmt að notast við litla báta sem gátu athafnað sig í höfnum Stokkseyrar og Eyrarbakka. Gerðar voru verulegar hafnarbætur á þessum stöðum til að gera þær öruggari, en ekki talið fært að gera svo dýrar aðgerðir sem þurfti til að stærri bátar gætu athafnað sig.

Hafnaáætlun skilgreinir hafnirnar á Stokkseyri og Eyrarbakka nú sem sumarhafnir, en Þorlákshöfn sé þeirra heimahöfn á öðrum tíma. Eru fjárveitingar til þeirra í samræmi við það. Skilgreiningar þessar munu byggjast á því, að innan tíðar verði brúað yfir Ölfusárósa.

Þótt allir, sem til þekkja, séu sammála um að þarna eigi að byggja brú sem fyrst, er ekki vitað nákvæmlega nú hvenær það verður og fram að því blasa við óyfirstíganlegir erfiðleikar atvinnulífs og búsetu á Stokkseyri og Eyrarbakka, svo að segja í hlaðvarpa mesta þéttbýlis á Íslandi.

Kjarni málsins og grundvöllur þess, að ég flyt þessa till., er sá, að stefnumörkun ríkisvaldsins í hafna- og vegamálum hefur stangast á og þannig orðið til þess að atvinnuþróun á þessum stöðum hefur stöðvast og fiskvinnslan berst í bökkum við núverandi aðstæður. Það er því beinlínis skylda ríkisvaldsins að hlaupa þarna undir bagga með aðstoð vegna fiskflutninga, eins og þessi till. felur í sér. Það er ekki sjáanlegt að verið sé að skapa neitt erfitt fordæmi með samþykkt hennar, einungis verið að koma til móts við aðstæðurnar þangað til hafnarmál þessara staða leysast á viðunandi hátt með brú fyrir Ölfusárósa.

Nú leggja 10 Stokkseyrarbátar og litlu færri Eyrarbakkabátar upp afla sinn í Þorlákshöfn auk togarans Bjarna Herjólfssonar, sem þessir staðir eiga ásamt Selfossbæ. Afla þessara fiskiskipa verður að flytja tæplega

50 km leið á vöruflutningabílum og svo að sjálfsögðu fullunnar afurðir sömu leið aftur til hafnar.

Íbúar Stokkseyrar og Eyrarbakka eru staðráðnir í að berjast fyrir tilveru sinni og hafa ekki látið náttúruhamfarir draga kjark úr sér frekar en margir aðrir Íslendingar.

Þetta bið ég hv. alþm., þótt þeir séu raunar fáir í salnum á þessari stundu, að hafa í huga við umfjöllun þessarar till. og leggja þannig sitt lóð á vogarskálarnar, svo úr rætist að hluta, með því að samþykkja þessa þáltill.

Ég vil svo að lokum leggja til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Sú þáltill., sem hér er til umr., stefnir, ef samþykkt verður, að því að bæta stöðu fiskiðnaðar á Eyrarbakka og Stokkseyri og reyndar einnig á Selfossi og því er ég henni hlynntur. Það má þó undir engum kringumstæðum líta svo á að hér sé um einhverja varanlega lausn að ræða á þeim miklu vandamálum þessa svæðis sem brúin við Óseyrarnes á að leysa.

Við getum t. d. tekið sjómenn sem búa á Eyrarbakka og Stokkseyri og róa mestan hluta ársins frá Þorlákshöfn. Þeir þurfa nú að aka 112 km ef þeir vilja komast heim til sín milli róðra. Þeir þurfa að nota hátt í tvær klst. daglega af sínum dýrmæta hvíldartíma ef þeir ætla að skreppa heim til sín frá Þorlákshöfn þar sem bátarnir legga upp. Auk þess er þetta mjög kostnaðarsamt. Auðvitað gefast menn upp á slíku þegar til lengdar lætur. Sjómennirnir flytjast hreinlega burt frá sinni heimabyggð, með þeim afleiðingum meðal margs annars að umrædd sveitarfélög missa sína bestu útsvarsgreiðendur.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, og það gerði hv. flm. till., að á undanförnum allmörgum árum hafa fjárveitingar til hafnanna á þessu svæði, á Eyrarbakka og Stokkseyri, verið skornar niður á þeirri forsendu að brúin eigi að koma, þannig að þarna er mikið misræmi á milli aðila hins opinbera.

Herra forseti. Ég styð þessa þáltill. eindregið vegna þess að hún miðar að því að bæta mjög erfiða stöðu fiskiðnaðarins á þessu svæði. En ég vara eindregið við því, að menn haldi að þetta sé viðhlítandi lausn á miklu stærra vandamáli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 46. fundur.

Miðvikudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 198). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. um breyt. á lögum nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja. Frv. er svo hljóðandi:

1. gr.: Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna komi ný mgr., sem hljóðar svo:

Enn fremur að reisa og reka raforkuver eftir því sem hagvæmt þykir.

2. gr.: Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, 13. gr., sem hljóðar svo:

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að stækka raforkuver sitt í Svartsengi um allt að 6 mw. og reisa og reka flutningslínur til þess að tengja orkuverið við orkuflutningskerfi Suðurnesja.

Ríkissj. er heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum, er Hitaveita Suðurnesja tekur í þessu skyni, allt að 1 þús. millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt.

Röð annarra greina breyttist samkv. þessu.

3. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Í orkulögum, nr. 58/1967, 7. gr., segir m. a.: „Til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kw. þarf leyfi Alþingis.“ En 2000 kw. eru sama og 2 mw. eins og kunnugt er.

Í aths. við lagfrv. er málið rakið allítarlega. Ég tel eigi þörf á að lesa aths. lið fyrir lið, en mun þess í stað draga fram aðalatriðin til stuðnings þeirri breytingu sem áætluð er á lögunum um Hitaveitu Suðurnesja.

Svo sem rakið er í aths. veitti iðnrh. Hitaveitu Suðurnesja hinn 11. jan. 1977 leyfi til að reisa og reka gufuaflsstöð til framleiðslu rafmagns, allt að 2 mw. Hófst rafmagnsframleiðsla þegar í apríl 1978 með fyrri vélasamstæðu og var hin síðari tekin í notkun ári síðar. Fyrst var raforkan eingöngu notuð til eigin þarfa orkuversins, en frá árinu 1979 hefur um helmingi orkumagnsins verið veitt til raforkukerfis Rafmagnsveitna ríkisins. Raforkuvinnslan árið 1979 var um 6.7 gwst. Þessi virkjun hefur reynst mjög hagkvæm og allmiklu ódýrari á hvert uppsett kw. en mögulegt er að fá í vantsaflsvirkjunum, eins og á stendur.

Ég vil sérstaklega benda á að ef eigi verður af þeim framkvæmdum, sem frv. gerir ráð fyrir, getur til þess komið að framleiða þurfi með dísilvélum raforku á svæði því sem um er að ræða. Samkv. lauslegri áætlun, sem gerð hefur verið, næmi erlendur kostnaður við það rúmum 1 þús. millj. kr. miðað við núgildandi verðlag á olíu. Heildarkostnaðurinn við 6 mw. vélasamstæðuna er samkv. áætlun sama fjárhæð, þ. e. 1 þús. millj. kr. Þessi heildarkostnaður, sem er miðaður við verðlag í jan. 1980 og byggingarvísitölu 398 stig, sundurliðast þannig í aðalatriðum: Stöðvarhús 100 millj. kr., aflvél 470 millj., rafbúnaður 120 millj., tenging við landskerfi 70 millj., aðstöðukostnaður 40 millj. og verkfræðikostnaður 120 millj.

Áætlað er að 6 mw. vélasamstæðan samkv. frv. þessu verði tekin í notkun í lok þessa árs. Með þessari framkvæmd geta Rafmagnsveitur ríkisins frestað lögn 132 kw. raflínu til Suðurnesja um 4—5 ár og e. t. v. lengur. Þetta er því mjög verulegt fjárhagsatriði fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, fyrir utan hina verulega hagkvæmu framkvæmd frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Fullt samráð hefur verið haft við Rafmagnsveitur ríkisins, Landsvirkjun og Orkustofnun, og eru allar þessar stofnanir fylgjandi því, að þessi virkjun verði að veruleika. Tekur Landsvirkjun fram í bréfi til iðnrn. að með hliðsjón af hinum erfiða vatnsbúskap, sem upp er kominn, ætti 6 mw. stöð að geta komið að miklu gagni á tímabilinu nóv. 1980 til maí 1981. Landsvirkjun mælti með því, að vélasamstæðan yrði tekin í notkun haustið 1980. Samþykkti því stjórn Hitaveitu Suðurnesja að fengnum meðmælum ríkisstj. að hefja allan tæknilegan undirbúning verksins og miða við það, að raforkuvinnslan geti hafist næsta haust.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja er því tilbúin til þess að

hefja framkvæmdir þegar er Alþ. hefur gefið samþykki sitt. Vélar og útbúnaður var boðið út til átta helstu gufuhverflaframleiðenda. Langlægsta tilboð kom frá japanska fyrirtækinu Fuji Electric, og getur fyrirtækið afhent vélasamstæðuna í lok ágústmánuðar þessa árs. Ég vil taka fram, að til raforkuframleiðslunnar þarf ekki frekari borholur en þarfir hitaveitunnar krefjast. Að sjálfsögðu hefur þetta þó í för með sér nokkra flýtingu á einni til tveim borholum, en kostnaður við þær kemur ekki á raforkuframkvæmdirnar, heldur á hitaveituna, því að borholur þessar eru nauðsyn hennar vegna. Þessum borunum er að mestu leyti lokið og verða holurnar fullfrágengnar í sumar. Enginn vafi er á því, að hér er um nauðsynlega framkvæmd að ræða og mjög hagkvæma frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. hér í hv. d. vísað til 2. umr. og iðnn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég kem hér upp til þess að lýsa fullkomnum stuðningi við það frv. sem hér er til umr. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að tíunda frekar þær ástæður, sem liggja til grundvallar þessu frv., en hæstv. iðnrh. hefur þegar gert. Og ég tek í einu og öllu undir þær ástæður sem hann hefur fært fyrir því að flytja það frv. sem hér er til umr.

En ég get ekki heldur látið hjá líða að lýsa af öðru tilefni sérstakri ánægju minni með þetta frv. Í orkumálunum hefur verið um fátt meira rætt á undanförnum árum en skipulag þeirra mála. Nú ætla ég ekki að fara að upphefja hér umr. um það mikilsverða og víðtæka mál. En ég vil aðeins minna á það, að í höfuðatriðum hafa verið uppi tvö sjónarmið varðandi vinnslu raforku. Annars vegar hefur verið uppi það sjónarmið, að vinnsla raforku í landinu skuli vera í höndum eins fyrirtækis, landsorkufyrirtækis. Hins vegar hefur verið það sjónarmið, að stefna bæri að því að efla fleiri orkufyritæki í landinu og sérstaklega með þeim hætti að stofnuð yrðu orkufyrirtæki í hverjum landshluta fyrir sig.

Þessi stefna fékk sérstaklega byr undir báða vængi þegar núv. hæstv. forsrh. var iðnrh. í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Og hæstv. forsrh. lét ekki sitja við orðin tóm í þessu efni, heldur skipaði hann, svo sem kunnugt er, sérstakar orkunefndir í hverjum landsfjórðungi til þess að gera tillögur um stofnun landshlutafyrirtækja í orkumálum. Nú ætla ég ekki að fara að rekja þessi mál. Menn minnast þess, að eitt af þessum fyrirtækjum er þegar tekið til starfa, Orkubú Vestfjarða. Ég sagði áðan að um þetta grundvallarskipulagsmál hafi verið skiptar skoðanir. Annars vegar hefur hæstv. forsrh. á undanförnum árum verið oddviti þeirra sem ekki vildu binda raforkuvinnsluna við eitt fyrirtæki. Hins vegar hefur núv. hæstv. iðnrh. verið einn helsti forgöngumaður þeirra sem lagt hafa áherslu á það, að raforkuvinnslan væri í höndum eins fyrirtækis, landsorkufyrirtækis. Þessi skoðanaágreiningur kom sérstaklega fram í sérstakri nefnd, svokallaðri skipulagsnefnd orkumála, sem hæstv. núv. forsrh. skipaði á sínum tíma. Nefnd þessi skilaði áliti haustið 1978. Nefndin varð sammála í flestum greinum og var leitast við til hins ítrasta að ná samkomulagi. En nefndin klofnaði um þetta atriði, sem ég hef hér gert að umræðuefni. Annars vegar voru þeir sem vildu halda opnum möguleikanum á svokölluðum landshlutafyrirtækjum, hins vegar þeir sem vildu binda raforkuvinnsluna við eitt landsfyrirtæki. Þó var, að ég hygg, alltaf gert ráð fyrir því hjá þeim sem héldu fram einu landsfyrirtæki, að um gæti verið að ræða einhverja minni háttar raforkuvinnslu hjá öðrum aðilum. En þá var alltaf í umr. við það miðað, að sú orkuvinnsla væri ekki meiri en sem svaraði 5 mw. virkjun. Ef það væri stærri virkjun, þá væri það ekki heimilt ef fram næðu að ganga hugmyndirnar um eitt landsfyrirtæki.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð skaut upp í huga mínum spurningunni um það, hver mundi verða stefna núv. ríkisstj. í þessu efni, hvort núv. hæstv. iðnrh. mundi vilja framkvæma sína stefnu undir forsæti núv. forsrh. eða hvort núv. hæstv. iðnrh. mundi kannske framkvæma stefnu núv. forsrh., sem í þessu efni gengur þvert á þá stefnu sem hann hefur verið oddviti fyrir.

Nú er komið hér fram frv. sem gefur kannske einhverja vísbendingu um það, hvers sé að vænta í þessum efnum. Og ég get ekki látið hjá líða að lýsa ánægju minni yfir þessu frv. líka út frá því sjónarmiði að hér er gert ráð fyrir að reist verði virkjun af landshlutafyrirtæki, en ekki gert ráð fyrir því að hið fyrirhugaða eina landsfyrirtæki reisi þessa virkjun. Mér þykir þetta bera vott um það, að við megum ætla að hæstv. núv. iðnrh. muni ætla að framkvæma stefnu þá sem núv. hæstv. forsrh. hefur skeleggleg haldið fram á undanförnum árum. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þessari þróun, ef þetta frv. má skoðast sem vísbending í þessa átt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég fagna þessu frv. og hefði það reyndar mátt koma fram fyrr. Þetta er eitt þeirra mála sem lágu fyrir þegar ríkisstj. Alþfl. tók við. Hún varð sammála um að beita sér fyrir því, að framkvæmd af þessu tagi næði fram að ganga, og fól iðnrh. að undirbúa þær lagaheimildir sem nauðsynlegar væru. Jafnframt því tók iðnrh. að sér að tjá Hitaveitu Suðurnesja þessa afstöðu ríkisstj. og benda henni á að gera þær ráðstafanir í þessu samhengi, sem nauðsynlegar væru, og þó einkum að afla samninga um hverflakaup til raforkuframleiðslu. Það var svo augljóst, þegar þetta mál var tekið til umfjöllunar, að hér væri um svo hagkvæman virkjunarkost að ræða að sjálfsagt væri í hana að ráðast. Ég held að það sé ekki álitamál, að hér sé um einhvern hagkvæmasta virkjunarkost að tefla sem uppi er eins og stendur, eins og reyndar kom mjög greinilega fram í máli hæstv. iðnrh. Og það er ekki einungis að hér sé um hagkvæman virkjunarkost að ræða, heldur er hitt líka mikilsvert vegna þess hvað við erum brennd á sviði gufuaflsvirkjana, að hér virðist ekki vera um neina verulega áhættu að ræða. Sú gufuöflun, sem þarf til þessarar raforkuframleiðslu, er þegar fyrir hendi eða svo gott sem a. m. k. Allt bendir þannig til þess, að ekki sé verið að taka áhættu af því tagi sem tekin var í sambandi við Kröfluvirkjun og reyndist svo hörmulega sem raun ber vitni.

Ég hef í langan tíma haft þá trú, að skynsamlegt væri að leggja í litlar virkjanir hér á suðvesturhorni landsins og þá einkum og sér í lagi í sambandi við hitaveitur. Það hvarflaði meira að segja að mér — og ég lét þess, trúi ég, getið einhvern tíma í blaðagrein — hvort ekki væri ástæða til þess að flytja hverfla frá Kröflu í Svartsengi, einmitt til raforkuframleiðslu á svæði þar sem við ættum að geta verið nokkuð örugg með framleiðslu. Auðvitað var mér þó ljóst að þeir hverflar, sem keyptir höfðu verið til framleiðslu við Kröflu mundu að líkindum ekki henta sem allra best í Svartsengi, en þó ættu þeir að geta verið brúklegir.

Hvað sem því líður — og framtíðin sker úr um hver þróunin verður við Kröflu — þá held ég að augljóst sé að það spor, sem hér var stigið í nóvembermánuði s. l., að ganga til samninga um kaup á hverflum til raforkuframleiðslu í Svartsengi, sé gæfuspor.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu, og vil stuðla að því fyrir mitt leyti.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Líklega hefði ég látið hjá líða að ganga hér upp í ræðustól, þrátt fyrir talsverða löngun til þess að leiðrétta grundvallarmisskilning í málflutningi hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar varðandi stefnu Alþb. í orkumálum og ímyndaðan árekstur í grundvallaratriðum við stefnu hæstv. núv. forsrh. í orkumálum, sem kannske grundvallast á því, að e. t. v. hefur hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson ávallt misskilið hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen þegar þeir hafa rætt saman um orkumál, eða þeir hvor annan, sem mér er ákaflega minnistætt að maður hafði stundum grun um á árunum 1974—1978, en það er annað mál, — ég hefði ekkert risið úr sæti til þess að ræða þetta atriði sérstaklega núna, til þess munu gefast tækifæri síðar, heldur voru það ummæli hv. þm. Kjartans Jóhannssonar varðandi gufuvirkjanir á landi hér og þá sérstaklega gufuaflsvirkjunina við Kröflu, sem hefði sennilega veitt okkur afl sem meta hefði mátt í olíusparnaði upp á 4.5 milljarða ef þeir Alþfl.-menn hefðu ekki brugðið fæti fyrir það í fyrrv. ríkisstj. að hægt væri að bora þarna eftir gufu, sem sérfræðingar töldu að við ættum nokkurn veginn vísa á þessu svæði til virkjunarinnar. Ég ætla ekki að ábyrgjast það og mun ekki ábyrgjast eitt né neitt á meðan Alþfl.-menn eru enn í stöðu til þess að hafa áhrif á skynsamlegan framgang mála, hvort heldur á Alþ. eða í ríkisstj. Og sannleikurinn er náttúrlega sá, að mann stórfurðar á því, hvers konar brjóstheilindi er þar á bak við, að kratar skuli leyfa sér að nefna Kröfluvirkjun. Maður verður svo sem ekkert meira hissa á því, þó þeir blússi ekki upp af skammarroða í framan þegar þeir nefna þess háttar mál, heldur en að þessir menn skuli leyfa sér að taka sér í munn orð eins og heiðarleika eða spillingu.

Við áttum merkilegan fund m. a. með forustumönnum frá Alþfl. uppi í Mývatnssveit í fyrrasumar, þar sem rætt var um málefni Kröfluvirkjunar og þar sem saman voru komnir þeir sérfræðingar sem helst hafa nú vit á málefnum þeirrar virkjunar, — síðari hluta sumars sem leið. Niðurstöður af rannsóknum voru lagðar á borðið fyrir þá, þar sem í ljós kom að hver borhola, sem kosta mundi í kringum 350 millj. kr., mundi í 12 mánaða notkun að öllum líkindum skila hagnaði sem næmi 1.4 milljörðum. Fyrir þetta var bara brugðið fæti, að hægt væri að leggja í þessar framkvæmdir á Kröflusvæðinu.

Við munum seint róa á hann alveg vísan í sambandi við virkjunarframkvæmdir við jarðhita á landi hér. Hugsanlegt væri að ýmislegt í jarðsögunni benti til þess, að eldsumbrot hafi einnig orðið hér á Reykjanesi, í grennd við Svartsengi. Því hefur jafnvel verið haldið fram, að jarðhitinn þar og jarðhitavirknin séu vísbending um að svæðið sé ákaflega lifandi. Svo sem annars staðar á háhitasvæðunum getum við búist við jarðhræringum. Þá kynni einnig svo að fara, að gufuaflsveita á þessu svæði brygðist um sinn og leggja þyrfti þá e. t. v. í meiri boranir eða tryggja orkuöflun annars staðar að af þessu svæði fyrir gufutúrbínur. Slíka áhættu verðum við að taka á okkur alls staðar á þessu breiða svæði, allt frá Öxarfirði og suður á Reykjanes, — svæði sem er að meðaltali yfir 150 km á breidd, þar sem háhitinn er tiltækur. Við munum aldrei nýta þennan háhita til raforkuframleiðslu með öðrum hætti en þeim að taka á okkur ákveðna áhættu, og er þá mest um vert að menn geri sér grein fyrir því, að þá þurfum við að koma okkur upp samstæðum eða neti af orkustöðvum á þessu svæði, þar sem hvert orkuverið tryggi annað.

Ég er ákaflega ánægður með þá ákvörðun sem tekin var um að nýta þessa tiltæku orku á Svartsengissvæðinu til raforkuframleiðslu. Það er skynsamleg og góð ákvörðun. Sjálfur er ég eindregið þeirrar skoðunar, að við eigum að huga meira að því en gert hefur verið nú á allra síðustu árum að nýta okkur hagkvæma möguleika til smávirkjana, jafnframt því sem við virkjum stærra, og fá þessa orku inn á dreifinetið okkar.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er víst óhætt að segja að það kraumar í kötlunum á Reykjanesi eins og víðast annars staðar og þar mælast jarðhræringar alla daga ársins. Það er staðfest. En ég kom nú ekki hér í stólinn til þess að blanda mér í umr. um orkumál almennt eða Kröflu, til þess hef ég ekki næga þekkingu. Ég kom hér fyrst og fremst til þess að lýsa ánægju minni og stuðningi við þetta frv. og leggja áherslu á að það fái skjótan og greiðan framgang.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Aðeins fáein orð í framhaldi af þeirri ræðu sem hv. þm. Stefán Jónsson hélt hér áðan. Það var náttúrlega mjög athyglisverð yfirlýsing, frá honum, að hann mundi ekki treysta sér til að taka ábyrgð á einu né neinu svo lengi sem einn krati væri á þingi. Og í framhaldi af því hefði maður mátt ætla að straumarnir í heilabúi hans mundu truflast svo af krötum að jafnvel meðan einn krati væri á landinu væri hann tæplega ábyrgur gerða sinna. Þetta var eiginlega inntakið í svari hans við því, á hverju hann gæti tekið ábyrgð.

En það var fleira sem hv. þm. sagði. Honum fannst alveg furðulegt að kratar skyldu nokkurn tíma leyfa sér að minnast á Kröflu. En sannleikurinn er sá, að gagnrýni Alþfl. á framkvæmdir við Kröflu hefur vakið þjóðina og jafnvel hina flokkana til meðvitundar um það, hversu illa var að staðið í þeim efnum. Menn tóku þar óþarflega mikla áhættu. Og það er kannske þetta sem er skýringin á því, að þegar Kröflu ber á góma fara vissir menn úr jafnvægi.

Ég vil ítreka hversu mikill munur er á því, hvernig staðið er að framkvæmdum í Svartsengi og við Kröflu, vegna þeirrar umr. sem hér hefur verið vakin. Í Svartsengi eru fyrir hendi borholur sem hafa blásið. Þar hafa menn reynslu fyrir því, að þar er gufu að fá. Í Kröflu var byggt stöðvarhús áður en menn höfðu nokkra vissu fyrir því, að þar væri gufu að fá í samræmi við vinnslugetu þeirrar virkjunar sem verið var að reisa. Ég minnist þess, að einn ágætur vinur minn, fyrrv. rafmagnsveitustjóri Valgarð Thoroddsen, sagði einhvern tíma að það hefði verið sagt eitthvað ef hann hefði tekið upp á því að byggja virkjun einhvers staðar á Langanesi og segjast síðan ætla að bíða og vita hvort ekki kæmi á, vatnsfall og foss, til þess að renna í gegnum þessa virkjun. Vinnubrögðin við Kröflu voru eiginlega af sama tagi og að reisa vantsaflsorkuver þar sem menn vissu ekkert um það, hvort þeir næðu nokkurn tíma í vatn. Þessi vinnubrögð

eru náttúrlega að öllu leyti fráleit, og því miður hefur okkur hefnst hörmulega fyrir það að standa svona að málum. Við vonum auðvitað öll að það takist að nýta þetta stórkostlega mannvirki við Kröflu. En í ljósi þeirrar reynslu, sem við höfum haft, held ég að sé augljóst að við eigum að fara fram með nokkurri gát, við eigum ekki að spenna bogann of hátt, við eigum ekki að ætlast um of, við eigum ekki að byggja orkubúskap Íslendinga á einhverri vissu um það, að þarna komi svo og svo mikil orka á tilteknum degi, jafnvel þótt borað verði.

Við sögðum það, Alþfl.-menn, í fyrra, að það væru svo miklar hræringar á þessu svæði að við sæjum ekki ástæðu til þess á þessu stigi að leggja í enn frekari fjárútlát á þessum stað. Við höfum sagt það núna, að bora skuli eina holu eða svo, en það skuli eingöngu gert í tilraunaskyni. Við skulum ekki byggja orkubúskap landsins á því, að þessi hola muni skila því sem spáð er eða menn gera sér vonir um. En ef hún gerir það, þá er það gott og vel, þá mun það nýtast. Þetta held ég að sé eina skynsamlega leiðin í málefnum Kröflu, og ég held að það sé mál til komið að þingheimur hlusti á gagnrýni Alþfl. og fylgi ráðum hans í Kröflumálum rétt eins og landbúnaðarmálum, til þess að hér komist eitthvert vit í þá hluti sem verið er að vinna að. Menn mega ekki vera svo viðkvæmir fyrir fortíð sinni, jafnvel þótt þeim hafi orðið á í messunni eins og í sambandi við Kröfluvirkjun, að þeir ruglist gersamlega að dómgreind og geti ekki tekið réttan pól í hæðina.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á það, hversu mikið hagsmunamál er hér á ferðinni, hversu hagkvæmt það er að leyfa þessa virkjun, og jafnframt að mjög mikil líkindi eru á því, að orka sé nokkurn veginn óþrjótandi þarna við Svartsengi. Það er hægt að virkja miklu, miklu meira en gert er ráð fyrir nú, og verður það mjög vænleg viðbót við orkubúskap okkar Íslendinga.

Það eru undur sem hafa skeð varðandi orkumál á Suðurnesjum með virkjuninni í Svartsengi. Nú hefur tekist að koma hitaveitu til næstum allra Suðurnesja og í framhaldi af því er ekki ótrúlegt að stofnað verði Orkubú Suðurnesja. Það er rætt um það meðal Suðurnesjamanna, sveitarstjórnarmanna sérstaklega. Vona ég að það komist í framkvæmd sem fyrst, og verður samþykkt þessa frv. vafalaust hvati til þess.

Mér þykir miður ef hv. þm. Stefán Jónsson á erfitt með að samþykkja þetta einungis af tilfinningasemi vegna Kröflu og tilvistar okkar Alþfl.-manna, en við skulum vona að það bjargist.

Ég legg áherslu á að þetta mál fái skjóta afgreiðslu. Þetta frv. hefði mátt vera komið fram fyrr, en betra er seint en aldrei.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er góðra gjalda vert að menn ræði um fortíðina og reyni að læra af henni og það er hægt í sambandi við orkumál sem önnur mál. En mestu varðar okkur þó framtíðin í þessum efnum og að ráða bót á fyrirsjáanlegum vanda í sambandi við okkar orkubúskap. Ég vil þakka þeim sem hér hafa komið og tekið undir þetta mál, sem ég geri ráð fyrir að ekki sé neinn ágreiningur um hér á hv. Alþ., svo augljós rök sem fyrir því eru að ráðast í þetta orkuver einmitt nú, eða stækkun orkuversins í Svartsengi, vegna þeirrar hættu á orkuskorti sem hér er fyrirsjáanlegur á komandi vetri verði ekkert að gert, þ. e. veturinn áður en fyrsti áfangi næstu stórvirkjunar tekur til starfa. Það er einmitt þessi tímasetning og þessi viðhorf sem ýta undir þá fjárfestingu sem hér er um að ræða, viðbótina við orkuverið í Svartsengi, og er ég þó ekki þar með að segja að það gæti ekki verið hagkvæmt þó að öðruvísi stæði á. En hér tengist saman fyrirsjáanleg vöntun á orku í raforkukerfi landsmanna á næsta ári og að hægt er að fresta lagningu stofnlínu til Suðurnesja sem kosta mun verulega fjármuni.

Gufuorkuver geta sýnilega skilað árangri. Fyrir því höfum við nokkra reynslu. En við höfum einnig orðið fyrir verulegum áföllum að því leyti, eins og hér hefur verið nefnt. Ég tel ekki ástæðu til að lengja hér umr. um reynsluna af Kröfluvirkjun í þessu samhengi. Um það mál hefur verið mikið talað hér á hv. Alþ. En í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Reykn. vék að áðan, að það væri nánast sem menn misstu dómgreind sína þegar um þessi mál væri rætt, þá mætti ýmsu þar við bæta ef menn vildu út í það fara að rifja upp afstöðu manna til mála síðustu tvö árin einmitt í sambandi við Kröfluvirkjun. Þar held ég að sé ekki hægt að líta aðeins til einnar hliðar, þó að ég sé í hópi þeirra manna sem hafa viljað fara þar fram af mikilli varkárni eftir að eldsumbrot hófust þar á svæðinu. Ég tel að sá dráttur sem orðið hefur á því að reyna að afla gufu fyrir þá virkjun hafi verið óeðlilegur og þar komi við sögu ákveðin þráhyggja í viðhorfum til fortíðarinnar, sem hv. þm. mætti hafa í huga þegar hann lætur gagnrýnisorð falla, sem margir geta nú undir tekið reynslunni ríkari að því er varðar tilhögun framkvæmda í sambandi við Kröfluvirkjun.

Varðandi raforkumál okkar með tilliti til komandi vetrar gæti svo farið, að við ættum eftir að fá verulegan ábata af árangri, ef hann næst við boranir við Kröflu á komandi sumri, sem sem stefnt er að og meira að segja Alþfl., eftir að hann tók við stjórnvelinum á síðasta hausti, fékkst til að gera till. um í sambandi við það fjárlagafrv., sem hann stóð að þá, og hvarf þannig frá þeirri þráhyggju í viðhorfum til þessarar virkjunar sem fram kom í ríkisstj. 1978 — 1979. Einnig er þess að geta, að fyrir utan Kröfluvirkjun gæti verið að nýta mætti jarðgufu sem fyrir hendi er í Bjarnarflagi. Þó að þar sé ekki um mikið afl að ræða getur um það munað ef farið er að reikna það í framleiðslukostnaði af olíu til raforkuvinnslu. Þannig líta málin út, að einmitt möguleikarnir á litlum gufuaflsvirkjunum séu það nærtækasta til þess að brúa það bil sem er í orkukerfi landsmanna á komandi ári, þangað til fyrsti áfangi næstu stóru virkjunarinnar kemst í gagnið.

Vegna þeirra orða, sem hv. 4. þm. Vestf. lét hér falla varðandi skipulagsmál raforkuiðnaðarins, tel ég rétt að fram komi að sú till. sem hér liggur fyrir, skarast á engan hátt við þá stefnumörkun sem ríkisstj. 1978 — 1979 stefndi að, þ. e. að meginraforkuvinnsla og raforkuflutningur landsmanna væri á höndum eins opinbers aðila. Í þeim till. var engan veginn útilokað að minni háttar raforkuver risu utan við það kerfi, á vegum annarra aðila. Í till., sem þá komu fram, var að vísu miðað við 5 mw. raforkuver, en hér er rætt um 6 mw. raforkuver. Það er bitamunur en ekki fjár og skiptir ekki máli í þessu sambandi.

Varðandi stefnu núv. ríkisstj. að þessu leyti er nærtækast að vitna til stjórnarsáttmálans, þar sem segir í kaflanum um orkumál orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Sett verði lög um skipulag orkumála, um meginraforkuvinnslu og raforkuflutning, þar sem m. a. verði ákveðin samræmd heildarstjórn þessara mála og tryggð heildsala raforku til almenningsveitna við sama verði um land allt. Skipulag orkudreifingar verði tekið til endurskoðunar."

Ríkisstj. mun vinna að framgangi þessa máls, eins og hér kemur fram, og ég er viss um að um það mun nást samkomulag, og á ekki von á að uppi sé verulegur efnislegur ágreiningur um þetta mál. Og ég vænti þess, að hv. 4. þm. Vestf. verði áður en lýkur einn af stuðningsmönnum þeirrar lausnar sem þar mun takast. Það er að mínu mati og ég held ríkisstj. allrar brýnt, að mörkuð verði skýrari og ákveðnari stefna í þessum efnum en verið hefur. Ýmislegt af því, sem úrskeiðis hefur farið í okkar orkumálum, sérstaklega raforkumálum, á liðnum árum, er að mínu mati vegna þess að það hefur dregist úr hömlu að marka stefnu um skipulag raforkumálanna og kannske orkumálanna á heildina litið, en umr. um þau *efni hefur nú staðið í a. m. k. einn áratug mjög ákveðið* og raunar má leita þess lengra til baka, að menn voru að velta fyrir sér að taka þessi mál heildstæðari tökum en tekist hefur til þessa.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. vildi meina að ég væri haldinn grundvallarmisskilningi á stefnu Alþb. í skipulagsmálum raforkuiðnaðarins. Og það var ekki nóg með þetta, hann hélt því einng fram, að ég hefði á undanförnum árum misskilið núv. hæstv. forsrh. í þessum efnum. Og ekki nóg með það, heldur hefði núv. hæstv. forsrh. misskilið mig um þetta efni. En hv. þm. nefndi náttúrlega ekki í hverju þessi grundvallarmisskilningur væri fólginn, en það gerir ekkert til. Ég ætla ekki að ræða neitt um það, þessi gamanmál hv. 4. þm. Norðurl. e. eru jafngóð fyrir því.

En mér dettur í hug hvort það sé nú kannske ekki þannig, að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi í einhverju efni misskilið stefnu eigin flokks, eða kannske ég ætti að orða það svo, að hann hafi verið blendinn í trúnni á þá stefnu. Og þá mæli ég þessi orð ekki í slæmri merkingu, heldur þvert á móti, því að þessi hv. þm. hefur sýnt það í verki að hann hefur skilið sjónarmið dreifbýlisins í þessu efni, og hef ég þá alveg sérstaklega í huga afstöðu hans og jákvæð viðbrögð við setningu löggjafarinnar um Orkubú Vestfjarða.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. tæpti aðeins á einu atriði, sem er í sjálfu sér ákaflega þýðingarmikið og ég er honum algerlega sammála um. Það er það, að nýta þurfi sem best möguleikana til smávirkjana. Og það er einmitt þetta atriði, sem er sameiginlegt áhugamál okkar beggja, sem er ein af veigameiri ástæðunum fyrir því að flytja framkvæmd þessara mála út til landsbyggðarinnar og stofna og stuðla að landshlutafyrirtækjum í raforkuvinnslunni. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það eru einmitt þessi sjónarmið sem liggja til grundvallar landshlutavirkjunum *sem hljóta að vinna á, og það kom m. a. fram í* máli hv. 3. landsk. þm. Hann skýrði okkur frá því, sem við vissum a. m. k. sumir hverjir áður, að það er mikið áhugamál sveitarstjórnarmanna og sveitarfélaganna á Suðurnesjum að stofna Orkubú Suðurnesja. Það er þarna eins og annars staðar, að menn vilja fara með þessi þýðingarmiklu mál sjálfir og treysta sjálfum sér best til þess að fara svo með framkvæmd þessara mála að best sé í samræmi við hagsmuni fólksins úti á landsbyggðinni.

Ég vík þá aðeins nokkrum orðum að hæstv. iðnrh. Hann sagði eitthvað á þá leið, að þetta frv. væri þannig að það skaraðist ekki við stefnu ríkisstj., sem sat 1978 — 1979, og 5 mw. virkjun skipti ekki máli vegna þess að hún væri smáræði. Ég vil aðeins segja um þetta, að þegar við vorum að ræða t. d. í skipulagsnefnd orkumála og í þeirri nefnd, er ég vék að áðan, þá þótti þessi viðmiðun skipta svo miklu máli að þeir, sem héldu fram einu landsfyrirtæki í orkumálum, vildu ekki hlíta því að farið væri yfir þetta mark. En ég spyr nú hæstv. iðnrh.: Segjum svo, að frv., sem hann leggur hér fram, hefði gert ráð fyrir 10 mw. virkjun, hefði það breytt nokkru um það, sem okkur öllum hér þykir sjálfsagt, að samþykkja þetta frv.? Hefðu fallið eins og spilaborgir þau rök sem hæstv. ráðh. *flutti fyrir 5 mw. virkjun, ef um hefði verið að ræða 10* mw. virkjun? Ég er sannfærður um að hæstv. iðnrh. svarar þessu ekki játandi. Og ég spyr hæstv. ráðh.: Þegar búið er að stofna Orkubú Suðurnesja, sem ég hygg að *hljóti að verða, kemur þá hæstv. ráðh. til hugar að það sé* stætt á því að neita því fyrirtæki um að reisa þar virkjanir á orkusvæði þess sem það óskar eftir að virkja og telur heppilegt að virkja? Nei. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hæstv. ráðh. *muni gerast sporgöngumaður þeirra*, ef einhverjir finnast, sem ætla sér að standa á móti slíkum framkvæmdum. Ég hygg að þetta sé augljóst mál og ég skal ekki fjölyrða frekar um það.

Hæstv. ráðh. vitnaði í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. og sagði að það ætti samkv. stefnuyfirlýsingunni að koma á samræmdri heildarstjórn og sama verði í heildsölu á rafmagni um allt land. Hann sagðist vænta þess, að allir væru sammála um þetta. Ég tek undir þetta. Ég er algerlega sammála um þetta og ég held að það sé rétt að menn séu yfirleitt sammála um þetta. Spurningin er ekki um markmiðið, heldur leiðirnar til þess. Hæstv. ráðh. hefur flutt mál þeirra manna sem telja að bestri heildarstjórn sé komið á með því að hafa eitt fyrirtæki. Ég og fleiri — svo að ég haldi fullu samræmi við það sem ég hef áður sagt, hæstv. núv. forsrh., við höfum haldið því fram, að þessari heildarstjórn mætti ekki síður koma á þó að fyrirtækin væru fleiri en eitt. Og í nál. þeirrar skipulagsnefndar, sem ég hef hér vitnað til og skilaði áliti 1978, um haustið, eru einmitt gerðar till. um það af þeim hluta nefndarinnar sem vill þessa skipun, hvernig eigi að koma þessari heildarstjórn á. Ég skal ekki lengja mál mitt með því að fara að lýsa því hér.

En það er ekkert hégómamál hvaða skipulag er haft. Og það er ekki nóg að koma á heildarstjórn og koma á sama heildsöluverði á rafmagni um allt land. Við þurfum að gæta þess — og það er grundvallaratriði — að hafa skipulagið á þann veg, að það í sjálfu sér stuðli að sem hagkvæmustum rekstri og lægstu orkuverði. Okkur er lítill akkur í því að hafa sama orkuverð um allt land ef skipulagið, sem við tökum upp til þess, stuðlar að hærra orkuverði en þyrfti að vera. Okkur er lítill akkur í því að hafa sama verð um allt land ef það þarf að verða hærra við þær aðgerðir. *Þetta er grundvallaratriði þegar* við tökum ákvörðun um það, hvaða skipulag henti best. Nú ætla ég, eins og ég lofaði í upphafi, ekki að hefja neinar almennar umr. um þetta efni, en við, sem teljum að ekki eigi að binda orkuvinnsluna við eitt fyrirtæki, álítum að þegar um eitt fyrirtæki sé að ræða sé hætt við að boðið sé heim hættunni á slappari stjórn, því að þá væri engin viðmiðun, eins og gæti verið ef um fleiri fyrirtæki væri að

ræða. Margt fleira mætti segja í þessu sambandi.

Nú vildi ég mega vona að hæstv. iðnrh. taki þetta allt til enn þá betri athugunar en áður. En ég verð að segja það, að í mínum huga kom upp áðan nokkur ótti um það, að hæstv. iðnrh. hugsaði sér þrátt fyrir allt að halda við sína stefnu og framkvæma hana undir forsæti núv. hæstv. forsrh. Það mun koma í ljós, hvert framhaldið verður. En ég verð að segja það, að ég óttast mjög að það verði í fleiri málum en orkumálunum sem vinstri flokkarnir ráði, vegna þess að þeir ráði öllu sem þeir vilja ráða í núverandi ríkisstjórn.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Mig langar til að leggja örfá orð í belg hér í þessari umr.

Hitaveita Suðurnesja hefur sýnt að hún er mikið og gott fyrirtæki sem hefur komið að verulegu gagni í þeirri orkukreppu sem nú ríkir. Það fyrirtæki hefur nú náð til flest allra sveitarfélaga á Suðurnesjum með þær framkvæmdir, sem það er stofnað til, þ. e. að virkja til vatnshitunar eða vera hitaveita eins og nafnið bendir til. Síðan kemur í ljós að hitaveitan er til fleiri hluta nytsamleg, að þarna er um að ræða, eins og fram kom hér í umr. áður, einn besta eða hagkvæmasta kost sem nú er uppi til virkjunar raforku. Þessu ber að sjálfsögðu að fagna, og ég vil taka undir það sem aðrir hv. þm. í þessari deild hafa réttilega bent á, að að þessu munum við standa og þetta munum við styðja.

Það, sem gerir það að verkum samt, að ég vildi koma hér upp og ræða örlítið um málið, eru þær umr. sem hafa orðið um Kröfluævintýrið, eins og það var kallað áðan í umr. Nú vita allir, og það kom reyndar fram hjá hæstv. iðnrh., að um þetta hefur verið mikið rætt hér á hv. Alþ. og er ekki ástæða til þess að vera nú að rifja þær umr. upp að miklu leyti. En það vita allir, að eldsumbrot eiga sér víða stað og ekki síður á Reykjanesi en annars staðar á landinu. Það er líka kannske rétt að minnast þess fyrir þá Alþfl.-menn, sem hafa haldið uppi nokkurri gagnrýni á Kröfluvirkjun, að áætlaður kostnaður við snjómokstur í þeim alþingiskosningum, sem þeir stóðu að fyrr á þessum vetri, var eins og að bora eina tilraunaholu við Kröflu. Það mætti kannske minna á það í leiðinni. **(KJ:** Hvað var það?) Því betur fór svo að veðurguðirnir voru okkur hagstæðir í þessari kosningabaráttu og ekki þurfti að eyða miklum peningum í snjómoksturinn, en það leiddi ýmsan annan kostnað af þessum alþingiskosningum, og hefði kannske verið hægt að verja því fé betur. Það er gott ef veðurguðirnir eru Alþfl.-mönnum hagstæðir. Þeir voru það við okkur öll sem stóðum í þessari kosningabaráttu, því er nú betur. En það var, held ég, ekki alfarið þeim Alþfl.-mönnum að þakka.

Ég vildi aðeins benda á eða nefna þetta með Kröflumálin, en ég tel að þau eigi ekki endilega að koma inn í þessa umr. og ekki að spila inn á þetta mál, en ég gat ekki stillt mig um að geta þeirra lítils háttar. Ég vil hins vegar fagna því, að þetta skuli vera hér komið inn og það skuli vera svo hagkvæmt sem virðist að virkja þarna raforku og bæta þar með úr því ástandi sem ríkir í orkumálunum. Ég mun að sjálfsögðu standa að samþykkt þessa frv.

Varðandi skipulagsmálin, sem hafa líka verið hér nokkuð til umr., er rétt að geta þess, að við framsóknarmenn höfum verið því fylgjandi að eitt orkuöflunarfyrirtæki ætti að vera ráðandi. En hvort mörkin um megawöttin eiga að vera 6 eða 10, um það er ég ekki reiðubúinn að setja hér fram algilda reglu fyrir mitt leyti. En ég tel að það mál þurfi þó að athuga og verður vafalaust rætt líka í n. hvort þetta sé sá háttur sem réttastur sé í þessu máli.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka frekar þátt í þessum umr. þar sem innlegg manna varðandi það mál, sem hér er á dagskrá, er eiginlega allt á eina leið, mjög jákvæð viðbrögð við framlagningu þessa frv., svo sem eðlilegt er, þar sem hér er um gott mál að ræða. En það virðist svo sem ýmsir vilji nota þetta tækifæri til þess að glíma við fortíð sína — svo að ég leyfi mér að nota þau orð — og á það kannske jafnt við það sem hefur verið rakið hér varðandi Kröfluvirkjun og upprifjun hv. 4. þm. Vestf. á hugmyndum hans og deilumálum á liðinni tíð um skipulag raforkumálanna í landinu. Það er kannske ekkert óeðlilegt að menn vilji hefja umr. um þau þegar færi gefst, því að það brennur vissulega mjög á okkur að koma þeim málum í betra horf, og ég vænti þess, að það líði ekki mjög langur tími, þó það verði vart á þessu þingi, að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson þurfi ekki að berjast um í ótta eða reyna að lesa á milli línanna í stjórnarsamningnum hvað upp úr honum muni vaxa í sambandi við skipulag raforkumálanna. Þegar ég nefni ótta hv. þm. í þessu sambandi, þá er það sú glíma sem hann virðist telja að hljóti að rísa innan ríkisstj. um meðferð á þessu ákvæði málefnasáttmálans, og það er greinilegt, að henn ber ríkan ugg í brjósti, og kom reyndar greinilega fram í orðum hans, að þau sjónarmið, sem hann barðist fyrir og reyndi að ýta á eftir við hæstv. núv. forsrh. á árunum 1974 — 1978 í sambandi við skipulag raforkumálanna, þau sjónarmið nái ekki alfarið — eða kannske í litlu einu og kannske ekki — um það vil ég ekki fullyrða á þessu stigi mála — fram að ganga.

Ég held að það sé ástæða til, vegna orða hv. þm., að átt sig á því, og að ég geri hér grein fyrir því, að málið snýst ekki um það í sambandi við skipulag raforkumála, hvort utan við meginfyrirtæki til raforkuöflunar í landinu standa nokkrar minni háttar virkjanir sem tengst geta orkuveitum í landshlutanum. Um það stendur ekki deilan, hvort heimilt sé í slíkum tilvkum, þar sem stofnaðar hafa verið orkuveitur, að reisa minni háttar virkjanir, t. d. í tengslum við vinnslu jarðvarma eins og verið er að gera í Svartsengi og þetta frv., sem hér er til umr., er þáttur í. Spurningin er um það, hvort við ætlum að deila landinu alfarið upp í hólf í sambandi við raforkuvinnsluna og hafa það sem meginmarkið, að hvert hólf — við getum kallað það landshluta — verði sjálfstæður aðili í sambandi við raforkuvinnslu á sínu svæði og beri ábyrgð þar að lútandi og síðan verði samstarf milli þessara aðila um rekstur. Ég er í þeim hópi sem telur að þetta sé stefna sem muni ekki ná fram að ganga, hún sé ekki vænleg, fyrir henni sé takmarkaður áhugi, svo að ekki sé meira sagt. Og ég held að hv. þm. hafi hlotið að finna það, meðan hann vann ötullega að athugun þessara mála fyrir nokkrum árum, að það var ekki ýkjamikill áhugi á því að efna til slíkrar úrlausnar. Hann varð var við það í þeirri nefnd um skipulag orkumála, sem hann veitti forustu og skilaði áliti í okt. 1978, að hann var í miklum minni hluta og hans sjónarmið í þessu efni. En nú er hann að vænta þess — og þó er greinilega sú vonartýra afar veik, að úr kunni að rætast og sá, sem hann vann fyrir í umræddri nefnd, muni reyna að andæfa hinni, að hann telur heldur illu stefnu vinstri manna í sambandi við skipulag raf-

orkumála.

Ég held að þarna greinist menn ekki fyrst og fremst í hópa eftir flokkum, enda væri það ekki eðlilegt í máli sem þessu. Viðhorfin liggja meira á dreif heldur en það í þessu efni. En þótt það yrði niðurstaðan — sem ég vænti að verði — að slíkt landsfyrirtæki rísi sem hafi bolmagn til þess að reisa virkjanir og tryggja orkuöflun fyrir alla landshluta á sama verði, þá útilokar það á engan hátt tilvist orkuveitna í landshlutunum, eins og staðreynd er nú á Vestfjörðum, þar sem er Orkubú Vestfjarða sem ég tel að um margt sé mjög athyglisvert fyrirtæki, og hv. þm. getur, að ég hygg, öðrum fremur þakkað sér að það fyrirtæki komst á laggirnar. Það má að vísu kannske finna ýmsa veikleika í því sambandi, ég ætla ekki að fara að ræða það mál eða rekja, en ég hygg að það fyrirtæki muni þurfa á aðkeyptri orku að halda um nokkra framtíð a. m. k. En tilvist þess og tilvist annars meginraforkuöflunarfyritækis útilokar ekki að menn geti ráðist í minni háttar virkjun á Vestfjörðum, ef það er talið henta og tryggja öryggi í þeim landshluta eða raforku á lægra verði, sem ég á ekki von á eins og virkjunarmöguleikum er háttað þar. Ég tel líka fremur sennilegt og alls ekki óæskilegt að upp komi veitufyrirtæki á Suðurnesjum, sem standi sameiginlega að orkudreifingu þar og að öflun jarðvarma fyrir byggðarlögin þar, og í leiðinni eigi að nýta til raforkuframleiðslu þá orku, sem til fellur, eins og er um að ræða í Svartsengi. En það breytir ekki nokkrum hlut efnislega um meginatriði þessa máls. Eftir stendur að skynsamlegasta leiðin í sambandi við meginraforkuöflunina er að hún verði á einni hendi.

Um stjórnun þess fyrirtækis getur menn greint á, hver sé æskilegasti hátturinn hvernig að því verði staðið, en ég hygg að með aðild ríkisins að meiri hluta eða jöfnu í slíku fyrirtæki eigi að vera tryggt, að almenningshagsmuna sé gætt. Ég held að það sé vænlegasta leiðin til þess að tryggja mönnum raforku og öryggi í raforkumálum til lengri tíma litið, og hin leiðin, að ætla að knýja fram þá stefnu, að hver landshluti fyrir sig eða slík svæði sjái um raforkuöflunina, sé alls ekki vænleg leið til þess að tryggja hagsmuni manna í sambandi við raforkuverðið og skynsamlega röðun framkvæmda, eins og fólst í þeirri stefnu og felst í þeirri stefnu sem hv. 4. þm. Vestf. hefur manna ötullegast talað fyrir.

En enn er tækifæri og tími til þess að ræða þessi mál og vonandi að leysa þau þannig að borgið sé almannaheill í þessu efni. Ég hygg að núv. ríkisstj. muni vinna að því að svo megi verða fyrr en seinna. Sú stefna, sem þar verður mörkuð, mun áreiðanlega ekki koma í veg fyrir að fyrirtæki af því tagi, sem um er fjallað í því lagafrv. sem hér liggur fyrir, verði reist og geti verið á vegum orkuveitna í landshlutum sem sjái þar um dreifingu orku og hafi með að gera minni háttar orkuvinnslu, eins og hér er um að ræða. Hvort megawöttin eru 5 eða 10 er algert aukaatriði í þeirri heildarmynd sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef ekki tækifæri hér til þess að fara nánar inn á stefnumörkun þá í skipulagsmálum raforkuiðnaðarins sem hæstv. ráðh. vék nú aftur lítið eitt að. Hann sagði að það næði ekki nokkurri átt að knýja landshlutana til þess að taka þessi mál í sínar hendur. Það dettur engum í hug. Það er ekki hægt að stofna landshlutafyrirtæki nema með vilja landshlutanna. Spurningin er sú, hvort við eigum að útiloka að fólkið úti á landsbyggðinni geri það ef það vill.

Ég þakka hæstv.ráðh. fyrir þau orð sem hann lét falla um Orkubú Vestfjarða. Ég skildi þau svo, að frá hans sjónarmiði ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þar gætu verið virkjanir á vegum Orkubúsins. En ég vil ekki trúa því fyrr en ég reyni, að hæstv. ráðh. vilji ekki láta Austfirðinga sitja við sama borð og Vestfirðinga, þ. e. að ráða þessum málum.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það traust sem hann sýndi mér í þeim orðum að ætla mér að ég hefði verið aðalhöfundur þeirrar stefnu og oddviti sem vildi landshlutafyrirtæki, því að hann sagði að ég hefði ýtt þeirri stefnu að núv. hæstv. forsrh. Ég held að þetta sé mikið vanmat á hæstv. forsrh. Ég hef litið svo á að hann hafi verið maður til þess að hafa og raunverulega hafi haft forustuna í þessum efnum, þó að bæði ég og margir aðrir hafi komið þar að málum. En hvað felst í þessum orðum hæstv. iðnrh.? Það felst ekki í þeim mikið álit á hæstv. forsrh. Og mér sýnist að þetta hljóti að benda til þess, að hæstv. iðnrh. telji að hann geti ýtt að hæstv. forsrh. í raun og veru hverju sem honum þóknast, því að ekki vil ég að óreyndu ganga út frá því að hæstv. iðnrh. telji sig minni karl í þessum efnum en mig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Verðlag, frv. (þskj. 183). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., er í sjálfu sér einfalt í sniðum, en þar með er ekki sagt að það sé ekki mikilvægt mál. Ég held jafnvel að það sé eitt hið allra mikilvægasta mál sem á þessu þingi er til umr. og til afgreiðslu.

Menn þekkja forsögu málsins talsvert, býst ég við, og muna hana, en ég tel þó rétt í örfáum orðum að rifja upp megindrættina.

Það var á haustþingi 1969 sem þáv. ríkisstj., viðreisnarstjórnin svonefnda, flutti frv. um verðlagsmál, sem lengi hafði verið í undirbúningi og var kallað Sonnefrv., eins og menn kannske minnast, í höfuðið á dönskum embættismanni sem starfaði með Íslendingunum að undirbúningi þess máls. En fjölmörg samtök neytenda, launþega, vinnuveitenda og ýmissa annarra áttu aðild að undirbúningnum, sem tók allmörg ár, og var þá mjög stuðst við reynslu nágrannaþjóðanna, ekki síst Norðurlandaþjóða, við allan þann undirbúning. Þetta mál var sem sagt stjfrv. á þessum tíma. En svo gerðist það í þessari hv. d. við afgreiðslu málsins vorið 1970 að einn af þm. Alþfl., sá ágæti maður Eggert G. Þorsteinsson, treysti sér ekki til þess að greiða atkv. með málinu, heldur greiddi atkv. gegn því. Þá gömnuðu menn sér við að segja að ráðh. hefði rétt upp vitlausa hönd, en raunar kom í ljós að hann hafði haft fyrirvara við stuðning þessa máls. En sem sagt, þá stóðu að málinu tveir flokkar, stjórnarflokkarnir þáverandi.

Svo gerist það á þinginu 1978 að þáv. ríkisstj., ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, tekur málið upp að nýju og samkomulag næst um að breyta nokkuð upphaflega frv. og færa það til samræmis við þá reynslu sem fengist hafði í

nágrannalöndum. Frv. er síðan um þetta flutt og samþ. hér á þinginu með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. Formaður meiri hl. fjh.- og viðskn. þá, hv. þm. Jón Helgason, lýsti nokkuð efni frv. Ég held að ég geri það ekki betur en hann og leyfi mér þess vegna að lesa hér upp örstutt úr framsöguræðu hans fyrir meiri hl. n. Hv. þm. sagði:

„Í 1. gr. frv. er markmið og gildissvið laganna skilgreint þannig, að þau hafi það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að a) vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskipaháttum, b) vinna gegn óréttmætum viðskipa- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild.

Til þess að ná þessum tilgangi koma síðan í frv. margvísleg nýmæli, sem eiga að stuðla að því að gera okkur kleift að koma hér á því verðlagskerfi er hentar best við okkar aðstæður. Það á að reyna að fá fram þá kosti, sem frjáls samkeppni um verðmyndun kann að geta skapað, án þess að taka þá áhættu að afleiðingin verði gagnstæð, því að með öflugu eftirliti á að fylgjast með verðlagsþróuninni og grípa í taumana ef ástæða verður til. Það er því alger firra að halda því fram, að með þessu frv. sé stefnt að því að gefa kaupsýslumönnum og milliliðum tækifæri til að skammta sér laun. Það á að gefa þeim tækifæri til að sýna kosti frjálsrar samkeppni fyrir neytandann, en misnoti þeir það hefur verðlagsráð víðtækar heimildir til aðgerða.“

Hér lýkur tilvitnun í ummæli hv. þm. Jóns Helgasonar, og hygg ég að í þessum fáu orðum sé lýst þeim meginmarkmiðum sem lög þessi áttu að beinast að, þ. e. lög nr. 56 frá 16. maí 1978.

Auðvitað vita menn að það er fyrst og fremst verð varanna sem máli skiptir, en hins vegar ekki hvernig það verð verður til. Kem ég nokkru nánar að því síðar, en vek á því athygli að nú nýverið hefur verðlagsstjóri birt upplýsingar og álit sitt á því, hvert vera mundi innkaupsverð vara hér á Íslandi ef á viðskiptamálum væri haldið með skynsamlegum hætti og líkt og gert er í nágrannalöndunum, borið saman við það verðlag sem nú er. Niðurstaðan er sú, að innkaupsverð vara til Íslands sé einhvers staðar á bilinu 20—25% hærra en vera mundi ef heilbrigðir viðskipahættir væru hér ríkjandi. Þetta eru svo gífurlegar upphæðir, sem hér eru í húfi, að furðu sætir að menn skuli leyfa sér að viðhalda þessu úrelta og kolvitlausa kerfi sem við Íslendingar einir þjóða höfum búið við. Það skilur hver maður að þegar verslunina á að reka með ákveðnum prósentum, prósentuálagningu sem reynt er að halda lágri í þeirri trú að það sé leið til baráttu við verðbólgu, minnkar auðvitað hvötin til að gera hagstæð innkaup. Og jafnvel þótt menn vildu reyna að gera sem allra hagstæðust innkaup vita auðvitað viðsemjendurnir erlendis hvernig málum er hér háttað, og þeir segja við hinn íslenska viðsemjenda sinn: Hvers vegna í ósköpunum ætti ég að fara að gefa þér afslátt til að skaða okkur báða? — Auðvitað er samningsaðstaða í slíkum tilfellum algerlega óviðunandi og skaðar Íslendinga, og hefur skaðað þjóðarbúið meira en nokkur getur raunverulega látið sér til hugar koma.

Þetta mál er svo margrætt og rökin á móti þessu vitlausa verðlagskerfi að það þarf ekki að fara ýkjalangt út í þá sálma. Raunar var þetta allt saman rakið hér þegar lögin frá 1978 voru samþ. og mikill meiri hl. Alþ. sannfærðist um að nauðsynlegt væri að gera úrbætur.

En það er fleira en bara prósentuálagningin sem hér kemur til. Það er líka það fjársvelti sem verslunin hefur verið í. Mönnum finnst það kannske nokkuð djúpt í árinni tekið að segja að einn atvinnuvegur ætti að hafa ótakmarkaðan aðgang að fjármagni, og það er verslunin. Auðvitað er það alvörupeningur sem menn yrðu ábyrgir fyrir og yrðu að greiða fullu verði til baka, ekki skertar krónur. En sannleikurinn er sá, að menn geta ekki gert hagstæð innkaup nema þeir hafi aðgang að fjármagni, og þeir geta ekki heldur látið verslunarfyrirtæki sín bera sig nema þeir fái að leggja á með eðlilegum hætti. Allt ber þetta að sama brunni. Kerfið, sem menn hafa búið við, er slíkt að kannske hafa einhverjir smáheildsalar verið að reyna að lifa af því að velta 10 eða 20 millj. í eigin fé og einhverju smávægilegu lánsfé með því að kaupa vörur erlendis á útsöluverði eða kannske hærra verði og flytja til landsins vitandi að það skiptir engu máli hvað varan kostar vegna þess að hún er keypt áður en hún kemur til landsins, eða a. m. k. sama daginn, þar sem engar birgðir eru fyrir hendi.

Ég skal játa að í málefnasamningi ríkisstj. er að einu leyti skynsamlega tekið á þessu máli. Það er bent á nauðsyn þess að rýmka nokkuð um fjárhag verslunarinnar. Það sem auðvitað þarf að gera er að leyfa kaupsýslumönnum og innflutningsfyrirtækjum að taka vörukaupalán erlendis algerlega eins og þeim sýnist, en á eigin áhættu, þannig að erlendi aðilinn verði að taka áhættuna, það sé ekki íslenska þjóðarbúið sem geri það. Ef viðkomandi kaupsýslumaður fer á hausinn eða getur ekki greitt skuldir sínar er það áhætta þess erlenda manns sem honum lánaði. Með þessum hætti verða innkaupin auðvitað í miklu stærri stíl og á miklu hagstæðara verði. Þar að auki ætti að leyfa einhvers konar gjaldfrest á tollum á sumum vörutegundum a. m. k., þannig að vörurnar flyttust inn til heildsölufyrirtækjanna og inn í verslanirnar svo að hvötin og nauðsynin á að selja mundi aukast. Og þegar nauðsynlegt er að selja verður að selja á hagstæðum kjörum, þá verður að lækka verðið í stað þess að eins og nú er geta menn haft hvaða verð sem er, en selja allt. Þessi hringavitleysa er búin að kosta íslensku þjóðina svo ótrúlegar upphæðir að lífskjör væru auðvitað allt, allt önnur ef við hefðum ekki þurft einir vestrænna þjóða og frjálsra þjóða að búa við þessi ósköp.

Þessu gerðu menn sér grein fyrir á 7. áratugnum, þegar Sonnefrv. var samþykkt, og stóðu að því tveir stjórnmálaflokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., nokkurn veginn óskiptir, þótt það slys henti sem ég gat um áðan. Síðan gerist það 1978, að þá standa tveir stærstu stjórnmálaflokkar landsins, núverandi alla vega, eindregið að þessari breytingu, en hún kemst svo aldrei til framkvæmda vegna þess að vinstri stjórnin síðasta, sú næsta undan þeirri sem nú er nýlega mynduð, breytir þessum lögum og gerir þau algerlega óvirk. Svo rammt kveður að því, að það eru sett tvenn svo kölluð verðstöðvunarlög á tímabili fyrrv. vinstri stjórnar, og það leiðir til þess að árið 1979 er hið mesta verðlagshækkunarár, þá verða mestu verðlagshækkanir á einu ári, samfelldu heilu ári, frá því að útreikningar vísitölu hófust 1914, eða um 61%. Ég endurtek: Þegar tvenn verðstöðvunarlög eru sett til að eyðileggja löggjöfina um frjáls viðskipti verða mestu verðlagshækkanir á Íslandi allar götur síðan verðútreikningar og útreikningar vísitölu hófust árið 1914, eða um 61% — e. t. v. að einu ári undanteknu sem gæti

verið með 63%, árið um 1917, þegar menn ráða ekki við verðhækkanirnar út af styrjöldinni. (Gripið fram í.) Það er ekki rétt. Þetta er sem sagt árangurinn af þessari óskaplegu vitleysu sem við höfum búið við.

Menn halda það mjög margir, og það er kannske ekkert óeðlilegt fljótt á litið, að leiðin til að fást við verðbólgu, eða eitt af þeim atriðum, sem að gagni gætu komið gegn verðbólgu, sé mjög strangt verðlagseftirlit. Það er hægt að færa fyrir því ýmiss konar rök sem falla mönnum í geð og mönnum finnst vera heilbrigð skynsemi. En við verðum að horfast í augu við reynsluna, og hún er sú, að þegar minna hefur verið um verslunarfjötra og þar með líka gefin frjálsari álagning, eins og gert var 1960 og á áratugnum 1960—1970, þá tekst að kljást sæmilega við verðbólguna, þá er verðbólgustigið hér svipað og í nágrannalöndunum. En um leið og þessu öllu er kollvarpað fer allt saman úr skorðum. Þær þjóðir, sem afnámu öll slík höft fljótlega efitr stríðið, nokkrum árum eftir stríðið, hafa búið við allt annað verðbólgustig en við Íslendingar. Sumir segja: Þetta er bara tilviljun, þetta er af allt öðrum ástæðum o. s. frv. Það er hægt að slá slíku fram, en ég held að heilbrigða skynsemin sé einmitt að gera sér grein fyrir því, að verslunin þarf að hafa frjálsræði, það þarf að vera þar samkeppni til að einhverjar líkur séu til þess að verðlag geti verið sæmilega skynsamlegt.

Það síðasta, sem gerst hefur, er það, að í málefnasamningi núv. hæstv. ríkisstj. er talað um svokallaða niðurtalningu verðlags, það eigi ekki að leyfa nema 8% hækkun fyrst, síðan 7, þá 5 og allt muni þetta koma út í tölunni 31% o. s. frv. Við höfum séð slíka útreikninga og ágiskanir áður. Þar hefur aldrei staðið steinn yfir steini deginum lengur, og þetta er auðvitað það allra vitlausasta sem nokkru sinni hefur sést í sambandi við verðlagsmál. Hvernig í ósköpunum á að skammta íslenskum iðnaði 8% hækkun, ef kostnaðurinn hjá fyrirtækinu hækkar kannske um 15 eða 20%, og skammta honum svo 7%, þegar hann hækkar um 35—40? Auðvitað fer þá allur íslenskur iðnaður og allur íslenskur atvinnurekstur á hausinn. Þetta ákvæði á hins vegar ekki að taka til innfluttu vörunnar, það á að halda hinni vitleysunni áfram, prósentuvitleysunni, svo að þetta stangast náttúrlega allt á við röksemdir um að hér sé verið að glíma við verðbólgu eða jafnvel að örva íslenskt atvinnulíf og styrkja atvinnuvegi, svo að ekki sé nú talað um að bæta lífskjör fólksins, enda þora menn víst ekki að minnast á það. Sýnilegt er að nú á að skerða þau um allmörg prósent til viðbótar því sem fyrri vinstri stjórnir hafa gert ár frá ári nánast skipulega og án þess að nokkur af stjórnarsinnum reyndi að reisa rönd við eða koma einhverju viti í. Þó ber ekki að neita því, að Alþfl. var með ákveðnar till. um að reyna að stinga við fótum, en ekkert samkomulag varð um það í vinstri stjórn, enda verður þar aldrei samkomulag um eitt eða neitt nema um hringavitleysu, að láta allt vaða á súðum og allt fara úr skorðum.

Og nú er það síðasta dæmið um framkvæmd þessa ákvæðis málefnsamningsins. Það er sem sagt komið í ljós að verðlagsráðið sjálft er mótfallið því. Það er skipað níu mönnum, og það eru ekki ómerkari menn en Björgvin Guðmundsson, sem er formaður ráðsins og tilnefndur af viðskrh. og hans fulltrúi þar með og ber að fylgja hans skoðunum og framfylgja, Árni Árnason, tilnefndur af Verslunarráðinu, Þorsteinn Pálsson, tilnefndur af Vinnuveitendasambandinu, Kjartan Kjartansson, tilnefndur af SÍS, Ásmundur Stefánsson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Snorri Jónsson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Einar Ólafsson, tilnefndur af BSRB, Unnsteinn Beck, tilnefndur af Hæstarétti, og Þórir Einarsson, tilnefndur af Hæstarétti. Þessir átta menn, að formanninum einum undanskildum, eru níu alls, formaðurinn auðvitað starfar þarna sem embættismaður, sem skrifstofustjóri viðskrn., þeir samþykkja allir einum rómi að hafna þeirri reglugerð sem þeim er send til umsagnar, á þeim forsendum m. a., að verðbólgan verði ekki kveðin niður með því einu að setja reglur um hámarksverðhækkanir, og svo líka á þeim forsendum, að það sé ekki lagastoð fyrir þessu. Þetta er orðið með þeim eindæmum að engu tali tekur. Aðilar allra stærstu hagsmunasamtaka landsins mótmæla eindregið reglugerð, sem þeim er send til umsagnar um verðlagsmál, og þeir gera það réttilega. Þetta er allt saman botnleysa, bæði lagalega séð og eins efnislega. Það stenst ekkert af þessu, og ég er alveg viss um að hæstv. viðskrh. gerir sér grein fyrir þessu þó að hann dansi með í þessum villta dansi af því að það er búið að semja um þetta í málefnasamningi verstu ríkisstj. sem nokkurn tíma hefur verið mynduð á Íslandi. Þetta er sem sagt eitt dæmið um hringavitleysuna.

Ég ætla sem sagt ekki að eyða dýrmætum tíma hér. Fundartíma er nú að verða lokið, og ég vil gjarnan að fleiri geti komist hér að lengur en orðið er. En ég vænti þess, að þetta frv. fái mjög greiðan byr hér í hv. d. og þinginu í heild, því að eins og ég sagði áðan hafa þrír flokkar þingsins, allir aðrir en Alþb., staðið meira og minna að samþykktum í þessa átt, t. d. Alþfl., sem ekki var heill í afgreiðslu, hvorki 1970 né aftur 1978. Ég hygg að flestir Alþfl.-menn geri sér nú orðið grein fyrir hvað gífurlega mikið hagsmunamál alþjóðar er hér um að ræða, enda benda a. m. k. skrif Alþýðublaðsins til þess að þeir geri sér fulla grein fyrir þessu máli ekkert síður en sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. Þannig ætti að vera yfirgnæfandi meiri hluti í þinginu fyrir því að afgreiða þetta mál og afgreiða það með þeim hraða að ekki verði mikill dráttur á að það fái afgreiðslu. Þetta ætti aldeilis ekki að vera lítill stuðningur við hæstv. ríkisstj., auk þess sem það náttúrlega mundi styrkja stöðu hennar málefnalega, hjálpa henni í baráttu við verðbólguna þannig að hún yrði kannske ekki 100%, heldur kæmist niður í 60% eða svo. En allt útlit er nú fyrir að hún komist yfir 100% með þeim aðgerðum sem — (**Gripið fram í:** Með hjálp góðra manna.) Með hjálp góðra manna. Ég er að reyna að hjálpa henni til þess að draga úr verðbógunni og benda hæstv. ráðh. á hvernig hann eigi að fara að því. Ég veit að hann er mér algerlega sammála. Hann er mér algerlega sammála í hjarta sínu um þetta efni, það veit ég, þó hann hins vegar af hlífisemi við ríkisstj. og stjórnarsáttmálann muni kannske ekki játa það. En ég vona að hann komi hér í pontuna á eftir og lýsi skoðunum sínum. Raunar get ég líka aðeins getið um skoðanir hæstv. ráðh. úr því að hann er að grípa fram í fyrir mér. Hann sagði t. d. á aðalfundi Verslunarráðs Íslands nýverið orðrétt mjög skynsamlega, eins og hans er von og vísa, með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er voru hin nýju verðlagslög samþ. á Alþ. í maí 1978, en tóku gildi í nóv. 1979. Þegar lögin voru fyrst samþ. var hugmyndin með þeim að stefna að meira frjálsræði í verðlagsmálum, en með þeim breyt-

ingum, sem gerðar voru á lögunum á árinu 1979, var anda þeirra því miður breytt í verulegum atriðum.

Ég hef ekki farið leynt með þá skoðun mína, að frjálsari stefna í verðlagsmálum sé miklu líklegri leið til þess að lækka vöruverðið í landinu heldur en aðhaldssöm prósentálagningaraðferð. Ég þarf raunar ekki að gera grein fyrir þessari skoðun á þessum fundi, hún er augljós. Aðalástæðan er sú, að með prósentálagningunni er kippt í burt hvatningunni til þess að leggja aðaláhersluna á ódýr og hagkvæm innkaup. Auk þess stuðlar þessi prósenturegla að því að slæva verðskyn neytenda þar sem treyst er á einhverja forsjá opinberra aðila, sem því miður er ekkert nema misskilin trúgirni."

Þetta er eins og talað út úr mínu hjarta og allra manna sem gera sér einhverja skynsamlega grein fyrir þessum málum. Það þyrfti raunar ekkert að segja hér í pontunni annað en þessar setningar hæstv. viðskrh. Samkv. þessu ætti að vera betra að treysta honum fyrir þessum málum en nokkrum öðrum. Og t. d. ættu sjálfstæðismenn að styðja að því að hann einn fengi að ráða þessu, þá mundi þetta mál alveg örugglega komast í skynsamlega höfn. En af einhverjum sökum vill hæstv. ráðh. frekar sitja í stólnum og framkvæma stefnu andstæða skoðunum sínum en taka upp baráttu fyrir eigin hugsjónum og eigin sannfæringu. Þetta er nú svona í þessu vinstra liði og hefur lengi verið.

Ég var að geta um það áðan, að málið ætti að geta fengið byr, ekki eingöngu vegna fylgis almennra þm., heldur kannske fyrst og fremst vegna þess að það eru hvorki meira né minna en sjö af tíu ráðh. eindregnir stuðningsmenn þessarar stefnu. Það er kannske ný kenning að minni hlutinn eigi alltaf að ráða og þess vegna eigi hinir þrír ráðherrarnir að stjórna ferðinni. Ég veit ekki hvort sú verður niðurstaðan. Það væri í samræmi við ýmislegt annað sem gerst hefur, en ég hefði nú haldið að í þessari ríkisstj. ættu málin að vera tekin eitthvað fastari tökum er gert hefur verið. Og fyrir utan það að hafa þarna sjö af tíu ráðh. eru náttúrlega aðrir af helstu forustumönnum lands og þjóðar, eins og t. d. forseti SÞ. sem ég vitnaði til áðan, eindregnir stuðningsmenn þessarar stefnu, og auðvitað er hann í einni mestu áhrifastöðu þessa lands. Þess vegna ætti ekki að þurfa að vera að ræða um þetta, maður ætti ekkert að þurfa að vera að eyða í þetta tíma, það ætti allt að vera í slíku himnalagi. En það er eitthvað sem á bjátar engu að síður.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr. hér. Ég bendi á að það þarf auðvitað að gera breytingu á t. d. gildistökuákvæðinu. Við flm. gerðum okkur vonir um það, í samræmi við málflutning nú, að málið mundi renna í gegnum þingið á örfáum dögum, þar sem yfirgnæfandi meiri hl. styddi það. Því settum við gildistökuna 1. mars, sem nú er reyndar liðinn þar sem til þinghlés kom og ýmislegs slíks, svo að við verðum sjálfsagt að breyta henni í t. d. 1. apríl. Það ætti væntanlega að vera búið að afgreiða málið þá með miklum meiri hl. þingsins, — kannske einróma ef ráðh. sjö, sem allir eru mjög hlynntir þessu máli, beittu sér fyrir því að ríkisstj., og þá að sjálfsögðu forsetarnir, hröðuðu framgangi þess.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég var eiginlega búinn að lofa hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að taka til máls í þessu máli, en það er kannske óþarfi vegna þess að hann hefur þegar rakið þann málflutning sem ég hef haft uppi í þessum málum almennt séð. Ég fer ekkert leynt með það, enda liggur það fyrir í skjölum Alþingis, að ég var á sínum tíma fylgismaður hinna nýju verðlagslaga sem sett voru í maímánuði 1978, og ég hef ekki skipt um skoðun í þeim efnum síðan. Hins vegar er annað, sem við verðum auðvitað allir að hafa í huga, og það er að við lifum við samsteypustjórnafyrirkomulag. Við verðum að gera það upp við okkur, þegar við tökum þátt í stjórnarsamstarfi, hvað það er af stefnumálum okkar sem við viljum gefa eftir til að ná fram öðru sem við teljum þá e. t. v. meira virði. Ástæðan fyrir því að ég stóð að breytingu á verðlagslögunum á árinu 1979 var sú, að það var liður í stjórnarsamstarfi sem ég átti þátt í. Það er sú skýring sem ég gef á afstöðu minni þá.

Ég vil segja að illu heilli verðum við að lifa við samsteypustjórnafyrirkomulag. Ég spáði því á sínum tíma, þegar Sjálfstfl. hafði forustu um að taka upp stóru kjördæmin að það mundi leiða til þess að flokkum mundi fjölga og tryggja samsteypustjórnafyrirkomulag. Nú hefur það verið alveg greinilegt síðan að það eru tilhneigingar til klofnunar í flokkum. Ég spái því að svo verði áfram, flokkar muni klofna áfram, með hverjum hætti skal ég ekki segja. En við munum því miður, ef við ætlum áfram að byggja á stórum kjördæmum, þurfa að lifa við samsteypustjórnafyrirkomulag og þurfa að halda áfram að taka tillit til þeirra sem við vinnum með í það og það skiptið.

Ég fer ekki leynt með það, að ég álít besta verðlagseftirlitið í þessum málum vera heilbrigða samkeppni milli samvinnuverslunar og einkaverslunar. Hitt er annað mál, að á tímum mikillar verðbólgu er þörf á sterku verðlagseftirliti, sem er allt annað mál, vegna þess að verðbólga brenglar verðskyn almennings, menn vita ekki hvað vörurnar kosta frá degi til dags og hafa þess vegna ekki aðstöðu til að bera saman verð í verslunum. Samhliða verðbólgu þarf að vera sterkt verðlagseftirlit. Verðbólgan hefur því miður slæm áhrif á nægilega trygga samkeppni, sem er auðvitað undirstaða undir heilbrigðum verslunarháttum.

Í stjórnarsamningnum, og það er nú raunar það sem ég vildi aðeins koma að í þessum orðum, eru ákvæði um verðlagsmál. Þar er sett fram stefna um niðurtalningu verðbólgu, sem auðvitað er byggð á þeim forsendum að aðrir þættir efnahagsmála gangi á eftir, eins og t. d. launamál, sem menn þora aldrei að nefna í þessum efnum. Ég tek undir það með hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, að náttúrlega er fásinna að festa verðlag nema aðrir kostnaðarþættir gangi á eftir í takt. Með því móti mundi allt atvinnulíf í landinu verða lagt að velli á tiltölulega stuttum tíma. Stefnan um niðurtalningu verðbólgunnar er því að mínu mati háð því að aðrir þættir, sem eru kostnaðartilefni, gangi á eftir.

Það hefur þegar komið fram í fjárlagafrv. ríkisstj. að það byggist á ákveðinni launastefnu, ákveðnum launaforsendum sem eru í takt við þau áform sem eru í stjórnarsamningnum um verðlagsmál, og fleira kemur þar til. Hitt er annað mál, að það er auðvitað erfiðleikum bundið að ganga inn í svona kerfi þegar allt er á fleygiferð og við búum við svo mikla verðbólgu sem raun ber vitni.

Varðandi vöruverðið sérstaklega eru ákvæði í stjórnarsamningnum. Þau fjalla um að unnið verði að lækkun vöruverðs m. a. með eftirtöldum aðgerðum, með leyfi hæstv. forseta:

„a) Að efla samtök neytenda til þess að þau geti gegnt

því mikilvæga verkefni að gera verðlagseftirlit neytendanna sjáfra virkt. b) Að auka verðlagskynningu af opinberri hálfu. c) Að haga verðlagsákvæðum þannig að þau hvetji til hagkvæmra innkaupa".

Ég hef þegar mælst til þess við verðlagsstjóra að hann hefji viðræður við bæði samvinnuverslunina og einkaverslunina í landinu um það, með hverjum hætti hyggilegast yrði að standa að innkaupum til landsins með tilliti til þess að gera vöruna ódýrari. Ég bíð eftir því, að hann gefi mér skýrslu um þær viðræður, sem verður sjálfsagt áður en mjög langt um líður.

„d) Að greiða fyrir því að unnt sé að lækka vöruverð með innkaupum í stórum stíl". — Það er eitt af því sem því miður hefur viljað brenna við hjá okkur á undanförnum árum og fram á þennan dag, að innkaup í stórum stíl, sem hafa í för með sér afslátt oft og tíðum, hafa verið erfiðleikum bundin vegna þess að innflytjendur og þeir, sem fást við verslunina, hafa minna upp úr því að kaupa ódýrt inn. Það er enginn vafi á því, að fyrirkomulagið, sem hefur ríkt hjá okkur, þessi prósentuálagning, er neikvætt og hefur ekki í för með sér þá hvatningu til að gera eins hagkvæm innkaup og æskilegt væri.

Síðan segir í stjórnarsamningnum, að hin nýju verðlagslög komi til framkvæmda undir eftirliti verðlagsráðs, sem fái bætta aðstöðu til að gegna hlutverki sínu, og sett verði lög um afborgunarkaup. — Þetta eru atriði sem ég vildi koma að í sambandi við þetta mál, um leið og ég svaraði hv. þm. um hvernig á því stæði að menn slá af stefnu sinni þegar þeir taka þátt í stjórnarsamstarfi. Hann þekkir þetta sjálfur og veit að skýringarnar eru fólgnar í því.

Hv. flm. gerði að umræðuefni fjársvelti verslunar. Ég veit ekki hvort verslunin er í meira fjársvelti en aðrar atvinnugreinar. Svarið við því er náttúrlega ekkert annað en að lækka verðbólguna. Það er svarið. Við getum ekki vænst þess að við slíka verðbólguþróun sem við höfum búið við hér í landinu verði mögulegt að tryggja nægilega mikið sparifé í landinu til að fjármagna atvinnuvegina. Ég er honum sammála um það, að að vissu marki sé skynsamlegt að heimila versluninni að taka lán erlendis. En þó verður að hafa ýmislegt í huga í því sambandi. Það er að vísu gert að nokkru marki, en ég tek undir að það er skynsamlegt að gera það. En hvað menn eiga að fara langt í þeim efnum getur aftur verið álitamál.

Ég verð nú víst að hryggja hv. þm. með því, og það er best að vera hreinskilinn strax í byrjun, að eins og ástatt er mun hann sennilega ekki geta vænst stuðnings af minni hálfu við að drífa þetta í lög. En hver veit nema Eyjólfur hressist síðar meir og við stöndum aftur saman að því að gera þetta að lögum og framkvæma þau. **(EKJ:** Það ættum við að reyna.)

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það var eins gott fyrir hæstv. ráðh. að halda sig við bláu bókina svo að hann færi ekki að tala eftir sannfæringu sinni óvart, heldur eftir texta dagsins, sem honum ber að lifa eftir. Það virðist vera einkenni á íslenskum stjórnmálum, að menn fást ekki til að læra af reynslunni, bregðast jafnvel ókvæða við þegar minnst er á afglöp sem hafa verið gerð, sbr. þær umr. sem fóru fram áðan um Kröfluvirkjun. Eins virðist vera í verðlagsmálunum, að jafnvel þó að menn eigi að hafa fyrir augunum að það kerfi, sem fyrir hendi er, hafi gengið sér gersamlega til húðar, sé ónýtt, verða þeir að fletta upp í einhverjum bæklingum, sem teknir hafa verið saman, svo að þeir fari ekki út af línunni, en tolli í gamla farinu.

Ég held að það sé alveg augljóst að það verðlagningarkerfi, sem við erum með, hafi gengið sér til húðar, það sé úrelt og það sé ekki hægt að ákveða verðlag í landinu með handaupprettingu úti í bæ áratugum saman. Reynsla mín af nánum afskiptum af verðlagsmálum í tiltölulega skamman tíma færðu mér fullkomlega heim sanninn um að þetta væri svona, og þóttist ég þó vita það að nokkru fyrir. Það voru líka á stjórnartímabili mínu gerðar nokkrar tilraunir til að feta inn á nýjar brautir. Ég taldi nauðsynlegt að reyna að taka á verðlagsákvörðunum með nokkuð samræmdum hætti eftir því sem mögulegt væri. Það tókst að ná samstöðu með verðlagsráðinu um að verðlagshækkunum yrðu sett takmörk. Það voru engin reglugerðarskrif höfð uppi, og þá fóru málin ekki í hnút eins og núna. Það tókst með samvinnu við verðlagsráðið að hafa takmarkanir á verðlagshækkunum. Þessi aðferð var notuð vegna þess að það er líklegt að einmitt núna sé meginatriðið að um samræmdar aðgerðir verði að ræða á öllum sviðum, þ. á m. í verðlagsmálum, ef ná á tökum á efnahagsmálunum.

En þá var það líka gert jafnframt, að verðlagning var gefin frjáls á tilteknum vörum á sama tíma. Ég beitti mér fyrir því, að verðlag á dagblöðum var gefið frjálst. Mér fannst það svo gráupplagt að sjálfsagt væri að gera það, þó að hámark gilti um verðlagsbreytingar að öðru leyti á vegum verðlagsráðsins. Ég beindi reyndar líka þeim tilmælum til verðlagsráðsins, að verðlag á notkun vinnuvéla væri gefið frjálst, en þá var verðlagsráðið ekki tilbúið. Þannig eiga menn auðvitað að fikra sig áfram í þessum efnum.

Það, sem hefur gerst síðan hæstv. núv. ríkisstj. tók til starfa, er að það átak, sem var á leiðinni í þessum efnum, það samfellda átak, ekki bara í verðlagsmálunum, heldur í ýmsum öðrum málum, er runnið út í sandinn. Við töldum sjálfsagt í samræmi við þessa stefnumótun að vinnslustöðvar landbúnaðarins yrðu að taka á sig nokkuð, alveg eins og við ætluðum öðrum fyrirtækjum í landinu að gera. En hvað gerir hæstv. núv. ríkisstj. um leið og hún kemur til valda? Hún þarf að reka upp ramakvein um að það verði að skila aftur þessum 2% eða hvað það var til vinnslustöðvanna. Afleiðingin er sú, að daginn eftir er auðvitað fiskverðinu sagt upp og allt er komið á fleygiferð.

Ef menn ætla að ná tökum á verðbólgunni er náttúrlega ekki einasta að aðgerðir eigi að ná til verðlagsþátta, heldur er ýmislegt annað ekki síður mikilvægt. Við fylgdum mjög aðhaldssömum aðgerðum í ríkisfjármálum. En hvað hafa menn fyrir augunum núna í nýjasta fjárlagafrv.? Það kippir öllum stoðum undan viðnámi gegn verðbólgunni og ekki nokkur vegur að ætlast til að það sé hægt að setja þær skorður við verðlagshækkunum sem menn eru nú að gera skóna. Ekki er nema von að við þessar aðstæður rísi verðlagsráð, sem hafði þó áður verið samvinnuljúft í þessum efnum, upp á afturfæturna. Mér sýnist horfa í óefni í þessum efnum.

Kannske var dálítið lærdómsríkt að hlusta á hæstv. viðskrh. tala um að það væri ekki unnt að tryggja nægilega mikið sparifé í landinu, það væri ekki nægur sparnaður í landinu. Þetta segir hann á sama tíma og hann stendur að því að horfið sé frá raunvaxtastefnu, sem var á góðri leið að auka sparifjármyndun í landinu mjög verulega, — svo verulega að það horfði til þess að aukningin,

sem kæmi til ráðstöfunar út úr bankakerfinum næmi 10 — 15 milljörðum kr. En hvað er að gerast þessa dagana? Peningarnir streyma út úr bönkunum og þeir sparifjáreigendur, sem hafa lagt inn á bundnar bækur hafa verið sviknir. Það kemur vissulega úr öfugri átt þegar hæstv. viðskrh. fer að kvarta undan því, að ekki sé unnt að tryggja að nægilega mikið sparifé sé fyrir hendi í landinu. Hann er einmitt með þeim aðgerðum, sem núv. hæstv. ríkisstj. stendur að, að sjá til þess að svo verði ekki.

Það má kannske í þessu sambandi, vegna þess að hæstv. ráðh. las úr bláu bókinni sinni, benda á að í viðskrh.-tíð minni beindi ég því til verðlagsstjóra, að sett yrðu sérstök ákvæði varðandi afborgunarkaup, og fól honum að ganga frá því með þeim hætti að fólk gæti áttað sig á hvers komar kjör það væru í raun og sannleika sem það nyti þegar það er að kaupa hluti á afborgunarkjörum. Þetta er mjög einfalt með því að reikna út raunvextina, sem eru á afborgunarkjörum, miðað við staðgreiðslu, og til þess er auðvitað hægt að veita mönnum aðstoð. Þetta skref held ég að hæstv. ráðh. ætti að stíga. Hann ætti að hrinda þessu í framkvæmd sem allra fyrst.

Árangurinn af þessari stefnu minnihlutastjórnar Alþfl. var alls ekki svo óverulegur. Það tókst að koma verðbólgunni niður úr 10 — 12% á hverjum þremur mánuðum í 6.6 — 8%, eftir því hvaða mælikvarði er notaður. Þetta er náttúrlega verulegur áfangi, en ég verð að segja að ég sé ekki annað en núv. hæstv. ríkisstj. sé að sjá til þess að það verði ekki haldið áfram á þessari braut, heldur verði áframhaldandi óðaverðbólguþróun. Hún kippir burt öllum stoðum, sem búið var að setja undir í þessum efnum, og hæstv. viðskrh. getur ekki ætlast til þess heldur, að fylgt verði aðhaldssamri launastefnu þegar svona er á málum haldið af hálfu ríkisins.

Sannleikurinn er sá um Framsfl., að hann hrópar alltaf: Launin, launin! En það, sem við Alþfl.-menn höfum verið að reyna að gera og teljum að sé nauðsynlegt, er að ríkið gangi á undan í eigin málum, annars sé ekki aðhalds að vænta af launþegum þessa lands. Þetta er einungis sagt vegna þeirrar ræðu sem hæstv. viðskrh. hélt áðan.

Menn hljóta auðvitað að velta því fyrir sér hvers konar verðlagskerfi á í raun og sannleika að vera hér á landi. Það hefur verið vitnað í skýrslu verðlagsstjóra um þessi efni. Ég held að ég geti dregið saman niðurstöðurnar úr skýrslu verðlagsstjóra í fáeinar setningar.

Um heildsöluna eða innflutningsverslunina er það að segja, að niðurstaðan er þessi að mínum dómi: Heildsalarnir taka sér þá álagningu innanlands og utan sem þeir telja að þeir hafi þörf á. Ef þeir ná henni ekki innanlands gera þeir það utanlands, annaðhvort með því að láta hækka verð erlendis eða með „kommission". Þetta er dómurinn yfir því verðlagskerfi sem við erum með. Afleiðingin er sú, að gjaldeyrir skilast ekki til landsins, gjaldeyrir nýtist ekki. Vafalaust fylgja þessu líka skattsvik eða a. m. k. tilhneiging til skattsvika umfram það, sem væri ef við byggjum hér við eðlilegt kerfi.

Mönnum dettur auðvitað í hug að við þessar aðstæður eigi að vera hægt að hafa eftirlit með því að svona sé ekki að málinu staðið. Ég held að það sé alveg sama hvað menn setja upp flókið og merkilegt eftirlitskerfi, það mun aldrei geta litið eftir þessu meðan hvatningin til að haga sér með þessum hætti er innbyggð í kerfið.Ég held að það sé rétt að menn fikri sig yfir á braut frjálsrar verðmyndunar á sviði innflutningsverslunar, og ég tel að það hafi verið eitt af því sem var forsendan að þeim lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem voru sett hér á sínum tíma, en hér er flutt till. um að nái sinni upprunalegu mynd. Mér er að vísu stórlega til efs að þetta lagafrv. eitt sér, þó að það komi til framkvæmda, muni duga. Ég held að það þurfi að leggja inn í verðmyndunarkerfið nýja hugsun að mjög verulegu leyti. Það á vafalaust við um innflutningsverslunina, að þar eiga menn að fikra sig yfir í frjálsa verðlagningu eftir því sem mögulegt er. Það eiga menn að gera í áföngum. En það eru fleiri þættir sem koma til. Við erum hér með innlendan iðnað og innlenda framleiðslu. Í vissum tilvikum á það við þar, að verðmyndun geti verið frjáls, en í öðrum tilvikum, þar sem um einokunaraðstöðu er að ræða, er áreiðanlega ljóst að þar verða að vera ákvæði um hámarksverð. Þetta verða menn að meta eftir aðstæðum á hverjum tíma, og það verðmyndunarkerfi, sem við eigum að vera með, þegar menn eru hættir að lesa upp úr blaði og bókum, á að vera blandað að þessu leytinu.

Það er kannske ástæða til þess að fara nokkrum orðum um smásöluna, vegna þess að ég held að hún sé í öðrum sporum en heildsalan. Þar held ég að það eigi við, að smásalarnir séu í mjög miklu fjármagnssvelti umfram aðra þætti í viðskiptalífinu og að heildsalarnir séu orðnir einhvers konar skömmtunarstjórar fjármagns til smásalanna. Þess vegna trúi ég því, að sérstök ástæða sé til að rýmka um að því er varðar fjármagnssvigrúm í smásölu. Það mundi að líkindum skapa verulega samkeppni á sviði smásölunnar og ætti að koma henni út úr þeirri kreppu sem hún er nú í.

Ég minntist áðan aðeins á innlenda þjónustu og innlendan iðnað. Það er heilt kerfi sem hefur verið byggt upp í sambandi við t. d. þjónustu í byggingariðnaði. Allt það kerfi er gersamlega ónýtt. Það er ónýtt vegna þess að eins og það hefur verið sett upp standa vinnuveitendur og launþegar í rauninni sömu megin samningaborðsins. Kaup meistarans er hlutfall af kaupi sveinsins. Meðan ekki hefur verið skorið á þau tengsl er þess ekki að vænta, að heilbrigð verðmyndun verði í byggingariðnaðinum og hliðstæðri þjónustu. Þess vegna þarf að taka upp algerlega nýja verðmyndunaraðferð í þeirri grein. Hún á að byggjast á því, að það verði um raunverulega samninga að ræða milli sveina og meistara, þannig að verð til meistarans sé ekki komið undir því hvert kaup sveinsins er. Ég held að greiðasta leiðin í þeim efnum sé sú, að í sem alflestum tilvikum verði farið inn á þá braut, að samtök byggingarmeistara gangist undir að verkefni, sem þeir taka að sér, verði samningsbundin á ákveðnu verði, auðvitað miðað við verðlagsþróun. Síðan er það mál meistarans við sveininn hvernig hann semur við sveininn og hvort unnið er í uppmælingu, í bónusvinnu eða í tímavinnu. Það á ekki að vera mál hins endanlega verkkaupa að skipta sér af því, með hvaða hætti sveinninn semur við meistarann að þessu leyti. Og bara með breytingu af þessu tagi, sem ég hef reyndar rætt við ýmsa iðnaðarmenn, er ég sannfærður um að ná mætti verulegum áfanga í því að hreinsa til í þessum efnum.

Allt verðmyndunarkerfið þarfnast þannig endurskoðunar. Það er athyglisverð reynsla að spyrja forsvarsmenn fyrirtækja að því, hvernig þeim lítist á útlitið — eða kannske öllu frekar að hlusta eftir því, hvað það er sem þeir hafa mestan áhuga á að vita. Og það, sem þeir

spyrja ævinlega fyrst um, er hvað verðbólgan verði mikil á næstu mánuðum eða á næsta ári. Og svarið við því, hvers vegna þeir spyrja þessa, er ákaflega einfalt. Þeir eru farnir að láta verðbólguna stjórna fyrirtækjum sínum. Þetta er meginatriðið sem þeir byggja ákvarðanir sínar á á hverjum tíma, þ. e. hvað verðbólgan verður mikil. Þetta þurfa þeir að miða við þegar þeir fara að berjast fyrir því að verðlag á vöru þeirra sé hækkað með handauppréttingu úti í bæ, enda er það orðinn gegndarlaus slagur. Við höfum komið okkur upp því kerfi, að það er fjöldi af mönnum, sem sitja sveittir við að reyna að halda aftur af verðlaginu, og enn þá stærri hópur er á þönum og gerir ekkert annað en krefjast þess að verðlagið hækki. Ég þóttist jafnvel sjá þess merki á ýmsum ákvörðunum varðandi verðlag á undanfarandi ári, að sjónarmið, sem ekki hefðu með þjóðarhag eða kostnaðarþróun að gera, gætu komið inn í þá mynd, — sjónarmið sem byggðust á því að maður þekkti mann. Þess vegna segi ég það og endurtek enn einu sinni, að ég er sannfærður um að ekki er heilbrigt og ekki er hægt að ákveða verðlag í landinu áratugum saman með handauppréttingu úti í bæ. Þess vegna trúi ég því, að menn verði að fikra sig út úr því kerfi sem fyrir hendi er. Ég held að það frv., sem hér er gerð till. um að fari í upprunalegan búning, geti verið góðra gjalda vert í þessum efnum og stefni til réttrar áttar. En mér er stórlega til efs að það muni nægja. Ég tel að það þurfi mjög mikið af nýrri hugsun inn í þetta verðmyndunarkerfi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 42. fundur.

Miðvikudaginn 12. mars, kl. 2. miðdegis.

Lántaka vegna framkvæmda á sviði orkumála, frv. (Þskj. 3). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Lántaka Framleiðsluráðs landbúnaðarins, frv. (þskj. 197). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. þetta kemur frá Ed. þar sem það hefur hlotið afgreiðslu með nokkurri breytingu. Hér er um að ræða ávöxt af málefnasamningi núv. ríkisstj., en í þeim samningi er kveðið svo á, að til að bæta bændum óverðtryggðan útflutning landbúnaðarvara frá síðasta verðlagsári verði útvegaðar 3000 millj. kr. Þetta frv. er sem sagt lagt fram til framkvæmda á þessum ákvæðum málefnasamningsins.

Eins og fram kenur í 1. gr. frv. er það Framleiðsluráð landbúnaðarins sem tekur lánið. Hins vegar fellur það í hlut ríkissjóðs að ábyrgjast lánið með sjálfskuldarábyrgð og annast greiðslu þess, afborganir, vexti og kostnað allann — eða þannig var málið upphaflega flutt þegar það kom fyrir Ed. Í hv. Ed. var hins vegar gerð sú bragarbót á frv., að í 2. gr. er kveðið svo á að Byggðasjóður greiði á næstu 3 — 5 árum allt að helming lánsins. Þessi breyting á frv. var gerð með samþykki ríkisstj. og felur í sér að af þessum 3000 millj. muni Byggðasjóður greiða allt að helming, allt að 1500 millj. kr., en hin upphæðin fellur á ríkissjóð fyrr eða síðar nema skilyrði 2. gr. verði uppfyllt, þ. e. að heimild til greiðslu útflutningsbóta samkv. 12. gr. laga nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verði eigi fullnýtt. Ef svo fer er ríkisstj. heimilt að nota hluta af því, sem upp á vantar til þess að hámarki útflutningsbóta verði náð, til að greiða af þessu láni, og þarf þá ekki að koma til viðbótarfjárgreiðslna af hálfu ríkisins.

Því hefur verið nokkuð á loft haldið, að með þessu frv. væri verið að gera bændum mikinn greiða, gera vel við bændur, og skyti það nokkuð skökku við þegar ríkissjóður teldi sig ekki reiðubúinn til að bjóða grunnkaupshækkanir til opinberra starfsmanna eða stuðla að grunnkaupshækkunum almennt á hinum almenna vinnumarkaði. En ég vil taka það skýrt fram í þessu sambandi, að hér er ruglað saman óskyldum hlutum.

Frv. þetta er flutt til að bæta bændum þá stórfelldu tekjuskerðingu, sem þeir urðu fyrir á verðlagsárinu 1978 — 1979, og nær þó engan veginn að bæta þá tekjuskerðingu að fullu, heldur einungis að 2/3 hlutum. Því er auðvitað ekki hægt að jafna saman við hitt, hvort einstakar stéttir fá grunnkaupshækkanir eða auknar tekjur í sinn hlut frá því sem nú er. Það er talið eðlilegt af flytjendum þessa frv., að samfélagið taki nokkurn þátt í hinum mikla skell sem bændur hafa orðið fyrir, og ekki talið sanngjarnt eða réttlátt að sá skellur lendi á bændastéttinni að fullu. Þess vegna tekur ríkissjóður þátt í að leysa þennan vanda með því að leggja til í fyrsta lagi sjálfsskuldarábyrgð, svo að Framleiðsluráð geti tekið lán í þessu skyni, og í öðru lagi með því að ábyrgjast greiðslu lánsins, þó með þeim fyrirvara að Byggðasjóður greiði allt að helmingi lánsins þegar þar að kemur.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni frv., en legg til að að lokinni 1. umr. málsins verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. komst svo að orði í inngangi sínum áðan, að það frv., sem hér væri á ferðinni, væri ávöxtur málefnasamnings ríkisstj. Ég hefði orðað þetta öðruvísi. Ég hefði orðað það svo, að frv. væri ávöxtur rangrar landbúnaðarstefnu.

Ég held að það sé verulega tímabært í þessari stofnun að málefni landbúnaðarins verði tekin til ítarlegrar umr. Þetta frv. gefur vissulega nokkurt tilefni til þess. Hins vegar mun ég ekki taka þátt í þeirri umr. sem hefur átt sér stað um landbúnaðarmál á Íslandi á undanförnum árum, þar sem öfgarnar hafa verið slíkar að menn hafa yfirleitt ekki getað talað saman af nokkru minnsta viti. Þar á ég ekkert síður við þá, sem gagnrýnt hafa landbúnaðarstefnuna einhliða, en þá liðsodda bændaforustunnar sem hafa gengið fram með ótrúlegum öfgum í þessu máli.

Ég er ekki þeirrar skoðunar, að bændur í þessu landi séu ölmusumenn sem lifi á skattpeningi þjóðarinnar almennt. En ég er þeirrar skoðunar, að stefnan í landbúnaðarmálum í heild undanfarna tvo áratugi hafi verið röng, eins og ég hef margoft sagt úr þessum ræðustól. Þeir, sem mótuðu þá stefnu, voru Framsfl. og Sjálfstfl. Sú

stefna, sem þeir mótuðu, er orðin að þeim vítahring að svo virðist sem þjóðin ætli ekki að komast út úr honum.

Ég hef lýst því þráfaldlega yfir, að ég tel góðan og gróskumikinn landbúnað eitt af undirstöðuatriðum að hagsæld þessa þjóðfélags. En um leið og landbúnaður er orðinn á þann veg að það þarf að greiða á hverju ári mjög umtalsverðar upphæðir, sem hlaupa á milljörðum og tugum milljarða kr., er hann ekki gróskumikil grein sem gerir þjóðarbúinu gott.

Ég vil aðeins minna á það, að þó að við séum hér í dag að ræða um 3 milljarða, sem ég ætla persónulega ekki að sjá eftir til bænda er enn eftir að greiða rösklega 8 milljarða á þessu ári og í niðurgreiðslur 24.4 milljarða. Nú vil ég ekki setja dæmið þannig upp að niðurgreiðslur séu styrkur til bænda, eins og sumir vilja vera láta. Niðurgreiðslur eru hagstjórnartæki sem er beitt til þess að jafna greiðslugetu almennings í landinu til að geta keypt landbúnaðarafurðir. Ég held að þetta sé afskaplega sósíaldemókratískt kerfi til þess að stjórna landbúnaðarvöruverðinu.

Mig langar aðeins að geta þess, að landbúnaðarvandinn er ekki að koma upp á yfirborðið núna. Hann hefur verið þar lengi. Mig langar að minna á að á árunum 1970 — 1976 var vinnuafl í landbúnaði 10.7% heildarvinnuafls þjóðarinnar. Miðað við það hefði verið eðlilegt að hlutdeild landbúnaðar í þjóðarframleiðslu væri 10 — 11%. En hún var aðeins 6.5% eða um 2/3 hlutar þess sem hún hefði átt að vera á þessu árabili.

Þá vil ég geta þess, að árið 1976 var fjármagn í landbúnaði 80.2 milljarðar kr. Það hafði aukist um 34% frá árinu áður. En landbúnaðarframleiðslan sjálf jókst hins vegar aðeins um 7.5%. Fjármagnsaukningin hafði m. ö. o. ekki skilað neinum arði.

Ég vil líka taka dæmi sem er að vísu orðið tveggja ára gamalt, en hefur orðið enn þá verra á þessu ári og var verra á síðasta ári. Ég ætla að taka dæmi frá árinu 1978 og fjalla þá örlítið um útflutningsuppbæturnar. Það ár greiddu íslenskir skattgreiðendur um 3 milljarða í útflutningsuppbætur, m. ö. o. greiddum við árið 1978 útlendingum 300 kr. fyrir að borða hvert kg. af dilkakjöti eða um 40% af kostnaðarverði. Við greiddum þeim 578 kr. á því ári fyrir að borða eitt kg af Óðalsosti eða 49% af kostnaðarverðinu. Og við greiddum þeim 860 kr. fyrir að kaupa eitt kg af Goudaosti eða 73% af kostnaðarverðinu. **(Gripið fram í:** Og þótti vel sloppið.) Og þótti vel sloppið.

Mig langar aðeins að geta þess merkilega þáttar sem Alþb. hefur leikið í þessum landbúnaðarleik. Fyrir kosningarnar 1978 háðu Alþb.-menn mikla baráttu fyrir því að sækja fylgi sitt til bænda. Þetta þótti mér og ýmsum öðrum býsna fölsk barátta. Þeir gáfu út sérstakt blað, sem mér er mjög minnistætt, þar sem getið var helstu lausna Alþb. á landbúnaðarvandanum. Ég hef ekki séð að í hæstv. núv. ríkisstj. hafi bólað á þessum lausnum, a. m. k. sjást þær ekki í málefnasamningi. En ein af þessum lausnum var afskaplega snjöll. Hún var í þá veru að hækka kaupgjaldið, hækka kaupið á eyrinni svo að launþegar gætu keypt upp það samansafnaða magn af landbúnaðarafurðum sem var til í geymslum hinna ýmsu kaupfélaga og samvinnuhreyfingarinnar. **(Gripið fram í:** Étum meira kjöt.) Étum meira kjöt. Það getur vel verið að einhverjir hafi efni á því, en ekki allir.

Mig langar að minna á bókun sem einn af fulltrúum Alþb. gerði í nóv. 1978 á fundi framleiðsluráðslaganefndar. Það var ekki ómerkari maður en Ásmundur Stefánsson hagfræðingur. Þar lét hann bóka orðrétt eftir sér, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1977 var um það bil þriðjungur kindakjötsframleiðslu fluttur út og um sjötti hluti framleiddra mjólkurafurða. Fyrir þessar afurðir hefur fengist allsendis ófullnægjandi verð eða aðeins 25—50% af grundvallarverði. Ljóst má vera, að umframframleiðslan veldur þjóðinni allri lífskjaraskerðingu bæði í bráð og lengd og að brýna nauðsyn ber til að nú þegar verði spyrnt við fótum og dregið úr framleiðslu þessara búgreina".

Þetta sagði Ásmundur Stefánsson Alþýðubandalagsmaður og foringi í verkalýðshreyfingunni í nóv. 1978. Ég held að þeir Alþb.-menn, sem nú vilja stuðla að óbreyttri landbúnaðarstefnu, ættu að fara í skóla til Ásmundar Stefánssonar.

Þá langar mig að víkja aðeins að nokkrum samanburðartölum um framlög til landbúnaðar og hins vegar frá árinu 1979 eða frá í fyrra. Þá kemur í ljós að framlög til landbúnaðar á fjárlögum eru 4.2 milljarðar kr. Hlutfallið á fjárlögum þess árs er 2.02% og hækkun milli ára 34.2%. En hvað skyldi nú iðnaðurinn fá á sama tíma á fjárlögum? Nú held ég að menn ættu að hlusta grannt vegna þess að iðnaðinum er ætlað, a. m. k. í hátíðaræðum, að taka við megninu af því vinnuafli sem kemur hér á markað á næstu árum. Berum saman það sem iðnaðurinn fékk á framlögum í fjárlögum árið 1979. Þá fékk iðnaðurinn 951 millj. á móti 4.2 milljörðum kr. til landbúnaðar eða 0.46% af öllum fjárlögum. Svo skulum við líta á sjávarútveg, grundvallaratvinnugrein þessarar þjóðar. Hvað fær hann árið 1979 á fjárlögum? Það eru rösklega 4.2 milljarðar eða nær nákvæmlega sama tala og landbúnaðurinn fær á árinu 1979. En þar með er ekki allt talið, vegna þess að hér er um að ræða tölur sem teknar eru beint upp úr fjárlögunum. Við eigum eftir að telja útflutningsuppbæturnar 1979, sem voru 5.3 milljarðar, og niðurgreiðslurnar, ef menn vilja leggja þær við, sem ég tel þó að vísu ekki rétt, sem eru 18.9 milljarðar árið 1979.

Það væri kannske rétt að geta örlítið annarra talna sem koma fram í sambandi við framlög til landbúnaðar árið 1979 og fara til einstakra stofnana landbúnaðarins. Þetta getum við líka séð í fjárlögum þessa árs. Þar hefur orðið mjög veruleg hækkun frá árinu 1979. Þá fær Búnaðarfélag Íslands 300 millj. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort einhver önnur atvinnugrein á Íslandi, sem rekur skrifstofu af svipuðu tagi og Búnaðarfélagið, fái viðlíka styrki. Þetta er aðeins spurning.

Á árinu 1979 eru lagðar fram til veðdeildar Búnaðarbankans 10.3 millj. — tala sem ég raunverulega hef aldrei skilið og væri gott að fá skýringar á. Stofnlánadeild landbúnaðarins fær 643 millj. Svo væri kannske rétt að nefna ýmis af þeim atriðum sem þarfnast skýringa, hinar einstöku stofnanir landbúnaðarins. Við skulum nefna fyrirhleðslur og landþurrkun á síðasta ári, 56.8 millj. litlar, jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir 13 millj., búfjártryggingar 200 þús. Hvað er það? Hvað eru þær búfjártryggingar sem ríkinu ber að greiða? Nautgripasambandið fær ½ millj. Mjólkurbúin fá á þessu ári 12.9 millj. Til hvers? Í hvað eru þessir fjármunir notaðir? Þannig mætti lengi telja. Til búfjárræktar eru lagðar 188 millj., og mér er spurn: Er það til þess að auka dilkakjötsframleiðsluna eða til að kynbæta búfé? Framræsla

fær 260 millj. Á sama tíma og við berjumst gegn offramleiðslu eru lögð hundruð milljóna til aukinnar túnræktar og framræslu í landinu. En er hugsað fyrir því t. d. að breyta búskaparháttum þannig að bændur fari að huga meira að votheysverkun, sem gæti sparað stórlega fjármagn í landbúnaði og fjárfestingu í landbúnaði? Það er ekki veitt ein króna til þess, nema kannske til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. En hverjir taka upp þá verkunarhætti? Það eru menn á Ströndum og við Ísafjarðardjúp og hefur gengið aldeilis prýðilega (**Gripið fram í:** Við Ísafjarðardjúp?) Við Ísafjarðardjúp. (**Gripið fram í:** Hvaða bær eru það?) Ég kann illa við, herra forseti, að skrifari deildarinnar sé að kalla fram í, a. m. k. voru það ekki þeir siðir sem mér voru kenndir þegar ég var skrifari deildarinnar. (Gripið fram í).

Áður en ég held þessari upptalningu áfram væri kannske rétt að koma aðeins að því, að bændur sjálfir eru farnir að sjá hversu alvarlegt ástandið er. Þó að margir fulltrúar þeirra hér á þingi haldi áfram að prédika óbreytta stefnu eru það óbreyttir bændur, og kannske eru það þeir bændur sem minnst eiga undir sér, sem átta sig á hvert stefnir í þessum málum. Eða gæti hugsanlega verið að fulltrúar bænda á þessu þingi væru aðallega talsmenn stórbændanna? Getur það hugsast?

Mig langar — með leyfi forseta — að vikja örlítið að bréfi sem gagnmerkur bóndi á Suðurlandi skrifaði mér fyrir skömmu. Þar segir orðrétt:

„Stefnan í landbúnaðarmálum hefur verið sú að láta hlutina velta áfram samkv. ráðandi kerfi í þeirri von að málin leysist einhvern veginn. Gagnrýni Alþfl. hefur verið réttmæt", segir þessi bóndi. Hann heldur áfram: „Það fer ekki á milli mála, að útflutningsuppbótakerfið er sprungið. Það var að vísu mjög æskileg trygging á sínum tíma, en hún hefur verið misnotuð undanfarin ár."

Þetta segir einn úr röðum bændastéttarinnar, og ég er sannfærður um að undir þessi orð taka fjölmargir bændur.

Herra forseti. Alþfl. hefur um langt árabil gagnrýnt þá stefnu sem nú er að leiða þjóðina í slíkar ógöngur að m. a. hæstv. fjmrh. hlýtur að vita það og hlýtur að vera fullljóst að kerfi það, sem við búum við nú, getur ekki gengið. Þess vegna vil ég segja það við fulltrúa bænda hér á þingi: Væri nú ekki nær, að við reyndum að nálgast hver annan í hugmyndum okkar um landbúnað og reyndum að finna lausn á þessu máli, heldur en að halda áfram enn þá lengra út í fenið, þar til við erum sokknir upp að hnjám og komumst ekki upp?

Ég hef orðið rækilega var við, og það hafa fleiri orðið, að sú umræða, sem hefur átt sér stað um landbúnaðarmál að undanförnu, er svo ofsafengin, oft á báða bóga, að menn draga upp afskaplega misjafnar myndir af þeim hópum sem hér eiga hlut að máli. Þá á ég við neytendur í þéttbýli annars vegar og bændur hins vegar. Það er því miður orðin allt of algeng skoðun í þéttbýli að bændur séu einhvers konar ölmusumenn sem heimti og heimti og fái allt sem þeir biðji um, þeir þurfi ekki að hafa áhyggjur af tilverunni, af lífinu, því þeir geti sótt allar sínar þarfir og allar sínar nauðsynjar út í fjós eða út í móa. Á sama hátt tel ég að bændur álíti að neytendur í þéttbýli hafi nægt fjármagn til að kaupa afurðir þeirra og til að rétta hlut þeirra. En þetta er því miður ekki rétt. Og það, sem verst er í þessu máli, er að núverandi niðurgreiðslukerfi, sem á að verka jafnandi, sem á að verka þannig að almenningur geti keypt landbúnaðarafurðir, hefur því miður snúið á þann veg að mínu mati að þeir, sem mesta fjármunina eiga í þjóðfélaginu, hagnast mest á niðurgreiðslunum því að hinir geta lítið keypt.

Ég óttast mjög að það sambandsleysi, sem ég tel að sé nú að verða á milli sveitanna annars vegar og þéttbýlisins hins vegar, sé að verða stórhættulegt. Skilningsleysi á milli þessara tveggja þjóðfélagshópa leiðir aðeins til ófarnaðar. Úr því verður að bæta.

Alþfl. hefur bent á að það væri þess virði að fara að huga m. a. að ýmsum milliliðakostnaði í landbúnaði. Hér með er ekki verið að segja berum orðum að stolið sé fjármagni frá bændum. En það skal hins vegar fullyrt hér og nú, að rekstrarfjármunir ákveðinna stofnana í þessu þjóðfélagi, og það er best að koma beint að því, Sambands ísl. samvinnufélaga m. a., eru fengnir úr útflutningsuppbótakerfinu og notaðir á þann hátt að ég tel ekki sæmanlegt. Ég tel m. a. að samvinnuhreyfingin, hversu góð og gegn sem hún er, hafi farið inn á villigötur á undanförnum árum og að hún eigi að snúa af þeirri leið. Ég tel að samvinnuhreyfingin hafi ekkert með það að gera að reisa kexverksmiðju suður í Reykjavík fyrir fjármagn sem ætti að koma bændum til góða. Dæmi af þessu tagi mætti rekja endalaust.

Það þarf nú að vinna bráðan bug að því að breyta framleiðsluráðslögunum til nútímalegra horfs. Og ég held, herra forseti, að ég ljúki þessum orðum mínum með því að setja fram í hnotskurn þá stefnu sem Alþfl. hefur bent á að ætti að fara. Þá stefnu þarf að útfæra og hún hefur verið útfærð og mun verða útfærð. En í grundvallaratriðum hlýtur stefnan að vera sú að miða framleiðsluna við innanlandsmarkað og draga smám saman og skipulega úr offramleiðslu og útflutningi. Það getur enginn maður neitað því, að þetta sé réttmæt stefna. Ég held að stefnuleysið hafi fyrst orðið til þegar forkólfar Sjálfstfl. og Framsfl. í bændastétt tóku til við að hvetja bændur til að stækka bú sín og auka framleiðsluna. Í þeim efnum var ekkert hugað að landshögum, það var ekkert hugað að gróðurlendi, hvar væri hagkvæmt að framleiða mjólk, hvar væri hagkvæmt að framleiða dilkakjöt, heldur anað áfram. (**Gripið fram í:** Túnin voru stækkuð.) Túnin voru mikið stækkuð. Sum þeirra eru orðin að engjum. Það á að hætta styrkjum og lánum til þeirrar framleiðslu sem nú er meira en nóg af, en nota styrktarféð til þess að stuðla að aukinni fjölbreytni og til að greiða bætur til þeirra bænda sem leggja niður búskap á óarðbærum búum. Það væri hægt að veita eldri bændum fulla tekjutryggingu ef þeir hættu óarðbærum búskap. Auk þess ber brýna nauðsyn til að auka ráðgjöf um hagnýtan búskap, þ. e. til þess að auka raunverulega framleiðni í landbúnaði. Þetta eru þau atriði sem við hljótum að verða að stefna að. Það skal játað, að hv. þm. Steingrímur Hermannsson og fyrrv. landbrh. beitti sér fyrir mörgum nýjungum í þessum efnum, en hann fékk ekki nægar undirtektir, og það sem kannske er lakara: tillögurnar, t. d. kvótakerfið, eru engan veginn fullnægjandi.

Herra forseti Ég held að það hljóti nú að vera ljóst af orðum mínum, að Alþfl. er ósammála því að haldið verði áfram á sömu braut í landbúnaðarmálum. Ég held að öllum mönnum hljóti að vera orðið ljóst að þetta gengur ekki lengur. Þjóðfélagið hefur einfaldlega ekki efni á slíkri pólitík. Menn verða að gera sér ljósa grein fyrir þessu. Í þessu felst hvorki lítilsvirðing á bændastéttinni né að menn séu að beina geirum sínum að þeirri stétt.

Menn eru að gagnrýna landbúnaðarstefnuna eins og henni er fylgt eftir, en það er eins og það sé nákvæmlega sama á hvaða staðreyndir bent er í þessu máli, menn lemja ævinlega og ávallt hausnum við steininn.

Og að lokum, herra forseti, aðeins þetta vegna framíkalls ágætis ritara deildarinnar: Ég held að það væri snjallt fyrir hann, af því að Ísafjarðardjúp er í hans kjördæmi, að fylgjast með því hvað bændur voru að gera í flatgryfjumálum við Djúpið í sumar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs áðan hafði ég hugsað mér að ræða það frv. sem hér var mælt fyrir áðan af hæstv. fjmrh., og þrátt fyrir að hv. 6. þm. Norðurl. e. ræddi um landbúnaðarmálin almennt í sambandi við frv. er ég að hugsa um að halda mér við að ræða fyrst og fremst það mál sem hér liggur fyrir.

Ég held að segja megi um þá hnotskurn Alþfl., sem hv. þm. taldi sig ætla að lýsa stefnu sinni úr, að hún sé ekki að meginmarkmiði langt frá því sem ákveðið hefur verið að stefna að um þessar mundir. En ýmis þau ráð til að ná settu marki, sem þm. ræddi um, hygg ég að hann muni sjá við nánari athugun að nái ekki því marki sem að er stefnt.

Ég hef satt að segja furðað mig á því, að hann skyldi vera að fetta fingur út í að veittir séu t. d. fjármunir til Búnaðarfélags Íslands til þess að reka skrifstofu, eins og hann orðaði það, 300 millj. kr. Ég lít svo til, að öllum þremur útgáfum af fjárlögum, bæði Tómasi, Sighvati og Ragnari, sé þetta ekki nema hluti af því sem Búnaðarfélag Íslands hefur til ráðstöfunar. Þessar 300 millj. standa sem launakostnaður hjá Búnaðarfélagi Íslands. En það eru ekki bara skrifstofumennirnir sem fá laun. Það eru einmitt þeir menn sem hv. þm. taldi að þyrfti að efla til starfa, það eru þeir sem eiga að veita aukna ráðgjafaþjónustu í þeim vandamálum sem við er að fást. Ég verð að segja að mig furðar á svona málflutningi þar sem eitt rekur sig á annars horn.

Ég get líka komið að því hér, að ég tel undrun sæta að mönnum skuli detta í hug að fjargviðrast yfir því þótt til eins atvinnuvegar gangi um 2% af fjárlagaupphæðinni. Hvað mundi þessi maður segja ef hann væri þm. í nálægum löndum? Ég er hræddur um að hann yrði að rétta upp höndina með hærri upphæðum og hærra hlutfalli en þetta er. Ef hann ætti að fjalla um fjárlög Efnahagsbandalags Evrópu yrði hann að rétta upp höndina með því að greiða 70% af ráðstöfunarfé sambandsins til málefna landbúnaðarins. Hann er heppinn að vera hér á Íslandi, þar sem ekki hefur verið rekin óheillavænlegri stefna en hér er sýnt fram á.

Ég ætla þá að snúa mér að því frv. sem hér er til umræðu. Ég vil taka það fram í upphafi, að ég vil lýsa ánægju minni yfir að það skuli loks vera komið til þessarar deildar. Ég tel að það hefði getað gerst fyrr, en það er víðar sem gosmekkir standa á loft en hjá þeim sem standa í þessum ræðustól hér og tala um landbúnaðarmál. Þau gosumbrot, sem urðu í Ed. rétt fyrir þinghléið, urðu mér til sárra vonbrigða og til þess að seinka afgreiðslu þess máls sem hér er til umfjöllunar.

Hæstv. fjmrh. gat um það áðan, að þessi fjárútvegun væri til þess ætluð að greiða hluta af því fé sem bændur hefði vantað á til að ná fullu verði fyrir framleiðsluvörur sínar á verðlagsárinu 1978—1979. Það er þess vegna sýnilegt, að með hverjum mánuði sem líður verður það í verðbólguþjóðfélagi eins og við búum við sýnu minna fé sem fæst út úr þessari aðstoð en upphaflega var til stofnað. Ég minnist þess, að þegar stjórnskipuð nefnd var að fjalla um þessi mál á s. l. vori og sumri gerðu nm. þá áætlun og voru sammála um að sá skakki, sem varð á útflutningnum með þeim ráðstöfunum sem nefndin lagði til, yrði bættur að 2/3 hlutum. Þá var verið að fjalla um nákvæmlega sömu upphæðina, 3 milljarða kr., og nú er verið að fjalla um í frv. fullu hálfu ári síðar. Ég geri ráð fyrir að þeir, sem fá laun sín greidd mánaðarlega, verði þess varir að það þarf fleiri krónur núna í launaumslagið en þurfti fyrir rúmu hálfu ári hjá hverjum einum til þess að mæta sömu þörfum og fyrr. Þess vegna sýnist mér að það sé mjög brýnt að koma þessu máli áfram, og ég vil láta það koma hér fram, að ég mun gera mitt til þess að lagasetningunni verði hraðað svo sem fært er. Ég vona að ríkisstj. sjái sér nú fært um leið að herða á því að útvega þetta fé svo það verði meira en pappírsgagnið sem hér er verið að fjalla um.

Ég vil einnig lýsa ánægju minni yfir því að það hafa verið gerðar nokkrar bætur á frv. í hv. Ed. Mér sýnist það aðgengilegra nú en það var eins og það var lagt fram.

Þessi mál eru svo kunn Alþ. að það ætti ekki að þurfa að hafa um þau mörg orð. En það er rétt að rifja það upp, að þetta er þriðja frv. sem flutt er á þessu þingi varðandi þetta efni. Frv., sem við sjálfstæðismenn stóðum að að flytja í upphafi þessa þings, var á þá leið að við ætluðumst til þess að skattborgarar í landinu þyrftu ekki að taka á sig að neinu marki auknar byrðar vegna aðstoðar við bændur. Þegar þetta frv. var svo lagt fram, það sem við fjöllum nú um, var algjörlega ætlað að greiða fé upp með ríkisframlögum, en gerð var á því sú breyting í Ed. að Byggðasjóður kæmi þarna nokkuð við sögu. Ég tel það vera ábyrgari afgreiðslu þegar litið er til þess, hvernig stendur um ríkisfjármál og dýrtíð í þessu landi.

Ýmsir hafa sagt að það gilti einu hvort fjármunirnir væru teknir úr ríkissjóði eða úr Byggðasjóði. Það má vel vera að einhverjir kunni að reikna svo pent að það sé alveg það sama. En ég vil minna á að það eru um það ákvarðanir, að Byggðasjóður fái ákveðinn hluta af upphæð fjárlaga hverju sinni og að þeir fjármunir, sem ganga til Byggðasjóðs, verði að sjálfsögðu notaðir í því skyni að það komi byggðunum sem best að notum. Ég fæ ekki betur séð en einmitt þessi ráðstöfun á fjármunum Byggðasjóðs sé af því tagi að treysta byggð í landinu. Því vil ég fagna því, að þessi breyting var gerð, og vil enda mál mitt með því að láta það koma hér fram að nýju, að ég mun styðja frv. og við sjálfstæðismenn munum gera það.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson vildi í upphafi ræðu sinnar áðan forðast öfgar í umræðum um landbúnaðarmál. Þeim ásetningi hans vil ég sannarlega fagna. Hann sýndi það í verki að hann hefði þarna góða meiningu, því að að mörgu leyti hóf hann mál sitt betur en ýmsir aðrir úr þeim herbúðum. Ég vitna t. d. til leiðara Alþýðublaðsins frá því í morgun. Segir í upphafsorðum leiðarans, með leyfi forseta:

„Samkvæmt fjárlagafrv. Ragnars Arnalds felur stefna ríkisstj. í landbúnaðarmálum í sér 32 milljarða kr. útgjöld til niðurgreiðslna og útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir."

Hv. þm. Árni Gunnarsson viðurkenndi þó, sem náttúrlega sjálfsagt er og rétt, að niðurgreiðslurnar eru hagstjórnartæki, innanlandshagstjórnartæki og, eins og hann orðaði það ef ég man rétt, mjög sósíaldemókratískt

kerfi. Það er góðra gjalda vert að skilja þetta og viðurkenna, en leggja ekki alla summuna saman.

Hann sagði að Framsfl. og Sjálfstfl. hefðu mótað þá stefnu í landbúnaðarmálum sem fylgt hefði verið. Þetta er rétt að vissu leyti. En það hafa fleiri komið til þeirrar stefnumótunar. Það var t. d. ákveðið af ríkisstj. Ólafs Thors 1961 að haga útflutningsbótum á þann hátt sem síðan hefur verið gert. Það var ákveðið af ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. viðreisnarstjórninni, að ríkissjóður skyldi ábyrgjast allt að 10% útflutning landbúnaðarafurða. Þessi útflutningsbótaréttur kom í staðinn fyrir annan rétt sem bændur höfðu fram að þeim tíma og hafði sýnt sig að standast fyrir dómi, þ. e. að halla af útflutningi landbúnaðarafurða yrði jafnað niður á sölu hér innanlands. *Mér finnst miklu betri aðferðin sem viðreisnarstjórnin tók upp*, og ég er henni þakklátur fyrir að hitta á þetta ráð, því það kemur skynsamlegar og betur við þjóðfélagið. En Alþfl. stóð að þessu.

Hitt er svo annað mál, að þetta hefur þróast nokkuð óheppilega, og það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, að landbúnaðarstefnunni er ábótavant hjá okkur. Landbúnaðarstefnan, sem við höfum fylgt undanfarið, er ekki hárrétt og hún þarf endurbóta við. En það er engum ljósara en okkur bændum. Við báðum um stjórnunarheimildir á framleiðslumagni upp úr 1970. Það lá fyrir Alþ. 1972 frv. um stjórnunarheimildir á landbúnaðarframleiðslu. Þá lögðust gegn þessu menn sem þá voru í valdaaðstöðu, eins og Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson, og frv. náði ekki fram að ganga. Ef þetta frv. hefði náð fram að ganga 1972 þyrftum við ekki að standa í þrasi dag eftir dag á Alþ núna, þá væru bændur ekki í þeim vanda staddir sem raun ber vitni. Það hefði betur verið sinnt þá óskum bændasamtakanna.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, að bændur í þingflokki Framsfl. hafi verið að prédika óbreytta stefnu í landbúnaðarmálum. Ég vil leyfa mér að taka það fram, að bændur í þingflokki Framsfl. hafa reynt að beita sér fyrir því að stefnunni yrði breytt.

En þegar nokkuð leið á ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar féll hann því miður niður í öfgahjólfarið og fór að telja upp nokkra liði á fjárlögum sem hann sá ofsjónum yfir. Hv. þm. Steinþór Gestsson er búinn að gera suma þeirra að umtalsefni, og ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að fara nánar út í það, en ég vil undirstrika að það var ýmislegt mjög ofmælt hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni.

Hann vitnaði réttilega til þess að fyrrv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, hefði beitt sér fyrir nýjungum, og eins og hv. þm. Árni Gunnarsson sagði fékk hann ekki nægar undirtektir. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þm. Steingrímur fékk ekki nægar undirtektir, og sérstaklega var það vegna afstöðu þm. Alþfl. Vegna þeirrar afstöðu er enn þá verið að tala um þessa 3 milljarða lántökuheimild. Til þess að geta breytt stefnunni í landbúnaðarmálum verða menn að ganga að því verki með jákvæðu hugarfari í garð atvinnugreinarinnar og þeirra sem hana stunda, ekki andskotast sí og æ í því fólki sem framleiðir landbúnaðarvörur, telja eftir á alla grein þess rétt, sjá ofsjónum yfir þeim hlutum, sem til landbúnaðar ganga, og ala á úlfúð milli neytenda í þéttbýlinu og bændanna. Bændur eiga rétt á þeim tilteknu peningum sem hér er lagt til að útvegaðir verði, og þeir þurfa á þeim að halda. Þangað til að menn hafa komist á það stig að ná eðlilegri stjórn á framleiðslumagninu er óhjákvæmilegt að til svona ráðstafana geti þurft að koma.

Hv. þm. Steinþór Gestsson taldi hafa bætt frv. breytingar sem gerðar voru á því í Ed. um að skylda Byggðasjóð til að greiða hluta af því fé sem hér er um að ræða. Ég er ekki sammála hv. þm. um að þetta sé réttmætt eða að það hafi bætt frv. Vafasamt er hvort það er réttmætt að gefa út þessa ávísun á Byggðasjóð, þrátt fyrir að ég fyrir mitt leyti hafi samþ. að gera það til samkomulegs til að málið fengi greiðari framgang í þinginu. Það er vafasamt hvort við höfum rétt til að gefa út ávísanir eins og þessa á stofnun eins og Byggðasjóð sem lýtur sjálfstæðri stjórn. Ég veit sem sagt ekki hvort við höfum fullkominn rétt á þessu tékkhefti. En hitt er tvímælalaust, að við *höfum náttúrlega fullan tillögurétt um þetta mál.*

Það hefur margt komið fram í þessum umræðum sem ástæða væri til að orðlengja meira um. Ég ætla nú að stilla mig um það í þetta skiptið. Ég legg til að þetta frv. verði samþ. Ég tel að það sé réttmætt að útvega peningana og láta málið ná fram að ganga.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að gera að umræðuefni landbúnaðarstefnuna í landinu og það samhengi sem þær greiðslur, sem hér er um að ræða, auðvitað eru í að því er varðar hina almennu stefnu. En á hinu held ég að sé vert að vekja athygli, með hvaða hætti þessi fjárútvegun á að fara fram, eins og gert er ráð fyrir henni í frv. þessu til laga, sem sé þannig að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán allt að 3 milljörðum kr., en síðan á Byggðasjóður að greiða lánið og að öðru leyti á ríkissjóður að annast afborganir, vexti og kostnað allan af þessu láni, eins og segir í þessu frv. Hér er auðvitað ekki um neitt lán að ræða, hér er um að ræða beina greiðslu, og auðvitað á að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Síðan koma talsmenn þessarar upphæðar hér í ræðustól og tala um lán, jafnvel ekki lán, heldur lántökuheimild. Mismunur er væntanlega sá, að það er ekki víst að lántökuheimild verði nýtt, en lán er væntanlega nýtt eða tekið, svo að auðvitað er hér hvorki um lán né lántökuheimild að ræða. Hér er um að ræða beinar greiðslur úr ríkissjóði, og á þessu tvennu er auðvitað grundvallarmunur.

Þetta mál hefur verið að klúðrast hér um þingsali nú á annað ár. Og þar í liggur eflaust skýring á því, hversu klúðurslegt allt þetta mál er orðið. Það er engu líkara en með þessari framsetningu sé verið að gera gys ekki aðeins að bændum og bændasamtökum, heldur og skattgreiðendum í þessu landi. Hér er ekki um neitt lán að ræða. Hér er ekki um það að ræða, að bændasamtökin í landinu taki lán. Hér er um að ræða beinar tilfærslur á fjármunum, beint frá skattgreiðendum og inn í þessa tilteknu atvinnugrein. Maður hefur á tilfinningunni að *ástæðan fyrir þessari samsetningu sé þrátt fyrir allt sú*, að þeir, sem árum saman hafa verið að stuðla að þessum flutningum, séu farnir hálfpartinn að skammast sín fyrir hvernig að þessum málum hefur verið staðið og að þessi skömm sé ástæðan fyrir því að hlutirnir eru ekki lengur kallaðir sínum réttu nöfnum, heldur búin til orð og orðskrípi: lán eða lántökuheimild, þegar um allt annað er að ræða. Allur þessi málatilbúnaður er eins og verið sé að friðþægja ungabörnum.

Hér er ekki um lán að ræða, ekki heldur lántökuheimild. Hér er um að ræða beinan flutning á fjármagni frá skattgreiðendum inn í þessa tilteknu atvinnugrein.

Og allur þessi málatilbúnaður, eins og þetta er fram sett í samanlagðri 1. og 2. gr. þessa frv., er auðvitað óþarfur. Það á væntanlega að vera til þess, að það heiti svo að hér sé um lán að ræða, og væntanlega að vera einnig til þess, að þetta renni þá mjúklegar niður hálsana á skattgreiðendum, af því að þetta er lán. En þetta er ekki lán og hefur engin einkenni lána. Þetta er beinn styrkur og ekkert annað. Og ef Alþ. er að samþykkja beina styrki, þá á auðvitað að kalla hlutina sínum réttu nöfnum.

Hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, talaði áðan um að ekki mætti koma til úlfúðar á milli framleiðenda landbúnaðarafurða annars vegar og neytenda í þéttbýli hins vegar. Þetta er auðvitað alveg rétt. Slík úlfúð, sé hún til og verði hún til, þá er hún af hinu illa.

Hún er óæskileg. En ef eitthvað er til þess fallið að skapa úlfúð, þá er það svona barnaleg tilraun til blekkinga, svona barnaleg framsetning eins og hér er um að ræða. Það dynur í fjölmiðlum, ríkisfjölmiðlum og öðrum fjölmiðlum, og þetta heitir alltaf lán, jafnvel ekki lán, heldur lántökuheimild. Og einhverjir trúa því eflaust, að hér sé um að ræða lán og lántökuheimild. En ég vænti þess, þó að menn hér viti miklu betur. Þetta er aðeins ein hlið þessa máls. En ég taldi rétt að vekja á þeirri hlið athygli.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður taldi að frv. þetta væri byggt á röngum forsendum og að fréttaflutningur af þessu máli væri til þess gerður að gera gys að skattgreiðendum í landinu. Hann sagði að hér væri ekki um lán að ræða, heldur um bein framlög úr ríkissjóði. Auðvitað er þetta misskilningur hjá þessum hv. þm. Það er gert ráð fyrir því að taka lán. Það er gert ráð fyrir því, að Framleiðsluráð landbúnaðarins taki lán, þetta lán verði síðan endurgreitt á nokkrum árum væntanlega. Og það er gert ráð fyrir því, að Byggðasjóður endurgreiði sem svarar 500 millj. kr. á ári í þrjú ár, en ríkissjóður standi undir öðrum greiðslum af láninu. **(VG:** Hver borgar í Byggðasjóð?) Ríkissjóður leggur fram fé til Byggðasjóðs og Byggðasjóður hefur einnig eigin tekjur. En misskilningur hv. þm. er sérkennilegur, vegna þess að hann hefði átt að átta sig á því, að þar sem er um að ræða beinar greiðslur úr ríkissjóði, þá eru það útlagðir fjármunir úr ríkissjóði þegar í stað. Hér er því um lán að ræða, eins og frv. greinir. Hér er um það að ræða, að það lán verði endurgreitt, hvort tveggja af Byggðasjóði og ríkissjóði, og ríkissjóður annast allan kostnað af töku lánsins svo og greiðslu vaxta, verðbóta og annars kostnaðar. **(EG:** En af hverju tekur þá Framleiðsluráðið lánið?) Það getur verið allt eðlilegt með það. (Gripið fram í.) Ég vænti þess að þessum fundi verði stjórnað þannig að hér verði ekki bara samtal. **(Gripið fram í:** En þú svarar ekki þessu.)

Ég vil segja það hér út af þessu máli, að það er rétt, sem fram hefur komið, að það hefur dregist lengur en æskilegt væri að þetta mál væri afgreitt. Ég skal ekki rekja þá sögu, en það er rétt sem fram kom í máli eins ræðumanns hér áðan, að þetta frv. hefur verið hér í sölum Alþingis a. m. k. nálægt einu ári. Þó að svo færi, að þetta frv. væri ekki afgreitt fyrir þingfrestun fyrir rúmum hálfum mánuði, þá hefur það ekki efnislega áhrif á afgreiðslu þessa máls, vegna þess að í millitíðinni hefur verið unnið nokkuð, eins og gefin voru fyrirheit um, að því að undirbúa lántöku. Þess vegna ætti þetta atriði ekki að verða til þess að tefja afgreiðslu þessa máls.

Ég vil segja það í sambandi við ræðu hv. þm. Steinþórs Gestssonar, að ég tel að þetta mál sé þegar komið á góðan rekspöl hjá ríkisstj. og þessi lög, sem verða afgreidd væntanlega innan fárra daga úr þessari hv. d., verði ekki pappírsgagn eitt, heldur komi að fullum notum.

Það er einnig ástæðulaust að vera að tala um það hér, að einhver gosumbrot hafi átt sér stað í hv. stjórnarliði út af þessu máli. Þau gosumbrot urðu aðeins til í hugarheimi hv. stjórnarandstæðinga.

Ég vil að þessum orðum loknum mælast til þess við þessa hv. d., að hún reyni að haga svo sínum störfum að þetta mál verði afgreitt áður en margir dagar líða, helst í þessari viku, en í síðasta lagi þegar eftir næstu helgi.

Hér mætti flytja langt mál um þá umr., sem hér hefur verið hafin af til að mynda hv. þm. Árna Gunnarssyni. Hann sagði margt vel, en annað miður. Hann sagði t. a. m. að umræða um landbúnaðarmál hefði tíðum á síðustu árum verið um of ofsafengin. Þetta var alveg hárrétt hjá þessum hv. þm. En mér hefur virst það svo, að þeir hv. þm. Alþfl. og talsmenn Alþfl. í blöðum hafi átt hvað mestan þátt í því að gera þessa umræðu ofsafengna. Þeir eru í hópi þeirra manna sem hafa farið með mestar fjarstæður um þessi efni, og kemur það ekki alveg heim og saman við málflutning hv. þm. Árna Gunnarssonar, sem virtist í öðru orðinu a. m. k. vilja lægja þessar öldur.

Það er rétt, að það þarf ýmislegt að athuga í sambandi við landbúnaðarstefnuna, og það verður ekki gert á einum degi. Núv. ríkisstj. hefur sett sér það mark að á þessu þingi verði lögð fram till. til þál. um landbúnaðarstefnu, og væntanlega tekst að afgreiða slíka till. Það er því ekki ástæða til þess af minni hálfu, að fara hér að ræða þá stefnu, sem mótuð verður, í eimstökum atriðum eða mjög ítarlega. Ég tel hins vegar að við blasi að það er hin mesta nauðsyn, miðað við framleiðslu og markaðsaðstæður, að samdráttur verði í mjólkurframleiðslu í landinu, vegna þess að erlendir markaðir bjóða verð sem gerir ekki miklu meira en að greiða vinnslukostnað af framleiðsluvörum mjólkurbúanna. Þessum samdrætti þarf að ná í áföngum á nokkrum árum, og það þarf að hjálpa til á því aðlögunarskeiði til þess að of snögg framleiðsluminnkun verði ekki til þess að kollvarpa fjárhag bæði framleiðenda og mjólkurbúa.

Ég hef látið það í ljós, að ég tel að fara þurfi fram á því ítarleg könnun, hvort ekki sé hagkvæmt fyrir þjóðfélagið að halda áfram að framleiða meira af sauðfjárafurðum en þjóðin neytir af kindakjöti. Þessa athugun tel ég að sé nauðsynlegt að gera, til þess að menn fái eitthvað til þess að standa á í þeirri landbúnaðarumræðu sem t. a. m. hv. þm. Alþfl. vilja tíðum heyja hér á hv. Alþ., þar sem þeir fullyrða æ ofan í æ að nauðsynlegt sé að ná landbúnaðarframleiðslunni niður í það mark sem neytt er innanlands, án þess að hafa í raun og veru nokkuð við að styðjast í fullyrðingum sínum. Þeir ættu að fagna því, hv. þm. Alþfl., að slík úttekt væri gerð, þannig að hægt væri að sýna fram á með efnislegum rökum hvað þjóðinni sé hagstætt í þessum efnum.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að ef við drögum saman landbúnaðarframleiðsluna í það mark sem neysla búvara leyfir innanlands, þá verður að sjá fram úr því hvað á við að taka fyrir það fólk sem í mörgum greinum verður þá að hætta í þessari atvinnugrein. Við þurfum að gæta þess, að þá þarf að byggja upp atvinnu fyrir þetta fólk annars staðar. Það þarf líka fjár-

muni til þess að það geti komið sér upp híbýlum annars staðar. Það mundi kannske valda spennu á húsnæðismarkaði og jafnvel hafa í för með sér verðbólguáhrif o. s. frv. Við skulu ekki gleyma því, að framleiðsla sauðfjárafurða hefur í för með sér mjög mikla vinnu. Henni fylgir það, að víðs vegar um þjóðfélagið hafa menn atvinnu af margþáttaðri þjónustu í sambandi við þessa atvinnugrein, og þessu fylgir hráefni, sem er undirstaða fyrir aðalstofn iðnaðarins í landinu sem framleiðir fyrir erlendan markað. Þess vegna má ekki líta á það aðeins einhliða, að um leið og verið sé að skera niður þessa framleiðslugrein sé verið að spara útgjöld úr ríkissjóði.

Ekkert land í V-Evrópu eða í nágrenni okkar rekur landbúnað með þeim hætti að þar sé ekki um stuðning hins opinbera að ræða. Í ýmsum löndum er sá stuðningur miklu víðtækari en hér gerist, og er það til marks um kosti okkar ágæta lands hér norður við heimsskautsbaug. Það er líka til marks um dugnað og úrræðasemi íslenskra bænda.

Hv. þm. Árni Gunnarsson sagði réttilega, að niðurgreiðslur á búvörur væru ekki alfarið styrkur til landbúnaðarins. Þetta er auðvitað hárrétt. Niðurgreiðslur vöruverðs eru framlög sem ríkisstj. á hverjum tíma ver til að halda niðri vöruverði til þess að hafa áhrif á efnahagsþróun í landinu. En hitt var alrangt, sem þessi hv. þm. sagði, að niðurgreiðslurnar væru til þess að þeir högnuðust á þeim sem ættu fjármuni. Þetta er að mínum dómi algerlega öfugt. Ef ekki væri greitt niður verð á búvörum, þá er ég hræddur um að þeir ættu erfitt með að kaupa þær sem eiga litla fjármuni, hafa litlar tekjur. Þá er ég líka hræddur um að þeir, sem raunverulega eiga fjármunina, væru fyrst og fremst þeir sem hefðu bolmagn til að kaupa þessar vörur að vild sinni. Og við megum ekki heldur gleyma því, að niðurgreiðslu-fjármunirnir eru lagðir fram úr ríkissjóði, þeirra er aflað með sköttum og þeir skattar leggjast þyngra á þá sem hafa miklar tekjur og eiga mikla fjármuni. Þess vegna voru sleggjudómar eða fullyrðingar hv. þm. Árna Gunnarssonar um þetta efni algerlega út í hött og þveröfug.

Hv. þm. Árni Gunnarsson fjargviðraðist yfir nokkrum framlögum til stofnana landbúnaðarins á fjárlögum. Sumpart var þar ekki rétt með farið. Eins voru hjákátlegar spurningar þessa hv. þm., þegar hann spyr hvað sé gert með fé til búfjárræktar til að mynda. Ég vil ráðleggja honum að lesa búfjárræktarlögin. Ef hann les þau, trúi ég ekki öðru en hann sjái hvað verður um þessa fjármuni. Hann sagði: Hvers vegna fer ekki ein einasta króna til votheysgerðar? Hvernig stendur nú á því? Þessi hv. þm. virðist ekki hafa hugmynd um það, að fjármunum er í gegnum jarðræktarframlögin m. a. varið til votheysgerðar, til þess að styrkja votheysgryfjur. (Gripið fram í.) Ég er ekki með þær tölur hér. Það er hægt að afla þeirra fyrir hv. þm., svo að hann geti farið með rétt mál um þessi efni.

Þannig er það um mörg fleiri mál, sem hv. þm. fjallaði hér um. Það væri hægt að taka í það einhvern tíma í góðu tómi að upplýsa hann um það sem hann virðist ekki hafa hugmynd um og veður í algerri villu um. Þetta væri held ég ómaksins vert, því að það yrði kannske til þess að tíma Alþingis væri ekki varið í að flytja ræður af því tagi sem þessi hv. þm. flutti áðan og hefur stundum gert áður.

Hv. þm. nefndi t. a. m. fjárveitingu til mjólkurbúa og nefndi fjárhæð einhvers staðar milli 10 og 20 millj. Það er rétt, að það er fjárlagaliður sem er ætlaður sem stofnframlag til mjólkurbúa. Þessi fjárlagaliður hefur verið í mörg ár 2 millj. kr. en ekki einhver önnur tala. Ég hygg að hann sé enn 2 millj. kr. í því frv. sem nú hefur verið lagt fram af hæstv. fjmrh., og hann var það einnig í því fjárlagafrv., sem lagt var fram hér fyrr á þessu þingi, og eins í fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar.

Ég held að ekki sé ástæða til þess að fjalla um þessi mál mikið hér á þessu stigi. Ég hef enda mælst til þess, að afgreiðslu á þessu máli verði hraðað hér í hv. d. eftir því sem deildin treystir sér til. **(Gripið fram í:** Þú átt ekki að tala svona lengi.) Ég vænti að það geti orðið, og þó að hv. þm. Alþfl. blæði það nokkuð í augum eða eyrum, að ég taki hér til máls, þá verð ég að hugga þá með því, að ég tala vafalaust ekki nema svona eins og þriðjunginn af því sem þeir tala hver um sig.

Ég vil sem sagt láta það koma hér skýrt fram, að ég vonast eftir að núv. ríkisstj. geti birt Alþ. stefnu sína í landbúnaðarmálum á þessu Alþingi. Og ég vonast eftir því, að þá verði hægt að gefa sér góðan tíma til þess að ræða stefnumál í landbúnaði. Það fer betur á því að ræða þau undir slíkum dagskrárlið og ég mun þá ekki spara það, að sú umr. geti staðið lengi hvað mig snertir. Það er auðvitað ljóst, að þar þarf ýmsar breytingar og lagfæringar á að gera. Og ég vonast til að svo megi takast, þær breytingar horfi til bóta.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. kom sér undan því að svara hér ómerkilegri spurningu, sem ég beindi til hans úr skrifarasæti, en var mjög móðgaður yfir að hann skyldi truflaður hér í pontunni. Ég hélt þess vegna að flokksbræður hans, sem hér væru, kynnu þá siði öllum mönnum fremur að þegja í sætum sínum. En eitthvað virðist sem honum hafi verið áfátt að ræða um slíka hluti. Eitt er víst, að það væri þarft af honum að taka það fyrir á næsta fundi.

Það má margt læra af bændum við Ísafjarðardjúp. En ég veit ekki hvort það er sanngjörn krafa til þeirra, sem búa á því svæði á Vestfjörðum þar sem úrkoma er minnst, að þeir kenni öðrum votheysverkun. Ég veit ekki hvort sú krafa er sanngjörn. Hitt er aftur á móti staðreynd, að votheysverkun hefur verið að vinna á um Vestfirði og mjög víða á hún enn eftir að útrýma þurrheysverkun á því svæði þar sem við búum við mikla úrkomu. Ég vona aftur á móti að stefna Alþfl. í landbúnaðarmálum taki aldrei yfir á Vestfjörðum. Hennar sér víða stað við Ísafjarðardjúp. Þau eru ansi mörg eyðibýlin meðfram Djúpinu. Þar er stefna Alþfl. í verki, sú stefna sem hv. 6. þm. Norðurl. e. telur til mestrar fyrirmyndar.

Mér er ljóst, að það þarf ekki að greiða neinar útflutningsbætur frá þessum býlum, — ekki neinar. Hann mætti gjarnan kynna sér það, hvar sú framleiðsla er mest á Íslandi, hvaðan við fáum mestu framleiðsluna og þurfum að greiða mestu útflutningsbæturnar. Hann mætti gjarnan gera það.

En það var eitt atriði í ræðu þessa hv. þm. sem kom mér sérstaklega til að standa hér upp. Hann sagði að það væri nauðsynlegt að fulltrúar bænda hér á þingi ræddu þessi mál, að mér skildist við fulltrúa neytenda. Mér vitanlega er þetta ekki stéttaþing. Ég er kosinn á þing af Vestfirðingum, mönnum úr öllum stéttum þar. Það má vel vera að blaðamannastéttin líti svo á, að hún eigi bara að starfa fyrir blaðamenn og fréttamenn, það sé þeirra stétt. Það er þá líka rétt að þeir séu merktir sérstaklega, þannig að það sé sérstakt viðvörunarmerki þegar fulltrúar þeirra birtast hér í pontunni með sína yfirborðslegu

þekkingu á málefnum atvinnuvega þessarar þjóðar. Það er dálítið erfitt að sitja undir því, eftir að Framsfl. hefur ekki komið í gegn framleiðsluráðslögum á Alþingi Íslendinga frá því um 1970, að það er alltaf verið að bera það á okkur, að við ráðum þessari stefnu, hún sé mótuð af okkur og við ráðum henni. Við störfum í dag eftir lögum frá 1966. Það skyldi þó ekki vera að einn af ræðumönnum, sem hér situr, hafi átt ráðh. í ríkisstj. sem stuðlaði að því að þessi lög urðu að veruleika. Þau hafa löngum verið kennd við Ingólf Jónsson og Gylfa Þ. Gíslason. Ég veit ekki hvort það verður upp tekið, að þeir fari að sverja af sér faðernið að þessum lögum. Eitt er víst, að Ingólfur Jónsson gerir það aldrei.

En það vantar inn í framleiðsluráðslög hér á landi í dag ákvæði sem heimila Framleiðsluráði vissar stjórnunarlegar aðgerðir á framleiðslunni. Þetta varð framsóknarmönnum ljósara en öðrum, einfaldlega vegna þess að þeir höfðu meiri þekkingu á þessum málum en aðrir. Og það er kannske ekki undarlegt, þar sem þeir voru í beinni tengslum við þau vandamál sem af því sköpuðust, ef erfiðlega gekk að selja þessar vörur á erlendum mörkuðum.

Hins vegar verður ekki undan því vikist að geta þess í örfáum orðum, að samanburður Íslendinga við útlönd verður oft harla skoplegur. Það er harla skoplegt til dæmis þegar menn halda því fram eftir okkar stutta sjálfstjórnartímabil í þessu landi, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að við séum komnir það langt áleiðis í uppbyggingu okkar atvinnuvega og nýtingu okkar auðlinda að við eigum sömu möguleika og fremstu iðnaðarríki heims til að skapa hér góð lífskjör. Það er ákaflega skoplegt þegar menn halda að okkar staða sé þessi. Á sínum tíma, þegar frystivélar komu til sögunnar, hrundi grunnurinn undan því að evrópskir bændur ættu möguleika á að fá viðunandi launakjör í sinni starfsgrein. Það streymdu inn í löndin ódýrar landbúnaðarvörur frá þjóðum, sem nánast viðhöfðu þrælahald til að framleiða þessar vörur. Og afleiðingin af því varð sú, að Evrópa varð eina heimsálfan sem flutti inn matvæli í stórum stíl. Þetta er söguleg staðreynd. Á stríðsárunum gerðist það aftur á móti, að allmörgum stjórnmálamönnum þessara þjóða varð ljóst að stundum gat verið hæpið að eiga allt undir því að þurfa að flytja matvörur inn í landið.

Það er eitt ákvæði í gömlu framleiðsluráðslögunum sem virðist hafa orðið vissum stéttum og fulltrúum vissra stétta sérstakt ágreiningsefni. Það er gamla lagasetningarákvæðið sem segir, að bændur skuli hafa sömu laun og aðrar stéttir. Ég skil það vel, að fulltrúar fréttamanna hér á þingi telji að svona ákvæði eigi að fara út. Ég skil það mætavel. Hins vegar fagna ég því, að enn er svo skipað málum í sölum Alþingis að þeir menn hafa þar sterkari stöðu sem vilja vinna að heill landsins alls, byggðanna allra og vilja leysa þau mál á þann veg, sem hentar íslenskum landbúnaði, að þar eigi sér stað framleiðslubreyting. Og hún getur átt sér stað ef Framleiðsluráðið fær lagalega aðstöðu til að framkvæma hana, en landauðnarstefnan, sem kennd hefur verið við krata og eyðibýlin við Djúp m. a. bera með sér, — sú landauðnarstefna verður aldrei ofan á hér á landi.

Sighvatur Björgvinsson: Hæstv. forseti. Oft hefur verið meiri sagnfræðiþekking í Reykholti en nú. Hv. síðasta ræðumanni til upplýsingar skal ég geta þess, og fara svo ekki frekar út í ræðu hans, að flestöll býli við Ísafjarðardjúp fóru í eyði þegar Framsfl. stjórnaði landbúnaðarmálunum, en Alþfl. var í stjórnarandstöðu. Ef þeir Reykhyltingar hugsa sér að endurnýja Heimskringlu ættu þeir að afla sér frekari þekkingar en nú er til í Reykholti.

Ég ætla ekki að fara öllu frekar út í umr. um landbúnaðarmálin almennt, enda gefst til þess tími og tækifæri síðar, eins og hæstv. landbrh. hefur lofað okkur. En það virðist fara mjög í vöxt að ráðh. í ríkisstj. á Íslandi biðji Alþ. um að samþ. áskoranir á sjálfa sig. Ég held að slíkt hafi fyrst gerst í fyrra þegar hæstv. þáv. iðnrh. lagði fram á Alþ. þáltill. um að Alþ. skoraði á iðnrh., þ. e. hann sjálfan, að gera tilteknar aðgerðir. Nú virðist hæstv. landbrh. ætla að feta dyggilega í fótspor iðnrh. og leggja einhvern tíma á næstunni fram á þingi þáltill. þar sem landbrh. óskar eftir því að Alþingi Íslendinga skori á hann að gera tiltekna hluti. Ég held að slíkt sé algerlega þarflaust. Ég held að hæstv. ráðh. geti stundað ráðherrastörf í sínu rn. án þess að hafa fyrir því að biðja Alþ. að skora á sig að gera það sem hann langar til að gera. Ég hef ekki orðið var við annað og við þm. en að hæstv. landbrh. geri það sem honum dettur í hug, hvort sem á hann er skorað eða ekki. Væntanlega getur hann fundið möguleika hjá sér til að halda slíku áfram. En sem ég segi, ég ætla þá að fresta því að ræða frekar um landbúnaðarmál almennt þangað til hæstv. landbrh. óskar eftir að hv. Alþ. skori á hann að gera hluti sem hann langar til að gera.

Ég vil þó fara örfáum orðum um nokkur atriði, sem hafa dregist inn í umr. hér, og þá fyrst nefna í örfáum orðum það sem rætt hefur verið um niðurgreiðslur á búvöru. Auðvitað er rétt að niðurgreiðslur eru tæki ríkisstj. til að hafa áhrif á hvernig vísitala mælir framfærslukostnað í landinu. Hún er alþekkt t. d. sú árátta Alþb. að nota ávallt skatta, sem ekki eru inni í vísitölu, eins og tekjuskattinn, til að afla fjár, svo að greiða megi niður vörur sem eru mældar í vísitölu, og halda því síðan fram við almenning í landinu að þarna hafi orðið stórkostleg kjarabót. Skatturinn, sem á er lagður, mælist ekki í vísitölunni, en varan, sem niðurgreidd er, mælist í vísitölu. Út af fyrir sig er rétt að niðurgreiðsla á vöruverði er til þess gerð að hafa áhrif á útreikning framfærsluvísitölu á Íslandi.

En það hefur líka sitt að segja í þessu máli, hvaða vörur eru valdar til þess að greiða niður. Sá hefur verið siður stjórnvalda um langan aldur að velja til þess einvörðungu landbúnaðarafurðir, en auðvitað er hægt að greiða niður fjölmargar aðrar mikilvægar neysluvörur, t. d. bensín fyrir bílaeigendur, rafmagn, húshitun og fjöldamargt annað. Vitaskuld hefur það sitt að segja fyrir landbúnaðinn og er vissulega stuðningur við hann, að afurðir hans skuli valdar úr öllum neysluvörum sem þjóðin greiðir niður. Enginn annar atvinnuvegur á Íslandi nýtur þess, að skattfé almennings, sem til niðurgreiðslu er varið, sé alfarið látið renna til að greiða niður framleiðsluvörur hans. T. d. íslenskir fataframleiðendur, sem nú eru að eigin sögn flestallir að fara á hausinn, ætli þeir vildu ekki gjarnan að eitthvað af skattfé almennings rynni til þess að greiða niður íslensk föt? Menn þurfa að ganga í fötum alveg eins og menn þurfa að borða mat! Skyldu ekki íslenskir fataframleiðendur hafa áhuga á slíku? Flestar húsgagnaverslanir landsins þrífast nú á því að selja innfluttar vörur þar sem íslenskur húsgagnaiðnaður er ekki lengur samkeppnishæfur. Skyldu þessir ís-

lensku framleiðendur ekki hafa áhuga á að eitthvað af niðurgreiðslufénu rynni til þess að greiða niður framleiðsluvörur þeirra? Þetta er þó íslensk atvinnugrein, og fólk þarf húsgögn í íbúðir sínar ekkert síður en föt utan á skrokkinn á sér eða mat í magann á sér. Landbúnaðurinn á Íslandi nýtur þess hins vegar að hann hefur ávallt setið einn að niðurgreiðslum.

Í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. er gert ráð fyrir að verja á árinu 1980 rúmum 24 milljörðum til þess að greiða niður vísitöluna á Íslandi með því að leggja 24 milljarða skatt á landsmenn til að lækka verð á landbúnaðarvörum. Þetta eru 488 þús. kr. útgjöld fyrir hverja meðalfjölskyldu í landinu. Hver meðalfjölskylda í þessu landi verður að snara út 488 þús. kr. á yfirstandandi ári til þess að greiða niður landbúnaðarvöruverð á innanlandsmarkaði. Skyldi ekki mega ætla að þessi útgjöld íslenskra heimila til þess að greiða matvæli ofan í okkur sé líka stuðningur við bændur og íslenskan landbúnað? Auðvitað liggur í augum uppi að svo er, enda vek ég athygli á að það var Stéttarsamband bænda sem í janúarmánuði s. l. óskaði þess mjög eindregið að niðurgreiðslur yrðu auknar, vegna þess að ef niðurgreiðslur á búvörum drægjust saman mundi sennilega draga talsvert úr innanlandsneyslu búvaranna, sem mundi aftur á móti auka útflutningsvandann. Það voru stéttarsamtök bændanna sjálfra sem óskuðu eftir að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum innanlands yrðu auknar. Það sér auðvitað hver maður í hendi sér, að Stéttarsamband bænda gerði það vegna þess að hér var um beint hagsmunamál stéttarsamtakanna að ræða, að landsmenn yrðu látnir borga á árinu 1980 488 þús. kr. hver meðalfjölskylda til að lækka á innanlandsmarkaði verð á framleiðsluafurðum bænda. Auðvitað er þetta hagsmunamál fyrir landbúnaðinn. Niðurgreiðslur eru ekki fundnar upp fyrir bændur, síður en svo. En það skiptir þá vissulega máli hvernig niðurgreiðslunum er beitt. Ég er t. d. sannfærður um að ef sú ákvörðun yrði tekin að taka hluta af þessum 24 milljörðum, t. d. 4 milljarða, til þess að greiða niður aðrar neysluvörur en landbúnaðarvörur, t. d. rafmagn eða húshitun, mundi Stéttarsamband bænda mótmæla. Bændur mundu telja að það væri árás á kjör þeirra að breyta um niðurgreiðsluvenjur. Ég er alveg sannfærður um að þeir menn, sem hér hafa talað, mundu mótmæla því að slík breyting yrði gerð.

Það er ekkert lögmál til sem segir, að þegar menn ætla að greiða niður vísitöluvörur þurfi það endilega að vera búvörur. Það er hægt að greiða vísitöluna álíka mikið niður og gert er með niðurgreiðslum á búvörum með því að breyta niðurgreiðslunum á búvörum í fjölskyldubætur. Hvað eru fjölskyldubætur? Það eru niðurgreiðslur á vöruverði, nákvæmlega hliðstæðar niðurgreiðslum á búvöruverði. Munurinn er bara sá, að ef um fjölskyldubætur er að ræða ræður hver og einn neytandi hvaða vöru hann vill nota niðurgreiðsluféð til þess að greiða niður fyrir sig. Ef menn ætla að njóta góðs af niðurgreiðslum á búvöru verða menn að kaupa búvöru og ekkert annað en búvöru til að njóta ávaxtanna. Maður, sem t. d. kaupir sér föt, nýtur ekki góðs af niðurgreiðslufénu. Til þess að geta notið ávaxtanna af niðurgreiðslufénu verður maðurinn að hætta við að kaupa sér föt, en kaupa heldur mjólk eða smjör, og þeim mun meiri ábata sem maðurinn ætlar sér að hafa af niðurgreiðslufénu, þeim mun meira af landbúnaðarvöru, smjöri, kjöti og mjólk, verður maðurinn að kaupa. Þetta liggur alveg í augum uppi. Ef hins vegar væri valin sú leið, sem oft hefur verið farin, að láta hluta af þessu fé koma sem niðurgreiðslu á vöruverði í formi fjölskyldubóta, þannig að neytandinn ráði sjálfur hvernig hann notar þá peninga, þá gæti hann tekið þá ákvörðun að nota peningana að hluta til að greiða niður verð á klæðnaði á sig og fjölskyldu sína eða á húsbúnaði eða á heimilistækjum. Það kostar álíka mikið eða álíka lítið hvert vísitölustig í slíkri niðurgreiðslu í fjölskyldubótum og að greiða niður hvert vísitölustig með niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum. En stjórnvöld hafa tekið þá ákvörðun að svipta neytendur alfarið öllu frelsi í því að ráða, hvernig þeir nota niðurgreiðslurnar. Stjórnvöld hafa ákveðið að skattleggja sérhverja meðalfjölskyldu á Íslandi í ár um 488 þús. til þess að afla fjár til niðurgreiðslna. Og stjórnvöld hafa af vísdómi sínum jafnframt ákveðið að ef fjölskyldur á Íslandi ætla að njóta góðs af þessari niðurgreiðslu verði þær að gjöra svo vel að kaupa fyrir peningana smjör, kjöt og mjólk. Ef þær kaupa eitthvað annað njóta þær ekki góðs af niðurgreiðslunum.

Hæstv. landbrh. brosir að þessu, en þetta er engu að síður staðreynd. Þessi niðurgreiðsla er ekki til annars gerð en að lækka vísitölubætur til launafólks. Við getum keypt álíka mörg vísitölustig með því t. d. að nota 14 milljarða af þessum 24 í niðurgreiðslur á búvöruverði og 10 milljarða af þessum 24 í fjölskyldubætur. En hæstv. landbrh. vill það ekki. Hann vill ekki að fólkið, sem borgar þennan skatt, 488 þús. kr., fái neinu að ráða á hvaða vörum niðurgreiðslan kemur til með að lenda. Hæstv. landbrh. vill ráða því sjálfur og segja við fólkið í landinu: Þið skuluð kaupa kjöt, mjólk og smjör ef þið ætlið að fá eitthvað af þessum peningum til baka. Þeim mun meira kjöt sem þið borðið, þeim mun meiri mjólk sem þið drekkið og þeim mun meira smjör sem þið notið ofan á brauðið, þeim mun meira af peningunum fáið þið til baka. Þetta var aðferðin sem Lúðvík Jósepsson og Alþb.-menn ætluðu að beita til þess að fá íslenska neytendur til að borða allar landbúnaðarvörurnar. Þeir sögðu: Málið er mjög einfalt. Við skulum skattleggja fólkið fyrst nógu mikið, kannske tvisvar sinnum meira en nú er gert, kannske þannig að hver fjölskylda sé skattlögð upp á millj., en ekki 488 þús. Þetta fé skulum við síðan nota til þess að greiða niður landbúnaðarvöruverðið þangað til búvörurnar eru orðnar svo ódýrar að fólkið étur tvisvar sinnum meira af þeim en það vill. — Þetta var hin einfalda kenning Lúðvíks Jósepssonar og Alþb.-manna. Þetta var hin einfalda kenning sem menn muna að Lúðvík Jósepsson boðaði um allar sveitir þessa lands. Lúðvík Jósepsson sagði á bændafundum hverjum á eftir öðrum: Það er enginn offramleiðsluvandi í landbúnaðinum. Við framleiðum ekki of mikið af landbúnaðarafurðum, síður en svo. Búvörurnar eru bara of dýrar miðað við kaupgjald í landinu. Ef annaðhvort kaupgjaldið hækkar eða búvörurnar lækka éta Íslendingar alla framleiðsluna. Og ég veit að hæstv. landbrh. og þeir hv. framsóknarmenn, sem hér sitja, muna vel eftir að þessi var boðskapurinn. En oft vill verða hjá þeim Alþb.-mönnum að árangurinn fer ekki eftir því sem ætlað var.

En það er ekki nóg með að það eigi að skattleggja um 488 þús. kr. hverja meðafjölskyldu í landinu til þess að greiða landbúnaðarvörur niður í sjálf okkur svo við freistumst til að éta meira en við ella mundum gera. Við þurfum líka að flytja út hvorki meira né minna en þriðja

hvern dilkskrokk sem framleiddur er í landinu. Þrátt fyrir hinar gríðarlegu skattálögur á landsmenn, sem notaðar eru til að lækka verð innanlands á búvörum svo menn fáist til að éta meira, torga Íslendingar ekki nema tveimur dilkskrokkum af hverjum þremur sem til falla í landinu. 1/3 framleiðslunnar þurfum við að flytja út. Við þurfum að flytja hana út til Norðurlanda og við þurfum hreinlega að gefa frændum okkar á Norðurlöndum meginhluta verðsins svo að þeir fáist til þess að borða kjötið okkar. Og hvað skyldum við þurfa að borga mikið á Íslandi í ár til þess að geta gefið nágrönnum okkar í matinn með þessum hætti? Jú, við þurfum að borga, eftir því, sem sagt er í fjárlagafrv., 8.4 milljarða kr. á þessu ári m. a. með ostum ofan í Bandaríkjamenn og Tékka. Þeir greiða 15—20% af framleiðslukostnaði ostsins. En við Íslendingar, íslenskir skattborgarar, þurfum að greiða 80—85% af framleiðslukostnaðinum svo að Tékkar og Ameríkumenn fáist til að éta þennan ost. Það er okkar þróunaraðstoð við þessar ríku þjóðir. Hvað skyldum við þurfa að borga mikið með íslenskum matvælum á árinu 1980 ofan í erlenda neytendur? Jú, fjárlagafrv. segir: 8.4 milljarða. Það er 160 þús. kr. skattur á hverja meðalfjölskyldu á Íslandi. Til þess að geta gefið Bandaríkjamönnum, Tékkum, Norðmönnum, Færeyingum og Bretum að borða íslenskar landbúnaðarafurðir þarf hver meðallaunafjölskylda á Íslandi að snara út 160 þús. kr. En það er ekki nóg. Það vantar næstum því jafnháa upphæð til viðbótar, og nú erum við að ræða um að leggja á launamannafjölskylduna 60 þús. kr. til viðbótar, þannig að hún mun bera á árinu 1980 ekki 160 þús. kr., heldur 240 þús. kr. skatt fyrir að gefa Tékkum, Bandaríkjamönnum og frændum okkar í Skandinavíu að borða. Og það er ekki nóg. Framleiðsluráð landbúnaðarins segir að það vanti 6.8 milljarða í viðbót, og það vill fá þessa 6.8 milljarða frá skattborgurum á Íslandi á þessu ári til viðbótar hinu. Þá væru íslensir skattborgarar farnir að borga að meðaltali hver fjölskylda í landinu 360 þús. kr. á árinu 1980 í þróunaraðstoð við Bandaríkin, við Stóra-Bretland, við Tékkóslóvakíu, við frændur okkar á Norðurlöndum o. s. frv. Svo eru menn að tala um að það sé að ástæðulausu sem verið sé að gagnrýna slíka landbúnaðarpólitík! Hver fjölskylda í landinu er fyrst skattlögð um 488 þús. kr. á einu einasta ári til að hægt sé að borga kostnaðinn af þeim tilraunum sem gerðar eru til að fá landsmenn sjálfa til að éta meira af framleiðsluvörum landbúnaðarins, og síðan er lögð á sömu fjölskyldu 360 þús. kr. skattbyrði að auki svo að hægt sé að gefa útlendingum að borða!

Ég ætla ekki að fara frekar út í þessa sálma, því að ástæða mun gefast til þess síðar. Ég ætla að snúa mér að því frv. sem hér er til umr., en óska eftir því við hæstv. forseta, að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur. Ég þarf að spyrja hann nokkurra spurninga. — Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að gefa sér tíma og skal ekki verða langorður. En ástæðan fyrir því, að ég óskaði eftir að hæstv. ráðh. væri viðstaddur, er sú, að ég þarf að bera upp örfáar spurningar við hann vegna frv. um ábyrgðarheimildir o. fl. sem hér er nú til umr. Áður en ég geri það vil ég fara fyrst mjög fáum orðum um frv. sjálft.

Í fyrsta lagi er það ekkert óeðlilegt, við slíkar aðstæður eins og hér eru, þó það komi tilmæli frá samtökum bænda eða Framleiðsluráði landbúnaðarins um ríkisábyrgð vegna lántöku. Slíkt fordæmi hefur iðulega verið gefið. M. a. hefur verið skrifað um það í blöðunum, að árið 1975 hafi Flugleiðum hf. verið veitt ríkisábyrgð fyrir láni að upphæð 2 milljarðar kr. Hæstv. fjmrh. hefur verið beðinn um að sú ábyrgðarheimild verði nú gerð virk þannig að ríkissjóður veiti Flugleiðum hf. umræddu ábyrgð. Hæstv. fjmrh. hefur talið nauðsynlegt, áður en hann veitir ábyrgðina, að láta fara fram sérstaka könnun á aðstæðum Flugleiða hf., m. a. til að kanna hvort óhætt sé fyrir ríkissjóð og skattborgara að taka á sig þessa skuldbindingu. Nú er um að ræða þriðjungi hærri ríkisábyrgð til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Það er gert ráð fyrir að skattborgarar veiti Framleiðsluráði landbúnaðarins ríkisábyrgð fyrir 3 milljörðum kr. á sama tíma og hæstv. fjmrh. veiti ríkisábyrgðarheimild til Flugleiða upp á 2 milljarða. Nú hef ég áhuga á að vita hvort hæstv. ráðh. telur ástæðu til að þingflokkarnir, fulltrúar skattborgara í þessu ágæta og reisulega húsi, kanni með svipuðum hætti og þeir eiga að kanna varðandi Flugleiðamálið hvort skattborgurum sé óhætt að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins umbeðna fyrirgreiðslu, og þá m. a. hvort Framleiðsluráð landbúnaðarins hafi þau veð til þess sem hæstv. ráðh. telur nauðsynlegt að gengið sé úr skugga um að Flugleiðir hf. hafi. Þetta er auðvitað framkvæmdaatriði sem ekki skiptir neinum sköpum í þessu sambandi, vegna þess að það hefur ekki alltaf gerst að þingflokkarnir hafi verið látnir athuga sérstaklega hvort einhverjum tilteknum aðila væri treystandi til að fá ríkisábyrgð. En það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þó svo að það sé leitað eftir ríkisábyrgð í þessu sambandi og hefur oft verið gert.

En þá kemur spurning númer tvö til hæstv. fjmrh.: Getur hæstv. ráðh. gert það, sem enginn af starfsmönnum Alþ. hefur getað gert fyrir mig, sýnt mér eitt fordæmi þess að hér á hinu háa Alþingi hafi verið lagt fram frv. til l. um ríkisábyrgð vegna lántöku þriðja aðila? Í 2. gr. segir að ríkissjóður skuli greiða afborganir og vexti. Hvenær hefur það gerst áður, að veitt hafi verið ríkisábyrgð fyrir lántöku þriðja aðila, eins og segir í 1. gr. frv. að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs sé heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán allt að einhverri tiltekinni upphæð sem einhver aðili úti í bæ tekur? Svo kemur 2. gr., sem segir að ríkissjóður skuli annast afborganir, vexti og allan kostnað. Ég hef spurst fyrir um það hér í þinginu, hvort til séu nokkur fordæmi um svona frv., hvort menn muni eftir því, að svona frv. hafi nokkurn tíma áður verið flutt. Ég hef fengið nei. Menn vita ekki til þess hér að svona frv. hafi áður verið flutt. Getur hæstv. fjmrh., sem flytur þetta frv., bent á einhver fordæmi? Ég held ekki.

Við skulum taka eitt dæmi. Getur maður, sem er að byggja hús og þarf á láni að halda, tekið lán hjá Húsnæðismálastofnun og farið síðan t. d. í ríkissjóð til að borga lánið? Get ég t. d. ef ég þarf á bankaláni að halda, hafið lán í Landsbankanum og falið síðan hæstv. fjmrh. að borga afborganir og vexti? Eða svo að við tökum enn þá kunnari samlíkingu: Gæti ég t. d. gengið frá víxli í Landsbanka Íslands, þar sem hæstv. fjmrh. væri ábekingur, sem væri þannig að ég tæki lánið, en hæstv. fjmrh., sem ætlar að veita mér ábyrgð fyrir lántökunni, sæi um afborganir, vexti og allar greiðslur kostnaðar? Ég er hræddur um að færu að gerast skrýtnir hlutir á íslenskum lánamarkaði ef þetta væri almennt tíðkað. Ég veit ekki um neitt dæmi þess, að ríkissjóður hafi veitt aðila úti í bæ ábyrgðarheimild, en í sama frv. hafi verið sagt að ríkissjóður ætlaði sér að greiða afborganirnar. Auðvitað er það ekki lántaka aðilans úti í bæ. Lántökuaðilinn úti í bæ

er gersamlega óþarfur milliliður. Það, sem hér er að gerast, er að ríkissjóður er einfaldlega að taka lán og taka á sig að borga það lán.

Ef menn skoða heitið á þessu frv. sést fyrst hversu broslegt málið er. Frv. heitir: Frv. til l. um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku. Hvað er frv. um greiðsluheimildir? Jú, alþm. hafa fengið að sjá það að undanförnu. Frv. um greiðsluheimildir er lagt fram og afgreitt vegna þess að engin fjárlög eru. Þegar fjárlög eru, svo maður tali nú ekki um þegar fjárlög eru í samningu, á ekki að þurfa neinar greiðsluheimildir, því að fjárlögin eru greiðsluheimildirnar — ekki satt?

Nú er fjárlagafrv. hér til afgreiðslu. Að vera svo jafnframt að biðja Alþ. að samþ. greiðsluheimildir fyrir ríkissjóð er ekki bara barnalegt, það er bæði broslegt og hlægilegt. Það hefur oft komið fyrir að ríkissjóður hafi veitt ábyrgðarheimild til þriðja aðila úti í bæ, jafnvel þó vitað hafi verið að sá aðili mundi ekki geta staðið í skilum með afborganir og vexti af láninu. Það var t. d. gert þegar ríkissjóður veitti ábyrgð vegna kaupa á Herjólfi og veitti Skallagrími hf. ábyrgð vegna kaupa á Akraborg. Þá lá það fyrir nokkuð ljóst, að aðilinn, sem var að taka lánið, mundi ekki, a. m. k. fyrst framan af, geta staðið undir vöxtum og afborgunum og ríkissjóður mundi þurfa að hlaupa undir bagga. En engum datt þá í hug að gera ráð fyrir því í ábyrgðarheimildinni, að svo yrði, heldur fór einfaldlega þannig, eins og jafnan hér í slíkum tilvkum, að lántökuaðilinn komst í vanskil við Ríkisábyrgðasjóð, gat ekki staðið í skilum við Ríkisábyrgðasjóð, þannig að Alþ. þurfti í fjárlögum að ákvarða að verja sérstöku fé til viðkomandi aðila til að gera honum fært að endurgreiða lánið. Slík eru hin venjubundnu vinnubrögð sem Alþ. viðhefur og á að viðhafa í þessu máli sem öðrum.

Það er sjálfsagt athugandi að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins ríkisábyrgðarheimild fyrir láni. Það getur vel komið til mála, að ríkissjóður styðji Framleiðsluráð landbúnaðarins í greiðslu lánsins ef kemur í ljós að Framleiðsluráðið getur ekki staðið í skilum við Ríkisábyrgðasjóð. En það er dæmigert fjárlagamál sem á að afgreiða við fjárlagaafgreiðslu, en ekki með jafnheimskulegum og fordæmalausum hætti og lagt er til að gert verði hér. Ef það er hægt, hvað er þá á móti því að þau vinnubrögð verði tekin upp á hinu háa Alþingi að t. d. verði lagt fram frv. til l. um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Ríkisútvarpsins til byggingar nýs útvarpshúss, þar sem sagt er í 1. gr. að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast lán fyrir Ríkisútvarpið allt að 6 millj. kr. til byggingar útvarpshúss og sagt í 2. gr. að ríkissjóður greiði vexti og afborganir af láninu að svo miklu leyti sem Ríkisútvarpið geti ekki staðið undir því sjálft? Það er hægt að leysa bókstaflega öll eða flestöll málefni fjárlaga með þessum hætti. Það er orðið þarflaust að vera að afgreiða fjárlög á hinu háa Alþingi fyrst hægt er að fara svona að. Það er opin leið fyrir þá menn, sem áhuga hafa, að leysa öll vandamál fjárlagagerðar með útgáfu svona fjárlagakálfa, eins og hæstv. fjmrh. er nú að gera.

Það er algerlega fordæmalaust, algerlega fráleitt og raunar broslegt að leggja fram svona frv. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv. þar sem gert er ráð fyrir að 2. gr. hreinlega falli niður, ábyrgðin verði veitt, en það verði viðfangsefni fjárlagagerðar hverju sinni hvort ríkissjóður á að styðja lántakandann til þess að greiða afborganir og vexti af láninu vegna þess að hann getur það ekki sjálfur. Ég vil óska eftir því við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir þessari skriflegu tillögu.

Að lokum er aðeins ein spurning sem ég hef áhuga á að fá svar við hjá hæstv. fjmrh. Nú leggur hæstv. ráðh. fram frv. til l. um að útvega fé að upphæð 3 milljarðar kr. vegna, eins og hæstv. ráðh. segir, skorts á útflutningsbótum frá árinu 1979. Áætlaður útflutningsbætur fyrir árið 1980 eru 8.4 milljarðar kr., og að sögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins skortir þá 6.8 milljarða kr. vegna ársins 1980 til þess að Framleiðsluráðið fái úr ríkissjóði fullar útflutningsbótagreiðslur. Auðvitað hljóta alþm. að hafa áhuga á, þegar þeir fjalla um fjárvöntunina frá árinu 1979, að vita hvað hæstv. ríkisstj. ætlar að gera varðandi fjárvöntunina fyrir árið 1980. Og ég spyr hæstv. ráðh.: Eru upphaf og endir málsins þessir 3 milljarðar kr. sem hér er verið að biðja um? Er það svarið við tilmælum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins um 3 milljarðana frá árinu 1979 og 6.8 milljarðana frá árinu 1980, að það eigi að fá 3 milljarðana, en ekki 6.8? Er það svarið, eða eigum við eftir að fá annað frv. frá hæstv. ráðh., annaðhvort í vor eða næsta haust, þar sem afla á umræddra 6.8 milljarða til viðbótar? Þetta verða þm. auðvitað að fá að vita þegar þeir eru nú að afgreiða útflutningsbætur til viðbótar á árinu 1979. Hvað ætlar ríkisstj. að gera í fjárvöntun vegna ársins 1980? Á að standa við fyrirheitin sem óbeint eru gefin í málefnasáttmála ríkisstj. og beinlínis voru gefin af hæstv. landbrh. á Búnaðarþingi, að það ættu að koma til viðbótar við það fé, sem ég hef nefnt hér, 8.4 milljarða, 3 milljarðar frá árinu 1979 og 6.8 milljarðar til viðbótar? Á að standa við þessi fyrirheit, eða hefur umr. um landbúnaðarmálin orðið til þess að hæstv. ríkisstj. hefur heykst á því?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það var vegna fsp., sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni, að ég óskaði eftir að fá að bæta við nokkrum orðum, þó að hæstv. forseti hafi í huga að láta fundinum ljúka í bili.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. að því, hvort ekki væri tilefni til sams konar rannsóknar á fjárreiðum Framleiðsluráðs vegna væntanlegrar ábyrgðarheimildar, úr því talin væri ástæða til að rannsaka fjárreiður og fjárhagslega stöðu Flugleiða í tilefni af ábyrgðarbeiðni þess félags. Hv. þm. benti á að ábyrgðarbeiðni Flugleiða væri upp á 2 milljarða, en hér væri um þriðjungi hærri upphæð að ræða. Ég mundi frekar segja að þetta væri helmingi hærri upphæð í þess orðs réttu gömlu merkingu. — En ég vildi að sjálfsögðu svara þessu einfaldlega með því, að hér er ekki saman að jafna. Það liggur alveg ljóst fyrir samkv. þessu frv., að bændum er ekki ætlað að greiða þessa skuld endanlega, hún fellur ekki á bændastéttina. Aftur á móti er alveg ljóst að við þurfum að rannsaka allvel fjárhagslega stöðu Flugleiða eins og nú standa sakir, vegna þess að við viljum ekki að ábyrgðarheimild af okkar hálfu verði til þess að 2 milljarða skuld falli á ríkissjóð. Þess vegna þurfum við að átta okkur á því, hvort hægt er að veita viðunandi tryggingar af hálfu Flugleiða til þess að öruggt sé að ábyrgðin falli ekki á ríkissjóð. En eins og hv. þm. sjálfur gerði mjög glögga og góða grein fyrir áðan er einmitt ætlunin að skuld Framleiðsluráðs lendi að hluta til á ríkissjóði, og því gegnir þar allt öðru máli.

Hv. þm. spurði að því, hvenær það hefði gerst að slík ábyrgðarheimild hefði verið veitt. Ég skal játa að ég man

ekki eftir því í fljótu bragði að beðið hafi verið um ábyrgðarheimild sem hafi verið nákvæmlega eins og þessi ábyrgðarheimild er. Það má vel vera að hún sé með einhverjum afbrigðum sem geri hana frábrugðna ýmsum öðrum ábyrgðarheimildum sem veittar hafa verið. En það vil ég fullyrða, að hér er um algerlega hliðstæða fyrirgreiðslu að ræða og oft hefur áður verið veitt.

Hv. þm. flutti hér langt mál um að það mætti leysa öll vandamál fjárlagagerðar með þeirri „patentlausn" að taka lán af þessu tagi, það mætti byggja útvarpshús og framkvæma hitt og þetta á sama hátt. Ég spyr: Í hvaða tilgangi ættum við að fara að finna upp á því? Hver væri skýringin á því, að við færum að leita slíkra leiða? Ég sé ekki að nokkur skapaður hlutur væri unninn við það. En þá er kannske eðlilegt að menn spyrji: Hvers vegna er slík leið farin í þessu tiltekna tilviki? Jú, skýringin er ósköp einfaldlega sú, að nú er verið að veita ábyrgðarheimild fyrir láni sem ekkert liggur fyrir um með hvaða hætti verður greitt. Það verða teknar ákvarðanir um það á síðara stigi. Það er gert ráð fyrir að Byggðasjóður greiði allt að helmingi skuldarinnar þegar þar að kemur, en um hitt er ekki ljóst, hvort hlutur ríkissjóðs í þessari greiðslu verður tekinn af 10% heimildinni sem er í framleiðsluráðslögunum eða hvort fé verður greitt af viðbótafjárveitingu þegar þar að kemur. Það veltur að sjálfsögðu á því, hver þróunin verður í framleiðslumálum landbúnaðarins.

Þegar frv. um ábyrgðarheimild af þessu tagi kom fram á Alþ. fyrir einu ári, þegar þeir Alþfl.-mennirnir gerðu sem mest og stærst upphlaup í þinginu á vordögum, var einmitt gert ráð fyrir að þetta lán yrði á síðara stigi greitt af 10% kvótanum samkv. framleiðsluráðslögunum. Það má vel vera að nú um stundir séu menn orðnir svartsýnni en þá var á að slíkt verði hætt, að það sé raunhæft að reikna með því, en þó er of snemmt að fullyrða nokkuð um það. Vegna þess að vafi er á hvernig greiðslunni verði háttað er eðlilegt að ábyrgðarheimildin sé með fremur óvenjulegum hætti hvað þetta snertir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um fsp. sem fram komu hjá hv. þm. Hann bætti þriðju fsp. við, spurði hvernig háttað yrði greiðslum úr ríkissjóði á þessu ári vegna óverðtryggs útflutnings á síðasta verðlagsári, og benti réttilega á að sennilega stæði Framleiðsluráð frammi fyrir fjárvöntun sem væri allmiklu hærri en nemur fjárlagatölunni upp á 8.4 milljarða í fjárlagafrv. Ég vil aðeins segja um þetta mál, að ég á ekki von á að fjárlagafrv.-talan eigi eftir að breytast. Ég held að við hljótum að miða hana við 10% af heildarverðmæti landbúnaðarvara. En hvort önnur fyrirgreiðsla verður veitt síðar á þessu ári, um það hafa engar ákvarðanir verið teknar enn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þó það væri kannske ástæða til að ræða um eða gera athugasemdir við ýmsar ræður hv. þm. í sambandi við þetta mál mun ég ekki gera það í þetta sinn, því að mér er meira í mun að málið komist til n. og fái afgreiðslu á þinginu sem allra fyrst. Ég kemst þó ekki hjá því að víkja aðeins að örfáum atriðum.

Hv. þm. Árni Gunnarsson ræddi um það í ræðu sinni að mjög væri bagalegt, mikill skaði að því að fólk í þéttbýli annars vegar og í dreifbýli hins vegar skildi ekki afstöðu hvert annars og mikill misskilningur væri á milli þessara hópa. Ég vil taka undir þetta. En einmitt ræður eins og sumt af því sem hv. þm. sagði gera það einmitt að verkum að tortryggni skapast á milli, því miður.

Hv. þm. talaði um að hann vildi fá svar við ýmsum spurningum. Ég ætla ekki að fara út í það. En hann sagði eitt sem ég get ekki annað en mómælt og er eiginlega undrandi á, vegna þess að það hefur komið til umræðu hvað eftir annað hér í þinginu, en þrátt fyrir það segir hv. þm. að Samband ísl. samvinnufélaga hafi hag af útflutningsuppbótunum, ef ég hef skilið hann rétt, noti þær í rekstur sinn. Það hefur komið fram hér hvað eftir annað, að Samband ísl. samvinnufélaga fær þetta fé aldrei undir hendur — aldrei. Það fer beint til þess að borga lán í Seðlabankanum þegar þessar greiðslur eru inntar af hendi. Ég veit að þetta hefur farið fram hjá hv. þm., og ég vil gjarnan, hv. þm. Árni Gunnarsson, ræða þessi mál öðruvísi en hér í þingsölunum og fá til umræðu menn sem þekkja þetta vel, til þess að svona misskilningur og svona málflutningur komi ekki fyrir. Það skaðar alla, ekki síst hv. þm., en líka landbúnaðinn og þá hagsmunaaðila sem þarna eiga hlut að máli.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði að ef menn færu og keyptu föt nytu þeir ekki þeirrar niðurgreiðslu á vöruverði sem væri í landinu, af því að það væri eingöngu um að ræða niðurgreiðslur á búvörum. Gerir hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sér ekki grein fyrir því, hvernig vísitalan er samsett? Hún er fundin út með neyslukönnun sem var gerð 1964 og 1965. Þá var fundið út hvað vísitölufjölskyldan borðaði t. d. eða notaði af landbúnaðarvörum, notaði til kaupa á fötum o. s. frv. Um þessa könnun og hvað var tekið upp í vísitöluna er auðvitað margt hægt að segja, ég ætla ekki að fara út í það hér, en auðvitað njóta allir jafnt þessarar niðurgreiðslu, vegna þess að um er að ræða vörur sem allir þurfa að nota, og sennilega notar tekjulægsta fólkið laun sín hlutfallslega meira til þess að kaupa slíkar vörur en til annarrar neyslu. Ef grannt er skoðað er niðurgreiðslufyrirkomulagið, eins og það er framkvæmt, líklega mesta launajöfnunarleiðin sem hægt er að fara í þessu þjóðfélagi miðað við t. d. fjölskyldur. Og það er ákaflega einkennileg breyting sem hefur orðið á Alþfl. ef Alþfl.-menn eru á móti því að reynt sé að jafna kjör fólksins í landinu. En hv. þm. ættu að athuga mjög vel, hvort einmitt þessi leið er ekki besta leiðin til að jafna kjörin í þjóðfélaginu.

Það er nú búið að svara hv. þm. Vilmundi Gylfasyni. Það er hryggilegt að heyra að maður, sem er búinn að vera ráðh., skuli ekki gera sér grein fyrir því, að það er ekki hægt að taka lán í þessu tilviki öðruvísi en að fá ríkisábyrgð. Og varðandi það, að þarna sé um einhverja blekkingu að ræða, þá kemur alveg greinilega fram í 2. gr. frv. hvernig lánið eigi að greiða. Ef hv. þm. skilur það ekki er ekki eyðandi orðum á slíka menn.

Ég hef þrisvar sinnum verið 1. flm. að till. til að leysa þetta mál, og því miður náði það aldrei fram að ganga. Ég vildi hafa leiðina aðra. Ég tel t. d. að ekki sé eðlilegt að Byggðasjóður greiði hluta af þessu fé af tvennum ástæðum. Ég tel að Byggðasjóði sé ætlað annað hlutverk. Hann er fjárfestingarsjóður, viðbótarfjárfestingarsjóður fyrst og fremst, og ég taldi að önnur tilhögun væri réttari og eðlilegri og það mundi kannske skapa fordæmi ef þessu yrði að einhverju eða öllu leyti velt yfir á Byggðasjóð. Þess vegna harma ég að brtt. kom fram í Ed. og var samþ. þar. En þó að ég sé ekki ánægður með það fylgi ég samt frv. og geri ekki brtt., því að ég vil ekki stofna þessu máli í hættu.

En ég vil endurtaka að ég hefði kosið að það væri ekki að neinu leyti lagt á Byggðasjóð. Hann mun hafa nóg önnur verkefni sem hann þarf að annast. Ef verður — sem þarf að verða — einhver framleiðslubreyting í landbúnaði þarf sjóðurinn að stuðla að uppbyggingu bæði í dreifbýli og á þeim þéttbýlisstöðum sem missa atvinnu vegna þeirra breytinga sem kunna að verða í framleiðslumálunum. En engin slík spor má stíga öðruvísi en að athuga þau mjög vel vegna þeirra áhrifa sem slík spor leiða af sér. Við viljum halda uppi fullri atvinnu í landinu. Við megum t. d. ekki leggja niður iðnaðinn, útflutningsiðnaðinn úr ull og skinnum, nema um leið a. m. k. sé byggð upp einhver önnur framleiðsla sem kemur í staðinn. Því er það, að það þarf að athuga þessi mál, og um leið og á að breyta framleiðslunni varðandi þetta verður að gera ráðstafanir til þess að eitthvað annað komi í staðinn og fylli upp í það tómarúm sem verður.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að lengja þessa umræðu um of. Hins vegar tel ég mér bæði skylt og rétt að leiðrétta ýmislegt sem kom fram í ræðum þeirra hv. þm. sem á eftir mér töluðu og nefndu mig á nafn, og mun ég því gera það hér.

Mig langar fyrst að koma örlítið að ræðu hv. þm. Steinþórs Gestssonar, sem hnaut um það í minni tölu að ég hefði verið að agnúast út í framlag til Búnaðarfélagsins, á þeirri forsendu að ég hefði sagt annars staðar í ræðu minni að ég vildi allt til þess vinna að rannsóknir yrðu auknar í landbúnaði til þess að auka möguleika hans á því að standa betur undir eigin tilvist. Nefndi hann í því sambandi ráðunauta Búnaðarfélagsins sem fá greiðslur á fjárlögum. Það, sem ég sagði í ræðu minni var ekki þetta. Það var einfaldlega það sem ég hef á blaði fyrir framan mig, vélritun á þeirri ræðu sem ég flutti og ætla að fá að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá fékk Búnaðarfélag Íslands 300 millj. kr. Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvort einhver önnur atvinnugrein á Íslandi, sem rekur skrifstöfu af svipuðu tagi og Búnaðarfélagið, fái viðlíka styrki."

Þetta voru mín óbreytt orð. Ég var ekki að agnúast út í þann rekstur sem Búnaðarfélagið hefur með ráðunautum sínum um landið þvert og endilangt. Ég var að spyrja spurningar.

Þess má geta í sambandi við þetta, að í þeim drögum að fjárlögum ársins 1980, sem nú liggja fyrir þinginu, nemur þessi liður, Búnaðarfélag Íslands, 471 millj. kr., og hefur því hækkað um 171.8 millj. milli áranna 1979 og 1980.

Vegna ræðu hæstv. landbrh. væri hægt að hafa mörg orð. Hann taldi að í því hefði verið fólgin nokkur þversögn af minni hálfu, að ég hefði sagt annars vegar að umræðan um landbúnaðarmálin hefði verið of ofsafengin, en gert mig svo sjálfan sekan um að vera of ofsafenginn í minni tölu. Ég sagði einfaldlega, að ég teldi þessa umræðu of ofsafengna á báða bóga, og stend við það og er sannfærður um að svo er. Kannske er rétt að minna hv. þm. á ummæli sem ýmsir fulltrúar bænda létu falla um forustumenn Alþfl. og Alþýðuflokkinn á árabilinu 1960 og fram undir þetta ár. Það hafa ekki verið fagrar lýsingar á stefnumiðum Alþfl. í landbúnaðarmálum sem þar hafa komið fram.

Hæstv. landbrh. sagði einnig að það þyrfti að draga úr mjólkurframleiðslunni. Undir þetta tek ég auðvitað. En hvað hefur gerst á fyrstu mánuðum þessa árs? Það væri kannske rétt að hæstv. landbrh. svaraði því á eftir. Það hefur gerst nákvæmlega það, að mjólkurframleiðslan hefur stóraukist frá sama tíma í fyrra.

Hann fjallaði líka nokkuð um dilkakjötsframleiðsluna. Hæstv. landbrh. minnist ekki á það einu orði að hér á landi er fjöldinn allur af „bændum", — sem ég vil hafa innan gæsalappa, þ. e. orðið bændur, — sem hafa að aðalatvinnu eitthvað annað en búskap, en framleiða verulegt magn af t. d. dilkakjöti og leggja inn hjá sláturleyfishöfum. Fyrir þetta eru greiddar útflutningsuppbætur, og aðrir bændur, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, líða fyrir. Væri nú ekki rétt að huga örlítið að þessari framleiðslu? Væri ekki rétt að huga að manninum sem hefur vörubílaakstur að aðalatvinnu og aðaltekjulind, en er með jafnvel 200 — 300 fjár í fjárhúsi sem hann lætur eiginkonu sína annast? Ég held að þetta sé of algengt, hæstv. landbrh., og ég held að einmitt frá þessum hópi manna í bændastétt komi allt of mikið af dilkakjötsframleiðslunni á hverju ári.

Þá ræddi hæstv. landbrh. um stuðninginn við landbúnaðinn í öðrum löndum. Það hafa fleiri gert í dag. Það er einhver kúnstugasti samanburður sem ég hef nokkru sinni heyrt, þegar menn eru að rekja það að á Íslandi sé stuðningurinn þetta mörg prósent, en í Efnahagsbandalagslöndunum — ja, allt upp undir 70% heyrðist mér einn þm. segja í dag. Hafa menn velt fyrir sér hvaða lönd eru í Efnahagsbandalagi Evrópu og hver er helsta tekjulind þeirra og hefur verið undanfarna áratugi? Hafa þeir tekið með vínyrkjubændur? Hafa þeir áttað sig á að þetta eru landbúnaðarlönd, en ekki land á norðurhjara veraldar sem á mjög erfitt með að framleiða landbúnaðarafurðir? Menn skyldu huga örlítið að þessari staðreynd og athuga hvort þarna komi ekki inn í einhver hluti af stuðningnum, vegna þess að hópurinn er enn þá stærri en hér og framleiðslan enn þá meiri.

Hæstv. landbrh. sagði einnig og í því fælist þvílík rökleysa að það tæki því varla að eyða orðum að því, að það hefði verið fjarstæðukennd fullyrðing af minni hálfu að þeir efnameiri högnuðust meira en þeir efnaminni á niðurgreiðslunum. Hverjir skyldu það vera, hæstv. landbrh., sem fara og kaupa heila kindaskrokka og stinga þeim í frystikisturnar? Eru það þeir, sem litla aura eiga, eða þeir, sem eiga verulega fjármuni? Það skyldi þó ekki vera að þessir menn hagnist meira í 50% verðbólgu á ári, þegar landbúnaðarvörur hækka stöðugt, en þeir sem kaupa hálft kíló í senn í kjötbúðinni og eiga ekki fjóra, fimm skrokka í frystikistunni.

Síðan sagði hæstv. landbrh. að honum fyndist að ekki væri rétt að eyða tíma Alþingis í ræðu af því tagi sem ég flutti. Þetta er nákvæmlega það sem landbúnaðarforustan hér á þingi hefur sagt í hvert einasta skipti sem landbúnaðarmál hafa komið til umræðu: „Þið hinir hafið ekkert vit á landbúnaðarmálum og þess vegna eigið þið að þegja." — Ég vil minna hæstv. landbrh. á það, að á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar, sem haldinn var í marsmánuði 1978, ekki minna búnaðarsambandi en því, var lýst mjög verulegum áhyggjum vegna stefnunnar í landbúnaðarmálum, sömu áhyggjunum og Alþfl. hefur lýst í tvo áratugi. Þar segir orðrétt í ályktun:

„Aðalfundur B. S. E., haldinn að Hótel K E A 21. og 22. mars 1978 lýsir megnri óánægju yfir því skipulagsleysi sem ríkt hefur í framleiðslumálum landbúnaðarins undanfarin ár, þó að sýnt væri í hvert óefni stefndi."

Það eru bændur sjálfir og samtök þeirra sem svona

tala. Og ef Alþfl. má ekki benda á það hér á þingi, sem miður fer í landbúnaðarmálum, án þess að hæstv. landbrh. lýsi því yfir að slíkar ræður skuli ekki haldnar, veit ég yfirleitt ekki til hvers þingið er.

Mig langaði að fara nokkrum orðum um mjög merkilega ræðu sem hv. þm. Ólafur Þórðarson flutti í dag, en ég veit ekki hvort ég nenni því. Ég vil þó koma að einu atriði í ræðu hans þar sem hann var að bera sig undan því, að Framsfl. hefði verið kennt um stefnuna í landbúnaðarmálum, og vildi bera það nokkuð af sér, piltur sá. Ég man ekki betur en eitt aðalslagorð Framsfl. í síðustu kosningabaráttu, í desember, hafi verið að áratugurinn á undan hafi verið áratugur Framsfl. Það væri kannske rétt að innprenta hv. þm. Ólafi Þórðarsyni þessa staðreynd.

Ég vil endurtaka það vegna margra orða, og jafnvel minna flokksbræðra, í dag, að ég tel, og það er mín bjargföst skoðun og trú, að sú niðurgreiðslustefna, sem hér er ríkjandi, eigi fullan rétt á sér. Ég tel að þær niðurgreiðslur, sem hafa átt sér stað í því árferði sem var vegna offramleiðslu á landbúnaðarvörum m. a., hafi verið sameiginlegir hagsmunir neytenda og bænda í landinu. Þess vegna mun ég verja þá stefnu sem felst í niðurgreiðslunum.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson vék nokkrum orðum að því sem ég sagði um samvinnuhreyfinguna. Ég taldi að hún hefði talið sér til tekna að fá rekstrarfjármuni, m. a. í gegnum útflutningsuppbætur, til rekstrar síns. Ég veit ekki hvort það er satt, en mér er tjáð að það sé ekki fulltrúi Framleiðsluráðs sem fari til ríkisféhirðis til að sækja uppbótartékkann hverju sinni, heldur geri það gjaldkeri Sambands ísl. samvinnufélaga. Og því verður ekki breytt, að Samband ísl. samvinnufélaga tók umboðslaun af útflutningsuppbótum. Það eru ekki nema nokkrar vikur síðan hv. þm. Steingrímur Hermannsson, fyrrv. landbrh., lýsti því yfir hér á þingi að gefnu tilefni, að þetta kerfi hefði verið lagt niður nýlega. Sambandið hefur af þessum sökum í mörg ár tekið umboðslaun af útflutningsuppbótum, sem út af fyrir sig er algert hneyksli.

Ég vil einnig, þó að ég hyggist sitja hjá við afgreiðslu á því frv. sem hér liggur fyrir, taka undir með hv. þm. Stefáni Valgeirssyni um að það er rangt að gera Byggðasjóði það að taka á sig helminginn af þessu. Það er röng stefna. Byggðasjóður hefur úr tiltölulega litlum fjármunum að spila. Á hann hefur verið bætt fleiri og fleiri verkefnum á undanförnum árum og kannske ekki hvað minnst á síðasta ári. Þess vegna tel ég rangt að gera honum skylt að standa undir hluta af þessari byrði. Hann hefur nóg við sína peninga að gera.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég hélt að það hefði verið öllum hv. þm. vel ljóst, að hér er um óvenjulega — svo ekki sé meira sagt — aðferð að ræða þegar mál er svo fram sett að tiltekin atvinnustétt eigi að fá að láni tiltekna upphæð og að ríkissjóður ábyrgist það lán, en í 2. gr. sama frv. sé tekið fram að afborganir, vextir og kostnaður af láninu öllu skiptist á milli Byggðasjóðs og ríkissjóðs. Það er hverju barni svo ljóst, að hér er um að ræða bein framlög úr ríkissjóði, þó að það sé klætt í annan búning, að um það hefði verla þurft að hafa fleiri orð. Og ég verð að segja það, að ég er þess vegna hissa á að hér skuli hæstv. landbrh. koma grafalvarlegur í ræðustól og halda því fram enn statt og stöðugt að hér sé um lán að ræða.

Hann útskýrir mál sitt þannig, að gert sé ráð fyrir að Byggðasjóður eigi að greiða fé að hluta. Málið er náttúrlega þannig, að það er í fyrsta lagi nýkomið inn í þá 3 milljarða hugmynd sem hér hefur verið að velta um hús á annað ár, hugmyndin um Byggðasjóð, og í annan stað, þá aðspurður um hver leggi fram fé í Byggðasjóð, segir ráðh.: Jú, það er ríkissjóður sem gerir það! — Og hér stendur hann staffírugur og alltaf jafngrafalvarlegur og heldur því engu að síður fram að hér sé um lán að ræða.

Ég hygg að framsetningin sé með þessum hætti vegna þess að þeir, sem að frv. standa, vita að við erum komin að mörkum þess mögulega hvað hægt er að bjóða og leggja á skattgreiðendur í þessu landi. Þeir vita líka að í flóknu samfélagi hefur fólk hvorki tíma né tækifæri til að setja sig náið inn í öll mál. Og það er vissulega eitt af þeim vandamálum sem við eigum við að etja. Í frásögnum fjölmiðla af þessu, t. d. ríkisfjölmiðla, sem því miður eru oft bæði óvandaðar og illa unnar, er þrástagast á því, að hér sé um lán til Framleiðsluráðs að ræða. Fjöldi fólks, þ. á. m. skattgreiðendur, stendur í þeirri trú að hér sé um lán að ræða. Vitaskuld er hér ekki um lán að ræða, og jafnvel samanlagður vísdómur hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, þó mikill sé, dugar ekki til þess að sannfæra nokkurn mann um það. En hér stendur hæstv. landbrh. grafalvarlegur, að því er best verður séð: Jú, hér er um lán að ræða. — Ja, mikill er húmorinn í manninum þeim.

Það má vitaskuld hafa mörg orð um þetta, og hæstv. landbrh. hjó ótt og títt í langri ræðu sinni í dag. Mig langar til að gera aths. við einn þátt í máli hans. Það er tónninn sem hann talar í til bænda og um bændur í þessu landi. Hann notar lýsingarorð eins og að íslenskir bændur séu — ég held ég fari rétt með — dugmiklir og útsjónarsamir. Sannleikurinn er sá, að á annað ár hef ég hér setið og héðan úr ræðustól á hv. Alþ. er ekki talað í þessum fleðutón til nokkurrar annarrar atvinnustéttar en bænda. Hér heldur enginn því fram að íslenskir iðnrekendur séu dugmiklir og útsjónarsamir, svo ekki séu notuð fleiri af þessum lýsingarorðum. Það þarf ekki að segja þau. Við vitum um iðnrekendur, sjómenn eða hverja aðra atvinnustétt. Þessi fleðutónn, sem er notaður eins og sé verið að tala til barna og um börn, er ekki notaður um nokkra aðra atvinnustétt en bændur. Það hefur einnig viðgengist að því er landbúnaðarmál varðar, að ráðh. eftir ráðh. hefur komið beint úr þessari atvinnustétt, beinlínis til þess að gæta hagsmuna hennar þó sérstaklega viðskiptahagsmunanna þar um kring. Sá er væntanlega ekki barnanna bestur, — sá hæstv. maður, sem nú fyllir þennan stól. Sá undarlegi fleðutónn, sem notaður er um þessa tilteknu atvinnustétt, hins vegar segir sína sögu og er jafnframt viðurkenning á því, að menn eru að átta sig á því að boginn hefur verið spenntur fullhátt. Kjarni málsins er þó sá, sem væntanlega mun enn frekar koma fram við 2. umr. í hv. d., að hér er um styrk til einnar atvinnustéttar að ræða, sem bætist ofan á og leggst við aðra beina styrki sem viðkomandi atvinnustétt nýtur af almannfé. Og sá fáránlegi feluleikur, sem í þessum texta á frv. til 1. er notaður, blekkir auðvitað hvorki einn né neinn.

En það ætti að vera regla hér á hv. Alþ. að hlutirnir séu kallaðir sínum réttu nöfnum. Það má segja að það væri orðin furðuleg útlánastarfsemi ef ég gæti gengið inn í banka og tekið lán í samvinnu við hæstv. ráðh. Pálma Jónsson, og samvinnan væri með þeim hætti, að ég fengi lánið og eyddi því, en hann borgaði það. Lánastarfsemi

af því tagi er vitaskuld ekki til, hún er ekki heilbrigð, hún er ekki rétt, enda er ekki um slíkt að ræða í því máli sem hér er lagt fram til afgreiðslu. Hér er um beinan styrk að ræða til viðbótar við aðra þá styrki sem til þessarar atvinnugreinar hafa gengið. Jafnvel hinn háalvarlegi hæstv. ráðh. sannfærir menn ekki um annað.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það má nú segja að hv. þm. Vilmundur Gylfason er blessunarlega búinn að fá málið aftur. Hann talaði lítið á meðan hann var í ráðherrastól, en hann er hættur að vera ráðh. núna, og ég var svo sem ekkert óhress með það þegar hann hætti, en þrátt fyrir allt hefur það kannske sína galla að hann skuli ekki vera ráðh. lengur.

Ég kem bara til þess að gera örlitla aths. út af tali Vilmundar um að hér sé um að ræða styrk, en ekki lán. Hann hefur farið um það mörgum orðum í tveimur ræðum sem ég hef hlýtt á. Ég hlustaði ekki nema á fyrsta hring hjá Sighvati, en ég hef hlustað á tvær ræður hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni. Hann fjölyrti í báðum þeim ræðum sínum að þetta væri styrkur, en ekki lán. Ef hv. þm. Alþfl. væru frekar á því og vildu að þetta væri framlag, þessir 3 milljarðar, hefðu þeir átt að koma því á framfæri í ríksstj. á meðan þeir sátu þar í fyrravor, þegar málið upphaflega komst á dagskrá. Ég vil vitna til aths. sem fylgja frv., þ. e. aths. við 2. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við það er miðað, að innan tíðar skapist nokkurt svigrúm innan þess ramma, er lög nr. 101/1966 setja um útflutningsbætur, og losni þar með fé er nota megi til endurgreiðslu lánsins."

Nú er ég ekki að fullyrða að þetta gerist. Raunar hefur hv. Ed. tekið af okkur ómak að hluta til og létt á þessum 10% sem vonandi verða ekki fullnýtt alltaf, svo að hægt verði að endurgreiða þetta lán með þeim fjármunum sem afgangs yrðu af 10% útflutningsbótaréttinum. Með því að ávísa á Byggðasjóð hefur þessari kvöð að hluta til verið létt af 10%.

Jarðræktarlagabreyting í fyrravor var m. a. gerð til að skapa svigrúm og hvetja bændur til bættrar heyverkunar. Sumir þm. Alþfl. hafa verið að halda því fram, að það hafi ekkert verið gert í því máli og ekkert verið gert til að örva menn til bættrar heyverkunar. Það er mesti misskilningur, og þetta mundu þeir geta aflað sér upplýsinga um með þægilegum hætti.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason ávítaði það sem hann kallaði fleðutón um bændastéttina. Ég er alltaf tilbúinn að hæla bændum ef þeir standa sig vel. Og ég er líka tilbúinn að hæla sjómönnum þegar þeir standa sig vel, og hef margoft gert það. Sem betur fer eru flestar okkar atvinnustéttir mjög nýtar í þjóðfélaginu og nauðsynlegar til að við getum lifað í þessu samfélagi og vel menntar og duglegar. Ég væri m. a. s. tilbúinn að taka undir að hæla lögfræðingastéttinni, þó að hún sé kannske skyldari Sjálfstfl. en okkur framsóknarmönnum, ef hv. þm. Vilmundur Gylfason vildi vera forsöngvari fyrir mig í því máli.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið.

Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar. Hann lýsti því, sem rétt er, að mjólkurframleiðslan hefur vaxið það sem af er þessu ári. Það er alveg hárrétt að slíkt rímar ekki saman við að æskilegt markmið er að draga mjólkurframleiðsluna saman. Það er hins vegar engin reynsla komin á hver verður niðurstaðan þegar upp er staðið um framleiðslu þessa árs í heild og ekki vert að fara með neina spádóma um það. Ég vil hins vegar benda á að samkv. fréttabréfi frá upplýsingaþjónustu landbúnaðarins hefur búpeningi í landinu fækkað verulega á síðasta hausti, t. a. m. mjólkurkúm um 6.8%, nautpeningi í heild um 8.68%, sauðfé um 10.68% og hrossum um 6.07%. Miðað við þær tölur, sem hér eru raktar og t. a. m. snerta kúastofninn, þar sem kúm hefur fækkað um 6.8%, má leiða að því líkur, að sú aukning, sem er á mjólkurframleiðslu fyrstu mánuði ársins, muni ekki halda áfram þegar lengra líður á árið. Það gæti átt sínar skynsamlegu rætur í því, að bændur hafi vegna takmarkaðra heyja á s. l. hausti slátrað fremur síðbærum en snemmbærum. Ég vænti þess, að jafnskarpur maður og hv. þm. Árni Gunnarsson átti sig á því, að þarna getur verið um stundarfyrirbrigði að ræða sem a. m. k. er óvíst að nái yfir þróun í mjólkurframleiðslunni þegar mjólkurframleiðslan er mest, og þá hafa prósentustigin til eða frá miklu meiri áhrif en nú á fyrstu mánuðum ársins.

Hv. þm. benti á að framleiðsla dilkakjöts væri allnokkur hjá öðrum en þeim sem hafa landbúnað að aðalatvinnu. Þetta er alveg rétt. Athuganir, er þetta varða, koma sérstaklega til þegar um þá stefnumótun verður fjallað sem ég hef hér rætt um. Það er hins vegar svo, að hjá þessum aðilum kemur til kasta, miðað við það kvótakerfi sem reiknað er með að tekið verði upp, hámarksskerðing á framleiðslu.

Hv þm. sagði að það væri kostulegt að hlusta á þegar talað væri um stuðning við landbúnaðinn hér á Íslandi, því að þá væri gjarnan vitnað til þess að landbúnaðinum væri líka veittur stuðningur erlendis, í ýmsum Evrópulöndum, þ. á m. löndum Efnahagsbandalagsins. En þetta taldi hv. þm. ekki neitt sambærilegt vegna þess að þar væru virkileg landbúnaðarlönd, hér á norðurhjara væri hins vegar kannske tæplega landbúnaðarland. Ef það er svo, að í hinum ágætu landbúnaðarlöndum Efnahagsbandalagsins þurfi að verja miklum fjárhæðum og hærri hlutfallstölum af ríkisútgjöldum til styrktar landbúnaði en hér, tel ég það fremur sönnun þess að landbúnaðarstefnan hafi þó þrátt fyrir allt ekki fólgið í sér meiri villur en þá hefur verið um að ræða í Efnahagsbandalagslöndunum og að þar sé líka um að ræða vitnisburð um þróttmikla bændastétt. Ég hika ekki við að segja það, þrátt fyrir orð hv. þm. Vilmundar Gylfasonar um smjaður.

Ég held að ég sjái ekki ástæðu til þess að gera fleiri aths. Mér þótti niðurlag á ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar gott, þar sem hann viðurkenndi og kvaðst styðja þá niðurgreiðslustefnu sem hér hefði ríkt. Og mér skildist að hann væri í raun og sannleika í hjarta sínu með þessu frv., sem hér er á dagskrá, þó að hann teldi sig þurfa að sitja hjá við afgreiðslu þess.

Ég vil svo aðeins vonast til þess að þetta mál, sem á sér orðið langa sögu í þingsölum, þó að það hafi ekki átt langa sögu í þeim búningi sem það er í nú, nái hér fljótt afgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 31. fundur.

Fimmtudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„10. mars 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 5. landsk. þm., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Sigurlaug Bjarnadóttir menntaskólakennari, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara rannsókn kjörbréfs í sameinuðu þingi.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Þar sem Sigurlaug hefur ekki setið á þessu þingi fyrr þarf að fara fram rannsókn kjörbréfs, og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka bréfið til athugunar. Verður fundarhlé í 5 mínútur á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Sigurlaugar Bjarnadóttur sem tekur sæti í stað Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 5. landsk. þm. N. er sammála um að leggja til að kjörbréfið verið tekið gilt og kosning hennar samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 31 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Ég vil bjóða Sigurlaugu Bjarnadóttur velkomna til starfa á Alþingi.

Eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, þáltill. (þskj. 196). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Dalabyggðaráætlun, þáltill. (þskj. 38). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Jöfnun húshitunarkostnaðar, þáltill. (þskj. 63). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aðstoð við fiskflutninga milli Þorlákshafnar, Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, þáltill. (þskj. 84). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 86). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 47. fundur.

Fimmtudaginn 13. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Verðlag, frv. (þskj. 18). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 180). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er tekið til umr., felur í sér að þrengd er heimild til fóstureyðinga. Samkv. gildandi lögum er fóstureyðing heimiluð af þrenns konar ástæðum: 1) af félagslegum ástæðum, 2) af læknisfræðilegum ástæðum og 3) ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðrum refsiverðum verknaði. Með frv. þessu er lagt til að fella niður að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu. Af þessu leiðir aðrar breytingar sem í frv. felast.

Það er skoðun mín, að félagslegar ástæður eigi ekki að réttlæta fóstureyðingu. Í fyrsta lagi eru félagslegar ástæður ákaflega rúmt og teygjanlegt hugtak. Í öðru lagi á að bæta úr félagslegum ástæðum með öðrum hætti en að tortíma mannlegu lífi. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingu þegar ætla má, eins og það er orðað, að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfitt vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Í lögunum er svo að finna leiðbeiningar um það, til hvers skuli tekið tillit við mat á því, hvað sé of erfitt í þessu sambandi og hvað séu

óviðráðanlegar félagslegar ástæður.

Þar er tiltekið sem ástæða fyrir fóstureyðingu að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé frá síðasta barnsburði. Samkv. þessari reglu getur fóstureyðing verið heimil þó að heimilisástæður séu góðar og heilsufar gott á heimilinu. Ef barn er ekki velkomið í heiminn af einhverjum ástæðum skal lífi þess tortímt ef óskað er.

Þá er önnur leiðbeiningarreglan sú, að fóstureyðing geti verið heimil ef konan býr við bágar heimilisástæður, vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.

Þriðja leiðbeiningarreglan er sú, að fóstureyðing geti verið heimil þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.

Tvær síðustu leiðbeiningarreglurnar byggjast vissulega á félagslegum ástæðum. Enginn neitar því, að bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geti skapað félagslegt vandamál. En spurningin er, hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimild til fóstureyðingar. Félagslegan vanda á að leysa með félagslegum ráðstöfunum.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 voru heimildir til fóstureyðingar rýmkaðar. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Fóstureyðingum hefur fjölgað ískyggilega. Skráðar fóstureyðingar hér á landi á hverjar þúsund konur á aldrinum 15—49 ára voru árið 1965 1.8, árið 1970 2.1, árið 1975 5.9, árið 1976 6.7, árið 1977 8.4 og á árinu 1978 um 9.3%. Á tímabilinu 1962—1970 voru skráðar 61—109 fóstureyðingar á ári. Á árinu 1975 eru fóstureyðingar 308, árið 1976 367, árið 1977 456 og árið 1978 um 500. Þetta er reynsla okkar af því að heimila fóstureyðingar af svokölluðum félagslegum ástæðum.

Þegar núgildandi lagaákvæði voru sett um fóstureyðingar árið 1975 bar ég fram brtt. við frv. að lögum þessum, þar sem lagt var til að fóstureyðingar yrðu ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Brtt. náði ekki fram að ganga. Þessi brtt. var tekin upp á ný á síðasta ári í formi frv. til l. sem var samhljóða því sem hér er nú lagt fram. Þá hlaut frv. ekki afgreiðslu. En nú er þess freistað enn á ný að leggja málið fyrir hv. Alþ. í trausti þess að það nái fram að ganga.

Á síðasta ári bar hátt umræður um velferð barnsins. Þess var vænst, að barnaár Sameinuðu þjóðanna yrði okkur einhver hvatning í þessu efni. Hvað hefði verið háleitari hugsjón en að þjóðin hefði sett sér á þessu barnaári það markmið að ekkert íslenskt barn væri óvelkomið í þennan heim af félagslegum ástæðum? En barnaárið leið án þess að til slíks kæmi. Í öllum umræðunum hér á landi á síðasta ári um velferð og rétt barnsins gleymdist helgasti rétturinn, rétturinn til lífsins. Hinir mörgu einstaklingar og félagasamtök, sem létu til sín heyra, véku ekki að því að létta á fargi fóstureyðinganna. Það var aðeins gert í lofsverðum undantekningartilfellum.

En þó að það væri þagað þunnu hljóði hér á landi um þau grundvallarmannréttindi sem rétturinn til lífsins er, þá var það síður en svo að slíkt gerðist hvarvetna annars staðar. Þannig var t. d. í tilefni barnaársins samþykkt á þingi Evrópuráðsins 3. okt. s. l. ítarleg ályktun um velferðarmál barnsins. Ályktun þessi kveður m. a. á um að vernda skuli rétt sérhvers barns til lífs frá því að getnaður á sér stað. Í ályktun þessari er skorað á ráðherranefnd Evrópuráðsins að hefjast þegar handa um gerð Evrópusáttmála um þau réttindi barnsins sem ályktunin fjallar um. Við Íslendingar erum, svo sem kunnugt er, aðilar að Evrópuráðinu. Okkur varðar því hvað gerist á þeim vettvangi. Þetta frv. er því m. a. eðlilegt andsvar við því sem þar er að gerast.

Mörg fleiri dæmi mætti taka erlendis frá er sýna harðnandi andstöðu gegn fóstureyðingum og vissa tilhneigingu til að þrengja heimildir til að eyða fóstri. Það er ekki að ófyrirsynju, heldur vegna hinnar hörmulegu reynslu sem fengist hefur víða um lönd af frjálsum fósturyeðingum eða rúmum heimildum til fóstureyðinga. Það var því fullkomin öfugþróun sem átti sér stað hér á landi með setningu laga nr. 25. frá 1975.

Með frv. því, sem hér er til umræðu, er því lagt til að bregða á annað ráð. Það er lagt til að þrengja heimildir til fóstureyðinga. Frv. felur í sér að fóstureyðingar verði ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Enginn neitar samt að félagsleg vandamál eru fyrir hendi. Bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geta skapað félagslegt vandamál. En spurningin er: Hvernig á að bregðast við þeim vanda? Það á ekki að gera með því að veita heimild til fóstureyðingar. Þjóðfélag, sem leyfir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, lítur fram hjá hinum raunverulega vanda, sættir sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verður ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum.

Það vill svo til að í þessu landi búum við við víðtæka almenna tryggingalöggjöf og margs konar opinbera aðstoð í félagslegu tilliti. Við teljum okkur standa allframarlega í þeim efnum og erum stundum harla ánægð með það sem áunnist hefur á síðustu áratugum til lausnar hinum ýmsu félagslegum vandamálum. En satt er það, að mörgu er enn ábótavant og að ýmsu þarf að hyggja. Betur þarf að gera í málum barnshafandi kvenna, svo sem fæðingarorlofi og mæðraheimilum. Barnaheimilum þarf að fjölga og bæta við vöggustofum, dagvistunarheimilum og leikskólum. Það þarf að bæta félagslega þjónustu og ráðgjöf við barnshafandi konur svo að þær fái mætt tímabundnum erfiðleikum. Það þarf að beita almannavaldinu og samhjálp þjóðarinnar um land allt, jafnt í strjálbýli sem í þéttbýli, til aðstoðar við þá konu sem býr við slæmar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu, svo að barnið, sem hún gengur með, verði velkomið í þennan heim og góður aðbúnaður þess sé tryggður.

Ekkert annað er til lausnar þeim vanda sem um er að ræða. En þetta kostar fjármagn. Samt eru það smámunir, sem ekki er til að hafa orð á, samanborið við hið óbætanlega tjón sem blóðfórnir fóstureyðinganna valda nú hinni fámennu íslensku þjóð sem þarf mest af öllu fleiri handa til að halda uppi sjálfstæðri tilveru sinni.

Ég hef flutt frv. um breyt. á lögum um almannatryggingar til að bæta úr vanda einstæðra mæðra, og það mál er einnig á dagskrá þessa fundar.

Við Íslendingar höfum sérstöðu í ýmsum efnum og svo er ekki síst að því er varðar áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í landinu. Í sumum löndum, og þó einkum þeim fjölmennustu, er fólksfjölgun eitt meginvandamálið sem við er að glíma. Fólkinu fjölgar þar um of miðað við efnahag, félagslegar ástæður, náttúruauðlindir og hagnýtingu þeirra til mannsæmandi lífskjara, jafnvel þótt takmarkaðar kröfur séu til lífsins gerðar. Áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í slíkum ríkjum eru oft sett í sam-

band við offjölgunarvandamál sem þar er við að stríða, þótt það breyti engu um eðli þess verknaðar sem felst í fóstureyðingu. Hins vegar er þessu þveröfugt farið hjá okkur Íslendingum. Áhrif fóstueyðinga hér á landi á fólksfjöldann hljóta að vera mikið alvörumál.

Íslenska þjóðin hefur því sögulega hlutverki að gegna að halda uppi í þessu landi sjálfstæðu ríki með öllu sem því fylgir. Í þessum efnum höfum við sérstöðu vegna fámennis þjóðarinnar. Okkur finnst þetta sjálfsagt og eðlilegt og getum ekki hugsað okkur annað en að halda okkar sjálfstæðu tilveru. En það hljóta samt að vera takmörk fyrir því, hvað fámennið leyfir. Einhvers staðar eru takmörkin fyrir því, hve margar hendur þarf til að geta haldið uppi sjálfstæðu ríki og hagnýtingu auðlinda okkar til lands og sjávar. Ef farið er niður fyrir þau mörk er í húfi að þjóðin megni ekki að halda uppi sjálfstæðu ríki með þeim skyldum sem því fylgja. Það er í húfi, að þjóðinni haldist á hinum miklu auðlindum sínum ef hún hefur ekki bolmagn til að hagnýta þær í þurfandi heimi. Sjálf tilvera hinnar íslensku þjóðar er þá í húfi. Að þessu er skylt að huga þegar rætt er um áhrif fóstueyðinga hér á landi á fólksfjölda þjóðarinnar.

En hvað sem þessu líður, svo alvarlegt sem það er fyrir þjóðarheildina, varðar frv. þetta, sem hér er til umræðu, fyrst og fremst einstaklinginn, siðferðilega afstöðu og lífsskoðun. Hér er gengið út frá að félagslegar ástæður geti aldrei réttlætt fóstureyðingu. Það er grundvallaratriði, að þetta mannslíf hefur rétt til þess að vera borið í þennan heim. Réttinn til lífsins verður að viðurkenna. Það er siðferðileg skylda að varðveita líf, jafnvel líf ófædds barns. Fóstureyðing á því ekki að koma til greina nema líf móður sé í fyrirsjáanlegri hættu eða telja megi auðsætt að barnið verði svo vangefið, að ekki verði komist hjá að grípa til örþrifaráða, eða konan hafi verið þunguð af refsiverðu atferli. Á þessari forsendu er frv. þetta flutt.

En fóstureyðingar eru ekki einungis brot á rétti hins veika og varnarlausa mannlega lífs í móðurkviði. Þær fela í sér hættuna á þjóðfélagslegri upplausn. Ef þjóðfélagið viðurkennir að fólk geti notið hamingju, ánægju og unaðar, en það þurfi ekki að bera afleiðingarnar ef það vill það ekki, er það sama þjóðfélag að kippa stoðum undan sjálfu sér og stefnir til hruns. Þá duga jafnvel ekki félagslegar ráðstafanir. Þá getur til þess komið, að jafnvel eigin geðþótti og markræðisjónarmið ráði því, hvort mannlegu lífi er tortímt eða ekki. Fjárhagsleg og félagsleg aðstoð verður þá aldrei einhlít vörn í þessum vanda, því að það er ekki einungis um félagsleg vandamál að ræða, heldur siðræn vandamál. Til þarf að koma lífs- og manngildismat á siðferðilegum grunni. Oft liggur leiðin til varanlegrar hamingju í gegnum andstreymi, að ófríska konan ali barn sitt og lifi með því og fyrir það. Þau eru óteljandi dæmin um börn sem hafa fengið góða umönnum og gott veganesti út í lífið þótt efni hafi verið af skornum skammti. Jafnvel ríkidæmi er engin trygging fyrir því, að aðhlynning og uppeldi fari vel úr hendi.

Það verður að byggja á því lífs- og manngildismati sem er undirstaða íslenskrar menningar og arfleifðar. Samkvæmt því mati er rétturinn til lífsins undirstaða allra annarra mannréttinda. Það er aftan úr grárri forneskju að ætla af félagslegum ástæðum að breyta hér nokkru um.

Langt er nú liðið síðan aflagður var sá siður að heimila barnaútburð hér á landi. En barnaútburðurinn var heimilaður af félagslegum ástæðum þeirra tíma: ómegð, fæðuskorti og öðrum framfærsluvandamálum. Ef fóstureyðing hefði á þeim tíma verið framkvæmanleg með sama hætti og nú hefði sú aðferð vafalaust verið notuð í stað barnaútburðar. Það var nefnilega ekki sama hve lífið hafði langt fram gengið þegar því var tortímt. Samkvæmt Grágás var ekki heimilt að bera út barn eftir að það hafði fengið næringu. Þá hét það morð og varðaði við lög. En verknaðurinn var heimill og löglegur ef barnið hafði ekki fengið næringu. Okkur finnast slík lög og reglur víðs fjarri. En árið 1975 setjum við samt lög sem heimila að mannlegu lífi sé tortímt af félagslegum ástæðum og um lögmæti þess fari eftir því hvað þroska þess lífs sé langt komið. Hér var stigið spor um langan veg aftur á bak, því að félagslegar ástæður eiga aldrei að geta heimilað tortímingu mannlegs lífs, á hvaða þroskastigi sem er.

Kristilegar siðgæðishugmyndir leiddu til afnáms hins forna siðar um tortímingu mannlegs lífs af félagslegum ástæðum. Síðan hefur þjóðin á lögnum ferli við harðæri og áþján megnað að halda í heiðri þau lífsviðhorf sem liggja þessu til grundvallar. Það væri kaldhæðni örlaganna ef þjóðinni ætti ekki að takast þetta á mestu velmegunar- og velgengnistímum sem hún hefur búið við, og með frv. þessu er þess freistað að svo megi verða.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil byrja á því, þrátt fyrir að ég sé ósammála hv. flm. þessa frv. í meginatriðum, að þakka honum fyrir afbragðsræðu í þessu efni. Ég ber vissulega virðingu fyrir skoðunum hans og sjónarmiðum í þessu efni þó ég sé þeim ósammála. Það er alltaf gott þegar þannig er staðið að málum eins og þessum hér á Alþ., að til þess er vel vandað í alla staði og fyrir því er flutt það sem ég kalla menningarlega framsögu.

Ég stóð að þeirri lagasetningu sem hv. flm. leggur hér til breytingar á. Ég hef rætt þetta mál oft hér á Alþ. og skal þess vegna ekki hafa mörg orð nú. Ég hafði við lagasetninguna ráð þeirra sem ég mat mest í þessu efni. Það er að vísu rétt, að um hana voru ekki allir sammála, en þó hnigu yfirgnæfandi rök þeirra, sem um þetta mál fjölluðu frá sérfræðilegu sjónarmiði og frá, að ég segi, að mörgu leyti mannlegu sjónarmiði einnig, að því að breytingin, sem þá var gerð á fóstureyðingarlögunum, ætti rétt á sér og við ættum að setja hana í lög.

En auðvitað er ekki nóg að hlusta á sérfræðinga í þessu efni. Menn verða líka að ráðgast við eigin samvisku. Það er ekki minna atriði. Það taldi ég mig einnig hafa gert. Ég hef ekki breytt um skoðun, þó ég vilji vissulega — og ég fæ það til meðferðar í þeirri n. sem ég á sæti í, — athuga þetta mál vel og kanna m. a. þær tölur sem hv. flm. flutti hér varðandi fjölgun fóstureyðinga, ástæður þeirra og orsakir. Hér er viðkvæmt mál á ferðinni, sem er vissulega allrar skoðunar vert. Þar af leiðandi get ég fagnað því að það kemur inn í þingsali og heilbr.- og trn. fær það til meðferðar, skoðunar og athugunar.

Varðandi fóstureyðingalögin í heild er auðvitað vitað, að hér er um umdeildasta atriðið að ræða og menn ekki á eitt sáttir. Það er einnig rétt, sem fram kemur hjá hv. flm., að þrátt fyrir velferð okkar á hinum mörgu sviðum vantar okkur enn þá æðimikið á ýmsar úrbætur á þeirri félagslegu aðstöðu sem hann minntist á. Hann hefur einnig í þessu tilefni flutt frv. sem þar á að koma til móts við þarfir. Það er einnig mjög mikillar virðingar vert þegar menn gera hvort tveggja, að ætla að afnema atrið-

ið, sem hann talar um, og vilja koma til móts við þær þarfir, sem óneitanlega er ekki nægilega séð fyrir.

Þetta mál vil ég einnig skoða. Ég hef lengi verið á því, að varðandi mæðralaunin almennt byggjum við við óréttlæti. Ég hef flutt um það brtt. hér á hv. Alþ., þ. e. um það hlutfall sem er á milli mæðralauna með eitt barn og með tvö börn eða fleiri. Tillögur um það hafa verið felldar, því miður, þannig að það hefur ekki verið talin ástæða til að breyta þeim hlutföllum í hag móðurinnar með eina barnið.

Ég sagði við umræður um þetta mál í fyrra, að í mínum huga hefði það ævinlega verið svo, að hér ætti að ganga út frá mjög mikilvægu atriði, þar sem er sjálfsákvörðunarréttur konunnar. Ekki alhliða, ekki algilt á það að vera, en engu að síður vegur það í mínum huga þyngst. Þá á ég ekki við rétt sem tekinn er að óhugsuðu máli, að óathuguðu máli, heldur, eins og tryggt á að vera, eftir góða ráðgjöf í þessum efnum, eftir allar ábendingar og alla mögulega aðstoð sem í veg fyrir fóstureyðingar gæti komið. Mín skoðun er sú enn og aftur, hvað sem menn segja um það, eins og hér hefur jafnvel verið tæpt á, þótt hv. flm. hafi vitanlega aldrei gert slíkt, að konur hreinlega sæktust eftir þessu, að slíkt er vitanlega hin mesta firra og til vansæmdar þeim sem það hafa sagt. Hér hlýtur að vera um algert neyðarrúrræði að ræða. En vissulega geta ástæður verið slíkar að til þess neyðarúrræðis eigi að grípa.

Við fáum það til umfjöllunar í n., hvers vegna tíðni fóstureyðinga hefur aukist svo mjög. Ég álít að lagabreytingin ein sér, rýmkunin ein sér, eigi hér ekki sök á, í henni sé ekki að finna alla skýringuna. Það kemur upp tvennt sem margoft hefur verið sagt áður í umræðum á Alþ. um þetta mál og við höfum ekki beinar tölur um, en við vitum engu að síður að var staðreynd fyrir þessa rýmkun. Annars vegar eru hinar ólöglegu fóstureyðingar, sem ég efa ekki að hljóti að hafa minnkað. Um það er kannske best að fullyrða sem allra minnst hvað miklar þær haf verið, en engu að síður var talið af þeim, sem um þetta mál fjölluðu þegar breytingin var gerð, að hér væri miklu meira um þær en menn vildu vera láta. Það sama er að segja um ferðir kvenna til útlanda, sérstaklega til Bretlands, og þar veit ég að hv. flm. er með ákveðnar tölur sem eru ekki heldur þess eðlis að þær gefi beina vísbendingu. En engu að síður er ég sannfærður um að hvort tveggja þetta hefur verið til staðar í allríkum mæli áður en rýmkunin kom til, og við verðum a. m. k. að taka þetta alvarlega inn í myndina.

Félagslegar aðstæður vega vissulega þungt í þessum efnum. Við getum hins vegar áreiðanlega deilt um það endalaust, hvort þær eigi yfirleitt að hafa hér áhrif, hvort við eigum yfirleitt að segja alveg ákveðið að vissar félagslegar aðstæður, með þeirri ráðgjöf sem fólgin er í löggjöfinni, geti á nokkurn hátt og nokkurn tíma réttlætt fóstureyðingu. Við eigum sem sagt langt þar í land, við skulum vera sammála um það. Hv. flm. veit að við eigum að einbeita okkur að því að gera hinar félagslegu aðstæður sem bestar. Við eigum m. a. að gera það varðandi breytingu á mæðralaununum. Það er áreiðanlega rétt leið sem hv. flm. bendir þar á. Ég vil hins vegar enn sem fyrr að meginatriði þessa máls verði það, að konan hafi sjálfsákvörðunarrétt að undangenginni allri ráðgjöf og upplýsingum um þá aðstoð sem mögulegt er.

Ég skal ekki hafa um þetta miklu fleiri orð. Ég er enn sömu skoðunar og fyrr, að ég vil hafa þá rýmkun sem sett var í lög 1975. Ég segi það sem sagt enn og aftur, eins og ég sagði í fyrra, að hér eru það forsendur konunnar sem ég álít að eigi að ráða mestu — ekki öllu, en mestu — og að konan sjálf beri þarna ábyrgð. Hún fær til þess ráðgjöf, fyrir því er séð í lögum. Hún fær til þess leiðbeiningar. Það er ekki rasað að neinu um ráð fram í þessu efni. Og mín skoðun er sú enn sem áður, að enginn utanaðkomandi aðili geti þarna tekið ákveðnari og skýrari afstöðu en einmitt konan sjálf.

Ég vil svo aðeins, vegna þeirra umræðna sem hér urðu á síðasta þingi, vitna til þess ræðumanns sem ég bar mikið traust til í þessum efnum, hv. fyrrv. þm. Braga Níelssonar, en hann sagði með leyfi hæstv. forseta, í þessum umræðum, orðrétt:

„Ég felli mig afskaplega illa við orð í grg. þessa frv. og það er að tortíma mannlegu lífi. Þegar fóstur er innan við tólf vikna gamalt getur það ekki lifað sjálfstæðu lífi."

Lokaorð í ræðu hv. fyrrv. þm. Braga Níelssonar voru svo þessi, og ég vil einnig gera þau orð að mínum lokaorðum ásamt því sem ég hef áður sagt um sjálfsákvörðunarrétt konunnar, — en með leyfi forseta sagði hv. þm. Bragi Níelsson við umræður um þetta mál í fyrra í lokin:

„Ég bið menn að skoða það ekki sem blóðfórn eða einhvern stórkostlegan glæp þó að fóstri, sem er innan við tólf vikna gamalt og getur ekki lifað sjálfstæðu lífi, sé útrýmt úr legi konu. Ég skoða það ekki sem morð. Ég skoða það ekki sem glæp. Ég mundi í sumum tilfellum skoða það frekar sem glæp að neita konu um þann rétt að losna við fóstur."

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. flm. fyrir hans ágætu framsögu og einnig þær margvíslegu upplýsingar sem fram koma í grg. með því frv. á þskj. 180 sem hér er til umræðu.

Ég hygg að það sé ekki ofmælt, að framsetning hv. flm., bæði í ræðu hans áðan og í grg., beri vitni rökfimi og hugsjónaeldi, en þegar það tvennt fer saman kemst maður ekki undan því að leggja við hlustir. Ég tek undir þau orð flm. sem lúta að lífs- og manngildismati byggðu á siðferðilegum grunni, og auðvitað er lífið sjálft okkur dýrmætast allra fjársjóða. Einmitt þess vegna erum við í vanda stödd þegar staðið er frammi fyrir því að hindra þá hringrás sjálfrar náttúrunnar. Við erum í vanda stödd þegar ákvarða á réttinn til lífsins út frá fyrir fram gerðu mynstri, í sumum tilfellum í gerviþjóðfélagi. Þar er sannarlega erfitt að velja og hafna.

Meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir að fóstureyðing sé ekki framkvæmd af félagslegum ástæðum. Enda þótt skoðanir mínar og hv. flm. fari að ýmsu leyti saman varðandi þetta mál tel ég ekki ráðlegt að svo stöddu, — ég endurtek: að svo stöddu, að stíga það skref sem gert er ráð fyrir í umræddu frv. Þessi mál þurfum við að athuga miklu betur.

Hv. flm. segir réttilega að félagslegur vandi verði ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum. En þá verðum við að gera okkur grein fyrir því, hvers eðlis félagslegar ráðstafanir eru. Almennt má segja að félagslegar ráðstafanir séu lagfæring á hinum ytri fjárhagslegu aðstæðum hópa og einstaklinga í þessu þjóðfélagi. Ég ætla ekki að neita því, að í stöku tilfelli sé barn óvelkomið í þennan heim á forsendum fátæktar eða annars aðstöðuleysis móður, en úr því má vissulega bæta í mörgum tilvikum. Hins vegar geta tímabundin eða viðvarandi vandamál fólks verið með svo ólíkum og margvíslegum

hætti að tryggingalöggjöf, hverslu vel sem hún er úr garði gerð, tryggi alls ekki að afkvæmi sé velkomið í þennan heim, tryggi alls ekki þá móðurhlýju sem er forsenda fyrir líkamlegu og andlegu heilbrigði ungbarnsins.

Þegar við ræðum þessi mál hljótum við að gera samanburð á fjölda fóstureyðinga fyrir og eftir 1975 eða miðað við gildistöku núverandi laga. Svo sem fram hefur komið hefur orðið veruleg fjölgun skráðra fóstureyðinga síðan 1975. En er sú fjölgun eingöngu á forsendum félagslegra ástæðna eða er eitthvað annað sem þarna kemur til?

Ef við athugum fyrst aukninguna fyrir 1975 kemur í ljós að um allverulega fjölgun hefur verið að ræða. Árið 1971 eru skráðar, eins og fram hefur komið, 142 fóstureyðingar, en 1974 eru skráðar fóstureyðingar 224, þannig að um svo mikla aukningu hefur verið að ræða að spurningar hljóta að vakna um framkvæmd þágildandi laga. Voru t. d. skáldaðar forsendur til þess að koma í framkvæmd fóstureyðingu í einhverjum tilfellum? Og spurningar hljóta að vakna um það, hversu margar fóstureyðingar hafi verið framkvæmdar hérlendis og erlendis án þess að þær væru skráðar. Því miður fást aldrei nein svör við þessum spurningum, og þess vegna er tölulegur samanburður afskaplega erfiður þótt ekki sé meira sagt. Miðað við þróunina frá 1971 — 1974 má ætla að veruleg fjölgun hefði orðið á skráðum fóstureyðingum hin síðari ár, enda þótt lögunum hefði ekki verið breytt. Þessi atriði öll verðum við að hafa í huga þegar reynt er að meta áhrif lagasetningarinnar frá 1975. Ég vil hins vegar alls ekki draga fjöður yfir það, að mér þykir tala fóstureyðinganna hér á landi orðin ískyggilega há.

Þá vaknar aftur sú spurning, hvort túlkun laganna og framkvæmd þeirra sé í þeim anda sem ætlast var til. Væri ekki ástæða til þess að fara ofan í saumana á því, svo menn viti raunverulega hvað hér er á ferðinni? Einnig væri fróðlegt að vita hvort vegur þyngra á metum í beiðni kvenna um fóstureyðingu undir yfirskini félagslegra ástæðna sjálf meðgangan eða umönnun barnsins sem sjálfstæðrar veru. Mér er ekki heldur ljóst hver er tilgangur föðurins miðað við hinar ýmsu forsendur fóstureyðingar, að sjálfsögðu frá þeim sjónarhóli að um hjúskap eða sambýli sé að ræða. Stundum heyrir maður orð á þessa leið: Jöfn foreldraábyrgð. — Ég ítreka að við getum ekki áttað okkur á þessu út frá tölunum einum saman. Við verðum að skyggnast nánar inn í hina raunverulegu framkvæmd laganna.

Hvað varðar fóstureyðingu fyrir tólftu viku meðgöngu á máli læknisfræðinnar táknar hún ekki líflát, aðeins aðgerð. Hins vegar getur fóstureyðing, að því er ég hef heyrt, valdið ófrjósemi hjá konunum. En burtséð frá allri læknisfræði hljótum við þó iðulega að gera okkur grein fyrir því, á hvaða stigum okkur er leyfilegt að grípa fram í fyrir sjálfu sköpunarverkinu. Í þessu sambandi má einnig minna á að ein tegund getnaðarvarna, sem nefnist lykkja, verkar, að ég held, þannig að hún varnar raunverulegum fósturþroska á frumstigi. Það verður sem sagt frjóvgun. Aftur á móti kemur pillan í veg fyrir frjóvgun. Hins vegar hefur maður heyrt að um margvíslegar aukaverkanir væri að ræða af hennar völdum og það lífshættulegar.

Svo ég haldi örlítið áfram veit ég ekki betur en að konum sé boðin ófrjósemisaðgerð eftir fjórða barn, a. m. k. er það þannig á einum spítala þar sem ég þekki til. Þessi mál eru því síður en svo einföld nú á tímum, á tímum fjölskylduáætlana, agaleysis og undanlátssemi — því miður.

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan vil ég að þessi mál verði athuguð gaumgæfilega með tilliti til reynslu undanfarinna ára. En væri ekki rétt fyrst í stað að þrengja þær starfsreglur sem gilda um fóstureyðingar af félagslegum ástæðum? Ég verð að segja það á þessu stigi, að ég óttast svolítið að ef við göngum lengra muni þeir e. t. v. verða harðast úti sem síst skyldi. En þetta mál mun koma til n., og vonandi á ég þar hlut að því að athuga það gaumgæfilega, eins og ég gat um áðan.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil byrja með því að þakka hv. 2. þm. Austurl. og hv. 3. þm. Vesturl. fyrir þau vinsamlegu orð og viðurkenningarorð sem þeir beindu til mín í máli sínu. En við erum ekki sammála um þetta frv., og þessir hv. þm. hafa báðir komið inn á nokkur atriði.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði, að ákvörðunarréttur konunnar væri þungamiðja þessa máls, og hann skírskotaði til frelsisins í því sambandi. Ekki vil ég hér gera lítið úr frelsinu. Ég tel að það sé eitt af mestu verðmætum, sem við getum kosið okkur, að njóta frelsis. Margt hefur verið talað um frelsið og frelsið á marga formælendur. En ég hygg að við getum verið sammála um það, að svo mjög sem við elskum frelsið verðum við að setja því viss takmörk. Við verðum að setja því þau takmörk að það skerði ekki frelsi annarra. Þetta er grundvallaratriði. Menn hefur oft greint á í þessu efni og hefur sjálfsagt gert það frá því að sögur hófust. Og okkur greinir á um það í ýmsum samböndum, hvar á að takmarka frelsið hjá einum til þess að annar njóti frelsis.

Frelsinu hefur oft verið veifað í vafasömum tilgangi og á þann hátt haldið frelsi fyrir öðrum. Eitt af því, sem er ákaflega minnistætt úr sögunni, eru t. d. deilurnar um hvort ætti að gefa svertingjunum í Bandaríkjunum frelsi. Það voru ákaflega harðar deilur um þetta og borgarastyrjöld. Þeir, sem vildu það ekki, sögðu að í nafni frelsisins kæmi það ekki til greina, vegna þess að þeir, sem ættu þrælana, ættu að hafa frelsi til þess að ráðstafa þeim og nota þá. Svo voru hinir sem sögðu: Það verður, hversu gott sem frelsið er, að takmarka það vegna þess að svertingjarnir og allt mannlegt líf er borið til sama frelsis.

Með þessum orðum er ég að sjálfsögðu ekki að láta liggja að því, að hv. 2. þm. Austurl. hafi ekki talið rétt að þrælunum væri gefið frelsi. Ég efast ekki um að hann er nákvæmlega á sömu skoðun og ég í því efni. En ég vek athygli á því, að í því máli, sem við hér ræðum um, er ekki bara um að ræða frelsi konunnar, það er ekki bara um að ræða frelsi til þess að tortíma mannlegu lífi, það er líka um að ræða frelsi til að viðhalda mannlegu lífi.

Hv. 2. þm. Austurl. taldi, og svo gerði reyndar einnig hv. 3. þm. Vesturl., að ástæðurnar fyrir hinni miklu fjölgun fóstureyðinga hér á landi, frá því að lögin frá 1975 voru sett, séu e. t. v. ekki fyrst og fremst sú lagsetning, heldur aðrar, m. a. að nú væru fóstureyðingar, sem áður hefðu verið framkvæmdar ólöglega, framkvæmdar löglega og að fóstureyðingar, sem hefðu verið framkvæmdar á íslenskum konum erlendis, væru nú framkvæmdar innanlands. Auðvitað hefur þetta einhver áhrif. En skoðun mín er sú, að hér sé að leita í mjög litlum mæli ástæðunnar fyrir margföldun fóstureyðinga sem hefur átt sér stað frá því að lögin frá 1975 voru sett. Ég hef hér eina tölu sem gefur vissa vísbendingu um þetta, og ég hef áður komið fram með þá tölu hér í umræðum.

Hv. 2. þm. Austurl. virtist mér muna eftir því, eins og orð hans féllu áðan.

Fyrir 1975 var talið að íslenskar konur, sem leituðu til útlanda til að fá fóstureyðingu, færu fyrst og fremst til Bretlands. Það var ekki bundið við Bretland, en fyrst og fremst. En það liggja fyrir upplýsingar úr heilbrigðisskýrslum heilbrigðisstjórnarinnar í Bretlandi um að á árinu 1974, síðasta árið áður en fóstureyðingasöggjöfin var sett, hafi 23 íslenskar konur látið eyða fóstri í Bretlandi. Og þegar við höfum í huga hina miklu aukningu, sem ég gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni á fóstureyðingum, held ég að þessi tala, þó ekki sé nema ein, gefi visst hugboð um að það sé raunar svo, að löggjöfin sjálf sé höfuðhvati að þeirri fjölgun fóstureyðinga sem orðið hefur frá því að hún var sett.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að það væri ekki ráðlegt að svo stöddu að breyta lögunum, og þá skildi ég hann svo, að það kynni að verða síðar ástæða til þess að breyta þeim og þá á þann veg að þrengja heimildir til fóstureyðinga. En höfum við efni á að bíða aðgerðalausir eftir frekari reynslu á þessum lögum en orðið er? 1978 voru um 500 fóstureyðingar. Við getum öll látið hugann reika og hugsað okkur hver væri breytingin í þjóðfélagi okkar eftir 20 ár ef þessi 500 mannslíf hefðu fengið að halda lífi.

Þá sagði hv. 3. þm. Vesturl. að tryggingalöggjöfin gæti ekki tryggt allt. Ég er honum algjörlega sammála um þetta. Við getum aldrei sett slíka löggjöf að hún leysi öll þau vandamál sem menn kunna að vilja flokka undir félagsleg vandamál. Það verður aldrei. En það þýðir ekki að samt sé ekki ýmislegt og ég vil segja margt ógert í þessu efni. Við eigum að sameinast um að bæta tryggingalöggjöfina þannig að með þeim hætti séu fjarlægð ýmis félagsleg vandamál sem nú heimila fóstureyðingu.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði eitthvað á þá leið, að samkvæmt læknisfræðinni væri það ekki líflát ef fóstri væri eytt innan tólf vikna. Ég held að það sé ekki, hvað sem öðru líður, rétt að telja að læknisfræðin hafi úrskurðað eitthvað í því efni. Hv. þm. sagði að fóstureyðing væri þá samkv. þessari skilgreiningu ekki líflát, heldur aðgerð. Og ef það er þá aðgerð, þá er það eins og þurfi að skera kýli. Það er ekkert annað. En ég held að hér sé um að ræða grundvallarmisskilning. Við værum ekki að ræða þetta mál hér og það væru engar takmarkanir á fóstureyðingum ef gengið væri út frá því að það mætti jafna henni við aðgerð. Það er einmitt það sem við megum aldrei gera og gerum ekki. Og þó að hv. 3. þm. Vesturl. kæmi með eitthvað frá læknavísindunum í þessu efni, þá efast ég ekki um að hann sé mér sammála um að þegar betur er að gáð jöfnum við ekki saman fóstureyðingu og einhverri venjulegri aðgerð.

Þeir hv. þm., sem hér hafa talað eru báðir í hv. heilbr.- og trn. sem kemur til með að athuga þetta mál. Ég efast ekki um að þeir muni athuga það af kostgæfni og samviskusemi og nefndin reyndar í heild.

Mér mun hafa láðst í fyrri ræðu minni að óska þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til heilbr.- og trn., og það geri ég hér með og vænti þess sannarlega að af þessu frv. geti eitthvað gott leitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 195). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er tekið til umr., flutti ég á næstsíðasta þingi, en það hlaut þá ekki afgreiðslu og með því hef ég endurflutt það nú í trausti þess að nú hljóti málið afgreiðslu.

Ég vil taka það fram, að það var raunar lítil von til þess að þetta mál fengi afgreiðslu á næstsíðasta þingi, vegna þess að það kom svo seint fram. En frv. þetta felur í sér félagslegar ráðstafanir sem er ætlað að bæta úr þeim félagslegu ástæðum sem nú geta samkv. lögum heimilað fóstureyðingu. Með frv. þessu er lagt til að bætt sé úr þessum félagslegu ástæðum með því að gera breytingar á lögum um almannatryggingar. Hér er um að ræða verulega aukna aðstoð við einstæðar mæður og heimildarákvæði um slíkt hið sama til hjálpar konum sem eru í hjúskap eða í sambúð, en eru hjálpar þurfi. Ég skal nú gera grein fyrir hinum einstöku greinum þessa frv.

1. gr. frv. fjallar um mæðralaun. Þar er kveðið svo á að mæðralaun skuli vera árlega sem þar segir, eða með einu barni 300 þús. kr., með tveimur börnum 750 þús. kr. og með þremur börnum 1200 þús. kr. Hér er um að ræða verulega breytingu frá gildandi lögum og er það með tvennum hætti. Í fyrsta lagi eru mæðralaunin stórlega hækkuð frá því sem nú er, en auk þess er breytt hlutföllum á mæðralaunum milli konu með eitt barn og konu með tvö börn og svo konu með þrjú börn eða fleiri. Hækkunin er mest þegar um eitt barn er að ræða, og það er einnig veruleg hækkun þegar um tvö börn er að ræða.

Til glöggvunar skal þess getið, að samkv. lögum urðu mæðralaun 1. mars s. l. eða eru núna með einu barni 85 714 kr., en hér er lagt til að þau verði 300 þús. kr. Með tveimur börnum eru nú mæðralaun 465 308 kr., en lagt er til að þau verði 750 þús. kr. Samkv. gildandi lögum eru mæðralaun nú með þremur börnum eða fleiri 930 568 kr., en með frv. þessu er gert ráð fyrir að sú upphæð nemi 1200 þús. kr.

Ástæður til þess, að gerð er tillaga um þessar breytingar, eru augljóslega þær, að ekki verður með neinum hætti talið að það sé nóg að gert í þessum efnum samkv. gildandi lögum. Það sjá menn best með því að líta á þær tölur sem ég hef hér gert grein fyrir, upphæð mæðralauna miðað við það sem nú er.

Ég kem þá að 2. gr. frv. Hún er á þá leið, að gert er ráð fyrir að ný grein komi í lögin um almannatryggingar er hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiða skal einstæðri móður óskerta dagpeninga samkv. 33. gr. (er verður 34. gr.) í 90 daga eftir barnsburð, enda njóti hún ekki orlofsfjár vegna barnsfæðingar."

Við minnumst þess, að nú er í gildandi lögum að konur þær, sem eru í verkalýðssamtökunum, og konur í opinberri þjónustu hafa sérstakt fæðingarorlof. En ekki hafa allar íslenskar konur fæðingarorlof, og það er svo um þær konur sem eru mest þurfi fyrir aðstoð í þessu formi. Þar er um að ræða einstæðar mæður. Þetta ákvæði miðar að því að tryggja að undir öllum kringumstæðum fái einstæðar mæður sérstaka greiðslu í 90 daga eftir barnsburð. Er þá gert ráð fyrir að konan njóti ekki orlofsfjár vegna barnsfæðingar samkv. öðrum ákvæðum laga.

Ég kem þá að 3. gr. frv. og vil segja um hana, sem reyndar á við 4. gr. frv. líka, að samkv. þeim greinum

báðum eru teknar upp nýjar bætur til einstæðra mæðra, sem nú er ekki fyrir að fara í íslenskri löggjöf. Litið er á það, að einstæð móðir verður við fæðingu barns oft eða oftast fyrir ákveðinni röskun á stöðu og högum. Ekki er óeðlilegt að hin einstæða móðir njóti aðstoðar til að mæta þessu. Við gerum slíkt í öðrum tilfellum. Við höfum t. d. sérstakan ekkjulífeyri þegar kona missir maka sinn. Það er hugsað til þess að aðstoða konuna vegna þeirrar röskunar á stöðu og högum sem það hefur fyrir hana að missa eiginmanninn. Af svipuðum ástæðum þykir mér rétt að veita aðstoð til einstæðrar móður til þess að bæta henni upp röskun á stöðu og högum sem hún verður fyrir — og getur orðið með margvíslegum hætti — við barnsfæðingu.

Samkv. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að þær bætur, sem gert er ráð fyrir af þessum ástæðum til einstæðrar móður, séu jafnháar og ekkjubætur samkv. 1. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Þessum bótum á ekkjan rétt á í 6 mánuði. Ég geri ráð fyrir að hin einstæða móðir hafi rétt til bóta í jafnlangan tíma.

Í 17. gr. laga um almannatryggingar er svo í framhaldi af ákvæðum um ekkjubætur, sem ég hef hér vikið að, ákvæði um að ef bótaþegi eigi barn yngra en 17 ára á framfæri sínu eigi hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar. 4. gr. frv. mælir svo fyrir að hin einstæða móðir skuli undir sömu kringumstæðum, þ. e. ef barn innan 17 ára er fyrir á framfæri hennar, eiga rétt á hinum sérstöku bótum í 12 mánuði til viðbótar eins og ekkjan.

Ég kem þá að 5. gr. frv. Í þeirri grein er gert ráð fyrir að ný grein komi inn í lög um almannatryggingar þar sem verði tekin upp sérstök heimildarákvæði til aðstoðar í fyrsta lagi við einstæða móður og í öðru lagi við konu í hjúskap eða í sambúð undir vissum kringumstæðum. Hvað varðar konu, sem er einstæð móðir, er svo kveðið á í 1. mgr. 5. gr. frv., að þegar niður falli bætur þær, sem ég var að gera grein fyrir og eru samkv. 3. og 4. gr. þessa frv., sé tryggingaráði heimilt að greiða einstæðri móður allt að fullum lífeyri einstaklings samkv. 11. gr. laga um almannatryggingar ásamt tekjutryggingu samkv. 19. gr. Hér er sett inn heimildarákvæði sem að sjálfsögðu er ekki gert ráð fyrir að verði notað nema undir vissum kringumstæðum, þ. e. að það sé nauðsynlegt til aðstoðar við hina einstæðu móður.

Hér er vitnað til lífeyris einstaklings samkv. 11. gr. laga um almannatryggingar, þ. e., eins og segir í skýringum með frv., að gert er ráð fyrir að upphæð þessara bóta sé sem svarar til þess sem segir í 11. gr., en þar eru ákvæði um ellilífeyri. En ellilífeyririnn er mismunandi, svo sem kunnugt er, eftir því hvort hann er fyrst tekinn við 67 ára aldur eða 72 ára aldur eða einhvers staðar þar á milli.

Það er ekki ástæða, að mínu viti, til að kveða nánar á um hve upphæðin á að vera há. Samkv. heimildarákvæðinu í 1. mgr. 5. gr. frv. hefur tryggingaráð í hendi sér að meta það. En þó þykir mér líklegt, þar sem er um heimildarákvæði að ræða, að þetta muni ekki fara yfir lægsta flokk ellilauna, þ. e. ef miðað er við að ellilaunin séu fyrst tekin við 67 ára aldur, en það er samt veruleg upphæð á ári og er nú 977154 kr. En með því að þetta er heimildarákvæði er að sjálfsögðu á valdi tryggingaráðs að meta hve upphæð þessi yrði há í hverju einstöku tilfelli.

Allt, sem ég hef sagt fram að þessu, varðar bætta aðstöðu einstæðra mæðra. En frv. þetta gerir ráð fyrir að það geti verið að fleiri séu aðstoðar þurfi í þessu efni en einstæðar mæður, það geti verið að svo sé ástatt um konu í hjúskap eða í sambúð. Þess vegna gerir 2. mgr. 5. gr. frv. ráð fyrir að tryggingaráð fái heimild til þess að ákveða greiðslur til kvenna í hjúskap eða í sambúð, sams konar greiðslur og gert er ráð fyrir til einstæðra mæðra, en ekki skilyrðislaust. Þetta verði bundið því skilyrði að tekjur hjónanna eða sambúðarfólksins fari ekki fram úr ákveðnu marki og auk þess að ástand á heimilum þessara mæðra sé það slæmt að það jafngildi þeim ástæðum sem samkv. gildandi lögum heimila fóstureyðingu.

Þetta er tekið skýrt fram í 5. gr. frv., því að þar segir að þessar bætur komi aðeins til að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum: Í fyrsta lagi hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé liðið frá síðasta barnsburði. Í öðru lagi eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu. Í þriðja lagi vegna annarra ástæðna sem eru sambærilegar við ofangreindar ástæður.

Þetta ákvæði er orðrétt upp úr gildandi lögum, orðrétt tilteknar þær ástæður sem geta heimilað fóstureyðingu nú. Þetta og raunar allt þetta frv. er byggt á þeirri forsendu, að ekki sé eðlilegt að fóstri sé eytt af félagslegum ástæðum. Það eitt sé eðlilegt að leysa og bæta úr hinum félagslega vanda.

Frv. þetta er flutt í framhaldi, ef svo mætti segja, af því frv. sem við vorum áðan að vísa til hv. heilbr.- og trn., frv. er fjallar um fóstureyðingar. Í því frv. er lagt til að félagslegar ástæður geti ekki heimilað fóstureyðingu. Ég hef nú á þessum fundi hv. deildar skýrt þær ástæður, sem liggja til grundvallar því frv., og skal því ekki fara að ræða þau mál frekar nú. En ég legg áherslu á að þetta frv. er flutt í framhaldi af hinu fyrra, frv. um fóstureyðingar, og til þess að árétta þau sjónarmið sem ég túlkaði í því máli.

Frv., sem við nú ræðum, felur í sér tilteknar breytingar á tryggingalöggjöfinni sem að mínu viti eru um það sem mest er um vert og á heima í lögum um almanntryggingar. Ég veit að það geta verið ýmsir aðrir erfiðleikar fyrir hendi sem þetta frv. nær ekki til. Ég tel að frv. sé ákaflega þýðingarmikið, geti verið þýðingarmikið spor í þá átt að þjóðfélagið taki á sig þá skyldu að aðstoða hinar einstæðu mæður í staðinn fyrir að hlaupa frá þessum skyldum með því að heimila fóstureyðingu af félagslegum ástæðum.

Við munum aldrei hafa það ástand í þessu landi í félagslegum málefnum að ekki sé alltaf hægt að finna einhverja erfiðleika sem ekki verður séð við í löggjöf. En við erum á mikilli framfaraleið í þeim efnum. Við höfum verið það á síðustu árum og á síðustu áratugum. Við erum alltaf að bæta okkur í þessum efnum. En það yrði enn þá aukin hvatning ef nú yrði fellt úr lögum að félagslegar ástæður gætu heimilið fóstureyðingar. Og samkv. því, sem ég hef lagt til í frv. um fóstureyðingar, á að banna skilyrðislaust að eyða fóstri af félagslegum ástæðum.

Ég vil taka það fram, að þrátt fyrir mikilvægi hinna félagslegu ástæðna, sem ég legg mikla áherslu á að bæta úr, er ástæðan fyrir því, að ekki eigi að leyfa fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, fyrst og fremst siðferðileg. Við skulum hafa það í huga, að umhyggja fyrir barni, sem fæðist í þennan heim, fer ekki alltaf eftir ríkidæmi eða því, hve félagsmálalöggjöfin er fullkomin. Og það hafa margir orðið góðir þegnar sem alist hafa upp við þröngan kost, á sama hátt sem jafnvel ríkidæmi er engin trygging í þessu efni. En ég vil, þó að ég leggi mikla áherslu á hinar

félagslegu umbætur, einnig leggja áherslu á hin víðtækari sjónarmið sem við verðum einnig að hafa í huga.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil þakka frsm. fyrir orð hans hér. Ég vil lýsa yfir fylgi við efni þessa frv. og geri það einlæglega. Eins og kunnugt er stendur nú yfir endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni, og ég hygg að ef menn líta raunsætt á þau mál muni þetta koma inn í þá umr.

Mér þætti ekki óeðlilegt við athugun á þessu máli, að sú athugun færi fram jafnhliða athugun á fæðingarorlofi kvenna. Ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, eru þess eðlis, þær eru fjármálalegs eðlis. Ég vil taka það fram, að ég efast ekki um að ef að lögum yrði mundi það fækka eitthvað fóstureyðingum hér á landi í þeim tilfellum þegar féleysi eða annað aðstöðuleysi af þeim sökum veldur því, að ungbarn er ekki velkomið í þennan heim.

En varðandi ummæli hv. 4. þm. Vestf. áðan, þá fannst mér hann misskilja örlítið orð mín. Ég talaði um álit læknisfræðinnar. Ég er ekki læknir, og skoðun mín er ekki samdóma því áliti læknisfræðinnar, ég vil taka það skýrt fram. Ég er ekki þannig sinnaður að ég líki fóstureyðingu við að skorið sé burt kýli. Það er ekki mín hugsun í þessu máli. Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri, en ég við að endingu segja að sem heilbr.- og trn.-maður mun ég taka þátt í einlægri athugun á þessu frv. og leggja það lið sem ég get til þess að slíkar ráðstafanir eða aðrar viðlíka verði að lögum.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir hans góðu undirtektir undir frv., sem hér er til umr., og stuðning hans við efni þess, sem ég met mjög mikils.

Hv. þm. sagði, eða ég skildi hann svo, að það kynni að vera rétt að taka til endurskoðunar fæðingarorlof kvenna í heild. Þá veit ég að hann hefur í huga að þá sé gætt réttar eða hagsmuna einstæðra mæðra, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég vil um það segja, að ekkert hefði ég á móti því að svo væri, en ég taldi rétt í þessu frv. að einskorða mig við einstæðar mæður, vegna þess að þessu frv. er ætlað að stuðla að því, að fjarlægð séu viss félagsleg vandamál sem samkv. gildandi lögum geta heimilað fóstureyðingu. Ég lét mér detta í hug að það væri hyggilegt að binda sig einungis við þennan þátt málsins, í þeirri von líka að málið næði frekar fram að ganga. En ég er að sjálfsögðu opinn fyrir hugmynd hv. 3. þm. Vesturl., ef sú leið er fær og með sama öryggi fyrir einstæðar mæður og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að ég mundi hafa misskilið orð hans varðandi umr. um 2. dagskrármálið á þessum fundi, þar sem fóstureyðingu var líkt við venjulega aðgerð. Það kann að vera að orð mín hafi ekki verið nægilega glögg í þessu efni. En ég vil taka það fram, að það hefur ekki hvarflað að mér að það væri skoðun hv. þm. sem lýsti sér í því sem hann vitnaði til læknisfræði í þessu sambandi. Ég er, eins og hv. þm., ekki læknir, og ég veit alveg að við erum báðir ósammála því að leggja þetta að jöfnu. Þess vegna eigum við líka mjög hægt um vik að ræða saman um þessi mál, eins og við allir sem höfum tekið til máls varðandi þau í dag.

Ég vil aðeins í lokin ítreka þá von mína, að árangur megi nokkur verða af þessum frv. og að þau verði vandlega athuguð og afgreidd í hv. heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 43. fundur.

Fimmtudaginn 13. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lántaka Framleiðsluráðs landbúnaðarins, frv. (þskj. 197). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 47, n. 189, 190, 191, 194, 199, 200). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, á þskj. 47, 45. mál Nd.

Fyrrv. félmrh., Magnús H. Magnússon, talaði fyrir frv. á fundi í Nd. 20. des. s. l. og var því þá vísað til n. Málið var tengt afgreiðslu frv. til 1. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 40/1978, sem Alþ. afgreiddi sem lög 20. febr. s. l. Áformað var að afgreiða þetta frv. fyrir þinghlé, en það tókst ekki af ýmsum ástæðum.

Haldnir voru sameiginlegir fundir félmn. beggja þd. um þetta mál í upphafi og á þeim fundum mætti ríkisskattstjóri og starfsmenn hans, sem aðstoðuðu n. við samningu á brtt. þeim sem liggja fyrir á þskj. 190. Enn fremur mætti Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, sem skýrði sjónarmið sveitarfélaga, og á síðara stigi málsins komu á fund félmn. Nd., auk ríkisskattstjóra og hans manna, Árni Kolbeinsson deildarstjóri í fjmrn. og Ólafur Nílsson löggiltur endurskoðandi. Það er því ljóst að n. hefur fengið til ráðuneytis hæfustu sérfræðinga í skattamálum til að fjalla um þær breytingar sem nauðsyn ber til að gera á frv. til samræmingar við skattalög. Þrátt fyrir það tel ég ástæðu til að taka sérstaklega fram, sem raunar hefur komið fram í umr. í n., að gera má ráð fyrir að taka þurfi margar þessar breytingar á lögunum til endurskoðunar á næsta löggjafarþingi, þegar ljóst verður eftir álagningu á þessu ári hvernig ákvæði lagabreytinganna verka í raun, og er það í samræmi við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið á Alþ. af hæstv. fjmrh. í sambandi við síðustu breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. M. a. tel ég ástæðu til að teknar verði til skoðunar breytingar á álagningarprósentum aðstöðugjalds, sbr. 38. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, en það er umdeilt og vandasamt mál sem þarf meiri tíma en gefst við afgreiðslu þessa máls.

Ég vil þá snúa mér að nál. á þskj. 189, en þar segir svo:

„N. hefur fjallað um frv., en fyrst of fremst er um að ræða breytingar á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna

sveitarfélaga, til samræmingar við lög nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt. N. er sammála um að frv. verði samþ. óbreytt með þeim breytingum sem greinir á þskj. 190. Þær breytingar, sem þar er lagt til að gerðar verði á frv., eru aðallega til samræmingar við þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum nr. 40/1978 og samþykktar voru á Alþingi 20. febr. s. l.

Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt."

Þetta var undirritað á Alþ. 21. febr. 1980 af öllum nm. í félmn. Nd., en einn nm., Jóhanna Sigurðardóttir, skrifaði undir með fyrirvara.

Eftir að nál. var lagt fram flutti n. sameiginlega á þskj. 200 brtt. við 5. brtt. á þskj. 190, við 14. gr. Breytingin, eins og þar stendur, felur í sér nokkru skýrari ábendingar um 14. gr. en kom fram í brtt. á þskj. 190, og kem ég að því nánar síðar.

Eins og fram kemur er þarna fyrst og fremst um breytingar að ræða á frv. til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru í meðförum Alþ. á lögunum um tekju- og eignarskatt. Tel ég ekki ástæðu til að fara mjög ítarlega út í þær. Málið er öllum þdm. kunnugt og hefur legið á borðum nokkuð lengi.

Hér er fyrst brtt. við 3. gr. Þar er fyrst og fremst um það að ræða að frá tekjum þessum skuli draga frádrátt samkv. A-lið, 1. tölul. B-liðar, 3. tölul. C-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum. Þarna er aðeins um að ræða hagræðingaratriði.

Þá er einnig lagt til að 3. mgr. falli út, en 3. mgr. hljóðar þannig í frv.:

„Hafi maður tekjur af útleigu eigna, sbr. 1. og 2. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, skal draga frá þeim tekjum við ákvörðun útsvars útgjöld samkv. 1.—4. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978 vegna öflunar þeirra tekna, þó ekki vaxtagjöld."

Þetta er orðið óþarft atriði eftir samþykkt á skattalagafrv.

2. brtt. er við tilvísun í 4. gr. í ákveðna kafla laganna. Þar er aðeins breytt um tölur miðað við þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar, að í staðinn fyrir „VIII.—XIII. kafla" laga nr. 40/1978 kemur: VIII. — XIV. kafla.

3. brtt. er við 6. gr. Í stað orðanna „sbr. 116. gr. laga nr. 40" í 8. mgr. komi: sbr. 121 gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum. Það er einnig eingöngu samræmingaratriði.

4. brtt. er við 9. gr. að því er varðar innheimtu útsvara. Settar eru inn í greinina þrjár nýjar mgr., sem eru eingöngu í fullu samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á innheimtu tekjuskatts.

Í fyrsta lagi er 6. mgr.: „Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldandans fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið."

7. mgr.: „Séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina."

8. mgr.: „Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á útsvari sínu fyrir brottför af landinu."

Þá er 5. brtt. á þskj. 190, sem breytist eftir meðferð n. Hefur verið gerð breyting á brtt. um 2. málsl. Í staðinn fyrir að, eins og hér stendur, „1. mgr. greinarinnar falli niður" komi: 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla samkv. 53. gr. laga nr. 40/1978, en frá honum dregst tekjufærsla samkv. sömu grein. Og 2. mgr. orðist svo: Undanþeginn aðstöðugjaldi er rekstrarkostnaður samkv. 2. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 40/1978, enn fremur sá hluti rekstrarkostnaðar, sem umfram er heildartekjur, og telst tekjufærsla samkv. 53. gr. laga nr. 40/1978 þá ekki til heildartekna.

Með þessari breytingu er það skoðun n. að 14. gr. sé orðuð á skýrari og ótvíræðari hátt um hver stofninn til aðstöðugjalds skuli vera. Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978. Í framhaldi af till. um breytingu á 3. gr. frv. er lagt til að 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. falli niður og aðstöðugjald sé ekki lagt á útleigu eigna nema útleigan falli undir atvinnurekstur og tekjur af útleigunni teljist til tekna, sbr. B-lið 7. gr. skattalaganna. Enda þótt menn leigi út einstakar íbúðir hefur það ekki talist til atvinnurekstar. Frv. gerir ráð fyrir að gjaldfærsla vegna verðbreytinga samkv. 53. gr tekjuskatts- og eignarskattslaga myndi aðstöðugjaldsstofn, en litið er á tekjufærslu samkv. sömu grein sem lækkun á gjöldum og dregst hún frá öðrum rekstrarkostnaði. Hér er fyrst og fremst um að ræða leiðréttingu á gjaldfærðum fjármagnskostnaði, svo sem vöxtum, verðbótum og gengistapi.

Þá er í 2. lið brtt. við 14. gr. ákvæði um að tiltekinn hluti rekstrarkostnaðar verði undanþeginn aðstöðugjaldi. Er það í samræmi við framkvæmd fyrri ára í því efni. Einnig eru tekin af öll tvímæli um að bráttótekjur, sem eru viðmiðun við ákvörðun á aðstöðugjaldsstofni þegar gjöld fara fram úr heildartekjum, eru ákveðnar með sama hætti og áður, þ. e. án verðbreytingafærslu samkv. 53. gr.

6. brtt. er við 15. gr. 3. mgr. falli niður. Þar er um að ræða, að í frv. er gert ráð fyrir að fella skuli niður aðstöðugjald sem nemur 20 þús. eða lægri upphæð. N. varð sammála um að fella út þetta ákvæði, þar sem gert er ráð fyrir að aðstöðugjald skuli lagt á í heilum þúsundum kr. þannig að lægri fjárhæð en 1000 kr. skal sleppt.

7. brtt., við 16. gr., er um að breytt verði a-lið greinarinnar: „hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun, verktakastarfsemi eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun", eins og segir í frv. N. leggur til að orðið „verktakastarfsemi" verði fellt út, en í staðinn komi: hefur þar með höndum húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð. — Í skilgreiningu á undanförnum árum hefur þetta atriði oft valdið miklum deilum og er í núgildandi tekjustofnalögum óljóst í orðalagi þannig að það þurfti að skýra þetta. Hér er fyrst og fremst átt við nýbyggingar og mannvirkjagerð, en ekki viðhald eigna, sem hafa verið oft og tíðum deilur um. En ákvæði í brtt. á að gera það atriði ljósara og auðvelda skattayfirvöldum að skera úr um ákvæði þessarar greinar.

8. brtt. er við 19. gr. Þar stendur: „Séu gjöld samkv. lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga." Það var gerð sú breyting á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, að í staðinn fyrir þetta orðalag var sett inn í greinina: „af því sem ógreitt er". Það er eðlilegt að það sé samræmi í þessu í tekjustofnalögum sveitarfélaga, og þess vegna gerir n. till. um að þessu sé breytt í 19. gr. frv.

9. brtt. er eingöngu ákvæði til bráðabirgða og komi í

staðinn fyrir ákvæðið í frv. sem er á þessa leið: „Komi í ljós á skattframtali fyrir tekjuárið 1979 að skattaðili hafi ekki talið fram til skatts á liðnum árum eignir, sem um ræðir í 78. gr. laga nr. 40/1978, eða tekjur af þeim, sem skattfrjálsar hafa verið við viss skilyrði, skal eigi lagt útsvar vegna fyrri ára á hinar óframtöldu tekjur af eignum þessum, enda hafi þær myndast fyrir ársbyrjun 1978."

Þessi grein fellur út að tillögu n. og í staðinn komi ákvæði til bráðabirgða í nokkrum liðum, eins og kemur fram á brtt. á þskj. 190. Það eru:

Ákvæði til bráðabirgða I.

Við ákvörðun stofna til útsvars og aðstöðugjalds skulu ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum gilda eftir því sem við á.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Við álagningu útsvars á árinu 1980 vegna tekna á árinu 1979 skal við ákvörðun gjaldstofns til útsvars draga frádrátt samkv. 2. og 4. tölulið. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978. Enn fremur skulu vaxtatekjur og verðbætur manna á árinu 1979 af verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs vera frádráttarbærar að fullu frá tekjum við álagningu útsvars á árinu 1980.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða III og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu lög nr. 1/1980 gilda eftir því sem við á um greiðslu útsvara á fyrri hluta ársins 1980 — þ. e. lögin sem samþ. voru í vetur um fyrirframgreiðslu gjalda.

Ákvæði til bráðabirgða IV.

Hvarvetna þar sem í lögum þessum er vísað til laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er vísað til þeirra laga með síðari breytingum eftir því sem við getur átt. Verði síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum nr. 40/1978, felldar inn í meginmál þeirra og útgefin ný lög, skal við framkvæmd á 2. mgr. 21. gr. laga þessara breyta vísunum til laga nr. 40/1978 til samræmis við það.

Hér er fyrst og fremst um að ræða að taka af öll tvímæli um ýmsar tilvitnanir til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem nauðsynlegt er því að þar er gert ráð fyrir að ýmis ákvæði til bráðabirgða gildi eitt ár.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um brtt. n. Eins og ég sagði áðan eru þær fyrst og fremst samræmingaratriði vegna breytinga sem gerðar hafa verið á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og eru nauðsynlegar til að hægt sé að framkvæma lögin í réttu samræmi við þá lagagerð.

Ég vil þá leyfa mér, herra forseti, að tala fyrir brtt. á þskj. 191, sem ég hef lagt fram ásamt hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni og hv. þm. Eggert Haukdal:

„Við 5. gr. bætist ný mgr., er verði 4. mgr. og orðist svo: Nú hrökkva útsvör samkv. 1. mgr. ekki fyrir áætluðum útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðh."

Um er að ræða að taka upp í frv. til l. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga ákvæði sem er í núgildandi lögum, í 25. gr. þeirra, þetta er tekið óbreytt upp.

Það þarf raunar ekki að hafa langt mál um þetta atriði frá sjónarmiði sveitarstjórnarmanna. Á undanförnum árum hafa sveitarstjórnarmenn, og ekki síst Samband ísl. sveitarfélaga, lagt á það mikla áherslu að reyna að halda uppi raungildi tekjustofna sveitarfélaga. Því miður hefur það ekki tekist. Er hægt að vitna í margar samþykktir, sem um þetta hafa verið gerðar, og færa fyrir þeim mörg og óyggjandi rök.

Ég vil geta þess, að það hafa sífellt fleiri og fleiri verkefni verið færð yfir á hendur sveitarfélaga af löggjafanum, í mörgum tilfellum án þess að nokkur tekjustofn hafi komið þar á móti. En eins og öllum hv. þdm. er kunnugt eru tekjustofnar sveitarfélaga ekki verðtryggðir nema að því er varðar þann hluta sem kemur úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Á síðasta landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga, 1978, voru gerðar um þetta ákveðnar tillögur, m. a. samþ. landsþingið að vekja athygli stjórnvalda á þeirri lækkun rauntekna sveitarfélaga af útsvörum og aðstöðugjaldi sem orðið hefur undanfarin ár þar eð álagningarprósenta þessara gjalda hefur ekki hækkað þótt aukin verðbólga milli ára gefi tilefni til. Skoraði landsþingið á Alþ. að gera þær breytingar á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga að sveitarfélögin nái þeim rauntekjum af þessum tekjustofnum sem þeim voru ætlaðar við setningu laganna 1972.

Það væri hægt að færa í löngu máli frekari rök fyrir þessu. Sveitarfélögin, eins og allir vita, lúta fjárhagslegri forsjá ríkisvaldsins á margan hátt í verulegum mæli, og skattar verði ekki á lagðir nema með lögum. Gjaldskrármál margra sveitafyrirtækja eru komin í óefni og hafa verið það lengi. Þarf ekki að lýsa því, að það hefur ávalit verið fyrirstaða hjá ríkisvaldinu, sumpart af eðlilegum ástæðum, að samþykkja nauðsynlegar gjaldskrárhækkanir í sambandi við ýmsa nauðsynlega rekstrarþætti sveitarfélga. Þannig má segja að sjálfstjórn sveitarfélaga í fjármálum hafi oft reynst innantóm orð hvað þetta snertir.

Ég hef hér í höndum úttekt á þessum málum frá hendi opinberra aðila, eins og Þjóðhagsstofnunar o. fl. Þar kemur greinilega fram, að miðað við þau lög, sem í gildi eru, þ. e. 10% álagningu útsvara með heimildarákvæði um hækkun í 11% sem í gildi hafa verið, að næstum því öll sveitarfélög í landinu hafa sótt um og notað sér þessa heimild á undanförnum árum. Þrátt fyrir það hefur útsvarið ekki gefið nema um 7.3% í reynd. Miðað við 50% verðbólgu, eins og við höfum búið við og búum við, mundi tölfta prósentan ekki hækka þessa tölu nema í rúmlega 8%. Málið er því mjög alvarlegs eðlis fyrir sveitarfélögin og ætti það að vera öllum ljóst.

Á fundi í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldinn var í gær, var gerð samþykkt um þetta mál sérstaklega, og sá fulltrúaráðsfundur, sem nú stendur yfir, hófst í morgun, fjallar ítarlega um þetta mál. Koma sjálfsagt ályktanir frá þeim fulltrúaráðsfundi áður en honum lýkur á morgun.

Ég tel ástæðu til þess — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér samþykkt stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga í gær, sem samþykkt var einróma:

„Við meðferð frv. til l. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga hefur á Alþ. komið fram till. um lögfestingu á heimild fyrir sveitarstjórnir til að hækka hámarksútsvar 11% um 10% að fengnu samþykki ráðh. Í samræmi við samþykktir síðasta landsþings og fulltrúaráðsfundar um að tryggja þurfi raungildi tekjustofna sveitarfélaga og fyrri samþykktir um rýmkaða tekjustofna mælir stjórn sambandsins með samþykkt þessarar heimildarreglu. Í þessu sambandi bendir stjórnin á, að æ fleiri verkefni hafa bæst á sveitarfélögin, sérstaklega á sviði skólamála, heilbrigðismála og félagsmála, án þess að auknar tekjur kæmu á móti. Tekjustofnar sveitar-

félaga eru ekki verðtryggðir nema að óverulegu leyti og því er ólíkt farið með tekjustofna ríkissjóðs. Af þessum sökum og af völdum verðbólgunnar er fjárhagur flestra sveitarfélaga mjög erfiður og tekjuöflun þeirra þröngur stakkur sniðinn. Þá bendir stjórnin á, að vegna hærra verðbólgustigs hefur skattbyrði gjaldenda af útsvörum á liðnum árum verið minni en hún var við setningu tekjustofnalaganna 1972."

Ég tel ástæðu til að vekja athygli hv. þd. á þessari samþykkt stjórnar sambandsins, um leið og ég læt í ljós þá skoðun, að ég tel að það sé óhætt fyrir löggjafann að rýmka nokkuð heimildir sveitarfélaga til sjálfstæðrar álagningar, því að þeim ætti að vera best til þess treystandi. Þar er vettvangur framkvæmda og aðgerða í öllum málum. Sveitarstjórnir í landinu ættu best að vita hvar þarf að beita þeim aðgerðum sem þeim er falið að öðru leyti samkv. lögum og reglum. Ég vænti þess, að brtt. okkar verði samþ. um leið og gengið verður frá þessu máli.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Varðandi þá brtt., sem um getur á þskj. 191, er hér um grundvallarbreytingu að ræða. Brtt. á þskj. 191, ef hún nær fram að ganga, um heimild til sveitarstjórna til að hækka útsvar um 10% til viðbótar þeim 11% sem nú á að lögfesta, mun stórauka skattbyrðina í landinu. Þó hér sé um sambærilegt heimildarákvæði að ræða og er í núgildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga er samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir, ráð fyrir gert að útsvar verði 11% af tekjum, auk þess sem með brtt., sem nú liggur fyrir, er gefin heimild til 10% hækkunar þannig að þau geta farið í 12.1%.

Reynslan hefur sýnt að flest sveitarfélög hafa nýtt sér fyrri heimild, og efalítið munu þau gera það áfram. Nái heimildin á þskj. 191 fram að ganga nú og sveitarfélögin fullnýti sér hana mun hún leggja 5.1 milljarðs aukna skattbyrði á landsmenn. Í þessu sambandi tel ég fróðlegt fyrir stjórnarsinna að rifja upp eitt atriðið í stjórnarsáttmála þeirra, um kjaramál, sem virðist hafa gleymst í skattagleði þeirra við að leggja aukna skattbyrði á landsmenn. Í kaflanum um kjaramál stendur, að athuguð verði lækkun útsvars á lægstu tekjum. Væri nú ekki ráð fyrir stjórnarsinna að staldra ögn við í ákafanum að leggja á aukna skatta og athuga hverjar verða tekjur ríkissjóðs og skattbyrði landsmanna í ár, sjá hver reynslan af nýju skattlögunum verður, áður en hlaupið er til með nýjar skattaálögur á landsmenn?

Þeir, sem flytja brtt. á þskj. 191, ættu að íhuga vel hvort orð hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar gætu e. t. v. haft við rök að styðjast, að með þessu frv. væri verið að taka heljarstökk út í náttmyrkrið án þess að nokkur þekkti alfeiðingarnar. En hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson virðist varla svo mjög kvíða afleiðingunum af stökkinu fyrir skattborgara þessa lands, því hann vílar ekki fyrir sér að gerast meðflm. að umræddri brtt. án þess að hafa hugmund um hvar stökkið endar. Nei, væri nú ekki ráð að doka aðeins við og sjá hvar okkur ber niður úr stökkinu, enda hafa flestir viðurkennt að með nýju skattalögunum er rennt blint í sjóinn og hefur hæstv. fjmrh. reyndar látið þau orð falla að e. t. v. yrði óhjákvæmilegt síðar á árinu að leggja á aukna skatta eða þá lækka þá þegar séð verður fyrir hver útkoman verður? Væri það nokkur goðgá að bíða eftir útkomunni áður en hlaupið er til með heimildir til aukinnar skattbyrði á landsmenn upp á 5.1 milljarð kr., sem reynslan hefur sýnt að oftast er nær fullnýtt? Ég tel að allur almenningur beri mikinn kvíðboga fyrir e. t. v. mjög aukinni skattbyrði þó þm. séu ekki hér í einhverju snarhasti að gefa heimild til útsvarshækkunar sem efalítið verður nýtt og mun þyngja skattbyrði fólksins í landinu verulega.

Ég tel hins vegar að finna verði leið til þess að koma til móts við fjárhagsvanda sveitarfélaga. En þegar óvissan er svo mikil um skattbyrðina, samfara stórfelldum breytingum á skattalögunum, verðum við að leysa það mál á annan hátt en með nýjum óvæntum skattaálögum á landsmenn.

Sú brtt., sem ég flyt á þskj. 199, miðar einmitt að því að leysa tímabundinn fjárhagsvanda sveitarfélaga á annan hátt en með aukinni skattbyrði á landsmenn. Brtt. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við a-lið 9. gr. laganna bætist:

Aukaframlag úr ríkissjóði sem nemur 4% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð á árinu 1980 samkv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, sem renni til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. b-lið 8. gr."

Eins og fram kemur í brtt. verður fjárhagsvandi sveitarfélaga leystur á yfirstandandi ári með aukaframlagi úr ríkissjóði sem nemi 4% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð á árinu samkv. lögum um söluskatt. Þetta aukaframlag mun gefa 4 milljarða 470 millj. til viðbótar þeim 8.9 milljörðum sem renna nú af söluskattstekjum í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Hér er því ekki langt frá því að vera um sömu upphæð að ræða og heimildin á þskj. 191 mundi gefa sveitarfélögunum. Það er auðvitað ljóst, að hér er um tilfærslu á fjármagni að ræða frá ríkissjóði til sveitarfélaganna, og tekjur ríkissjóðs munu því skerðast að sama skapi, ef þessi brtt. nær fram að ganga, ef það verður þá ekki halað inn aftur á skattstiganum þegar hann sér dagsins ljós. En meginmálið er samt það, og það er tilgangurinn með flutningi brtt., að fjárhagsvandi sveitarfélaganna verði ekki leystur á kostnað skattborgaranna, heldur verði útgjöld ríkissjóðs skert að sama skapi.

Meginmálið er að samstaða geti skapast um tilfærslu á fjármagni til sveitarfélaganna sem væri tímabundin og miðuð við þetta ár. Svo má endurskoða málið í lok ársins, þegar séð verður hvert nýju skattalögin leiða okkur. Það mun ekki standa á okkur Alþfl.-mönnum að leggja fram sparnaðartillögur í ríkisbúskapnum, enda má minna á að fjárlagfrv. núv. ríkisstj. er 5.2% hærra en fjárlagafrv. minnihlutastjórnar Alþfl. Ekki er síður ástæða til að minna á að í fjárlagafrv. ríkisstj. nú er gert ráð fyrir 26.4% hækkun á tekjusköttum einstaklinga eða um 8 milljarða kr. hækkun frá fjárlagafrv. fyrrv. fjmrh. Sighvats Björgvinssonar. Stjórnarsinnar geta því óhræddir stutt brtt. á þskj. 199, og verði hún samþ. mun ekki, eins og ég sagði, standa á okkur Alþfl.-mönnum að leggja fram sparnaðartillögur á móti við afgreiðslu fjárlaga.

Það er ekki endalaust hægt að seilast í vasa skattborgaranna þegar útgjöld ríkis og sveitarfélaga keyra úr hófi fram. Það verður að leita annarra leiða. Og það væri með ólíkindum ef þm. Sjálfstfl. gætu ekki greitt götu þessarar brtt., þegar minnst er 35 milljarða niðurskurðar þeirra á ríkisútgjöldum frá síðustu kosningum og stöðugra yfirlýsinga um lækkun á sköttum. Ég trúi því ekki heldur að óreyndu, að þeir hv. þm., sem standa að heimildar-

hækkun á útsvari um 5.1 milljarð kr., séu ekki tilbúnir að draga till. sínar til baka þegar komin er fram brtt. sem leysir fjárhagsvanda sveitarfélaganna án þess að leggja aukna skattbyrði á landsmenn.

Herra forseti. Það skulu því verða lokaorð mín nú, að ég er andvíg brtt. á þskj. 191 og mun greiða atkv. gegn henni. Ég skora á hv. þm., sem standa að brtt. á þskj. 191, að draga hana til baka og greiða atkv. brtt. á þksj. 199, sem nær því markmiði, sem að er stefnt með till. á þksj. 191, án þess að þyngja skattbyrðina frekar. Það er hægt, ef vilji er fyrir hendi að íþyngja ekki skattborgurunum, en á sama hátt að leysa vanda sveitarfélaga. Og ég geri ráð fyrir því, að þeir kjósendur, sem veittu brautargengi í kosningum hv þm. sem standa að brtt. á þskj. 191, hafi ekki síður veitt þeim brautargengi til þess að gæta hagsmuna sinna, skattborgaranna, en sveitarfélaganna.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Í hv. félmn. Nd. voru menn almennt sammála um að afgreiða skyldi fyrirliggjandi frv. með þeim hætti að taka tillit til allra þeirra skattalagabreytinga sem þingið hafði þegar samþykkt. Ég get þess vegna tekið undir öll þau orð sem frsm. n. hafði um málið að segja áðan, að undanteknum þeim kafla þar sem hann talaði sérstaklega um þá brtt. sem hann flytur ásamt nokkrum öðrum hv. þm. þessarar d., sem reyndar eiga jafnframt sæti í hv. félmn.

Sú brtt., sem við stóðum að í þessari n., eftir að hafa lagt fram brtt. á þskj. 190, var brtt. á þskj. 200, sem nauðsynlegt var að láta koma fram að frekar athuguðu máli. Í þeirri brtt. má segja að gætt sé þess, að aðstöðugjaldsstofninn verði ekki hærri í lögunum eftir breytinguna en hann er nú, þannig að fyritæki ættu ekki að fara verr út úr álagningu aðstöðugjalds en þau hafa farið hingað til. Auk þess má segja að brtt. á þskj. 200 feli í sér þau sjónarmið sem komu fram í brtt. sem við hv. þm. Steinþór Gestsson fluttum á þskj. 194, þannig að ég vil nú lýsa því yfir, að við flm. munum draga þá brtt. til baka. Sem sagt, brtt. á þksj. 194 er komin inn í brtt. á þskj. 200, en sú brtt. er aftur til breytingar á 5. tölul. brtt. á þksj. 190.

En varðandi það mál sem hv. þm. Alexander Stefánsson fjallaði um, þ. e. málið á þskj. 191, þar sem gert er ráð fyrir að enn sé gerð ný breyting, vil ég segja þetta:

Þessi brtt. var rædd í n. og það var ákveðið í henni að standa ekki að þessari brtt., þar sem hún var efnisleg og þess vegna frábrugðin þeim till. sem aðeins þóttu nauðsynlegar til leiðréttingar á sjálfu frv. vegna skattalagabreytinganna, eins og ég gat um áðan.

Þessi brtt. er þess vegna flutt af nokkrum nm., en ekki sem minni hl. eða meiri hl. n. Hún gerir ráð fyrir því, að ráðherra geti heimilað sveitarfélögum að leggja 10% ofan á þau 11% sem gert er ráð fyrir að útsvör verði af tekjum manna samkv. till. n. Þetta þýðir það í raun, að sveitarfélögin geta með hægu móti fengið heimild til að leggja á útsvarsgreiðendur 12.1%, þ. e. fengið 12.1% af tekjum þeirra inn sem útsvar. Til að gefa einhverja hugmynd um hvað miklir fjármunir eru þarna í húfi má gera ráð fyrir að þetta séu milli 4 og 5 milljarðar kr., ef öll sveitarfélögin nota þessa heimild. Þetta þýðir að heildarskattheimtan hér á landi er að aukast um u. þ. b. 4.5 milljarða. Heildarskattheimtan samkv. þessari brtt. mun aukast um 4.5 milljarða u. þ. b., ef miðað er við gjaldárið eða árið 1980. Það, sem er einkar athyglisvert við þetta, er að hvergi er í till. aðstandenda þessarar brtt. gert ráð fyrir að niðurskurður komi á móti. Og samt virðist manni að í röksemdafærslu fyrir þessari till. sé þess gætt að koma því að, að heimta þurfi inn þessa auknu fjármuni vegna þess að ríkið hafi ýtt nokkru af sínum verkefnum yfir til sveitarfélaganna.

Það hefur stundum verið rætt um það, og um það var reyndar rætt enn fremur í félmn., að eðlilegast væri að sveitarfélögin sjálf gætu ákveðið, hvernig þau höguðu skattheimtunni, og fengið þess vegna frjálsa álagningu á útsvör, enda eru þau um margt ólík og má vera að innan vissra sveitarfélaga ríki miklu meiri framkvæmdahugur en í öðrum sveitarfélögum, allt eftir því hvernig á stendur hverju sinni. Ég get út af fyrir sig tekið undir þessi sjónarmið. En því miður er ekki hægt að gera það að svo stöddu. Fyrr verður að koma til gjörbreyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sem betur fer má búast við lausn á þeim málum innan tíðar, enda skilst mér að nú sé unnið kappsamlega að því að koma fram með nothæfan verkaskiptingargrundvöll. Og ég vil í þessu sambandi rifja það upp, að núv. hæstv. forsrh., sem nú gengur í salinn, er mikill áhugamaður um þetta mál og setti á sínum tíma á stofn nefnd sem starfaði og skilaði einhverri niðurstöðu, þannig að eflaust verður um talsverðan hraða á þessu máli að ræða á næstunni.

Ég minntist áðan á það, að þessi brtt. þýddi aukna heildarskattheimtu á milli 4 og 5 milljarða kr. Ég kemst ekki hjá því, þegar rætt er um skattheimtuna, að minna enn fremur á það, að í fjárlagafrv., sem var lagt fram á mánudag er gert ráð fyrir að olíustyrkurinn, sem nam 2.3 milljörðum kr., sé tekinn út úr frv. Síðan er það sagt, og það hefur reyndar komið fram í Sþ. af hálfu hæstv. iðnrh., að að því sé unnið í iðnrn. að útbúa nýtt skattafrv., um orkuskatt eða eitthvað í þá veru, sem mun væntanlega gefa aðra 5 milljarða í nýjum sköttum. Og þá spyr ég: Hvað varð um þessa 2.3 milljarða sem voru í frv? Nú skyldi maður ætla að þeir ættu að notast fyrir það fólk sem hefur orðið fyrir búsifjum vegna þess að olía hefur hækkað á heimsmarkaði. En það er nú öðru nær. Þeir peningar, sem áttu að notast til þeirra hluta hafa nú verið settir í allt önnur verkefni.

Eins og hv. d. er kunnugt voru skattalagabreytingarnar afgreiddar frá Alþ. fyrir skömmu, án þess að því fylgdu lagagreinar sem varða skattstigann. Það er sjónarmið okkar sjálfstæðismanna, að það beri að bíða með afgreiðslu þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir, þar til skattstigadæmið verður gert upp hér á hv. Alþ. Þessi mál eru öll í samhengi. Þau horfa ekki aðeins að ríkissjóði, ekki heldur aðeins að sveitarfélögunum eða að ríkissjóði og sveitarfélögum. Þau snerta að sjálfsögðu alla skattgreiðendur í þessu þjóðfélagi. Og við verðum að sjálfsögðu að hugsa um hag þeirra fyrst og fremst.

Ef litið er á stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens og spurst fyrir um það, hvað þar megi lesa um útsvör, kemur í ljós að í kaflanum um kjaramál er aðeins rætt um útsvör. Og þar segir í 2. tölul., með leyfi forseta:

„Til þess að draga úr almennum peningalaunahækkunum er ríkisstj. reiðubúin til þess að beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum í tengslum við kjarasamninga."

Síðan kemur a-liður, sem ég ætla ekki að lesa, en þó væri vissulega full ástæða til þess, því að þar verður greinilega um vanefndir að ræða ef trúa má fjárlagafrv. En ég kem að b-lið og þar stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Athuguð verði í þessu sambandi lækkun útsvars af

lægstu tekjum, án þess að hlutur sveitarfélaga skerðist."

Nú langar mig til þess að spyrja hæstv. félmrh.: Hvað er að hans mati það sem kalla má lægstu tekjur? Um þetta hafa menn að vísu rætt og sett fram sjónarmið, en það er full ástæða til þess, þegar rætt er um útsvörin, að fá um það svör hér á hv. Alþ., hvað séu lægstu tekjur samkv. orðum stjórnarsáttmálans. Og í öðru lagi: hve mikilli upphæð má gera ráð fyrir að verði varið í þennan lið? Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðh. jafnframt þeirrar spurningar, hvort þarna sé ákveðin upphæð höfð í huga.

Það er gert ráð fyrir því, að launafúlgan á þessu ári verði um 600 milljarðar kr. lauslega áætlað. Miðað við þær hugmyndir, sem menn hafa gert sér um lægstu tekjur af ræðum manna og ritum, getur maður ímyndað sér að þessi upphæð í 2. tölul. b í kjaramálakafla stjórnarsáttmálans liggi á milli 1 og 2 milljarða kr. Sé þetta rangt, þá bið ég hæstv. félmrh. að leiðrétta það, ef hann hefur sjálfur einhverja hugmynd um hvað felst í þessum orðum stjórnarsáttmálans, sem ég hygg þó að séu komin úr herbúðum hans eigin flokks.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lýsti hér áðan í ræðu brtt. sem hún flytur á þskj. 199. Í þeirri brtt. er gert ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði, sem nemur 4% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð á þessu ári, verði tekið og látið renna eftir sérstökum leiðum til sveitarfélagann. Ef reynt er að meta þessa upphæð, þá er hún líklega um 4.5 milljarðar eða svipuð upphæð og gert var ráð fyrir að 12.1% eða 10% ofan á 11% mundu ná.

Ég get vel ímyndað mér að þessi leið sé fær, en þó er um hana að segja að æskilegra hefði verið að skattheimtan hefði verið minnkuð beint af ríkisins hálfu, t. d. um eitt söluskattsstig. Þannig hefði skattheimta til ríkisins lækkað, en aftur hefðu sveitarfélögin fengið að hækka sína prósentu á móti. Sú leið er auðvitað beinni. Þarna er um að ræða kannske óþarflega krókótta leið. En allt um það, sú till., sem kemur frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, er þess virði að hún sé skoðuð rækilega. Því miður var hún ekkert rædd í félmn., enda þótt hv. þm. eigi sæti í þeirri nefnd, og mun það vera tilkomið vegna þess, að þessi hugmynd skaut ekki upp kollinum fyrr en nefndarstörfum hafði verið lokið um þessi atriði.

Það er þess vegna ósk mín, að meðan þetta mál er hér til 2. umr. gefist hv. félmn. tækifæri til þess að athuga það ítarlega, kalla til sín sérfræðinga. — Það ætti ekki að taka langan tíma, — þannig að við fengjum upplýsingar um hvort þessi leið sé fær. Hún kostar að sjálfsögðu það, að þingið þarf að gera till. um talsverðan niðurskurð, en annað sýnist ekki vera eðlilegt þegar þess er gætt, að skattaukinn, sem rennur til sveitarfélaganna er kominn, til m. a. vegna aukinna verkefna sem hafa horfið frá ríki til sveitarfélaga.

Í ræðu sinni hér áðan vék hv. þm. Alexander Stefánsson að sjónarmiðum sveitarfélaganna og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga í þessu máli. Annars vegar var minnst á þá röksemd, að ríkið hefði ýtt verkefnum á sveitarfélögin, en hins vegar á hina, að í raun væri það verðbólgan sem hefði rýrt tekjustofna sveitarfélaganna. Hann nefndi í því sambandi að Þjóðhagsstofnun reiknaðist svo til, að í raun hefðu þessi 11% aðeins orðið að 7.5%, þegar tekið væri tillit til verðbólgunnar. Þetta held ég að hljóti að standast. Þetta er í takt við þá miklu verðbólgu sem hér hefur geisað. En í þessu sambandi vil ég vekja vonir hjá hv. þm. Þannig stendur á, að hann styður þá stjórn sem tekið hefur við völdum hér á landi. Og í margnefndum stjórnarsáttmála þeirrar stjórnar er minnst á það markmið, að hér muni verðbólga fara ofan í sama stig og er í nágrannalöndunum árið 1982, eða eftir tvö ár. Þetta þýðir u. þ. b. 10 — 12% samkv. upplýsingum sem ég sá í riti frá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu sem liggur nú á borðum sumra þm. Ég nefni þetta hér, því að ef hv. þm. Alexander Stefánsson trúir þeim orðum sem standa í þessum stjórnarsáttmála, þá mun hann með sínum gjörðum hér á þingi, sínu aðhaldi að hæstv. ríkisstj. geta gert íslenskum sveitarfélögum langmestan greiða með aðhaldsstefnu sem mundi þýða lækkandi verðbólgu, þannig að þetta markmið næðist, að sveitarfélögin fengju í raun miklu meiri tekjur til sín en þau hafa í dag. En ekki virðist hv. þm. treysta á þau orð sem eru í þessum stjórnarsáttmála, ef marka má ræðu hans áðan.

Þá kom hv. þm. á framfæri skilaboðum frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Í þeirri yfirlýsingu er ályktað á þann veg, að þingið er hvatt til að greiða atkv. með till. hans og annarra hv. þm. um 10% hækkunina. Þetta er gert í samræmi við samþykktir síðasta landsþings. Svo segir orðrétt í þessari yfirlýsingu, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi bendir stjórnin á að æ fleiri verkefni hafa bæst á sveitarfélögin, sérstaklega á sviði skólamála, heilbrigðismála og félagsmála, án þess að auknar tekjur kæmu á móti."

Þetta undirstrikar þau rök sem hér hafa verið flutt, bæði af mér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að ríkið ætti að geta sparað eitthvað á móti.

Loks segir í þessari yfirlýsingu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga:

„Þá bendir stjórnin á að vegna hærra verðbólgustigs hefur skattbyrði gjaldenda af útsvörum á liðnum árum verið minni en hún var við setningu tekjustofnalaganna 1972."

Þetta styður það, að með minnkandi verðbólgu — sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið okkur miklar vonir um að verði hér á næstu árum — muni þetta atriði lagast.

En í lokin segir svo í þessari yfirlýsingu, með leyfi forseta:

„Í skattheimtu ríkissjóðs verður að taka mið af því, að gjaldþoli manna verði ekki misboðið."

Og nú spyr ég hann sem einn af þeim mönnum sem standa fremstir í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga: Hvað þýðir þetta? Hvenær er gjaldþoli manna misboðið? Við hvaða mörk telur hann að gjaldþoli íslenskra skattgreiðenda sé misboðið?

Ég vil gefa þá yfirlýsingu hér og nú, að ef svo heldur fram sem horfir hjá þessari hæstv. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar hér á þingi, þá koma þau mörk fyrr en síðar, að íslenskir skattgreiðendur, hvort sem þeir eru að greiða útsvör eða skatta til ríkisins, munu rísa upp og segja: Ekki meir.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. Ég vil aðeins í örfáum orðum koma inn á það, sem hér hefur komið fram, og þá fyrst og fremst víkja að máli hv. 10. landsk. þm., sem hún flutti í sambandi við þá brtt. sem hún flytur á þskj. 199. Ég verð því miður að segja það hér, að mér finnst þessi brtt. vera mjög í takt við það sem hefur verið kallað leiksýningar á hv. Alþingi.

Þessi hv. þm. hefur verið á öllum fundum í félmn.,

bæði sameiginlegum fundum beggja þd. og eins á fundum félmn. Nd., og það allt fram á síðari hluta næstsíðasta dags, og það hefur aldrei komið eitt orð frá þessum hv. þm. um málefni sveitarfélaga í þeim dúr, sem hún talaði um nú í þessu sambandi. Og ég vil bæta því við, að það er svo mikið mál að gera veigamikla breytingu og hv. þm. leggur hér til, að það þyrfti að hafa æðilangan tíma til þess að fjalla um það, því að það yrði að fara í gegnum allt stjórnkerfið og raunar í sambandi við fjárlagafrv., sem hér hefur verið lagt fram. Það mundi raska þeim málum öllum að verulegu leyti.

En það, sem mér finnst furðulegt, er að þessi hv. þm. hefur verið stuðningsmaður ríkisstj. frá því að hún tók sæti á hv. Alþ., þar sem félmrh. hefur verið úr hennar flokki, félmrh. sem hefur verið beðinn af stjórnendum sveitarfélaga á Íslandi æ ofan í æ að reyna að koma fram umbótamálum fyrir sveitarfélögin, leiðrétta þetta óréttlæti sem ég lýsti í framsögu minni áðan í sambandi við tekjustofna sveitarfélaga. Þetta hefur ekki verið hægt. Og nú skil ég af hverju það var ekki hægt. Það er ekki nema um eitt að ræða, að hans flokkur, þingflokkur hv. 10. landsk. þm., hafi staðið gegn því, að slíkar breytingar yrðu gerðar, því að engar slíkar tillögur hafa komið fram. Ég þarf ekki að lýsa því, hæstv. fyrrv. félmrh. er hér staddur í salnum, að hann hefur oftar en einu sinni tekið jákvætt undir þær óskir sveitarstjórnarmanna að fá hækkun á útsvarsprósentunni. Hann hefur meira að segja haft tilburði til þess að koma því í lög. Hann hefur einnig gert tilraun til þess að útbúa lagafrv. þar sem raungildi tekjustofna sveitarfélaga yrði leiðrétt. En það hefur ekki komist fram. Það, sem vekur furðu mína, er að nú eftir að hv. 10. landsk. þm. er búinn að ræða með okkur öllum hinum hið alvarlega fjárhagsástand sveitarfélaga í landinu, á öllum fundum félmn., og það hefur ekki komið eitt orð um það, að hún hefði nokkurn áhuga á að þetta væri leiðrétt á einn eða annan hátt, fyrr en nefndirnar hafa lokið störfum og birt sameiginlegt nál., þá kemur hér fram till. í þessa veru á þskj. 199. Og ég vil spyrja hv. þm.: Hvernig er hægt að auka útgjöld ríkissjóðs eða réttara sagt taka af tekjum ríkissjóðs 4 — 5 milljarða og afhenda sveitarfélögum til að lagfæra fjárhagsstöðu þeirra án þess að ríkissjóður þurfi að leggja á skatta fyrir sömu upphæð í staðinn? Það hefur aldrei komið fram hér áður rökstuðningur fyrir því að slíkt væri hægt.

Ég verð því miður að segja það, að mér finnst þetta vera furðuleg afstaða og ekki hvað síst þegar tekið er tillit til þess, að fyrrv. hæstv. félmrh. hefur, að því er ég trúi, haft einlægan vilja til þess að leiðrétta stöðu sveitarfélaga. En hvers vegna fékk hann þá ekki stuðning hv. 10. landsk.?

Í sambandi við þetta mál vil ég aðeins segja það til viðbótar, að eins og ég tók fram áðan liggur það skjallega fyrir eftir margra ára umr., að sveitarfélögin hafa ekki haft þá tekjustofna sem þau hafa þurft, og vegna rýrnunar á því heimildarákvæði sem þau höfðu í þeim lögum, sem í gildi eru í dag, hefur það ekki nægt og allflest sveitarfélög hafa þurft að nota sér þetta 10% ákvæði á síðari árum. Hins vegar mundu þau hafa í sambandi við þessa brtt. heimild til þess að notfæra sér þetta á mismunandi hátt. Ég bendi á að eitt sveitarfélag hér í nágrenni höfuðborgarinnar, Seltjarnarnes, hefur notað sér þessa heimild aðeins að hluta og fengið heimild til álagningar um 5%. Ég bendi einnig á það, ef menn halda að það sé svo voðalegt mál að veita sveitarfélögunum þessa heimild, að þessi heimild er skilyrt frá hendi rn. Sveitarfélögin verða að rökstyðja það, að þau hafi ekki tekjur á venjulegan hátt til þess að annast þá nauðsynlegu þjónustu og framkvæmdir sem þau eru skyldug að inna af hendi samkv. sveitarstjórnarlögum fyrir sína umbjóðendur. Þannig er ekki hægt að nota þetta heimildarákvæði eftir því sem einhverjum og einhverjum dettur í hug, heldur verður að rökstyðja það með þörf. Og ég þekki ekki þá sveitarstjórnarmenn, sem vilja íþyngja íbúum síns sveitarfélags með álagningu gjalda sem eru ekki þannig rökstudd, að íbúarnir ekki aðeins krefjist þess heldur verði að fá þá þjónustu sem að er stefnt með slíkum gjöldum. Ég hef ekki nokkra trú á því, að nokkur sveitarstjórnarmaður mundi fara út í neinn leikaraskap í sambandi við þessa álagningu eða þessa heimild. Ég fer ekki ofan af því, að ég tel að sveitarstjórnum sé treystandi til þess að fara með þá tekjustofna sem þeim eru ætlaðir í lögum. Þeim er best treystandi til þess að fara með þá viðbót sem löggjafinn vill heimila þeim að nota sér, ef þau hafa til þess brýna þörf.

Ég ætla að leiða hjá mér að eiga orðaskipti nú við hv. þm. Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv. Ég geri ráð fyrir því, að tækifæri gefist til þess þegar við förum að ræða fjárlagafrv. á lokastigi. Ég geri ekki ráð fyrir að hann sé frekar fær um það en ég að segja til um það hér á hv. Alþ., hvað gjaldþol gjaldenda í þessu landi er mikið. En hitt get ég sagt honum, að ég er alveg viss um það, að sveitarfélögin eða sveitarstjórnir í landinu eru ekki að bruðla með fjármuni á einn eða neinn hátt. Þær ganga eins skilmerkilega frá sínum framkvæmdum og sínum möguleikum til að veita fólki þjónustu og hægt er innan þess ramma sem lög og reglur setja þeim. Og ég er alveg viss um það, að þeirri aðhaldsstefnu, sem núv. ríkisstj. hefur ákveðið að hafa að leiðarljósi, munu sveitarfélögin eða sveitarstjórnir einnig almennt fylgja.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég held nú að borgarar í þessu landi verði að fara að biðja fyrir sér, ef það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að sveitarstjórnirnar ættu að sýna sömu aðhaldssemina í sínum rekstri og ríkisstj. hefur sýnt að hún muni gera. Ég er hræddur um að þá þrengist um hjá mörgum og verði lítið eftir í ráðstöfunartekjur fyrir einstaklinginn, ef þar verður ekki betur haldið á en hjá ríkisvaldinu.

Annars stóð ég nú upp aðallega til þess að láta í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. félmrh. skuli ekki grípa tækifærið, þegar hann fær það tilefni frá hv. 10. þm. Reykv., til að gera þingheimi grein fyrir því, hvað við sé átt í málefnasamningnum með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Athuguð verði í þessu sambandi lækkun útsvars af lægstu tekjum, án þess að hlutur sveitarfélaga skerðist."

Ég held að það sé kominn tími til þess, að helstu forustumenn og talsmenn Alþb., sem hefur haft það að kosningamáli alla sína tíð, fari nú að kveða upp úr um það, hvernig þeir ætli í þessari ríkisstj., sem nýsest er að völdum, að halda vörð um lægst launaða fólkið. Ég sé t. d. að hér á móti mér er einn þm. Alþb., hv. 8. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, og ég geri ráð fyrir að það komi henni jafnmikið á óvart og mér, að ríkisstj. skuli senda frá sér plagg um það, að hún hyggist ekki semja við opinbera starfsmenn fyrr en samningar hafi gengið á hinum frjálsa vinnumarkaði. Hefði maður þó getað

vænst þess, þegar Alþb.-maður er sestur í stól fjmrh., að hann mundi grípa tækifærið, ganga á undan og sýna í verki þá viðleitni sem þeir Alþb.-menn hafa á umliðnum áratugum þóst bera í brjósti til verkalýðsins í landinu, launþeganna, ekki síst þeirra sem lægst eru launaðir. En það er nú síður en svo, að þannig blási á þeim bæ. Svar ríkisstj. til opinberra starfsmanna er komið, þess efnis, að um engar grunnkaupshækkanir verði að ræða á þessu ári. Þeir geta að vísu búist við því að fá einhver réttindi, einhver samningsréttindi sér til handa, en allt skuli það vera á kostnað þess, að kjarabætur verði af þeim teknar. Það á sem sagt að versla við opinbera starfsmenn. Þeir eiga að láta af hendi hluta af launum sínum, hluta af sínum umsömdu kaupkröfum, en fá í staðinn óljós loforð eum eitt og annað í framtíðinni, sem ekki verður betur staðið við — má búast við — heldur en t. d. þann hluta sem sjómenn áttu að bera úr býtum úr félagsmálapakkanum, þar sem við ekkert hefur verið staðið.

Ég held að hæstv. félmrh. eigi nú að sýna það lítillæti að útskýra fyrir þingheimi við hvað hann eigi, þegar hann féllst á það, að í stjórnarsáttmálanum stæði: „Athuguð verði í þessu sambandi lækkun útsvars af lægstu tekjum, án þess að hlutur sveitarfélaganna skerðist," — því að hann ber ábyrgð á því sem slíkur gagnvart sveitarfélögunum og gagnvart hinu lægst launaða fólki, að við þetta verði staðið.

Það getur út af fyrir sig verið gott að fá orðakonfekt af og til, en til langframa eru það helst til litlar trakteringar og ekki eitthvað sem menn þakka fyrir eftir á. Þessi þögn hæstv. félmrh. gefur tilefni til þess, að kjaramálin séu tekin hér almennt til umræðu, og það er vissulega bagalegt að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur. Maður gæti þá jafnframt spurt hann um það, hvernig staðan væri í samningsréttarmálunum, hvað það væri sem hann hygðist nú láta opinberum starfsmönnum í té í staðinn fyrir grunnkaupshækkanirnar. Og ég verð að segja í þessu sambandi, að það væri ekki ófróðlegt að heyra eitthvað frá þeim þingmönnum Alþb. tveim, stjórnarmanni BSRB og formanni Verkamannasambandsins, hvað þeim finnst um þá kjararýrnun sem boðuð hefur verið af ríkisstj. með fjárlagafrv., þessum tveim hv. þm. sem á sínum tíma töluðu mest um það á árinu 1978, fyrir tveim árum, að samningunum yrði komið í gildi. Og annar þeirra var svo skáldlegur í því sambandi, að hann talaði um að hann ætlaði ekki að róa með kóngsins mann yfir Skerjafjörð kjaraskerðingarinnar. Síðan hefur hann verið kófsveittur að róa með þá hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds, hæstv. iðnrh. Hjörleif Guttormsson og hæstv. félmrh. Svavar Gestsson. Það mætti segja mér að þeir hafi heitið sjálfum sér því, að þeir skuli hvorki láta skerða hár sitt né skegg fyrr en þeir séu búnir að koma kaupmættinum svo langt niður að við ekkert verði jafnað í sögu lýðveldisins. En þetta held ég að verði sem sagt að liggja ljóst fyrir. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt.

Hér segir enn fremur í stjórnarsáttmálanum, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. mun leita eftir samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um niðurstöður í kjarasamningum sem geta samrýmst baráttunni gegn verðbólgu og þeirri stefnu stjórnarinnar að jafna lífskjör og bæta kjör hinna lakast settu í þjóðfélaginu."

Gagnvart opinberum starfsmönnum birtist þetta í því, að kjör þeirra á ekki að bæta að einu eða neinu leyti. Það á engin grunnkaupshækkun að koma til handa þeim sem verst eru settir hjá opinberum starfsmönnum, ef ríkisstj. nær vilja sínum fram. Vitum við þó að ýmsir þar eru ekki allt of sælir og vel haldnir af sínum launum. Og þvílíkur er auningjadómurinn hjá hæstv. ráðherrum, að það fæst ekki upp úr þeim eitt einasta orð um það, hvernig eigi að rétta hlut þessa fólks gagnvart tekjuútsvarinu, þótt eftir því sé leitað, — ekki eitt einasta orð. Þó man ég ekki betur en það hafi verið á sínum tíma, fyrir síðustu kosningar, höfuðkosningamál Alþb. að ekki skyldi gleymast að rétta hag þessa fólks. Það getur verið ágætt að láta fara vel um sig í ráðherrastólum, en ég er hræddur um að það verði létt í vasa hjá þeim sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Og við sjáum það, ef við hugsum t. d. stöðu atvinnuveganna, að það er ekki allt of mikið hugsað um ýmsa þætti þeirra mála. Hvernig er t. d. komið fyrir ullariðnaðinum? Og hvað ætlar ríkisstj. að gera í því?

En svo er bara á hverjum einasta degi komið hingað inn á hið háa Alþingi og kastað inn frv. á frv. ofan um það, að í dag eigi að hækka álögurnar svona mikið og á morgun enn þá meira. Svo er boðað að nýir skattar eigi að koma sem séu utan við fjárlög. Og áfram á að þyngja skattbyrðina í landinu. Þjóðartekjurnar fara minnkandi og við verðum í heild að láta okkur nægja minna. Allir nema hver? Allir nema ríkið — ríkishítin. Hún tekur meira og meira til sín, vegna þess að þeir menn, sem nú fara með landsstjórnina, kunna ekki með hana að fara og hafa ekki metnað til þess að gæta þess hófs í útgjöldum, sem þjóðin öll verður að gæta ef hún á að komast af, og þeir, sem stjórna atvinnuvegunum, verða að gæta.

Við höfum líka séð það á undanförnum dögum, að sumir hæstv. ráðherrar eru býsna kröfuharðir um það, að nauðsynlegt sé að opinberar stofnanir fái svo og svo miklar hækkanir til þess að þær geti borið sig. En um leið og þetta er gefið eftir, þá er boðað að það eigi að setjast á atvinnureksturinn í landinu og gera honum enn örðugra en ella að komast úr þeirri sjálfheldu sem síðasta ár hefur komið honum í.

Í þessu sambandi er kannske athyglisvert að lesa það eftir hæstv. iðnrh., að hann er að býsnast yfir því, að á öllu síðasta ári skyldi Hitaveita Reykjavíkur hafa setið eftir með sínar hækkanir, vegna þess að sú gjaldskrá væri í vísitölunni, þess vegna hefði ekki mátt hækka hitaveituna í Reykjavík. Í barnaskap mínum skildi ég þetta þannig, að hæstv. ráðh. ætlaði kannske að beita sér fyrir því, að launþegar fengju þann hluta tekna sinna bættan sem þannig hefur ranglega verið frá þeim tekinn, því að þetta þýðir að sjálfsögðu mikla kjaraskerðingu fyrir allt fólk í landinu, einkum og sér í lagi í hans kjördæmi, þar sem svo hefur verið látið líta út sem húshitunarkostnaðurinn hafi verið hér um bil óhreyfður á sama tíma og hann hefur margfaldast, ekki síst á olíusvæðunum. Nema það sé kannske meiningin, að nú eigi að leiðrétta þetta með hitaveituna, og þar sem talað er um að endurskoða eigi vísitölugrundvöllinn, þá sé átt við það, að koma eigi hitaveitunni hér í Reykjavík upp án þess að launþegar fái eina einustu krónu í vasann, þannig eigi í þetta skipti að fara aftan að launþegum í landinu. Maður er orðinn ýmsu vanur. Maður hélt kannske í fyrra, þegar þeir lækkuðu almenn laun í landinu um 2% frá árinu 1979, en hækkuðu um leið skattana þó þeir hefðu lofað að lækka þá, að þeir mundu kannske reyna að standa við það á þessu ári, vegna þess að þessir tveir verkalýðsleiðtogar eru nú komnir í hópinn, 7. þm. Reykv. og hv. 8. landsk. þm., — að þá mundu þeir kannske sjá um að við fyrirheitið um lækkaða skatta yrði staðið núna, þó seint sé, án

þess að launþegar þyrftu að færa til þess nýjar fórnir, og fara að standa við þetta lítilræði frá því í fyrra, að lækka beinu skattana. Það er líka í samræmi við stefnu Alþýðusambands Íslands. Svo finnst mér líka að ríkisstj. vinnandi stétta sé ekkert of góð til þess að sýna vináttu sína í verki einstaka sinnum. En það er náttúrlega ekki við því að búast, að við nokkuð af þessu tagi verði staðið. Ég vil ítreka þetta með útsvarið, þá fsp. til hæstv. félmrh., sem um þetta leyti fyrir einu ári stóð hér í þessum stól — ég man nú ekki hvort það var nákvæmlega 14. mars — og hrósaði sér af því að hafa komið verðbólgunni niður í 20% á síðustu þrem mánuðum. Nú er búið að reikna hana út yfir árið í heild, hún fór yfir 60%. Það hefur verið rösklega haldið á síðustu mánuðina. Það má nú segja. Hann þóttist þá hafa fundið upp „patentið." Ég er hræddastur við það, að hann muni lýsa því yfir núna að hann sé búinn að koma henni niður í 10%, því þá veit ég að hún fer upp í 120%, því það er nú þannig, að þegar hann talar um peningamál, fyrrv. viðskrh., þá fer nú fyrst allt úr böndunum.

Sem sagt, ég ítreka þessa fsp., hvernig hann ætli að haga sér í sambandi við lækkun útsvars af lægstu tekjum, án þess að hlutur sveitarfélaganna skerðist.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. talaði um stöðu sveitarfélaganna, og ég er sammála honum í því, að það þarf að bæta hana. Það hefði þurft að gera fyrir alllögnu. Hann talar um aukin verkefni sveitarfélaganna. Það er vissulega rétt, en þó er það ekki nema sáralítið brot, sem þau kosta sveitarfélögin, miðað við það sem verðbólgan kostar þau. Það var komið nokkuð til móts við sveitarfélögin með því að þau fengu 8% hlutdeild í þeim 2 prósentustigum í aukasöluskatti sem lagður var á s. l. sumar. Það ætlaði ekki að ganga vel, en það fékkst þó í gegn á endanum. Þau fá 8% af aukasöluskattinum, og þar með má segja að það hafi verið bætt úr því, sem þáv. ríkisstj. var búin að leggja aukalega á sveitarfélögin.

Hv. 1. þm. Vesturl. segir að ég hafi sem félmrh. fengið mörg tilmæli frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um að bæta stöðu sveitarfélaganna. Það er alveg laukrétt, ég fékk það. Hann segir líka, að það hafi verið Alþfl. að kenna að það náðist ekki í gegn. Þetta er algjörlega rangt. Ég lagði það iðulega til í fyrrv. ríkisstj., í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, að þau fengju heimild til tólfta prósentsins. Það var ekki Alþfl. sem stöðvaði það. Það reyndi aldrei á það hér á Alþ., vegna þess að það var Framsfl. í ríkisstj. sem stöðvaði málið, einkum þó fjmrh., því allt í einu, þegar var farið að tala um sveitarfélögin, mátti ekki undir neinum kringumstæðum hækka skatta. Þá var komið nóg. Það var því fjmrh. og flokkur hans í þeirri ríkisstj. sem stöðvaði allar umbætur í þessa átt. Það reyndi aldrei á það, hvort Alþfl. mundi styðja það eða ekki. Það reyndi aldrei á fylgi hans við þessi mál hér á Alþingi.

Sami hv. þm. segir að þessi heimildarhækkun sé skilyrt. Hún er ekki meira skilyrt en svo, að það er verið að tala um áætluð útgjöld, þ. e. það sem menn setja í fjárhagsáætlun. Það getur hver sem er sett hvaða tölu sem er inn í fjárhagsáætlun. Aftur á móti voru skilyrði í mínum hugmyndum um það, að það væru nauðsynleg útgjöld og ráðherra yrði þá að meta í hvert skipti hvort þau væru raunverulega nauðsynleg.

Hv. 1. þm. Vesturl. sagði að þetta væri veigamikið mál, till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það má vel vera að svo sé. En honum finnst það ekki veigamikið mál þó að lagðir séu 5 milljarðar aukalega á landsmenn án þess að nokkuð komi þar á móti.

Það hefur verið minnst á stjórnarsáttmálann og hvað hann segir um lægri laun. Þetta á að standa við með því, ef þessi brtt. verður samþykkt, að hjón með 900 þús. kr. tekjur fá 60% hækkun á útsvari, hjón með 1 milljón 42% hækkun, hjón með 2 milljónir 16.2% hækkun. Svona er staðið við það að lækka útsvar af lægstu tekjum. Svo lækkar þetta ofan í 10.8% við 10 milljón kr. tekjur. Svipað er að segja um einstaklinga. Þetta er nú allt sem gert er til þess að efna þetta loforð.

Þá er spurningin, úr því að ég var tilbúinn að samþykkja 12% álagningu fyrir ári, hvers vegna það getur ekki gengið núna eða hvers vegna það kannske liggur ekki alveg beint við að gera það núna. Það er vegna þess, að ríkissjóður hefur tekið til sín miklu meiri hlut en hann gerði þá. Okkur er sagt núna að skattar eigi ekki að hækka, tekjuskattar eigi ekki að hækka á einstaklinga, það eigi að vera sama hlutfall og áður var. Ég skil ekki hvernig það má verða, þegar tekjur á árinu 1979 hækkuðu um 45% eða liðlega það frá árinu 1978, en tekjuskattur á einstaklinga á að hækka um 65.1%. Ég veit ekki hvernig það má verða án þess að heildarhækkun verði á skattlagningu.

Ég er sammála því sem fram hefur komið og kom m. a. fram hjá 1. þm. Vesturl., að það er auðvitað nauðsynlegt að bæta stöðu sveitarfélaganna. Það er líka rétt hjá honum, að það eru ekki nema 7.5, og reyndar tæplega 7.5% sem nýtast af þessum 11% fyrir sveitarfélögin miðað við 50% verðbólgu. Það er reyndar nær 7.2%, þannig að þar þarf fyrst og fremst að leita úrlausnar.

Ef þessi till. verður samþykkt, þá þyrfti hún ekki að vera í gildi nema í eitt ár, bara þetta eina ár, þ. e. árið 1980, vegna þess að verðbólgan á að fara ört lækkandi, og auk þess væri upplagt og sjálfsagt, ef tekin yrði um það ákvörðun núna strax eða fljótlega, að breyta útsvarsinnheimtunni yfir í staðgreiðslu um næstu áramót. Það er vel hægt, ef tekin er um það ákvörðun strax, því hún er afskaplega auðveld, útsvarið er mjög auðvelt að innheimta með staðgreiðslu.

Með þessari till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er gerð tilraun til þess að færa á milli ríkis og sveitarfélaga. Það er alltaf verið að tala um að sveitarfélögin hafi tekið á sig álögur og ríkisstjóður sloppið. Þarna er verið að gera tilraun til þess að færa þar nokkuð á móti. Ef sú till. verður felld, þá mun ég við 3. umr. um þetta mál bera fram till. sem hlífir þeim sem lægstar hafa tekjurnar, að þeir fái ekki þessa hækkun, heldur nokkra lækkun, reyna að ganga þar svolítið í átt til þess sem lofað er í stjórnarsáttmálanum, en stjórnarflokkarnir eru staðráðnir í að svíkja, að því er virðist. Ég mun þá bera fram till. sem gengur í þá átt að draga úr hækkunum hjá þeim lægra launuðu og koma í veg fyrir þær hjá þeim lægst launuðu, án þess að ávinningur sveitarfélaganna af þessu tólfta prósenti, ef það verður samþykkt, breytist — eða án þess að þau tapi verlega við þá breytingu sem ég ætla að leggja til.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hv. þm. Magnús H. Magnússon hefur nú tekið af mér verulegt ómak við að svara nokkrum rangfærslum í málflutningi hv. þm. Alexanders Stefánssonar, sem fullyrti að þingflokkur Alþfl.

hefði orðið til þess að stöðva hækkun á útsvari á sínum tíma. Það er allt í lagi að endurtaka það sem hv. þm. Magnús H. Magnússon sagði hér, að það var fjmrh. Framsfl. sem það gerði í ríkisstj.

Ég held að menn verði að gera sér nokkra grein fyrir því, hver mismunurinn á þeim tveimur till. sem hér eru til umr., annars vegar brtt. á þskj. 191 og hins vegar brtt. á þskj. 199. Brtt. þeirra fjórmenninganna, Alexanders Stefánssonar, Guðmundar J. Guðmundssonar, Jóhanns Einvarðssonar og Eggerts Haukdals, er að vísu heimildarákvæði. En þurfa menn að láta segja sér það tvisvar, að þessi heimildarákvæði verði ekki notuð til fulls? Þarna eru heimildarákvæði upp á 4.5 milljarða kr. sem koma beint ofan í mjög verulegar tekjuskattshækkanir sem fyrirsjáanlegar eru. Ég hafði litið svo á í sakleysi mínu, að það hefði verið eðlilegra að þessari brtt. hefðu þá fylgt einhver heimildarákvæði til þess að auka persónuafslátt eða lækka tekjuskatta á láglaunafólki hér á landi, en það er ekki svo gott.

Ég vil benda á það, að í till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er gert ráð fyrir að þessara fjármuna verði aflað á annan hátt en með beinni álagningu skatta eða útsvara. Hv. þm. Alexander Stefánsson spurði að því áðan, hvar ætti að spara og hvernig ætti að spara þessa 4.5 milljarða sem gert er ráð fyrir í till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að verði færðir á milli ríkis og sveitarfélaga. Ég hafði af því spurnir í dag, að í kjördæmi hv. þm. Alexanders Stefánssonar væru hugmyndir uppi um að halda áfram smíði Borgarfjarðarbrúar, en til þess verks skyldi nú tekið lán utan fjárlaga eða aflað fjár utan fjárlaga upp á hálfan annan milljarð kr. Það væri kannske spurning, hvort ekki mætti geyma þennan hálfan annan milljarð eða útvega hann til þess að hjálpa sveitarfélögunum eilítið í þeirra vandræðum, sem enginn dregur í efa að eru mjög veruleg. Það mætti kannske spara, ef vilji væri fyrir hendi, eitthvað á útflutningsuppbótum landbúnaðarvara — eða væri það ekki hugmynd? Það er hægt að spara á mjög mörgum sviðum, er vilji er fyrir hendi. Og ég er alveg sannfærður um að sú till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hér liggur fyrir, er margfalt betri en till. fjórmenninganna.

Ég vil minna á ummæi hv. þm. Friðriks Sophussonar, sem hann viðhafði hér og ég tel afskaplega eðlilegt að verði orðið við, að þessi till hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur verði könnuð í n. áður en 2. umr. lýkur. Og ég tek ekki undir þau orð hv. þm. Alexanders Stefánssonar, að það þurfi að vera mikil vinna sem felist í því að kanna þá till. og það jákvæða sem í henni felst umfram till. á þksj. 191.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í umræðunum fyrr í dag kom fram að samstaða er um það í meginatriðum hér í hv. þd. að aðlaga tekjustofnalögin hinum nýju lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem hafa verið til afgreiðslu á hv. Alþ. á undanförnum vikum og mánuðum. Ágreiningur er um það, hversu langt á að ganga til móts við sveitarfélögin varðandi ítrekaðar kröfur þeirra og óskir á undanförnum árum um að tekjustofnar þeirra verði verðtryggðir. Í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, sem kölluð var vinstri stjórn, var uppi tillöguflutningur í þá átt að verðtryggja í rauninni útsvarið alveg, þannig að ef verðbólga næstliðna tólf mánuði hefði verið 20%, ef ég man rétt, þá skyldi heimilt að bæta einu prósenti við útsvarið, ef verðbólga næstliðna tólf mánuði hefði verið 40%, þá skyldi heimilt að bæta enn við einu prósenti eða tveimur prósentum þá alls. Um þessi mál var talsvert rætt í tíð þeirrar ríkisstj., en ekkert var aðhafst.

Nú gerist það hér á hv. Alþ., að meiri hluti félmn. flytur till. um að heimilt verði fyrir sveitarstjórnirnar að óska eftir hækkun á útsvari um 10% ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Með þessum hætti er komið nokkuð til móts við óskir sveitarfélaganna, en hvergi nærri orðið að fullu við óskum þeirra um verðtryggingu á þeirra tekjustofnum. Á undanförnum árum hefur það verið að gerast, að sveitarfélögin hafa í vaxandi mæli verið að taka hærri útsvarsprósentu. Er nú svo komið, að nær öll sveitarfélög í landinu og allir kaupstaðir nema einn nota ellefu prósentin að fullu. Og það er verulega erfitt fyrir sveitarfélögin að komast af með þessi 11% í þeirri miklu verðbólgu sem hér hefur verið. Þetta viðurkenna allir sanngjarnir menn, í hvaða stjórnmálaflokki sem þeir eru, og af þeim ástæðum er sú till. flutt sem hér veldur einna mestum deilum.

Í málefnasamningi núv. ríkisstj. er ákvæði um málefni sveitarfélaganna. Þar segir svo:

„Ríkisstj. telur nauðsynlegt að styrkja fjárhag sveitarfélaga til að gera þeim kleift að ráða við þau mörgu verkefni sem þeim ber að sinna. Haldið verði áfram endurskoðun verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga.“

Ég tel að þessi tillöguflutningur af hálfu meiri hl. félmn. sé í ákaflega góðu samræmi við fyrri hlutann í þessari mgr. í stjórnarsáttmálanum sem fjallar um fjárhagsmál sveitarfélaganna. Varðandi síðari hluta þessa ákvæðis stjórnarsáttmálans vil ég geta þess, að tekin hefur verið ákvörðun um það, að sú nefnd, sem starfar að endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, ljúki störfum fyrir næstu áramót. Hún hefur nú skilað tveimur hlutum álits síns, annars vegar grundvallarsjónarmiðum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem skilað var í apríl 1978, og hins vegar tillögum sínum um stjórnsýslukerfið, sem skilað var í jan. 1980. Ég verð var við það, að meðal sveitarstjórnarmanna er mikill áhugi á þessu verki, og í samræmi við það hefur sú ákvörðun verið tekin, að nefndin hraði sínum störfum og skili áliti fyrir næstu áramót.

Í þessum umræðum hefur nokkuð verið vikið að stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. og þá einkum tölul. 2 b á bls. 4 í því kveri, sem gefið hefur verið út með sáttmála þessum, en þar stendur orðrétt eftirfarandi:

„Athuguð verði í þessu sambandi lækkun útsvars af lægstu tekjum, án þess að hlutur sveitarfélaga skerðist.“

Til þessa hefur nokkuð verið vitnað og sumir hv. þm. hafa verið með ákaflega málefnalegar athugasemdir um þetta mál, eins og þeir eru vanir, og ætla ég ekki að fara að skattyrðast við þá hér, vegna þess að einhverjir þeirra eru nú líka fjarverandi. En meginatriðið í þessum efnum er það, að þau ákvæði, sem hér eru í tölul. 2 í málefnasamningi núv. ríkisstj., eru yfirlýsingar sem ríkisstj. gefur til þess að draga úr almennum peningalaunahækkunum í tengslum við gerð kjarasamninga. Það er ekki ætlun ríkisstj. að útfæra þessi atriði, þessar yfirlýsingar, í einstökum atriðum nema í tengslum við gerð hugsanlegra kjarasamninga, nema þau atriði sem eru undir tölul. e að því er varðar löggjöf um starfsumhverfi og aðbúnað á vinnustöðum, en fyrir hv. Alþ. hefur legið um hríð frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og hefur núv. ríkisstj. og aðildarflokkar hennar tekið

ákvörðun um að því máli verði flýtt á yfirstandandi Alþingi.

Mér finnst að í þessum umræðum hafi menn gleymt því hins vegar varðandi útsvarið, að meginatriðið í sambandi við útsvar á lægstu tekjur kemur fram í 68. gr. laga um tekju- og eignarskatt, þ. e. hve stór hluti af persónuafslætti er notaður til þess að greiða upp í útsvar. Þannig hefur þetta ævinlega verið, að sú hliðin, sem að gjaldendunum snýr, hefur frá því að núverandi tekjustofnakerfi var tekið upp verið leyst í gegnum tekjuskattslögin sjálf og persónuafsláttinn. 68. gr. hinna nýju laga um tekjuskatt og eignarskatt hljóðar svo mönnum til glöggvunar:

„Nemi persónuafsláttur samkv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni samkv. 1. málslið 1. mgr. 67. gr., skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans, kirkjugarðsgjald og sóknargjald á skattárinu. Sá persónuafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuaflátt annars hjóna, sem skattlagt er samkv. 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans samkv. 1. málslið 1. mgr. 67. gr., skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans, kirkjugarðsgjald og sóknargjald á árinu."

Hér er auðvitað um að ræða meginatriði, þegar verið er að athuga að hve miklu leyti útsvör komi við gjaldendur, hvernig persónuafsláttur inn kemur út. Það er meginatriði og þess vegna verða menn að skoða tekjustofnalögin og tekjuskattslögin í samhengi. Það er ekki hægt, eins og hv. 5. þm. Suðurl. gerði áðan, að taka tekjustofnalögin ein alveg út úr. Það verður að skoða persónuafsláttarhliðina á málinu líka. Hvernig lítur hún þá út samkv. hinu nýja skattakerfi sem nú er verið að taka upp? Hvað er það mikið sem greitt er upp í útsvar af ónýttum persónuafslætti samkv. þeim áætlunum sem fyrir liggja?

Ef við lítum aðeins til baka til ársins 1978, þá kemur fram að ónýttur persónuafsláttur upp í útsvar nam einum milljarði kr., nákvæmlega 1031 millj. kr. Þá nam álagt útsvar um 20.7 milljörðum kr. Það var sem sagt rétt um 1/20 sem kom þarna til baka í gegnum persónuafsláttinn. Á árinu 1979, á því ári þegar við, ég og hv. 5. þm. Suðurl., sátum saman í ríkisstj., leit þetta þannig út, að heildarútsvarsálagningin á árinu 1979 nemur 33.5 milljörðum kr. samkv. nýlegri skýrslu sem lögð hefur verið fram í félmrn., en ónýttur persónuafsláttur upp í þetta útsvar, þar sem ríkið í raun og veru kemur á móti, nam 1.6 milljörðum kr. Það er 1.6 milljarðar á móti 33.5 milljörðum kr. Hvað er að gerast hins vegar nú? Samkv. þeim skattalögum, sem Alþ. hefur nýlega samþ., eru hjón sérsköttuð. Og þar sem um er að ræða hjón kemur í þeirra hlut tvöfaldur persónuafsláttur nú í stað 150% í raun áður. Hvernig lítur þá þetta út nú árið 1980 — samkv. áætlunum, skal tekið fram, og auðvitað geta þær aldrei verið 100% nákvæmar? Samkv. áætlunum er talið að sú hækkun, sem hér er verið að tala um á útsvarinu, nemi um 4.5 milljörðum kr. yfir landið, ef hún er nýtt að fullu, að mig minnir. (**Gripið fram í:** 5.1.) Er það nýtt að fullu? Ef það er rétt hjá hv. þm., þá skal ég miða við það, 5.1 milljarður kr., skulum við segja. En ónýttur persónuafsláttur upp í útsvar á þessu ári vegna skattkerfisbreytingarinnar tvöfaldast frá því sem verið hefði að óbreyttum skattalögum. Hann hefði að óbreyttum skattalögum verið 2.3 milljarðar kr., en verður, vegna skattkerfisbreytingarinnar auðvitað fyrst og fremst, milli 4 og 4.5 milljarðar kr. Ég get ekki nefnt nákvæmari tölur, vegna þess að þær geta ekki legið fyrir fyrr en álagning hefur farið fram. (**HBl:** Liggur þá skattstiginn fyrir? Er þá hægt að gefa upplýsingar um skattstigann?) Það liggur sem sagt fyrir og það er rétt að upplýsa hv. þm. um það, að ég er hér að fjalla um hluti sem verið er að ræða um á vettvangi ríkisstj., og ég vænti þess, að næstu daga verði hér lagt fram stjfrv. um skattstigana. Ég vænti þess. En miðað við það er hér um að ræða verulega hækkun á ónýttum persónuafslætti upp í útsvar. Og jafnvel þó að lítið hefði í rauninni gerst annað en kerfisbreytingin sjálf, þá hefði þarna átt sér stað hækkun. Jafnvel þó að tilfærsla hefði ekki orðið á frádráttartölunum á milli ára, þá hefði þarna átt sér stað hækkun, það geta menn sagt sér sjálfir, þannig, að af þessum 5 milljörðum kr., sem hér er rætt um af hv. þm. Karvel Pálmasyni, sem kann að vera rétt, ég hef ekki skoðað þær tölur nýlega, segjum það, þá skilast til baka í gegnum persónuafsláttarkerfi 1.5—2 milljarðar kr. frá því sem verið hefði að óbreyttum skattalögum. Það er þetta grundvallaratriði sem menn þurfa að hafa í huga, bæði að við erum að ganga hér inn í skattkerfisbreytingu, sem hefur þessar afleiðingar, og líka hitt, að sveitarfélögin í landinu eru að verða að heita má í spennitreyju tekjulega séð. (Gripið fram í.) Það er minni og minni hluti af tekjum sveitarfélaganna sem hægt er að fá til þess að verja til eignahreyfinga og framkvæmda. — Vildi hæstv. forseti reyna að þagga niður í virðulegum ritara sínum?

Þessi meginatriði bið ég menn að hafa í huga, og þess vegna finnst mér nauðsynlegt að menn skoði þessi mál málefnalega og í heild. Það er ekki hægt að taka tekjustofnahliðina út úr þessu án þess að virða um leið fyrir sér persónuafsláttinn í tekjuskattslögunum. (**HBl:** Og hvað er hann hár?) Það er grundvallaratriði. (**Forseti:** Ekkert samtal.) Þess vegna vil ég leggja á það áherslu, að menn hér meti þessa hluti af málefnalegri sanngirni, líkt og gert hefur verið hér í umr. í dag að heita má af öllum ræðumönnum og þó kannske alveg sérstaklega af hv. 7. landsk. þm., þar sem málefnaleg afstaða og heildarsýn til málanna kom betur fram en í nokkurri annarri ræðu jafnvel hér í dag og er þá langt til jafnað. En 7. landsk. — til glöggvunar — er hv. þm. Halldór Blöndal.

Ég tel nauðsynlegt fyrir hv. Alþ. að hafa þetta í huga. Ég ætlaði ekki að koma hingað upp til að skattyrðast við menn. Ég ætlaði að koma hingað upp fyrst og fremst til þess að reyna að glöggva þessa mynd sem við verðum að hafa fyrir framan okkur.

Varðandi sveitarfélögin vil ég segja það, að sveitarstjórnirnar eru lýðræðislega kjörnir stjórnendur umræddra stjórnsýslueininga og það á að vera hægt að treysta þessum aðilum til ákvarðana í umboði sinna kjósenda. Ég tel rangt að reyra sveitarfélögin í spennitreyju valdboða og ákvarðana að því tagi sem þrengir mjög verulega þeirra starfssvið. Þess vegna get ég fyrir mitt leyti fallist á að auka möguleika sveitarfélaganna til ákvarðana, eins og gert er með þessu frv. Og ég er þeirrar skoðunar, að aukið svigrúm sveitarfélaganna sé í rauninni mikilvægt skref til þess að treysta lýðræðislega

ákvarðanatöku í landinu. Með þetta allt í huga vænti ég þess, að hv. Nd. Alþingis afgreiði þegar á þessum sólarhring það frv. sem hér liggur fyrir.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Vegna ummæla hæstv. ráðh. vegna framíkalla hv. 7. landsk. þm. vil ég segja það, að ekki hefur verið amast við því þann tíma sem ég hef setið hér á þingi þó menn skjóti fram aths. og aths., og oft verið til bóta. Ég held að það sé ekki ástæða til þess að gera aths. við það meðan það er í hófi.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil strax taka það fram, að ég er samþykkur þeim breytingum, sem fram koma hjá hv. félmn., á því frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á tekjustofnalögunum. Ég kveð mér hér hljóðs fyrst og fremst út af því ágreiningsefni sem rætt hefur verið um hér í dag, þ. e. þeirri brtt. sem meiri hl. hv. félmn. þessarar d. flytur eða fjórir þm. úr þeirri n., þess efnis, að sveitarstjórn sé heimilt að hækka 11% útsvarsstigann um 10% að fengnu samþykki ráðh., þannig að útsvarsálagningin verði þá 12.1%.

Þessi brtt. er hér flutt í nafni sjálfstæðis sveitarfélaga, það sé nauðsynlegt að treysta sveitarfélögin, efla sjálfstæði þeirra og gefa þeim færi á að sinna þeim verkefnum sem þau hafa með höndum.

Ég vil minna á í þessu sambandi, að sjálfstæði sveitarfélaga er að sjálfsögðu tvíþætt. Það er annars vegar hvaða verkefni sveitarfélögin hafa með höndum, hvað það er sem þeim er falið að gera af hálfu ríkisins og hvað þau reyna að taka upp hjá sjálfum sér innan þeirra ramma, sem þeim eru settir, hins vegar hvaða möguleika sveitarfélögin hafa til tekjuöflunar.

Þessir tveir þættir hafa verið til endurskoðunar lengi. En ég er þeirrar skoðunar, að á þessa tvo þætti verði að líta í samhengi. Það er ekki hægt að mínu mati að skilja þarna á milli og krukka nú í þetta mál með því að taka út einn hluta af tekjum sveitarfélaga, hækka hann eins og hér er gerð tillaga um. Þetta verður að fylgjast að. Ég fagnaði því mjög, þegar fram kom hjá hæstv. félmrh. yfirlýsing um það, að því starfi, sem tekið hefur langan tíma, að endurskoða verkefnaskiptingu og tekjuöflunarskiptingu ríkis og sveitarfélaga muni ljúka á þessu ári. Og það styður að mínu mati mjög að því, að það, sem gert er til þess að koma til móts við sveitarfélögin núna, verði bráðabirgðaaðgerð, verði aðgerð sem eingöngu eigi að gilda á þessu ári, en ekki að festa til langframa hækkaðan útsvarsstiga. Það segi ég að sjálfsögðu líka í trausti þess að hæstv. ríkisstj. takist að koma niður verðbólgunni, eins og hún hefur lýst yfir, því ein meginrök þeirra, sem vilja hækka útsvarstigann nú, eru einmitt þau, að verðbólgan hafi leikið sveitarfélögin grátt.

Mikið er um það talað, að halda verði uppi raungildi tekna sveitarfélaga. Það er líka um það talað, að halda verði uppi raungildi tekna ríkisins. Ríkið seilist því æ lengra ofan í vasa skattborgaranna með auknum sköttum í margvíslegu formi og þar er sýnt hið mesta hugvit í slíkum tillögum. En hvað með raungildi tekna almennings? Sannleikurinn er sá, að maður verður allt of sjaldan var við það hér á hv. Alþ., að nokkrum manni detti í hug að tala hér um raungildi tekna almennings. Það liggur ljóst fyrir og um það eru skriflegar yfirlýsingar í sambandi við fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir, að kaupmáttur tekna fjölskyldna í landinu hafi rýrnað. Ég vil leyfa mér að vitna í skjal sem Þjóðhagsstofnun hefur látið frá sér fara og fjvn. fékk við samningu fjálaga til að styðjast við sem eina af þeim forsendum sem þetta fjárlagafrv. er byggt á. Þar segir, með leyfi forseta:

„Versnandi viðskiptakjör hafa m. a. leitt til þess, að kaupmáttur kauptaxta er á fyrsta fjórðungi 1980 3 — 4% minni en ársmeðaltalið 1979. Forsendur tekjuáætlunar um kauplag og verðlag, sem reistar eru á áætlunum um hækkun verðlags og launa á fyrri hluta ársins, fela í sér að kaupmáttur kauptaxta verði 3 — 4% minni í ár en að meðaltali 1979. Sé gert ráð fyrir að bætur lífeyristrygginga hækki nokkru meira en kauptaxtar og beinir skattar verði svipaðir sem hlutfall af tekjum á árinu 1979, eins og meðfylgjandi áætlun um beina skatta einstaklinga felur í sér, yrði kaupmáttur ráðstöfunartekna í ár nokkru minni en 1979 og mætti því búast við að heldur dragi úr einkaneyslu."

Þetta kemur og óbeint fram í fjárlagafrv. sjálfu eða í þeim prentuðu aths. sem því fylgja, en þar segir um eina meginforsendu frv., að laun muni hækka að meðaltali um 42% og innlent verðlag að meðaltali um 46.5% milli áranna 1979 og 1980. Það er því alveg ljóst, að hér erum við að tala um minnkandi rauntekjur almennings í landinu, að tekjur þess fólks t. d., sem Guðmundur J. Guðmundsson, hv. 7. þm. Reykv., berst fyrir, a. m. k. utan þingsala, að kaupmáttur tekna þess fólks er að rýrna. En nú kemur hann hins vegar á hv. Alþ. með tillögu á þeirri forsendu að kaupmáttur eða rauntekjur sveitarfélaganna séu að rýrna og þess vegna sé nauðsynlegt að hækka skatta á þessum sama almenningi, sem býr nú við rýrnandi kaupmátt, til þess að sveitarfélögin geti haldið sínu.

Sannleikurinn er sá, að það er ekki endalaust hægt að vega í þennan knérunn, að hækka stöðugt skatta á almenningi eftir þörfum þeirra stjórnmálamanna sem ýmist stjórna hér á hv. Alþ. eða í sveitarstjórnum. Ég tel mig þekkja sveitarstjórnarmál allmikið, hef setið í sveitarstjórn síðan 1962, og ég vil leyfa mér að fullyrða að það er vel hægt að stjórna sveitarfélagi svo að vel fari, halda uppi eðlilegri þjónustu og eðlilegum framkvæmdum án þess að fara í það að hækka útsvar umfram það sem núgildandi lög leyfa. Og jafnframt því sem við erum að tala hér um hækkun á tekjum sveitarfélaga, auknar skattálögur á íbúa sveitarfélaganna til þess að koma til móts við þau, þá er í því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir boðuð stórkostleg hækkun á öðrum sköttum sem ríkið innheimtir. Ég tel að það sé útilokað að skilja þetta mál frá því dæmi, sem við hér á hv. Alþ. hljótum að fá til okkar innan skamms, þ. e. hver verður heildarskattlagning á allan almenning í landinu, bæði í beinum og óbeinum sköttum. Skattstigar eru ósamþykktir og ræða hæstv. félmrh. hér áðan sannfærði mig meira en nokkuð annað um það, að útilokað er og í rauninni lítilsvirðing við hv. Alþ. að ætlast til þess, að þetta frv. verði nú keyrt í gegn án þess að við fáum heildarmynd af skattlagningu í landinu.

Hæstv. félmrh. var hér með dæmi um, hvernig álagning tekjuskatts mundi verða, og það án þess að við hér á hv. Alþ. höfum fengið nokkuð í hendurnar varðandi skattstiga, hver verði persónufrádráttur og þar fram eftir götunum. Ræða hans er því meiri sönnun, meiri vísbending en nokkuð annað um það, að það er ófært og það er ekki verjandi að keyra þetta frv. í gegnum Alþ. án þess að heildarmynd skattlagningar í landinu liggi fyrir. Og ég fer eindregið fram á það, að því máli verði stýrt hér

á þann veg á hv. Alþ. að þm. geti fengið fyrir framan sig heildarmynd af því, hvernig landsmenn verði skattlagðir, því það skiptir ekki máli, þegar menn fara hér niður í Gjaldheimtu og greiða gjaldheimtuseðilinn sinn, hvernig ríki og sveitarfélög skipta þessu svo milli sín eftir á. Það sem máli skiptir, er hvernig almenningur í landinu er í stakk búinn til þess að greiða þá skatta sem á hann eru lagðir, og ég held — miðað við þær forsendur sem ég gat um áðan og koma fram í fjárlagafrv. — að fólkið í landinu sé ekki nógu vel í stakk búið til þess að taka á sig stórkostlegar skattahækkanir.

Hv. 10. landsk. þm., Jóhanna Sigurðardóttir, hefur flutt till. þess efnis, að tekjur Jöfnunarsjóðs verði hækkaðar með því að auka hlut þess sjóðs í söluskattsinnheimtu og því fjármagni verði á þessu ári dreift til þeirra sveitarfélaga sem sannanlega eru í fjárhagsvandræðum og þurfa á auknum tekjum að halda. Ég veit ekki hvaða sveitarfélög það eru, en vafalaust eru það einhver, þó að ég haldi reyndar að það séu ekki þau sveitarfélög sem nú virðast ætla að gerast hvað frekust til fjárins. En mér finnst þessi till. mjög athyglisverð og með því ætti að vera tryggt að þau sveitarfélög, sem raunverulega þurfa þess með, fengju aðstoð að þessu leyti. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að þessi till. fái ítarlega meðferð. Og ég styð þá hugmynd og tilmæli sem fram komu hjá hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophussyni, hér áðan þess efnis, að þessari umr. verði frestað, en félmn. þessarar hv. d. fái færi á að skoða þessa till., átta sig á hvað hún raunverulega felur í sér, áður en endanleg afstaða verði tekin til hennar og áður en þessari umr. lýkur um þetta mál.

Sannleikurinn er sá, að þegar talað er um fjárþörf sveitarfélaganna, þá er reynslan oft sú að mikið vill meira. Ég óttast að þau sveitarfélög, sem að mínu mati hafa þegar gengið of langt í skattheimtu á sína íbúa, muni strax notfæra sér heimildina til að hækka útsvar úr 11% í 12.1%. Ég á hér t. d. við borgarstjórn Reykjavíkur. Það hefur verið mikill pólitískur ágreiningur innan borgarstjórnar Reykjavíkur um þá skattheimtu sem þegar hefur þar átt sér stað. Það gerðist þar árið 1979, að álagningarreglur voru allar hækkaðar frá því sem gilt hafði um árabil, bæði fasteignagjöld og aðstöðugjöld, en það eru þeir tekjustofnar sem hvað drýgst gefa fyrir utan útsvörin, og í ár nemur þessi hækkun, þessi mismunur, 2.6 milljörðum kr., sem Reykvíkingar greiða umfram það sem þeir hefðu þurft ef eldri álagningarreglur hefðu verið í gildi. Um þetta var pólitískur ágreiningur og er. Sú till., sem hér liggur fyrir, mundi hafa í för með sér 2 milljarða auknar skattálögur á Reykvíkinga ef borgarstjórn Reykjavíkur mundi, vilja notfæra sér þetta, og ég er alveg viss um og sannfærður um það, að sá meiri hluti, sem nú ræður ríkjum, mun notfæra sér þetta. Hann hefur reyndar þegar lagt á þunga pressu að þetta verði sett í lög, þannig að hægt sé tafarlaust að hækka útsvörin og hrifsa til sín eins mikið og lög frekast leyfa af skattpeningum borgarbúa. Málið er nefnilega ekki eins einfalt og það er sett fram hér, að annars vegar standi illa haldnar sveitarstjórnir með mikla fjárþörf í hendi sameinaðar og hins vegar við hér á hv. Alþ. sem eigum að samþykkja þá till. sem hér liggur fyrir. Fjárþörf sveitarfélaganna er mjög misjöfn og því miður er reynslan sú, að þau, sem frekust hafa verið til fjárins hingað til, eru líklegust til þess að íþyngja sínum skattborgurum með þessari skattheimtu ef hún yrði að lögum.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan, að mér finnst ekki ná nokkurri átt að ætla sér að að afgreiða þetta frv. án þess að heildarskattbyrði landsmanna liggi fyrir og lög um skattstiga og annað sem því fylgi verð lagt hér fram á hv. Alþ., þannig að menn geti skoðað það betur. Og mér finnst till. hv. 10. landsk. þm., Jóhönnu Sigurðardóttur, svo athyglisverð að það sé nauðsynlegt er að hún fái góða meðferð og skoðun í þessari hv. deild.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess að svara hér nokkru af því sem fram kom fyrr í dag í máli hv. þm. Alexanders Stefánssonar. Var ekki annað að heyra af máli hans en að till. mín um að koma í veg fyrir aukna skattbyrði landsmanna hefði komið honum verulega úr jafnvægi. Hv. þm. Alexander Stefánsson talaði um, að þessi till. á þskj. 199 hafi verið órædd í félmn., og talaði með miklum gífuryrðum um leiksýningu af minni hendi fyrir að vilja ekki auka skattbyrðina í landinu. Því er til að svara, að í nál. á þskj. 189 kemur fram að einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Það hefur hv. þm. Alexander Stefánsson gert og hefur hann varla neinn einkarétt á því. Það að þessi till. sé órædd í n. á sér ofureinfalda skýringu. Þessi hugmynd mín, sem fram kemur í brtt. á þskj. 199, varð ekki til fyrr en málið hafði verið afgreitt úr n. og ljóst varð nú í vikunni, þegar brtt. á þskj. 191 var lögð fram, að einstakir nm. ætluðu að gera alvöru úr því með þessu heimildarákvæði að leggja auknar byrðar á skattgreiðendur. Ef þessir sömu nm. hafa áhuga á að koma til móts við þessa brtt. og athuga hana í n. og greiða þar með götu þess, að ekki komi til aukin skattbyrði, þá er hægur vandi að fresta þessari umr. og athuga brtt. Og það virðist kannske ekki veita af að athuga hana í n. ef marka má ummæli hv. þm. Alexanders Stefánssonar, sem telur hana flókna, verið sé að gera gerbyltingu á skattakerfinu og þar fram eftir götunum.

Ég skal upplýsa hv. þm. um það, að þeir sveitarstjórnarmenn og skattasérfræðingar, sem ég hef talað við, telja till. vel framkvæmanlega, að ég ekki tali um auðskilda, þó að hún virðist eitthvað tormelt fyrir hv. þm., auk þess sem hún muni koma til móts við þarfir sveitarfélaganna. Spurningin, sem hv. alþm. standa frammi fyrir nú, er einungis: Gerum við þetta með tekjutilfærslu milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna eða á enn einu sinni að seilast í vasa skattgreiðenda? Annars hefur þessi brtt. legið fyrir á borðum þm. á annan sólarhring, og hafi verið áhugi hjá formanni n., hv. þm. Alexander Stefánssyni, að athuga hana í n., þá voru hæg hjá honum heimatökin að kalla n. saman í morgun og kalla til sveitarstjórnarmenn og fá álit þeirra á málinu. En skýringin er eflaust sú, að hv. þm. hefur lítinn áhuga á að brtt. á þskj. 199 nái fram að ganga. Honum er meira í mun að brtt. á þskj.191 verði samþ., sem leggur íþyngjandi byrðar á skattgreiðendur, þó svo hann viti fullvel að till. mín gerir sama gagn fyrir sveitarfélögin.

Ég skal láta hv. þm. vita um það, að ég er ekki eini nm. sem leggur fram brtt. við þetta frv. án þess að fá leyfi Hv. þm. Alexanders Stefánssonar, formanns n. Ég minni á till. þm. Sjálfstfl. í n. Þeir lögðu fram brtt. sem órædd var einnig í n. þegar hún var lögð fram. Hv. þm. Alexander Stefánsson lagði þá spurningu fyrir mig, hvernig hægt sé að taka þessar tekjur af ríkissjóði og flytja yfir til sveitarfélaganna, það hafi hingað til ekki verið hægt nema með aukinni skattlagningu. Ég skal segja hv. þm. það, að

til er önnur leið en sú, sem hann vill fara, í vasa skattborgaranna. Það er nefnilega, hv. þm. Alexander Stefánsson, hægt að skera niður útgjöld ríkissjóðs á móti. Ég sagði í minni fyrri ræðu — en hv. þm. virðist ekki hafa tekið eftir því — að við Alþfl.-menn værum tilbúnir að leggja fram sparnaðartillögur á móti ef þessi brtt. næði fram að ganga. Það er hægt með tekjutilfærslu frá ríkissjóði til sveitarfélaganna. Það er nefnilega til leið, hv. þm. Alexander Stefánsson, að leysa vanda sveitarfélaganna án þess að það sé á kostnað skattborgaranna. Og ég er reyndar viss um að þótt hv. þm. Alexander Stefánsson kalli þessa till. mína leiksýningu, þá muni skattborgarar ekki kalla þessa brtt. leiksýningu, ef þessi leiksýning verður til þess að skattbyrði þeirra þyngist ekki um 5 milljarða kr. Og ég fullyrði að það hafa verið haldnar leiksýningar um ómerkara mál en þetta á hv. Alþingi.

Að lokum eitt atriði til umhugsunar fyrir hv. þm. Alexander Stefánsson. Það er ekki síður ástæða til þess að hafa áhyggjur af fjárhagserfiðleikum heimilanna en sveitarfélaganna, það skyldi hv. þm. muna í skattagleði sinni og þeirrar ríkisstj. sem hann styður.

Ég sé að lokum fulla ástæðu til þess að þakka undirtektir hv. þm. Sjálfstfl., sem hafa talað við þessa umr., undir þá brtt. sem ég flyt á þskj. 199.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætla að gera hér nokkrar aths. við það sem kom fram í máli hv. þm. Alexanders Stefánssonar fyrr í dag. Þessi hv. þm. fullyrti hér í ræðu — eða taldi sig, sagði hann, skilja hver hefði komið í veg fyrir að orðið hefði verið við óskum sveitarfélaganna um hækkun á útsvarsálagningu, og þar stimplaði hann Alþfl. hv. þm. Magnús H. Magnússon gerði grein fyrir því hér í dag, hver sökudólgurinn var og er í þessum efnum. Það var Framsfl., flokkur þessa hv. þm. Það var hann sem kom í veg fyrir það í fyrra ríkisstjórnarsamstarfi að gengið yrði til móts við sveitarfélögin vegna þess vanda sem þau eru vissulega í — það skal viðurkennt, þau eru í vanda — þannig að hið fornkveðna á við þennan hv. þm., að hann hefur tungur tvær og talar sitt með hvorri. Það virðist henta honum vel, vonandi ekki fleiri framsóknarmönnum, en það á kannske eftir að koma í ljós í þessu máli, hvort þeir eru fleiri.

Þessi hv. þm. veittist að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir það, að hún skyldi ekki ganga í sveit þeirra skattpíningarmanna Alexanders Stefánssonar & Co. sem hér ganga fram. Um hvað er þessi till. hv. þm. Alexanders Stefánssonar? Hún er um það að bæta á launafólk m. a. á þessu ári á sjötta milljarð kr. í auknum álögum í útsvari, verði þessi heimild nýtt alls staðar að undanteknu einu gervisveitarfélagi, segja menn, eins og sú heimild, sem er í gildandi lögum og er nákvæmlega eins, hefur verið nýtt. Þetta þýðir sem sagt á sjötta milljarð kr. í álögum á launafólk umfram það sem nú er plús þær skattahækkanir sem nýframlagt fjárlagafrv. boðar. Ég er ekkert hissa á því, þó að þeim fulltrúum hér á Alþ., sem eru í einhverjum tengslum við samtök launafólks í þessu landi, ég tala nú ekki um samtök þess launafólks sem verst er sett og lakast hefur kjörin, fari að ofbjóða ef svo heldur fram sem horfir að því er varðar skattaáþján, ef hér verður gengið götuna áfram eins og nú virðist ætla að verða.

Hafa menn gert sér grein fyrir því, hvað þessi till. hv. þm. Alexanders Stefánssonar hefur í för með sér? Það er ekki bara það, að hún hækki þarna álögur á sjötta milljarð kr. í gegnum útsvarið. Hún kemur til með að hækka hvað mest álögur á þeim sem hafa minnst fyrir, þ. e. ellilífeyrisþegum og lágtekjufólki. Till. þeirra Alexanders Stefánssonar o. fl. er um að auka skattlagningu í útsvari á þeim sem minnst bera úr býtum eins og sakir standa í dag. Og það vekur furðu mína, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson skuli hafa látið sitt nafn á þessa till., eins og hún er úr garði gerð. Þetta fer ekki alveg saman við það sem segir í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj. um þessi efni. Lofar hún því að hækka útsvarsálögur á t. d. ellilífeyrisþegum eða lágtekjufólki? Nei, hæstv. félmrh. las hér upp einmitt það ákvæði stjórnarsáttmálans sem fjallar um að það eigi að lækka útsvar á þessum tilteknu einstaklingum, en ekki hækka eins og till. þeirra gerir ráð fyrir, án þess að til komi tekjumissir hjá viðkomandi sveitarfélögum.

Bæði hv. þm. Alexander Stefánsson og hæstv. félmrh. viku hér að því, að í tíð fyrrv. ríkisstj. þ. e. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, hafi verið uppi till. af hálfu páv. hæstv. félmrh. um að leyfa þetta tólfta prósent, og það er rétt. Hv. þm. Magnús H. Magnússon, sem gegndi ráðherraembætti félmrh. á þessum tíma, sagði það hér í dag. En hvaða viðhorf voru þá hjá honum og Alþfl. til þess? Þá var ekki gert ráð fyrir að krumla ríkisvaldsins mundi seilast jafnlangt í vasa skattborgara og nú virðist eiga að gera af hálfu hæstv. núv. ríkisstj., og þar er allur munurinn á. Þessir hv. þm. virðast ekki vilja skoða málið í ljósi þess, að hér er um að ræða sameiginlegt gjald á skattborgarana, sem þeir verða að inna af höndum hvort sem þeim líkar betur eða verr. Og skattbyrðin er aukin gífurlega, bæði að því er varðar tekjuskattinn, miðað við þá stefnu sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, og síðan í ofanálag með því að að bæta við á sjötta milljarð í hækkun í útsvörum á gjaldþegna. Það er auðvitað fráleitt af Alþ. að ætla sér að afgreiða þessi mál sitt í hvoru lagi, án þess að hafa hugmynd um hver endanleg niðurstaða skattálagningarinnar í heild verður. Það er nánast sagt óforsvaranlegt af Alþ. að standa þannig að málum.

Hv. þm. Alexander Stefánsson réðist hér líka fyrr í dag í ræðu sinni að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir það, að hún vildi ekki rétta hlut sveitarfélaganna vegna þeirrar slæmu aðstöðu sem þau eru í. Þetta er ein af hans fullyrðingum, hv. þm. En hver er sannleikurinn í þessu máli? Um hvað er till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur? Hún er um það að verða við tilmælum sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna þess ástands sem ríkt hefur í efnahagsmálum þjóðarinnar á undanförnum árum. Hún er um það, eins og hún er fram sett, að hún mundi skila 4.5 milljörðum kr. til þess að létta greiðslubyrði þeirra sveitarsjóða sem höllum fæti standa, eins og málum er háttað í dag. Munurinn er einvörðungu sá, og hann er ekki lítill í mínum augum, á till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og till. hv. þm. Alexanders Stefánssonar o. fl., að till. Jóhönnu gerir ráð fyrir að ríkið skili hluta af fyrirhugaðri aukinni skattbyrði frá því sem verið hefur en till. hv. þm. Alexanders Stefánssonar er um að leggja þetta á til viðbótar því sem á að taka í gegnum tekjuskattinn af fólki. Ég vænti þess, að þm. hafi gert sér grein fyrir því. Og á þessu er æðimikill munur. Ég fellst á þá skoðun hv. þm. Alexanders Stefánssonar og fleiri sem hér hafa talað í dag, að vissulega er þörf á að rétta hlut ýmissa sveitarfélaga. En það er ekki

hægt að gera það með endalausum álögum á launafólk í landinu. Það er ekki síður — og það hefur komið fram hér áður — ástæða til að huga að því, hvernig staða skattborgarans er orðin vegna þess hvað ríki fyrst og fremst og í kjölfar þess sveitarfélög ganga langt í skattheimtu.

Hv. þm. Alexander Stefánsson var undrandi á því, að þm. skyldu leyfa sér að bera fram till. um að ríkið drægi saman seglin, að gert væri ráð fyrir að ríkið skilaði einhverju til baka af þeirri skattlagningu sem fyrirhuguð er með þessum hætti. Það er ekki nema von að illa fari, ef áfram verður haldið um stjórnvölinn af skoðanabræðrum hv. þm. Alexanders Stefánssonar í sambandi við skattamál. Ég held að það sé tími til þess kominn, — og ég vil taka undir það með hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni — það er tími til þess kominn, að menn fari að skoða skattlagninguna í heild og taka mið af því.

Það hefur ítrekað verið spurt um það hér úr ræðustól í dag, hverjar verði till. hæstv. ríkisstj. í sambandi við það ákvæði stjórnarsáttmálans sem hér hefur verið vitnað til. Um það hafa engin svör fengist. Og ekkert er um það vitað, a. m. k. ekki það ég best veit, hverjir skattstigarnir í sambandi við tekjuskattinn kunna að verða. En það er augljóst mál, ef farið verður eftir þeirri stefnu sem fjárlagafrv. boðar, að þá er a. m. k. verið að auka álögur á almenning, ef þessar till. hér varðandi útsvar eru teknar inn í, um a. m. k. 12 — 15 milljarða kr. Mönnum þykir það kannske allt í lagi eftir nýjustu yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. um það, að grunnkaup skuli ekkert hækka í landinu á þessu ári, ekki einu sinni til þeirra sem verst eru settir. Látum vera með hina, en ekki einu sinni hjá þeim, sem verst eru settir, ætlar ríkisstj. samkv. yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að láta hækka grunnkaupið.

Í fjárlagafrv. er boðuð 4.5% bein kjaraskerðing, eins og það er fram lagt. Eftir sem áður þykir hæstv. ríkisstj. fara vel á í ástandi sem þessu að bæta a. m. k. 12 — 15 milljörðum kr. í auknum álögum á almenning í landinu. Og engu skal hlíft þar, ekki einu sinni þeim sem verst eru settir og lægst launin hafa. Það er kannske það alvarlegasta í þessu máli öllu. Þar virðist ekki fara mikið fyrir þeim fögru orðum sumra hverra hv. alþm. í röðum t. d. Alþb., sem telja sig berjast fyrst og fremst fyrir þeim sem verst eru settir og lægst launin hafa. En allt á þetta eftir að koma betur í ljós. Ég vænti þess þó að innan stjórnarliðsins finnist einstaklingar sem vilja taka höndum saman við þá sem vilja rétta hlut þess fólks í þjóðfélaginu, sem verst er sett, sem hefur lægst launin og býr við hvað verstar aðstæður í svo til öllum skilningi sagt.

Ég held að þeir hv. stjórnarliðar, sem nú ganga hvað harðast fram í að knýja þessa auknu útsvarsálagningu í gegn hér í þinginu, ættu að skoða betur hvort ekki er raunhæft, miðað við ástandið eins og það er í dag, að gera ráð fyrir að ríkissjóður láti svo sem 4 milljarða kr. af þeim auknu tekjum, sem hann ætlar sér að ná í gegnum aukna tekjuskattsálagningu á árinu í ár, láti það renna til þess að létta byrði sveitarfélaganna, en seilist ekki umfram í vasa skattborgarans.

Það vakti athygli mína eða a. m. k. varð ég þess ekki var, að í ræðu hæstv. félmrh. viki hann einu orði að þeirri till. sem hér hefur m. a. verið hvað mest rætt um í dag, þ. e. till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, — ekki orði. Það er athyglisvert. En það sýnir kannske hvað best hver vill ganga harðast fram í skattpíningu. Það eru fulltrúar, sumir hverjir, ég segi ekki allir, sumir hverjir fulltrúar þess flokks sem telur sig vera sverð og skjöld öreiganna í landinu. Sumir hverjir fulltrúar þess flokks ganga bersýnilega hvað harðast fram í skattpíningunni og þar á engu að eira. Ég vænti þess, að þeir verði nógu margir, þeir hv. stjórnarliðar hér á Alþ. sem ganga í lið með okkur stjórnarandstæðingum í því að virða það ákvæði stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. að hækka ekki álögur í útsvari á ellilífeyrisþega eða lágtekjufólk, eins og hv. þm. Alexander Steánsson o. fl. beita sér nú fyrir hér á Alþ. Ég vænti þess, að við finnum innan stjórnarliðsins nógu marga til þess að bjarga því sem bjargað verður og virða þetta ákvæði stjórnarsáttmálans, að leggja ekki auknar álögur á þetta fólk. En það kemur auðvitað úr hörðustu átt, ef við stjórnarandstæðingar þurfum að berjast fyrir því að ná fram þáttum þess stjórnarsáttmála sem hæstv. ríkisstj. er nýbúin að samþykkja. En svo öfugsnúin geta málin orðið. Og það er eitt af því sem hér er að gerast, sem er svo öfugsnúið, að við stjórnarandstæðingar verðum — og ég segi fyrir mig fúslega sem sanngjarn maður og góður — að taka þátt í því að bjarga heiðri hæstv. ríkisstj. að þessu leyti og koma í veg fyrir að stjórnarliðar traðki á þessu ákvæði stjórnarsáttmálans.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég mun ekki taka þátt í því með hv. síðasta ræðumanni að verja stjórnarsáttmálann eða gerðir hæstv. núv. ríkisstj. og enn síður að reyna að koma þeim upp af þeim fleti, sem hv. þm. taldi hann vera á, fleti hinnar bersyndugu og föllnu konu. Það verða þeir sjálfir að gera og verður erfitt fyrir a. m. k. mig að hjálpa til við það. Ég hafði ekki ætlað mér að tala langt mál um frv. og þær till. sem hér liggja fyrir, vegna þess að það hefur komið fram, að við sjálfstæðismenn erum samþykkir þeim breytingum á frv. sem félmn. stendur að. Hins vegar hafa þær umr., sem orðið hafa í dag um brtt. tvær, sem hér liggja fyrir, og málið í heild, valdið því, að ég tel ástæðu til þess að segja nokkur orð um leið og ég ætla að kynna munnlega brtt. við brtt. hv. 10. landsk. þm.

Ræða hæstv. félmrh. gaf ástæðu til þess að ræða nokkru frekar í framhaldi af því máli, sem hv. 7. landsk. þm. hóf hér að ræðum fyrr í dag, það samband sem er á milli þeirrar skattlagningar, sem við erum nú að ræða um og höfum verið að samþykkja á Alþ. síðustu daga og fram undan er að ræða, og hinna almennu kjaramála þjóðarinnar og yfirlýsinga ríkisstj. og afstöðu hennar til kaupgjaldsmála, ekki síst ef haft er í huga það sem hér hefur verið bent á í umr. í dag, að það hefur sáralítið breyst í okkar þjóðfélagi frá þeim tíma þegar bæði hæstv. félmrh., flokkur hans Alþb., og aðrir forustumenn, þ. á m. forustumenn launþegasamtaka, sem sitja hér á þingi núna, og reyndar forustumenn allra þeirra flokka, sem stóðu að síðustu vinstri stjórn, nema hluti Framsfl., voru sammála um að þjóðfélagið þyldi að samningarnir frá 1977 tækju óbreyttir gildi. Og ekki nóg með það, því að sömu röksemdum og málflutningi Alþb.-manna fylgdi að hægt væri að stórhækka öll laun. Til viðbótar kom svo sú fullyrðing þeirra, sem væri ástæða til þess að ræða frekar í sambandi við þetta mál, að laun hefðu í raun ekkert að segja gagnvart verðlagi eða verðbólgu í þessu landi, þetta væri einhver afstæður hlutur sem ekkert kæmi verðbólguvandamálinu eða efnahagsvanda þjóðarinnar í heild við.

Ég mun samt sem áður ekki fara út í umr. um þetta því að eins og hér kom fram hjá frsm. félmn. í dag, hv. þm.

Alexander Stefánssyni, þá mun sjálfsagt gefast tækifæri til að ræða þessi mál frekar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. En sá nauðsynlegi efnisþráður, sem hæstv. félmrh. hafði hér fitjað upp á í sínu máli, en lét samt ógert að fylgja til enda, eru heildaráhrifin af þeirri skattlagningu sem við erum nú að ræða um og höfum þegar rætt um að hluta og afgreitt hér á hv. Alþ., þ. e. lög um tekjuskatt og eignarskatt. Þessi lög hafa vissulega gífurlega mikil áhrif á afkomu allrar þjóðarinnar, allra einstaklinga, launþeganna, gamla fólksins, öryrkjanna, allra þeirra sem þurfa að standa frammi fyrir því, að endar nái ekki saman hjá þeim í þeirri óðaverðbólgu sem ríkir og hefur ríkt um allt of langt skeið. En hæstv. ráðh. lauk ekki þessu máli. Hins vegar gerði hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, það. Hann benti á að okkur er auðvitað nauðsynlegt að geta haft fyrir framan okkur hvert verður raungildi tekna almennings þegar upp er staðið frá allri skattlagningu sem við vitum um og fram undan er. Og það hefur komið fram hér í dag, bæði hjá hæstv. ráðh., en fyrst og fremst hjá frsm. n., að það vantar að vita hver heildarskattheimta ríkisins verður á þessu ári. Inn í það dæmi, sem hæstv. félmr. var að gefa okkur áðan, og hann skýrði einkar ljóslega það sem komið er, vantar til viðbótar ekki aðeins skattstigana, heldur vantar okkur einnig eða vita um aðra skattheimtu, sem fyrirhuguð er, og hvernig hún muni koma niður á t. d. launþegum þessa lands, hvar sem þeir búa, og svo jafnframt niður á launþegum eftir því hvar á landinu þeir búa.

Við vitum — og það kemur að sjálfsögðu í framhaldi af þeim umr. sem hér urðu — um vandamál þeirra sem búa við olíukyndingu í sínum húsum. Við vitum að þeir, sem búa við lægri hitunarkostnað, þurfa að taka þátt í hinum gífurlega umframkostnaði þess fólks sem býr við þetta sérstaka vandamál. En við stöndum líka frammi fyrir því hér í Reykjavík, að við þurfum að fá hækkun á hitaveitutöxtum okkar til þess að geta látið það fyrirtæki standa sig og ná eðlilegum vexti og viðhaldi í nánustu framtíð, svo að við horfum fram á gífurlega nýja skattheimtu á þessu svæði suðvestanlands, sem ég a. m. k. persónulega vil fá að sjá og vita hver verði áður en ég fer að rétta upp höndina með nýrri viðbót, stórhækkun á útsvarsgreiðslum okkar. Þar fyrir utan er eitt, sem ekki hefur verið komið hér inn á svo ég viti, ég minnist þess ekki í umr. í dag a. m. k. Það er sá mikli áhugi og atfylgi sem á er lagt af sveitarstjórnarmönnum að ná þessari hækkun fram.

Nú skal ég viðurkenna að ég hef alltaf talið að í sambandi við ýmis staðlæg verkefni væru engir betri til þess að framfylgja þeim og sjá um en sveitarstjórnarmenn. Ég hef verið einn þeirra sem hafa verið fylgjandi þeirri skoðun, að við ættum að flytja bæði verkefni og fjármuni frá miðstýrðu framkvæmdavaldi Alþingis og ríkisstj. og út til sveitarfélaganna og út til borgaranna, til þess að láta þá sjálfa um hin einstöku verkefni á mörgum sviðum, sem bæði sveitarfélög og ríki annast í dag. Ég hef hins vegar aldrei verið þeirrar skoðunar, að þessi valdatilflutningur ætti alfarið að stöðvast hjá sveitarfélögunum eingöngu. Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar, að það vald, sem þeir fengju með tilflutningnum frá Alþ., ætti að stöðvast hjá þeim, þannig að við værum að búa til nýtt valdabákn í þjóðfélaginu þar sem væru sveitarstjórnir þessa lands. Ég hef nefnilega talið eðlilegt að haldið væri áfram og valdið væri flutt til borgaranna sjálfra. Ég hef verið fylgjandi því, að við flyttum sem mest til borgaranna sjálfra ráðstöfunarrétt yfir þeim fjármunum sem þeir afla, að þeir hefðu sem mest vald til þess að ráðstafa þeim sjálfir á þann veg sem þeir helst kjósa. Og það fyrst og fremst vegna þessara skoðana minna sem ég mun greiða atkv. gegn till. fjórmenninganna, þm. fjögurra, á þskj. 191, einnig vegna þess að ég tel að við þurfum að fá að sjá heildarskattupphæðina, heildarskattheimtu ríkisins, áður en við getum samþykkt slíka tillögu.

Ég hefði gjarnan viljað að við næstu umr. lægju fyrir betri skýringar á því, sem kom hér fram áðan í máli hæstv. félmrh. í sambandi við áhrif persónuafsláttar samkv. 68. gr. laganna, sem við höfum samþykkt nú nýlega um tekjuskatt og eignarskatt, — hvað þessi áhrif þýði fyrir skattgreiðendur í landinu. Ég hlustaði að vísu á þetta hjá ráðh. áðan, en ég held að það væri full ástæða til þess arna. Ég er ekki að tala um þetta á gagnrýnishátt, heldur að það sé athygli vert, að það sé full ástæða til þess að vekja meiri og betri athygli á þýðingu þessa atriðis fyrir skattborgarana, ríkissjóð og sveitarfélögin.

Réttilega hefur verið á það bent, að áður en gripið er til þess að efna til nýrrar skattheimtu þurfi að hafa það í huga, að fram undan er ýmis skattheimta, sem óræddog ósamþykkt er enn hér á þingi og við vitum að á að knýja fram og jafnvel þarf að knýja fram, ég skal viðurkenna það. En þá verðum við um leið að hafa í huga fjárhagserfiðleika þeirra, sem búa við versta aðstöðu í þessu þjóðfélagi, með hliðsjón af boðskap ríkisstj. sjálfrar um það, hvernig hún ætlar að beita valdi sínu í launamálum á næstunni. Ég geri mér fulla grein fyrir því, og það þýðir auðvitað ekki að gagnrýna þessa hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa á því ákveðnar skoðanir, en það er ekki heldur sama hvernig á er haldið í þessu vandamáli sem við búum við. Það má ekki, um leið og við komum þannig fram við þá sem standa nú frammi fyrir því að sækja um bætur á sínum launatöxtum, vera að nudda þeim upp úr því að Alþingi sé að leggja á nýja skatta og kannske óþarfa skatta.

Um leið og menn koma hér með háværar kröfur og telja sér nauðsynlegt að halda uppi vörn og baráttu fyrir hagsmunum sveitarfélaganna, þá vil ég að þess sé jafnframt og ekki síður gætt að halda uppi vörn fyrir hagsmuni skattgreiðendanna í þessu landi.

Á þskj. 199 flytur hv. 10. landsk. þm. brtt. sem ég vil taka undir og mun efnislega styðja, því að þessi till. felur það í sér, að hluti af söluskatti, sem innheimtist á árinu 1980, renni til þess að greiða úr sérstökum fjárhagsörðugleikum sveitarfélaganna. Ég fæ ekki annað séð en samþykkt þessarar till. efnislega, og kem ég nánar að því hér á eftir, ráði bót á þeim vanda sem sveitarstjórnarmenn telja að sé við að etja hjá sveitarfélögunum, vegna þess að búið er að lofa, — og við skulum ekki væna hæstv. ríkisstj. um að hún ætli sér að svíkja það loforð eða muni gera það, — það er búið að lofa því, að fyrir næsta haust verði búið að endurskoða tekjuskiptinguna á milli ríkis og sveitarfélaga. Mín skoðun hefur að sjálfsögðu, eins og ég veit allflestra, alltaf verið sú, að þegar við værum að auka tekjur sveitarfélaganna, þá værum við ekki að auka þær á kostnað skattgreiðendanna, heldur með því að flytja ekki aðeins verkefni frá ríkisvaldinu, frá ríkissjóði yfir til sveitarfélaganna, heldur og fjármuni um leið. Og það er þess vegna sem ég tek undir þessa till. hv. 10. landsk. þm., eins og aðrir sjálfstæðismenn sem hér hafa talað í dag, að við

teljum að samþykkt hennar efnislega muni hjálpa sveitarfélögunum nægilega þar til endurskoðun þessarar tekjuskiptingar er lokið, sem hefur verið lofað enn einu sinni að verði lokið á þessu ári. Ég veit hins vegar að það getur orðið erfitt fyrir stuðningsmenn ríkisstj. að samþykkja alla þessa upphæð sem fram kemur í till. hv. 10. landsk. þm., og þess vegna leyfi ég mér, herra forseti, að *flytja hér skriflega brtt. við brtt.* hv. 10. landsk. þm., sem er varatillaga, að í stað 4% komi 2%. Sýnist mér, með hliðsjón af því sem kom fram í máli hæstv. félmrh. áðan, að það muni brúa það bil sem á vanti. Ég hygg að það muni nema um það bil 2.5 milljörðum kr. fyrir sveitarfélögin ef þessi varatillaga yrði samþykkt.

Ég skal svo ekki tefja tímann lengur og læt máli mínu lokið. En ég óska eftir því, herra forseti, að leitað verði afbrigða fyrir því, að þessi till. megi koma til umr.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það er eins og einhverju sinni var sagt, að mikið liti heimurinn öðruvísi út frá tröppum Landsbankans heldur en tröppum Alþingishússins. Í stjórnarmyndunarviðræðum í des. minnist ég þess, að Alþfl. lagði á það ríka áherslu að sveitarfélögin sjálf hefðu óskerta heimild, þannig að hámarksákvæði um útsvör væru afnumin og þetta væri algerlega á hendi sveitarfélaganna sjálfra. Eitthvað hefur þessi skoðun tapast á leiðinni. Í Sambandi ísl. sveitarfélaga býst ég við og þykist vita að séu menn úr öllum flokkum. Þeir leggja á það ríka áherslu, að þessi till. verði samþykkt, og benda á það með rökum, að verkefni hafi bæst á sveitarfélögin án þess að tekjur kæmu á móti.

Það, sem mann undrar og hefur undrað um árabil, er að um a. m. k. 20 ára skeið hefur því verið lofað og sett nefnd í málið, að nú skuli koma á staðgreiðslukerfi skatta. Opinberir starfsmenn í toppi skattkerfisins hafa tekið sér frí frá störfum til að vinna að frv. þessa efnis. Sendinefndir hafa verið sendar vítt og breitt um heiminn til þess að kynna sér þessi mál. En aldrei bólar á einu eða neinu. Þó eru það ein helstu rök sveitarfélaga, að raunverulegar tekjur eða raunveruleg prósenta af álögðum útsvörum sé vegna verðbólgu ekki nema í kringum 7—8%, og er það sjálfsagt rétt. En hvernig í ósköpunum stendur nú á því, að í iðnvæddum þjóðfélögum, þar sem tekjusveiflur á milli ára eru 1 og 2% og þykir vera stórtíðindi ef tekjur hafa aukist um eins og 2%? Sennilega eru hvergi, burt séð frá allri verðbólgu, jafn sveiflukenndar tekjur eins og hér á Íslandi. Þetta byggist á okkar atvinnulífi, það byggist á veðurfari, aflabrögðum o. s. frv., að tekjur geta hlaupið til um 10, 20, 30%. Engu að síður baslast allt opinbera „apparatið" í 20 ár, endasendist fram og aftur um veröldina á fullu kaupi við að kynna sér þessi mál. Aldrei kemur nokkur till., nema þá þess efnis, að þetta skuli ganga í gildi 1976, því sé frestað síðan til 1977, til 1980, 1980 er því frestað til 1982. Hvert skyldi eiga að fara næst í heiminn til þess að kynna sér þessi einföldu mál?

Ég þekki það af eigin raun í starfi mínu, hvernig það er fyrir verkafólk, sem býr við sveiflukenndar tekjur, að fá á sig seinni hluta ársins skatta sem teknir eru af því mánaðarlega og nema kannske rauntekjum þess fyrir hvern mánuð, sept., okt., nóv. og des. Og ætli hv. þm. Pétur Sigurðsson, sem var að ljúka máli sínu áðan, kannist ekki býsna vel við þessi dæmi einmitt af sjómönnum, þegar er uppgripaloðnuvertíð, uppgripasíldarvertíð, góður afli — síðan dettur allt niður næsta ár — hvað þetta kostar, þjáningar, erfiðleika, vonbrigði og algert tekju- og úrræðaleysi? Engu að síður virðist engin ríkisstj. ráða við þetta. Embættismannakerfið endasendist fram og aftur um heiminn, endurskoðar þessi lög og fær engu áorkað. Hvernig í ósköpunum er nú hægt að þola slíkt í 20 ár? Ég hef ekki verið í 20 ár hér á Alþ. En þeir, sem hafa verið það, ættu nú að vera farnir að sjá við þessum *vinnubrögðum*.

Það er einmitt tvennt, sem allar ríkisstj. byrja á að lofa í upphafi ferils síns. Þær byrja alltaf örugglega á því að lofa að nú skuli stöðvað Parkinsonslögmálið í útþenslu ríkisbáknsins, og síðan koma ráðstafanir gegn skattsvikum. Ekki ein einasta ríkisstj. hefur nokkru sinni getað gengið í þessi mál af neinni festu, ekki af neinu öryggi. Þetta virðist leika meira og minna allt saman laust án þess að viðkomandi ríkisstjórnir fái þar við nokkuð ráðið. Þetta er sennilega kerfið sem hv. þm. Vilmundur Gylfason talar sem mest um. Ég held að yfirleitt sé raunin sú, að sveitarfélög haldi betur á sínum fjármálum en ríkið. Það þarf ekki að gilda um allar ríkisstofnanir, en ákaflega mikið vantar nú á að einhvern tíma væri tekið á ríkiskerfinu sjálfu og reynt að skera þar eitthvað niður öðruvísi en með ræðuhöldum og yfirlýsingum.

Ég skal ekki — þar sem er svo áliðið fundar — vera að egna menn hér upp í ræðustól með einhverjum eggsvörum. Það er að vísu svona, ef ég missi það út úr mér innan gæsalappa, það er dálítið spaugilegt að heyra hv. þm. Friðrik Sophusson og Halldór Blöndal býsnast þessi lifandis ósköp, innblásna heilagri þrenningu, yfir því að nú skuli ekki eiga að leyfa grunnkaupshækkanir hjá opinberum starfsmönnum. Þetta eru leiftursóknarmenn. Það eru fulltrúar flokka sem kröfðust vísitölubreytinga, kröfðust að vísitala væri afnumin á láglaunafólki.

Hv. 5. þm. Suðurl. sagði í ræðu sinni að útsvar á þeim tekjuminnstu hækkaði mest í prósentum og hann boðaði brtt. við 3. umr. Að vísu kom nú hæstv. félmrh. með ýmsar skýringar á þessu, en ef svo er, að þetta frv. er *þannig vaxið að það auki mest skatta á þeim sem lægstar* hafa tekjur, þá er ég fullkomlega til viðræðu um það, eftir að ég er búinn að athuga málið, — og ef hv. 5. þm. Suðurl. hefur rétt fyrir sér, sem ég skal ekkert um segja á þessu stigi málsins, — að vera meðflm. með honum að brtt. þess eðlis, ef sú er raunin að skattar hækki mest eða útsvör hækki mest á þeim sem eru lægst launaðir.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég átti ekki von á að umr. tækju þá stefnu, sem hér hefur orðið í dag. Ég ætla ekki að fara að eyða tíma í mikil svör í sambandi við þær umr.

Ég verð að segja það, að ég held að alveg ljóst sé að við hv. alþm. almennt gerum okkur grein fyrir því, að það er nú algerlega óljóst hvernig hin nýju lög um tekjuskatt og eignarskatt koma út eftir álagningu og þar með talið tekjustofnar sveitarfélaga. Ég vil benda á að skattalögin, sem samþ. voru 1978, voru miðuð við allt annað kerfi en við erum að færa þau í í dag. Skattalögin voru byggða upp á staðgreiðslukerfi skatta, og því miður hefur sá tími, sem liðinn er frá því að þau skattalög voru samþykkt, ekki verið nýttur til þess að undirbúa þann megintilgang skattalaganna, eins og þau voru samþ. 1978. Það var lagt fram frv. um staðgreiðslukerfi skatta sem aldrei varð útrætt og hefur ekki verið rætt út enn í dag.

Í sambandi við þessi lög hafa umr. frá því fyrir jól miðast við að reyna að samræma skattalögin frá 1978

öðrum aðstæðum en gert var ráð fyrir við setningu þeirra laga og þar með tekjuskattalögin. Því hefur verið lýst yfir af hæstv. fjmrh. við afgreiðslu breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, að nauðsynlegt væri að taka lögin til endurskoðunar strax á næsta Alþ., miðað við þá reynslu sem fæst við fyrstu álagningu eftir lögunum. Ég taldi ástæðu til þess í dag, þegar ég flutti framsögu fyrir áliti félmn. Nd. um frv. um tekjustofna sveitarfélaga, að þannig yrði að sjálfsögðu einnig að farið í sambandi við þau mál. Þetta vil ég endurtaka hér, vegna þess að ég held að allir þm. séu sammála um að hér sé um svo stórt og mikilvægt mál að ræða að það verði að gera ráð fyrir því að taka það til gaumgæfilegrar athugunar miðað við þá reynslu sem fæst.

Mér virðist sumir hv. alþm. misskilja tilgang brtt. á þskj. 191. Hér er um það að ræða að halda enn í tekjuskattslögum heimildarákvæði fyrir sveitarfélögin í landinu. Það hefur verið í tekjuskattslögum alla tíð og hefur í aukinni verðbólgu á síðustu árum bjargað því sem bjarga hefur verið hægt fyrir sveitarfélögin í landinu, sem flestöll hafa orðið að nýta sér þessa heimild. Hér er aðeins verið að fá heimild til að sækja um leyfi til hækkunar álagningar ef fjárhagserfiðleikar vegna rekstrar og ákveðinna verkefna knýja á um slíkar aðgerðir þar sem aðrir tekjustofnar duga ekki til. Halda menn virkilega að sveitarstjórnarmenn almennt fari út í það að biðja um slíka heimild til aukaálagningar nema af brýnni nauðsyn? Halda menn að þeir hinir sömu stjórnendur sveitarfélaga muni eiga traust kjósenda áfram ef þeir fara ógætilega með álögur án röksemda um brýna nauðsyn? Ég held ekki. Heldur hv. alþm. Birgir Ísl. Gunnarsson, fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík, að meiri hlutinn í Reykjavík muni ná endurkjöri ef hann sýnir jafnmikið ábyrgðarleysi og græðgi í álögum á borgarana og hv. þm. vildi halda fram áðan? Halda menn virkilega að þeir, sem taka á sig þá ábyrgð að stjórna sveitarfélagi, séu að gera slíkt sem þetta að gamni sínu? Samkv. sveitarstjórnarlögum, ef menn hafa kynnt sér þau, taka þeir á sig ákveðna ábyrgð sem þeir verða að standa við til þess að gæta hagsmuna íbúa á hverju svæði fyrir sig.

Ég hjó eftir því, að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson fullyrti hér, orðrétt, að vel væri hægt að stjórna sveitarfélagi með óbreyttum tekjustofnalögum. Veit hv. þm. um stöðu sveitarfélaga víðs vegar um landið? Veit hann um mismunandi þörf þeirra til tekna miðað við verkefni í hafnamálum, í skólamálum, í heilbrigðismálum, gatnagerð og mörgu fleira? Ég held að hann hafi ekki hugmynd um þetta.

Ég sagði í dag, að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefði á undanförnum árum og misserum barist fyrir því og reynt að sjá til þess að sveitarfélögin í landinu gætu haldið velli, gætu sinnt þeirri þjónustu, sem þau eru skyldug til að inna af hendi við íbúana, með því að fara fram á ýmsar leiðréttingar í sambandi við tekjustofna sveitarfélaga og margs konar önnur mál sem heyra undir ríkisvaldið. (**Forseti:** Mætti ég spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Örstutt, herra forseti.

Ég ætla svo að lokum að segja nokkur orð við hv. 10. landsk. þm. Hún vildi halda því fram í ræðu sinni áðan, að till. á þskj. 191 hefði ekki verið lögð fram á nefndarfundum. Ég ætla að láta hv. þm. vita að hún var í upphaflegri till. sem n. fékk fyrst til umfjöllunar, ekki aðeins félmn. Nd., heldur einnig félmn. Ed., þar sem gert var ráð fyrir að ákvæðin í gildandi lögum yrðu tekin upp. Á þeim fyrsta fundi lýstum við yfir að við mundum þá flytja sértill., og það kom til umr. á öllum næstu fundum á eftir.

Einnig ætla ég að láta hv. þm. vita það, sem ég var svolítið undrandi yfir, vegna fullyrðinga hv. þm., að till. hv. þm. Sjálfstfl., þeirra Steinþórs Gestssonar og Friðriks Sophussonar, kom til umr. á tveimur fundum n. í fyrradag og var rædd þar ítarlega. Niðurstaðan af því varð sú, að það varð samkomulag um að hafa þetta eina till. frá nefndinni.

Ég ætla ekki að eyða tíma í að svara hv. 6. landsk. þm. Ég ætla að leiða það hjá mér. Ég ætla aðeins að benda honum á að ég hef verið sveitarstjórnarmaður í 26 ár og ég hef reynt ýmislegt í sambandi við þau störf sem hefur verið mjög lærdómsríkt. Ég vil benda honum á í sambandi við það sem hann er að reyna að drótta að mér, að ég og aðrir ætluðum að fara að hækka álögur á ellilífeyri, örorkubætur og annað slíkt, að þessar bætur verða áfram undanþegnar útsvarsálagningu í landinu sem betur fer, og ég mun heils hugar taka undir allar þær aðgerðir sem tryggja að ekki sé farið illa með það fólk sem verst er sett í þjóðfélaginu. Ég þori að fullyrða það við hann, að ekki stendur á mér að leggja mitt lið til þess að svo geti orðið.

5. þm. Suðurl. taldi að fjárhagsstaða sveitarfélaga hefði að nokkru verið leiðrétt með hlutdeild í tveimur söluskattsstigum. Ég vil minna hann á að þáttaka sveitarfélaga í útgjöldum vegna laga um eftirlaun aldraða er stærra framlag en sú leiðrétting sem þarna kom fram, að viðbættu fyrra misræmi.

Staðgreiðslukerfi útsvara þarf ekki að ræða miklu meira. Það var farið fram á það frá hendi stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga við fyrrv. félmrh. að fá í lög staðgreiðslu útsvara, þar sem sýnt var að heildarstaðgreiðslukerfið yrði þyngra í vöfum. Því miður varð ekki af þessu. En ég vonast til þess, að þau áform núv. ríkisstj. að koma á staðgreiðslukerfi skatta innan tveggja ára verði að veruleika.

Ég hef verið um nokkurt skeið í nefnd um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í jan. s. l. var skilað þriðju áfangaskýrslunni um stjórnsýslukerfið, og þegar er hafin vinna við skiptingu tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta er gífurlega stórt mál, og ég vænti þess, að hv. alþm. átti sig á því, að það er mjög brýnt að það verði farið í alvöru að sinna þessum málum, því að um mikilvægi sveitarfélaganna í landinu verður ekki deilt. Ég tel að best sé fyrir alla aðila að þessum málum verði komið sem allra fyrst í það horf, að viðunandi sé, og sveitarfélögin geti verið sjálfstæðar einingar fyrir fólkið í landinu í samskiptum við ríkisvaldið. — Fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga er forsenda framfara í landinu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til að eyða nokkrum tíma í viðræður við hv. þm. Alexander Stefánsson, og það er auðvitað ástæðulaust fyrir okkur stjórnarandstæðinga að skorast undan því að halda uppi umr. um þetta mál ef það er meining stjórnarsinna sjálfra og vilji að það sé gert, sem mér sýnist vera. En ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta um að gera örstutta aths.

Af hverju er hv. þm. Alexander Stefánsson, formaður félmn. að skrökva til um þetta mál, — beinlínis skrökva? Hann sagði áðan að það væri misskilningur hjá okkur til hvers 10% álagið væri ætlað, það sé ætlað til hækkunar vegna tiltekinna verkefna. Hvar stendur þetta? Það væri gott ef hv. þm. vildi lesa örlítið betur bæði frv. og brtt. hv.

þm. sjálfs. Í frv., sem brtt. hv. þm. er við, segir svo í 3. málsl. 5. gr.:

„Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár ákveður sveitarstjórn hver hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári.“

Brtt. er viðbót við þetta, eins og hún er stíluð, og þar segir:

„Við 5. gr. Við greinina bætist ný mgr., er verði 4. mgr. og orðist svo“ — og nú ætti hv. þm. Alexander Stefánsson að taka eftir: „Nú hrökkva útsvör samkv. 1. mgr. ekki fyrir áætluðum útgjöldum,“ taki menn eftir „áætluðum útgjöldum,“ ekki neinum tilteknum verkefnum, sérstaklega brýnum, „áætluðum útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðh.“

Það er áætlun viðkomandi sveitarstjórnar sem hér er lögð til grundvallar, engin tiltekin brýn verkefni. Það er því rangt hjá Hv. þm., formanni félmn., að bera slíkt á borð fyrir hv. alþm., og það er ósæmandi mönnum og blygðunarlaust að fara svo frjálslega með staðreyndir sem þessi hv. þm. virðist gera. Það er lágmark a. m. k. að menn í ábyrgðarstöðum innan þingsins hagi sér ekki með þeim hætti í málflutningi. (Gripið fram í.) Jæja, það er gott. Hæstv. ráðh. vill ekki standa við eigin orð. **(Gripið fram í:** Hverjir mega haga sér svona?) Þá tekur skrifari við. Hvað sagði hann? **(Gripið fram í:** Hverjir mega haga sér þannig?) Auðvitað eiga þeir síst að haga sér svona sem eru í ábyrgðarstöðum. Það er, eins og ég segi, ástæðulaust. **(Forseti:** Ég vil biðja hv. dm. að ræða ekki mikið saman og síst svona hátt. Með því móti gæti umr. dregist óþægilega á langinn.) Ég vil taka fram vegna orða hæstv. forseta, að það er síður en svo að ég sé að mælast til þess að menn grípi fram í. En hæstv. ráðh. kvartaði undan því áðan að skrifari þingsins gripi fram í. Hæstv. ráðh. hefur sjálfur fallið í þá gryfju núna. En hann má það eigi að síður mín vegna.

Ég vil sem sagt ítreka það, að ég hefði ekki tekið hér til máls nema vegna þess að hv. þm. Alexander Stefánsson hegðaði sér með þeim hætti sem hér hefur gerst. Það er *ástæðulaust að mönnum líðist að fara svo frjálslega með* staðreyndir sem hv. þm. hefur gert núna og raunar gerði í fleiri tilvikum í síðustu ræðu sinni, t. d. þegar hann var að vitna til ummæla sem hv. 10. landsk. þm., Jóhanna Sigurðardóttir, hafði alls ekki í dag. Hv. þm. Alexander Stefánsson var að leggja henni orð í munn. Það kæmi mér ekki á óvart þó að samstarf við formanninn í hv. félmn. gengi erfiðlega ef svo heldur fram sem horfir og með þeim hætti sem hann hefur látið í skína í dag.

Birgir Ísl. Gunnarsson: herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í umr. frekar, en orð hv. 1. þm. Vesturl., Alexanders Stefánssonar, gáfu mér nokkurt tilefni til þess.

Hann vitnaði til ræðu minnar áðan, þar sem ég sagði að ég teldi hægt að stjórna málefnum sveitarfélaga án þess að hækka þá tekjustofna sem þau hafa nú samkv. lögum. Hann sagði að ég hefði ekki hugmynd um þetta vegna þess að ég þekkti ekki til hjá öllum sveitarfélögum landsins. Auðvitað sagði ég þessi orð í ljósi þess sem ég þekki best, þ. e. hér í Reykjavík. Mér er fullkunnugt um það og ég stend við það, að málefnum Reykjavíkur er hægt að stjórna án þess að fá 12.1% útsvar.

Hitt veit ég, og það skal ég segja Hv. þm. vegna þess að ég veit að honum er einnig kunnugt um það, ég veit hvaða sveitarfélög það eru sem hafa lagt þyngstu pressuna á bæði stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og þm. til að fá hækkað útsvar. Það eru þrjú sveitarfélög sem þar hafa gengið í fararbroddi. Það er Reykjavík, það er Kópavogur og það er Neskaupstaður. Það er engin tilviljun að það er í þessum þremur sveitarfélögum sem Alþb. hefur úrslitavald. Það er nefnilega þannig, að í þeim sveitarfélögum, sem Alþb. ræður, og þegar Alþb. ræður ríkismálum einnig, er skattpíningin mest, þá er skattþunginn mestur á landsmenn. Það er þeirra erinda sem hv. þm. gengur á Alþingi í dag.

Ólafur Þ. Þórðarson: herra forseti. Hér hefur farið fram ákaflega skemmtileg skrautsýning í dag og kvöld. Höfuðpaurinn situr aðgerðalítill, en sendir lið sitt fram til orrustu til að halda uppi furðulegu málþófi um hluti sem formanni þingflokksins voru þó fullljósir þegar mál þetta kom fyrst á dagskrá, þ. e. að ekki er til umræðu að hækka útsvar á Íslandi. Það er samkv. íslenskum lögum 10%. Væri staðgreiðslukerfið komið á væri það mun þyngra en það er, það blasir við. Í reynd er það vegna verðbólgunnar 7.5%. Spurningin er aðeins sú, hvort sveitarfélögin eigi að fá þá leiðréttingu að útsvarið fari úr 7.5% í 8.1%. Þetta er kjarni málsins. Þetta er það sem er til umræðu.

Hvers vegna gerist það þá, að fyrst er alger þögn um hvort menn vilji styðja þau 10%, sem verið er að tala um að leggja ofan á, eða ekki? Það er engin samstaða fyrrv. ráðh. Alþfl. um að gefa eftir af tekjum ríkisins til sveitarfélaganna í gegnum söluskattinn. Þess vegna var ekki hreyft við þessu máli meðan sú stjórn sat. Þá bar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm., ekki fram neina till. um að færa til frá söluskattinum til sveitarfélaganna. En svo kemur í ljós að Alþfl.-menn eru í ábyrgð, þó þeir séu það ekki hér í þinginu í bili að því er virðist, — þeir eru í ábyrgð vítt og breitt um land í sveitarstjórnum. Og þessar sveitarstjórnir þurfa að vera ábyrgar áfram. Ef sú leið er farin, að hækkun sé heimil, er ábyrgðin færð til sveitarfélaganna. Þá geta t. d. Alþfl. og Sjálfstfl. stöðvað það í Reykjavík að hækkun verði og á mörgum stöðum öðrum víðs vegar um landið. Ég tel ekki að hv. þm., Karvel Pálmason, 6. landsk. þurfi að hafa neinar áhyggjur af Bolungarvík.

Ef sú till. verður aftur á móti samþ., að það verði tekið af söluskattinum og fært til sveitarfélaganna er búið að taka ákvörðun um skattlagningu, e. t. v. aukna skattlagningu, einfaldlega vegna þess að skattstiginn er ekki kominn fram og ekki til umr. Þegar hann kemur fram er fyrst verið að ræða um hver verður raunveruleg skattálagning hjá þjóðinni, heildarskattálagningin. Fyrr er málið ekki á dagskrá. Þetta blasir við. Þetta viðurkenndi m. a. Karvel Pálmason í ræðu sinni. Ekkert er vitað hver skattstiginn verður.

Það er nefnilega fróðlegt að sjá í reynd hvernig gengur hjá Alþfl.-mönnum og fleiri aðilum, sem eru í ábyrgðarstöðum í sveitarfélögunum, að vera samstíga þeim aðilum sem nú virðast hafa lagt höfuðkapp á að draga úr tekjum sveitarfélaganna, — draga úr þeim því að ekki er um aukningu að ræða, það blasir við í þeirri berðbólgu sem er í landinu, hvernig svo sem ástandið verður. Það er allt annað mál og hlýtur að verða tekið til umr. þegar þar að kemur.

Umr. frestað.

Neðri deild, 44. fundur.

Mánudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 47, n. 189, 190, 191, 194, 199, 200, 206). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 32. fundur.

Mánudaginn 17. mars, að loknum 44. fundi í neðri deild.

Fjárlög 1980, frv. (þskj. 193). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, á sér óvenjulegan aðdraganda, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt. Núverandi ríkisstj., sem tók við völdum 8. febr. s. l., setti sér strax það mark, að fjárlög yrðu afgreidd fyrir páska. Ákveðið var að byggja meginefni frv. á fjárlagafrv. því sem fyrrv. fjmrh. Tómas Árnason lagði fyrir Alþingi í byrjun októbermánaðar á s. l. hausti. Þar sem aðstæður hafa breyst í verulegum atriðum síðan það frv. var úr garði gert í ágúst og septembermánuði og með hliðsjón af breyttum forsendum eftir myndun nýrrar stjórnar hefur að sjálfsögðu þurft að gera fjölmargar breytingar á frv., eins og nánari grein verður gerð fyrir hér á eftir.

Meðan starfsstjórn Alþfl. sat að völdum lagði þáv. fjmrh. fram nýtt fjárlagafrv. á Alþingi og mælti fyrir því daginn áður en starfsstjórnin lét af völdum. Frv. þetta byggði á sömu launa- og verðlagsforsendum og fyrir lágu í frv. Tómasar Árnasonar, þ. e. a. s. á upplýsingum frá því í ágúst og spetember, en þessar forsendur voru orðnar úreltar í verulegum atriðum þegar í desembermánuði. Munurinn á frv. Tómasar Árnasonar og Sighvats Björgvinssonar lá einkum í því, að frv. þess síðar nefnda byggðist í nokkrum mikilvægum atriðum á kosningastefnuskrá Alþfl. Ekki kom til álita að leggja það frv. til grundvallar fjárlagagerð.

Þegar ég geri grein fyrir þessu nýja frv. í einstökum atriðum og fjalla um afkomu ríkissjóðs og þjóðhagshorfur vil ég fyrst draga hér saman nokkur meginatriði frv. og víkja að forsendum fyrir helstu breytingum sem gerðar hafa verið frá því frv. sem lá til grundvallar.

Í ríkisfjármálum er það meginatriði í stjórnarstefnu núv. ríkisstj., að ríkissjóður verði rekinn með greiðsluafgangi. Í þessu frv. eru tekjur umfram gjöld um 5.5 milljarðar króna. Þar sem við það er miðað, að afborganir af skuldum ríkissjóðs nemi hærri fjárhæð en upphæð nýrra lána nemur, er greiðsluafgangur frv. nokkru lægri en rekstrarafgangur eða sem nemur rúmum 2 milljörðum kr. Svigrúm fjvn. og Alþingis nemur því tæpum 2 milljörðum króna, nema einhver útgjöld frv. séu lækkuð eða tekjur auknar.

Það hefur verið yfirlýstur ásetningur ríkisstjórna á mörgum undanförnum árum að reka hallalausan ríkisbúskap. Þó hefur þetta ekki tekist og hefur verið meiri eða minni greiðsluhalli hjá ríkissjóði á hverju ári síðan 1973. Á seinasta ári nam rekstrarhalli á greiðslugrunni tæpum 3 milljörðum kr. samkvæmt nýjustu upplýsingum. Óhjákvæmilegt er að aðhald verði aukið í ríkisbúskapnum svo og hvers konar viðleitni til sparnaðar sem hægt er að ná fram án þess að þjónusta hins opinbera minnki. En hitt er ekki síður mikilvægt, að áætlunartölur fjárlaganna séu raunhæfar og í sem bestu samræmi við óhjákvæmileg útgjöld. Greiðsluhalli ríkissjóðs á undanförnum árum stafar áreiðanlega ekki síst af því, að sumar greiðslur og önnur óhjákvæmileg útgjöld reynast hærri en fjárlög hafa gert ráð fyrir, en tekjur skila sér ekki að sama skapi. Breyttar verðforsendur, sem komið hafa á daginn síðan frv. Tómasar Árnasonar var samið, leiða til útgjaldaaukningar sem nemur 10.6 milljörðum kr. Hins vegar er áætluð tekjuaukning vegna sömu breytinga á verðforsendum einum milljarði kr. lægri, eða sem nemur 9.6 milljörðum kr. En auk þessa liggja nú fyrir betri upplýsingar um fjölmarga þætti ríkisútgjalda en þegar ákvarðanir voru teknar um útgjaldatölur í frv. Tómasar Árnasonar, og leiða þær til aukinna útgjalda ríkissjóðs, t. d. nýsamþykkt lög, eins og lögin um eftirlaun aldraða. Í öðrum tilvikum hafa breytingar verið gerðar í ljósi reikningsniðurstöðu ársins 1979 og nema hækkanir af þessu tagi rúmum 6 milljörðum kr. Þessi endurskoðun og styrking fyrra frv. ætti að auka líkurnar á því að ekki verði halli í ríkisbúskapnum á þessu ári, en vissulega hefði verið æskilegra að áætlaður greiðsluafgangur hefði verið meiri.

Frv. gengur í grófum dráttum út frá hliðstæðri skattlagningu og var á síðari hluta síðasta árs. Því miður er ekki sjáanlegt að nokkurt svigrúm sé til skattalækkunar eins og nú er ástatt í fjármálum ríkisins, og tillögur í þá átt virðast nokkur úr lausu lofti gripnar. Ýmisir verulegir útgjaldaliðir bætast við á þessu ári í fullu samræmi við lagasetningu Alþingis á s. l. vetri. Sem dæmi má nefna Framkvæmdasjóð öryrkja sem fær nú rúman 1 milljarð til ráðstöfunar, en í fjárlögum síðasta árs var varið tæpum 300 millj. kr. til slíkra viðfangsefna. Hitt vegur þó miklu þyngra, að reiknað er með að tollar lækki hlutfallslega á þessu ári sem nemi rösklega 5 milljarða kr. tekjutapi en þar af er 4 milljarða kr. tollalækkun vegna samninga Íslands við Efnahagsbandalagið og EFTA.

Með þetta í huga, sem hér hefur verið sagt um aukin útgjöld og minnkaðar tekjur, var með öllu útilokað að endar næðu saman í þessu frv. nema útgjöld væru nokkuð skorin niður. Olíustyrkur til þeirra, sem kynda hús sín með olíu, nam rúmmum 900 millj. kr. í fjárlögum seinasta árs. Almenn samstaða er um það hér á Alþingi að auka þennan styrk verulega, og ætla má að greiðslur í þessu skyni þurfi að nema 4—5 milljörðum króna á þessu ári. Frv. um fjáröflun til þessara greiðslna er enn ekki fullmótað. Uppi hafa verið hugmyndir um að halda þessari sérstöku millifærslu milli þegna þjóðfélagsins utan fjárlaga og beina greiðslustreyminu í gegnum sérstakan sjóð samkvæmt sérstökum lögum. Það mál er í athugun enn, og er þess að vænta að sem fyrst verði úr því skorið, hvernig með millifærslur þessar skuli fara. Að olíustyrknum frátöldum felst þessi niðurskurður í nokkurri lækkun framlag til fjárfestingarsjóða, Hafrannsóknastofnunar og Landhelgisgæslu, og nemur þessi niðurskurður um 3 500 millj. kr., ef miðað er við frv. Tómasar Árnasonar.

Ríkisstj. áformar að greiða niður skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann, og er 8.1 milljarður kr. ætlaður í því skyni á þessu ári. Heildarskuld ríkisins við Seðlabankann nam um s. l. áramót um 28.5 milljörðum kr. þegar verðbótaþætti lána hefur verið bætt við. Bróðurparturinn af þessari skuld á rætur sínar að rekja til hallarekstrar ríkissjóðs á árunum 1974, 1975 og 1978. Vafalaust mun taka mörg ár að greiða upp þessa skuld, enda varðar mestu fyrir þróun efnahagsmála á næstu árum að ekki komi til frekari skuldasöfnunar. Hins vegar er skuldin það stór, að óraunhæft er með öllu að gera ráð fyrir að hún verði greidd upp á skömmum tíma, meðan baráttan við verðbólguna stendur sem hæst og háum fjárhæðum er varið til að greiða niður vöruverð.

Í stjórnarsáttmálanum eru sérstakar aðgerðir boðaðar í því skyni að draga úr verðbólgu. Verðhækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verða sett ákveðin efri mörk ársfjórðungslega, þannig að einstakar verðhækkanir vöru og þjónustu fram til 1. maí fari ekki fram úr 8%, til 1. ágúst ekki fram úr 7% og loks til 1. nóvember ekki fram úr 5%. Verðhækkanir á búvöru skulu fylgja sams konar reglum, enda er ráð fyrir því gert að niðurgreiðslur verði ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði árið 1980 og 1981. Þó er sú undantekning gerð, að á tímabilinu fram að 1. maí er ætlunin að afgreiða sérstaklega hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana sem nauðsynlegar kunna að teljast, til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma sem fyrrnefnd mörk setja. Einnig er ráð fyrir því gert, að ríkisstj. setji sérstakar reglur um verðhækkanir af erlendum uppruna sem ekki rúmast innan ofangreindra marka að mati verðlagsráðs.

Þetta eru strangar reglur sem ekki verður auðvelt að framfylgja. En í trausti þess, að það verði gert, eru verðlagsforsendur frv. miðaðar við þessi áform.

Samsvarandi takmörk launabreytinga eru ekki í stjórnarsáttmálanum. Ríkisstj. mun ekki lögbinda kaupgjald nema í sérstökum undantekningartilvikum, enda séu þá allir aðilar að ríkisstj. sammála um það og samráð haft við samtök launafólks, eins og segir í stjórnarsáttmálanum. Laun verða áfram verðtryggð, og meðan viðskiptakjör þjóðarinnar fara heldur versnandi, eins og nú er, aukast verðbætur á laun heldur minna en nemur verðlagsbreytingum.

Þróun kjaramála á þessu ári mun ráðast í frjálsum samningum. En ljóst er að útilokað verður að halda verðhækkunum innan þeirra marka sem ég nefndi áðan ef almennar grunnkaupshækkanir ganga yfir á sama tíma. Þetta er flestum ljóst sem betur fer, og því hlýtur það að koma til vandlegrar athugunar í komandi kjarasamningum launamanna, að áhersla verði lögð á ýmiss konar félagsleg réttindamál, en jafnframt hugað sérstaklega að því að bæta hag þeirra sem lakast eru settir og lægst hafa launin. Það er einmitt þáttur í þeirri viðleitni ríkisstj. að bæta kjör þeirra sem lakast eru settir, að samkvæmt stjórnarsáttmálanum verður tekjutrygging aldraða og öryrkja hækkuð um 5% 1. júní n. k. Margvísleg félagsleg réttindamál eru nú í undirbúningi eða eru að koma til framkvæmda, þ. á m. ýmis mál sem verkalýðshreyfingin kann vel að meta.

Niðurgreiðslur búvöruverðs verða hlutfallslega minni á þessu ári miðað við liðið ár. Það er eitt af meginstefnumiðum ríkisstj. í verðlagsmálum að koma í veg fyrir þær miklu sveiflur sem verið hafa á verði landbúnaðarvara, og verður kappkostað að halda því niðurgreiðsluhlutfalli, sem ákveðið verður í vor, sem föstu hlutfalli af verði landbúnaðarvara. Verða 24.4 milljarðar kr. til ráðstöfunar til niðurgreiðslna á þessu ári.

Ríkisstj. telur það skyldu sína að verja kjör bænda gegn meiri háttar áföllum og mun greiða fullar útflutningsuppbætur í samræmi við framleiðsluráðslög. Áætlað er að 10% landbúnaðarframleiðslunnar á yfirstandandi verðlagsári nemi um 8.4 milljörðum króna. Hins vegar er ljóst að tjón bænda af óverðtryggðum útflutningi búvara frá þessu verðlagsári verður miklu meira en svo, að útflutningsuppbætur hrökkvi þar til. Má því búast við að ríkið verði að veita Framleiðsluráði einhverja fyrirgreiðslu í þessu sambandi fyrr eða síðar, en ákvarðanir í þessu efni verða að bíða um sinn, enda er ráð fyrir því gert í stjórnarsáttmálanum, að lausn á þessum vanda tengist heildarstefnumótun í framleiðslumálum landbúnaðarins.

Í þessu frv. felst ákveðin stefnumörkun í málefnum iðnaðarins. Gert er ráð fyrir að 850 millj. kr. af innheimtu aðlögunargjaldi renni til iðnaðarins í ár, en þessi upphæð var ekki færð til gjalda í því frv. sem lagt var fram í október. Aðlögunargjaldið rennur að miklum meiri hluta til Iðnrekstrarsjóðs, en að nokkru til nýiðnaðar og hagræðingarverkefna. Gert er ráð fyri að 1134 millj. kr. af jöfnunargjaldi renni til endurgreiðslu söluskatts iðnfyrirtækja, en upphæðin nemur 2/3 hlutum gjaldsins eins og það var áætlað í ársbyrjun. Stefnt verður að því að hraða greiðslu gjaldsins umfram það sem áður hafði verið ákveðið.

Í stjórnarsáttmála ríkisstj. er ákveðið, að ríkissjóður beri kostnað af félagslegum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmdum sem þeim er falið að annast. Þessi mál eru nú í sérstakri athugun, en í fjárlagafrv. er ráð fyrir því gert, að greiðslum vegna félagslegra framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins verði þannig hagað, að veittar verði 1000 millj. kr. til að mæta greiðslum af lánum vegna félagslegra framkvæmda fyrirtækisins á fyrri árum.

Í stjórnarsáttmála ríkisstj. er því lýst yfir, að fjárveitingar til menningarmála verði auknar. Ég held að því verði ekki á móti mælt, að framlög til menningarmála eru ótrúlega lítill hluti af heildarútgjöldum ríkisins. Ég hef nýlega kannað hvert hafi verið framlag til lista og menningarmála í fjárlögum ríkisins árið sem innlend stjórn var færð inn í landið, árið 1904. Mér telst til að framlagið hafi numið 43 þús. kr. eða rúmlega 4% af ríkisútgjöldum á þeim tíma. Samsvarandi tala er í þessu frv. um 0.8%. Framlög til lista og menningarmála þurfa að hækka í nokkrum áföngum á næstu árum. Hækkunin í þessu frv., miðað við frv. sem lagt var fram í október s. l., nemur 265 millj. kr.

Framkvæmda- og lánsfjáráætlun fylgir ekki þessu frv. af augljósum ástæðum. Lánsfjáráætlun hefur nær alltaf verið afgreidd nokkrum mánuðum síðar en fjárlagafrv., og nú hefur undirbúningur A-hluta fjárlaganna haft algjöran forgang. Gagnasöfnun til undirbúnings lánsfjáráætlunar er þó mjög langt komin, en eftir er að ákveða hvað rúmast innan áætlunar. Miðað við kröfur framkvæmdaaðila, sem þó hafa verið skornar talsvert niður, er útlit fyrir að erlendar lántökur kunni að fara yfir 100 milljarða kr. Hér er að sjálfsögðu stefnt í erlendar lántökur úr hófi fram og er ljóst að þessi miklu framkvæmdaáform þarf enn að skera talsvert niður. Í

stjórnarsáttmála ríkisstj. er ákvæði þess efnis, að erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum, efri mörk erlendar lántöku verði þó ákveðin nánar með hliðsjón af eðli framkvæmda og með tilliti til gjaldeyrissparnaðar og gjaldeyrisöflunar.

Skýringin á þessari miklu þörf á erlendri lántöku er einfaldlega sú, að nú standa framkvæmdir við Hrauneyjarfossvirkjun sem hæst og er áætlað að þær kalli á erlendar lántökur að upphæð um 30 milljarðar kr. Áform um aðrar raforku- og rafveituframkvæmdir nema rúmlega 20 milljörðum kr. en þar af er ætlað af lánsfjáráætlun, einkum með erlendum lántökum, um 17 milljarðar kr. Þessu til viðbótar koma áform um stórfelldar framkvæmdir við hitaveitur og fjarvarmaveitur og þessi framkvæmdakostnaður áætlaður rúmir 24 milljarðar kr., en þar af yrði erlend fjármögnun rúmir 10 milljarðar kr. Af þessu sést, að samanlögð áform um orkuframkvæmdir í landinu stefna á rúma 74 milljarða kr., og yrðu þá erlendar lántökur í þessu skyni a. m. k. 57 milljarðar kr. Að sjálfsögðu er útilokað að öll þessi áform verði að veruleika á þessu ári. Hér verður að velja og hafna eins og á öðrum sviðum og fresta hluta af þessum framkvæmdum til næsta árs. Hins vegar megum við sannarlega þakka fyrir að mikill skriður er á orkuframkvæmdum í landinu eftir þá gífurlegu verðhækkun á innfluttu eldsneyti sem var á s. l. ári. Orkuframkvæmdir spara gjaldeyri í stórum stíl og skila þjóðarbúinu miklum arði, og því er alls ekki réttlætanlegt að skera þær verulega niður vegna þess eins að þær kosti of miklar erlendar lántökur. Vissulega ber að varast að innflutningur erlends lánsfjár skapi þenslu í atvinnulífi og ýti undir verðbólgu. En á hitt ber að líta, að stór þáttur raforkuframkvæmda er innflutningur á erlendum fjárfestingarvörum, vélum og tækjum, og lántökur í því skyni hafa ekki þensluáhrif í íslensku efnahagslífi.

Ríkisstj. mun hraða gerð framkvæmda- og lánsfjáráætlunar á næstu vikum og leggja hana fyrir Alþingi svo fljótt sem kostur er. En engin von er til þess, að frv. um lánsheimildir í tengslum við framkvæmda- og lánsfjáráætlun verði afgreitt fyrr en að loknu páskaleyfi.

Eftir að hafa gert hér grein fyrir meginforsendum þessa frv. og stefnumálum ríkisstj. í því sambandi vil ég nú víkja að þróun efnahagsmála á liðnu ári og þjóðhagshorfum á árinu 1980.

Eins og nokkur undangengin ár skiptir mjög í tvö horn um framvindu efnahagsmála á árinu 1979. Margir þættir efnahags- og atvinnumála voru hagstæðir. Sjávarafli var afar mikill og framleiðsla fór vaxandi í heild sinni, atvinna var næg og nokkurn veginn jöfnuður í utanríkisviðskiptum. Á hinn bóginn fór verðbólga vaxandi í kjölfar gífurlegra hækkana á olíuverði, en stjórnarkreppa og þingrof á haustmánuðum kom algjörlega í veg fyrir gagnráðstafanir. Verðbólga var því orðin meiri undir lok ársins en nokkru sinni fyrr. Hækkun olíuverðs varð þess einnig valdandi, að viðskiptakjör okkar gagnvart erlendum þjóðum snarsnerust til hins verra.

Samkvæmt bráðabirgðatölum er þjóðarframleiðslan í heild talin hafa aukist um 3% á árinu 1979 eða um 2% á mann. Viðskiptakjörin drógust á hinn bóginn saman sem nemur um 4% af þjóðarframleiðslu, mest vegna hækkunar olíuverðs, en einnig rýrði lækkun á gengi Bandaríkjadollars kaupmátt útflutningstekna gagnvart innflutningi. Þessi rýrnun viðskiptakjara veldur því, að þjóðartekjur eru taldar hafa dregist saman um 2% á mann. Eftir þennan afturkipp eru þjóðartekjur á mann orðnar svipaðar og á árinu 1977.

Framleiðslan í einstökum atvinnugreinum var með mjög misjöfnum hætti á síðasta ári. Framleiðsla sjávarafurða jókst afar mikið eða um 14%. Talið er að iðnaðarframleiðslan hafi aukist um 4—5%. En búvöruframleiðslan hefur líklega dregist saman um 5—6% vegna harðinda og óþurrka. Samdráttur er einnig talinn hafa orðið í byggingarstarfsemi. Heildarframleiðslan til útflutnings jókst að líkindum um 13%, en vegna þess hve mikið var gengið á birgðir á árinu 1978 og útflutningur varð mikill á því ári jókst vöruútflutningurinn minna en nam framleiðsluaukningunni eða um 9—10%.

Þjóðarútgjöld eru talin hafa aukist um 1% á árinu 1979, einkaneysla og samneysla um 1 — 2%, en fjármunamyndun hefur sennilega dregist saman um 5%. Vöruinnflutningur hefur að raunvirði orðið svipaður og árið áður. Innflutningsverð hækkaði hins vegar mikið. Að frátalinni olíu hefur það að jafnaði hækkað líkt og útflutningsverð eða um 8% í erlendri mynt, en að olíu meðtalinni nemur verðhækkun alls innflutnings 20% í erlendri mynt. Þar sem verð erlends gjaldeyris í krónum hækkaði um 34% svarar þetta til um 60% innflutningsverðshækkunar í krónum á móti 45% verðhækkun útflutnings.

Bráðabirgðatölur um verðmæti útflutnings og innflutnings allt árið 1979 sýna að útflutningur hefur orðið um 278 milljarðar, en innflutningur röskum 9 milljörðum minni, og því hefur orðið afgangur í vöruskiptunum við útlönd. Er það sannarlega athyglisverð niðurstaða þegar olíuverðshækkunin er höfð í huga. Á hinn bóginn er áætlað að nokkur halli hafi orðið í þjónustuviðskiptum, ekki síst vegna samdráttar í tekjum af samgöngum og flugi, og nemur hann hærri upphæð en afgangur í vöruskiptunum. Reynist áætlanir réttar hefur því orðið lítils háttar halli í viðskiptum við útlönd á árinu 1979, en hallinn er það innan við 1/2% af þjóðarframleiðslu. Útkoman má því teljast vel viðunandi, m. a. þar sem útflutningsvörubirgðir um s. l. áramót voru mun meiri en í upphafi ársins. Vegna innstreymis erlends lánsfjár hefur greiðslujöfnuður orðið hagstæður og gjaldeyrisstaða batnað um 17 milljarða kr.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa að líkindum aukist um 24 milljarða á seinasta ári, og í árslok kunna erlendar skuldir að hafa numið rúmlega 280 milljörðum eða u. þ. b. þriðjungi af þjóðarframleiðslu ársins, og er það svipað hlutfall og árið áður. Greiðslubyrði af löngum erlendum lánum, þ. e. greiðslur vaxta og afborgana í hlutfalli við útflutningstekjur, er áætluð 14% eða svipuð og undanfarin 4 — 5 ár. Í þessu sambandi tel ég ástæðu til að vekja á því athygli, að því hefur oft verið spáð á seinustu 5 — 6 árum, að þessi hundraðstala, þ. e. greiðslubyrðin af erlendum lánum, færi hækkandi og nálgaðist jafnvel 20%, en þetta hefur ekki reynst rétt af ýmsum ástæðum.

Á mælikvarða framfærsluvísitölu hækkaði verðlag á liðnu ári um 45% að meðaltali, en um rúmlega 60% frá upphafi til loka ársins. Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað jafnar yfir árið en framfærsluvísitala og er því stundum betri mælikvarði á verðlagsþróunina, m. a. vegna mismunandi áhrifa niðurgreiðslna á framfærsluvísitölu. Byggingarvísitalan hækkaði um 46% að meðaltali á liðnu ári, en frá upphafi til loka ársins var

hækkunin um 54%. Undir árslok má ætla að hraði verðbreytinga hafi svarað til 55 — 60% verðbólgu á ári.

Kauptaxtar hækkuðu heldur minna að meðaltali á árinu en verðlag, einkum vegna áhrifa af versnandi viðskiptakjörum, en ráðstöfunartekjur heimilanna eru þó taldar hafa aukist svipað og verðlag að jafnaði á árinu. Meðalkaupmáttur hefur því haldist nokkurn veginn óbreyttur.

Á árinu 1979 vorum við Íslendingar ekki einir á báti með vaxandi verðbólgu. Efnahagsframvindan í flestum ríkjum heims breyttist til hins verra. Áætlanir alþjóðastofnana benda til að þjóðarframleiðsla iðnríkjanna hafi aukist um tæp 3% á árinu 1979 samanborið við 4% aukningu næstu tvö árin á undan. Víða gætir svartsýni um horfur fyrir næstu misseri. Í mörgum ríkjum hefur hvort tveggja gerst, að bæði verðbólga og atvinnuleysi hefur verið í vexti. Hefur þar í senn gætt áhrifa stórfelldrar hækkunar olíuverðs á árinu og minnkandi hagvaxtar í Bandaríkjunum, sem jafnvel er talið að geti snúist í alvarlegan afturkipp. Olíuverðshækkunin er nú þeim mun erfiðari viðfangs víða um lönd að hún bætist ofan á verðbólgu- og atvinnuleysisvanda sem ærinn var fyrir. Þetta ótrygga efnahagsástand í umheiminum veldur óneitanlega mikilli óvissu fyrir íslenska þjóðarbúskapinn næstu misserin.

Þjóðhagsforsendur þessa frv. eru reistar á drögum að þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar frá því í febrúar s. l. Þar er m. a. gert ráð fyrir að botnfiskafli á þessu ári verði svipaður og á árinu 1979, en loðnuaflinn minni. Þó er reiknað með að útflutningsframleiðsla og útflutningur í heild aukist nokkuð vegna aukningar iðnaðarframleiðslu *til útflutnings, einkum áls og járnblendis.*

Viðskiptakjör héldu áfram að rýrna á síðasta fjórðungi liðins árs og eru um þessar mundir lakari en reiknað var með á s. l. hausti. Horfur um verðþróun í utanríkisviðskiptum eru afar óvissar, sérstaklega hvað varðar olíuverð. Sé gert ráð fyrir að heldur dragi úr verðhækkun innflutnings (annars en olíu), frá því sem var á síðari hluta árs í fyrra og útflutningsverð í heild hækki heldur minna en í fyrra, yrðu viðskiptakjörin á árinu 1980 að meðaltali 4 — 6% lakari en á árinu 1979, miðað við það olíuverð, sem skráð var um miðjan febrúar. Þetta er nokkru meiri viðskiptakjararýrnun en áður var reiknað með, en eins og nú horfir virðast líkur á að rýrnunin gæti jafnvel frekar orðið meiri en þetta.

Versnandi viðskiptakjör hafa m. a. orðið þess valdandi, að kaupmáttur kauptaxta á fyrsta fjórðungi þessa árs er 3 — 4% minni en ársmeðaltalið 1979.

Forsendur um þróun kauplags og verðlags eru reistar á áætlunum fyrir fyrri hluta ársins og hugmyndum um breytingar síðari hluta árs. Niðurstaða þeirra bendir til þess, að kaupmáttur kauptaxta verði á árinu 1980 svipaður og á fyrsta fjórðungi ársins að óbreyttu grunnkaupi. Kaupmáttur ráðstöfunartekna 1980 yrði þá sennilega heldur minni en á árinu 1979 og er þá miðað við að beinir skattar verði svipaðir sem hlutfall af tekjum og á seinasta ári, en lífeyristekjur hækki nokkru meira en kauptaxtar. Samkvæmt þessu mætti búast við að heldur drægi úr einkaneyslu á árinu.

Horfur um fjármunamyndun eru enn ekki ljósar þar sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun liggur ekki fyrir og heildarútlán fjárfestingarlánasjóða eru enn óráðin. Fyrstu drög að fjárfestingarspá á árinu 1980 benda til nokkurrar aukningar heildarfjárfestingar, en að frátöldum ýmsum meiri háttar framkvæmdum, m. a. orkuframkvæmdum og innflutningi skipa og flugvéla, eru hins vegar líkur á að almenn fjármunamyndun dragist nokkuð saman. Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir að almenn þjóðarútgjöld dragist saman á árinu, ef til vill um 2%, og er sú forsenda notuð um magnbreytingu helstu stofna óbeinna skatta.

Þær forsendur og áætlanir, sem hér hafa verið raktar, eru enn um margt óráðnar, en á grundvelli þeirra má ætla, að þjóðarframleiðslan í heild verði svipuð eða aukist lítils háttar 1980. Jafnframt yrðu utanríkisviðskiptin nálægt jafnvægi ef þjóðarútgjöld verða innan þeirra marka, sem ég hef nú nefnt, og viðskiptakjör rýrna ekki frá því sem nú er reiknað með. Líklegast er þó talið að þjóðartekjur dragist saman vegna áhrifa viðskiptakjararýrnunar á ráðstöfunarfé þjóðarinnar.

Fjárlög ársins 1979 voru afgreidd með greiðsluafgangi að fjárhæð um 2.5 milljarðar kr. Tekjur umfram gjöld voru áætlaðar 6.6 milljarðar kr., en áformað var að greiða rúmum 4 milljörðum kr. meira en nam nýjum lántökum á árinu. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhalds námu heildarútgjöld ársins 1979 241.6 milljörðum kr. á greiðslugrunni og heildartekjur 238.7 milljörðum kr. Gjöld umfram tekjur urðu því á greiðslugrunni 2.9 milljarðar kr. Miðað við áætlun fjárlaga varð rekstrarafkoma ríkissjóðs um 9.5 milljörðum lakari en að var stefnt. Skuldaaukning ríkissjóðs við aðra en Seðlabankann nam um 3.9 milljörðum kr., sem er 2.3 milljörðum hærri fjárhæð en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Viðskipti ríkissjóðs og Seðlabanda Íslands urðu í stórum dráttum þannig á árinu 1979, að heildarskuld ríkissjóðs *jókst um 0.4 milljarða kr. og nam um 26.7 milljörðum* kr. í lok ársins. Þá hefur ekki verið tekið tillit til uppfærslu lána vegna verðbótaþáttar að fjárhæð 2. milljarðar kr. Á árinu 1979 var gerð formbreyting á skuldum ríkissjóðs í bankanum. Var þá horfið frá gengistryggingu lánanna, en þess í stað fylgja þau framvegis verðlagsþróun innanlands. Ákveðið hefur verið að skuldir ríkissjóðs við Seðlabanka og aðra aðila verði hér eftir færðar upp um hver áramót í samræmi við verðlagsþróun. Á fjárlögum ársins 1979 var gert ráð fyrir greiðslu lána til Seðlabankans að fjárhæð 5.1 milljarði kr. og bættri stöðu á viðskiptareikningi um 2.5 milljarða kr. Stöðubreyting við Seðlabankann hefur því orðið 10 milljörðum króna lakari en að var stefnt. Ef eingöngu er litið á greiðsluhreyfingar ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu varð greiðsluafkoman við bankann hagstæð um 2.2 milljarða króna, og er þá ekki tekið tillit til skuldaaukningar vegna uppfærslu lána við bankann með tilliti til gengismunar og verðbótaþáttar.

Afkoma ríkissjóðs á seinasta ári var ótvírætt talsvert miklu lakari en að var stefnt þegar á heildina er litið, og á það sér ýmsar skýringar. En ljóst er að ákvörðun um aukna tekjuöflun í ríkissjóð í september s. l. var vissulega óhjákvæmileg og dugði þó ekki til.

Svo að aftur sé vikið að því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, eru það niðurstöður þess, að gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 340 milljarðar kr. og gjöld 334.5 milljarðar kr. Tekjur umfram gjöld nema því um 5.5 milljörðum kr. eins og ég hef þegar nefnt. Reiknað er með að úr ríkissjóði verði greiddir 2.7 milljarðar kr. á þessu ári vegna lánahreyfinga, umfram það sem greitt verður inn í ríkissjóð. Að auki er gert ráð fyrir 0.8 milljarða kr. útstreymi á viðskiptareikningi umfram

innstreymi. Afborganir af lánum ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. frv. nema alls um 12.4 milljörðum kr., en þar af renna 8.1 milljarður kr. til Seðlabankans, bæði til greiðslu af skammtímalánum, sem aflað var á árinu 1979, og lánum til langs tíma. Lánsfjárþörf vegna A- og B-hluta ríkissjóðs nemur alls 29.5 milljörðum kr. Þar af renna um 19.8 milljarðar kr. til B-hluta fyrirtækja og sjóða, en 9.7 milljarðar kr. eru lántaka vegna A-hluta frv. Af heildarlántökum eru um 11.8 milljarðar kr. innlend uppspretta lánsfjár, en um 17.7 milljarðar kr. eru fyrirhugaðar erlendar lántökur. Að sjálfsögðu verður ekkert um það fullyrt með vissu, hve traustur grunnur frv. er varðandi verðlags- og launamál. Framvinda efnahagsmála í heild getur miklu breytt. Reynt hefur verið að áætla útgjöldin eins og kostur er og af fyllsta raunsæi. Hins vegar er ljóst, að ætla verður fyrir greiðsluafgangi á fjárlögum eða nokkurri fjárhæð vegna óvissra útgjalda eigi ekki að vera veruleg hætta á að halli á ríkissjóð í lok hvers árs.

Eftir að frv. hefur verið afgreitt mun ég beita mér fyrir strangri greiðsluáætlun innan fjárlaga ársins og vinna að því að herða innheimtu opinberra gjalda, enda nokkuð ljóst að þar er pottur brotinn. Jafnframt tel ég brýnt að tímabundnum halla ríkissjóðs verði mætt með fjármögnun frá viðskiptabönkum í einu eða öðru formi.

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð alls 3334.5 milljarðar kr. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti námu gjöld 1979 um 241.6 milljörðum kr. Útgjöld hækka því um 92.9 milljarða króna eða 38.5%. Sé samanburður aftur á móti gerður við fjárlög ársins 1979 er hækkunin 132.2 milljarðar kr. eða um 65.3%. Skýringin á þessari háu prósentutölu er einfaldlega sú, að við gerð frv. var stuðst við ákveðnar forsendur um feril launa og verðlags út árið 1980, eins og ég hef áður rakið, en fjárlög fyrir árið 1979 voru miðuð við verðlag í desember 1978.

Ég ætla mér að vera fremur stuttorður um heildargjöld ríkissjóðs, en þó verður ekki hjá því komist að drepa á nokkur veigamestu atriðin.

Í heild nemur launakostnaður rúmum 95 milljörðum kr. sem er rúmlega 77% hækkun frá fjárlögum 1979. Laun einstakra stofnana eru sett fram á desemberverðlagi 1979, en áætluð launahækkun 1980, sem talin er leiða til tæplega 12 milljarða króna viðbótarútgjalda ríkissjóðs, er færð á sérstakan lið fjmrn.

Að áætluðum launahækkunum 1980 frátöldum hækkar launaliður frv. um 55.2% frá fjárlögum 1979 og má skýra þá hækkun þannig: Í fyrsta lagi nemur hækkun launataxta og launatengdra gjalda frá des. 1978 til des. 1979 um 49.5%. Í þessari hækkun er tekið tillit til afnáms vísitöluþaks á launum í árslok 1978, 3% grunnkaupshækkunar 1. apríl s. l. og hækkunar verðbóta á laun. Í öðru lagi hafa frá síðustu fjárlögum bæst við nýjar stofnanir, ný verkefni og fjölgun starfsfólks sem leiðir til aukinna launaútgjalda. Þessi þáttur skýrir um 4% launahækkunarinnar eða sem svarar 2 milljörðum kr. í útgjöldum. Í þessu tilliti vegur þyngst hækkun launaliðar vegagerðarinnar um 700 millj. kr. umfram almennar taxtabreytingar, eftirlaunasjóður aldraðra rúmar 700 millj. kr. nýjar stöður á ríkisspítölum tæpar 400 millj. kr. og ýmis verkefni önnur, svo sem embætti ríkissáttasemjara, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands o. fl. Ýmis önnur atriði í launamálum hafa og leitt til hækkunar þessa útgjaldaþáttar ríkissjóðs. Má þar nefna breytta flokkaskipun heilbrigðisstétta auk Sóknarsamninga snemma árs 1979. Alls skýra áhrif þessara þátta 1.4 — 1.6% heildarlaunahækkunarinnar.

Önnur rekstrargjöld eru áætluð rúmur 21 milljarður kr. og er það tæplega 53% hækkun frá fjárlögum. Stafar þetta fyrst og fremst af verðhækkunum milli ára. Sérstaklega hefur orkukostnaður stofnana og fyrirtækja hækkað mjög mikið.

Útgjöld vegna viðhalds eru áætluð rúmir 8 milljarðar kr. og er það rúmlega 54% hækkun frá fjárlögum 1979. Þá ber að hafa í huga að um 71% alls viðhalds er vegna viðhalds vega, en til viðhalds vega renna alls 5.870 millj. kr., og er það hækkun um 58.6%. Sérstaklega tel ég rétt að nefna að samkvæmt lögum nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu, skal ríkissjóður greiða 50% viðhaldskostnaðar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Til þessa verkefnis renna 600 millj. kr. Á árinu 1979 var viðhald greitt sem hluti af daggjöldum með um 85% þáttöku ríkissjóðs. Verður nú að taka afstöðu til þess, hvernig best verði staðið að þátttöku ríkissjóðs í viðhaldi sjúkrastofnana, þannig að framkvæmd stangist ekki á við lög og valdi ríkissjóði auknum útgjöldum sem hvergi er áætlað fyrir.

Vaxtakostnaður af almennum lánum ríkissjóðs er áætlaður rúmir 16 milljarðar kr., og er það rúmlega 9 milljarða kr. hækkun.

Framlög til almannatrygginga nema alls um 86.5 milljörðum kr. og er það hækkun um tæpa 39 milljarða kr. eða rúm 80%.

Þessi mikla hækkun er eins og á öðrum sviðum vegna þess, að hér er reiknað með verðlagsbreytingu frá árslokum 1978 til meðalverðlags 1980. Í aths. frv. er gerð ítarleg grein fyrir útgjöldum vegna lífeyris- og sjúkratrygginga. Ég tel því ástæðulaust að fjölyrða frekar um þennan veigamikla þátt ríkisútgjaldanna. Á þrem atriðum vil ég þó vekja athygli. Í fyrsta lagi er brýnt, að tilhögun og fjármögnun barnsmeðlaga verði tekin til endurskoðunar. Óhæft er að Tryggingastofnun ríkisins bindi alla sína varasjóði í barnsmeðlögum sem ekki innheimtast. Láta mun nærri að skuld Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins vegna þessa hafi numið um 2.6 milljörðum, 2600 millj. kr. s. l. áramót. Í öðru lagi er ráð fyrir því gert í frv., að þáttaka sjúklinga í lyfjakostnaði og kostnaði við sérfræðiþjónustu aukist hlutfallslega eins og útgjöld sjúkrasamlaga vegna þessara þátta. Í þriðja lagi þarf að ákveða endanlega þátttöku ríkisins í viðhaldi sjúkrahúsa, eins og ég hef þegar nefnt.

Framlög til ríkisframkvæmda og ýmissa framkvæmdasjóða nema alls rúmum 55 milljörðum kr. og er það hækkun um tæpa 17 milljarða eða 43.5% frá fjárlögum ársins 1979. Framlög til verklegra framkvæmda, þ. e. hreinna ríkisframkvæmda og framkvæmda sem kostaðar eru af fleiri aðilum, hækka um rúma 11 milljarða kr. eða 57.5%.

Frv. er miðað við upphæðir í gildandi vegáætlun. Hins vegar er áformað að endurskoða vegáætlun og verður ákvörðun tekin um heildarframlag til vegamála í tengslum við gerð lánsfjáráætlunar.

Framlög til fjárfestingarlánasjóða hækka um 3.522 millj. kr., eða um rúm 30%, og er þá fylgt þeirri stefnu að framlög til flestra fjárfestingarlánasjóða eru lækkuð hlutfallslega.

Í þessu frv. nema framlög til fjárfestingarlánasjóða alls 15.170 millj. kr. Ljóst er að verðtrygging útlána fjárfestingarsjóðanna hefur styrkt fjárhagslega stöðu þeirra

mjög verulega og er því minni ástæða en áður til að byggja ráðstöfunarfé sjóðanna á óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði. Með frv. til laga um lántökuheimildir, ríkisábyrgðir o. fl. verða lagðar fram tillögur um lagabreytingar sem miðaðar verða við að ríkisframlög til þeirra takmarkist við þær upphæðir sem nefndar eru í þessu frv.

Hins vegar er ráðgert að athuga fjárþörf sjóðanna í tengslum við gerð lánsfjáráætlunar, svo að tryggt sé að þeir geti gegnt hlutverki sínu. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að ekki er áformað á þessu ári að skylda Byggingarsjóð til að kaupa skuldabréf af Framkvæmdasjóði fyrir skyldusparnaðarfé og gengur það óskert til húsnæðismála, en á seinasta ári var gert ráð fyrir að skerða þennan tekjustofn um 2.000 millj. kr. Í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstj. er fyrirhugað að afla 1.000 millj. kr. til verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga umfram það sem ella yrði varið í þessu skyni samkvæmt nánari ákvörðun í tengslum við gerð kjarasamninga. Að öðru leyti verður kannað við gerð lánsfjáráætlunar hver fjárþörf sjóðsins er þannig að tryggt verði að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Einnig er rétt að benda á að framlag til Byggingarsjóðs verkamanna er hækkað um 50 millj. kr. frá því sem var í fjárlagafrv. sem lögð voru fyrir 101. og 102. löggjafarþing, þ. e. í okt. og jan. s. l.

Við undirbúning fjárlagafrv. var frestað að taka afstöðu til tillagna iðnrn. um hækkun á framlögum til ýmissa orkuframkvæmda, þar á meðal til Rafmagnsveitna ríkisins vegna innanbæjarkerfa, til Kröfluvirkjunar vegna gufuöflunar og til Orkusjóðs vegna styrkingar dreifikerfis og jarðhitaleitar. Allt eru það liðir er varða fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980, og verður tekin afstaða til þeirra við gerð hennar.

Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 1.221 millj. kr., miðað við fjárlagafrv. sem lagt var fram í október á síðasta ári, en auk þess er lántökuheimild aukin um 500 millj. kr. og nemur þá alls 1700 millj. kr. Er þetta stærsta breytingin í hækkunarátt á framlögum til einstakra sjóða og stofnana frá fyrri frumvörpum. Framlög ríkissjóðs og lánsfjárútvegun til sjóðsins hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár og hækkað úr 1640 millj. kr. samkv. fjárlögum 1977 í rúmar 7000 millj. kr. skv. þessu frv. Þrátt fyrir þessar miklu hækkanir hafa framlög til Lánasjóðsins verið miðuð við óbreyttar forsendur á síðari árum, þ. e. að lánveitingar svöruðu til 85% af umframfjárþörf námsmanna, og er svo enn. Í stjórnarsáttmála ríkisstj. er þó gert ráð fyrir að lögin um *Lánasjóðinn verði tekin til endurskoðunar með hliðsjón* af samkomulagi sem gert var við námsmenn á s. l. vori, en það fól í sér að lánahlutfallið yrði hækkað í þremur áföngum úr 85% í 100%, en endurgreiðslum til sjóðsins hraðað frá þeim námsmönnum sem hafa miklar tekjur að loknu námi.

6. gr. frv. er nokkuð breytt frá fyrri frumvörpum fyrir þetta ár. M. a. má nefna, að þar er leitað heimildar til þess að lækka ríkisútgjöld um 2 milljarða kr. á árinu 1980 ef þörf krefur. Auk þess er leitað heimildar til þess að hafna endurráðningu í stöður, sem losna hjá stofnunum og fyrirtækjum, og með þessum hætti reynt að auka aðhald og eftirlit með starfsmannamálum ríkisins.

Ítarlegt yfirlit um tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 1979 kom fram í ræðu fyrrv. fjmrh. Sighvats Björgvinssonar þegar hann mælti fyrir frv. sínu 7. febr. s. l., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þær upplýsingar hér, en sný mér næst að nýrri tekjuáætlun fyrir þetta ár.

Tekjuáætlun þessa frv. er reist á þeim þjóðhagsforsendum sem áður voru raktar. Áætlanir um helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við að velta dragist saman um 2% að raungildi frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að kauptaxtar hækki að meðaltali um 42% milli áranna 1979 og 1980 og innlent verðlag hækki að meðaltali um 46.5%. Munurinn liggur einkum í versnandi viðskiptakjörum eins og áður hefur verið rakið. Í áætlun um aðflutningsgjöld er gert ráð fyrir 2% samdrætti almenns vöruinnflutnings og að innflutningsverð hækki um 38% í krónum en 8% í erlendri mynt. Í ársbyrjun 1980 lækkuðu tollar samkvæmt tollskrárlögum, auk þess sem tollhlutfall er talið lækka nokkuð vegna samdráttar í innflutningi hátollavöru. Áætlanir um tekjuskatt einstaklinga eru miðaðar við að tekju- og eignarskattur skili sömu álagningu og verið hefði með gömlu skattalögunum, að því gefnu að skattvísitala hefði hækkað eins og skattskyldar tekjur til jafnaðar. Í tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og sjúkratryggingagjald verði framlengd óbreytt út árið 1980, en þessir skattar gengu úr gildi um s. l. áramót. Þá hefur verið tekið tillit til áorðinna gjaldskrárbreytinga og jafnframt reiknað með að þeir skattar, sem fylgja verðlagi, hækki í samræmi við verðlagsforsendur frv. Að öðru leyti er miðað við óbreytt lög og reglur um mikilvægustu skatta og gjöld frá því sem er í ársbyrjun 1980.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1980 eru áætlaðar samtals 340 milljarðar kr., samanborið við 238.7 milljarða 1979 og 209 milljarða í fjárlögum ársins 1979. Samkvæmt þessu aukast heildartekjur ríkissjóðs um rúman 101 milljarð eða um 42% frá fyrra ári. Frá fjárlögum 1979 nemur aukningin hins vegar 131 milljarði eða 63%, en þessi samanburður er auðvitað ekki marktækur, eins og margoft hefur verið vikið hér að.

Niðurstöðutölur tekjuáætlunar í fjárlagafrv., sem lagt var fram í október, voru 330.3 milljarðar kr. Tekjuáætlun þessa frv. sýnir því 9.6 milljörðum meiri tekjur en frv. Tómasar Árnasonar, en þar af nemur aukning almennra tekna ríkissjóðs þó ekki nema 7.5 milljörðum kr. Þessi tekjuáætlun er svo jafnframt byggð á bráðabirgðauppgjöri tekna ársins 1979, en þær reyndust í heild nokkru hærri en þær áætlanir sem frv. Tómasar Árnasonar var reist á. Á hinn bóginn hækkar tekjuáætlunin minna en þessar breytingar gefa tilefni til, og stafar það annars vegar af því, að nú er reiknað með samdrætti í veltu á árinu 1980, en frv. Tómasar Árnasonar gerði ráð fyrir að velta breyttist ekki að raungildi milli áranna 1979 og 1980. Jafnframt hafa áætlanir um tolltekjur verið lækkaðar, þar sem nú þykir sýnt að tollhlutfall verði mun lægra en áður var reiknað með.

Ég mun hér á eftir geta helstu tekjustofna sem þegar hafa ekki verið nefndir, en vísa að öðru leyti til greinargerðar um tekjuáætlun með frv.

Áætlanir um innheimtu eignarskatta á árinu 1980 eru í þessu frv. óbreyttar frá fjárlagafrv. því sem lagt var fram á 101. löggjafarþingi, en ákvarðanir um skattfrjálsa eign hafa enn ekki verið teknar.

Um tekjuskatt félaga gildir hið sama og um tekjuskatt einstaklinga, að áætlunartölur eru miðaðar við eldri skattalög. Veruleg óvissa ríkir um þennan lið tekjuáætlunarinnar, m. a. um áhrif þeirra breytinga sem Al-

þingi hefur nýlega samþykkt á tekjuskattsákvæðum.

Áhersla skal á það lögð, að áætlanir frv. um tekju- og eignarskatta eru ekki reistar á grunni nýju skattalaganna. Hér er um að ræða viðmiðunartölur gerðar á grundvelli eldri laga og í þeim felst því ekki mat á álagningarreglum hinna nýju laga.

Ljóst er að verði tekjur af atvinnurekstri verulega miklu minni en áætlun fjárlaga gerir ráð fyrir getur orðið óhjákvæmilegt að leggja á viðbótarskatt, og tel ég persónulega að þá komi einkum til greina hækkun eignarskatts eða veltuskattur á aðstöðugjaldsstofn. En þetta er óafgreitt með öllu enda neyðarúrræði sem við verðum að vonast til að ekki þurfi að grípa til.

Í áætlun fyrir árið 1980 verður enn að gera ráð fyrir lækkun tollhlutfalls, eins og var á seinasta ári, bæði vegna tollalækkunar í ársbyrjun og þar sem reikna verður með samdrætti í innflutningi hátollavöru. Er reiknað með að tollhlutfallið lækki úr 9.5% í 7.5%. Veldur það rösklega 5 milljarða tekjutapi, eins og áður hefur verið nefnt. Áætlanir um tolla af bílum eru miðaðar við innflutning 7 000 bíla á árinu 1980, og er þá höfð hliðsjón af miklum innflutningi síðustu ára og forsendum um samdrátt innflutningsmagns, einkum á hátollavörum. Tollur af bensíni jókst mjög á s. l. ári vegna innflutningsverðhækkunar og er talinn hafa orðið um 5.8 milljarðar kr. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með svipuðum bensíninnflutningi og á s. l. ári og að bensínverð í innflutningi verði svipað og á seinasta fjórðungi ársins 1979. Þessi verðforsenda er að sjálfsögðu afar óviss, en samkvæmt þessu er bensíntollur áætlaður 8.4 milljarðar kr. á árinu 1980.

Samkvæmt þessum forsendum eru tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar rúmir 39 milljarðar kr. á árinu 1980 og er það aðeins 19% aukning frá árinu 1979. Bensínsala á árinu 1979 varð töluvert minni en reiknað var með á fjárlögum. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með að bensíngjald verði innheimt af rúmum 120 milljörðum lítra, en í því felst tæplega 1% aukning milli áranna 1979 og 1980, en um 1% minnkun milli áranna 1979 og 1980. Reiknað er með að bensíngjaldið hækki í samræmi við verðlagsforsendur frv., og á þessum forsendum eru tekjur af bensíngjaldi áætlaðar 11 milljarðar kr. á árinu 1980.

Samkvæmt tekjuáætluninni verður innheimtur söluskattur um 33½% af heildartekjum ríkissjóðs 1980, en hann varð um 31% á árinu 1979. Þessi hækkun skýrist af hækkun söluskattsins í september, en hún er talin skila ríkissjóði röskum 10 milljörðum af þeim 114 sem skatturinn er talinn gefa. Tekjur Jöfnunarsjóðs af söluskatti eru áætlaðar tæpir 9 milljarðar kr., en þar af stafa 900 millj. kr. af söluskattshækkuninni. Rekstrarhagnaður ÁTVR er áætlaður 24 milljarðar kr. á árinu 1980, en rétt er að vekja á því athygli hér, að nú er reiknað með að hagnaður fyrirtækisins hafi numið 17.2 milljörðum kr. á árinu 1979, en ekki 18.2 milljörðum eins og áður hafði komið fram, m. a. í því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu. Rekstrarhagnaður af áfengis- og tóbakssölu virðist því frekar ofáætlaður en vanáætlaður.

Á miðju s. l. ári sagði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja upp aðalkjarasamningi sínum við fjmrh. frá og með 1. júlí 1979 og Bandalag háskólamanna sagði upp sínum samningum frá og með 1. nóv. 1979.

18. febr. s. l. kvað Kjaradómur upp dóm um aðalkjarasamning BHM og fjmrh. til næstu tveggja ára. Skv. dómi Kjaradóms skulu grunnlaun háskólamanna vera óbreytt á samningstímanum og verðbætur á laun greiðast skv. ákvæðum laga um efnahagsmál, nr. 13/1979. Sérkjarasamningar aðildarfélaga BHM eru nú til meðferðar fyrir Kjaradómi og skulu dómar um þá kveðnir upp eigi síðar en 18. apríl n. k.

Kjaradeilu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjmrn. var á liðnu sumri vísað til ríkissáttasemjara og standa sáttaumleitanir yfir.

13. mars s. l. sendi ég stjórn og samninganefnd BSRB bréf þar sem lýst er viðhorfum ríkisstj. til samningamálanna.

Í bréfinu kemur fram, að ríkisstj. telur að yfirlýst áform um að draga úr verðbólgu með ströngum verðlagshömlum séu algerlega háð því, að ekki verði almennar grunnkaupshækkanir í þjóðfélaginu á þessu ári. Með þær forsendur í huga og til þess að greiða fyrir samningum lýsti ríkisstj. yfir að hún væri reiðubúin að ræða ýmis almenn réttindamál félagsmanna BSRB sem samninganefnd bandalagsins hefur lagt áherslu á.

Hér er um að ræða samningsréttarmál, rýmkaða aðild að lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, atvinnuleysistryggingar, aukin framlög til fræðslumála BSRB og stofnun starfsmannaráða í ríkisstofnunum. Þá er boðið upp á samráð við BSRB, eins og við önnur stór launþegasamtök, um ráðstöfun þess fjár sem ætlað er að verja til félagslegra framkvæmda á þessu ári, sbr. stjórnarsáttmálann, m. a. til að greiða fyrir kjarasamningum.

Stjórn og samninganefnd BSRB hefur nú svarað tilmælum ríkisstj. Samtökin taka, verður að teljast, heldur jákvætt í erindi ríkisstj., þótt ekki felist í því, að BSRB falli frá fyrri kröfum sínum.

Samninganefnd BSRB hefur nú skipað 5 manna nefnd til að hafa forustu af sinni hálfu í viðræðum um aukin félagsleg réttindi í þágu bandalagsins og félagsmanna þess. Afstaða stjórnar og samninganefndar BSRB er góðs viti og eykur vonir manna um að unnt verði að leiða samningamál launamanna til lykta um sinn án þess að sprengja þann verðlagsramma sem ríkisstj. hefur sett í því skyni að draga úr verðbólgu á þessu ári.

Herra forseti. Ef til vill væri ástæða til að fara hér fleiri orðum um ríkisfjármálin. En það verður að bíða betri tíma.

Undirbúningur frv. um staðgreiðslukerfi skatta fer senn að hefjast. Áður en unnt verður að fastsetja gildistöku samtímaskatts er óhjákvæmilegt að Alþingi taki stefnumarkandi ákvörðun um tilhögun skattsins með setningu laga um staðgreiðslu og breytingu á þeim lögum sem tengjast framkvæmd málsins. Þegar Alþingi hefur þannig markað stefnuna er unnt að byrja undirbúning málsins á ákveðnum grundvelli. Þá fyrst þegar undirbúningur er kominn í fullan gang verður tímabært að ákveða endanlega hvenær nýtt innheimtukerfi getur tekið gildi.

Þótt margt sé óljóst um staðgreiðslu skatta er þó ljóst að almennur áhugi og útbreiddur skilningur er á því, að tekjuskattur verði innheimtur um leið og teknanna er aflað. Hins vegar er að minni hyggju miklu meiri óvissa um kosti og galla virðisaukaskatts. Áður en sá skattur tekur við af söluskatti þurfa menn að svara ýmsum pólitískum spurningum, m. a. þeirri, hvort menn telja æskilegt og framkvæmanlegt að afnema hinar mörgu undanþágur sem gilda um innheimtu söluskatts, t. d. leggja slíkan skatt á matvæli að nýju. Ljóst er að þessi nýja

tegund skattlagningar hefði í för með sér nokkra hækkun vöruverðs og auk þess verulega skriffinnsku, enda yrðu innheimtuaðilar skattsins a. m. k. tvöfalt fleiri en nú eiga að innheimta söluskatt. En hinu er ekki að neita, að virðisaukaskatturinn hefur einnig ýmsa augljósa kosti fram yfir söluskattinn.

Ég tel að nú sé brýnt, eins og á stendur, að leita allra leiða til að herða innheimtu söluskatts og tryggja sem allra best að skatturinn komist til skila. Það er viðfangsefni sem ekki þolir bið, en árangur á því sviði mundi einnig koma að gagni þótt söluskatturinn breyttist síðar í skatt með virðisaukasniði. Ég mun því innan skamms skipa nefnd til að gera tillögur um herta innheimtu söluskatts.

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að lokum að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjvn. Vissulega er það aðeins formsatriði, þar sem nefndin hefur nú unnið í tvær vikur að afgreiðslu mála á grundvelli þessa frv.

Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til að þakka fjvn. fyrir það, að vinna við frv. er nú í fullum gangi þó að það sé fyrst nú að koma formlega til nefndarinnar. Og ég hvet nefndarmenn úr öllum flokkum til að taka nú höndum saman og hrista af okkur alþingismönnum þá skömm, sem á okkur hvílir, með því að afgreiða frv. örugglega fyrir páska.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj., sem hér er til umr., er dæmigert fjárlagafrv. vinstristjórnarstefnu. Ljóst er að ekki er ætlunin að beita ríkisfjármálunum í baráttunni við verðbólguna. Ljóst er að áfram mun stefna í hallarekstur hjá ríkissjóði vegna óraunhæfra útgjaldaáætlana, ef þeim hefur þá ekki verið kippt út til þess að ná endum saman. Ljóst er að skattbyrðin verður meiri 1980 en nokkru sinni fyrr, allir vinstristjórnarskattarnir lagðir á áfram og nýir skattar boðaðir. Ljóst er að stefnt er í aukin ríkisumsvif, áframhaldandi vinstri verðbólgu sem vitaskuld þýðir lífskjaraskerðingu. Útgjaldahlið þessa fjárlagafrv. hækkar frá fjárlögum 1979 um 65.3%, eða meira en nokkru sinni fyrr, sem er bein afleiðing þeirrar vinstri verðbólgu sem varð hvað mest á s. l. ári eða um 61%.

Þegar ríkisfjármálin eru rædd og fjárlagafrv. tekið til afgreiðslu er ekki óeðlilegt að þróun efnahags- og fjármála í landinu sé skoðuð yfir örlítið lengra tímabil en aðeins á líðandi stund. Ég vék að einni tölu áðan, 61% verðbólgu frá upphafi árs til loka 1979. Ef við förum örlítið lengra aftur í tímann og virðum fyrir okkur þróun þessara mála 1960—1970 og 1970—1980 og berum þessa tvo áratugi saman kemur út hrikalegur samanburður. Verðbólga áratugsins 1960—1970, frá upphafi árs 1960 til upphafs árs 1970, var 200% og þá varð þreföldun á verðlagi. Verðbólgan frá upphafi árs 1970 og til upphafs árs 1980 er 1400% og verðlag fimmtánfaldast á þeim tíma.

Það er ekki óeðlilegt, þegar þessi samanburður liggur fyrir, að við veltum því fyrir okkur hvað veldur. Er hér um að ræða eingöngu utanaðkomandi áföll vegna ytri aðstæðna? Er hér eingöngu um að ræða þróun efnahagsmála í viðskiptalöndum okkar á sama tíma? Vitaskuld er um að ræða áföll vegna ytri aðstæðna. Það gerist á báðum þessum tímabilum. Við minnumst verðfalls og efnahagsvandræða 1967 og 1968, við minnumst líka vandamála 1973 og nú 1978, þ. e. olíuvandamálsins, og við skulum ekki gleyma Vestmannaeyjagosinu þegar það átti sér stað.

En skýra utanaðkomandi áföll allt þetta dæmi? Er ekkert sem við getum rakið til þróunar mála innanlands? Að mínum dómi er þar að finna meginorsökina. Ef við berum saman stöðugleika í íslenskum stjórnmálum 1960—1971 og svo frá 1971 til dagsins í dag er mikill munur á. Það liggur í hlutarins eðli, að stöðugleiki í stjórnmálum hlýtur að leiða til stöðugleika í efnahagsmálum, í peningamálum og í þjóðmálunum yfirleitt. Íhverju liggur þá óstöðugleikinn hvað mest? Jú, á árinu 1971 tekur við af viðreisnarstjórninni, sem starfað hafði í 12 ár og veitt íslensku þjóðfélagi forustu, vinstri stjórn, og það varð ekki löng bið á að verðbólgan segði til sín og breyting yrði á þróun efnahagsmálanna. Verðbólguþróunin 1971, 1972 og 1973 sýnir okkur og sannar hvað í raun og veru var að gerast samfara óstöðugleika við forustu í þjóðfélaginu á áratugnum 1971—1980. Þá gætir verulega afleiðinga af vinstristjórnarstefnu. Hér er að mínum dómi að finna orsakir til þess sem gerst hefur og blasir við okkur hrikalegar en nokkru sinni fyrr.

Þá skulum við, eftir að hafa borið saman þessa tvo áratugi og gert okkur grein fyrir því, hvernig málin hafa þróast, víkja aðeins til ársins 1979, sem var að líða, og gera okkur grein fyrir hver sé staða efnahagsmála um áramótin 1979—1980. Þá blasir við, eins og ég gat um, meiri verðbólga frá upphafi árs til loka en nokkru sinni fyrr eða 61%. Viðskiptakjörin höfðu versnað um 11% eða 4% af þjóðarframleiðslu. Halli varð á utanríkisviðskiptum um 2.5 milljarða kr. eða um 0.3% af þjóðarframleiðslunni og hafði versnað um 11 milljarða frá því á árinu 1978. Þjóðartekjur minnkuðu um 2% á mann 1979, enda þótt þjóðarframleiðslan ykist um 2%, sem er minna en meðaltal áranna 1970—1980. Þetta gerist hjá okkur Íslendingum þegar næstu nágrönnum okkar tekst að minnka vandamál sín og ná betri tökum á stjórn efnahagsmála.

Við þessar aðstæður var núv. hæstv. ríkisstj. mynduð. Spurningin hlýtur því að vera: Var það ríkisstj. eins og sú, sem nú situr, sem þjóðin þarfnaðist um síðustu áramót, þegar menn gera sér grein fyrir hver í raun og veru er staða málanna? Ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki lagt fram neina stefnu, nein stefnumið í efnahags- og peningamálum, atvinnumálum eða launamálum. Hæstv. forsrh. hefur ekki gert Alþ. grein fyrir stefnu ríkisstj., eins og þingsköp þó gera ráð fyrir. En það er svo sem í samræmi við annað, enda sjálfsagt erfitt fyrir hæstv. forsrh., varaformann Sjálfstfl., að semja stefnuræðu byggða á vinstristjórnarsamningi. Það var tvímælalaust erfitt fyrir hann að gera grein fyrir þessum málum, því að af stjórnarsáttmálanum sýnist ekki ætlunin að gera tilraun til að snúa þróuninni við og ná verðbólgunni niður. Allar hugmyndir um lögfestingu verðlags, sem ekki eru í samræmi við raunveruleikann, leiða að sjálfsögðu til óviðráðanlegra erfiðleika hjá atvinnuvegunum og síðan til minnkandi atvinnu.

Af stjórnarsáttmálanum verður ekki séð að ætlunin sé að auka á ný þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur, en það er að sjálfsögðu sú lausn, þegar til lengri tíma er litið, sem getur unnið bug á þeirri verðbóglu sem mjög hrjáir okkur alla.

Það var ljóst í upphafi, að núv. ríkisstj. var ekki mynduð til þess að takast á við vandamálin, heldur undir yfirskini virðingar Alþingis með sæmd þjóðarinnar á

orði, sem litlu skiptir þjóðfélagsþegnana ef aðeins hefur verið um að ræða að aðstoða upplausnaröfl innan þjóðfélagsins til þess að komast í valdastólana. Þetta er vissulega harður dómur, en það fjárlagafrv., sem hér er til umfjöllunar, og annað það, sem fram hefur komið af hálfu hæstv. ríkisstj., staðfestir það sem ég hér vék að. En ekki sýnist hafa verið erfitt fyrir hæstv. forsrh. að setjast í ríkisstj. með þeim aðilum, sem í ríkisstj. hans sitja, með tilliti til þeirrar útkomu sem efnahags- og peningamálin 1979 sýna okkur.

Ég minni á fjárlagaumr. fyrir einu ári. Ég minni á þau varnarorð sem fram komu af hálfu stjórnarandstöðunnar þegar fjárlagafrv. var þá til meðferðar. Á það var bent, að í það frv. skorti ekki milljarða, heldur tug milljarða til þess að hallalaus rekstur gæti orðið á ríkisbúskapnum. Þessu var svarað með því að segja að hér væri um hrakspár að ræða, menn, sem hefðu haldið um stjórnartaumana, væru nú komnir í stjórnarandstöðu og þess vegna liti dæmið svona út í þeirra augum. Þegar líða tók á árið var þetta enn undirstrikað, en á það var ekki hlustað. Það voru að vísu lagðir á nýir skattar, en það dugði ekki til. Það voru tekin viðbótarlán, en það dugði ekki heldur til. Niðurstöður ársins 1979 eru, eins og fram kom áðan, m. a. hjá hæstv. fjmrh., að það eru frávik frá rekstrarjöfnuði upp á 9.5 milljarða. Hann var áætlaður jákvæður upp á 6.6 milljarða, en kom út með halla upp á 2.9 milljarða. Frávik frá greiðslujöfnuði varð enn meira, tæpir 13 milljarðar. Skuldaaukning í Seðlabanka var 2.4 milljarðar í staðinn fyrir skuldalækkun upp á 5 milljarða. Útgjöld samkv. bráðabirgðayfirliti ríkisfjármála sýna að umframgreiðslur á árinu 1979 eru 20%, voru 1978 15%, en 1977 komust þær niður í 10.2%. Tekjur ríkissjóðs jukust hins vegar um 14.3%, og eru þar í allir vinstristjórnarskattarnir sem á árinu 1979 var talið að næmu yfir 20 milljarða kr. Ríkisútgjöldin á greiðslugrunni eru talin verða um 29% af þjóðarframleiðslu, en þegar ríkisreikningurinn verður gerður upp má reikna með að þar verði um að ræða 30% af þjóðarframleiðslu sem ríkið hefur tekið til sín á árinu 1979. Og hvernig lítur svo lánsfjáráætlunin út 1979? Hún reyndist koma út með 43% hækkun þegar gengisbreyting á árinu 1979 nemur 25%, þrátt fyrir að lánsfjáráætlunin 1979 var afgreidd, ef ég man rétt, í aprílmánuði, þegar þriðji hluti var liðinn af árinu og menn gátu miklu betur gert sér grein fyrir, hvernig framvindan yrði í þessum málum, heldur en um áramót. Peningamagn í umferð árið 1979 jókst um 50%, á ákveðnu tímabili um 62%, en hin frægu Ólafslög, efnahagsmálalögin frá því í fyrra, gerðu ráð fyrir að stefnt yrði að 21%.

Niðurstaðan, sem ég hef hér rakið, sýnir okkur hver stjórn var á ríkisfjármálunum á s. l. ári. Það voru vissulega viðhöfð stór og þung orð af þáv. hæstv. fjmrh. um hallalausan ríkisbúskap og að allt yrði gert til að draga úr umframgjöldum hjá ríkissjóði. Ég efast út af fyrir sig ekki um að sú ríkisstj. hafi viljað gera sitt besta, annað hvarflar ekki að mér. Hins vegar er mér ljóst að ráðh. gátu ekki ráðið einir. Það var stjórnarstefnan sem hér var fyrst og fremst um að kenna og hvernig í upphafi var um hnútana búið.

En sýnist mönnum að fjárlagafrv., sem við fjöllum um í dag, sé með þeim hætti, sé þannig úr garði gert að búast megi við breytingu í ríkisfjármálunum á árinu 1980? Skoðun mín er sú, að svo sé ekki, og ég gerði í upphafi máls míns aths. við nokkur atriði úr þessu fjárlagafrv.

Fjárlagafrv. er lagt fram með þeim hætti, að það getur aldrei, eins og að því hefur verið unnið, verið annað en haldlítið pappírsgagn þegar fram í sækir. Það hækkar að vísu meir en nokkurn tíma áður, enda þótt veigamiklir liðir, eins og olíustyrkur sem útgjöld hjá ríkissjóði, séu teknir út og fjármögnun veigamikilla þátta, eins og vegamála, orkumála, iðnaðarmála og landbúnaðarmála, sé ekki inni í þessu dæmi. Þeim vanda á að velta á undan sér. Hann er með öllu óleystur. En gera menn sér ekki grein fyrir því, að hér eru vandamál sem verður að taka ákvörðun um hvernig leysa skuli? Ætla stjórnvöld annað fjármagn til þessara hluta — eða er verið að láta líta svo út að ýmsir þessara þátta verði fjármagnaðir í gegnum lánsfjáráætlun? Ég held að það liggi ljóst fyrir að dæmi ríkissjóðs, eins og hugsað er að hann fjármagni gjaldahliðina í þessu frv., gangi ekki upp.

Skattheimtan í þessu frv. er öll hin sama og hún var á s. l. ári. Allir hinir svokölluðu vinstristjórnarskattar verða lagðir á áfram, og þeir munu ekki nema á árinu 1980 einungis 20 milljörðum. Það má jafnvel gera ráð fyrir að sú upphæð nærri tvöfaldist. Auk þess er gert ráð fyrir nýrri skattheimtu til ríkisins sem getur numið einum tug milljarða. Þegar fjárlagafrv. er hér til meðferðar liggja skattstigarnir ekki enn þá fyrir. Auk þessa keppast stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. við að fá samþykkta á hinu háa Alþingi viðbótarálagningu skatta, þ. e. hækkun á álagningu útsvara, sem talið er að muni nema á milli 4.5 og 5.5 milljarða kr. Það liggur því ljóst fyrir að skattbyrði borgaranna 1980 verður meiri en nokkru sinni fyrr og slær út árið 1979, sem varð þó það versta.

Til þess að ná þessu frv. saman, er, eins og ég gat um áðan, frestað afgreiðslu mála, sleppt úr frv. stórum útgjaldaliðum, gerðar augljósar vanáætlanir og hætt við, miðað við fyrstu útgáfu frv. og ég held 2. útgáfu líka, að greiða umsamdar afborganir af lánum. Eignir eru seldar fyrir 1 milljarð. Það er niðurskurður á framkvæmdaframlögum og framlögum til fjárfestingarsjóða til þess að auka rekstrarútgjöldin. Allt stefnir þetta í yfir 30% sem hlutfall af þjóðarframleiðslu til ríkisumsvifa á árinu 1980.

Á sama tíma og við ræðum um fjárlagafrv. og hæstv. fjmrh. brýnir þm. á því að ljúka afgreiðslu þess fyrir páska liggur ekki fyrir lánsfjáráætlun. Heildarstefnan í peningamálunum hjá ríkisstj. getur því ekki einu sinni legið fyrir Alþ. þegar fjárlagafrv. er til umr. Hæstv. fjmrh. vék að því í ræðu sinni áðan að þetta væri ekki nýtt. Ég held að hann hafi orðað það svo, — hann leiðréttir mig þá, — að lánsfjáráætlun hafi aldrei verið afgreidd á sama tíma og fjárlög. Þetta er ekki rétt. Þegar lánsfjáráætlun fyrst var lögð fram, haustið 1975, var hún ekki lögð fram fyrr en á milli 2. og 3. umr. fjárl., það er alveg rétt, en lög, sem samþ. þurfti vegna lánsfjáráætlunar, voru samþ. fyrir þau áramót. Mér var fullkomlega ljóst, þegar ég vann að þessari fyrstu lánsfjáráætlun og lagði hana fram, að þetta væri of seint, og það tókst haustið 1977 að leggja hana fram þó nokkuð fyrr. En lánsfjáráætlun og þau lög, sem þurfti að samþ. í samræmi við hana, voru ævinlega samþ. á sama tíma og fjárlögin. Það gerðist hins vegar á s. l. ári, að lánsfjáráætlun var ekki samþ. fyrr en nokkrir mánuðir voru liðnir frá því að fjárlög höfðu verið afgreidd. Það kom þá í ljós, hvers vegna nauðsynlegt er fyrir þá, sem vilja hafa stjórn á ríkisfjármálunum, efnahagsmálunum og peningamálunum, að lánsfjáráætlun liggi fyrir Alþ. og sé afgreidd á

sama tíma og fjárlög. Lánsfjáráætlunin á s. l. ári var lögð fram með þeim hætti að inn voru komnir viðbótarliðir, liðir um útgjöld ríkissjóðs sem fjvn. hafði fellt niður úr fjárlagafrv. og Alþ. hafði ekki viljað samþ. við afgreiðslu fjárl. Þá var farið inn um bakdyrnar til að ná fjármagni til framkvæmda. Þá skipti engu máli um öll stefnumiðin í efnahagslögunum. Þá var aðalatriðið að ná í peninga. Fjárlög voru ekki til umr., fjárveitingavaldið ekki til að skipta fjármagninu, heldur ríkisstj. með sitt vald til þess að ná fjármagni og halda uppi ákveðnum framkvæmdum.

Ég held að þetta sýni okkur, og ég er viss um að þm. eru allir sammála um það, að lánsfjáráætlunin á að liggja fyrir eins tímanlega og mögulegt er eftir að fjárlagafrv. hefur verið lagt fram á þingi. Reynslan frá s. l. ári sýnir okkur betur en nokkuð annað með hvaða hætti fer um fjármál ríkisins, þegar afgreiðsla er ekki samtímis á fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun.

Ég held að hæstv. fjmrh. hafi vikið að því áðan, að það yrði ekki fyrr en einhvern tíma eftir páska sem lánsfjáráætlun kæmi á borð þm. og leitað yrði eftir samþykkt Alþingis á þeim lögum sem lánsfjáráætlun nauðsynlega verður að fara eftir. Það má vel vera að afgreiðsla þessa frv. eigi að vera með þeim hætti, að lánsfjáráætlun eigi með einum eða öðrum hætti að brúa það bil sem bersýnilega er og verður í ríkisfjármálunum samkv. frv. Ég hafði búist við því, að í þessari viku ættu þm. von á að lánsfjáráætlun yrði lögð á borð þeirra og áður en lokaumr. fjárlagafrv. færi fram og fjárlög yrðu samþ. hefðu menn fengið tækifæri til að gera sér grein fyrir þeim áformum sem þar eru.

Ég hef áður vakið athygli á því, að við Íslendingar eigum ekki einir þjóða í erfiðri glímu við viðskiptahalla og verðbólgu. Slík vandamál hafa verið meginviðfangsefni víðast hvar í heiminum á undanförnum árum, jafnvel í þeim löndum sem áður höfðu náð mestum stöðugleika og bestum árangri í stjórn efnahagsmála. Þróun efnahagsmála á undanförnum árum hefur leitt í ljós mikilvægar staðreyndir sem þeir, er með stjórn efnahagsmála fara, verða að taka tillit til. Þessar staðreyndir skipta okkur Íslendinga einnig miklu máli og við hljótum að taka mið af þeim í stjórn eigin mála.

Í fyrsta lagi virðist ekki unnt að ná helstu markmiðum í efnahagsmálum, svo að eitthvað vari, nema takist að ná þeim öllum í senn að verulegu leyti. Það er ekki unnt að tryggja atvinnu til langframa ef ekki tekst að vinna bug á viðskiptahallanum og verðbólgunni. Á hinn bóginn stoðar lítið að halda verðbólgunni í skefjum og eyða viðskiptahallanum ef þessum markmiðum verður ekki náð nema með atvinnuleysi. Þess vegna verður að ná þeirri samræmingu í stjórn efnahagsmála og þeirri samstöðu á milli stétta og hagsmunahópa að komist verði sem næst öllum þeim efnahagslegu markmiðum sem stefnt er að.

Í öðru lagi er áframhaldandi vöxtur framleiðslu mikilsvert markmið í efnahagsmálum, og svo mun enn verða um langt skeið. Þótt mönnum séu nú ljósari en áður ýmsir fylgikvillar hagvaxtar og reynt sé að varast þá, verður margvíslegum þörfum manna og þjóða ekki sinnt nema með tilstyrk aukinnar framleiðslu. Slíkar þarfir, sem enn er ekki sinnt sem skyldi, verða til í ríkum mæli, jafnvel í þeim löndum sem lengst eru komin á framfarabraut. Enn meira máli skiptir þó að úr fátæktinni í heiminum verður ekki dregið nema með meiri framleiðslu, ekki aðeins þar sem fátæktin er landlæg, heldur einnig í velmegunarlöndum sem þá gætu í vaxandi mæli miðlað öðrum af auðlegð sinni. Eigi vaxandi framleiðsla hins vegar að vera meginmarkmiðið í efnahagsmálum, eins og verið hefur, verður að halda við réttum skilyrðum til þeirrar aukningar. Þau skilyrði eru ekki síst heilbrigt atvinnulíf, þar sem vinnusemi og framtak fá að njóta sín og eðlileg arðsemi nýtur viðurkenningar.

Í þriðja lagi verður að gæta hófs í útgjöldum ríkisins og í skattlagningu þegnana. Ekki er unnt að líta svo á að leiðin til að leysa hvers konar vanda sé að einbeita ríkiskerfinu að þeim og auka útgjöld ríkisins. Tilraunir í þessa átt víða um heim hafa sennilega átt drjúgan þátt í aukinni verðbólgu undanfarin ár, án þess að sá árangur hafi náðst sem menn höfðu vænst. Það verður því að leita hagkvæmari og ódýrari leiða en sífelldrar eflingar ríkisvaldsins. Það er ekki heldur unnt að líta svo á, að stöðugt megi jafna vaxandi ríkisútgjöld með hækkandi sköttum. Í sumum tilfellum má telja að í raun geti háir skattar verið uppspretta verðbólgu, auk þess sem þeir kunna að draga úr vilja manna til starfa og framtaks. Þegar svo er komið eru skattamálin á villigötum.

Það er skoðun mín, að ekki verði hjá því komist að taka tillit til þeirra staðreynda, sem ég hef nú lýst, við mótun efnahagsstefnunnar hér á landi, og þá ekki síst við mótun stefnunnar í ríkisfjármálum. Það fjárlagafrv., sem hér er til umr., gengur þvert á þessi meginsjónarmið, enda fjárlagafrv. ríkisstj. vinstri stefnu. Það er því ekki von úrbóta, því miður.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég fékk leyfi forseta til þess að segja örfá orð aðeins til þess að leiðrétta misskilning í ræðu hv. 1. þm. Reykn.

Hann komst svo að orði, að forsrh. hefði ekki gert Alþ. grein fyrir stefnu ríkisstj. eins og þingsköp gera ráð fyrr. Í þessari stuttu setningu gætir tvenns konar misskilnings.

Í fyrsta lagi: Ríkisstj. var mynduð 8. febr. s. l., og á fyrsta fundi Alþ. eftir það, 11. febr., flutti ég ræðu um stefnu ríkisstj. þar sem ég las upp stefnuskrá hennar, sem er allítarleg, og þar sem sýnilegt er að hv. þm. er ekki nægilega fróður í því sem þar stendur skal ég gefa honum eintak af stjórnarsáttmálanum og vil biðja hv. þm. Friðrik Sophusson að færa honum það eintak. (**Gripið fram í:** Áritað.) Eftir ósk hv. þm. skal ég árita það með kærri kveðju. En þessum stjórnarsáttmála held ég að sé rétt að fylgi þá nafntogað heilræði, sem hæstv. núv. utanrrh. gaf eitt sinn, og það er að lesa kverið bæði kvölds og morgna. Ég segi þetta ekki vegna mín eða ríkisstj., heldur vegna hv. þm. sjálfs, til þess að hann komi síður ólesinn aftur í þennan ræðustól.

Varðandi hins vegar tilvitnun hans í þingsköp er um annan algeran misskilning að ræða. Í 52. gr. þingskapa segir: „Þá skal og útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsrh. og umr. um hana.“ — Þetta ákvæði á við það, að hvaða ríkisstj. sem situr þegar Alþ. kemur saman skuli forsrh. hennar innan tveggja vikna gera grein fyrir stefnu ríkisstj. og síðan fari fram umr. Vitanlega á þetta ákvæði ekki við þegar ríkisstj. tekur við á öðrum tíma. Engu að síður hefur verið gerð grein fyrir stefnu stjórnarinnar og urðu umr. um hana.

Ég vildi nota þetta tækifæri til að leiðrétta strax þann tvenns konar misskilning sem kom fram hjá hv. þm. að því er þetta varðar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. tók þannig til orða í ræðu sinni áðan, og ræddi þá um frv. til fjárlaga sem fjmrh. minnihlutastjórnar Alþfl. lagði fram, að það hefði að sjálfsögðu ekki reynst unnt að byggja núv. frv. á því frv. sem Alþfl. lagði fram. Þetta held ég að ýmsum þyki furðuleg ummæli, því að í meginatriðum eru frv. svipuð. En það, sem auðvitað greinir að frv., sem fjmrh. Alþfl. lagði hér fram, og það frv., sem hér er nú til umr., er að í frv. Alþfl. var gert ráð fyrir skattalækkun og þeirri skattalækkun átti að mæta með sparnaði í ríkisrekstrinum og nokkrum samdrætti í framkvæmdum. Þar var gert ráð fyrir að lækka tekjuskatta á almenningi um 7.5 milljarða. Í því frv., sem nú er hér til umr., er hins vegar gert ráð fyrir skattahækkunum, þótt hæstv. ráðh. hafi orðað það sem svo, afar óljóst að skattar yrðu væntanlega svipaðir í ár og verið hefði í fyrra. — Það er væntanlega vegna þess sem honum hefur ekki reynst unnt að byggja á frv. Alþfl., að það gerir ráð fyrir skattalækkun, en frv. hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir skattahækkun.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að aðdragandi þess frv., sem hér er til umr., er með nokkuð sérstökum hætti, að ekki sé meira sagt. Á fáeinum mánuðum hafa þm. fengið til umfjöllunar hvert fjárlagafrv. á fætur öðru og nú hið þriðja. En nú skyldu menn ætla að eftir þennan langa meðgöngutíma fæddist a. m. k. fullburða frv. Svo er þó ekki, því það frv., sem hér er til umr. í dag, er um margt ófullburða, ófullkomið, og það í ríkari mæli en þau tvö sem voru á ferð á undan því. Þó skyldi maður hafa ætlað, þegar fjmrh. Alþb. leggur fram sitt fyrsta frv., en sá flokkur hefur ekki áður farið með fjármál, að þá væri þar að finna einhver nýmæli, einhverja nýja stefnu, eitthvað í líkingu við það sem þessi flokkur hefur boðað. Svo er ekki.

Ég sagði áðan að þetta frv. væri ófullburða, og það er það vissulega. Um þetta nægir að nefna örfá dæmi, sem ég mun víkja nánar að síðar.

Í fyrsta lagi hefur verið tekin út úr þessu frv. tillaga sem var í fyrri frv. um 2.3 milljarða kr. greiðslu úr ríkissjóði til að jafna hitunarkostnað, en jöfnun hitunarkostnaðar er eitthvert mesta réttlætismál sem nú er á döfinni í þessu þjóðfélagi. Það er himinhrópandi ranglæti, sem viðgengst í þeim efnum, þegar munurinn á hitakostnaði íbúðarhúsnæðis getur verið sjö- til áttfaldur eftir því hvar á landinu menn eru búsettir. Auðvitað sjá allir að slíkt getur ekki gengið til lengdar. 2.3 milljarðar voru teknir út úr þessu frv. og þeim peningum ráðstafað til annars. Þingheimi er hins vegar tjáð að ætlunin sé að afla fjár með sérstökum hætti og afla þá væntanlega 5—6 milljarða kr. með nýrri skattlagningu. Þingheimi er tjáð að þetta eigi nú að gera með sérstökum orkuskatti. En allt um það er afar óljóst og fátt eitt sagt í fjárlagafrv.

Í öðru lagi vantar inn í frv. hækkanir á framlögum til ýmissa orkuframkvæmda, þ. á m. til Rafmagnsveitna ríkisins vegna innanbæjarkerfa og til Kröfluvirkjunar vegna gufuöflunar. Hver veit þó nema máttarvöldin hafi þar tekið fram fyrir hendurnar á stjórnvöldum, það er ekki útséð um hvernig því lyktar. Enn fremur vantar framlag til Orkusjóðs vegna styrkingar dreifikerfa og jarðhitaleitar.

Í frv. segir svo í aths., með leyfi forseta:

„Við undirbúning fjárlagafrv. var frestað að taka afstöðu til tillagna iðnrn. um hækkun á framlögum til ýmissa orkuframkvæmda."

Hér vantar því enn inn í fjárlagafrv. veigamikinn þátt.

Í þriðja lagi mætti svo nefna, að hér hefur verið í meðförum þingsins frv. um lánsfjárheimild til Framleiðsluráðs landbúnaðarins er nemur 3000 millj. kr., vegna of mikillar framleiðslu og vegna útflutnings landbúnaðarafurða á verðlagsárinu sem lauk í lok ágúst á s. l. ári. Ekki er heldur orð um þetta í frv.

Hæstv. fjmrh. vék að því í ræðu sinni áðan, að einhver vandi kynni að vera á höndum vegna of mikillar framleiðslu á þessu verðlagsári. Hann tók svo til orða, ef ég tók rétt eftir, að líklega yrði að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins „einhverja fyrirgreiðslu" á þessu ári. Ætli sé ekki hætt við að sú „einhver fyrirgreiðsla" skipti milljörðum, og ætli nokkur maður yrði hissa þó að þeir milljarðar yrðu svo sem helmingi fleiri en þeir sem hafa verið til umfjöllunar hér?

Í fjórða lagi má svo geta þess, að ýmis félagsleg atriði, sem upp eru talin í stjórnarsáttmálanum, eru fjarri í fjárlagafrv. Þeirra er ekki getið þar. Þar er einnig um að ræða upphæðir sem skipta milljörðum kr.

Ég hef hér nefnt fjóra veigamikla þætti sem teknir hafa verið út úr fjárlagafrv., en ættu að vera þar. Þegar þetta hefur verið tekið út úr fjárlagafrv. gefur frv. auðvitað engan veginn rétta mynd af ríkisbúskapnum. En ég mun nánar koma að þessu síðar. Það má um þetta segja, að það er í meira lagi verið að fara inn á vafasama braut, að ekki sé meira sagt.

Þegar fjallað er um þetta frv. verður auðvitað að gera það að nokkru leyti í ljósi þess sem á undan er gengið. **(SighB:** Forseti. Er ekki rétt að óskað sé eftir því, að ráðh. sé viðstaddur þegar frv. hans er rætt?) Það væri kannske ekki fjarri lagi, rétt er það. — Stjórnarmyndunartilraunir sumarið 1978 miðuðu að því að leita aðgerða gegn verðbólgunni. Þegar stjórn var svo mynduð á haustdögum 1978 var það gert með þeim hætti að um var að ræða bráðabirgðaúrræði þar sem verðbólguvandanum var að langmestu leyti breytt í ríkisfjármálavanda. Ég held að það sé ekki fjarri lagi að rifja upp eitt eða tvö atriði úr ræðu sem hæstv. núv. viðskrh., þáv. hæstv. fjmrh., flutti haustið 1978, þegar hann mælti fyrir fjárlögum fyrir árið 1979. Hann sagði þá m. a., með leyfi forseta:

„Verðbólgan er óvinur góðra og jafnra lífskjara. Hún veldur hrikalegu misrétti milli manna og magnar upp það versta í atvinnumálum og fjármálum. Hún vinnur gegn jöfnun lífskjara, gerir þá fátæku fátækari, en þá ríku ríkari. Af þessum ástæðum og raunar mörgum fleirum verða ríkisstj. og Alþingi að snúast gegn verðbólgunni með öllum tiltækum ráðum.

Þess vegna er fjárlagafrv. og væntanlegum fjárlögum beitt sem hagstjórnartæki í baráttunni gegn verðbólgunni."

Undir þetta ber að taka, hvert einasta orð, og ég beið satt að segja eftir því að heyra eitthvað svipað frá hæstv. fjmrh. sem flutti fjárlagaræðu sína áðan, en það fór lítið fyrir því, að talað væri um þetta.

En eitt eða tvö atriði eru í því, sem hæstv. þáv. fjmrh. sagði, sem ástæða er til að vekja athygli á. Hann vék að því, að hverju leyti fjárlagafrv. væri með þessum hætti úr garði gert, og sagði þá, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi, og það er höfuðeinkenni þeirrar stefnu sem fjárlagafrv. boðar, er gert ráð fyrir tekjuafgangi að upphæð 8.2 milljarðar kr. eða rúmlega 4% af útgjöldum fjárlaganna."

En hvernig er þetta í núv. frv.? Í núv. frv. er samsvarandi tala 5.4 milljarðar eða 1.6%. Í stað þess, að áður voru þau 4%, eru þau nú 1.6% af heildartölunni.

„Í öðru lagi," sagði hæstv. ráðh., „er reiknað með að úr ríkissjóði verði greiddir 4.3 milljarðar upp í skuldir umfram það sem tekið kann að verða að láni. Skuldasöfnun ríkissjóðs verður að stöðva og hefja verður endurgreiðslu samningsbundinna lána."

Þá var þessi tala 4.3 milljarðar. Nú er þessi tala 2.7 milljarðar.

„Í þriðja lagi," sagði hæstv. ráðh., með leyfi forseta, í fjárlagaræðu haustið 1978, „er það keppikefli ríkisstj. að ríkissjóður verði rekinn hallalaus fyrstu 16 mánuði starfsferils hennar."

En hvernig fór um sjóferð þá? Það fór þannig, að hagur ríkissjóðs var eftir þennan tíma um það bil 10 milljörðum lakari en gert hafði verið ráð fyrir. Svo fór um sjóferð þá.

Tilraunir Alþfl. til að koma fram skynsamlegri stefnumörkun báru ekki árangur í þessari ríkisstj. Alþfl. vildi hafa fjárlagagerðina raunhæfa með ákveðnum verðlagsforsendum, en um það var ekki samkomulag því að Alþb., trútt sinni gömlu stefnu, sá ekkert nema aðgerðir sem auðvitað hlutu að leiða til stóraukinnar verðbólgu.

Niðurstaðan af þessu öllu er auðvitað lýðum ljós. Í stað þess, að ríkissjóður væri rekinn með verulegum rekstrarafgangi, varð niðurstaðan allt önnur, eins og ég var að rekja, og rétt er að hafa það í huga, að á þessu tímabili ríkti hér meira jafnvægi í launamálum, minni launahækkanir en sennilega nokkru sinni fyrr í jafnlangan tíma. En þetta gerðist líka þrátt fyrir að 19 nýir skattar eða svo voru lagðir á almenning til þess að framkvæma hinar margumtöluðu bráðabirgðalausnir Alþb. Þeir skattar gáfu ríkissjóði ekki litlar tekjur. Undir þessum kringumstæðum hefði auðvitað átt að vera verulegur rekstrar- og greiðsluafgangur. Þetta snerist allt saman heldur betur við.

Aðgerðir Alþfl. miðuðu að því að fá fram vitræna stefnu og raunhæfa í efnahagsmálum, en við þeim daufheyrðust samstarfsflokkarnir og því fór sem fór. Alþfl. sleit þessu stjórnarsamstarfi vegna þess að enginn árangur náðist.

Það er fróðlegt að skoða það og velta því fyrir sér, hver þróun skattamála hér hefur verið þegar Alþb. hefur verið í stjórn. Nú vil ég eindregið óska eftir því við hæstv. forseta, að hann mælist til þess við hæstv. fjmrh. að hann sjái sér fært að vera hér við umr. þegar verið er að ræða frumburð hans á þessu sviði og sjálfsagt mesta mál sem hann leggur hér fyrir, a. m. k. að því er efnisþykkt og pappír varðar. Ég mun gera hlé á máli mínu þangað til. **(Forseti:** Ég hef þegar óskað eftir því, að hann verði hér viðstaddur, og vænti þess, að það verði.) Er hægt að fá að vita hvort hæstv. ráðh. er í húsinu? **(Forseti:** Já, ráðh. er í húsinu og mun vera rétt að koma.) — Hæstv. ráðh. gengur í salinn, og þá er hægt að halda áfram.

Ég gat þess að það væri fróðlegt að skoða hver þróun skattamála hefði verið hér á landi þegar Alþb., flokkur hæstv. fjmrh., hefur átt sæti í ríkisstj. Ég minntist líka á 19 nýja skatta sem settir voru á sínum tíma til að framkvæma bráðabirgðalausnir Alþb. Ef litið er á skatta til ríkisins sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu var það þannig árið 1970 að þeir voru 22.5%. 1971 var Alþb. komið í ríkisstj. Þá var þessi tala komin upp í 26.1%. 1977 var þessi tala enn 26.1%, en 1979 var hún komin upp í 30%. Þarna er merkileg fylgni. Sömu sögu er að segja ef litið er á töflur um álagða skatta sem prósentu af tekjum fyrra árs og einnig álagða skatta sem prósentu af tekjum greiðsluárs. 1970 voru álagðir skattar 17.1% af tekjum fyrra árs, en 1972 voru þeir 20.2%. 1978 var þessi tala 15.5%, en áætlun 1979 bendir til að þessi tala hafi þá verið um 19%. Nákvæmlega sama er uppi á teningnum ef skoðaðar eru töflur um álagða skatta sem prósentu af tekjum greiðsluárs. Þar er auðvitað um lægri prósentutölu að ræða. 1970 var þessi tala 13.3%, en 1972 er talan 15.4%. 1977 er talan 10.6%, en 1979 var talan 13.4% og fer væntanlega í 14% á þessu ári. Þarna er um algera fylgni að ræða.

Þegar Alþb. á stjórnaraðild hækka skattar, hvernig sem á málið er litið og hvernig sem málið er reiknað, og þegar Alþb. fer nú í fyrsta skipti með skattamál í ríkisstj. og fjármál vita þegnar þessa lands auðvitað hverju þeir geta átt von á í þessum efnum. Raunar er það þegar farið að koma í ljós, þótt ráðh. kjósi að taka ekki nákvæmar en svo til orða í fjárlagaræðu sinni, að skattar verði „svipaðir" og þeir voru í fyrra.

Skattbyrðin hefur hækkað þetta mikið eins og ég gat um, en þrátt fyrir það hefur verið jafnvægi í launamálum, grunnkaupshækkanir nánast ekki verið neinar, en samt hefur verðbólgan aukist meir en nokkru sinni fyrr. Alþfl. hefur margsinnis bent á að það eru ekki launin sem ráða mestu um hvernig verðbólgan þróast, heldur eru það fyrst og fremst ríkisfjármálin, aðhaldsleysið, skipulagsleysið og stjórnleysið á sviði ríkisfjármálanna sem hafa magnað elda verðbólgunnar. En þegar fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar, sem rætt var um áðan, var tilbúið í síðustu vinstri stjórn haustið 1979 kom í ljós að um það var engin samstaða með stjórnarflokkunum. Alþb. gat ekki stutt frv. Tómasar Árnasonar á s. l. hausti, vegna þess m. a. að það vildi langtum hærri útgjöld til ýmissa mála. Þetta kom mjög greinilega í ljós á haustdögum þegar hæstv. fyrrv. iðnrh. boðaði blaðamenn á sinn fund til að skýra þeim frá hvað páv. fjmrh. hefði „stolið" miklu frá iðnaðarmálunum, eins og komist var að orði í blöðum á þeim tíma. Alþfl. gat ekki stutt frv. vegna þess að þar skorti allt aðhald og frv. gerði ráð fyrir skattahækkunum þegar Alþfl. vildi stuðla að skattalækkunum. Ráðh. Alþfl. létu þá bóka í ríkisstj., að þeir væru andvígir því að niðurstöðutölur fjárlagafrv. færu yfir 323 milljarða, þar sem allt, sem þar væri fram yfir, væri bein skattahækkun á almenningi. En nú er auðvitað rétt að hafa í huga að olíuverðshækkunin, sem orðið hefur, hefur skapað hér kjararýrnun eins og annars staðar, og það er þess vegna að bera í bakkafullan lækinn þegar ríkisstj. hnykkir á með hækkuðum sköttum í stað þess að reyna að létta þær byrðar sem við komumst ekki hjá því að taka á okkur vegna atburða og þróunar erlendis. En þá er hnykkt á með því að gera almenningi erfiðara fyrir.

Minnihlutastjórn Alþfl. lagði fram á sínum tíma fjárlagafrv., eins og henni bar auðvitað tvímælalaus skylda til. Það er sjálfsagt og rétt að geta þess, að þar var ekki um að ræða verulegar breytingar frá fyrra fjárlagafrv., enda til þess hvorki tími né ráðrúm. Hins vegar skyldu menn minnast þess, þegar um þetta er rætt, að það frv. gerði ráð fyrir lækkun tekjuskatts sem nam 7.5 milljörðum og sú breyting, sem þar var að stefnt, miðaði að því að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum í tveimur áföngum. Ég gat um það áðan — hæstv. fjmrh.

var þá ekki í salnum — að það er kannske vegna þessa ákvæðis í fjárlagafrv. fjmrh. Alþfl. sem hann hafði þau orð um það áðan, að það hefði ekki komið til álita að byggja neitt á því við gerð þessa frv. Þessar hugmyndir um lækkun tekjuskatts hafa enga náð hlotið fyrir augum þeirra sem nú stjórna landinu. Þvert á móti er nú stefnt í áttina til skattahækkana.

Það fjárlagafrv., sem hér er til umr. nú, byggist auðvitað að verulegu leyti, eins og þegar hefur komið fram, á frv. Tómasar Árnasonar — frv. sem þeir Alþb.-menn voru andvígir á sínum tíma. En nú hefur verið bætt við það, væntanlega að þeirra skapi. Þá töldu Alþb.-menn allan sparnað og samdrátt vera af hinu vonda. Hér er því haldið áfram sömu vitleysunni og stefnir allt í sömu ófæruna sem áður var. Það er greinilegt, að það er enginn vilji fyrir hendi hjá þeim tveimur og svo sem einum fimmta úr flokki sem nú stjórna þessu landi, — það er enginn vilji fyrir því að breyta um vinnubrögð, setja sér ytri mörk, ákveða hverjar tekjurnar eiga að vera og afnema margumtalaða sjálfvirkni, a. m. k. að hluta. Það kann vel að vera að sjálfvirknina og mörkuðu tekjustofnana sé ekki hægt að afnema að öllu leyti. En þar má þó áreiðanlega draga mjög verulega úr frá því sem nú er. Hér þurfa því að koma til breytt vinnubrögð.

En það er þó athyglisvert við fjárlagafrv., sem nú er til umr., að eftir allar þær deilur, sem um þau mál hafa staðið, hefur Alþb. nú brotið eina af meginreglum sínum, að ekki skuli mótuð launamálastefna samfara fjárlagagerð. Alþb. virðist nú hafa fallist á að slík stefna þurfi að vera fyrir hendi, eins og kemur fram í þessu frv., og er það út af fyrir sig nokkurt framfaraspor. En hvaða stefna er það þá sem boðuð er í þessu frv.? Þar segir, með leyfi forseta, á bls. 169:

„Fjárlagafrv. er fellt að ákveðnum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis frá árinu 1979 til ársloka 1980," og síðan segir áfram, orðrétt: „Samkv. þessu hækka laun að meðaltali um 42% og innlent verðlag að meðaltali um 46.5% milli áranna 1979 — 1980," m. ö. o. laun rýrna, kjaraskerðing verður sem þessu bili nemur, 4.5%.

En það vantar margt í þetta frv. Það er ófullburða fætt eftir langa meðgöngu. Í fyrsta lagi vantar þá 5 — 6 milljarða sem ætlunin er að innheimta sem sérstakan orkuskatt. Hér er farið inn á nýja braut í fjárlagagerð. Nú segja fjárlög aðeins hálfa sögu eða illa það um ríkisbúskapinn. Tillagan um að greiða olíustyrk til jöfnunar á hitakostnaði var tekin út úr fjárlögum og því fé var ráðstafað til annars. Nú eru tekin upp þau vinnubrögð að taka upp ákveðna liði, sem í sjálfu sér er ákaflega erfitt að standa gegn, enda er í þessu tilviki um gríðarlegt réttlætismál að ræða, en þegar þetta er tekið út úr fjárlagafrv. vaknar hins vegar sú spurning, hvert stefni í þessum efnum. Er þetta upphaf þess, að í sívaxandi mæli verði farið að taka einstaka málaflokka, einstaka þætti út úr fjárlögum og láta þingið taka afstöðu til þeirra hvers um sig? Verða sjúkrahúsmálin næst tekin út með þessum hætti? Verða skólamálin síðan tekin út? Þannig mætti áfram telja. Auðvitað stefnir þetta í þá átt að gera fjárlagafrv. að æ marklausara plaggi eftir því sem fleira er þar tekið út.

En það er fleira sem vantar inn í þetta frv. Eins og ég gat um áðan var frestað að taka afstöðu til tillagna iðnrn. um hækkun á margvíslegum framkvæmdum til orkuframkvæmda, og í frv. segir að þetta séu allt saman liðir er varði fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 og verði tekin afstaða til þeirra við undirbúning hennar í ríkisstj. Sama gildir um fjárframlag til annarra þátta orkumála, þ. á m. til hugsanlegra virkjunarframkvæmda sem nú séu á athugunarstigi. Hér hefur sem sagt enn einn málaflokkur verið tekinn út úr frv. Hann bíður lánsfjáráætlunar sem fram kom hér áðan að enginn maður veit hvenær sjá mun dagsins ljós. Það er ekki að ástæðulausu að svo var kveðið á, þegar fyrst var farið að gera sérstaka lánsfjáráætlun, að hún skyldi lögð fram með fjárlagafrv. Það hefur hins vegar raunar sjaldnast tekist, eins og kom fram í þessum umr., og þegar best hefur látið hefur hún séð dagsins ljós við lok fjárlagaumr. Nú virðast næsta litlar horfur á að svo verði, en þó verður auðvitað að gera skýlausa kröfu um það.

En það er fleira sem hvergi sér stað í frv. Feiknarleg útgjöld vegna stefnunnar í landbúnaðarmálum eru þar víðs fjarri og ekki á þau minnst. Nú hefur sem kunnugt er verið tekin upp ný stefna í landbúnaðarmálum þegar framsóknarmenn úr þremur flokkum hafa sameinast í ríkisstj. og ætla sér að sameinast um að halda því áfram sem nefnt hefur verið vítahringur vitleysunnar, — halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið á og hefur ekki aðeins leitt til erfiðleika fyrir neytendur, heldur ekki síður fyrir bændur. Sú stefna, sem fylgt hefur verið og hefur verið mótuð hér af framsóknarmönnum úr þremur stjórnmálaflokkum, hefur haft það í för með sér, að þegar erfiðleikar eru í landbúnaði, þegar illa árar, þarf auðvitað að styrkja landbúnaðinn, en þegar vel árar þarf meira að styrkja landbúnaðinn en nokkurn tíma þarf í harðæri. Þessu ætla menn að halda áfram. Það er greinilegt í samstarfssamningi stjórnarflokkanna og í þessu frv. að hér á ekkert lát að verða á.

Ýmsir hafa nefnt að hér muni vera um að ræða a. m. k. 10 milljarða útgjöld vegna landbúnaðarins sem ekki eru tekin inn í frv. Þegar hefur verið minnst á 3000 millj. kr. lánsheimild til Framleiðsluráðsins, — lánið sem ríkissjóður á síðan að „annast" greiðslur á, eins og það er orðað. Svo eru fyrirsjáanlegar miklar greiðslur, eins og ráðh. vék rétt lauslega að áðan, að það mundi þurfa einhverja fyrirgreiðslu vegna vandans á þessu ári. Hætt er við að sú „einhver fyrirgreiðsla" reynist nokkuð mikil áður en yfir lýkur. Í fjárlagafrv. eru að vísu 8.4 milljarðar sem nú á að greiða með mat sem fluttur er út. Þessi upphæð hefur oft í fjárlögum þótt há, en aldrei hefur hún verið hærri en nú og dugar þó hvergi nærri til. Þarf fleira til að sýna mönnum það og sanna, að stefnan í landbúnaðarmálum er í grundvallaratriðum röng og þessu er ekki hægt að halda lengur áfram? Menn geta gert sér til gamans að reikna út hvernig þetta dæmi lítur út eftir 5 ár með sama áframhaldi. Ég held að það verði ekki ánægjuleg útkoma sem fæst út úr því.

Og enn er það fleira sem vantar inn í fjárlagafrv. Svokallaðs félagsmálapakka eða félagslegra aðgerða, sem heitir svo í málefnasamningi ríkisstj., til að auðvelda kjarasamninga sér ekki stað í þessu frv. Nefndar hafa verið ýmsar tölur um hvað slíkar aðgerðir kynnu að kosta, svo sem einhvers staðar á bilinu 5 — 7 milljarðar.

Þá er það sem stundum hefur verið nefnt félagslegur þáttur framkvæmda RARIK, Rafmagnsveitna ríkisins. Ekki er það heldur í frv. að sinni.

Það, sem hér er verið að gera, er það, að verið er að taka æ fleiri og æ stærri þætti út úr fjárlögunum og ýmist ýta á undan sér yfir í ófyrirsjáanlega óvissa framtíð um

það, hvenær eigi að leysa eða flytja yfir í lánsfjáráætlun eða önnur lög. Sem sagt, verið er að gera fjárlögin að marklausu plaggi.

Eins og ég minntist á áðan, er ljóst að þetta frv. mun hafa í för með sér verulegar skattahækkanir. Það er hins vegar öllu óljósara á þessu stigi hverjar þær verða og við hverja þær munu mest koma. Í þessu frv. eru vandamálin lögð til hliðar, þeim er ýtt á undan eða til hliðar. En hvað er svo gert til að ná endum saman? Það, sem fyrst verður fyrir, er auðvitað að skerða enn frekar en orðið var framlög til ýmissa fjárfestingarsjóða. Til viðbótar við 15% skerðingu kemur nú 20% skerðing. Sjálfsagt er það rétt, að sumir fjárfestingarsjóðir þola þetta. Það er ekki ólíklegt að einhverjir af fjárfestingarlánasjóðum landbúnaðarins þoli þetta, þar sem ekki er mjög brýn þörf á aukinni fjárfestingu. Aðrir sjóðir, eins og t. d. Byggingarsjóður ríkisins, þola þetta alls ekki. Hvað segir um það í frv. hæstv. ráðh. og nýrrar ríkisstj.? Á bls. 166 segir þar, með leyfi forseta:

„Hins vegar er ráðgert að athuga fjárþörf sjóðanna í tengslum við gerð lánsfjáráætlunar, svo að tryggt sé að þeir geti gegnt hlutverki sínu."

Enn er málunum ýtt í burtu. Enn eru slitin út úr fjárlagafrv. atriði sem þar eiga að vera og þar eiga heima. Allt stefnir þetta í sömu átt.

Samkv. lánsfjáráætlun 1979 máttu nýjar erlendar lántökur nema um 39 milljörðum. Hvað gerðist þá? Þá fóru ríkisfjármálin öll úr böndunum, og þarf ekki að hafa mörg orð um það. Þar var farið 40% fram yfir og lántökurnar urðu yfir 50 milljarða kr.

Hámark þeirra erlendu lána, sem okkur er talið óhætt að taka nú án þess að stofna okkur í hættu, er um 70 milljarðar í áætlun Seðlabankans. Það er ljóst núna, og kom raunar fram í ræðu ráðh., að veruleg hætta er á að erlendar lántökur stefni í 100 milljarða kr. Þetta þýðir auðvitað að hér myndast enn og heldur áfram gífurlegur þrýstingur og spenna, og allt hefur þetta verðbólguáhrif. Það virðist nefnilega hreint ekki vera markmið ríkisstj. að gera eitt eða neitt varðandi verðbólguvandann, þótt á stöku stað í stefnuskrá hennar séu uppi höfð um það fáein orð. En orð og gerðir eru stundum sitt hvað. Það virðist sannarlega ætla að verða raun þessarar ríkisstj. að svo verði.

Það er einkum tvennt sem Alþfl. telur nú vera brýnast. Ég ætla ekki á þessu stigi að ræða um einstaka liði þessa frv., til þess gefst tími síðar.

Alþfl. er þeirrar skoðunnar, að það verði að stefna að kerfisbreytingu í gerð fjárlaganna, það verði að stefna að afnámi sjálfvirkninnar að svo miklu leyti sem slíkt er mögulegt og slíkt er hagkvæmt. Svo sem ég áður sagði getur vel verið að þetta sé ekki unnt á öllum sviðum, en víða er það áreiðanlega hægt. Við eigum að taka upp nýjar stjórnunaraðferðir, sem hafa verið að ryðja sér til rúms, en hafa ekki náð hingað nema í litlum mæli enn, og við eigum að brjótast út úr þessu staðnaða kerfi. Í öðru lagi verðum við að marka ríkisumsvifunum bás með tilliti til getu okkar og með tilliti til þess sem við höfum úr að spila. Það er auðvitað kjarni málsins.

Eins og nú háttar, þegar olíuverðshækkanirnar gera það að verkum að við verðum fyrir búskelli, verður að létta almenningi það með skattalækkunum og með aðgerðum á sviði ríkisfjármála. Þetta er vel framkvæmanlegt. Það er mikil þensla í þjóðfélaginu. En það er langt frá því að ekki megi eitthvað draga úr án þess að komi til atvinnuleysis. Það má áreiðanlega slaka töluvert á spennunni án þess að til þess komi. Auðvitað eru allir flokkar um það sammála og enginn ágreiningur um að til atvinnuleysis megi ekki koma. Vandinn er bara að finna þar meðalveginn á milli. En ég sé ekki að þetta frv. eða stefna ríkisstj. sé með neinum hætti í þá átt, heldur miklu frekar að hér verði áfram verðbólga og það ekki minni en verið hefur, a. m. k. sér annars ekki merki í þessu fjárlagafrv.

Alþfl. mun að sjálfsögðu flytja brtt. við þetta frv., m. a. í þá veru að dregið verði úr skattheimtunni. Grein verður gerð fyrir þeim við síðari umr. þessa máls.

Hæstv. fjmrh. óskaði eftir því áðan, að fjvn. og þing treystu sér til að koma þessu frv. fram fyrir páska. Af Alþfl. hálfu verður ekkert gert til að standa gegn því. En það hlýtur, þó að unnt sé að afgreiða fjárlög fyrir páska, að vera háð því skilyrði að þingið fái að sjá drög að lánsfjáráætlun. Þegar þess er gætt, með hverjum hætti fjárlagafrv. er byggt upp og hve margt það er sem þar vantar, hlýtur það að vera skilyrði að menn fái að sjá drög að lánsfjáráætlun áður en frv. er afgreitt.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fjalla nokkuð um afkomu ríkissjóðs á árinu 1979, þar sem ég var fjmrh. þáv. ríkisstj. og hafði forustu á hendi um að leggja grundvöll að fjármálum ríkisins það ár.

Rekstrarútkoma ríkisins 1979 var raunverulega jákvæð um 1600 millj. kr. þrátt fyrir miklar hrakspár. Samkv. bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhaldsins fyrir A-hluta ríkissjóðs á greiðslugrunni 1979 reyndust útgjöldin samtals 241.6 milljarðar kr. en tekjur 238.7 milljarðar. Við tekjurnar bættist skyndilán sem tekið var í desember til nokkurra mánaða, að fjárhæð 4.5 milljarða kr. Þetta lán verður greitt að fullu í þessum og næsta mánuði, þar sem tekjur voru tryggðar til þess þegar um miðjan septembermánuð s. l. og teknar frá í því skyni. Tekjur þær, sem grunnur var þá lagður að, eru nú að skila sér í ríkissjóð.

Samkv. bráðabirgðauppgjörinu varð greiðslujöfnuður ríkissjóðs á árinu 1979 á þann veg, að ríkissjóður bætti hag sinn gagnvart Seðlabanka um 2.2 milljarða kr. Skuldaaukning ríkissjóðs í Seðlabankanum var smáræði á árinu 1979.

31. desember 1978 skuldaði ríkissjóður Seðlabankanum 26.4 milljarða kr. Nákvæmlega ári síðar, í árslok 1979, var skuldin 26.7 milljarðar og hafði aukist um 0.3 milljarða eða 300 millj. kr. Hins vegar átti eftir að bóka hækkun verðbóta, skuld að upphæð 2 milljarðar kr., þannig að heildarskuldaaukning við Seðlabankann varð 2.3 milljarðar kr. á árinu 1979. Lánahreyfingar utan Seðlabankans voru neikvæðar um 3.9 milljarða kr. af ýmsum ástæðum. Verðbólgan átti sinn mikla þátt í þessu svo og ýmiss konar eignabreytingar, svo sem lántökur vegna eignakaupa, hlutabréfakaupa, stofnfjárframlög og margt fleira mætti nefna í því sambandi.

Við árslok 1978 námu skuldir ríkisins við Seðlabankann 15.9% af ríkistekjunum það ár. Í árslok 1979 námu skuldirnar hins vegar ekki nema 12.2% miðað við ríkistekjurnar. Það er því staðreynd, sem ekki verður hnekkt, að á árinu 1979 lækkuðu skuldir við Seðlabankann miðað við ríkissjóðstekjur um 3.8%. Niðurstaða ríkisfjármálanna fyrir árið 1979 er því aldeilis ekki í samræmi við spádóma stjórnarandstæðinga þess

tíma er fjárlög voru afgreidd, sem voru mjög svartsýnir og létu í ljós þá skoðun, að naumast væri gerlegt að gera sér nokkra grein fyrir því, hvert stefndi í fjármálum ríkisins, svo mikill væri háskinn fram undan.

Ég get ekki stillt mig um að minna á það, að á árinu 1975, sem var fyrsta árið eftir olíukreppuna 1974 og fyrsta heila árið sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen var fjmrh., — en árið 1975 var á margan hátt hliðstætt árinu 1979 varðandi þróun ríkisfjármála — á var rekstrarhallinn á ríkissjóði 7.5 milljarðar kr., sem mundi samsvara a. m. k. 35 milljörðum eins og nú er komið málum. Með tilliti til þessa samanburðar gæti ég verið himinlifandi með útkomuna árið 1979. En ég vil nú gera meiri kröfur í þessum efnum.

Það er rétt, að nokkuð skorti á að það tækist að ná að fullu þeim markmiðum sem sett voru í ríkisfjármálum í sept. 1978. En þess verður að gæta, að árið 1979 var um margt óhagstætt fyrir þróun ríkisfjármála. Ég vil fyrst nefna hina háskalegu olíukreppu sem jók útgjöld ríkisins verulega, þ. á m. beinan kostnað vegna olíunotkunar ríkis og ríkisfyrirtækja, vaxtahækkanir vegna stóraukinnar verðbóglu af völdum kreppunnar, hækkaðar niðurgreiðslur af sömu ástæðum og margt fleira mætti nefna. Í öðru lagi nefni ég hækkun grunnlauna opinberra starfsmanna, sem ekki var gert ráð fyrir þegar fjárlög voru afgreidd fyrir árið 1979. Í þriðja lagi vil ég svo nefna hækkun verðlags á öllum sviðum langt umfram það sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

Af því, sem ég hef nú rakið, er ljóst, að fjármál ríkisins voru nokkurn veginn í jafnvægi árið 1979 þrátt fyrir mjög óhagstæð ytri skilyrði. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann lækkaði talsvert verulega hlutfallslega og verður að telja það stefnu til réttrar áttar.

Nú hafa verið lögð fram á Alþ. þrjú fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár, en það fjárlagafrv., sem ég lagði fram í haust, hefur verið notað sem grundvöllur, þótt á því hafi verið gerðar talsverðar breytingar. Miðað við aðstæður tel ég að mitt fjárlagafrv. hafi verið það besta, vegna þess að það hafi í senn fullnægt kröfum í velferðarmálum og gengið lengst sem hagstjórnartæki gegn verðbólgunni. Til marks um það er að það fjárlagafrv. skilaði mestum rekstrarhagnaði, tæpum 9 milljörðum kr., og gerði ráð fyri mestum afborgunum til Seðlabankans, samtals 14.1 milljarði kr., og afborgunum af lánum til annarra, 3.7 milljörðum kr. Má í þessu sem fleiru segja, að hverjum þyki sinn fugl fagur.

Hver var raunverulega verðbólgan á árinu 1979? Það er ástæða til að spyrja þessarar spurningar vegna þess að það er svo oft um þetta skrifað með ýmsu móti. Ég hef leitað upplýsinga um þetta í Þjóðhagsstofnun og fengið þau svör, að verðbólgan var 45%, framfærsluvísitala hækkaði um 45% að meðaltali á árinu 1979. Á árinu 1978 hækkaði verðbólgan hins vegar um 1% minna eða um 44%. Hins vegar mega menn ekki rugla því saman, að verðbólgan í fyrra varð frá upphafi til loka árs um 60%. En sá rétti mælikvarði í þessum efnum samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar er 45%.

Þegar árin 1978 og 1979 eru borin saman hvað verðbólgu snertir verður að hafa í huga að olíukreppan, sem skall á 1979, hækkaði verðbólguna um 5—10%. Ef engin olíukreppa hefði skollið á hefði verðbólgan 1979 því orðið 35—40%. Til viðbótar má geta þess, að með aðgerðum sínum í sept. 1978 lækkaði ríkisstj. verðbólguna úr tæpum 53% frá upphafi árs til septemberbyrjunar niður í 38% í árslokin. Þetta hefði vitanlega mikil áhrif til bóta á meðaltal verðbólgunnar 1978, og verður að hafa það í huga, þegar þessi tvö ár eru borin saman. Á árinu 1979 er talið að þjóðartekjur hafi dregist saman um 2% á mann og hafi verið svipaðar og á árinu 1977. Þessi samdráttur þjóðarteknanna á mann á árinu 1979 var auðvitað mikið efnahagsáfall sem fyrst og fremst átti rætur að rekja til olíukreppunnar. Ég er ekki alveg viss um að þjóðin hafi gert sér nægilega skýra grein fyrir því, hversu stórkostlegt efnahagsáfall olíukreppan er. (Gripið fram í.) Ég get svarað þessu hér úr ræðustólnum að gefnu tilefni. Því hefur verið haldið fram af ýmsum, að olíukreppan hafi stóraukið tekjur ríkissjóðs. Þá reikna menn dæmið einfaldlega á þá leið að segja: Jú, tekjurnar af olíuinnflutningnum voru miklu meiri 1979 en 1978 vegna olíukreppunnar. — En menn sleppa því úr dæminu að geta þess, að það er ekki mögulegt að eyða sömu krónunum tvisvar og það var ekki hægt að nota þessa 20 milljarða, sem þurfti til aukinna olíukaupa 1979, til þess að kaupa inn í landið, t. d. hátollavörur. T. d. dróst innflutningur bifreiða verulega saman, m. a. af þessari ástæðu, þannig að þegar upp er staðið tapaði náttúrlega ríkissjóður talsvert verulega á olíukreppunni. Þetta vildi ég segja að gefnu tilefni.

Vegna þróttmikillar útflutningsstarfsemi, sem m. a. stafar af hinni gífurlegu uppbyggingu í fiskiðnaðinum sem átti sér stað á seinasta áratug, varð lítill halli á gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd á seinasta ári. Er ástæða til þess fyrir fjandmenn byggðastefnunnar að gera sér grein fyrir því, að talsvert verulegur hluti af þessum gífurlega útflutningi á seinasta ári kemur frá frystiiðnaðinum í landinu. En framlag Byggðasjóðs til uppbyggingar frystiiðnaðarins og forganga Framkvæmdastofnunar ríkisins á seinasta áratug var veruleg, og gefst kannske tækifæri til að ræða það mál sérstaklega síðar. Byggðastefnan var náttúrlega ekki tilgangslaus og ekki áhrifalaus í þeim efnum að skjóta sterkari stoðum undir efnahag þjóðarinnar og útflutning.

Þær niðurstöður, sem nú eru fáanlegar um stöðu útflutnings og innflutnings allt árið 1979, upplýsa, að útflutningsvöruframleiðslan hefur numið 278 milljörðum kr., en innflutningur röskum 9 milljörðum minna. Það varð því verulegur afgangur í vöruskiptum við útlönd á árinu 1979. Hins vegar er talið að nokkru meiri halli hafi orðið í þjónustuviðskiptum og þá einkum vegna samdráttar í tekjum af samgöngum, en þarna koma einnig til áhrif olíukreppunnar. Ef þessar upplýsingar reynast réttar hefur orðið mjög lítill halli á viðskiptum við útlönd á árinu 1979 og verður að telja útkomuna þolanlega, ekki síst þar sem birgðir útflutningsvara um s. l. áramót voru meiri en í upphafi ársins. Gjaldeyrisstaðan batnaði um 17 milljarða kr., m. a. vegna lántaka erlendis. Erlendar skuldir hafa sennilega numið rúmlega 280 milljörðum kr. í árslokin, sem er nálægt 1/3 hluti af þjóðarframleiðslu ársins. En það er svipað og var árið áður. Greiðslubyrði vaxta og afborgana af löngum erlendum lánum er áætluð vera 14% af útflutningstekjum. Það mun vera svipað hlutfall og verið hefur s. l. fimm ár.

Þegar á heildina er litð verður árið 1979 sæmilegt hvað efnahagsmálin snertir, þegar frá er talin verðbólguþróunin. Skuldir ríkissjóðs lækkuðu hlutfallslega á árinu. Greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum var svipuð og undanfarin fimm ár, heildarskuldir út á við svipaðar miðað við þjóðarframleiðslu. Þetta hefur gerst

þrátt fyrir olíukreppuna og þá staðreynd, að þjóðartekjur á mann drógust saman um 2%.

Eins og áður er það verðbólgan sem kvelur okkur og veldur óvissu og ótta um hvort takast muni að halda uppi þeim góðu lífskjörum sem hér hafa ríkt á undanförnum árum. Þótt takist að halda útflutningsframleiðslunni gangandi truflunarlaust á þessu ári eru afkomuhorfur þjóðarinnar óvissar, sérstaklega vegna utanríkisviðskiptanna. Útflutningsvörur okkar gætu lækkað í verði á þessu ári, þar sem verðlag hefur haldist hátt undanfarin ár. Eftir bestu upplýsingum sem ég hef getað aflað mér sýnast mér horfur á að viðskiptakjörin á árinu 1980 gætu versnað að meðaltali um 5—10%. Enginn vafi er á að olíukreppan á seinasta ári mun hækka neysluvörur Íslendinga, sem þeir verða að flytja til landsins, verulega frá því sem áður hefur verið. En þjóðin verður að gæta þess, að versnandi viðskiptakjör valda því, að kaupmáttur kauptaxta landsmanna hlýtur að dragast saman. Það er afar áríðandi að menn geri sér ljósa grein fyrir samhenginu millli viðskiptakjaranna og raunverulegs kaupmáttar launa. Þegar fjölmiðlar skrifa um þessi mál verða þeir að geta þessara atriða, ef þeir vilja vera heiðarlegir í fréttaflutningi. Það er því fyllsta ástæða til þess, að menn gæti samhengis þessara mála, ef þeir ekki vilja stofna bættum lífskjörum og betri efnahag í hættu með verðbólguaukandi aðgerðum.

Við Íslendingar höfum lifað og starfað við 44—45% meðalverðbólgu s. l. tvö ár. Það ríkir þess vegna í raun og veru háskaástand í efnahagsmálum þjóðarinnar, þótt enn þá hafi tekist að halda framleiðslustarfseminni í góðum gangi. Ef ekki tekst að breyta þessu ástandi hljótum við að sjá fram á versnandi lífskjör og atvinnuleysi áður en langt um líður. Það eru mjög góð lífskjör á Íslandi um þessar mundir, ef þau eru borin saman við lífskjör flestra annarra þjóða. Það er meiri atvinna hér en sennilega nokkurs staðar annars staðar. Hver vinnandi hönd hefur nóg að starfa ef hún vill. En þetta ástand byggist á ótraustum grunni og getur hrunið við minnstu áhrif til hins verra, t. d. ef viðskiptakjör þjóðarinnar gagnvart útlöndum versna til muna.

Það er ástæða til þess að minna á það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Eið Guðnasyni. Hann vitnaði í ræðu sem ég flutti hér í fyrra, einmitt þegar fjárlagaumr. fór fram. Ég tók svolítinn kafla upp úr þessari ræðu um verðbólguna og ætla að lesa hana á nýjan leik, af því að ég held að góð vísa sé ekki of oft kveðin:

„Verðbólgan er óvinur góðra, jafnra og bættra lífskjara. Hún veldur hrikalegu misrétti milli manna og magnar upp það versta í atvinnumálum og fjármálum. Verðbólgan vinnur gegn jöfnun lífskjara, gerir þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Af þessum ástæðum og raunar mörgum fleirum verður ríkisstjórn, Alþingi og raunar þjóðin öll að snúast gegn verðbólgunni með öllum tiltækum ráðum. Í lýðræðisþjóðfélagi berjast stjórnmálaflokkarnir og stjórnmálamennirnir um völdin í landinu. En við skulum gæta okkar í þeirri baráttu. Við skulum ekki láta þá baráttu leiða til þess að kippa stoðum undan efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Þessar stoðir væru býsna traustar, ef við byggjum við þolanlega verðbólgu."

Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir forsendum fjárlagafrv. og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það sem hann hefur sagt í þeim efnum. Það verður að hafa í huga, að núv. ríkisstj., sem aðeins hefur setið að völdum í rúman mánuð, hefur auðvitað ekki haft svigrúm til þess að undirbúa fjárlagafrv. með eðlilegum hætti. Síðan í septembermánuði hefur ríkt meira og minna tómarúm í íslenskum stjórnmálum. Fyrst var ríkisstjórnarsamstarfi slitið, þá var Alþingi rofið, harðvítugar kosningar fóru fram og síðan fylgdi tveggja mánaða stjórnarkreppa á eftir. Á þessum tíma hefur ekkert verið gert sem máli skiptir til þess að hamla gegn verðbólgu og reyna að koma á reglu í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Það var ekki heldur eðlilegt, þar sem starfsstjórn sat að völdum í landinu og hafði enga aðstöðu til að hefjast handa.

Það eru nokkrir útgjaldaliðir í fjárlagafrv. sem telja má óvenjulega. Ég nefni vexti, 16 milljarða kr., vegna skuldasöfnunar undanfarandi ára, útgjöld og fjármagnskostnað vegna Kröfluvirkjunar upp á 3.9 milljarða og lækkun tolla vegna samvinnunnar við EFTA um 4 milljarða. Hér er samtals um að ræða 23.9 milljarða kr., sem í raun og veru má telja óvenjulega útgjaldaliði. Ég tel vaxtaútgjöldin óeðlileg, vegna þess að vitanlega þyrfti ríkissjóður að eiga sitt rekstrarfé sjálfur og ekki taka það að láni hjá öðrum, en það er orðið mjög dýrt eins og öllum er kunnugt um.

Þá eru ýmis ný verkefni í fjárlagafrv., svo sem Framkvæmdasjóður þroskaheftra, félagslegar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins, og ýmislegt fleira mætti nefna. Þá varð landbúnaðurinn fyrir sérstökum áföllum á síðasta ári vegna harðinda og hefur það haft í för með sér viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð af ýmsu tagi.

Geysimiklum fjárhæðum er varið á fjárlagafrv.til Lánasjóðs ísl. námsmanna, framlagi sem nemur 5395 millj. kr. og þar að auki 1700 millj. kr. lántöku. Ég er fylgjandi því, að létt sé undir með námsfólkinu í landinu, en ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að svo lengi sem við getum af efnahagslegum ástæðum eigum við að halda því kerfi að námsfólkið vinni á sumrin. Í fyrsta lagi vinnur það fyrir sér og léttir undir næsta vetur, og í öðru lagi kynnist það atvinnulífi landsmanna. Það fer í vöxt, að námsfólkið sé við nám meira og minna allt árið um kring, og ég tel það miður. Það er þegar nokkuð af fólki í landinu sem hefur verið við langskólanám og hefur í raun og veru aldrei skitið úr á sér hendurnar við venjulega vinnu í landinu. Ég held að það væri ráð að reyna að fækka því fólki, að haga alltaf málum þannig að langskólanámið sé ekki tætt úr tengslum við atvinnulífið í landinu, en menn haldi áfram þeirri góðu og gildu reglu að skíta út á sér hendurnar, fái nasasjón af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar og því, á hverju þjóðin lifir. Þess vegna álít ég að við eigum að gæta þess, að þessi framlög og þessi fyrirgreiðsla fari ekki út í neinar öfgar. Þess þarf að gæta, að Lánasjóður ísl. námsmanna verði eins og hver annar lánasjóður og standi undir sér og eflist og verði megnugur þess að létta undir með námsfólkinu og þá sérstaklega því fólki sem þarf á því að halda. En það má ekki ganga of langt í þessum málum. Það er óhollt fyrir námsfólkið að safna miklum skuldum á námsárum.

Nokkrir útgjaldaliðir í fjárlagafrv. eru áberandi hæstir. Þar á meðal eru tryggingamál 90.8 milljarðar kr., fræðslumál 45.6 milljarðar, heilbrigðismál 24 milljarðar, búnaðarmál 15.3 milljarðar, dómgæslu- og lögreglumál 14.2 milljarðar kr. Útgjöld samkv. þessum fimm liðum fjárlagafrv. nema 190 milljörðum eða nokkru meira en helmingi allra útgjalda.

Við Íslendingar verjum stórum fjárhæðum til heilbrigðis- og tryggingamála. Ég er þeirrar skoðunar, að í heilbrigðismálum megi spara talsverðar fjárhæðir með því að efla útivist og íþróttaiðkun landsmanna. Nútímaþjóðfélag eykur á kyrrsetu og hreyfingarleysi. Um 5000 manna starfa að sjálfboðaliðsvinnu og rekstri íþróttahreyfingarinnar. Þessa starfsemi þarf enn að efla og styrkja. Ég vil því beina þeim tilmælum til hæstv. fjvn., að hún athugi sérstaklega hækkun framlaga til Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslandas. Ég beindi þessum sömu tilmælum til fjvn. í fyrra, þegar ég var að tala fyrir fjárlagafrv. þá. (**LárJ:** Í bæði skiptin óvenjulega mikið skorið niður.) Það er fjvn. ekki til sóma. Það er raunhæf leið til sparnaðar, þótt það skili e. t. v. ekki árangri í krónum þegar á þessu ári. (Gripið fram í.) Margar þjóðir telja sig hafa reiknað það út, að þær spari stórkostlega fjármuni fyrir þjóðfélagið með virkum stuðningi við æskulýðs- og íþróttahreyfinguna. Álíta þær að heilsufar og starfshæfni aukist með skynsamlegum íþróttaiðkunum og útivist. Í heilbrigðismálum mætti eflaust einnig spara með betra skipulagi, en það er mikið mál sem þarfnast úttektar.

Þá er ég sannfærður um að hægt er að spara mikil útgjöld hjá Tryggingastofnun ríkisins með lagbreytingum í þá átt að greiða tryggingabætur fyrst og fremst til þeirra sem þurfa þeirra með. Það er brýnt mál, að rækileg endurskoðun fari fram í tryggingamálunum og breytingar verði gerðar í þessa stefnu.

Á undanförnum árum hefur verið unnið mikið starf við úttekt ýmissa þátta ríkisbúskaparins. Á seinasta ári varð umtalsverður sparnaður í fræðslukerfinu og dómsmálum. Ef eitthvað raunhæft á að gerast í sparnaði og aðhaldi ber brýna nauðsyn til að halda áfram úttekt ýmissa þátta ríkisbúskaparins. Tel ég eðlilegast að hagsýslustofnunin framkvæmi slíka úttekt í samvinnu og samstarfi við viðkomandi fagráðuneyti og forstjóra ríkisstofnana. Ég álít nauðsynlegt að huga að fræðslumálunum í þessu sambandi einnig. Eflaust eru möguleikar á frekari sparnaði og aðhaldi í ríkisbúskapnum, bæði að því er snertir einstakar ríkisstofnanir og stóra málaflokka. Það mætti e. t. v. orða það svo, að ekki sé síður nauðsyn á uppskurði sums staðar í ríkiskerfinu en niðurskurði. Menn verða að gera glöggan greinarmun á eyðslu og eðlilegum útgjöldum. Þýðingarlaust er að standa að aðhaldi eða sparnaði, nema nákvæmlega sé tiltekið í fjárlögum hvar þessi sparnaður eigi að koma niður og viðkomandi ráðherra, stjórnarnefnd og forstjóri ríkisstofnunar beri fulla ábyrgð á framkvæmdinni. Í þessum efnum verður að koma til markvisst starf, yfirborðskák kemur ekki að neinu haldi. Það verður e. t. v. að ákveða hvaða stöðum á að fækka hjá ríkinu, hvar á að draga úr yfirvinnu, hverju á að breyta um framkvæmd mála. Þetta er ekkert vinsældastarf, en verður að vinnast. Og það verður ekki unnið á nokkrum vikum, heldur með þrotlausu starfi og stöngu eftirliti.

Fjárlagafrv. er byggt á meginstefnu stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., en þar segir m. a.: „Meginverkefni ríkisstj. er að teysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það ein helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Jafnframt leggur ríkisstj. áherslu á að efla menningarstarfsemi, auka félagslega þjónustu og jafna lífskjör. Ríkisstj. mun berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál."

Meginúrræði ríkisstj. varðandi baráttuna við verðbólguna er að stefna að því að verðhækkunum á vöru og þjónustu í landinu verði sett ákveðin efri mörk á árinu 1980. Hinn 1. maí skulu mörkin vera 8%, 1. ágúst 7% og loks til 1. nóv. 5%. Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgunnar.

Til þess að ná þessum markmiðum verður að gæta að því, að verðbólgan er á fleygiferð og lítið hefur verið gert af markvissum ráðstöfunum til hjöðnunar verðbólgu síðan í fyrrasumar, m. a. vegna þingrofsins, kosninga og stjórnarkreppu. Þess vegna þarf að gera vissar ráðstafanir nú, sérstaklega að því er varðar verðhækkunartilefni sem hafa verið að hlaðast upp í kerfinu á undanförnum mánuðum. Má þar nefna stöðu útflutningsatvinnuveganna, gengismálin í sambandi við þá og ýmiss konar þjónustu sem legið hefur verið á verðhækkunum fyrir, en óhjákvæmilegt hefur reynst að taka á. Má þar nefna opinbera þjónustu, eins og t. d. gjaldskrá Pósts og síma, útvarps og sjónvarps, svo og verð á sementi, sem varð að stórhækka, og margt fleira. Það er því nokkuð vandasamt að þræða þann niðurtalningarveg sem ríkisstj. ætlar sér að fara í þessum efnum.

Framfærsluvísitalan hefur hækkað um rúmlega 60% frá upphafi til loka ársins 1979, en meðalhækkun verðlags hins vegar um 45%. Á árinu 1980 er stefnt að því, að verðhækkanir frá upphafi til loka árs verði 31%. Ætlunin er því að snúa dæminu við, að í staðinn fyrir ört hækkandi verðbólgu verði lækkandi verðbólga. Til þess að svo geti orðið verður verðlagspólitíkin, launapólitíkin og gengispólitíkin að stefna að ákveðnu marki á þessu ári. Ég hef áður rætt um stefnuna í verðlagsmálum, en ætlunin er að setja ákveðin efri mörk við verðhækkun. Ég hafði í ráði að setja reglugerð um þetta byggða á lögum um kjaramál frá 1978 og verðlagslögum. Samkv. verðlagslögum er gert ráð fyrir að leita álits verðlagsráðs um slíkar ákvarðanir. Það hef ég gert, en fengið neikvæða umsögn verðlagsráðsins. Það er því í athugun, að ríkisstj. geri samþykkt um þetta efni og sendi til verðlagsráðs til leiðbeiningar.

Um gengismálin er það að segja, að ríkisstj. ætlar að beita þar aðhaldi. Þá verður gert sérstakt átak til framleiðniaukningar í atvinnuvegunum til þess að treysta gengi gjaldmiðilsins. Ég vil leggja áherslu á það, að framleiðniaukningin gerist í fyrirtækjunum sjálfum og þess vegna hlýtur sæmileg afkoma þeirra að vera ein af meginforsendum fyrir því, að um raunverulega framleiðniaukningu geti verið að ræða. En árangur af slíku starfi kemur ekki fram þegar í stað, það tekur sinn tíma.

Um launastefnuna er það að segja, að fjárlagafrv. er reist á þeirri stefnu, að launahækkanir urðu 6.67% 1. mars s. l. og verði 8% 1. júní, 7% 1. sept. og 5% 1. des. Samkv. þessu ættu laun að hækka að meðaltali um 42% á þessu ári. Ég geri mér glögga grein fyrir því, að það er útilokað að telja niður verðbólguna í samræmi við fyrirætlanir ríkisstj. nema stefnan í gengismálum og launamálum verði í takt við þær fyrirætlanir. Ef þessi stefna verður sprengd upp með kröfugerð og aðgerðum til þess að framfylgja þeirri kröfugerð, þá er alveg ljóst að það verður erfitt eða ómögulegt að ná þessum markmiðum. Allt veltur á því, að hin sterku öfl þjóðfélagsins, þ. e. ríkisvaldið og samtök launafólks og atvinnurekenda, nái lágmarkssamvinnu í þessum málum öllum og menn taki tillit til þess, að á öllum sviðum er nauðsynlegt að telja

verðbólguna niður. Þetta er höfuðatriði.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. hefur ekki unnist tími til þess að undirbúa svo fjárfestingar- og lánsfjáráætlun að mögulegt sé að gera að neinu leyti grein fyrir henni við fjárlagaumr. Samkv. lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. er gert ráð fyrir að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé lögð fram í kjölfar fjárlagafrv. Sennilega er rétt túlkun á ákvæðum laganna sú, að ætlast sé til að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé lögð fram áður en fjárlagaumr. fer fram. En því er ekki hægt að koma við nú vegna hins afbrigðilega ástands sem ríkir í þinginu um þessar mundir og ekki þarf að skýra nánar fyrir hv. alþm. En í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður sett fram stefna ríkisstj. í peningamálum sem samkv. stjórnarsáttmála á að stuðla að hjöðnun verðbólgu. Aðalatriði þeirrar áætlunar er stefnan í fjárfestingarmálum. Í stjórnarsamningnum er gert ráð fyrir að heildarfjárfestingin á árinu í ár og næsta ár nemi um fjórðungi af þjóðarframleiðslu. Þjóðarframleiðslan er áætluð 1200 milljarðar kr. á þessu ári, þannig að heildarfjárfestingin yrði þá um 300 milljarðar kr. Ég álít að það sé ákaflega mikilsvert að halda fjárfestingunni á þessum mörkum, þannig að hæfileg eftirspurn myndist í landinu og þá einnig til þess að tryggja jöfnuð í gjaldeyrisviðskiptum út á við. Stefnan í fjárfestingarmálum mun að mínu mati verða talsvert ákvarðandi um það, hvaða árangur næst í baráttunni gegn verðbólgunni á þessu ári.

Ég sé að lokum ástæðu til að minna á hversu ríkisbúskapurinn er stór þáttur efnahagsmálanna. Ætla má að þjóðartekjur þessa árs nemi, eins og ég sagði áður, um 1200 millj. kr. Gjöld í fjárlagafrv. eru hins vegar 334 milljarðar eða rúmlega 1/4 hluti þjóðarteknanna. Er því mjög mikilvægt að ríkisbúskapurinn sé traustur, sérstaklega á miklum verðbólgutímum. Það mun samdóma álit hagfræðinga og stjórnmálamanna, að árangursríkar efnahagsaðgerðir gegn verðbólgunni felist m. a. í nokkuð ríflegum rekstrar- og greiðsluafgangi ríkissjóðs. Af þessum ástæðum er tekið fram í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., að aðhald í ríkisbúskapnum verði stóraukið og áhersla lögð á jafnvægi í ríkisfjármálum. Það er ákaflega mikilsvert, að Alþingi gæti þess að afgreiða fjárlög bæði með rekstrar- og greiðsluafgangi og síðan verði fjárlög framkvæmd með auknu aðhaldi.

Ég álít að það fjárlagafrv., sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram fyrir hönd ríkisstj., sé ábyrgt fjárlagafrv., enda verði þess gætt, að heildarfjárfesting á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verði um fjórðungur af þjóðarframleiðslu, en ekkert umfram það. Samkv. fjárlagafrv. eru ríkistekjur 28.3% af þjóðartekjum. Þótt nauðsynleg fjáröflun vegna jöfnunar á húsahitun í landinu bætist við, ættu ríkistekjurnar eigi að síður að verða undir 29% af þjóðartekjum, en það eru þau mörk sem við framsóknarmenn viljum miða við sem hámark eins og sakir standa.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þegar vinstri stjórnin kom til valda sumarið 1978 lagði hún fyrir Alþ. um haustið fjárlagafrv. sem hafði hörmulegar afleiðingar fyrir efnahagsþróun og þróun fjármála í landinu. Ríkisumsvif voru stóraukin, einkum rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs, skattar voru hækkaðar gífurlega í því skyni að þenja út ríkisbáknið, og ekki nóg með það, heldur voru framlög til framkvæmda úti um land og til atvinnuvega skorin niður, ekki til að lækka skatta og ríkisútgjöld, heldur til þess að skapa svigrúm til enn þá meiri hækkunar rekstrar- og millifærsluútgjalda ríkissjóðs. Þetta reyndist auk heldur frv. að mestu verðbólgufjárlögum í sögunni, a. m. k. eftir stríð.

Framfærsluvísitalan hækkaði frá ársbyrjun til ársloka um 61%. Það er því með meiri háttar viðburðum í „akrobatik" í málflutningi sem við urðum vitni að hér, hv. þm., nú rétt áðan, þegar hæstv. viðskrh., fyrrv. hæstv. fjmrh., flutti tölu sína um skaðsemi verðbólgunnar og var á sama tíma að tala um hvað vel hefði tekist til á því ári sem hann fór með ríkisfjármálin. Ég átti satt að segja von á því, að hæstv. ráðh. viðurkenndi með öðrum hætti en hann gerði núna að ekki tókst vel til með ríkisfjármálin og þróun efnahagsmála í landinu á því ári sem hann átti aðild að því að móta gerð fjárlagafrv.

S. l. haust flutti Tómas Árnason, fyrrv. hæstv. fjmrh. vinstri stjórnarinnar, fjárlagafrv. fyrir árið 1980 sem gekk enn þá lengra í skattahækkun og útþenslu ríkisbáknsins. Þar var gert ráð fyrir stórhækkun söluskatts og vörugjalds til viðbótar þeim auknu skattaálögum sem vinstri stjórnin beitti sér fyrir strax í byrjun valdaferils síns. Það frv., sem hér er til umr., fyrsta fjárlagafrv. núv. hæstv. ríkisstj., gengur þó enn þá lengst í átt þeirrar vinstri villu að þenja út ríkisútgjöldin, auka ríkisafskiptin, hækka skattana o. s. frv. Fyrsta fjárlagafrv. fyrri vinstri stjórnarinnar var vont skattahækkunar- og ríkisumsvifafrv., frv. Tómasar Árnasonar í fyrra var verra, en þetta fyrsta frv. núv. hæstv. ríkisstj. er sýnu verst.

Það er einkum fróðlegt að bera saman frv. Tómasar Árnasonar frá því í haust og það frv. sem hér er til umr. Þar ber nokkur meginatriði hæst. Rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs eru hækkuð í raun um 25 milljarða kr. Þar er að hluta til um breyttar verðlagsforsendur að ræða, en einnig mjög verulega raunverulega útþenslu ríkisbáknsins. til þess að framkvæma þessa meginstefnu um aukin ríkisumsvif er gripið í aðalatriðum til fjögurra ráða:

1. Skattar eru hækkaðir, sumpart vegna verðlagsforsendna, um 10 milljarða, en að auki er nýr orkuskattur boðaður í frv., þó að hann sé ekki í tölum frv., um 5 milljarðar kr.

2. Markaðir tekjustofnar eru teknir í ríkissjóð og framlög til fjárfestingarsjóða og fleira skorin niður sem nemur 5 milljörðum kr.

3. Raungildi fjárveitinga, m. a. til hafna, skóla, sjúkrahúsa, vega o. s. frv., er skert, því að þessar fjárveitingar eru ekki hækkaðar í krónutölu eins og rekstrarútgjöldin í samræmi við breyttar verðlagsforsendur.

4. Lækkuð er áformuð afborgun til Seðlabankans um 5 milljarða.

Þetta er nákvæmlega sama meginstefnan og fólst í fyrsta frv. vinstri stjórnarinnar til fjárl. haustið 1978. Hér er þó gengið mörgum skrefum lengra í sömu átt til aukinnar útþenslu ríkisumsvifa með sömu vinstri úrræðunum. Og teflt er á enn þá tæpara vað um að fjárlög fyrir árið 1980 verði verðbólgufjárlög en var á árinu 1979.

Þegar þessi stefna vinstri stjórnarinnar í ríkisfjármálum var ljós haustið 1978, þá gagnrýndum við sjálfstæðismenn hana harkalega, og ég man ekki betur en við værum alveg sammála um það. Þegar við þremenningar, sem þá áttum sæti í fjvn. fyrir Sjálfstfl., auk mín hæstv. núv. landbrh. Pálmi Jónsson og Ellert B. Schram, þegar við settum saman nál. minni hl. vorum við algerlega sammála um eftirfarandi gagnrýnisatriði:

1. Skattheimta væri aukin gífurlega.
2. Ríkið ráðskaðist þannig með aukinn hluta þjóðarteknanna.
3. Fjármagnstilfærslur væru stórauknar með niðurgreiðslum.
4. Verklegar framkvæmdir á landsbyggðinni væru skornar niður.
5. Ríkisbáknið væri þanið út með auknum rekstrarútgjöldum.
6. Milljarðagjá væri í raun milli útgjalda og tekna, sem yrði líklega brúuð með aukinni skattheimtu.
7. Frv. og fjárlagastefnan væri verðbólguhvetjandi.

Því miður er það svo, að þessi skýra og afdráttarlausa gagnrýni okkar þremenninganna á jafnvel enn þá fremur við um fyrsta fjárlagafrv. núv. hæstv. ríkisstj., það sem hér er til umr. Í fyrsta lagi á þessi gagnrýni enn þá fremur við nú, vegna þess að þetta frv. gengur lengra í þá átt, sem við gangrýndum, en frv. vinstri stjórnarinnar fyrir 1979.

Í öðru lagi, og það skiptir ekki minna máli, á þessi gagnrýni enn fremur rétt á sér nú þegar þetta frv. er rætt, vegna þess að þessi gagnrýni okkar reyndist rétt, — mér liggur við að segja óhugnanlega rétt. Fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar fyrir árið 1979 reyndist svo sannarlega verðbólguhvetjandi og þar var í raun gjá milli útgjalda og tekna, sem brúa þurfti með nýjum sköttum, en tókst þó ekki þrátt fyrir góðan vilja hæstv. fjmrh. á þeim tíma til að fara dýpra og dýpra í vasa skattborgaranna. En hvert hefur þessi vinstri stefna í ríkisfjármálum leitt okkur? Ég hef reynt að svara þessari spurningu og fengið til þess eins traustar upplýsingar og unnt er.

Niðurstaðan er sú, að rekstrar- og millifærsluútgjöld séu í þessu frv. 45—50 milljörðum hærri en verið hefði ef svipaðri stefnu væri fylgt og gert var samkv. fjárl. 1978, þ. e. þegar við sjálfstæðismenn réðum ríkisfjármálastefnunni. Þessi útþensla rekstrar- og millifærsluútgjalda um 45—50 milljarða hefur verið gerð kleif að nokkru leyti með fernum hætti:

1. Skattahækkun ár frá ári og oft á ári.
2. Með því að taka markaða tekjustofna í síauknum mæli til almennra þarfa ríkissjóðs.
3. Með niðurskurði á framlögum til sjóða atvinnuveganna.
4. Með niðurskurði á raungildi framlaga ríkissjóðs til verklegra framkvæmda í höfnum, skólum, sjúkrahúsum, vegagerð o. s. frv.

Þessar fjáröflunarleiðir, ef svo mætti segja, hafa þó hvergi nærri dugað til þess að mæta útþenslu rekstrar- og millifærsluliða ríkissjóðs. Afleiðingin hefur orðið greiðsluhalli á ríkissjóði og óðaverðbólga. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var í raun um síðustu áramót 13—14 milljörðum kr. verri en fjárlög gerðu ráð fyrir samkv. nýútkominni skýrslu ríkisendurskoðunar, og samt var búið að leggja á nýja skatta í viðbót við þá skatta sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Þetta kemur fram í þessari ágætu bók. Og hvað sem hæstv. fyrrv. fjmrh., núv. hæstv. viðskrh., segir, þá er hér um staðreynd að ræða, að þrátt fyrir nýjar skattálögur á árinu í fyrra umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir varð niðurstaðan sú á hans búskap, að staða ríkissjóðs varð 13—14 milljörðum kr. verri en fjárlög gerðu ráð fyrir um síðustu áramót samkv. nýútkominni skýrslu ríkisendurskoðunar.

Skattahækkun, sem orðið hefur frá haustinu 1978 vegna aðgerða vinstri stjórnarinnar og núv. ríkisstj., leggur hvorki meira né minna en 36—37 milljarða kr. aukna skattbyrði á þjóðina 1980 samkv. tekjuáætlun þess frv. sem við ræðum hér. Þessi aukaskattreikningur sundurliðast þannig:

Í fyrsta lagi eru hækkaðir eignarskattar og hækkaðir tekjuskattar 6.3 milljarðar kr., en eins og menn muna voru þessir skattar hækkaðir haustið 1978 og hafa haldist síðan. Þetta er byggt á upplýsingum sem ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun um það, hvað þessir skattstofnar gefi meira núna vegna þessarar stefnu. Það eru 6.3 milljarðar. Hækkun söluskatts um 2 prósentustig gefur 10.3 milljarða. Hækkun vörugjalds, sem var hækkað með mörgum ákvörðunum, gefur 7.7 milljarða. Gjald á ferðalög til útlanda er 1700 millj. kr., nýbyggingagjald 250 millj. kr., skattur á verslunarhúsnæði 1700 millj. kr., aðlögunargjld 1840 millj. kr., verðjöfnunargjald af raforku 1220 millj. kr. og hækkun skatta af bensíni umfram verðlagshækkanir 10.1 milljarður kr. Skattar á bensíni voru 9 milljarðar 1978, en eru samkv. tekjuáætlun þessa frv. 29 milljarðar kr. Það gefur umfram verðlagshækkanir 10.1 milljarð í ríkissjóð. Orkuskattur er áætlaður samkv. frv. 4—5 milljarðar, og markaðar tekjur, sem eru teknar í ríkissjóð, eru samkv. frv. 4.7 milljarðar. Samtals eru þetta 50 milljarðar kr. Frá dregst síðan niðurfelling söluskatts af matvælum og tollalækkanir og þá kemur út talan 36—37 milljarðar kr.

Athyglisvert er að núv. hæstv. ríkisstj. ber ábyrgð á verulegum hluta þessarar skattahækkunar. Hún ætlar að viðhalda hækkun söluskatts um 2 prósentustig og vörugjaldshækkuninni allt árið 1980. Þessir skattar lögðust einungis á í nokkra mánuði 1979. Af þeim sökum lögðust einungis 2.7 milljarðar í skattbyrði á almenning í fyrra vegna þessarar skattahækkunar, en á þessu ári greiðum við skattborgarar ríkissjóði 18 milljarða kr. vegna þessarar hækkunar. Orkuskatturinn kemur þar til viðbótar, 5 milljarðar, og útsvarshækkun um 10%, ef að líkum lætur. Núv. hæstv. ríkisstj. verður búin að gera fyrrv. vinstri stjórn að hreinum englabörnum í skattamálum áður en þetta ár er liðið ef þetta gengur allt fram.

Ný fjáröflunarleið var fundin upp fyrir ríkissjóð með fyrsta frv. vinstri stjórnarinnar auk beinna skattahækkana. Tekjustofnar, sem ætlaðir voru samkv. lögum til ákveðinna verkefna, hafa með öðrum lögum verið teknir í ríkissjóð til þess að standa undir útþenslu rekstrar- og millifærsluútgjalda ríkissjóðs eða ríkisumsvifunum. Um þverbak keyrir þó í þessu frv. og er þessi skerðing stóraukin frá frv. Tómasar Árnasonar. Helstu tekjustofnar, sem skertir eru samkv. frv., eru ýmis gjöld og skattar til Byggingarsjóðs ríkisins eða húsnæðismálastjórnar. Þar er skerðingin hvorki meira né minna en um 3.8 milljarða kr., og mætti spyrja hvort þetta eigi að vera til þess að auðvelda Byggingarsjóði ríkisins að standa undir nýjum lánaflokkum sem eru í málefnasamningi ríkisstj., ef ég kann hann rétt, eins og t. d. til dagvistarheimila og elliheimila.

Skemmtanaskattur er skertur í þessu frv. Hann á að ganga til félagsheimila úti um land. Erfðafjárskattur er skertur feiknalega, langtum meira en í frv. Tómasar Árnasonar, en erfðafjárskattur á að ganga til þess að byggja endurhæfingarstöðvar fyrir öryrkja og elliheimili. Þessi skattur er skertur úr 700 millj. kr. um 372 millj. kr. eða meira en helming. Er þetta félagsmálastefna hæstv. ríkisstj. í framkvæmd?

Bifreiðaskattur er skertur um 518 millj. kr. og á sama tíma fellt niður framlag ríkissjóðs í Vegasjóð, en það

hefur aldrei skeð áður að ríkissjóður hafi ekki lagt Vegasjóði eitthvað til. Bifreiðaskattur á að ganga í Vegasjóð, þannig að það er ekki einungis að ríkissjóður leggi ekki samkv. þessu frv. Vegasjóði neitt til, hann sé skorinn niður í núll. Hæstv. ráðh., sem lagði hér fram vegáætlun í fyrra, gengur svo langt sem fjmrh., að það er ekki nóg með að hann láti ríkissjóð ekki borga krónu í Vegasjóð, sem er óþekkt fyrirbrigði, heldur skerðir hann markaða tekjustofna Vegasjóðs líka. Það skortir 56% á, segja vegagerðarmenn okkur í fjvn., að vegáætlun verði framkvæmd með raungildi í nýbyggingum, þ. e. það þarf að hækka nýbyggingarfé í vegáætlun um 56% til þess að halda þeim framkvæmdamætti sem hæstv. ráðh. ætlaðist til þegar hann flutti þessa till. í fyrra sem samgrh. En þetta er útúrdúr. Samtals er framangreind skerðing 4.7 milljarðar.

Það eru margir aðrir skattstofnar, sem eru skertir þarna, en það kemur ekki fram nema vel sé leitað í grg. með frv. Það er t. d. hluti aðlögunargjalds. Ríkissjóður ætlar að nota 990 millj. af því til sinna þarfa á árinu, og má kannske spyrja hvort þetta sé sú iðnaðarstefna sem hæstv. ráðh. taldi sig halda fram hér áðan að væri í þessu fjárlagafrv. Það er ekkert tekið á því, að útflutningsiðnaðurinn býr sannanlega við verra gengi en sjávarútvegurinn, og það er ekki ætlunin samkv. þessu frv. að bæta útflutningsiðnaðinum það í einu eða neinu. Á sama tíma ætlar ríkissjóður að hirða 990 millj., sem hann þarf þá væntanlega að skila iðnaðinum á næsta ári, en þá á aðlögunargjaldið að falla niður samkv. lögum. Þarna er hæstv. ráðh. að slá víxil upp á 990 millj. kr. sem hann á að borga á næsta ári og hefur engar tekjur til þess.

Það má halda áfram að telja svona sporslur sem ríkissjóður ætlar að innbyrða, eins og t. d. aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum, sem eru talin gefa einn milljarð. Engu af því á að skila til uppbyggingar fyrir útvarp og sjónvarp. Þá er ekki bara svo, að olíustyrksupphæðin, 2.3 milljarðar, sé skorin út úr frv. — en upphaflega kom þetta *framlag inn sem markaður tekjustofn í ríkissjóð* — heldur er líka skorið niður það sem gjarnan hefur verið áður í fjárl., þ. e. að hluti af því olíugjaldi, sem lagt var á hér á sínum tíma, fór til þess að lána til hitaveitufram kvæmda og til að styrkja dreifikerfi í sveitum. Þessar upphæðir voru 330 millj. til hitaveitufram kvæmda og 220 til dreifikerfa í sveitum. Þetta er allt saman skorið niður. Ef þessar tölur eru lagðar saman, þá kemur út úr þessu 9.6 milljarðar kr. Ekki er það til þess að lækka útgjöldin að þetta er nú skorið niður og tekið í ríkissjóð, heldur til þess að þenja rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs enn meira út.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1979 var lagt til af ríkisstj., vinstri stjórninni, við Alþ. að skera niður framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða til þess að standa undir útþenslu ríkisútgjalda. Þá voru þessi framlög skorin niður um 5%. Nú er gengið svo langt á þessari braut, að sumir sjóðirnir eru skornir niður um 30—40% og jafnvel meira. Ég skal ekki þreyta hv. þm. á því að lesa þessar tölur upp, en hér er um að ræða Fiskveiðasjóð, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Aflatryggingasjóðs, Byggingarsjóð verkamanna — sem er rangt hjá hæstv. ráðh. að hækki miðað við það sem hann á að fá samkv. lögum. Hann er skorinn niður um 67 millj. kr. Að vísu hækkaði framlag til hans um 50 millj. frá frv. Tómasar Árnasonar, en þá hafði Tómas skorið hann niður um 117 millj., svo að út kemur niðurskurður upp á 67 millj. — Lánasjóður sveitarfélaga, Bjargráðasjóður. Fyrir Alþ. liggur núna frv., þar sem er lagt til að hækka framlögin til Bjargráðasjóðs, en þá er hann skorinn niður um 61 millj. kr. o. s. frv. Þessi niðurskurður er meira að segja hjá Framkvæmdasjóði öryrkja, Styrktarsjóði vangefinna og Byggðasjóði. Samtals er þessi niðurskurður upp á hvorki meira né minna en 5.7 milljarða kr., þ. e. ef maður reiknar framlög í sjóði eins og Framkvæmdasjóð öryrkja, Styrktarsjóð vangefinna og Byggðasjóð eins og lög mæla fyrir um.

Þá er ótalið að ár eftir ár, bæði 1979 og 1980, hefur sótt í það horf, að skorið hefur verið niður raungildi framkvæmda á ýmsum sviðum úti um land, við skóla, hafnir, sjúkrahús o. s. frv. Mér reiknast til að samtals þurfi framlög í skóla, hafnagerðir, sjúkrahús, og flugvelli að vera núna um 2 milljörðum kr. hærri ef þessi framlög *ættu að vera söm að raungildi og samkv. fjárl. 1978.*

Þá vil ég segja það út af ummælum hæstv. núv. viðskrh. um Íþróttasjóð og hans fögru ræðu um íþróttir og útilíf, að báðar þær ríkisstj. sem hann hefur átt sæti í hafa skorið Íþróttasjóð niður að raungildi, og það frv., sem hann flytur nú, markar okkur í fjvn. ramma fyrir Íþróttasjóð sem er 28.8% hærri en var í fjárlögum í fyrra. Sama frv. gerir ráð fyrir að verðlag milli ára hækki um 46.5%, ef ég man rétt, þannig að niðurskurðurinn er stórfelldur á þessum lið eins og öðrum þeim liðum sem brenna nú mest á baki manna úti um land. Þarna er skorið niður á alla enda og kanta og — eins og ég sagði áðan — ekki til þess að lækka skatta, — til þess að lækka fjárlög og lækka skatta, — heldur til þess að þjóna hinni óseðjandi hít ríkissjóðs í því að þenja út rekstrarútgjöld og millifærslur í ríkisfjármálunum.

Þó er sú staðreynd einna alvarlegust um þetta fjárlagafrv., að það er jafnvel óraunhæfara og hættulegra í baráttunni við verðbólguna en frv. fyrir árið 1979. Með því að lækka áætlaðar afborganir til Seðlabankans um 5 milljarða, eins og gert er með þessu frv. miðað við frv. Tómasar Árnasonar, er teflt á enn þá tæpara vað um raunverulegan greiðslujöfnuð ríkissjóðs en gert var í frv. og fjárlögum 1979. Þá var gert ráð fyrir að greiða Seðlabankanum 5.5 milljarða af þáverandi yfirdráttarskuld. Nú þegar skuldahalinn er orðinn enn þá meiri og nálgast 30 milljarða kr., þá eru áætlaðar afborganir aðeins 3.5 milljarðar. En þessi — mér liggur við að segja: fáránlega og óábyrga ákvörðun verður ekki ein til þess að ríkisfjármálin 1980 magna verðbólguna.

Hv. þm. Eiður Guðnason kom hér inn á þetta mál og ég þarf ekki miklu við það að bæta. En hæstv. ráðh. sagði hér, að það þyrfti að horfast í augu við óhjákvæmileg útgjöld og að þau væru áætluð af raunsæi í frv. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að hans ráðuneyti, sem hann var ráðh. í fyrir nokkrum mánuðum, hefur ritað fjvn. bréf og það telur útgjaldaliði til rekstrar ýmissa skóla, t. d. grunnskóla, tónlistarskóla, menntaskóla og stofnana afbrigðilegra barna, það telur rekstrargjöld í frv. vanáætluð um hvorki meira né minna en 1550 millj. kr. Þetta er bara dæmi. Ég get nefnt annað. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna telur rekstrarútgjöld ríkisspítalanna vanáætluð um 2.3 milljarða. Við þekkjum öll þau mál, sem hæstv. ráðh. hefur skotið á frest til ákvörðunar þegar kemur að afgreiðslu lánsfjáráætlunar. En ég held að þessi dæmi hljóti að sýna að þetta frv. er því miður óraunhæft og það er því miður stórhætta á að þetta frv. verði stórkostlegt verðbólgufrv.

Herra forseti. Með þessu frv. eru rekstrarútgjöld ríkissjóðs þanin út eftir sömu forskrift og gert var með fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar haustið 1978. Hér er þó gengið enn þá lengra í sömu átt. Svo langt er gengið í þessu frv., eins og ég sagði áðan, að um er að ræða 45 — 50 milljarða kr. rekstrar- og millifærsluútgjöld miðað við fjárlög 1978. Og þetta má rekja allt til þessarar hugsjónar að þenja út ríkiskerfið. Þetta er gert á kostnað almennings með skattahækkun og lífskjaraskerðingu. Þetta er gert á kostnað atvinnuuppbyggingar í landinu, með niðurskurði á framlögum til sjóða atvinnuveganna. Þetta er gert á kostnað lífsnauðsynlegra framkvæmda um allt land í höfnum, skólum, sjúkrahúsum, vegagerð o. s. frv.

Stefna frv. er því algjörlega andstæð þeirri grundvallarhugsjón sjálfstæðisstefnunnar að stilla skattheimtu ríkisins í hóf og setja ríkisumsvifum skynsamleg takmörk. Afdrifaríkast mun þó við þetta frv., að það er með því marki brennt að vera undanfari nýrra verðbólgufjárlaga.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þær umr., sem hér hafa staðið í dag, hafa gengið nokkuð vítt og breitt eins og eðlilegt er, og m. a. hefur hér komið til tals hin bláa bók ríkisstj., stjórnarsáttmáli núv. stjórnarflokka. Þegar hv. 1. þm. Reykn. vekur athygli á því, að hæstv. forsrh. hefur vanrækt að kynna þetta plagg með eðlilegum hætti fyrir þjóðinni með því að stofna til útvarpsumræðna, þá stendur hæstv. forsrh. hér upp og bregður fyrir sig vafasömum lögskýringum sér til afsökunar. En margt er nú breytt frá því sem áður var, því eitt sinn var það svo að hæstv. forsrh. bar ekki kinnroða fyrir bláum bókum sem hann bar ábyrgð á, þvert á móti.

Hv. 1. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Norðurl. e. hafa rætt almennt um fjárlagafrv., sem hér er til umr., og skýrt eðli þess og hvers má vænta um árangur af slíku frv. þegar samþykkt verður og að lögum verður orðið. Ég sé ekki ástæðu til nú að fara að ræða frv. á sama grundvelli, og síst af öllu vil ég fara að endurtaka eitthvað af því sem þessir hv. þm. hafa sagt. Ég mun því bregða á það ráð að ræða aðeins eitt atriði, en það er þess eðlis að ég hygg að það sé lærdómsríkt að athuga það mál. En það er eina málið, sem segir um í bláu bók hæstv. ríkisstjórnar að þurfi að leggja, eins og það er orðað, sérstaka áherslu á. Þetta eru orkumálin. Og ef við víkjum nokkrum orðum að orkumálunum, þá verður ekki sagt, með tilliti til þess sem stendur í stjórnarsáttmálanum, að ráðist sé á garðinn þar sem hann er lægstur, því að í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. stendur að sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir í orkumálunum.

Ég mun nú víkja að þýðingarmiklum þætti í orkumálunum, þar sem er það fjármagn sem Orkusjóði er ætlað. Í júní 1979 gerði orkuráð fjárlagatillögur sínar fyrir Orkusjóð árið 1980. Hér var um að ræða till. um fjármögnun sveitarafvæðingar, styrkingar dreifikerfa rafmagns í sveitum, jarðhitaleitar og hitaveituframkvæmda. Að gefnu tilefni samþykkti orkuráð 7. febr. s. l. að beina því til iðnrh., að hann beitti sér fyrir því, að till. þær um fjárframlög í Orkusjóð á árinu 1980, sem fram höfðu komið í fjárlagafrv. í okt. 1979, Tómasarfrv., og í des. 1979. Sighvatsfrv., yrðu teknar til endurskoðunar og þeim breytt í samræmi við till. orkuráðs á fundi þess 1. júní 1979, sem sendar höfðu verið iðnrn. með bréfi, dags. 19. júní 1979.

Þessi tilmæli orkuráðs hafa nú verið virt að vettugi með fjárlagafrv. því sem hér liggur fyrir. En hvað er nú hér að ske? Það er þess virði að við athugum það nokkru nánar. Till. orkuráðs í júní s. l. gerði ráð fyrir 800 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði til sveitarafvæðingar, en frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir 415 millj. kr. lántöku til sveitarafvæðingar. Till. orkuráðs gerði ráð fyrir 1700 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði til styrkingar dreifikerfa rafmagns í sveitum landsins, en frv. þetta gerir ráð fyrir 800 millj. kr. lántöku í þessu skyni. Till. orkuráðs var um 900 millj. kr. framlag úr ríkissjóði til jarðhitaleitar, en frv. þetta gerir ráð fyrir 600 millj. kr. lántöku til jarðhitaleitar. Þá gerði till. orkuráðs ráð fyrir 2000 millj. kr. lántöku til hitaveituframkvæmda, en frv. þetta gerir ráð fyrir 500 millj. kr. lántöku til hitaveituframkvæmda.

Till. orkuráðs um þessa fjármögnun Orkusjóðs nam samtals 5.400 millj. kr., en frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir til sömu hluta 2.315 millj. kr. eða nær 50% minna. Í till. orkuráðs skyldu 3.400 millj. kr. vera framlag úr ríkissjóði, en 2 þús. millj. kr. aflað með lántöku, en ekkert af því fjármagni, sem ætlað er samkv. þessu frv. til þessara hluta, á að koma úr ríkissjóði, heldur skal þess alls aflað með lántöku, að upphæð 2315 millj. kr.

Samkv. frv. þessu er Orkusjóði ætlað að taka lán sem síðan skal ráðstafað sem óafturkræfum framlögum. Slíkt er óhæf ráðstöfun og ábyrgðarlaus gagnvart Orkusjóði.

Hin sérstaka áhersla, sem ríkisstj. leggur á aðgerðir í orkumálum, kemur vissulega fram með sérstökum hætti í þessum efnum. Ríkisstj. sker niður um nær 50% till. orkuráðs, í stað þess að það hefði þurft að hækka þær um 50% vegna hækkunar verðlags sem hefur orðið frá því í júní s. l., svo að þær héldu því framkvæmdamagni sem þá var gert ráð fyrir.

Ég skal nú víkja lítið eitt nánar að þessu. Till. orkuráðs fyrir árið 1980 voru við það miðaðar, að í ár verði tengd samveitum öll sveitabýli þar sem kostnaður við lagningu er minni en sem svarar 6 km eins vírs línu að meðaltali á hvert býli. Þetta er áætlað að kosti um 600 millj. kr. Hér er alls um að ræða um 40 býli. Að auki var lagt til að 200 millj. kr. yrði varið í viðbætur við eldri veitur, þ. e. tengingu nýrra notenda á svæðum sem þegar eru rafvædd. Ekki má dragast lengur að tengja samveitum þau fáu býli sem eftir eru og talið er rétt að tengja á annað borð. Bið þess fólks, sem þar býr, eftir rafmagni er þegar orðin allt of löng. Átakið, sem eftir er í rafvæðingu sveitanna, er svo lítið, að ekki er áhorfsmál að það á að ljúka því á einu ári.

Orkuráð gerði hinn 1. mars 1979 samþykkt um átta ára áætlun um endurnýjun rafdreifikerfis í sveitum landsins. Þar var lagt til við iðnrh., að varið yrði árlega á næstu átta árum frá og með 1980 fjárhæð, sem að framkvæmdamætti jafngilti 1100 millj. kr. á verðlagi í byrjun árs 1979, til styrkingar dreifikerfa í sveitum. Í samræmi við þessa samþykkt orkuráðs lagði ráðið til að á árinu 1980 yrði varið 1700 millj. kr. í þessu skyni. Að höfðu samráði við Rafmagnsveitur ríkisins var áætlað að sú fjárhæð hefði 1980 sama framkvæmdamátt og 1100 millj. kr. höfðu í byrjun árs 1979.

Í fjárlagafrv. því sem hér er til umr., er þessi fjárhæð lækkuð um 900 millj. kr. eða í 800 millj. kr. og þar að auki gert ráð fyrir þessum 800 millj. kr. sem lánsfé, en ekki óafturkræfu framlagi eins og orkuráð lagði til. Styrking dreifikerfis í sveitum er forsenda þess, að unnt

sé að dreifa raforku þar er nægi til fullrar hitunar, svo að leggja megi niður hitun með olíu. Hvarvetna í þéttbýli eru hitaveituframkvæmdir nú í gangi eða í undirbúningi, þar sem jarðhiti er á annað borð fáanlegur, en annars staðar ýmist fjarvarmaveitur eða styrking dreifikerfis rafmagns fyrir raforku, sem gerir rafhitun mögulega. Átta ára áætlunin er hliðstæð framkvæmd í strjálbýlinu, og augljóst er að olíuhitun helst þar löngu eftir að henni er hætt í þéttbýlinu, ef einungis á að verja 800 millj. kr. til þessara mála á árinu.

Að mati orkuráðs voru átta ár í rauninni hámark þess tíma sem ætla mætti til að styrkja rafdreifikerfi sveitanna. Niðurskurður úr 1700 millj. kr. á ári táknar að öðru jöfnu að framkvæmdatími lengist úr 8 árum í 17 ár. Þetta er með öllu óviðunandi. Það verður ekki hjá því komist að ljúka verki þessu það snemma að strjálbýlið þurfi ekki að búa við olíuhitun löngu eftir að þéttbýlið hefur tekið innlenda orku í notkun til upphitunar húsa.

Í fjárlagafrv. þessu er gert ráð fyrir að Orkusjóður verði látinn taka 800 millj. kr. að láni, í stað þess að till. orkuráðs gerðu ráð fyrir 1700 millj. kr. óafturkræfu framlagi úr ríkissjóði. Er þá gert ráð fyrir að í þessu efni sé farin hin sama leið og farin hefur verið við hina eiginlegu sveitarafvæðingu, að ekki sé um annað að ræða en að fjármagna styrkingu dreifikerfisins með óafturkræfum framlögum. Orkusjóði er því ekki fært að taka lán í þessu skyni. Honum er ekki fært að ráðstaf slíku fé sem óafturkræfu framlagi. Ekkert dugar því í þessum efnum annað en beint óafturkræft framlag úr ríkissjóði.

Mikil verkefni eru fyrir hendi í jarðhitaleit. Fjármagn hefur skort til jarðborana. Upphitunarkostnaður með olíu er nú slíkur, að það er nánast þjóðhagslega fásinna að láta fjármagn vera flöskuháls í leit að jarðhita til húshitunar. Þarf ekki að rökstyðja slíkt með mörgum orðum. Þess vegna eru till. orkuráðs um fjármagn til jarðhitaleitar árið 1980 við það miðaðar, að unnt sé að sinna öllum þeim verkefnum sem jarðborar ríkisins komast yfir.

Í samræmi við þetta sjónarmið lagði orkuráð til, að á árinu 1980 væri 900 millj. kr. varið til jarðhitaleitar. Af þessum 900 millj. kr. var gert ráð fyrir að 150 millj. kr. færu til að bora rannsóknarholur á norðanverðu Snæfellsnesi, í grennd við Ísafjörð og víðar um vestanvert landið. Talið er aðkallandi að leita af sér allan grun um nýtanlegan jarðhita á þessum slóðum áður en endanleg stefna er mörkuð í húshitunarmálum þéttbýlisstaðanna þarna. Jarðhitadeild Orkustofnunar hefur tekið slíka almenna jarðhitaleit, þ. á m. hitastigulsboranir, með í fjárlagatillögum sínum undanfarin ár. Könnunarboranir á ofangreindum stöðum voru einnig með í till. hennar fyrir 1980, en voru skornar niður. Er því mikilvægt að fé til þeirra fáist úr Orkusjóði, enda er e. t. v. á margan hátt eðlilegra að slíkt fari um sjóðinn.

Í fjárlagafrv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlast til að Orkusjóður fái aðeins 600 millj. kr. til jarðhitaleitar. Þá gerir fjárlagafrv. ráð fyrir að þessi upphæð sé fengin að láni, en í till. orkuráðs var gert ráð fyrir 900 millj. kr. framlagi ríkissjóðs í þessu skyni.

Þó að þessu framlagi sé ráðstafað að miklu leyti í formi lána verða mikil afföll af slíkum lánum þegar jarðboranir bera ekki árangur í heitu vatni, en þá eru lán þessi ekki endurgreidd af lántakendum. Með tilliti til þessa og erfiðrar eigin fjárhagsstöðu Orkusjóðs er mjög mikilvægt að framlög ríkisins til jarðhitaleitar séu óafturkræf framlög úr ríkissjóði.

Eitt meginviðfangsefnið í orkumálum á næstu árum hlýtur að vera að koma upp hitaveitum á þéttbýlisstöðum, hver svo sem orkugjafinn er. Á fjárlögum ársins 1979 voru Orkusjóði ætlaðar 330 millj. kr. til lána til hitaveituframkvæmda. Auk Orkusjóðs var gert ráð fyrir að Lánasjóður sveitarfélaga lánaði til hitaveituframkvæmda, og samkv. lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 var honum og Orkusjóði ætlað að lána samtals 960 millj. kr. Telja verður eðlilegt að öll fjármögnun ríkisins til orkuframkvæmda gangi í gegnum Orkusjóð, en stærstu orkufyrirtækin fjármagni framkvæmdir sínar eftir sem áður með erlendum lánum.

Í fjárlagatillögum orkuráðs fyrir árið 1980 var lagt til að Orkusjóður yfirtæki hluta Lánasjóðs sveitarfélaga í hitaveitulánum, enda hefur sá sjóður ærnum öðrum verkefnum að sinna. Í samræmi við það var lagt til að Orkusjóður fengi 2000 millj. kr. til að lána í hitaveituframkvæmdir árið 1980, eða rúmlega tvöfalda þá fjárhæð sem honum og Lánasjóði sveitarfélaga var ætlað að lána á síðasta ári. En í þessu fjárlagafrv. eru Orkusjóði ætlaðar 500 millj. kr. í þessu skyni, og er augljóst að 500 millj. kr. eru allt of lítið. Það gildir hið sama um hitaveituframkvæmdir og jarðhitaleitina, að það er meiri háttar þjóðhagslegt glappaskot að láta fjárskort tefja það að olía sé leyst af hólmi sem orkugjafi til upphitunar.

Gert er ráð fyrir að tekið verði að láni það fjármagn sem Orkusjóði er ætlað til hitaveituframkvæmda. Er það í samræmi við till. orkuráðs, enda gert ráð fyrir að fjármagn þetta endurláni Orkusjóður.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir till. orkuráðs til fjárlaga um fjármögnun Orkusjóðs og till. þessa frv. um sama efni. Þessi samanburður leiðir í ljós furðulegan hlut. Ef haldið er áfram að kryfja þetta mál til mergjar kemur ekki betra í ljós.

Á árinu 1979 voru Orkusjóði veitt 1325 millj. kr. til þeirra þátta orkumálanna sem hér hafa verið ræddir. Samkv. frv. því, sem við nú ræðum, eru ætlaðar til sömu hluta, eins og ég sagði áður, 2315 millj. kr. Hér er um að ræða hækkun er nemur 990 millj. kr. eða um 74.4% hækkun. Í þessari hækkun felst þá hin sérstaka áhersla sem lögð er á aðgerðir í orkumálum samkv. stjórnarsáttmálanum. Og hvílík áhersla. Um leið nemur t. d. hækkun hreinna ríkisframkvæmda 77.9%, hækkun launagreiðslna hjá ríkinu 77.3%, hækkun almannatrygginga 80.6%, svo eitthvað sé nefnt. Og til endema má það teljast, að samkv. því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er ekki um neitt beint framlag að ræða úr ríkissjóði til Orkusjóðs vegna þeirra þátta orkumálanna sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni, — ekki neitt úr ríkissjóði. Þetta er einsdæmi. Slíkt hefur aldrei komið fyrir áður. Og þetta gera sömu menn sem ætla að leggja sérstaka áherslu á þessi mál. Og hér er samt um að ræða fjármagn sem Orkusjóði er ætlað að ráðstafa að mestu sem óafturkræfu framlagi, nema því sem veita skal sem lán vegna hitaveituframkvæmda. Orkusjóði er ætlað að taka lán með þeim vaxtakjörum sem við vitum hver eru nú og afhenda það fé sem óafturkræft framlag.

Þeir þættir orkumálanna, sem hér hafa verið gerðir að umræðuefni, eru þeir þýðingarmestu til þess að vinna að því að olía verði leyst af hólmi sem orkugjafi til upphitunar húsa. Þegar þetta er haft í huga verða menn að líta á það sem hrein öfugmæli sem segir í stjórnarsáttmálunum um þetta efni, þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir í orkumálum, m. a. með það að markmiði að innlendir orkugjafar komi sem fyrst í stað innfluttrar orku og að unnt verði með viðunandi öryggi að tryggja afhendingu orkunnar til notenda."

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að fara fleiri orðum um þetta mál hér. Nú keppast allir og í öllum flokkum um að lýsa mikilvægi þess, að olían sé leyst af hólmi sem orkugjafi til upphitunar húsa. Auðvitað er þetta svo mikilvægt, að það er hafið yfir öll tvímæli. Og hæstv. ríkisstj. segist ætla að leggja sérstaka áherslu á að vinna að þessu.

Þetta mál er tvíþætt. Annars vegar þarf nú þegar að gera ráðstafanir til þess að létta byrðar þeirra sem búa við hinn óhæfilega upphitunarkostnað á olíuhitunarsvæðunum. Það þarf að gera með því að greiða niður olíuverðið. Hæstv. ríkisstj. fer sér hægt í þessu efni. Það er búið að bíða síðan um miðjan febrúar eftir umsögn frá iðnrh. um frv. sem við fjórir þm. berum fram í Ed., þm. úr öllum flokkum. Það er búið að tilkynna iðnn. Nd. að von sé á þessari umsögn. Það var gert um miðjan febrúar. En sagt var að það væru veikindi í iðnrn. og þar væru miklar annir. Það mætti spyrja: Hvernig er heilsufarið í iðnrn. í dag? Og hvenær verða annirnar svo litlar að húsráðendur þar og ríkisstj. í heild hafi tíma til þess að sinna aðkallandi vandamálum þeirra sem búa við hinn óbærilega upphitunarkostnað? Ég skal ekki fara að ræða þetta. Þetta er önnur hlið þessa máls. Hin hliðin er sú að leysa olíuna af hólmi sem orkugjafa, og það verður ekki gert nema með framkvæmdum. Það þarf að gera með skipulegum, markvissum framkvæmdum. Og það þarf að gera þannig, að þessu verkefni sé lokið — ekki einhvern tíma í framtíðinni, heldur á t. d. fjórum árum, eins og við tíu þm. Sjálfstfl. höfum lagt til með flutningi sérstakrar þáltill. um þetta efni. En hæstv. núv. ríkisstj. gerir heldur ekkert umtalsvert í þessu efni. Hún gerir minna en hefur verið gert áður, eins og ég hef hér rakið. Þetta er mikið áhyggjuefni.

En fyrst það er svo um þá hluti, sem ríkisstj. þykist ætla að leggja sérstaka áherslu á, — og kannske leggur hún sérstaka áherslu á þetta, þó hún geti ekki gert betur, — hvernig halda hv. þm. þá að ríkisstj. geti framkvæmt hlutina á öðrum sviðum og hver haldið þið að verði þar árangurinn af störfum þessarar hæstv. ríkisstj.?

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Í ræðu minni hér í dag vék ég að því, að hæstv. forsrh. hefði ekki enn flutt stefnuræðu sína, sem útvarpa skal samkv. 2. mgr. 52. gr. þingskapa.

Hæstv. forsrh. kom hér í ræðustólinn og sagði að hér væri um misskilning að ræða af minni hálfu, því að þetta ákvæði þingskapa gæti ekki túlkast svo, að honum bæri að halda stefnuræðu samkv. 2. mgr. 52. gr.

Ég hef orðið var við það upp á síðkastið, að gleymska hefur gert vart við sig hjá hæstv. forsrh. Þess vegna langar mig — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp úr fundargerð í Sþ. 18. des. s. l., á fjórða fundi nýkjörins þings, þess er nú situr.

Það var þriðjudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis. Skýrsla forsrh. á dagskrá. Forseti Jón Helgason tók til máls og sagði:

„Í 2. mgr. 52. gr. þingskapa segir: „Þá skal og útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsrh. og umr. um hana, en eftirrit af ræðunni skal afhent þm. sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt."

Síðan hélt forseti áfram:

„Forsrh. telur að eins og nú er ástatt sé þetta ákvæði ekki framkvæmanlegt og sé því nauðsynlegt að veita afbrigði um frestun stefnuræðunnar þar til síðar á þessu þingi, er ný stjórn hefur verið mynduð."

Atkvgr. Afbrigði um frestun stefnuræðu forsrh. samþ. með 42 shlj. atkv.

Ég tel ekki ástæðu til að lesa upphaf ræðu hæstv. þáv. forsrh., sem víkur að þessu sem áður hefur verið sagt. En samkv. því, sem ég hef lesið upp úr þingtíðindum, fyrsta hefti, hefur hæstv. forseti Sþ. svo og allur þingheimur skilið þetta svo, að umr. samkv. 2. mgr. 52. gr. þingskapa væri frestað þar til síðar. En þær umr. hafa ekki farið fram. Til þess að forsrh. hafi þetta svart á hvítu — að sjálfsögðu í blárri bók, eins og hann afhenti mér — ætla ég að afhenda honum fyrsta hefti af Alþingistíðindunum 1979 — 1980.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 33. fundur.

Þriðjudaginn 18. mars, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 17. mars 1980.

Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns, Haralds Ólafssonar dósents, sem nú dvelst erlendis, taki 2. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Sigrún Magnúsdóttir kaupmaður, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Ég vil biðja kjörbréfanefnd að taka þetta kjörbréf til athugunar og verður gefið fundarhlé í 5. mín. á meðan. — Fundarhlé.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson utanrrh.): Herra forseti. Samkv. bréfi, sem lesið var hér af forsetastóli áðan, hefur kjörbréfanefnd komið saman á fund og fjallað um kjörbréf Sigrúnar Magnúsdóttur kaupmanns, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Reykjavík, en 1. varaþm. dvelst erlendis. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréfið, ekkert fundið við það athugavert og leggur því til að kosning Sigrúnar Magnúsdóttur verði tekin gild og kjörbréf

hennar samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 48 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Sigrún Magnúsdóttir undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Jón Helgason): Sigrún Magnúsdóttir hefur undirritað eiðstaf og býð ég hana velkomna til starfa á Alþingi.

Fjárlög 1980, frv. (þskj. 193). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og til fjvn. með 52 shlj. atkv.

Efri deild, 48. fundur.

Þriðjudaginn 18. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 195). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 45. fundur.

Þriðjudaginn 18. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 47, n. 189, 190, 191, 194, 199, 200, 206). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 199 felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já: ÓE, PS, SighB, SteinG, TG, VG, ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, AS.

1 þm. (AG) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda greind fyrir atkv. sínu:

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Með vísun til þess, að ýmis sveitarfélög telja tekjumöguleika sína ekki svara til þeirra verkefna sem þau hafa með höndum, og með því að fyrir liggur að verkefna- og tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga verði tekin til endurskipulagningar á þessu ári, tel ég rétt að leysa hugsanlega aukafjárþörf sveitarfélaganna á árinu 1980 með þeim hætti sem till. á þskj. 199 gerir ráð fyrir, og segi já.

Brtt. 206 felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SteinG, TG, VG, ÁG.

nei: EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS.

1 þm. (AG) fjarstaddur.

1.—2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 190,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 190,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 191 samþ. með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já: EH, FÞ, GS, GJG, GHelg, HG, IGuðn, IGísl, JE, MHM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StH, SvG, ÞS, AS.

nei: BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SteinG, TG, VG, ÁG, JBH.

HÁ, SV, AG greiddu ekki atkv.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Vanda sveitarfélaganna var hægt að leysa á annan hátt en um vasa skattborgaranna. Þegar þeirri leið hefur nú verið hafnað sé ég enga ástæðu til þess að bera ábyrgð á fyrirhugaðri aukinni skattheimtu, sem þessi till. felur í sér, og segi því nei.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég mun við 3. umr. um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga bera fram till. sem hlífir þeim tekjulægstu við þeim hækkunum sem annars mundi leiða af samþykkt brtt. sem nú er verið að greiða atkv. um. Í trausti þess, að brtt. mín verði samþykkt, og þar sem ég tel að nauðsynlegt sé fyrir sveitarfélögin að fá bætt að hluta það tjón, sem þau hafa orðið fyrir vegna verðbólgunnar, þá segi ég já.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Mér er ljós hin þrönga staða sveitarfélagann að því er tekur til tekjuöflunar þeirra. Sjálfstfl. er fygjandi því, að sveitarfélögin fái rýmri heimildir til álagningar útsvara en þau hafa og þó einkum að samræmi sé milli verkefna og tekna. Svo er ekki nú og sígur raunar á ógæfuhlið. Þrátt fyrir þetta get ég ekki fallist á heimild til hækkunar útsvara nú um 10% þar sem sýnilega er um að ræða íþyngjandi skattbyrðar um allt að 5 milljarða kr.

Slíkri till. hefði ég greitt atkv. ef um leið hefði verið tekin ákvörðun um tekjuskattstiga og sýnt að ekki yrði þá um aukna skattbyrði að ræða frá þeim ósköpum sem nú viðgangast. Ég greiddi atkvæði með tillögum á þskj. 199 og 206 áðan til að reyna með því að rétta hlut sveitarfélaganna og tryggja um leið að ríkisstj. léti af skattæði sínu. Stjórnarliðar felldu þá till. Með vísun til

þess, sem ég hef hér talið, segi ég nei.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Við 60-menningarnir erum kosnir hingað af skattgreiðendum, en ekki af sveitarstjórnum. Nú er hæstv. ríkisstj. að hækka þann skatt sem leggst á lægstu launin. Þrátt fyrir það, að hún lofar í málefnasáttmála sínum að standa þveröfugt að, hefur varla liðið mánuður frá því að sá sáttmáli var út gefinn þangað til hæstv. ríkisstj. brýtur hann með þessum hætti.

Ég hef ekki nokkra trú á því, að hv. stjórnarliðar muni við 3. umr. samþykkja að hækka persónuafslátt til útsvars svo nokkru nemi til þess að hlífa megi lágtekjufólkinu í landinu. Ég óska Alþb. til hamingju með fyrstu sporin í þessari ríkisstj. og segi nei.

5. gr., svo breytt, samþ. með 18:10 atkv.
Brtt. 190,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 190,4 samþ. með 29:1 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
10.—13. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 200 samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 194 tekin aftur.
Brtt., 190,5 samþ. með 26 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 190,6 samþ. með 31 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 190,7 samþ. með 25 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 190,8 samþ. með 28 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 190,9 (ný ákv. til brb.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, frv. (þskj. 203). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt, miðar að því að taka af öll tvímæli um nám og réttarstöðu tannsmiða, en mikil óvissa hefur ríkt um margra ára skeið varðandi þessi mál þeirra.

Forsaga þessa máls er að á árinu 1971 eru sett lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir og skyldi framkvæmd laganna, m. a. löggilding starfsheita og menntunarkröfur, vera í höndum heilbrmrh. Í grg. með frv. því, sem lagt var fyrir 91. löggjafarþing um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, kemur fram að ráð er fyrir gert að tannsmiðir falli undir samheitið heilbrigðistæknir. Var þetta gert þvert ofan í vilja tannsmiða og án þess að leita álits þeirra sjálfra á þessari tilhögun, en tannsmiðir vildu fá nám sitt viðurkennt sem iðnnám og að með nám þeirra og starfsréttindi yrði farið samkv. iðnfræðslulögum. Allar götur síðan 1971, þegar lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir voru samþ. hér á Alþ., hafa tannsmiðir og Tannsmiðafélag Íslands mótmælt því, að tannsmiðir væru taldir til tæknimenntaðra heilbrigðisstétta samkv. ákvæðum þeirra laga og á þá litið sem aðstoðarfólk tannlækna og með námsskipulag þeirra farið samkv. ákvörðun og tilhögun tannlækna. Hafa tannsmiðir bent á í því sambandi, að samkv. skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar teljast tannsmiðir ekki til heilbrigðisstétta, heldur til þeirra iðnaðarmanna sem fást við fínsmíðar. Sama gildir í flestum nágrannalöndunum, þar sem tannsmíði er viðurkennd sem iðngrein.

Eftir mikla baráttu tannsmiða sjálfra setur menntmrh. reglugerð nr. 323/1972, þar sem tannsmíði er gerð að löggiltri iðngrein með stoð í iðnfræðslulögum, nr. 48/1966. Tannlæknar brugðust hart við þessu og reyndu árangurslaust að fá menntmrh. til þess að breyta ákvörðun sinni. Rök þeirra voru þau, að menntun og þar af leiðandi starfsréttindi tannsmiða væru best komin undir stjórn tannlækna, og vitnuðu þeir til þess, að þannig væri þetta á Norðurlöndum. Málflutningur þeirra varðandi námstilhögun og réttarstöðu tannsmiða á Norðurlöndum hefur ekki við rök að styðjast, og er í því sambandi, sé þess óskað, hægt að leggja fram gögn því máli til stuðnings. En bæði tannsmiðir og menntmrn. hafa látið athuga það mál vandlega.

Sætir raunar furðu, hvað tannlæknar hafa lagt mikið kapp á að fá að ráðskast með málefni tannsmiða. Vekur það raunar upp margar spurningar sem vert væri að hugleiða, t. d. hvaða ávinning þeir hafa af því að stjórna málefnum tannsmiða þvert ofan í óskir tannsmiða sjálfra og aðra tilhögun á málefnum tannsmiða í nágrannalöndunum. Telja tannlæknar að tannsmiðir geti eingöngu unnið samkv. fyrirmælum þeirra, og hafa þeir til þessa dags verið einráðir um menntunarmál tannsmiða. Sjálfir telja tannsmiðir að nám þeirra hafi síst verið til fyrirmyndar undir handleiðslu tannlæknanna og með því fyrirkomulagi, sem á námi þeirra hefur verið, og mikið vanti á ákjósanlega námstilhögun og allt skipulag í námi þeirra.

Á þeim tíma á árinu 1972, þegar menntmrh. setur reglugerð með stoð í iðnfræðslulögum um að tannsmíði sé viðurkennd iðngrein, eru tannsmiðir samkv. lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir taldir til heilbrigðistækna.

Á árinu 1973 er lagt fram á Alþ. frv. til l. um tannlækningar. Í grg. með því frv. kemur glöggt fram, að enn frekar á að tryggja og árétta að tannsmiðir eigi allt sitt að sækja til tannlækna um menntun og starfsréttindi. Frv. þetta náði ekki fram að ganga, m. a. fyrir eindregin mótmæli Tannsmiðafélags Íslands. Og enn magnast óvissuástandið í málefnum tannsmiða þegar heilbrmrh. setur reglugerð um tannsmíði, nr. 92/1974, með stoð í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Kemur þar fram að hann ætlar sér að veita tannsmiðum starfsréttindi. Þar kemur einnig fram að óheimilt er að ráða til tannsmíðastarfa aðra en þá sem heilbrmrh. veitir starfsréttindi. Liggur beint við að ætla að sú reglugerð sé sett til þess að tryggja að með málefni tannsmiða sé farið samkv. lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir og þeir því örugglega enn frekar undir hælnum á tannlæknum, en ekki farið með málefni þeirra samkv. iðnfræðslu- og iðnaðarlögum, sem þó var ætlun menntmrh. með útgáfu reglugerðar 1972 með stoð í iðnfræðslulögunum frá 1966 og í samræmi við óskir tannsmiða sjálfra. Og enn heldur togstreitan áfram um málefni tannsmiða milli menntmrn. og heilbrmrn. þegar menntmrh. ítrekar enn árið 1974 með reglugerð um iðnfræðslu, nr. 268/1974, að tannsmíði teljist löggilt iðngrein.

Á 99. löggjafarþingi var svo lagt fram frv. til l. um

tannsmiði. Samtök tannsmiða voru efni þessa frv. mótfallin og töldu að síður en svo væri gengið þannig frá réttarstöðu tannsmiða að þeir teldu hana fullnægjandi með samþykkt þeirra laga. Náði það frv. ekki fram að ganga.

Athyglisvert er það sem fram kemur í grg. með því frv., en þar segir að það sé álit menntmrn. að meðan tannsmiðir sinni tannsmíði einvörðungu sé eðlilegt að líta á tannsmíði sem iðngrein, en fari svo að tannsmiður fái heimild til að móta tennur í munn viðskiptavina, þá falli greinin undir ákvæði um heilbrigðisstéttir. Ætti þetta álit menntmrn. að koma heim og saman við vilja tannlækna, en í tannlæknalögum, sem í gildi eru frá 1947, er öllum nema þeim, sem tannlæknaleyfi hafa, óheimilt að móta tennur eða máta í munn sjúklings, með fáeinum undantekningum sem þá voru veittar vegna skorts á tannlæknum. Kemur þetta álit menntmrn., sem ég gat um áðan, einnig heim og saman við álit Tannsmiðafélags Íslands og Sambands tannsmíðaverkstæðiseigenda, sem hafa ekki kröfur uppi um að ganga inn á verksvið tannlækna, eins og tannsmiðir þó gera víða erlendis. Mætti þó ætla, — þó það sé ekki tilgangurinn með þessari lagabreytingu að ganga inn á verksvið tannlækna, — að kostnaður við gervitennur yrði mun minni ef námi tannsmiða væri hagað á þann hátt, að þeir mættu vinna við mótun og máttöku, þar sem tannsmiðir fá aðeins greitt um 1/3 af því sem gervitennur kosta. Liggur þó í augum uppi að smíðarnar sjálfar hljóta að vera langstærsti þátturinn í heildarkostnaðinum. Og það, að tannlæknar taki 2/3 kostnaðarins fyrir að taka mát og koma tönnum, sem smíðaðar eru af tannsmiðum, í munn sjúklingsins, er auðvitað umhugsunarvert einnig.

Ég vil þó enn ítreka að það er á engan hátt ætlunin með þessu frv. að breyta því fyrirkomulagi sem gilt hefur hvað þetta varðar, enda ekki kröfur uppi um það, eins og ég áður sagði, hjá Tannsmiðafélaginu eða tannsmíðaverkstæðiseigendum, þó vel megi vera að það sé framtíðarmarkmið sem gæti skilað ódýrari þjónustu á þessu sviði.

Ljóst er af því sem ég hef hér rakið að staðan í málefnum tannsmiða virðist vera þannig í dag, að mikil óvissa ríkir um hvort túlka beri að tannsmiður falli undir lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971, eða tannsmíði sé löggilt iðngrein, sbr. reglugerð um iðnfræðslu, nr. 268/1974, og iðnfræðslulög, nr. 48/1966.

Hérlendis hafa aldrei verið í gildi sérlög um tannsmíði. Menntun tannsmiða hefur lengst af verið með þeim hætti, að tannlæknar taka nema í nám. Hefur námstíminn verið þrjú ár, en skólavistin ekki lengri en u. þ. b. einn mánuður á ári og námið farið fram í kvöldskóla. Styðjast þessir kennsluhættir ekki við lagaákvæði, og þó tannlæknar hafi um árabil tekið nema í tannsmíði hafa þeir ekki með því áunnið sér rétt til að taka tannsmíðanema í nám, enda felst ekki í tannlækningaleyfinu sem slíku réttur til þess að kenna tannsmíðanemum. Verður því að telja að hér sé á engan hátt verið að ganga á rétt tannlækna, heldur er með frv. þessu einungis verið að færa nám og réttarstöðu tannsmiða í það horf, að þeir öðlist menntun sína í samræmi við lög um iðnfræðslu og öðlist starfsréttindi og reki starfsemi sína samkv. iðnfræðslulögum. Verði ekki höggvið á hnútinn í þessum efnum er hætt við að til verði tvenns konar tannsmíðanám í landinu: annars vegar tannsmiðir sem hljóta menntun sína í verknámsskólum samkv. skipulagðri námsskrá um tannsmíði, og hins vegar þeir, sem sækja ófullkomið nám til tannlækna, sem að áliti flestra tannsmiða rís alls ekki undir þeim kröfum sem verður að gera til tannsmíðanáms.

Þegar tannsmíði var gerð að löggiltri iðngrein 1972 má ætla að ætlunin hafi verið að koma fastri skipan á nám tannsmiða og tryggja þeim sem besta menntun, en það hafi dregist úr hófi fram að koma fastri skipan á námið vegna þeirra deilna sem uppi hafa verið um námstilhögun tannsmiða. Á vegum iðnfræðsluráðs og í samvinnu við fræðslunefnd tannsmiða er um þessar mundir unnið að námsskrá fyrir tannsmiði, en eins og áður hefur verið sagt hefur allan þann tíma, sem tannlæknar hafa séð um menntun tannsmiða, heldur lítið farið fyrir að föst skipan væri á námi tannsmiða.

Nauðsyn er því á að samræma hið fyrsta nám tannsmiða í iðnfræðslulögum. Væri námi þeirra vel fyrir komið í verknámsskóla, og mætti hugsa sér að hluti af námi þeirra gæti farið fram í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands. Væri ekkert því til fyrirstöðu heldur, að verklegi þátturinn færi fram á tannsmíðaverkstæðum. Aðalatriðið er að koma fastri skipan á nám tannsmiða og létta af því óvissuástandi, sem lengst af hefur verið ríkjandi í því efni, og ekki síst að tannlæknum verði ekki látið líðast að ráðskast á eigin spýtur með nám og starfsréttindi tannsmiða. Með samþykkt þessa frv. yrði þessu hagsmunamáli tannsmiða komið í höfn, og ætti samþykt þess einnig að tryggja vilja löggjafans til að viðurkenna tannsmíði sem löggilta iðngrein og staðfestingu á reglugerð um iðnfræðslu, nr. 268/1974, en að ekki séu í gildi tvær reglugerðir sem endurspegli þá óvissu sem ríkir um réttarstöðu tannsmiða og nám þeirra almennt. Hafi menntmrn. og heilbrmrn. ekki getað útkljáð þessi mál sín í milli, ber löggjafanum að grípa inn í, þannig að réttarstaða og nám tannsmiða sé tryggt með svipuðum hætti og gerist hjá nágrannaþjóðunum.

Herra forseti. Það er von mín, að frv. þetta fái greiða meðferð hér á hv. Alþ. og það verði samþ. nú á þessu þingi. Að lokinni þessari umr. óska ég eftir að málinu verði vísað til 2 umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 205). — 1. umr.

Frsm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Hér er á ferðinni lítið mál, nánast leiðrétting á lögum um landflutningasjóð. Þetta er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 31. maí 1979 um þennan sjóð, og frv. er flutt af samgn. þessarar hv. deildar. Til skýringar er rétt að geta þess, að við gerð síðasta frv. urðu þau mistök, að ekki kom fram hver gjaldstofninn væri sem leggja ætti á 1% gjald sem um er getið í lögunum. Lög þessi voru samþ. hér á hinu háa Alþingi 23. maí 1979. Hér er því á ferðinni einfalt leiðréttingaratriði. Það mun vera ástæðulaust að vísa þessu frv. til n., þar eð n. stendur að því einhuga. Tel ég þá erindi mínu hingað lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23. shlj. atkv.

Sameinað þing, 34. fundur.

Þriðjudaginn 18. mars, að loknum deildafundum.

Hefting landbrots, þáltill. (þskj. 132). — Ein umr.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt alþm. Agli Jónssyni og Pálma Jónssyni að bera fram á þskj. 132 till. til þál. um heildaráætlun um aðgerðir til að hefta landbrot. Till. er þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til að matsnefndir, sem starfa samkv. 2. gr. laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatns, geri á því úttekt, hver í sínu umdæmi, hversu víða sé hætta á landspjöllum af völdum vatna og hversu stór landsvæði megi ætla að eyðist af þeim sökum ef ekki er að gert.

Heildaráætlun um kostnað við varnaraðgerðir og till. um röðun framkvæmda skulu sendar til landbrn., sem lætur samræma álit nefndanna til þess að gera stjórnvöldum kleift að áætla heildarfjárþörf til varnarmannvirkjanna með nokkru öryggi og gera till. um framlög til einstakra verka."

Eins og fram kemur í grg. með till. voru sett lög um heftingu landbrots af völdum vatnagangs í framhaldi af gróðurverndaráætluninni sem samþ. var á hátíðarfundi á Þingvöllum 1974. Það var eðlilegt og sjálfsagt að láta þær varnaraðgerðir til að hefta landbrot haldast í hendur við aðgerðir til að verjast uppblæstri og aðgerðir til að endurheimta gróðurlönd sem hafa eyðst af veðrum, þ. e. að græða upp örfoka land. Þótt lögin um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna hafi þegar orðið til mikils gagns og í krafti þeirra hafi verið tekið á máli sem ekki hafi verið sinnt sem skyldi, þá er það ljóst að landbrot er miklu stærra í sniðum en svo, að varnir hafi verið nægilegar, þrátt fyrir ákvæði gildandi laga. Ég ætla að þar komi tvennt til. Í fyrsta lagi hafa matsnefndirnar ekki haft til þess hvatningu né aðstöðu að fylgjast með landbroti og hættu á landspjöllum af völdum vatna, og í öðru lagi gera lögin ekki ráð fyrir því fortakslaust, að heildarumsjón né eftirlit sé haft með störfum nefndanna, þótt Vegagerð ríkisins sé gert samkv. ákvæðum laganna að annast verkfræðilegan undirbúning þegar um meiri háttar framkvæmdir er að ræða.

Þess er ekki að vænta, að mönnum sé fullljóst að hér sé um stórvirki að ræða. Í flestum tilvikum er landbrot hægfara, að því er virðist, þar sem kannske fellur í vatnið aðeins hálfs til eins metra breið spilda árlega, en verður þó af stór landeyðing meðfram ám sem falla langan veg um gróið land, ræktanlegt eða ræktað. Annað veifið verða stærri skaðar, einkum eftir mikil ísalög og stórar ísahrannir, þegar vetrar- og vorflóð mala niður bakkana þar sem klakahrönnin verður að háskalega mikilvirkri kvörn, og verður þess mest vart þar sem jarðvegur er lausastur fyrir.

Erfitt er að geta sér til um það, hversu stórfellt þetta landeyðingarstarf er, fyrr en heildarathugun er á því gerð. En samkv. athugunum, sem Sigurjón Rist hefur gert og kynnt í erindaflokknum „Árnar okkar", sem hann flutti í útvarpið 1965, er víða um mikla efnisflutninga að ræða. Hann telur að Jökulsá á Dal sé afkastamest í þessari flutningastarfsemi. Hún mun að mestu hrífa með sér aur af öræfum og undan jökli, en nokkuð verður eftir þegar nær dregur ströndinni og spillir þar löndum með ýmsum hætti. Jökulsá á Fjöllum flytur til sjávar röskar 5 millj. tonna af aur á ári. Ekki er úr vegi að vitna hér nokkuð til upplýsinga sem koma fram í erindi Sigurjóns Rist um Þjórsá, en það birtist í Náttúrufræðingnum 1968. Hann telur að Þjórsá beri til sjávar um 4.5 millj. smálesta af jarðvegi á ári. Meiri hlutann hirðir hún upp á örfoka landi hálendisins, en af 230 km vegferð sinni til hafs fer hún síðustu 80 km um gróin byggðarlönd og veldur þar skaða, oft í stórum stíl, enda er hún það fljót landsins sem ber í sig mestar ísbrannir sem gjarnan geta orðið allt að 18 metra þykkar mestu ísaárin.

Ef Þjórsá er tekin sem dæmi um eyðingarafl í þessum skilningi, þá hefur hún leitað harkalega á vesturbakkann eftir að hálendinu sleppir, þ. e. þegar byggðalöndin taka við. Hjá Þrándarholti hafði Þjórsá unnið svo stór spjöll, að menn óttuðust að hún kynni að brjóta sér leið vestur yfir Gnúpverjahrepp og Skeið og sameinast Hvítá sunnan Vörðufells. Með nokkuð stóru átaki, byggingu varnargarðs, hefur tekist að koma í veg fyrir frekara landbrot og bægja hættunni frá til frambúðar. Í Skeiðahreppi hefur Þjórsá verið ágeng og herjað þar á ræktunarlönd og ræktanleg lönd fleiri bæja. Ríkisvaldið hefur á grundvelli þeirra laga, sem í gildi eru, lagt nokkurt fé hin síðari ár til varnaraðgerða þar, en hvergi er það fullnægjandi, enda verður verkið varla unnið til fullra nota nema tekið sé stærra undir og litið til heildarvandans á þessu svæði allar götur suður að Þjótanda.

Á liðnum öldum hefur þráfaldlega orðið að flytja bæina á Mjósyndi í Flóa undan ánni til vesturs. Nokkuð hefur verið gert þar til varnar að undanförnu, en miklum mun minna en þörf er á.

Niður undir sjó stóð bærinn Traustholt á vesturbakkanum. Það mun hafa verið snemma á 18. öld, að Þjórsá hljóp vestur fyrir bæinn og skar hann frá vesturlandinu. Þar sem bærinn stóð er nú hólmi í ánni, en meginvatn Þjórsár rennur þar sem áður var þurrt land.

Það hefur komið fram í máli mínu að því er Þjórsá varðar, að ég hef einvörðungu getið um landbrot á vesturbakka hennar. Ekki er það þó einhlítt, að hún herji aðeins á annan bóginn. Séu náttúrlegar aðstæður slíkar að hún beri undir sig og hækki farveginn, þá veltur hún út af aurnum greiðustu leið. En það er augljóst að vesturbakkinn er í meiri hættu, enda segir Sigurjón Rist svo um þetta efni í ritgerð sinni um Þjórsá, sem ég vitnaði til áðan:

„Hitt er þó sennilegra, að hér sé að verki hið algilda lögmál stórfljóta, sem falla til suðurs á norðurhveli jarðar, að þau grafa vesturbakkann. Því veldur svifkraftur, sem orsakast af snúningi jarðar."

En hvað um það. Ljóst er að hér er við stóran vanda að fást, — vanda sem þó er viðráðanlegur ef nægilega hart er snúist við og menn fela hann ekki fyrir sjálfum sér.

Ég neita því ekki, að landvernd og gróðurfarslegir landvinningar á hálendinu eða hálendisbrúninni eru mikilvægar varnaraðgerðir fyrir byggðalöndin og eru þeim til verndar með ýmsu móti. En ég tel að meira þurfi að leggja af mörkum í fjármagni og áætlanagerð til þess að fyrirbyggja að verðmætasti hluti landsins fljóti á haf út.

Til skýringar máli mínu hef ég tekið mið af því stórfljóti landsins, sem ég þekki best, og bent á þá hættu, sem

af eyðingarmætti þess getur leitt ef ekki er með skipulegum hætti snúist til varnar. Að sjálfsögðu er þessu líkt víða um land. Hver sá sem ferðast hér um breiðar byggðir verður þessa var. Slíkt leynir sér ekki á fjölmörgum stöðum. Ég get minnt á margar ár í því efni, t. d. Markarfljót, Hafursá og Klifanda, Kúðafljót, Kolgrímu, Hornafjarðarfljót, Héraðsvötn o. fl., o. fl. Hér hef ég aðeins nefnt nokkur dæmi, en það má ekki heldur láta sér sjást yfir staði sem vissulega líta út fyrir að vera ekki í hættu, en lítill lækur eða meinleysisleg á veldur þó búsifjum og brýtur niður frjóar lendur ef betur er að gáð.

Ég get ekki stillt mig um að benda á eitt dæmi sem sannar slíka fullyrðingu mína. Þegar farið er úr Landbrotinu niður í Meðalland liggur leiðin yfir Eldvatnið hjá Syðri-Fljótum. Fljótið streymir undir brúna tært og lygnt. Engum dettur í hug að svo sakleysisleg á, þótt allvatnsmikil sé, valdi landbroti. Þó er það svo. Eldvatnið ber undir sig sand, og því hærra sem það stendur, því ákafar nauðar það á sendnum bökkum með þeim afleiðingum, að leitt hefur til stórfellds landbrots, að því er kunnugir tjá mér. Af þessu má sjá að brýna nauðsyn ber til að hafa vakandi auga á því, að lönd spillist ekki af vatnagangi.

Þessi till. er flutt til þess að herða á því, að skipulega verði unnið að þeim varnaraðgerðum, sem lög gera ráð fyrir að hið opinbera hafi afskipti af. Tillöguflutninginn má ekki skoða sem gagnrýni á störf matsnefndanna. Þau verk, sem þær hafa fjallað um, hafa, að því er ég ætla, komið að þeim notum sem gert var ráð fyrir, og þær hafa gert athuganir og áætlanir um aðgerðir þar sem þess hefur verið óskað.

Hér er beinlínis lagt til að stjórnvöld leggi fyrir matsnefndirnar að kanna það og meta, hversu víða sé hætta á landspjöllum af vatnagangi, en þær fjalli ekki aðeins um þau mál eftir beiðni landeigenda.

Í öðru lagi miðar till. að því, að landbrn. láti bera saman álitsgerðir matsnefndanna og samræma þær með það fyrir augum að fjárveitingar til þessa verkefnis verði metnar í heild, heildarfjárþörf liggi sem ljósast fyrir hjá fjvn., og samhliða því verði af ráðuneytisins hálfu leitast við að raða framkvæmdum eftir vægi þeirra.

Það er trú okkar flm., að vinnuaðferðir, sem beint væri í þennan farveg, mundu fljótlega skila árangri þannig að heildarátakið yrði í samræmi við heildarvandann og að fyrst yrði gengið til verka þar sem bráðustu verkefnin biðu og mestur vinningur yrði af framlagi hins opinbera.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þessa till. núna. Ég vænti þess, að henni verði vel tekið á hinu háa Alþingi, og ég vil leggja til að henni verði vísað að lokinni umr. að þessu sinni til hv. fjvn.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. frsm., að hér er um mikilsvert mál að ræða sem ekki hefur verið sinnt nægilega að mínu mati.

Ég flutti á s. l. ári till. til breytinga á lögum um varnir gegn heftingu landbrots, og var það samþ., á þá leið, að það væri landgræðslustjóri sem færi með yfirstjórn þessara mála. Mér finnst þetta svo mikilvægt mál, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að það heyri undir landgræðslustjóra eins og önnur slík verkefni. Þetta var gert í svipuðum tilgangi og þessi þáltill. fjallar um, þ. e. að reynt verði að gera sér heildarmynd af því, hvernig ástandið er í þessum málum, þar sem við sjáum víða hvað landið er að eyðast af völdum vatna. Þeir, sem eiga að skipta því fjármagni sem á hverju ári er veitt til þessara mála, eru í miklum vandræðum, þar sem þörfin er ákaflega brýn víða, miðað við það fjármagn sem fyrir hendi er.

Þessi þáltill. gengur sem sagt í sömu átt, þ. e. að menn geri sér grein fyrir því, hvað hér er um stór verkefni að ræða. Þá er þess frekar að vænta, að fjármagn verði veitt til þessa verkefnis í samræmi við þörfina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varnir vegna hættu af snjóflóðum, þáltill. (þskj. 144). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 144 hef ég leyft mér ásamt þeim hv. þm. Árna Gunnarssyni, Stefáni Valgeirssyni og Stefáni Jónssyni að flytja till. til þál., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir að sett verði hið fyrsta, og eigi síðar en á árinu 1981, heildarlöggjöf um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla.

Við samningu löggjafarinnar verði m. a. höfð í huga eftirfarandi atriði:

a) Staðið verði skipulega að gagnasöfnun um snjóflóð og skriður sem fallið hafa og rannsóknum á staðháttum og veðurfarsþáttum á þeim stöðum þar sem búast má við hættu af völdum snjóflóða eða skriðufalla. Á grundvelli slíkra athugana verði landinu skipt í svæði með tilliti til þessara þátta og settar reglur um nýtingu einstakra svæða.
b) Við skipulag byggðar gildi sú meginregla, að byggja ekki hús til íbúðar eða atvinnurekstrar á svæðum sem talið er af sérfróðum aðilum að snjóflóð eða skriðuföll geti náð til. Ekki verði hafin vinna við skipulag vegna byggðar á nýjum svæðum fyrr en fyrir liggur úttekt og afstaða réttra aðila með tilliti til ofangreindra þátta. Sé talið óhjákvæmilegt að byggja á slíkum svæðum liggi fyrir mótaðar tillögur um kröfur til bygginga, um varnarvirki, tilkostnað og fjármögnun við gerð þeirra, áður en afstaða er tekin til skipulagstillagna af yfirvöldum.
c) Gerðar verði tillögur um varanleg varnarmannvirki fyrir byggð á hættusvæðum, svo og fyrir mikilvægar samgönguleiðir, orkulínur, hitaveitur og önnur mikilvæg mannvirki.
d) Rannsóknum á þessu sviði og fyrirbyggjandi varnaraðgerðum verði markaður ákveðinn sess í stjórnkerfi landsins og lagður fjárhagslegur grundvöllur að slíku starfi og mótaðar reglur um kostnaðarhlutdeild opinberra aðila í því sambandi.
e) Tryggt verði að ekki sé haldið áfram mannvirkjagerð á líklegum hættusvæðum nema að vandlega athuguðu máli eða uns viðunandi varnaraðgerðum hefur verið komið í framkvæmd.
f) Á stöðum, þar sem byggð er risin og hætta er talin á snjóflóðum, verði komið upp eftirlits- og viðvörunarkerfi er tengist áætlun um rýmingu svæðanna þegar hætta er talin yfirvofandi. Á þeim stöðum á landinu, þar sem snjóflóðahætta er mest, verði stefnt að því að koma á fót svæðisstöðvum, þar sem fylgst verði með veðurfari og öðrum þáttum, sem áhrif hafa á snjóflóða- og skriðuhættu, og safnað og miðlað upplýsingum til réttra aðila.
g) Lögð verði áhersla á fræðslu og upplýsingar til al-

mennings um þessi mál, bæði að því er varðar byggð ból og ferðalög og útivist utan byggðar, um hættu vegna snjóflóða og skriðufalla. Björgunaraðilum í landinu verði kynnt undirstöðuatriði varðandi björgun úr snjóflóðum og almenningi hvernig bregðast skuli við í slíkum tilvikum og forðast hættur."

Hér er um viðamikla till. að ræða í mörgum liðum, en að því var stefnt með þessum tillöguflutningi að draga alla þá þætti inn í þetta mál, sem þörf væri á að taka til athugunar, svo að fyrir heildarlöggjöf um skipulag og varnir vegna hættu af snjóflóðum og skriðuföllum væri sem best séð og þau helstu atriði þar upp talin, sem skipta máli varðandi framkvæmdir og varðandi spurningu um það, á hvern hátt megi koma í veg fyrir alvarleg slys af þessa völdum.

Í fyrra kom út á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins mikið og vandað rit, Snjór og snjóflóð, samið af Þórarni Magnússyni verkfræðingi, þar sem fjallað er á ítarlegan hátt um eðliseiginleika snævar, veðurfarsþætti og myndun sjóflóða svo og áhrif þar af. Einnig er þar kafli um áhrif landslags á myndun flóða og síðast en ekki síst tillögur að mæli- og athuganakerfi til notkunar við mat á snjóflóðahættu svo og um leitar- og björgunaraðferðir.

Á grundvelli margs þess, sem í ritinu er fram sett, og náinnar athugunar Þórarins Magnússonar verkfræðings á máli þessu í heild er byggð till. sú um heildarlöggjöf sem hér er flutt. Kunnum við flm. Þórarni bestu þakkir fyrir hve mikið verk hann hefur í þetta lagt, bæði hvað snertir tillögugerðina sjálfa svo og greinargerðina.

Þýðing þess, að hér sé á tekið af alvöru og myndarskap, er slík, að um hana þarf ekki mörg orð, svo augljós er hún. Frá því sögur hefjast á Íslandi hafa snjóflóð valdið meira manntjóni en nokkrar aðrar náttúruhamfarir hér á landi. Einnig hafa snjóflóð valdið geysimiklu tjóni á skepnum og mannvirkjum. Samkv. skráðum heimildum er vitað um 600 Íslendinga sem hafa látið lífið af völdum snjóflóða frá því að sögur hefjast, en eflaust er talan mun hærri. Á síðustu öld er vitað um nálægt 200 manns sem létu lífið í snjóflóðum, og það sem af er þessari öld hafa um 120 manns hlotið sömu örlög og nær árlega hækkar tala fórnarlambanna.

Skriðuföll og grjóthrun hafa einnig valdið miklu tjóni á mönnum, skepnum og eignum. Frá upphafi er vitað um nálægt 200 manns sem látið hafa lífið af völdum skriðufalla og grjóthruns. Fullyrða má að með markvissum varnaraðgerðum megi verulega draga úr tjóni af völdum þessara náttúruhamfara.

Af þeim náttúruhamförum, sem skapa okkur Íslendingum vanda, er sennilega hægt að ná mestum árangri í baráttunni við snjóflóðin. Stafar það einkum af því, hve staðbundin þau eru og háð veðurfarsþáttum, sem að töluverðu leyti er hægt að mæla og fylgjast með. Eðlilegt er að fjallað sé sameiginlega um snjóflóð, skriðuföll og grjóthrun, vegna þess að oft er um samspil þessara þátta að ræða og varnaraðgerðir eru í grundvallaratriðum byggðar á svipuðum forsendum. Varnaraðgerðum vegna þessara náttúruhamfara má einkum skipta í tvo þætti, þ. e. skipulags-, eftirlits- og viðvörunaraðgerðir annars vegar og svo byggingu varnarvirkja. Forsendur allra slíkra aðgerða eru viðtækar rannsóknir, m. a. á landslags- og veðurfarsaðstæðum, svo og gagnasöfnun um snjóflóð og skriður sem áður kunna að hafa fallið.

Erlendis, þar sem skriðuföll og snjóflóð hafa skapað vandamál, hefur víða verið komið á fót rannsóknarstofnunum sem ætlað er að finna leiðir til varnar gegn þessum vanda.

Í Sviss hefur verið starfandi rannsóknastöð frá árinu 1935 og þar eru nú um 80 vísindamenn við störf allt árið. Þetta er ein stærsta og virtasta rannsóknastöð sinnar tegundar í heimi. Í stöðinni eru einkum stundaðar undirstöðurannsóknir á snjó og snjóflóðum og vörnum gegn þeim, en einnig eru unnin þar verkefni fyrir einstök byggðarlög og aðra aðila sem við vandamál eiga að etja.

Í skipulags- og byggingarlöggjöf í Sviss eru ákvæði varðandi þá hættu sem stafar af snjóflóðum og skriðuföllum og ríkið greiðir þar langmestan kostnað við rannsóknir og gerð varnarvirkja í einstökum byggðarlögum.

Í Noregi, en til þess er sérstaklega vitnað hér, var árið 1971 stofnuð sérstök deild fyrir snjóflóð og skriðurannsóknir á vegum opinberra aðila og starfa þar 5—6 menn. Forstöðumaður deildarinnar kom ásamt öðrum manni til Neskaupstaðar haustið 1975, en deildin tók að sér að gera till. um skipulags-, eftirlits- og viðvörunaraðgerðir svo og um byggingu varnarvirkja í Neskaupstað. Í norskum skipulagslögum, byggingarsamþykktum og víðar eru ákvæði varðandi hættu af völdum snjóflóða og skriðufalla og um nýtingu lands og fleira, þar sem um slíka hættu er að ræða.

Í Noregi er starfandi sjóður sem hefur það hlutverk að bæta tjón af völdum náttúruhamfara svo og að fjármagna fyrirbyggjandi aðgerðir. Sjóðurinn kostar að fullu alla undirbúningsvinnu, gagnasöfnun, hönnun og þess háttar vegna skipulags-, eftirlits- og viðvörunaraðgerða og vegna byggingar varnarmannvirkja á byggðum svæðum. Og hann greiðir 75—90% af kostnaði við gerð mannvirkjanna sjálfra.

Auk þessara rannsóknastofnana eru víða annars staðar starfandi slíkar stofnanir, t. d. í Bandaríkjunum, Kanada, Sovétríkjunum og víðar. Hér á landi hefur þessum vandamálum því miður verið allt of lítið sinnt fram að þessu. Síðustu 4—5 ár hefur þó vaknað áhugi á lausn þessara vandamála og skal getið þess helsta, sem gert hefur verið.

Vorið eftir snjóflóðaslysið í Neskaupstað, eða 14. maí 1975, var samþykkt á Alþ. þáltill. frá Tómasi Árnasyni um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum. Rannsóknaráð ríkisins skipaði síðan nefnd til að gera till. um fyrirkomulag þessara mála hér á landi. Nefndin skilaði áliti í maí 1976. Í álitsgerð nefndarinnar komu fram tillögur og ábendingar varðandi ýmsa þætti snjóflóðarannsókna, svo sem um upplýsingasöfnun og tengsl veðráttu, landslags og snjóflóða, skiptingu landsins og einstakra byggða í svæði eftir snjóflóðahættu, tillögur um varnir gegn snjóflóðum svo og um styrkleika bygginga með tilliti til snjóflóða. Einnig eru í álitsgerðinni tillögur um skipulag rannsókna, snjómælinga o. fl. í framtíðinni sem forsendu fyrir snjóflóðaspá.

Snjóflóðanefnd Neskaupstaðar var skipuð á vegum bæjarstjórnar þar í september 1975. Nefndin fékk norsku snjóflóðarannsóknastöðina til að rannsaka aðstæður í Neskaupstað, eins og áður hefur verið getið um, og gera tillögur um varnaraðgerðir, þ. á m. um byggingu varnarvirkja. Nefndin skilaði ítarlegu áliti í okt. 1976.

Haustið 1975 ákváðu Rauði kross Íslands, Hjálparstofnun kirkjunnar og Norðfirðingafélagið í Reykjavík

að verja vöxtum af því fé, sem safnaðist vegna snjóflóðanna í Neskaupstað, til að styrkja menn til náms í snjóflóðavörnum. Þrír styrkir voru veittir og hafa styrkþegar farið í nokkrar kynnis- og námsferðir til annarra landa. Söfnuðu þeir miklum upplýsingum og gögnum, skoðuðu mannvirki og tengsl fengust við marga aðila sem fást við rannsókn snjóflóða og skriðufalla. Einnig hefur nokkuð verið unnið að þessum málum á Siglufirði, Seyðisfirði, Eskifirði, hjá Rafmagnsveitum ríkisins, Vegagerð ríkisins og e. t. v. víðar.

Vorið 1978 fól forsrn. samgrn. að fara með málefni sem varða snjóflóðavarnir. Samgrn. mun hafa falið Veðurstofu Íslands að annast þessi mál, og á fjárlögum ársins 1979 var 5 millj. kr. fjárveiting til Veðurstofunnar vegna þess. Fjmrn. mun hafa ákveðið að Viðlagatrygging greiddi þessa fjárupphæð, en stjórn þeirrar stofnunar mun ekki hafa samþykkt þá ráðstöfun enn, segir hér, en það var gert síðar og sú upphæð kom til fullra afnota.

Almannavarnir hafa haldið fræðslufund um snjóflóðamál, og kennsla í björgun úr snjóflóðum hefur farið fram á nokkrum stöðum. Rit um snjóflóðamál hafa verið gefin út á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Raunvísindastofnunar Háskólans.

Í íslensk lög og reglugerðir vantar nær algjörlega ákvæði um hvernig bregðast skuli við og koma í veg fyrir hættu af völdum snjóflóða og skriðufalla. Í lögum um almannavarnir og lögum um Viðlagatryggingu Íslands er að vísu fjallað um náttúruhamfarir, og þar er kveðið á um hvað gert skuli þegar slys af völdum náttúruhamfara eru orðin staðreynd, en einnig nokkuð rætt um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Í lögum um Viðlagatryggingu Íslands er heimildarákvæði sem hljóðar þannig: „19. gr.: Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara.“ Þetta og vissar greinar í lögum um almannavarnir eru sennilega einu ákvæðin í íslenskum lögum þar sem gert er ráð fyrir fyrirbyggjandi varnaraðgerðum vegna náttúruhamfara. Í skipulagslögum, byggingarsamþykktum, reglum um öryggi á vinnustað, vegalögum, jarðalögum, ábúðarlögum, orkulögum o. s. frv. er hvergi að finna ákvæði varðandi hættu af völdum skriðufalla og snjóflóða. Er því augljóslega mjög brýnt að sett verði heildarlöggjöf um skipulag varna gegn náttúruhamförum af völdum snjóflóða, skriðufalla og grjóthruns. Setja þarf sem allra fyrst í skipulagslög og reglugerðir, byggingarlög og byggingarreglugerðir og víðar ákvæði um landnýtingu þar sem búast má við slíkum náttúruhamförum.

Í mörgum tilfellum er eflaust hægt að hafa hliðsjón af þeim reglum sem gilda erlendis, t. d. í Sviss eða Noregi. Á hættusvæðum, sem eru í byggð þegar nýjar reglur taka gildi, þarf að skipuleggja gerð varnarvirkja. Nauðsynlegt er að lagður verði fjárhagslegur grundvöllur að starfi við snjóflóðavarnir og kveðið verði á um skiptingu kostnaðar milli ríkisins og sveitarfélaganna. Athuga þarf hlutverk Viðlagatryggingar Íslands í þessu sambandi.

Hér á landi munu vera 15—20 þéttbýlisstaðir þar sem hætta getur verið á tjóni af völdum snjóflóða, skriðufalla eða grjóthruns, og mörg svæði og mannvirki hafa orðið fyrir verulegum skakkaföllum af þessum sökum. Því miður eru þess víða dæmi, að mannvirki eru enn reist á svæðum þar sem vitað er að skriður eða snjóflóð hafa fallið. Hér getur orðið um dýrkeypt mistök að ræða, og leggja verður allt kapp á að koma í veg fyrir að slíkt haldi áfram. Fyrirbyggjandi aðgerðir hljóta, þegar til lengdar lætur, að vera sú fjárfesting sem skilar bestum arði. Það getur varla talist eðlilegt, að á sama tíma og þjóðfélagið er reiðubúið að taka á sig stór áföll af völdum náttúruhamfara (sbr. lög um Viðlagasjóð og Viðlagatryggingu Íslands) skuli jafnlítil áhersla vera lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir og raun ber vitni.

Hér lýkur tilvitnunum í greinargerðina, sem byggð er á hinni ítarlegu rannsókn Þórarins Magnússonar á þessum málum. Til viðbótar við þessa greinargerð vil ég aðeins geta um tvennt. Þeir þrír menn, sem mest hafa að þessu máli starfað, munu hafa sent félmrn. vissa athugun á snjóflóðavandamálum í þéttbýliskjarna og gefið þar upp lauslega kostnaðaráætlun um gerð snjóflóðavarnaáætlunar fyrir meðalstóra þéttbýliskjarna á snjóflóðasvæði, munu hafa sent þetta frá sér í sumar. Þar voru þeir með í kostnaðaráætlun eftirfarandi meginverkþætti: Í fyrsta lagi gagnasöfnun og samvinnslu gagna. Í öðru lagi skiptingu lands í hættusvæði. Í þriðja lagi tillögur um varnaraðgerðir, skammtímavarnir og varnir til frambúðar. Þessi kostnaðaráætlun byggist að verulegu leyti á upplýsingum um kostnað við gerð svipaðrar áætlunar sem unnin var fyrir Neskaupstað eftir slysið þar í des. 1974. Miðað er við að fyrir liggi kort af svæðinu og aðliggjandi hlíðum í mælikvarða 1:10 000.

Þessi lauslega kostnaðaráætlun, sem send var á s. l. sumri, gefur svolitla hugmynd um umfang þess sem þeir Helgi Björnsson, Magnús Hallgrímsson og Þórarinn Magnússon telja að þurfi að gera til þess að athuga snjóflóðavandamál þéttbýliskjarna, þar sem hætta er mikil eða töluverð af völdum snjóflóða alveg sérstaklega, en einnig varðandi grjóthrun.

Þessi kostnaðaráætlun á verðlagi í júní í fyrra hljóðar upp á 12 millj. samtals. Þar er um að ræða gagnasöfnun og samvinnslu gagna upp á 3.6 millj., úrvinnslu og áætlanagerð upp á 5.4 millj., kostnaðaráætlun mannvirkja upp á 600 þús., ferðakostnað og uppihald við athuganir á staðnum upp á 2 millj. og vélritun og undirbúningur útgáfu o. fl. 400 þús., samtals 12 millj.

Vissulega er hér um allnokkurt fé að ræða. En við þurfum ekki lengi að bera saman þessa tölu og þá tölu sem huganlegt mannvirkjatjón gæti numið — svo að ekki sé á neitt annað minnst — til þess að sjá að hér er um að ræða fjárfestingu sem vissulega gæti nýst vel og mundi gera það örugglega þrátt fyrir það að ekki yrði af neitt tjón, sem við skulum vona að sem minnst verði af.

Þórarinn Magnússon fór á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í náms- og kynnisferð til Noregs á s. l. hausti til að kynna sér þessi mál alveg sérstaklega, og að því er hann greinir mér frá hefur hann í þessari ferð sannfærst um það, hversu vel framkvæmanlegt þetta sé. Hann segir að veturinn 1978—1979 hafi snjór verið með eindæmum í Noregi, þar hafi orðið gífurleg snjóflóð og mikið tjón af völdum þeirra. Í framhaldi af því — og þrátt fyrir það starf sem unnið hafði verið í Noregi — kom nú fram endurnýjuð

krafa fólks um það víðs vegar að, að aðgerðir yrðu hertar og auknar. Það hafði mikil áhrif, að þar sem varnaraðgerðir höfðu verið skipulagðar verkuðu þessi mannvirki mjög vel. Og frá þessum tíma, allt s. l. ár og fram að þessu, hefur stofnun sú, sem ég gat um áðan og starfar að þessum málum í Noregi, gjörsamlega verið yfirhlaðin verkefnum og Norðmenn veita nú til þessara mála enn meira fé en þeir höfðu áður gert.

Það hefur sem sagt komið í ljós, að þau verðmæti, sem þarna eru í húfi — og það getum við auðvitað sannað líka hjá okkur auðveldlega — eru svo gífurleg miðað við þau tiltölulega ódýru varnarvirki sem oft má gera, að við þurfum að gera hér átak. Hér er það víða svo, að efnið er fyrir hendi. Það er að mestu leyti í mörgum tilfellum um vélavinnu eina að ræða. Það hefur komið í ljós hjá Norðmönnum, að þau mannvirki, sem þeir hafa komið upp á mestu hættusvæðunum og hafa í upphafi verið árangursríkust þar, hafa þegar komið í veg fyrir stórkostlegt tjón.

Í þessari skýrslu, sem ég hef hér undir höndum og í er fjöldi mynda frá þeim mannvirkjum sem um er að ræða, þykir mér aðdáanlegast hvað Norðmenn hafa fellt þessar varnaraðgerðir sínar vel að landinu sjálfu og gert þær jafnvel þannig, að enginn sér að þarna er um varnarvirki að ræða, heldur halda menn aðeins að þarna sé hin eðlilega náttúra. Það er það sem sést við fyrstu yfirsýn myndanna. Þar er t. d. fjallað um varnaraðgerðir, sem norska vegagerðin hefur unnið mjög að, svokallaðar bremsukeilur. Ein slík mynd er hér, af afar fallegri dys, gæti maður kannske helst líkt því við, sem þarna hafi verið hlaðin og fellur ákaflega vel inn í landslagið. Á þessum stað koma árlega snjóflóð niður yfir þjóðveginn og þá er hann oft tepptur klukkustundum saman. Þarna hefur orðið banaslys þegar snjóflóð tók með sér bíl, sem átti leið um veginn, og bar í sjó fram. Þessar bremsukeilur, eins og þarna er mynd af, hafa nú verið í notkun í einn vetur og reynst í alla staði vel. Tvö snjóflóð féllu á keilurnar. Í annað skiptið stöðvaðist flóðið alveg, en í hitt skiptið kom smágusa niður á veginn, en teppti ekki einu sinni umferð.

Í öðru lagi — og hér er af nógu að taka úr þessari skýrslu — er um að ræða varnargarð ofan við bóndabæ þar sem oft höfðu fallið snjóflóð og valdið skemmdum og banaslysum. Þar var reistur árið 1978 skávarnargarður úr jarðvegi, um fjögurra metra hár og nokkuð bogamyndaður og mjög fallegur, fellur vel inn í umhverfið. Það kom stórt snjóflóð úr skarðinu s. l. vetur og þá reyndist varnargarðurinn vel, beindi langmestum hluta flóðsins fram hjá býlinu og út í sjó. Má telja mjög líklegt, að hefði varnargarðsins ekki notið við hefði orðið þarna stórslys.

Þórarinn bendir á það í þessari skýrslu sinni, að það veki athygli við þennan varnargarð, eins og ég gat um áðan, hve hann fellur vel að umhverfinu og hve snyrtilega hefur verið frá honum gengið þar sem hann stendur í túninu ofan við bæinn. Hér er því ekki um það að ræða, eins og oft vill verða, að mannvirki af þessu tagi spilli umhverfinu, geri það ljótara, heldur þvert á móti að mannvirkin falli inn í umhverfið og geri sitt gagn og jafnvel fegri sjálft umhverfið. En fyrsta atriðið og það síðasta, sem ég legg áherslu á varðandi þetta, er að við tökum hér til hendinni. Og það verður aldrei gert öðruvísi en með þeim hætti, að við komum inn í löggjöf okkar ákveðnum atriðum og skipum þessum málum í ákveðinn sess í okkar stjórnkerfi þannig að þau lúti ákveðinni yfirstjórn og skipulega verði að því unnið að koma í veg fyrir þá miklu vá sem af þessum náttúruhamförum stafar.

Í þessu skyni höfum við flutt þessa þáltill. Ég treysti því, að hún fái góða athugun í n., og treysti því jafnframt, að sú n. geti skilað henni frá sér sem ályktun Alþingis, en á því er mikil nauðsyn að á þessi mál komist hreyfing. Ég legg til að þegar þessari umr. lýkur verði máli vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Málefni farandverkafólks, þáltill. (þskj. 140). — Ein umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Atvinnulíf okkar Íslendinga hefur löngum verið árstíðabundið. Mikil vinna, einkum við fiskveiðar og vinnslu sjávarafla, skapast við sjávarsíðuna og stendur um nokkurn tíma í senn. Vetrarvertíðin frá janúar og fram í maí er að sjálfsögðu sú vertíð sem fyrst kemur í hugann í þessu sambandi. Þá er skemmst að minnast síldveiðanna fyrir norðan og austan. Nú hin síðari ár hefur mikil vinna verið við loðnuveiðar og vinnslu hennar þann tíma er hún gengur upp að landinu. Reyndar hafa árstíðabundnar sveiflur við þessi störf heldur minnkað á síðari árum og vinnan orðið jafnari og samfelldari. Áður varð nokkurt hlé á milli vertíða, en nú tekur ein vertíðin við af annarri. Engu að síður er það svo, að enn skapast mikil vinna í einstökum byggðarlögum um tiltekinn tíma og þá er þörf fyrir aukið vinnuafl.

Víða er meiri vinna en svo, að heimafólk eitt geti annað henni. Þess vegna er það, að hópar fólks úr öðrum byggðarlögum, jafnt bæjum sem sveitum, eru ráðnir til margra þeirra staða þar sem aflinn berst á land og er unninn. Þetta er hið svokallaða farandverkafólk, þar sem það dvelur lengri eða skemmri tíma fjarri heimilum sínum við vinnu. Von um miklar tekjur er að sjálfsögðu hvetjandi í þessu sambandi, oft samfara lítilli vinnu á heimaslóðum. Farandverkafólk er reyndar ekki aðeins í sjávarútvegi, það má einnig finna í landbúnaði og við ýmsar framkvæmdir, svo sem virkjunarframkvæmdir, brúarsmíði o. fl.

Skortur á vinnuafli í sjávarplássum hefur oft verið tilfinnanlegur. Á árunum 1955—1965 keyrði um þverbak, og var þá gripið til þess ráðs að ráða erlenda sjómenn til starfa á fiskiskipum okkar. Einkum var leitað til frænda okkar Færeyinga á sínum tíma og voru þeir hundruðum saman við störf hér á landi.

Ýmis samskiptavandamál komu upp, en þau voru yfirleitt leyst farsællega, enda tungumálið ekki til trafala. Þessi samskiptavandamál voru einkum varðandi skatta og skyldur, en í ljós kom að Færeyingarnir höfðu við ráðningu ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um skattakerfið hér og einnig voru þeir tvískattaðir. Oft á tíðum var þeim erfitt um vik að fá leiðréttingu mála sinna.

Þegar við Íslendingar gátum aftur mannað bátana með íslenskum áhöfnum var innflutningi Færeyinga að mestu hætt og innflutningur erlends vinnuafls lagðist þar af leiðandi niður.

Á síðustu árum hefur innflutningur erlends vinnuafls hafist á ný. Einkum hefur skort vinnuafl í fiskiðnaðinum

og hefur þetta fólk því leitað í þá atvinnugrein. Um hefur verið að ræða staðbundinn vinnuaflsskort er gert hefur vart við sig hvað eftir annað. Einkum hefur skort vinnuafl í fiskiðnaði í sjávarplássum þar sem ör uppbygging hefur átt sér stað. Nú eru það ekki Færeyingar, sem sækja hingað atvinnu, þeir búa vel að hag sínum í Færeyjum, enda lífskjör þeirra sennilega betri í dag en okkar Íslendinga. Nú er það einkum enskumælandi fólk, aðallega kvenfólk frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi, og jafnvel sækir hingað fólk frá Asíulöndum, en ekki er það í miklum mæli.

Ég tel ekki óeðlilegt að hingað sé ráðið erlent fólk til starfa, fáist ekki innlent vinnuafl til að sinna brýnum verkefnum. En það, sem stingur í augu í þessu sambandi, er sá algjöri upplýsingaskortur sem útlendingarnir búa við. Það hefur komið í ljós, að þetta fólk hefur því miður ekki hugmynd um hvaða réttindi og skyldur eru því samfara að vera verkamaður á Íslandi. Erlent farandvinnufólk, er ég hef átt viðræður við, hefur gefið ófagrar lýsingar á aðbúnaði og kjörum sínum. Ráðning þessa fólks mun fara fram í gegnum söluskrifstofur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í London. Þar er gefið í skyn að hér sé um óþrjótandi vinnu að ræða, fólk geti reitt sig á það að koma heim með fullar hendur fjár. Ekkert er sagt um aðbúnaðinn og himinháan fæðiskostnað, hvað þá að þess sé getið, hvaða skatta fólkið þarf að greiða. Ráðningaraðilar gefa ekki heldur upplýsingar um kjarasamninga og launakerfi sem fólk þarf við að búa.

Það segir sig sjálft, að fólk, sem ekki hefur annað veganesti en hálfsannleika, hlýtur að vera illa statt í fjarlægu og ókunnu landi. Mig langar til að tilfæra hér lýsingu, er ein stúlkan gaf af ástandinu. Hún sagði að fyrsta áfallið eftir komuna hingað til lands hefði verið að sjá það húsnæði sem henni og félögum hennar var ætlað. Þær voru settar þrjár í lítið herbergi, sem gerði ekki betur en rúma þau þrjú rúmstæði sem þar voru. Önnur húsgögn voru þar engin, þannig að fatnað sinn og aðrar föggur urðu stúlkurnar að geyma á gólfinu. Þrifnaðaraðstaða var þannig, að ein sturta var fyrir íbúa sex slíkra herbergja, eða 18 manns. Má nærri geta hvernig ástandið er við slíkar aðstæður eftir vinnudag í fiski. Þvottavél var í húsinu, en íbúunum var bannað að nota hana, hún var í eigu fyrirtækisins. Eftir ítrekaðar áskoranir, þegar allt var komið í óefni vegna vandræða með fataþvott, fékkst þó leyfi til að nota vélina, en þá var notkunin svo mikil, að hún var alltaf að bila, sagði stúlkan. Það var líka talsvert áfall er hún og hinir erlendu félagar hennar komust að því, hve fæðið, sem þær áttu kost á, var dýrt. Vegna lítillar vinnu fyrst í stað varð þetta til þess, að kaupið fór meira og minna í matarkaup í mötuneytinu, vinnuföt o. þ. h. Það var lítið eftir af þeim hugmyndum sem þetta fólk hafði fengið um dýrðina á Íslandi eftir viðræðurnar við fólkið á ráðningarskrifstofunni í London. Um matseld á eigin vegum var ekki að ræða, því engin aðstaða var til slíks á staðnum.

Það eru ýmsar fleiri og það ófagrar lýsingar sem þetta fólk gefur, og því er ekki að leyna, að tungumálaerfiðleikarnir gera þessu fólki mjög erfitt um vik.

Vissulega er reynsla þessa fólks misjöfn. Sums staðar hefur allt gengið vel og þá einkum á Vestfjörðum, en þar hafa ráðningar útlendinga í fiskvinnu tíðkast um árabil. Þar er aðbúnaður yfirleitt góður og næga vinnu að fá. Þegar farið var að ráða útlendinga til fiskvinnu hér syðra var raunin önnur. Hafa hv. alþm. vafalaust fylgst með þeim umræðum sem verið hafa í fjölmiðlum um aðbúnað og launakjör þessa fólks, bæði það, að fólkinu er ætlað að dvelja í verbúðum sem vart geta talist mannabústaðir, og eins og kom fram hér áðan er fæðið rándýrt, atvinna stopul og upplýsingaskorturinn algjör.

Þótt sums staðar sé svo málum háttað, að vel gangi hjá útlendingunum, þá kvarta þeir alls staðar um upplýsingaskort. Þegar útlendingur er ráðinn til starfa hér þarf atvinnuleyfi að vera fyrir hendi. Atvinnuleyfi til handa útlendingum eru veitt á grundvelli laga frá árinu 1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi. Samkv. lögunum er um tvenns konar atvinnuleyfi að ræða. Orðrétt segir í 3. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Félmrh. veitir atvinnuleyfi samkv. lögum þessum, að fengnum tillögum verklýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, og skulu þau veitt vinnuveitendum."

Og síðan segir í sömu lögum: „Þegar sérstaklega stendur á getur félmrh., ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt erlendum mönnum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfið sé veitt ákveðnum vinnuveitanda, og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann samkv. 3. gr."

Það eru atvinnuleyfi bundin ákveðnum atvinnurekanda sem einkum eru gefin hér á landi, en sjaldgæfara er að útlendingar fái hið svokallaða sjálfstæða atvinnuleyfi. Ég tel að það sé ástæða til að efast um réttmæti þess, að launafólk sé bundið einum atvinnurekanda á þann hátt sem lögin gera ráð fyrir. Ef útlendum verkamanni líkar ekki vistin einhverra hluta vegna og vill ráða sig í vinnu annars staðar, þar sem e. t. v. væri meiri þörf fyrir vinnu hans, þá á hann á hættu að missa atvinnuleyfið og vera vísað úr landi. Reyndar hefur víst oft komið fyrir að fólkinu hafi verið hótað því.

Þar sem útlendingar í fiskvinnu eru ráðnir venjulega til hálfs eða heils árs, þá get ég ekki betur séð en þessi ákvæði stríði á móti þeirri meginreglu sem gildir í íslenskum vinnurétti um gagnkvæman uppsagnarfrest, sem á báða bóga er frá einni viku og lengst þrír mánuðir.

Ýmislegt fleira mætti nefna, er lýtur að kjörum þessa fólks, en ég læt staðar numið að sinni.

Ég hef leyft mér ásamt þeim Karvel Pálmasyni og Jóhönnu Sigurðardóttur að flytja þáltill. um málefni farandverkafólks og er það 92. mál. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á lögum nr. 39/1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Meginmarkmið endurskoðunarinnar skulu vera:

1) Að leiða í lög fyllri ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra, sem vilja ráða erlenda menn í þjónustu sína, gagnvart þeim sem ráðnir eru, um launakjör, vinnutíma og aðbúnað við vinnu hér á landi. Enn fremur um skatta og önnur opinber gjöld svo og hverjar þær skyldur sem erlendir menn takast á hendur við vistráðningu hérlendis.

2) Að tryggja með lögunum félagsleg og kjaraleg réttindi þeirra erlendra manna, sem fá atvinnuleyfi hér á landi, til jafns við heimamenn, eins og þau eru samkvæmt lögum og gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

3) Að skylda þá, sem leita eftir erlendu vinnuafli, til þess að hafa samráð við hlutaðeigandi stéttarfélag áður en erlendir starfskraftar eru vistráðnir.

Við endurskoðun þessa, sem skal hraðað eftir föngum, skal haft samráð við heildarsamtök aðila vinnu-

markaðarins."

Það er von mín, að endurskoðun þessara laga taki ekki langan tíma. Hér þarf að vinna hratt, því það er okkur Íslendingum vissulega til skammar, hvernig við höfum búið að því erlenda fólki sem hingað kemur til hjálpar við bjarga verðmætum sjávarafla.

Ég legg til að að loknum umræðum verði till. þessari vísað til hv. atvmn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hér er hreyft mjög þörfu máli, en að vísu aðeins hluta þess. Hv. þm. hafa væntanlega fylgst með því í fréttum undanfarnar vikur og mánuði, að í ljós hefur komið að víða á landinu er svo illa búið að því verkafólki, sem vinnur við undirstöðuatvinnuveg þessa lands, að á engan hátt verður talið mannsæmandi. Við teljum okkur menningarþjóðfélag, við teljum okkur velferðarþjóðfélag, en samt sem áður viðgengst það í okkar þjóðfélagi, að víða í verstöðvum landsins er svo búið að aðkomuverkafólki að ekki verður jafnað til 20. aldar siða og væri nær að kenna við aðbúnað þrælahalds fyrr á tímum. Þessi aðbúnaður er með slíkum hætti, að þessu fólki er gjörsamlega fyrirmunað að lifa mannsæmandi lífi hvað snertir hvíldaraðstöðu, hvað snertir tómstundir, en kannske umfram allt hvað snertir hreinlætisaðstöðu og heilbrigðishætti.

Ég er ekki viss um að öllum þm. sé kunnugt um það, hve illa er búið að farandverkafólki víða í þessu landi. Þó eru til staðir þar sem það er með sómasamlegum hætti. En þessi slæmi aðbúnaður er enn verri fyrir þá sök, að það er ljóst að veigamikil fyrirtæki í útflutningsatvinnuvegum okkar, fyrirtæki sem við stundum nefnum með stolti undirstöðufyrirtæki okkar þjóðarbús, eru að laða hingað til lands ungt fólk, karla og konur, þó kannske fyrst og fremst ungar konur, úr fjarlægum heimsálfum á fölskum forsendum, á forsendum sem á engan hátt samrýmast þeim samningum sem hér eru í gildi við íslenskt verkafólk, á forsendum sem á engan hátt samrýmast þeim kjara- og aðbúnaðarmálum sem við teljum frumskilyrði fyrir Íslendinga. Og það er ekki okkur sæmandi sem menningarþjóð að fá til okkar ungt launafólk erlendis frá á fölskum forsendum og bjóða því aðbúnað með þeim hætti sem raun ber víða hér í verstöðvum landsins. Hitt er svo enn verra, að það hefur gerst hér upp á síðkastið að atvinnurekendur á einstökum stöðum hafa reynt að beita lögregluvaldi til þess að reyna að knýja þetta unga fólk til aga og til undanlátssemi frá sjálfsögðum kröfum þess. Ég held þess vegna að það sé mjög brýnt viðfangsefni, bæði fyrir þá sem annast hagsmuni launafólks í landinu almennt, en ekki síður fyrir okkur hér á Alþ., að taka þessi mál til gaumgæfilegrar meðferðar.

Í þeirri tillögu, sem hér er flutt, er hreyft aðeins hluta þessa máls, þ. e, endurskoðun á lögum um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi. Vissulega er það rétt, að þau lög þarf að endurskoða, vegna þess að í þeim eru ákvæði sem binda verkafólkið með gjörsamlega óeðlilegum hætti við þann atvinnurekanda sem stuðlar að því að fá það hingað til landsins, og það sem meira er: ákvæði sem hefur verið beitt á þann hátt að þetta fólk er jafvel fjötrað við atvinnurekandann þótt hann framfylgi ekki samningsbundnum skyldum sínum við það.

Stærri hluti þessa máls er hins vegar sá aðbúnaður sem boðinn er farandverkafólki, íslensku sem erlendu, í verstöðvum í landinu, — farandverkafólki sem er slíkur lykilþáttur í sjávarútvegi landsmanna að mér er til efs að ýmsar veigamestu verstöðvar þessa lands, þar sem stærstur hluti útflutningsfiskafurða er unninn, gætu þrifist ef þetta farandverkafólk kæmi ekki svo fjölmennt til þessara staða. Það hefur hingað til sætt sig við þann hróplega aðbúnað sem því er þar boðinn, oftast nær vegna þess að það er vankunnandi um það, hvernig aðbúnaðurinn er, og á síðan ekki annarra kosta völ, þegar það birtist á staðnum, en að vera þar áfram. Þess vegna þarf í raun og veru að gera hér stórátak til að byggja upp gistiaðstöðu, dvalaraðstöðu í verstöðvum landsins, sem er mannsæmandi, og ég tek jafnvel svo stórt til orða að segja: aðstöðu sem er ekki lífshættuleg — vegna þess að fregnir hafa borist af því síðustu daga, að víða er aðbúnaðurinn með þeim hætti að hann er beinlínis lífshættulegur.

Mér er kunnugt um það, að á vegum bæði samtaka launafólks og eins á vegum félmrn. er unnið að því þessa dagana að finna leiðir til þess að endurskoða skipan þessara mála. Sú endurskoðun þarf að gerast annaðhvort með lagaákvæðum hér á Alþ. eða með því að endurskoða reglugerðir, t. d. um lög um veitingaþjónustu og gististaðahald. Í reglugerð, sem er um þau lög, frá 1964, eru ákvæði um verbúðir og aðstöðu íbúa þeirra. Þessa reglugerð þarf að mínum dómi að endurskoða hið fyrsta og gera hana miklu ítarlegri og nákvæmari en nú er. Í reglugerðinni þurfa að vera ákvæði um stærð íveruherbergja, fjölda einstaklinga í herbergjum, ákvæði um hreinlætisaðstöðu, ákvæði um tómstundaaðstöðu, ákvæði um matstofur og ákvæði um fæðiskostnað. Ég veit ekki hvort hv. þm. er kunnugt um það, að víða í verstöðvum hefur kjaramálum farandverkafólks verið háttað þannig, að það hefur varla unnið fyrir fæðiskostnaðinum sem atvinnurekandinn hefur tekið í sinn hlut, og er þó ljóst að verðlagning matvælanna er með þeim hætti, að atvinnurekandinn hlýtur að stórgræða á rekstri matsölunnar.

Hvar sem á þetta mál er litið, þá tel ég að hér sé á ferðinni einhver svartasti blettur í skipan vinnumála í landinu. Farandverkafólk hefur ekki fyrr en á allra síðustu mánuðum haft samtök sín á milli, þegar nokkrir ungir menn tóku sig saman og héldu fundi þar sem þeir kynntu málstað farandverkafólks. Það hefur tvisvar gerst hér í umræðum, að hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur talið sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á því og gera gys að því, að ég sat slíkan umræðufund farandverkafólks til að kynna mér málstað þess. Og þessi frægi maður, sem þekktari er meðal þjóðarinnar undir viðurnefninu sjómaður, hv. þm. Pétur Sigurðsson, hefur talið það sérstakt gamanmál og ástæðu til þess að reyna að fleyta frekar þunna brandara hér í þingsölum á því, að ég skyldi sækja þennan fund. En það er sérstaklega athyglisvert, að þegar málefni farandverkafólks koma til umræðu hér í þinginu sér hv. þm. Pétur Sigurðsson enga ástæðu til þess að vera viðstaddur. Þá er þessi fyrrverandi miðstjórnarmaður Sjálfstfl. í Alþýðusambandi Íslands, þá er þessi maður, sem fremstur allra Íslendinga hefur reynt að nota sér sjómannsheitið í pólitísku framapoti — (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn er nú ekki viðstaddur.) Nei, hann er nefnilega ekki viðstaddur. Það er ekki siðleysi að ávarpa þennan mann með þessum hætti, vegna þess að það er nauðsynlegt að vekja athygli þjóðarinnar og þingsins á því, að sá þm., sem hefur tvisvar áður í þingsölum, við allt önnur tækifæri, talið sérstaka ástæðu til þess að abbast út

í það að þingmenn væru að kynna sér málstað farandverkafólks, hann sér ekki ástæðu til þess að vera viðstaddur umræður um það mál hér. Og þessi eini fulltrúi, sjálfskipaður fulltrúi launafólks í þingflokki Sjálfstfl., telur málefni farandverkafólks ekki svo mikils virði að það sé vert að sinna umræðum um það mál hér í þinginu. Og þó að hv. þm. sé fjarverandi, þá verður ekki fram hjá því gengið í þessari umræðu að vekja athygli á fjarveru hans. Það er hins vegar algjört aukaatriði í þessu máli, því það er náttúrlega ijóst, að eftir framgöngu hv. sjálfstæðismanna í umræðum um félagsmálalöggjöf þá sem hæstv. vinstri stjórn síðasta beitti sér fyrir á fjölmörgum sviðum, þar sem þeir gengu erinda Vinnuveitendasambandsins í fjölmörgum málum, þá var kannske ekki við því að búast, að þm. Sjálfstfl. mundu gerast hér sérstakir þátttakendur í umræðum um þetta mál, nema ef vera skyldi til þess að flytja boðskap frá Vinnuveitendasambandinu. En við skulum sjá til hvað gerist í umræðunni síðar.

Hér er á ferðinni mál þar sem þingið, verkalýðssamtökin og reyndar þjóðin öll verður að gera kröfu til þeirra atvinnurekenda sem þessar verbúðir eiga, að á þeim verði gerð gagnger breyting þegar í stað. Það erlenda verkafólk, sem hingað kemur til að bjarga verðmætum sjávarins fyrir okkur Íslendinga, — vegna þess að við höfum ekki vinnuafl til þess að sinna þessum afla í fjölmörgum verstöðvum ef ekki kæmu til þau hundruð ungra kvenna sérstaklega sem hingað hafa komið til landsins á undanförnum árum, — það fólk má ekki bera Íslandi þá sögu, þegar það fer héðan, að á ferðalagi sínu um hnöttinn hafi það fyrst kynnst aðbúnaði þrælabúða þegar það gisti Ísland. Það er ekki sá málflutningur um menningarþjóð sem við viljum gjarnan að heyrist á erlendri grund um okkar hag hér.

Ég gat þess áðan, að mér er kunnugt um það, — og tel rétt að segja frá því, þótt ég hefði talið eðlilegra að hæstv. félmrh. gerði það, — að í félmrn. er verið að vinna að því að endurskoða lög og reglugerðir um aðbúnað farandverkafólks í þeim verbúðum og þeim matstofum sem þeim er ætlað að sækja og dvelja í fyrst og fremst. Ég tel að þegar í vetur þurfi að nást samkomulag um slíka nýja reglugerð eða setningu nýrrar löggjafar ef með þarf. Það sem meira er, ég tel að þingið eigi að beita sér fyrir því, sérstaklega í samvinnu við samtök atvinnurekenda, að það fjármagn verði útvegað þegar á þessu ári og á næstu árum sem þarf til þess að breyta þessum aðbúnaði. Hér er ekki um að ræða verk sem kostar bara nokkrar milljónir eða nokkra tugi milljóna, hér er um verk að ræða sem kostar hundruð milljóna, ef við viljum færa þessar verbúðir í það horf sem við teljum allsæmilegt. Ég tel að þingið ætti að lýsa því í raun og veru yfir með einhverjum sérstökum hætti, að það sé vilji þess, að svo verði gert.

Ég vil svo að lokum vekja athygli á því, að það er ekki aðeins varðandi farandverkafólk í sjávarútvegi sem pottur er brotinn, heldur er mér einnig kunnugt um það, að víða hafa verið brotin réttindi og víða skortir á að farandverkafólk í landbúnaði hljóti þann aðbúnað sem réttlætanlegur er samkvæmt gildandi kjarasamningum og ákvæðum í lögum. Farandverkafólk í landbúnaði hefur ekki heldur haft með sér nein samtök. Það eru engin stéttarfélög í landinu sem hafa sérstaklega tekið að sér að gæta hags þessa fólks, heldur hefur þar hver og einn orðið að sjá um sig og oft við erfiðar aðstæður. Því miður er það þannig, án þess að ég ætli sérstaklega að fara að bera bændastéttinni í heild á brýn sök í þessum efnum, — því miður er það þannig, að það eru allt of mörg dæmi um léleg kjör og slæman aðbúnað og réttindaleysi þess farandverkafólks sem hér hefur farið um sveitir, sérstaklega yngra fólks, til þess að rétta bændum hjálparhönd við búskapinn. Ég held að á sama tíma og átak verður gert í sjávarútvegi til þess að tryggja réttindi og aðbúnað farandverkafólks þurfi að gera hliðstætt átak, þó með nokkuð öðrum hætti verði, til þess að tryggja réttindi, kjaramál og aðbúnað farandverkafólks til sveita.

Það er svo komið okkar atvinnuháttum, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að þrír af grundvallaratvinnuvegum landsins, sjávarútvegur, fiskiðnaður og landbúnaður, gætu í dag ekki þrifist með þeim hætti sem þeir gera, ef ekki kæmu til þær þúsundir farandverkafólks sem gegna lykilhlutverki í þessum atvinnuvegum. Það væri íslenskri þjóð til vansæmdar, ef hún léti það viðgangast mörg ár enn að aðbúnaður þessa grundvallarvinnuhóps í okkar þjóðfélagi væri með þeim hætti, að á engan hátt væri talið mannsæmandi ef um almennan aðbúnað í þjóðfélaginu væri að ræða.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er til umr. merkilegt mál sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur talað fyrir. Ég vil lýsa fylgi mínu við þá till. sem hér liggur frammi, og ég vænti þess, eins og hv. frsm. tók fram, að þetta mál fái góða og skjóta afgreiðslu.

Ég hef gert ráð fyrir því, að við gætum verið sammála um þetta. Ég vék mér augnablik út úr þingsalnum og þá var hv. 11. þm. Reykv. að tala og ræddi þá málefnalega um þetta mál. En þegar ég kom hér inn í salinn rétt á eftir, þá var eins og væri kominn umskiptingur í þennan ræðustól. Þá var hv. þm. gersamlega hættur að ræða málefnalega um það mál, sem hér er á dagskrá, og leyfir sér að vera með fúkyrði í garð eins hv. þm. sem ekki er hér viðstaddur eins og stendur, þm. sem er einmitt þekktur fyrir það, bæði hér á hv. Alþ. og af lífsstarfi sínu, að vera einmitt hvarvetna á verði í þjóðfélaginu þar sem þarf að taka til hendi til þess að rétta hlut þeirra sem höllum fæti standa, ekki síst í verkalýðshreyfingunni og hjá því fólki sem stendur að verkalýðshreyfingunni.

Nú leyfir þessi hv. þm., 11. þm. Reykv., sér að ráðast með svívirðilegum hætti að þessum þm. vegna þess að hann er ekki í augnablikinu hér viðstaddur. Þó hefur þessi þm. verið hér í dag og m. a. stjórnað fundum í dag. Og nú vitum við allir, sem það vilja vita, að þessi þm. er einn af samviskusömustu þm. sem nú eiga sæti á Alþ., og er ég þó ekki að gera lítið úr samviskusemi neins annars.

Hv. 11. þm. Reykv. fór svo að tala, eins og honum er ákaflega tamt, um félagslegar aðgerðir til hagsbóta fyrir verkalýðinn. Hann talar allajafna, þegar hann ræðir þessi mál, eins og hann sé í þessum efnum sérstakur málsvari allra lítilmagna í þjóðfélaginu. Um leið og þessi hv. þm. er með þetta á vörunum er hann að ráðast á hv. þm. Pétur Sigurðsson, vegna þess að hann er í augnablikinu ekki viðstaddur. En það hygg ég að satt muni, að það mun langur tími líða þar til hv. 11. þm. Reykv. stendur með tærnar þar sem hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur hælana varðandi mál er áhræra aðstöðu og hagsmuni verkalýðsins í landinu, hvort sem það eru farandverkamenn eða aðrir.

Ég vildi láta þetta koma hér fram, um leið og ég óska að gefnu tilefni eftir því, að máli þessu verði frestað. Ég hygg að það geti ekki orðið neinn skaði að því. Það má

hæglega halda þessum umr. áfram n. k. fimmtudag.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Þessi till. til þál. um málefni farandverkafólks, sem flutt er af Karli Steinari Guðnasyni og fleirum, virðist nú í seinni tíð hafa vikið úr umr. fyrir persónulegri skilgreiningu á hv. þm. Pétri Sigurðssyni. Það eru ýmist fluttar á hann skammir eða haldnar um hann minningarræður hér, sem ég sé nú reyndar ekki að komi þessu máli svo mjög við.

Ég held að till. sem hér liggur frammi og ég styð mjög eindregið, þess efnis að endurskoða lög um rétt innlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi og leiða í lög fyllri ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra sem vilja ráða erlenda menn í þjónustu sína o. s. frv., — ég held að það sé fullkomlega tímabært að þessi ályktun komi fram og endurskoðun og breyting á þessum lögum, eins og þáltill. gerir ráð fyrir, komi til framkvæmda. Ég vil taka undir með þm. Karli Steinari í lýsingu hans áðan á upplýsingum, oft og tíðum röngum og villandi, sem þetta erlenda fólk fær, og taka í einu og öllu undir ummæli hans þar að lútandi.

Ég held að ef farið er að ræða málið vítt og breitt, sem ég ætla ekki að gera hér og væri efni í langa ræðu, þá sé skylt og rétt að taka fram — það er hættulegt að alhæfa hluti — að á fjölda staða eru þessi mál í mjög góðu ásigkomulagi, verbúðir góðar og fæðiskostnaður í mörgum tilfellum nokkuð hóflegur. Og eins er hitt, að þegar minnst er á að þetta fólk hafi ekki haft með sér samtök, þá er náttúrlega hægt að ræða það mál sérstakega. Vitanlega er þetta fólk eða á að vera í samtökum verkafólks og einstakra verkalýðsfélaga. Þar er hins vegar á töluverður misbrestur, og má saka um það bæði viðkomandi starfsmenn og verkalýðsfélög.

Hins held ég að sé líka skylt að geta, að formenn og stjórnir fjölmargra verkalýðsfélaga víða á landinu hafa barist fyrir því, og orðið mjög vel ágengt víða, að reistar væru verbúðir sem væru mannsæmandi og fullkomlega uppfylltu eðlilegar kröfur. Á einstaka stað hefur þetta gengið svo vel, og þar hefur komið til m. a. barátta verkalýðsfélaga á viðkomandi stöðum, að einstaka verbúðir hafa verið notaðar sem sumargistihús. Á öðrum stöðum hefur þetta verið svona sæmilegt og á enn öðrum forkastanlegt. Þar hefur ráðið, eins og hætt er við í þessum atvinnuvegi, að hrúgað hefur verið á land afla og kannske ekki alltaf skilyrði til þess að vinna strax úr honum. Eins hafa einstakir forstöðumenn fiskvinnslustöðva og frystihúsa litið á þetta verkafólk eins og hráefni og skort ákaflega mikið á að þeir uppfylltu þær kröfur sem gera verður.

Það er hins vegar ákaflega athyglisvert og segir í sjálfu sér nokkuð langa og mikla sögu, að þótt sjávarafurðir séu um það bil 90% af útflutningi þjóðarinnar ef álflutningurinn er undan skilinn, þá er virðingu fyrir þeim störfum, sem allt þetta þjóðfélag meira og minna hvílir á, ákaflega ábótavant. Við seljum fisk á fiskmörkuðum þar sem verðlag okkar afurða er víða 30% hærra en samkeppnisþjóðanna. Okkar styrkleiki á erlendum mörkuðum byggist ekki á lágu verði, hann byggist á gæðum. En einmitt þar sem framleitt er fyrir þessa viðkvæmu markaði er þannig ástatt og þannig að starfsfólkinu búið, að þetta verða afgangsstaðir þar sem hvað erfiðast er að fá fólk til starfa. Ég held að það hljóti að vera eitthvað ófugsnúið við slíkt þjóðfélag. Við gætum litið til Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem keppast um að segja að allt sé svart í Bandaríkjunum og svart í Rússlandi og hvítt hjá sér heima. Einkenni á báðum þessum þjóðum — hvora sem menn vilja nú styðja eða hvoruga — er það, að í ýmsum grunnatvinnuvegum, eins og t. d. stáliðnaði, er best launaða vinnuaflið og fólk sem býr við bestu kjörin. En hér þar sem þessi atvinnuvegur hefur miklu meiri úrslitaþýðingu — og er sennilega vandfundin nokkur þjóð sem lifir eins algerlega einhæft og Íslendingar á fiskveiðum og fiskvinnslu — þá er reiknað með að það séu um 5 þús. starfandi sjómenn og um 8 þús. manns að staðaldri — það er að vísu dálítið sveiflukennt — sem vinna við þetta.

Nú er ég ekki að gera lítið úr ýmsum öðrum atvinnugreinum. En hvernig má á því standa, að slíkt frumatriði í allri þjóðarframleiðslunni, allri efnahagslegri gæfu þjóðarinnar, skuli beinlínis vera hornreka? Það er bara auglýst í dagblöðum: menn vantar, bónusvinna, og ég veit ekki hverju er slegið upp sums staðar til þess að bjarga þessu til bráðabirgða. Það vantar hjá þessari þjóð dýpri virðingu fyrir fiskimönnum. Maður heyrir jafnvel hér í sölum Alþingis á fagmáli talað um uppsafnað óhagræði. Á máli iðnaðarsérfræðinga heita skattaívilnanir, sem litlar eru til sjómanna, uppsafnað óhagræði. Það er nú meiri spekin þegar þeir leggja til, þessir tæknisérfræðingar okkar, að svo ákveðin hlunnindi til fiskimanna verða uppsafnað óhagræði. En þetta er andinn, nákvæmlega þannig, að það fólk, sem við þennan undirstöðuatvinnuveg vinnur, er hornrekur. Það þarf að berjast með hnúum og hnefum í þjóðfélaginu fyrir því, að ákveðnar verstöðvar — undirstrika: þó alls ekki allar og alls ekki alls staðar — uppfylli lágmarksskilyrði.

Það er svo mál út af fyrir sig, sem væri freistandi að ræða, hvort það fólk — og það mætti gjarnan gilda um sjómenn líka — sem vinnur og er orðið sérhæft í þessum störfum, sem allt okkar efnahagslíf hvílir á, — hvort það væri ekki einhver ástæða til þess að viðurkenna í launum þessa fólks þekkingu þess í meðhöndlun fisks. Það hefur aldrei verið gert. Til einföldustu skrifstofuvinnu, við ýmis mjög einföld störf verður að leggja fram svo og svo mörg prófvottorð. En hvort markaður okkar stendur eða fellur, það fáum við með auglýsingum.

Svona er ekki hægt að standa að málum. Málið ristir nefnilega miklu dýpra en þetta. Það er tímanna tákn — og vil ég alls ekki vera að hnýta í opinbera starfsmenn, það er víst eldfimt efni — en það er tímanna tákn, að meðan þeir margir hverjir eru hér í frábærlega góðum mötuneytum, þá borga þeir — ég er ekki að telja það eftir í sjálfu sér — örlítið brot af fæðiskostnaði á móts við það fólk sem vinnur hörðum höndum í þessari undirstöðuatvinnugrein allt í kringum landið. Opinberir starfsmenn borga kannske 1/5, og maður skyldi halda að fólk, sem hefur 10, 12 og 16 stunda vinnudag, þyrfti engu síður viðunandi aðbúnað og viðunandi fæði. Og einhverjum yrði hugsað til að það væri kannske ekki síður ástæða til að fæði þess fólks væri með svipuðum kjörum og tíðkast í ýmsum helstu stofnunum ríkisins.

Ég skal ekki fara ítarlegar út í þetta mál að sinni, ætli málið komi ekki fyrir aftur. Ég vil taka fram, að það má ekki alhæfa þetta mál, þetta er víða í nokkuð góðu lagi, og jafnframt leggja á það áherslu, að fjölmörg verkalýðsfélög allt í kringum landið hafa átt drjúgan þátt í að breyta og koma upp verbúðum og lagt þar mjög gott til mála.

Ég vil aðeins taka það fram í sambandi við ummæli hv.

11. þm. Reykv., að reglugerð um hollustuhætti og aðbúnað í verstöðvum hefur verið samþykkt í vetur og bíður nú aðeins staðfestingar dómsmrn., sem Öryggiseftirlitið fellur undir, þannig að þar ætti að vera kominn grundvöllur til að breyta þessu þar sem þörf er á. Svo vil ég aðeins að endingu, um leið og ég lýsi ánægju minni með þessa till. og stuðningi, ítreka það, að þetta er bara spegilmynd, örlítil spegilmynd af þessu þjóðfélagi. Þeir sem allt hvílir á og þjóðfélagið stendur og fellur með, þeir eru afgangsmenn.

Forseti (Jón Helgason): Mér var ekki alveg ljóst af orðum hv. 4. þm. Vestf. áðan, hvort hann óskaði eftir að umr. væri frestað þegar í stað eða þegar þeir hefðu talað sem á mælendaskrá voru. Það mun hafa átt að skilja það þannig, að hann óskaði frekar eftir að mælendaskrá yrði ekki tæmd núna, og mun verða orðið við því. En hæstv. félmrh. tekur fyrst til máls, áður en umr. verður frestað.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna umr., sem hér hefur farið fram og ég hef ekki getað hlýtt á nema að mjög litlu leyti, vil ég láta það koma fram, að að undanförnu hefur verið unnið að þessum málefnum í félmrn. Þar hefur verið tekin ákvörðun um að sett verði á laggirnar nefnd til þess að fara ofan í þær reglugerðir, sem sérstaklega snerta farandverkafólk, svo og að endurskoða lög um erlent verkafólk, nr. 39 frá 1951, sem eru um margt orðin úrelt. Hér er sem sagt um það að ræða að sett verði á laggirnar á vegum stjórnvalda nefnd til þess að fjalla bæði um þau atriði, sem snúa að hinu innlenda verkafólki, og einnig endurskoðun á gömlum og úreltum lögum um erlent verkafólk hér á landi. Ég taldi óhjákvæmilegt að þetta kæmi fram vegna þeirrar umr. sem hér hefur átt sér stað. Auðvitað er ljóst að þær aðgerðir, sem stjórnvöld hljóta að grípa til í þessum málum, hljóta að verða unnar í góðu og nánu samstarfi við verkalýðshreyfinguna í landinu, sem hefur látið sig þessi mál verulega miklu skipta.

Ég tek undir það með hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, að þetta er mjög misjafnt hér í landinu. Sums staðar eru verstöðvar vel búnar. Annars staðar eru verbúðir langt fyrir neðan það að geta heitið mannabústaðir. Það eru undantekningartilvikin sem þurfa að hverfa ef við eigum að geta staðið undir því sómaheiti að vera það sem við höfum viljað kalla okkur: „fiskveiðiþjóð" — í þessu landi, ef við viljum leggja rækt við þann grundvöll sem við viljum byggja á þjóðlíf okkar.

Umr. frestað.

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 89). — Ein umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 89 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði ásamt hv. alþm. Sigurgeir Bóassyni og Matthíasi Bjarnasyni. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta athuga nú þegar með hvaða hætti tryggja megi sem bestar og öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði.

Athugun þessi skal fyrst og fremst beinast að eftirfarandi:

1. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli.

2. Endurbótum og lengingu á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík með það í huga að þær gegni því hlutverki að vera varavellir fyrir Ísafjarðarflug.

3. Öryggisútbúnaði og lýsingu á Þingeyrarflugvelli.

4. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Patreksfjarðarflugvelli.

Athugun þessari skal hraðað svo sem frekast er kostur og skulu niðurstöður liggja fyrir það tímanlega, að hægt verði að gera ráð fyrir fjárveitingum til framkvæmda á fjárlögum 1981."

Mál efnislega eins og þessi þáltill. hefur verið flutt á tveimur þingum áður. Það var flutt á 98. löggjafarþinginu. Þá var málið ekki afgreitt, dagaði þá uppi í n. Svo var það flutt aftur á 99. löggjafarþinginu. Þá gerðust þeir hlutir, svo einkennilegt sem það nú er og furðulegt, að málinu var vísað frá Alþingi. Ég kem kannske að því síðar, því að ég tel nauðsynlegt að það komi hér fram nú með hvaða hætti málinu var vísað frá og hverjar voru röksemdir fyrir því að málinu var vísað frá á 99. löggjafarþinginu, svo furðulega sem telja má þá afgreiðslu.

Það mun, að ég vænti, öllum hv. alþm. kunnugt, að Vestfirðir búa við hvað óöruggastar samgöngur, hverju nafni sem þær nefnast. Það ætti ekki að þurfa að halda langa ræðu um þetta á hv. Alþ., en einmitt með hliðsjón af þeirri afgreiðslu, sem þetta mál fékk á sínum tíma, er kannske nauðsynlegt að rifja örlítið upp hvernig kringumstæður eru í þessum landsfjórðungi að því er varðar samgöngur almennt.

Það er svo varðandi t. d. samgöngur á landi, bæði innan fjórðungsins og við aðra landshluta, að Vestfirðir eru einangraðir 7—9 mánuði á hverju einasta ári í landsamgöngum. Til skamms tíma hafa verið mjög strjálar skipaferðir til þessa landshluta. Það skal viðurkennt, að það hefur batnað nokkuð, en er þó fjarri því að vera með eðlilegum hætti miðað við það ástand sem er í samgöngumálum á öðrum sviðum.

Varðandi flugsamgöngur við Vestfirði er það svo, t. d. ef við tökum Ísafjörð, að þar getur flug legið niðri svo að dögum skiptir, þó að í almennu tali sé hið besta og prýðilegasta veður. Það er þannig þar, að misvindi er með sérstökum hætti í vissum áttum. Má þá vart hreyfast hár á höfði þannig að ekki þurfi að leggjast niður flug.

Það er rétt að geta þess hér, að frá áramótum, þ. e. frá 2. jan. s. l. til 11. mars, sem eru 70 dagar, féll niður flug á Ísafjörð í 23 daga af 70. Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir því, hversu miklum erfiðleikum þetta veldur, þegar tekið er mið af því jafnframt að aðrar samgönguleiðir við fjórðunginn eru meira og minna lokaðar. Mjög svipað og ég var hér að geta gerðist á s. l. hausti. Flug lagðist þá niður til Ísafjarðar svo dögum skipti. Það gefur auga leið að íbúar þessa landshluta sætta sig ógjarnan við að búa áfram — enginn veit hversu lengi — við ástand eins og hér hefur verið lýst og er kannske ekki dregin upp mynd af með nógu sterkum orðum, eins og kringumstæðurnar eru hverju sinni.

Það verður því furðulegt að teljast, og þá kem ég að því sem gerðist hér á Alþ. vorið 1978, þegar Alþ. afgreiðir mál eins og þetta með þeim hætti sem þá gerðist, og það sem er enn furðulegra í sambandi við þetta er að sumir hverjir þm. kjördæmisins voru í forustusveit fyrir því að málið væri drepið með þessum hætti. Það er nú hvað

furðulegast. (**GS:** Hvernig var það drepið?) Hvernig var það drepið, spyr hv. þm. Garðar Sigurðsson, sem átti hlut að því að drepa þetta mál, ekki bara sem þm., heldur og sem flugráðsmaður, en við komum að því á eftir. (**GS:** En hvernig var það drepið?) Það var drepið með þeim hætti að málinu var vísað frá þinginu.

Eins og ég sagði áðan var till. nákvæmlega eins efnislega og þessi lögð fram á því þingi, og var hún send til hv. allshn. sem hafði hana til umfjöllunar nokkurn tíma og sendi málið til umsagnar flugráðs og fékk svar um hæl, að ég held. (**GS:** Það er ekki nóg að halda.) Ég ætla að lofa hv. þm. og flugráðsmanni að heyra hvað flugráð sagði ef hann er búinn að gleyma því. Það er svo hljóðandi, með leyfi forseta, og vænti ég þess að flugráðsmaðurinn taki nú eftir:

„Bréf yðar varðandi umsögn um till. til þál. um athugun á úrbótum á flugsamgöngum við Vestfirði, 39. mál. var lagt fyrir 931. fund flugráðs og samþykkt að flugmálastjórn veiti umbeðna umsögn um þær úrbætur sem getið er um í till. Verður væntanlega unnið að þeirri umsögn n. k. sumar með það fyrir augum, að hún liggi fyrir n. k. haust fyrir fjárlagaumr.", þ. e. sumarið og haustið 1978.

Þetta var sú umsögn sem flugráð veitti varðandi þáltill. og allshn. byggði á afstöðu sína í málinu, þ. e. treysti því að flugráð athugaði þetta mál og veitti umsögnina um haustið, og vísaði málinu frá með hliðsjón af því.

Það er nauðsynlegt að rifja líka upp, að á þinginu áður hafði sams konar till. verið lögð fyrir Alþ. Hefði verið áhugi á því hjá flugráði að láta athuga málið og gefa því gaum, þá gat það gert það sumarið 1977 án þess að till., sem flutt var, væri samþykkt. En hvað hefur valdið því, að slíkt var ekki gert, skal ósagt látið. Afstaða mín var a. m. k. sú, að það hefði ekki veitt af, með hliðsjón af þeirri deyfð sem ríkti hjá flugráðsmönnum til þess að veita umsögnina og bæta úr, að samþ. yrði hér á Alþ. að það skyldi gert. Góður hugur nær langt, en hann segir ekki allt.

Ég held að nauðsynlegt sé að víkja örfáum orðum að því, hvað hér er í raun og veru um að ræða. Eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt er á engum flugvelli á Vestfjörðum hægt að lenda nema í dagsbirtu. Þeir eru að vísu fáir flugvellirnir hér á landi sem hægt er að lenda á á hvaða tíma sólarhrings sem er, en enginn slíkur er á Vestfjörðum. Ísafjarðarflugvöllur er auk þess, eins og ég sagði áðan, eða kringumstæður þar þannig, að það þarf tiltölulega lítið að hreyfa vind, t. d. í suðaustanátt, þannig að sé gersamlega ólendandi þar, en getur að öllu öðru leyti verið hið besta veður. Ég á ekki von á því og geri ekki ráð fyrir því, að gerðar verði neinar þær breytingar að hægt verði að lenda á Ísafjarðarflugvelli undir slíkum kringumstæðum, að því er varðar vindátt á suðaustan. Við það verður ekki ráðið, úr því verður ekki bætt. Þess vegna verður að leita annarra ráða. Það hefur komið upp sú hugmynd, sem hér er talað um og hefur verið rædd, að hafa varaflugvöll fyrir Ísafjörð undir þeim kringumstæðum að ekki sé þar lendandi vegna suðaustanáttar. Væri hugsanlega hægt að lagfæra svo flugvöllinn að Holti í Önundarfirði að hann gæti þjónað sem varaflugvöllur fyrir Ísafjörð undir þeim kringumstæðum sem hér hefur verið greint frá.

Annað er það með Ísafjarðarflugvöll. Hér er nefnt að athuga um lýsingu og öryggistæki vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli. Ég hef heyrt því haldið fram, að það væri fjarstæða að ætla að slíkt væri hægt. Vel má vera að svo sé, en mér vitanlega hefur engin tæknileg athugun verið gerð sem alveg ótvírætt leiði í ljós að ekki sé hægt í tæknivæddu nútímaþjóðfélagi að lýsa þannig Ísafjarðarflugvöll að hægt sé að lenda þar eftir að myrkt er orðið. Því var hreyft fyrir allmörgum árum, að vera mundi hugsanlegt, hvað þá nú, að nota sömu lýsinguna fyrir flugvöllinn og fyrir Ísafjarðarkaupstað, þ. e. að flóðlýsa þannig að sama lýsingin gæti gilt bæði fyrir flugvöllinn og fyrir bæinn sem slíkan. Kannske finnst mönnum þetta óralangt í fjarlægð, en hvað sem um það er tel ég nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvort slíkt er hægt eða ekki, og ég trúi því ekki, miðað við nútímaþjóðfélag, að ekki sé hægt að gera þetta svo úr garði að hægt sé að lýsa Ísafjarðarflugvöll án þess að það þurfi að kosta ríkið óbærilegar fjárhæðir.

Menn hafa sömuleiðis haldið því fram, að það væri ógerlegt aðflug að Ísafjarðarflugvelli í myrkri vegna þess, hversu þröngur fjallahringurinn væri og fjöll há. Ég er nærri því viss um það, að á sama hátt og hægt er að lýsa flugvöllinn sjálfan er hægt, kannske kostar það of mikið, að koma fyrir leiðbeiningarljósum að flugvellinum svo að hægt sé að lenda þar í myrkri.

En um þetta er sem sagt fyrsti þáttur till., þ. e. að þessi mál verði könnuð til hlítar og gengið verði úr skugga um hvort þetta er ekki framkvæmanlegt. Að sjálfsögðu mundi liggja fyrir í kjölfar þess, hver kostnaður yrði af slíkri framkvæmd. Og þó að þetta tækist eru, eins og hér hefur komið fram, það mikil úrtök í lendingunni á Ísafjarðarflugvelli vegna veðurfars að nauðsynlegt er að koma upp varaflugvelli fyrir Ísafjarðaflug, og þar hafa menn fyrst og fremst staðnæmst við Önundarfjörð eða flugvöllinn í Holti. Að vísu hafa líka komið fram hugmyndir um að búa til nýjan flugvöll í Önundarfirði og þá fyrir utan Þorpið á Flateyri. Þær hugmyndir hafa heyrst, og vel má vera að slíkt sé á einhvern hátt öruggara og æskilegra, en auðvitað kæmi slíkt þá í ljós við athugun á þessu máli öllu í heild, ef það þætti frekar henta en að lengja og gera betur úr garði flugbrautina í Holti.

Það eru í raun og veru þrír aðalflugvellir til notkunar á Vestfjörðum fyrir innanlandsflugið hjá Flugleiðum. Það eru Ísafjarðarflugvöllur, Þingeyrarflugvöllur og Patreksfjarðarflugvöllur. Það hafa líka heyrst um það hugmyndir, að hugsanlegt væri að koma upp varaflugvelli fyrir Ísafjarðarflugið í Bolungarvík. Ég sjálfur er heldur vantrúaður á að þær kringumstæður séu þar fyrir hendi að þær leysi vandann. Ég tel eigi að síður nauðsynlegt, og það kemur fram í till. okkar, að sá möguleiki sé líka kannaður og úr skugga gengið um að aðstæður séu þá ekki fyrir hendi, ef svo virðist vera.

Hér er líka gert ráð fyrir öryggisútbúnaði og lýsingu á Þingeyrarflugvelli. Það má sjálfsagt telja eðlilegra og aðgengilegra að koma fyrir slíku þar, en eigi að síður tel ég nauðsynlegt að ganga úr skugga um með hvaða hætti það yrði gert og eins þá hver kostnaður fylgdi slíku. Nú er ljóst að á Þingeyrarflugvelli er oft og tíðum hægt að lenda þó að ófært sé á Ísafjarðarflugvelli. En fjarlægð milli Ísafjarðar og Þingeyrarflugvallar er svo mikil að ég tel ekki líklegt, a. m. k. eins og samgönguhættir nú eru og örðugleikar í samgöngum milli þessara tveggja staða, að það verði talið eðlilegt að koma upp varaflugvelli á Þingeyri fyrir Ísafjarðarflugið. Það er við bestu aksturskilyrði a. m. k. eins og hálfs klukkutíma keyrsla frá Ísafirði til Þingeyrar. Vart held ég að menn mundu sætta sig við

það miðað við eðlilegar samgöngur, hvað þá, eins og hér hefur komið fram, þegar þessi leið er gersamlega lokuð svo mánuðum skiptir.

Í suðurhluta Vestfjarða er Patreksfjörður miðdepill flugsamgangna. Patreksfjarðarflugvöllur er ekki heldur lýstur. Það er nauðsynlegt að gera úrbætur þar, að því er varðar athugun á lýsingu og öryggisútbúnaði öllum, og gera þann flugvöll þar með betur úr garði en nú er.

Ef hv. þm. vita ekki nú þegar um kringumstæður, vita um við hvaða einangrun í samgöngum íbúar á Vestfjörðum búa, vona ég a. m. k. að þeir, sem ekki töldu ástæðu til þess 1978, þá um vorið, að úrbætur yrðu gerðar og hér eru enn, hafi vitkast svo að þeir séu núna betur upplýstir. Málið er svo brýnt og nauðsynlegt að það er allra hluta vegna ekki bara æskilegt, heldur og nauðsynlegt að þetta verkefni verði tekið út úr, vegna þess hversu landshlutinn er í heild einangraður í samgöngum, og það verði framkvæmt, sem hér er talað um, og gengið úr skugga um það í eitt skipti fyrir öll, hvort ekki er hægt með þeim hætti að gera flugsamgöngur við Vestfirði greiðari en þær hafa verið. Ég vænti þess líka að hinir nýkjörnu þm., sem hér sitja nú, en ekki voru 1978 þegar málið var afgreitt með þeim endemum sem ég hef hér lýst, kynni sér málið gaumgæfilega. Geri þeir það veit ég að þeir komast að raun um að þetta er sanngirnismál, — sanngirniskrafa þess fólks sem um árabil hefur búið við mesta einangrun í öllum samgöngum miðað við aðra landshluta. Ég vænti þess a. m. k., að þm. almennt telji Vestfirðinga leggja það ríflegan skerf til þjóðarbúsins, að þeir eigi skilið að búa við sambærilegar samgöngur við aðra landsmenn, og það sé tími til þess kominn, nógu langur tími hefði liðið þannig að þeir væru einangraðir, að hlutur þeirra sé réttur að því er þetta varðar þannig að þeir séu ekki langt aftur úr öðrum landsmönnum varðandi samgöngur, bæði innan fjórðungsins og ég tala nú ekki um við aðra landshluta.

Í trausti þess, að skilningur sé hér fyrir hendi nú, er þetta mál tekið upp og flutt í þriðja sinn. Ég vænti þess, og er raunar viss um það, að málið fær nú betri viðtökur og meiri hljómgrunn en það fékk síðast þegar það var hér til afgreiðslu. Ég hygg að menn hafi sannfærst um að þetta er réttlætismál, sem er full þörf og nauðsyn á að tekið verði til ákvörðunar, og þó að ég á engan hátt sé að sjá eftir þeim samgöngum sem aðrir landshlutar hafa tel ég réttlætanlegt að þetta mál verði tekið út úr eitt og sér og Vestfirðingar verði látnir njóta forgangs að því er varðar samgöngumálin vegna þeirrar einangrunar sem þeir búa við.

Mér vitanlega — nú tek ég fram að ég vil ekki fullyrða neitt — hefur ekki komið hin títtnefnda umsögn frá flugráði um það sem till. fjallaði um á sínum tíma og fjallar um enn. Sé sú umsögn hins vegar fyrir hendi, sem ég skal ekkert fullyrða um, kemur það væntanlega fram í umfjöllun n. um málið og verður þá ekki í annað skipti til þess að bregða fæti fyrir að málið fái eðlilega meðferð á Alþingi. Ég vil fullyrða að það jaðraði við afglöp í meðferð málsins hér á Alþ. síðast. Ég dreg mjög í efa að meðferð málsins hafi verið þingleg, eins og henni var háttað þá, og ég vænti þess, að slíkt komi ekki fyrir aftur.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema þá tilefni gefist til frekar í umr., að hafa fleiri orð um till. En ég ítreka, að ég vænti þess, að mönnum sé nú orðið ljóst hversu brýn þörf er á að ráða hér bót á, vegna þess hversu ástandið er alvarlegt, og að málinu verði nú tekið með opnum örmum á Alþingi.

Ég vil svo að lokum leggja til að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna þeirri þáltill., sem hér hefur komið fram, og tel að upphaf hennar, þar sem sagt er: „Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta athuga nú þegar með hvaða hætti tryggja megi sem bestar og öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði" — eigi fullt erindi til samþykktar óbreytt. Aftur á móti get ég ekki varist þeirri hugsun, að þeir fjórir liðir, sem tíndir eru til á eftir, þrengi till., minnki gildi hennar raunverulega. Ég vil rökstyðja það á þann veg, að með þeim virðist aðeins vera hugsað til þeirra staða á Vestfjörðum sem njóta þjónustu Flugleiða. Jafnframt virðist mér að sú upptalning sé ekki fullnægjandi ef horft er á aðstæður.

Það fyrsta, sem blasir við ef litið er á Holtsflugvöll, er að fjarlægja verður þá háspennulínu sem sett var við enda flugvallarins. Verður að telja alveg forkostuleg vinnubrögð að setja háspennulínu svo nálægt flugvelli að hún beinlínis komi í veg fyrir að hægt sé að stækka völlinn og leyfa ýmsum flugvélategundum lendingu á vellinum.

Hitt atriðið, sem ég held að þurfi að koma inn í svona athugun og ég hef áður minnst á, er að það skiptir máli hvaða flugvélategundir eru notaðar. Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að Fokker-vélarnar séu ekki þær heppilegustu sem við höfum til samgangna við Vestfirði. Ég tela að við þurfum á vélum að halda sem þola styttri flugvelli og gætu þess vegna lent á fleiri stöðum.

Ég get nú ekki stillt mig um að geta þess, að mér virðist sem hv. þm. Karvel Pálmason sé í heldur slæmum félagsskap hvað þingflokk snertir, því að á sama tíma og hann var að flytja mál sitt áðan sátu samflokksmenn hans hvað glottaralegastir undir ræðu hans og virðast enn hafa heldur gaman af umr. um flugsamgöngur við Vestfirði. Það væri kannske betur við hæfi að hann veitti þeim ráðningu í einkatímum en hér í þinginu.

Allt, sem hann talaði hér um mikilvægi flugsins sem samgöngutækis við Vestfirði, er rétt og verður ekki nógsamlega undirstrikað. Og það ástand, sem nú er, að ekki sé hægt að fljúga á milli aðalsvæða Vestfjarða og Reykjavíkur þegar veður er milt, sunnanandvari, er algerlega óþolandi. Nokkur vindstig að sunnan eða suðaustan koma í veg fyrir að hægt sé að lenda á Ísafjarðarflugvelli.

Ég vil sem sagt undirstrika stuðning minn við þessa þáltill. og vænti þess, að flm. séu hlynntir því að rýmka svið hennar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Eftir því sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Vestf., sem hafði að sjálfsögðu ómælda þekkingu á þessu eins og fleiri sem betur fer, að menn hefðu verið allglaðhlakkalegir undir ræðuhöldum um þessi efni, er óhætt að segja að hér eru alls engin gamanmál á ferðinni. Ég er nú hættur að skipta mér af flugmálum í landinu, og ekki sýnist stefna í betri áttir vegna þess á síðustu og verstu tímum því að framlög til framkvæmda í flugmálum fara sífellt minnkandi að hlutfalli, úr því sem þau voru mest, yfir 4% af fjárlögum eru þau nú komin í 0.3%. Ef miðað er við þá þáltill. um flugmál á Íslandi, sem samþ. var á hinu háa Alþingi fyrir nokkrum árum, vantar sífellt meira og meira fé til þess að geta staðið við þá ályktun.

Það er mjög alvarlegt mál.

Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst vegna þess að hv. þm. Karvel Pálmason gerði aths. við afgreiðslu á þessu máli þegar það var hér síðast til meðferðar, og veittist nokkuð að því flugráði, sem þá sat, vegna málsmeðferðar þess. Vegna þess að þá átti ég sæti í flugráði verð ég að gera nokkrar aths. við mál hans varðandi þetta atriði eitt.

Þegar mál af þessu tagi koma á borð flugráðs eru þau auðvitað tekin þar til umr. og afgreidd með mismunandi hætti náttúrlega. En eins og þetta mál er undir sig komið þótti nauðsynlegt að láta sérfræðingana í stofnuninni kanna málið betur vegna þess að þarna væri um faglega hluti að ræða og það þyrfti auðvitað að athuga stöðuna, hvernig hún var, og þá möguleika sem fyrir hendi væru. En umsögnin átti að vera tilbúin nokkru síðar.

Í umsögn frá flugmálastjóra varðandi þetta erindi segir, með leyfi hæstv. forseta, að „þetta mál var lagt fyrir 931. fund flugráðs og samþ. að flugmálastjórn veiti umbeðna umsögn". Þannig var afgreiðslan. Hún var jákvæð. En af máli hv. þm. mátti skilja að hún hefði verið *neikvæð. Afgreiðsla flugráðs var jákvæð. Ég minnist* þess, að þegar málið var til umr. var auðvitað tekið mjög jákvætt í athugun á flugsamgöngum við Vestfirði, sem hafa verið mjög erfiðar. — Og svo segir áfram, með leyfi forseta: „Verður væntanlega unnið að þeirri umsögn n. k. sumar." Það segir flugmálastjóri. Með samþykktinni í flugráði var málið auðvitað afgreitt úr því. Það, sem á eftir kemur, er framkvæmdaatriði. Flugráð verður varla sakað um hvernig því hefur reitt af, en að sjálfsögðu þyrfti það að fylgjast betur með hvernig framkvæmdir verða í þessum efnum. Ég geri ráð fyrir að slík umsögn sé tilbúin hjá flugmálastjórn nú.

Þessi till. til ţál. er að sjálfsögðu góðra gjalda verð. Ég vil segja það, að ég held að flestir séu þeirrar skoðunar að það þurfi að vera lýsing á þeim flugvöllum þar sem um reglulegt áætlunarflug er að ræða, vegna þess hversu dimmt er hér í skammdeginu. Hitt er svo annað mál, að lýsing á flugvelli getur ekki orðið til þess að fjölga flugdögum í dimmviðri. Þar kemur allt annað til. Og lýsing og öryggisbúnaður á flugvöllum breytir því ekki, hvenær hægt er að fljúga vegna veðurskilyrða, það er alveg ljóst. Það er ekkert öruggara að fljúga í smávél eða vél sem þarf stutta braut en vél sem þarf lengri braut ef um blindflugsskilyrði er að ræða. Þannig hagar þó einu sinni til á Vestfjörðum að landslagið er með nokkuð sérstökum hætti, firðir eru þröngir og fjöll há. Það verður ekki lagað með öryggistækjum af þessu tagi.

Á þeim tíma, sem ég sat í flugráði, voru miklar framfarir í þessu efni og ekki síst á Vestfjörðum, en alls ekki *nægar, ég vil undirstrika það: alls ekki nægar. Þá kemur* auðvitað til greina að skipta þarf mjög litlu fé á mjög marga staði í margs konar verkefni. En hin síðari árin var lögð allmikil áhersla á að reyna að bæta öryggistækin og flugleiðsögutækin, því að það þarf að setja upp flugleiðsögutæki til þess að komast nokkurn veginn á það svæði sem flugvöllurinn er á. Það var einmitt settur upp í Ögri hluti af blindlendingarbúnaði, svokallaður localizer, þ. e. sending á lóðréttu radíógeislaplani, og auk þess var settur við hann sjálfvirkur fjarlægðarmælir. Þessi tæki hafa gert flug í þennan hluta Vestfjarða miklu öruggara en nokkru sinni fyrr og voru stórt framfaraspor. Tæki af þessu tagi eru afar fá á Íslandi. Hér í Reykjavík er gamall búnaður af þessu tagi, sem varla hefur reynst nægilega öruggur og góður, en fjölstefnuvitar eru í Keflavík, á Akureyri og Ingólfshöfða. Þeir þyrftu að *koma víðar, t. d. í Vestmannaeyjum, ekki vegna flugs* þangað, heldur vegna öryggis í flugi milli landa.

Ég hef þegar sagt, að það er mín skoðun og ég tel einnig flestra þeirra sem fást við þessa hluti, að nauðsynlegt sé að koma upp lýsingu, en hún leysir hins vegar ekki vandann þegar lágskýjað er. Þau lágmörk, sem eru í gildi varðandi lendingar á völlum fyrir vestan, eru býsna ströng vegna landslagsins. Það þarf sem sagt að vera með fullu öryggi fyrir ofan hæstu fjöll. Hvort menn hafa ljós á völlum eða ekki skiptir ekki máli í þeim tilfellum því að menn þurfa að komast niður úr súpunni, eins og kallað er, og það gera menn ekki með neinu öryggi inni í þröngum fjörðum. Hins vegar geta menn komist niður í Djúpið einmitt vegna þessa stefnuvita sem þar er kominn. Síðan þessi tæki komu upp hefur ekki þurft að grípa nema sjaldan til radarsins, ef þá nokkurn tíma, en það var eina öryggistækið sem á sínum tíma var í notkun á þessum stað.

Ég álít að Alþ. eigi að taka mjög jákvætt í till. af þessu tagi. Hins vegar held ég að alþm. verði að gera sér grein fyrir því, að það eru miklar takmarkanir á því, hversu langt er hægt að ganga til að fjölga flugdögum þar sem landslagi og veðráttu er svo háttað sem er á Vestfjörðum. En ljósin á vellina geta orðið til þess að menn geti flogið *þar í myrkri ef ekki er um blindflugsskilyrði að ræða, auk* þess sem völlurinn á Ísafirði — fyrir þá sem ekki hafa komið þangað — er með þeim ósköpum gerður að vera alveg niður við sjó undir brattri fjallshlíð, og er gjarnan farið með útlendinga, sem í „flugbransanum" eru, vestur á Ísafjörð til að sýna þeim hvernig skilyrði við þurfum að búa við víða á landinu í þessum efnum.

Herra forseti. Ég get svo sem látið máli mínu lokið um þetta efni að þessu sinni. En ég álít að við eigum að taka jákvætt í till. þessa og við eigum að reyna að berjast fyrir því að fá fjárveitingar til að geta lýst fleiri flugvelli þar sem um reglubundið áætlunarflug er að ræða. En menn skulu ekki vera allt of bjartsýnir þrátt fyrir að það tækist, vegna þess að hin náttúrlegu skilyrði þrengja þá möguleika, þrátt fyrir alla rafeindatæknina, svo mikið að menn ættu að vera viðbúnir því að ekki sé unnt að bæta skilyrðin eins mikið og æskilegt væri.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Þetta er nú gott mál og gamall kunningi. Þetta mun í þriðja skiptið sem það er flutt hér. Allt kemur það mjög svo kunnuglega fyrir sjónir. Upphafið var það, að árið 1976 flutti ég fsp. til samgrh. um flugsamgöngur við Vestfirði og tiltók þá þessa liði alla, nákvæmlega þessa liði. Fsp. fylgdi að *venju grg.* Þetta mál vakti strax athygli, ekki hvað síst hv. þáv. 5. þm. Vestf. sem lagði tveimur dögum seinna fram þáltill. sem var samhljóða fsp. og grg. meira að segja svo til sú sama. Það gleður mig að þetta hefur verið vel gerð grg. upphaflega hjá mér, því að enn er hún hér, m. a. s. meinleysisveðrið mitt á Ísafirði er enn á sínum stað. En þetta segi ég ekki till. til lasts. Hún er auðvitað betri fyrir hvað hún er þokkalega samin.

Ég ætla ekki að fjölyrða um málið hér. Hv. 6. landsk. þm. þarf ekki að lýsa fyrir öðrum þm. Vestf. hvað hér er um að ræða. Ég verð að segja það, að ég hefði talið að hv. 1. flm. hefði mátt vanda dálítið betur til sinnar framsögu. Við erum búin að heyra þetta svo oft, þeir sem hafa verið á undanförnum þingum. En það er ýmislegt fleira sem hér ber til, m. a. er eitt atriði sem ég saknaði mjög í máli

þeirra sem hér hafa talað um þetta, að ekki var minnst einu orði á sjúkraflugið.

Síðan hv. 6. landsk. þm. flutti fyrst þetta mál hefur orðið óheillaþróun í sjúkraflugi á Vestfjörðum. Það hafa verið lagðir niður þrír litlir vellir sem gegndu ákaflega mikilvægu hlutverki í sjúkraflugi. Það þarf ekki bara lýsingu á stærri völlunum, hversu nauðsynleg sem hún er, ekki síður þurfa litlu brautirnar inn til sveita, inn til dala, út til nesja að vera í lagi. Ég vil ekki kenna mannvonsku eða skeytingarleysi eins eða neins um að þetta hefur farið svona. Það er féleysi flugmála í landinu sem illu heilli hefur orðið til þess að svona hefur farið. Hins vegar má taka undir það sem kom fram hjá hv. 6. landsk. þm.

Ég sagði að mér hefði fundist framsagan nokkuð gloppótt og óþarflega mikið byggð á því gamla. Hv. 6. landsk. þm. hlýtur að hafa verið kunnugt um að framlenging brautarinnar við Holt hefur torveldast og kannske verið gerð ómöguleg með þeirri háspennulínulagningu sem kom fram í máli hv. 5. þm. Vestf., en sú háspennulína gerir, eins og nú standa sakir, ómögulegt að fullnægja þeirri varaflugvallarþörf sem völlurinn við Holt í Önundarfirði var annars líklegur til þess að geta gegnt í framtíðinni.

Við verðum líka að líta á þetta mál í víðara samhengi. Okkur gagnar lítið fullkominn varaflugvöllur á Þingeyri og í Holti í Önundarfirði til að þjóna norðurhluta Vestfjarða á meðan Breiðadalsheiði er svo erfið sem hún er. Þarna hljóta auðvitað flugsamgöngur og landsamgöngur að tengjast. Á það var ekki minnst. En jarðgöngin í gegnum Breiðadalsheiði eru auðvitað annað stórmál sem bíður þess að til sé fé til að framkvæma það.

En svo að ég víki aftur aðeins að sjúkrafluginu. Þá vil ég minnast úr ræðustól á Alþingi á það óhappaverk að mínu mati þegar Vængir felldu niður flugsamgöngur til Vestfjarða og Arnarflugi var veitt heimild til þess að fljúga á staði þá á meðan við höfum flugfyrirtæki í fjórðungnum, á Ísafirði, Erni hf., sem sótti um þetta flugleyfi og taldi sig með öllu móti geta gegnt þeirri flugþjónustu sem þarna var um að ræða. Flugfélagið Ernir á Ísafirði hefur gegnt ómetanlegu hlutverki fyrir Vestfjarðaflug og ekki hvað síst sjúkraflugið. Ég hygg að ég muni það rétt, að á s. l. ári hafi um 150 sjúkraflugferðir verið farnar á hinum litlu vélum frá Örnum hf. En hvað skeður? Þeim mönnum, sem reka Erni, er synjað um flugleyfi á þessar hafnir, en það fengið flugfélagi í Reykjavík. Ég veit að ég þarf ekki að lýsa fyrir þeim sem eru búsettir á Vestfjörðum hvað hér var óeðlilega að farið af páv. samgrh., að ljúka þessu máli með þessum hætti, og ég veit að vestra er almenn undrun og óánægja, og mega þó líklega sumir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum sjálfum sér um kenna, en það er hvað verst í málinu.

Ég vildi aðeins benda á að sjúkraflugið er einn stóri þátturinn í flugþjónustu úti á landsbyggðinni, ekki hvað síst þar sem háttar eins til og á Vestfjörðum. Ég heyrði nýlega í útvarpi frá flugmálastjórn í umsögn um Ísafjarðarflugvöll, að þar er talað um að stóru vélarnar muni eiga erfitt með, jafnvel þó lýst væri, að nota sér aðflugslýsingu á Ísafjarðarvelli. Hins vegar væri það stórkostleg bót og öryggi fyrir smærri vélar. Og þá er ég komin aftur að því öryggisflugi sem ég tel að við verðum að leggja áherslu á.

Ég ætla ekki að fara út í hnotabit hv. 6. landsk. þm. um meðferð þessa máls á þingi. Það kom nokkuð greinilega fram hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, sem á þeim tíma átti sæti í flugráði, um þá meðferð sem málið fékk á sínum tíma, að því var vísað frá á grundvelli þess að flugráð hafði látið svo um mælt skriflega að rannsókn yrði gerð um sumarið. Það, að sú rannsókn var ekki gerð eins og flugmálastjóri sjálfur hafði staðfest í bréfi, stafar auðvitað eingöngu af því að fjármunir voru ekki til.

Það er óþarfi að gleyma þó því sem vel er gert. Gjarnan hefði mátt koma fram hjá hv. frsm. fjölstefnuvitinn í Ögri, sem hefur gerbreytt möguleikum í aðflugi að Ísafjarðarflugvelli þó að engan veginn séu aðstæður þar nógu góðar enn.

Ég fagna því að sjálfsögðu að þetta mál er komið hér enn fram, þó að mér finnist að það mætti vera betur úr garði gert. En ég get dæmalaust vel tekið undir orð hv. frsm., að þetta mál er þannig vaxið að það væri eðlilegt að það hefði forgang fram yfir önnur mál sem flugþjónustu varða. Hér þarf auðvitað til bæði vilja og ötulleik manna til að ná málinu fram, og svo fyrst og síðast, eins og ætíð, þarf fjármuni til að framkvæma það.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Aðeins nokkrar aths. út af því sem fram hefur komið.

Ég vil fyrst þakka hv. þm., sem hér hafa talað, að ég verð að segja þokkalegar undirtektir, — að vísu með mestum semingi frá hv. síðasta ræðumanni, og er það skiljanlegt og kem ég kannske frekar að því á eftir.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson taldi upphafið að þessari þáltill. gott sjálfsagt, en taldi framhaldið ekki eins aðgengilegt vegna þess að það væri ekki nógu tæmandi. Það er út af fyrir sig rétt. Málið snerist eðlilega um hvort ætti að fara að telja upp alla þá þætti, sem auðvitað hefði mátt fella undir málið í sambandi við samgöngur flugleiðis, eða hvort ætti að afmarka málið með þessum hætti og þá með það í huga að það væri líklegra til þess að fá framgang, sem hefur nú því miður ekki sýnt sig vera enn. En ég fellst alveg á að þarna mætti vera meiri upptalning og að málið er ekki nægilega tæmandi. Ég hef síður en svo á móti því, að gerð yrði frekari upptalning í sambandi við það sem gera þarf, en ég óttast að það verði kannske frekar til að drepa málinu á dreif og það verði ekkert framkvæmt. Við höfum mörg dæmi þess.

Varðandi Holtsvöllinn, sem hv. þm. Ólafur Þórðarson minntist á og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir líka, þá er alveg rétt að þarna hafa verið gerðir hlutir sem eru nánast óskiljanlegir varðandi raflínuna sem lögð hefur verið rétt við brautarenda flugvallarins í Holti. Það er kannske enn eitt dæmið um að það virðist enginn vera ábyrgur í þessu þjóðfélagi og allra síst þeir sem fara með mál fyrir hið opinbera. Ég hygg að það hefði engum viti bornum manni dottið í hug, hefði mann kynnt sér aðstæður, að setja þetta mannvirki — þá á ég við raflínuna — við brautarendann á flugvellinum. Það gengur milli Heródesar og Pílatusar hver beri sökina og hver beri ábyrgðina á þessu óhæfuverki. Ég veit ekki hvort þetta mál hefur komið til flugráðs. Ég geri þó frekar ráð fyrir því, en enn eiga hér sæti á Alþ. flugráðsmenn, þó sumir hverjir bestu drengir séu þaðan farnir nú, og þeir gætu kannske upplýst það. Ég þori ekkert um það að segja, mér þykir ólíklegt a. m. k. að svona framkvæmd sé unnin, að setja raflínu við enda á flugbraut, án þess að flugmálayfirvöld í landinu séu spurð um það einu orði. Það má vera, en það er þá einn anginn af því óheillavænlega kerfi sem við búum við.

Ég er ekkert að svara því hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni,

hvort ég er í slæmum félagsskap í þingflokknum eða ekki. Þetta mál ber þess ekki vott. (**GS:** Það er engin spurning.) Engin spurning, segir hv. þm. Garðar Sgurðsson. Það mætti ætla að hann þekkti þar betur til en ég. Ég veit ekki hvort svo er, en ég held að ekki skipti máli þó svo væri. Málið, sem við erum hér að ræða, er gott og það skiptir meginmáli.

Út af því, sem hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði, hef ég ekki á móti því að hér sé drepið á fleira, málið víkkað, ef það hefur ekki í för með sér að torvelda að málið nái fram að ganga. En verði það er ég algerlega á móti því, þá vil ég heldur afmarka það.

Hv. fyrrv. flugráðsmaður, Garðar Sigurðsson, talaði eins og hans er von og vísa, enda af vestfirsku bergi brotinn, skynsamlega um mál hér. En ég held að hann hljóti að hafa misskilið mig ef hann heldur að ég hafi verið að drótta því að flugráði eða flugráðsmönnum að þeir hafi komið í veg fyrir þetta mál. Ég held að ég hafi orðað það svo, ég hef það að vísu ekki skrifað, að sú umsögn, sem flugmálastjóri veitti, hafi verið þannig, að hv. allshn. notfærði sér hana til að drepa málið. Það býr ekki mér í hug að bera á flugráðsmenn að þeir hafi til þess ætlast, en allshn. þingsins notfærði sér þá umsögn til að drepa málið.

Þá kem ég að hinu líka, sem var eðlilegt í máli hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur. Hún vildi ekki tala um fortíðina í þessu máli að því er varðaði afgreiðslu málsins. Hv. þm. stóð að því sem þm. kjördæmisins að málið var drepið, svo merkilegt sem það nú er, ásamt öðrum hv. þm., lagði það til. Ég man ekki satt að segja hvernig hv. þm. Garðar Sigurðsson greiddi atkv., en ekki kæmi mér á óvart þó að hann hafi verið sammála málsmeðferð allshn. En ég skal ekki fullyrða um það.

Ég vil ítreka út af því, að hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði að umsögn flugráðs hefði verið svona vegna þess að þeir þurftu að láta sérfræðinga innan stofnunarinnar kanna málið: Hvaða skaði var skeður með því að Alþ. samþykkti að sérfræðingarnir gerðu þetta? Var það til að spilla fyrir málinu? Var það ekki enn þá frekar til áréttingar því, að Alþ. teldi málið nauðsynlegt og vildi að þetta væri gert, en að nota umsögn flugráðs til að drepa málið? Það fer ekki á milli mála, að allshn. öll eins og hún lagði sig notaði þessa umsögn til að drepa málið. Það var það sem gerðist, enda væri hægt að finna það í ótalmörgum ræðum sem fluttar voru á Alþ. þegar þetta mál var hér til meðferðar.

Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, að hvorki lýsing né öryggisbúnaður, þótt til staðar væri, gerði að verkum að alltaf sé hægt að lenda á tilteknum völlum. En það er ekkert vafamál að slíkur öryggisbúnaður mundi auka tíðni flugferða á sömu staði, það er augljóst mál. Og það er út af fyrir sig rétt, að auðvitað er þetta angi af stærra máli. Á undanförnum árum og kannske áratugum hafa menn verið að skipta allt of litlum upphæðum á ótrúlega marga staði. En ég held að það verði ekki komist hjá því öllu lengur og þm. verði að gera upp við sig hvort þeir ætla að horfa á heildarþörfina burt séð frá því hversu brýn nauðsyn er á hverjum stað um sig. Ég hef lýst því og fengið undirtektir undir það og það er skoðun okkar flm. þessa máls, að við teljum að þetta mál sé með þeim hætti og kringumstæður allar, að réttlætanlegt sé og sjálfsagt að það njóti forgangs fram yfir annað.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði að upphafið að þessu máli væri fsp. sín frá árinu 1976 og þess vegna hlyti þetta að vera gott mál, vel til þess vandað. Ekki skal ég þræta fyrir að það gæti verið svo. En það var þó ekki það gott að hv. þm. treysti sér til að mæla með því að Alþ. samþykkti það vorið 1978. Þá snerist hún gegn því. Það var ekki svo gott, þó að hv. þm. telji að upphafið sé hjá henni sjálfri.

Um það, hvort ekki hefði mátt vanda dálítið betur til framsögunnar, ætla ég ekki að deila við hv. þm, né hitt, að menn séu búnir að heyra þetta oft. Ég veit ekki hvort er hægt að haga máli sínu eftir „behag" ef menn eru að tala efnislega um nákvæmlega sama hlutinn. Ég a. m. k. vil og ætla mér að halda mér við sömu röksemdir í þessu máli og áttu við fyrst þegar málið var flutt. Ég sé ekki að þær hafi breyst neitt. Þær eru nákvæmlega eins, og auðvitað á þá við nákvæmlega sama framsagan. Því er sú ádrepa hv. þm. léttvæg í mínum huga.

Hv. þm. sagði líka að ég byggði málið á því gamla. Það er auðvitað rétt, ég geri það. Og það er kannske það sem þessi hv. þm. vill forðast, að hið gamla sé rifjað upp í þessu máli. En sporin hræða og vítin eru til að varast þau. Það þarf í þessu máli að koma í veg fyrir, að það verði meðhöndlað eða afgreitt á sama — ég vil næstum því segja: svívirðilega hátt og það var afgreitt vorið 1978.

Hitt er alveg rétt hjá hv. þm., sem hann var að tala um áðan, að auðvitað eru fleiri vandamál samtengd þessu vandamáli innan flugsamgangna, þar með talið sjúkraflugið. Það er alveg rétt, og ég tek undir það. En mér hefur fundist og finnst raunar enn, að það hafi lítið lagast. Mér finnst að það sé allt of mikið að því gert að tengja allt saman eða kannske frekar sagt reyra allt saman í einn hnút, sem oftast verður til þess að menn telja verkefnin svo umfangsmikil og fjárfrek að öllu saman er slegið á frest. Það er því betra í mínum huga að fá eitthvað svolítið brot af jákvæðri framkvæmd en teygja mig yfir svo og svo mikið svið, og svo er allt saman drepið vegna þess að menn gera svo mikið úr því hversu mikla fjármuni það kosti að framkvæma lagfæringar sem um er talað hverju sinni. Og það er alveg rétt að vissulega er þörf á því — og þó fyrr hefði verið — að haga málum með betri og skynsamlegri hætti að því er varðar undirstöðuna undir það að hægt sé að reka þá þjónustu sem er rekin á Vestfjörðum í sambandi við sjúkraflug og annað. Ég tek heils hugar undir þann þátt í ræðu hv. þm. sem um það fjallaði. Till., sem hér er flutt, er ekki á einu eða neinu stigi til þess að gera lítið úr eða draga úr því að þörf er á að bæta um betur í sambandi við sjúkraflugið.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir orðaði það svo, held ég, að Holtslínan hefði líklega gert óframkvæmanlegt að lengja flugvöllinn í Holti. Ég efast mjög um það. Ég vil a. m. k. fá að vita hver ber ábyrgð á þeirri framkvæmd og hann sé látinn axla þá ábyrgð. Ef á annað borð er um einhverja ábyrgð að ræða hjá opinberum aðilum eða einstaklingum í verkframkvæmdum, þá þarf það að koma í ljós hver ábyrgð ber, ekki síst ef sú framkvæmd hefur komið í veg fyrir að hægt sé að byggja upp þarna varaflugvöll fyrir Ísafjörð. Ef framkvæmdin við raflínuna hefur komið í veg fyrir það er það enn þá alvarlegra og stærra mál í mínum huga en ella og á þá að koma í ljós.

Það er líka rétt hjá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, að það er takmarkað gagn að því að fá varaflugvöll í Holti fyrir Ísafjarðarflug miðað við óbreytt ástand á leiðinni milli Önundarfjarðar og Djúpsins. En skyldi það nú ekki verða svo, að varaflugvöllur staðsettur í Holti

knýi meir á um að lagfæring verði gerð á Breiðadalsheiði en óbreytt ástand? Ég er a. m. k. þeirrar skoðunar, að ef sú ákvörðun væri tekin að byggja upp varaflugvöll fyrir Ísafjarðarflug í Holti í Önundarfirði væri það beint framhald af slíkri ákvörðun að lagfæra svo samgöngurnar milli Önundarfjarðar og Djúpsins um Breiðadalsheiði að þar væri fært miklu oftar en raun hefur á orðið á undanförnum árum. Auðvitað er það þáttur í málinu. Það er svo sjálfsagt að a. m. k. þm. kjördæmisins ættu ekki að þurfa að vera að deila um það, svo augljóst sem málið er.

Um þann þátt, að það hafi verið óhappaverk að Arnarflugi hafi verið veitt flugleyfi sem Vængir höfðu með að gera á sínum tíma, skal ég ekki tala. Sjálfsagt þykjast a. m. k. þeir, sem það gerðu á sínum tíma, hafa þau rök bak við þá ákvörðun sem þeir telja sig geta staðið við og réttlætt. Ég ætla ekki að ræða það hér. Ég hef ekki, frómt frá sagt, sett mig nægjanlega vel inn í það mál til þess að geta um það talað eða um það dæmt. Auk þess er það augljóst mál, a. m. k. að því er ég held, að bætt og aukin nýting á þeim flugvöllum, sem hér er talað um í sambandi við áætlunarflugið, hlýtur að koma að notum í sambandi við sjúkraflugið, því að bætt öryggi og aðstaða á flugvöllum fyrir áætlunarflugið hlýtur að koma að sama eða svipuðu gagni fyrir sjúkraflugið. Þetta hlýtur því að fara saman.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði að flugráð hefði ekki framkvæmt þá athugun, sem um var talað í till. frá 1978 og hér er talað um enn, vegna þess að fjármagn hefði ekki verið til. Ég efast mjög um að hér sé rétt frá sagt, heldur sé ástæðan fyrir því, að ekkert hefur verið gert í málinu sú að ekki hafi verið til fjármagn til þess að láta framkvæma athugun. Ég dreg það a. m. k. mjög í efa þangað til það kemur frá þeim sem betur vita um það en ég tel að hv. þm., sem þetta sagði áðan, viti. En sé það rétt er fengin enn ein ástæðan til að víta meðferð málsins 1978. Þá hefur sá aðili, sem umsögnina gaf og lofaði að rannsókn yrði gerð, enn frekar gengið á bak orða sinna, og því er meiri ástæða til þess fyrir hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur að taka nú saman höndum við flm., mig, hv. flokksbróður hennar Matthías Bjarnason o. fl. og reka af okkur það slyðruorð, sem á hefur legið, og sjá til þess að málið nái fram að ganga á þessu þingi og því verði borgið, menn hætti úrtölum í málinu, því að málið er ekki síður nauðsynlegt nú en það var þegar það var drepið með óeðlilegum hætti hér.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ekki veit ég hvað hv. síðasti ræðumaður á við með því að frú Sigurlaug Bjarnadóttir hafi drepið eigið mál á þingi 1978. (Gripið fram í.) Þið verðið að fyrirgefa, það tekur mig dálítinn tíma að vakna, hv. þm. var að svæfa mig með málþófi sínu. Líklega tekst honum betur en nokkrum öðrum að drepa gott mál með málþófi, jafnvel þó að um meginmál sé að ræða.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, en um það kom framíkall áðan sem gaf tilefni til þess að segja að hv. 6. landsk. þm. er í réttum flokki. Það er ekki sá flokkur til í þinginu, sem getur hýst hann lengur, annar en sá sem hann er í. (**Gripið fram í:** Hvað á þm. við?) Þm. á við það, að sá flokkur, sem hýsti hann þegar hann var hér síðast, er ekki lengur á þingi. Er þetta nægilegt svar, fyrrv. dómsmrh.? Ég á við það m. ö. o., að Alþfl. hefur tekið að sér hlutverk þess flokks sem var.

Ég gat ekki fundið af málflutningi frú Sigurlaugar Bjarnadóttur áðan, hv. þm., að hún væri að fordæma þá þáltill. sem nú er hér flutt á þskj. 89. Hún var einmitt að mínu viti að taka undir hana og benda á að hún hefði sjálf flutt þessa hugmynd inn á Alþ. Mér finnst því alveg ástæðulaust af hv. 6. landsk. þm. að gefa í skyn að hún hafi tekið undir þessa till. sína, sem nú er flutt af öðrum, með einhverjum semingi. Ég hef orðið var við það þann tíma sem frú Sigurlaug hefur ekki verið á þingi, að margir Vestfirðingar hafa fundið sig hálfmunaðarlausa og söknuðu hennar af Alþ. Og ég trúi því ekki að hv. 6. landsk. þm. haldi því fram í alvöru, að flm. þessarar till. 1978 hafi þá lagt til að málið yrði drepið. Svona málflutningur er frambærilegur.

Ég er í flugráði og ég skal gjarnan bera það flugráði á næsta fundi, að margir þm., sem tóku til máls um þetta mál í dag, óski eftir að sú framkvæmd, sem hér getur um, verði látin njóta forgangs í verkefnaröð flugráðs. En ég er hræddur um að það verði erfitt fyrir mig að lofa að flugráð samþykki það. Flugráð taldi sig þurfa yfir 2000 millj. kr. á fjárlögum nú til að halda í horfinu samkv. framkvæmdaverkefnaskrá sem flugráð samþ. á sínum tíma þegar við Garðar Sigurðsson, hv. 4. þm. Suðurl., vorum saman í flugráði. En til framkvæmda á fjárlögum núna eru ætlaðar 960 millj., ef ég man rétt, þannig að menn sjá að með hverju ári fer minnkandi það framlag sem flugráð fær til framkvæmda. Hv. 4. þm. Suðurl. gat þess í fyrstu ræðu sinni, að framlag til flugmála hafi verið 4% miðað við heildarfjárlög þegar hann tók sæti í flugráði, en væri nú orðið 0.3%. Þá sjá menn í hvaða átt stefnir.

Það er svo oft, að það er farið afskaplega varlega þegar óskir um fjárframlög berast fjvn. frá stofnunum, hvort sem það er flugráð eða aðrar stofnanir. Þm. verða við fjárlagagerð að sætta sig við þau framlög sem eru samþ. þar. Þegar fjárlög hafa verið samþ. í Sþ. er það sýndarmennska og bara atkvæðaveiðar eða til þess að treysta stöðu sína heima í héraði að koma með fjárfrekar till. Nú er ekki búið að samþykkja fjárlög. Nú er því tíminn fyrir þm. til að standa saman um góð mál og koma þeim inn á fjárlög.

Ég vil skora á hv. þm. að kynna sér vel hvaða verkefni eru í framkvæmdaáætlun flugráðs, hver þau eru í öllum kjördæmum. Það er þrýstingur á flugráð alls staðar að. Þm. ættu nú að sameinast um að flugráð fái næstum því það sem þarf til þess að halda við flugvöllum úti á landi, bæði sjúkraflugvöllum og áætlunarflugvöllum, og þá alveg sérstaklega hvað öryggisbúnað snertir, því að eins og menn muna taldi flugmálastjóri tæplega hægt að flugráð og hann sem embættismaður tækju ábyrgð á því að leyfa flug til ákveðinna flugvalla miklu lengur vegna þess að bæði vélum og mannslífum væri stefnt í voða. Hann tók þannig til orða: ekki aðeins í hættu, heldur í voða. Þetta skulum við hafa í huga. Fjárlög hafa ekki verið samþykkt enn þá. Ef þm. meina eitthvað með málflutningi sínum eru verkefni um allt land. Ég skal samt bera það til flugráðs, að óskað sé eftir því að Ísafjarðarflugvöllur njóti forgangs. Flugmálastjóri hefur einnig margoft bent á þær hættur sem í því felast að minnka fjárframlög frá ári til árs til flugmála.

Ég vil líka taka undir það, sem hv. þm. frú Sigurlaug sagði áðan, að ég tel kannske ekki að það hafi verið óhappaverk að Vængir hættu að fljúga til Vestfjarða, en ég var alla vega ákaflega mikið á móti því að Loftleiðir, því að ég tel að Loftleiðir hafi fengið aukna einokunar-

aðstöðu í innanlandsflugi, fengju þar einokunaraðstöðu. Ég skipti ekkert um nafn á félaginu. Ég held að það sé eitt af fáum skiptum sem við Garðar Sigurðsson, hv. 4. þm. Suðurl., urðum ósammála í flugráði þegar þetta flugrekstrarleyfi var rætt. Ég held að það út af fyrir sig væri stórmál og verðugt verkefni fyrir Alþ. að taka flugmálin í heild til endurskoðunar. Tek ég að mörgu leyti undir þann málflutning sem hér átti sér stað á s. l. ári, en það var, að mig minnir, 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, sem gerði það að umræðuefni. Það hefur komið í ljós að margt af því, sem hann sagði, kallar á frekari rannsókn.

Ég vil líka að það komi fram hér, að lenging Holtsflugvallar er óhugsandi eins og er með háspennulínuna þar. Þetta hefur verið rætt í flugráði. Flugráð hefur lagt á það mikla áherslu að þessi háspennulína verði fjarlægð og fundin verði önnur lausn. Mér skilst að það sé til önnur lausn, en hún sé dýrari. En flugráð er að sjálfsögðu eindregið gegn því að háspennulínur séu lagðar tiltölulega stutt frá flugbrautarenda, en það eitt út af fyrir sig útilokar frekari lengingu á brautum fyrr en þá háspennulínan hefur verið fjarlægð.

Ég vil að lokum segja það, að ég tek undir þessa till.Hún er góð till. En það eru verkefni víða og þörf á flugvallarframkvæmdum. Það er beðið eftir þeim um land allt. Ég skora á þm. að sameinast um frekari fjár framlög við þá fjárlagagerð, sem nú stendur yfir, en flugráði eru þar ætluð til framkvæmda. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að hæstv. samgrh. hefur skilning á þörfinni, því að þau tvö kjörtímabil, sem ég hef setið í flugráði, hefur hann líka verið flugráðsmaður og nú er hann samgrh. Málið ætti því að vera auðsóttara af þeim ástæðum.

Ég skal ekki segja meira en þetta að þessu sinni. En ég get endurtekið, að ég mun láta það koma fram í flugráði að hér hafi menn óskað eftir að Ísafjarðarflugvöllur fengi sérstaka athygli manna á því fjárhagsári sem nú er að hefjast.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hér hefur margt verið sagt síðan ég tók til máls áðan, og er kannske ekki ástæða til þess að fjalla um það allt, en umræðan hefur farið svolítið í deilur milli hv. þm. Vestf. um hver eigi höfundarréttinn að þessu plaggi. Ég segi fyrir mig, að ég mundi ekki leggja mikið á mig til þess að öðlast hann.Það, sem kom mér kannske dálítið á óvart var hvernig hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir orðaði þetta. Hún sagðist hafa átt hugmyndina, grg. væri næstum því orðrétt frá 1976, en samt fannst henni plaggið ekki nógu vandað.

Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að minnast á örfá atriði af því sem hér hefur komið fram.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að í því plaggi, sem er hér fyrir framan okkur núna, er farið fram á athugun. Ekki er nú fastar að orði komist, ekki er hv. þm. Karvel Pálmason stórhugaðri en svo í þessu efni. Það hefði verið hægt að flytja hér till. um að ráðast í þessar framkvæmdir. En af hverju vill hann láta fara fram athugun? Ósköp einfald lega vegna þess að m. a. s. hann skilur að það þarf að athuga þetta mál. Það var einmitt það sem gert var við afgreiðslu málsins síðast. Málið var alls ekki drepið — og allra síst með óeðlilegum hætti — hér í þinginu. Því var vísað til umsagnar þeirra sem best máttu þekkja. Það er auðvitað rétt aðferð, í staðinn fyrir að ana út í ófæruna án þess að vita nokkuð. Það er út af fyrir sig í lagi þó að menn blaðri hér og blaðri um það sem þeir hafa ekkert vit á. En það er verra ef á að fara að ráðast í framkvæmdir sem þeir hafa enga þekkingu á. Það þarf sem sagt að kanna málið, það er ljóst, og því er ég einmitt sammála.

Hitt er svo annað mál, að vissir þættir í þessari till. Verka dálítið einkennilega á mig, t. d. að hugsa sér að fara að búa til flugvöll í Bolungarvík til þess að bæta við einhverjum umframflugdögum til Ísafjarðar. Það er ekki hægt að segja að það sé flugvöllur í Bolungarvík. Til þess að taka á móti þeim flugvélum, sem fljúga þarna vestur, þyrfti sem sagt að leggja nýjan flugvöll, stóran flugvöll, við Bolungarvík, og er talið af þeim sem þekkja til að flugdögum kynni kannske að fjölga um 3—5%. Slík fjárfesting er auðvitað óskynsamleg. Það er alveg nóg að slíkar ofboðsumframfjárfestingar séu til í öðrum atvinnuvegum — og nóg um það hér á Íslandi — þó að menn fari ekki að álpast til þess að leggja flugvöll upp á 1400—1500 m fyrir mörg hundruð, jafnvel þúsundir millj., til að geta bætt við örfáum flugdögum vestur, jafnvel þó auðvitað sé nauðsynlegt að reyna að fjölga þeim flugdögum. En menn verða að meta kostnaðinn af því.

Varðandi Holt í Önundarfirði og þá háspennulínu, sem var lögð snyrtilega við brautarendann, er það ein skemmtilegasta og heppilegasta gildra til þess að drepa með fólk, sem er að fljúga, að hafa svona granna línu ofan í aðflugsgeira og auðvitað fáránlegt. Auðvitað var flugráð ekki spurt um þetta. Það er svo í þessu þjóðfélagi, að ein stofnun veit ekkert hvað önnur gerir. Það er hörmulegt að slíkt er enn þá að ske hér þrátt fyrir allar áætlunardeildir og byggðadeildir og framkvæmdastofnanir og hvað það heitir þetta skrifstofudót allt saman. — En það er sem sagt sett háspennulína með margra kílóvolta spennu alveg við endann á brautinni, og þykir mörgum nóg að sjá um að smala fé á flugvöllum hér á landi þó að ekki komi til háspennulínur líka. Og það er ekkert leyndarmál hver ber ábyrgð á því hvar línur eru lagðar. Hana bera auðvitað þeir sem gera það. Og hverjir leggja háspennulínur á Vestfjörðum? Líklega á þessum tíma Rafmagnsveitur ríkisins. Nú mundi Orkubú Vestfjarða væntanlega sjá um verkið. Það þarf auðvitað að taka þessa línu, jafnvel þó að völlurinn sé alls ekkert lengdur. Hún er hættuleg. Þessa línu þarf að færa í jörð fram hjá flugvellinum. Það er út af fyrir sig ekkert flókið mál. Ég geri ekki ráð fyrir því. Kannske má líka láta hana einhvers staðar allt annars staðar. Ég kæri mig ekkert um a. m. k. að bera ábyrgð á því, að slík lína drepi fólk í flugi innanlands.

Það hefur verið dálítið talað um það af hv. þm. Karvel Pálmasyni fyrst og fremst, að öll flugmálaverkefni séu hér í einum hnút, allt sé reyrt í einn hnút og allt tekið jafnt og síðan sé fjármunum skipt í einhverju hlutfalli við stærð eða eitthvað þess konar. Það er alger misskilningur. Hvert mál er skoðað út af fyrir sig, og undanfarin ár hafa menn leitast við að reyna að leysa vandann þar sem erfiðleikarnir eru mestir. Það er einmitt þess vegna sem Vestfirðir hafa fengið, sem betur fer, um tíma, stuttan tíma, talsvert mikla aukningu á framkvæmdafé, m. a. til að koma upp flugleiðsögutækjum. Það er auðvitað nauðsynlegt að koma slíkum tækjum upp víðar. — Ég gleymdi nú í upptalningunni áðan að það er líklega localizer (LLZ) á Sauðárkróki líka. Það er sem sagt sá hluti

af blindlendingarbúnaði sem kominn er í gagnið á Sauðárkróki. Það er vegna þess að Sauðárkrókur á að geta verið varavöllur fyrir vissar tegundir flugvéla í millilandaflugi. Það gerir sko sunnanáttin.

Ég er viss um að menn horfa nú til þess að reyna að bæta úr ástandinu þar sem það er verst, enda nauðsynlegt. Hitt er svo annað mál, að sú skoðun kom fram í umræðum í þinginu fyrir nokkrum árum að menn hefðu fyrst átt að standa þannig að því að koma upp flugsamgöngum í landinu að tryggja öllum samtímis jafna aðstöðu. Það er auðvitað misskilningur. Þannig hefði ekkert innanlandsflug komið á Íslandi. Fyrst varð að koma upp aðstöðu þar sem mest var upp úr að hafa að fljúga á milli til að gefa einhvern pening. En þessir menn skilja auðvitað ekkert í rekstri á þessu sviði frekar en öðrum. Það þarf að huga að því hvað hlutirnir kosta og hvaðan á að fá peningana og að hve meklu gagni þeir geta orðið. Þetta eru staðreyndir sem menn ættu að venja sig á að hugsa betur um.

Það var svo í hittiðfyrra að gripið var til þess að loka, eins og kallað var, nokkrum smávöllum í landinu. Þeir eru kannske hundrað. Til þess að halda þeim í fullkomnu standi hefði þurft gífurlega fjármuni og m. a. s. mjög mikla fjármuni, þó eingöngu hefði verið hugsað um Vestfirði. — Að vísu var það gert. Flugvellinum á Gjögri var t. d. haldið við, enda eina útgönguleiðin fyrir þá Strandamenn, frændur mína.

En þetta varð ósköp einfaldlega að gera vegna þess að hefði eitthvað komið fyrir á þessum völlum, sem flugmálastjórn hafði umsjón með, bar flugmálastjórnin og flugráð ábyrgð á þeim slysum sem hefðu getað orðið. Flugráð vildi firra sig ábyrgð, því ástand margra þessara valla var þannig, að um leið og þíða kom varð þetta einn forarpollur. Í þessum forarpollum lentu því miður nokkrar flugvélar og eyðilögðust. Þeim var ekki lokað til þess að hefna sín á Vestfirðingum eða reyna að draga úr samgöngum til þeirra. Það var ósköp einfaldlega verið að loka þeim til að koma í veg fyrir flugslys á þessum litlu völlum.

Um flugfélagið Erni, Arnarflug og Flugleiðir mætti halda hér langa ræðu. En hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði að sjúkraflugið hefði ekki verið nefnt hér, það hefði dregið mikið úr því. Flugfélaginu Örnum á Ísafirði hefur alls ekkert verið bannað að fljúga innan Vestfirðingafjórðungs. Það eina, sem það fékk ekki, var sérleyfið á leiðinni frá Reykjavík til Vestfjarða, sem þó var af þess hálfu, — ég vil taka það fram vegna þess sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði áðan, — að talsvert miklu leyti fólgið í því að fljúga milli flugvalla á Vestfjörðum og útvega þannig flugfélaginu farþega til Reykjavíkur. Það var nú þannig í sjálfri mafíunni. Og mér er nær að halda að Flugleiðir eigi einhvern hlut í Örnum eins og Norðurflugi.

Það mál var þannig, — ég skal eyða örfáum mínútum í það, — að þegar Vængir lögðu upp laupana af þeim ástæðum sem maður veigrar sér við að nefna hér í þingsölum, skorti á öryggi m. a., eftirliti og ýmsum ástæðum, sóttu ýmsir aðilar um að fá sérleyfisleiðir þeirra. Það voru Vængir sem sóttu um þetta aftur, og það var fyrirtæki sem nú er stjórnað af sama fjármálaaðila og var með Vængi, Iscargo, já, lofaði bót og betrun, og það var Norðurflug og það voru Ernir. Það, sem þessir aðilar sóttu um, var ekki að fá öll sérleyfin. Ef það hefði verið hefði kannske mátt afgreiða málið öðruvísi en gert var. En þeir vildu sem sagt skipta þessum sérleyfum upp. Vestfirðingarnir hjá Örnum, mjög duglegir menn, sóttu um að fá vesturpartinn. Þó var ekki nefnt Snæfellsnesið. Hver átti að sjá um það? Norðurflug sótti um sinn geira, Blönduós og tilheyrandi, með miðstöð á Akureyri. En sannleikurinn er sá, að það var mjög óheppilegt og óskynsamlegt frá rekstrarlegu og viðhaldslegu sjónarmiði að fara að skipta upp þessum sérleyfum. Það er nú einu sinni þannig, að markaðurinn hjá okkur á Íslandi er ekki stærri en svo að það mundi gera rekstur ókleifan, að skipta þessu í allt of marga parta.

En þó að við séum landsbyggðarmenn og viljum landsbyggðinni allt hið besta, þá er það svo, að eðli málsins samkvæmt á miðstöð í svona flugi heima í Reykjavík. Nú hrista þeir höfuðið sem ekki hafa kafað nógu djúpt í næsta leik. Hún á heima í Reykjavík vegna þess að samgöngurnar eru fyrst og fremst miðaðar við samband við höfuðborgarsvæðið. Hins vegar er mjög æskilegt að hafa lítil flugfélög úti í landsfjórðungunum til þess að annast flutninga þar á milli staða. — Og vegna þess að ég minntist á sjúkraflugið vegna ummæla hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur, vil ég segja það, að ég tel að ástæðan fyrir minnkandi sjúkraflugi sé ekki að þessir menn fengu ekki sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs. Það má einkennilega standa á ef sjúklingar verða allt í einu heiftarlega veikir á áætlunartíma. Ég hef enga trú á því. En þessi starfsemi er auðvitað nauðsynleg. Hún er styrkt, sem betur fer, til ýmissa staða á landinu.

Að mínum dómi er gott að fá tillögur af þessu tagi. Og ég held að það sé gott að láta athuga þessi mál, eins og þessi till. fer fram á. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að það geti orðið útkoman að við höfum marga varaflugvelli fyrir Ísafjarðarflugvöll sem þyrfti að hluta til að leggja alveg að nýju. Ég er hræddur um að það yrði allt of dýr aðferð.

Hins vegar vil ég endurtaka það, að ég legg áherslu á að þessir vellir verði lýstir þannig að sé þægilegra að lenda á þeim, ekki síst ef menn hafa aðflugshallaljós á þeim og geta þá betur áttað sig í skammdeginu þar sem birta er kannske ekki nema í tvo klukkutíma á dag.

Herra forseti. Um alla þessa þætti mætti að sjálfsögðu segja býsna margt. En að lokum vil ég aðeins segja það, að ég tel að í flugsamgöngum innan héraðs, þar sem um mjög marga litla flugvelli er að ræða, sé nauðsynlegt að nota flugvélar sem geta lent á stuttum brautum, svokallaðar STOL-vélar, en það er einmitt það sem Vængir hafa. Þeir reka sínar flugrútur m. a. með vélum af því tagi. Og það eru tvær tegundir af vélum, sem við höfum haft í gangi á Íslandi, sem þurfa að hafa stuttar brautir og geta bremsað sig með því að vinda skrúfublöðunum öfugt. Það er eiginleiki sem er nauðsynlegur þegar verið er að reyna að lenda á mjög stuttum brautum, þó að auðvitað þurfi að hafa þar allt öryggi í heiðri þannig að þær séu ekki styttar um of. Það má lenda svona vél, eins og Britten Norman Islander, á kannske 250 metrum. En það er auðvitað ekkert við í að hafa flugbraut sem er 250 m. það sér hver maður. Svo eru til vélar sem flytja talsvert fleiri farþega, eins og t. d. Twin-Otter vélar sem hafa reynst mjög vel. Þetta er auðvitað nauðsynlegt.

En að lokum held ég að sé óhætt að segja það, að Alþ. getur, ef menn eru hræddir við peningahliðina í þessu efni, samþykkt þáltill. án þess að hafa nokkurn bakþanka, vegna þess að þar er um athugun að ræða. Ég held að það sé skylda okkar að athuga vel með hvaða hætti við

getum bætt flugsamgöngur í landinu og þó fyrst og fremst á þeim stöðum þar sem erfiðleikarnir eru mestir.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég tel ekki eftir mér að veita hv. þm. Albert Guðmundssyni þá ánægju að dotta fram að kvöldmat, ef hann tekur frekar þann kostinn að sofa á Alþ. en annars staðar. Ég vil leggja mitt af mörkum í því honum til handa, hvort sem það verður nú í öðru, svo að honum auðnist að hafa það þægilegt fram að kvöldmat.

Hv. þm. sagði að ég væri örugglega í réttum flokki, meinti þá að ég væri kominn í þann flokk sem ég nú er í — **(Gripið fram í:** Sem er góður flokkur) — segir hann, en væntanlega hefur það ekki verið meining hv. þm. þegar hann sagði þessi orð. Hann hefur kannske gert ráð fyrir að ég væri farinn í flokkinn til þess að drepa hann.

En út af þessu vil ég aðeins segja það við hv. þm.: Ég vona svo sannarlega að hv. þm. Albert Guðmundsson fari ekki verr út úr framtíðarslagnum, sem fyrir liggur, en ég út úr fortíðarslagnum mínum, sem hann höfðaði til, og má hann þá vel við una. (**AG:** Hvaða slagur er það?) Skyldi ekki hv. þm. vita það? Þyrfti nú að fara að orða það ítarlegar á Alþ. en þetta? Ég vænti þess, að aðrir hv. þm. skilji mig, þó hv. þm. Albert Guðmundsson skilji mig ekki eða þykist ekki skilja. (Gripið fram í.) En þetta er ekki stórvægilegt mál, hvort sem honum tekst betur en mér eða ekki.

En það eru örfá atriði sem ég vil ræða við hann og hv. þm. Garðar Sigurðsson.

Það er ekki mikið lofið sem hv. þm. Albert Guðmundsson ber á samflokksmenn sína, hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson og Matthías Bjarnason. Enn held ég að óhætt sé að nefna þá flokksbræður. (Gripið fram í.) Nei, flokksbræður. Þá þrjá, þrenninguna alla. Hann segir að Vestfirðingar hafi talið sig, margir hverjir, munaðarleysingja að hafa ekki hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur. Ekki er nú hólið mikið eða trúin á hv. þm. Þorvald Garðar og Matthías Bjarnason. En það er auðvitað hans mál.

Albert Guðmundsson tók hér mjög upp hanskann fyrir hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, og hef ég ekkert við því að segja ef hv. þm. hefði farið rétt með og skilið hvað um var að vera og um að ræða. Hann dró úr því sem ég hafði haldið fram, að m. a. undir forustu hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur hefði málið verið drepið á Alþ. Ég kalla það að drepa mál þegar lagt er til af þm. að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Og ég ætla — með leyfi forseta — að lesa hér aftur til upprifjunar og íhugunar fyrir hv. þm. Albert Guðmundsson, flugráðsmann enn. — Og þá er kannske rétt að skjóta inn í: Ég skil ekkert í því hvernig á því stendur, að þingflokkur Alþb. skuli láta sér koma til hugar að taka jafngreindan mann í flugmálum og hv. þm. Garðar Sigurðsson er út úr flugráði og setja einhvern annan í staðinn. Það er merkileg ákvörðun, en kannske eins og annað í þeim þingflokki. Garðar hefur svo sannarlega, að því hann telur, mikið vit á flugmálum. Það er kannske ástæðan fyrir því að hann var tekinn úr flugráði.

Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa aftur umsögn flugmálastjóra og í áframhaldi af því hvað hv. allshn. lagði til, þannig að það fari ekkert milli mála. Það er frá allshn. fyrst:

Allshn. Sþ. hefur borist umsögn frá flugmálastjóra, sem er dagsett 31. mars s. l., en þar segir:

„Bréf yðar varðandi umsögn um till. til þál. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði, 39. mál, var lagt fyrir 931. fund flugráðs og samþykkt að flugmálastjórn veiti umbeðna umsögn um þær úrbætur, sem getið er um í till. Verður væntanlega unnið að þeirri umsögn n. k. sumar með það fyrir augum, að hún liggi fyrir n. k. haust fyrir fjárlagaumr." — Og í framhaldi: „Með vísan til þessarar umsagnar leggur n. til, að þáltill. verði afgreidd með svofelldri rökstuddri dagskrá: Þar sem fram kemur í umsögn frá flugmálastjóra, að þegar hefur verið ákveðið" — taki menn eftir: að þegar hefur verið ákveðið vorið 1978 þegar till. var til umfjöllunar hér á Alþ. — „að fram fari sú athugun, sem þáltill. fjallar um, tekur Sþ. fyrir næsta mál á dagskrá."

Nú er að koma vor 1980. Og nú býðst flugráðsmaðurinn hv. þm. Albert Guðmundsson, sem var í flugráði á þessum tíma og er í því enn, til þess að bera upp þetta mál á fundi hjá flugráði. Halda menn að það hafi verið mikið gert í því þegar sjálfur flugráðsmaðurinn tekur upp hjá sér núna að bera það inn á fund í flugráði?

Allshn. byggir afstöðu sína til þess að vísa málinu frá á umsögn flugmálastjóra, að búið sé að ákveða að umsögn verði veitt haustið 1978. — Nei, þetta nægir ekki til að sannfæra menn um að hér hafi verið með eðlilegum hætti á málum haldið. Málið var drepið, hvort sem menn vilja nota það orð eða ekki, eigi að síður var reyndin sú. Og ég bið ekki hv. þm. Albert Guðmundsson sem flugráðsmann að bera það á flugráðsfund að þm. almennt vilji að Ísafjörður sé látinn njóta forgangs í sambandi við fjárveitingar á þessu ári. Till. er ekki eingöngu um það. Hv. þm. hefur líklega sofið líka þegar ég las upp till. Hún er ekki miðuð við Ísafjörð einan. Hafi hv. þm. verið á þeim flugráðsfundi, sem um þetta hefur fjallað, ætti hann að vita betur. Ætli hann sér að bera þetta inn á flugráðsfund óska ég eftir að hann taki málið í heild, en ekki einhvern anga af því.

En hann sagði líka: Ég vil ekki lofa því að það takist einu sinni að fá athugunina. — Á þessu sjá menn við hversu ramman reip er að draga. Flugráðsmaðurinn sjálfur vill ekki einu sinni lofa því að hægt sé að sannfæra hina flugráðsmennina um að þetta sé svo nauðsynlegt mál að það verði gert. Sjálfur lofar hann fyrir tveimur árum að gera það í flugráði. Þetta er merkilegt. Svona er gangurinn. Þetta eru fulltrúar okkar í kerfinu.

Nei, það er nauðsyn á því að Alþ. sjálft reki endahnútinn á og skipi svo fyrir að þetta skuli gert. Engin beiðni frá einstökum flugráðsmönnum eða loforð frá flugmálastjóra eða flugráðsmönnum skiptir máli. Það er ekkert mark takandi á því. Það sýnir reynslan í þessu máli. Það eina sem dugar er að Alþ. sjálft skipi þessum herrum svo fyrir að þetta skuli gert. Og þá skulum við sjá hvort þeir drattast af stað eða hvort þeir sitja áfram á sömu þúfunni.

Ég gef ekkert afskaplega mikið fyrir þann velvilja eða skilning sem núv. hæstv. samgrh. kann að hafa á þessu máli. Ég ætlaði ekki að draga hann inn í umræður fjarstaddan. En ég minni á að hann var einn af þeim hv. þm. sem stóðu að því að málið fékk þá afgreiðslu sem raun varð á, þ. e. að því var vísað frá. Kannske hefur skilningur hans aukist. Þá fagna ég því.

Það er rétt, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði, að ekki er fram á mikið farið. Það er einungis farið fram á að málið verði athugað. Það er allt og sumt.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson fullyrti að flugráð hefði

ekki verið spurt þegar rafmagnslínan við enda brautarinnar í Holti var lögð. Ég hef það fyrir satt og ég læt það koma hér fram, að bæði framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga og flugvallarstjórinn í Holti í Önundarfirði höfðu símasamband við aðstoðarflugmálastjóra, Leif Magnússon, út af þessu máli. En það hefur kannske ekki nægt til þess að flugmálayfirvöld tækju við sér og kæmu í veg fyrir að línan yrði sett upp. En mér er tjáð, og ég rengi það ekki fyrr en annað kemur í ljós, að við aðstoðarflugmálastjóra var haft samband símleiðis af þessum tveimur einstaklingum. Flugmálayfirvöld hljóta því að hafa vitað hvað hér var á ferðinni. Ég tek því a. m. k. með fyrirvara að flugráð hafi ekki haft vitneskju um málið.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði að auðvitað bæru þeir ábyrgðina sem framkvæmdu. Það er nú ekki aldeilis svo einfalt — eða a. m. k. á ég eftir að sjá það. En þó vona ég að ég sjái að sá aðili, sem framkvæmdi verkið, beri ábyrgð á mistökunum og verði látinn bæta fyrir þau. En það á eftir að koma í ljós. Mér finnst ekki líklegt að sú gjörð sjái dagsins ljós, miðað við það sem við höfum átt að venjast af gangi mála á vegum hins opinbera, bæði í kerfinu og utan þess.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. 6. landsk. þm., Karvel Pálmasyni. Ég veit ekki við hvern maðurinn er reiður. Hann hellir úr skálum reiði sinnar yfir alla, jafnvel þá sem bjóða honum að styðja það mál sem hann flytur. Einn kemur hann engu máli fram hér á Alþ. Ég lofaði stuðningi í flugráði eingöngu við það sem stendur í þessari till. Ég lít svo á og veit reyndar, að flugráð hefur upplýsingar um það sem þarf að gera á hverjum stað fyrir sig. Till. er því út af fyrir sig óþörf. Ef hv. flm. hefði leitað til flugráðs og beðið um þær upplýsingar, sem hann er að fara fram á í könnuninni, hefði hann líklega fengið þær. Hitt er annað mál, að ef hv. 6. landsk. þm. Karvel Pálmason, telur þann stuðning, bæði minn og annarra sem eru í flugráði, óþarfan og kannske til að skemma málið þegar það er rætt í flugráði, þá vil ég biðja hann afsökunar. En ég vildi gjarnan heyra það frá fleiri þm., ábyrgari þm. kjördæmisins, hvort stuðningur þm. almennt í þeim nefndum, sem þeir sitja í, er talinn frekar andstæður málum en hitt.

Það kom fram í málflutningi margra, sem tóku hér til máls, að óskað væri eftir að framkvæmdir við Ísafjarðarflugvöll og víðar á Vestfjörðum nytu viss forgangs í framkvæmdum á vegum flugráðs á þessu framkvæmdaári. Það var það sem ég var að taka undir. Ég var að taka undir þann málflutning sem hefur verið hér uppi hafður af fleiri en einum. En hv. 6. landsk. þm. hugsar um eigið ágæti og hlustar ekki á nema sjálfan sig, þar af leiðandi er hann flæktur inn í þá einu lausn sem hann finnur á öllum vandamálum Vestfirðinga í flugmálum, þ. e. að halda áfram að kanna málin. Það komu fleiri og stórstígari hugmyndir fram hjá öðrum þm. sem tóku til máls, undir þær hugmyndir og óskir var ég að taka.

Að sjálfsögðu segir það sig sjálft, að ef Alþ. samþykkir að eitthvað verk skuli unnið og útvegað til þess fjármagn verður það verk unnið. En það liggur engin till. hér frá hv. 6. landsk. þm. um að gera nokkurn skapaðan hlut á framkvæmdasviðinu. Ég er því hættur að skilja málflutning 1. flm., og hefði líklega verið langtum betra ef 3. flm. hefði tekið að sér að mæla fyrir þessari till. (Gripið fram í.)

Ég er ekki að betrumbæta fyrir annað en flutningsmennina, því þar er mikill munur á, ég verð að viðurkenna það. En ég sé ekki að persónulegar árásir á einstaka þm., hvort sem það er hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, ég eða einhver annar, geti verið þessu máli eða öðrum málum yfirleitt til framdráttar. Þær kosningar sem framundan eru, ég geri ráð fyrir að hann hafi verið að tala um væntanlegar forsetakosningar, eiga ekki heima í þessum umræðum. Ég tel ekki ástæðu til að svara þeim orðum hans.

Ég vildi gjarnan fá að vita hvort þm. þess kjördæmis, sem hér um ræðir, óska eftir að við, sem sitjum í flugráði og höfum hér orðið fyrir vissu aðkasti, eigum að láta þetta mál afskiptalaust þegar það kemur til kasta flugráðs eða verður rætt þar eða hvort það er ósk þm. kjördæmisins að við tökum undir tillögur um þessar framkvæmdir eða reynum að hraða væntanlegum framkvæmdum, ekki bara könnunum. (Gripið fram í.) Já, mér datt í hug að svo væri. Þess vegna tók ég til orða eins og ég gerði áðan. Og ég er alveg viss um að það væri samnm. mínum í flugráði, 4. þm. Vesturl., Skúla Alexanderssyni, einnig ljúft að verða við þeirri ósk.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar, þáltill. (þskj. 157). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt níu öðrum samflokksmönnum að flytja á þskj. 157 till. til þál. um framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar. Samkv. þessari till. er gert ráð fyrir að Alþ. álykti að ríkisstj. feli Orkustofnun að gera áætlun um framkvæmdir í orkumálum vegna húshitunar. Er gert ráð fyrir að áætlunin sé gerð til næstu fjögurra ára og miði að því, að:

1) innlendir orkugjafar komi í stað olíu,
2) ódýrari innfluttur orkugjafi verði nýttur í stað dýrari,
3) orkunýting verði bætt.

Þá er það tekið fram í till. þessari að áætlunin skuli ná til tiltekinna verkefna sem eru:

1. Jarðhitaleit.
2. Framkvæmdir við hitaveitur.
3. Lagning háspennulína rafmagns.
4. Styrking rafdreifikerfis.
5. Sveitarafvæðing, sem ólokið er.
6. Orkusparandi aðgerðir.

Enn fremur segir í þessari till., að í áætlun þessari skuli tilgreina kostnað við framkvæmdir hennar, og fjármagn það, sem þarf, skuli fengið með lántökum og beinum framlögum úr ríkissjóði, enda njóti framkvæmdir þessar forgangs.

Þá er í till. lögð áhersla á að áætlunargerðinni sé hraðað svo sem verða má og að henni verði lokið ekki síðar en 1. júlí n. k.

Þessi till. til þál. er flutt til að bæta úr því ástandi sem nú er hjá þeim hluta þjóðarinnar sem notar olíu til upphitunar húsa. Upphitunarkostnaður þessa fólks er nú svo mikill að óbærilegt er. Til að létta þessar byrðar þarf þegar í stað að auka niðurgreiðslu olíu. En ekki má þar við sitja. Þjóðhagslega varðar mestu að leysa hina dýru orkugjafa af hólmi svo sem verða má. En til þess þarf

tíma. Olíuniðurgreiðslan á því að vera bráðabirgðaúrræði til að gera ástandið bærilegt meðan unnið er að frambúðarlausn, sem er fólgin í hagnýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Jafnframt þarf að vinna að því, að sú notkun erlendra orkugjafa, sem óhjákvæmileg er, verði sem hagkvæmust, hagnýtt verði sem best afgangsorka og gerðar verði ráðstafanir til orkusparnaðar.

Þessi þáltill. fjallar um áætlunargerð til þess að unnið verði skipulega og markvisst að þeim framkvæmdum sem nauðsynlegar eru til að koma á sem fyrst frambúðarlausn þess vanda sem hér er um að ræða.

Hér er ekki fjallað um framkvæmdaáætlun fyrir orkumálin í heild. Till. er takmörkuð við þann þátt þeirra sem varðar upphitun húsa. Hún er um hagnýtingu jarðvarma í þessu skyni, jarðhitaleit og hitaveitur. Einnig fjallar hún um hagnýtingu orku til upphitunar húsa. Þá er hún um nýtingu ódýrari innfluttra orkugjafa í stað dýrari. Enn fremur tekur till. til bættrar orkunýtingar, svo sem hagnýtingar afgangsorku og bættrar einangrunar húsa.

Hér er ekki fjallað um áætlanir um virkjun fallvatna til framleiðslu raforku, heldur er hér fengist við verkefni sem vinna þarf til þess að framleidda raforku megi hagnýta til upphitunar húsa eftir því sem hagkvæmt þykir. Hins vegar hafa að sjálfsögðu framkvæmdir, sem þessi till. varðar, svo sem lagning aðalháspennulína og styrking rafdreifikerfis, jafnframt gildi fyrir almenna heimilisnotkun og iðnað.

Till. sú til þál., sem hér er lögð fram, snýr að verkefnum sem vinna þarf til að ná tilteknum markmiðum sem varða upphitun húsa í landinu. Ég skal nú gera grein fyrir þeim verkefnum sem hér er gert ráð fyrir að framkvæmdaáætlun sú, sem till. fjallar um, nái til.

Um 70% landsmanna búa nú við hitaveitu. Gert er ráð fyrir, miðað við þekkingu á jarðhitamöguleikum nú, að um 80% af íbúum landsins geti fengið hitaveitu. Fyrir fjórum árum bjuggu um 53% landsmanna við hitaveitu. Sýnir þetta miklar framfarir á skömmum tíma. En betur má ef duga skal.

Mestur hluti þess jarðvarma, sem nýttur hefur verið til þessa, er fenginn á lághitasvæðum. Er þetta einkum vegna þess að lághitasvæði eru yfirleitt betur í sveit sett en háhitasvæði, en einnig vegna þess að varmi lághitasvæða er aðgengilegur til beinnar nýtingar og hentugri við upphitun húsa en gufa eða vatn frá háhitasvæðum.

Til hagnýtingar á jarðvarma þarf umfangsmiklar aðgerðir. Kemur þá fyrst til sjálf jarðhitaleitin, rannsóknir og boranir. Áður en boranir eru gerðar á einhverju jarðhitasvæði er nauðsynlegt að gera ýmsar rannsóknir. Fer það eftir aðstæðum hversu yfirgripsmiklar slíkar forrannsóknir þurfa að vera. Við slíkar rannsóknir er beitt þeim aðferðum í jarðfræði, jarðeðlisfræði og jarðefnafræði sem nauðsynlegar eru ýmist til upplýsinga um hvar sé að vænta jarðhita eða til að ákvarða sem best legu, stærð og hitastig jarðhitakerfis á staðbundnu jarðhitasvæði. Síðan þurfa að koma til rannsóknaboranir til viðbótar yfirborðsrannsóknum til að fá upplýsingar um raunverulegt hitastig, vatnsæðar og afkastagetu tiltekins jarðhitasvæðis.

Þó að jarðhitarannsóknirnar sjálfar séu grundvöllurinn eru vinnsluboranir eftir heitu vatni fyrirferðarmestu framkvæmdirnar í jarðhitaleitinni. Vinnsluborunum hefur fleygt fram á síðari árum. Aukin tækni og bættur tækjakostur hefur gert þetta mögulegt. Nauðsynlegt er að hraða þessum framkvæmdum svo ekki verði óþarfadráttur á því að jarðvarminn verði hagnýttur hvar sem við verður komið. Mikill kostnaður fylgir þessu og ekki fyrir fram víst um árangur í hverju tilfelli. Samt er réttlætanlegt að leggja í hinn mikla kostnað þar sem svo mikið er í húfi. Það verður að leita af sér allan grun um hagnýtanlegan jarðvarma, þar sem hann er langsamlega hagkvæmasta lausnin til upphitunar húsa. En eftir því sem frumrannsóknir jarðhitaleitarinnar eru vandaðri geta boranir verið hnitmiðaðri og minni sú fjárhagslega áhætta sem jafnan er samfara borunum.

Með tilliti til þessa er ljóst hve mikilvægt er að gera áætlun um framkvæmd þeirra verkefna sem nú kalla að í jarðhitaleitinni, svo að að þeim verði unnið með sem markvissustum og skipulögðustum hætti.

Ekkert er mikilvægara en að hagnýtanlegur jarðvarmi verði tekinn í gagnið svo fljótt sem verða má til upphitunar húsa. Þjóðhagslega er ekkert brýnna en hitaveituframkvæmdir. Um 20 hitaveitur hafa nú verið stofnsettar víðs vegar um landið og eru þær nær allar í eigu svitarfélaga. Hitaveita Suðurnesja, sem tók til starfa árið 1978, er að því leyti sérstæð að hún er sameign ríkis og sveitarfélaga. Orkubú Vestfjarða, sem tók til starfa í ársbyrjun 1978, er einnig sameign ríkis og sveitarfélaga. En hlutverk Orkubúsins er bæði að annast vinnslu og dreifingu raforku svo og að byggja og reka hitaveitur. Koma þarf í veg fyrir að erfiðleikar fjárhagslega veikra sveitarfélaga hamli eða seinki hitaveituframkvæmdum.

En mál þetta varðar fleira en jarðvarmaveitur. Á þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið, þar sem jarðvarmi er ekki fyrir hendi, þarf einnig að gera gangskör að því að koma upp hitaveitum. Hér er um að ræða hitaveitur sem hafa annan orkugjafa en jarðvarma. Á þessum stöðum þurfa að vera fjarvarmakerfi með kyndistöð. Er þá reiknað með tvöföldu vatnsdreifikerfi. Þetta verður þó að vera með þeim fyrirvara að ekki sé fyrir hendi eitthvert sérástand, svo sem að þéttleiki byggðarinnar valdi því að á einhverjum þéttbýlisstöðunum eða hluta þeirra verði styrking rafdreifikerfis hagkvæmari framkvæmd og því réttara að hafa þar beina rafhitun en óbeina. Gert er ráð fyrir að kyndistöðvarnar séu rafkyntar og kyntar með olíu eða öðrum orkugjöfum, svo sem kolum. Slíkar framkvæmdir eru einnig mjög mikilvægar þjóðhagslega, þar sem slíkar hitaveitur geta hagnýtt afgangsrafmagn frá orkuverum landsins og afgangsvarma frá verksmiðjum og kælivatn dísilvéla. Er þá ónefndur sá mikli kostur, að olía sem kyndistöðvar slíkra hitaveitna nota, er miklu ódýrari en sú sem ella er notuð til upphitunar húsa, þar sem notuð er svartolía, en ekki gasolía.

Hitaveitur með kyndistöðvum þurfa að koma til, þó að ekki sé fullreynt nema jarðvarmi kunni að finnast á viðkomandi stað. Það kann a. m. k. sums staðar að verða seint endanlega úr því skorið. Hafa verður og í huga, að það, sem kann að teljast óhugsandi í dag, kann síðar að verða mögulegt vegna bættrar tækni og rannsókna. Ef jarðvarmi finnst síðar er búið að búa í haginn fyrir notkun hans, því að vatnsdreifikerfi hitaveitu er þá fyrir hendi. Ekkert mælir því með frestun slíkra framkvæmda sem hér um ræðir. Kostirnir eru einsæir.

Nú þegar hefur verið hafin starfsemi hitaveitu með kyndistöð á Ísafirði og í undirbúningi er slík framkvæmd á Höfn í Hornafirði. Varðar nú miklu að slíkar framkvæmdir komi til annars staðar í landinu þar sem þær eiga við.

Framkvæmdir við hitaveitur, sem till. þessi fjallar um,

eru þeim mun stærra átak í orkumálum landsins þar sem um er að ræða allar hitaveitur, hver sem orkugjafinn er.

Eitt meginverkefnið á undanförnum árum hefur verið samtenging landsins í eitt raforkukerfi. Af hagkvæmni- og öryggisástæðum þarf að tengja saman orkuver landsins í eitt aðalorkuflutningskerfi og reka þau í fullkomnum samrekstri með fyllstu nýtingu orkugjafa, mesta rekstraröryggi og lægsta vinnslu- og flutningskostnað fyrir augum. Mikið hefur áunnist í þessum efnum með tilkomu Norðurlínu og Austurlínu. Og treysta verður því, að á þessu ári ljúki lagningu Vesturlínu svo sem ráð er nú gert fyrir.

En mikið er enn ógert í þessum efnum. Sumar byggðir hafa ekki enn verið tengdar landskerfinu og raforku verður þess vegna að framleiða með lísilvélum. Ýmsar línur í aðalorkuflutningskerfinu eru enn ólagðar. Tryggja þarf innbyrðis samræmi í heildarflutningskerfinu varðandi öryggi gegn línubilunum, þannig að einum hluta þess sé ekki að marki hættara við bilunum en öðrum. Það eru slík verkefni sem þessi sem nauðsyn er að vinna skipulega og markvisst að samkvæmt framkvæmdaáætlun þeirri sem till., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir.

Rafvæðingu sveitanna, sem hófst að verulegu marki fyrir u. þ. b. aldarfjórðungi, er nú svo langt komið að samveitur ná nú til um 98% allra sveitabýla í landinu. Rafvæðing sveitanna hefur kostað mikið fé, sem hefur komið frá ríkinu gegnum Orkusjóð sem óendurkræft framlag. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að koma sem flestum notendum í samband við samveitur.

Í mars 1979 samþykkti orkuráð að leggja til við iðnrh. að hafist verði handa um að styrkja rafdreifikerfið í strjálbýli hér á landi til þess að það geti flutt rafmagn er nægi til almennra heimilisnota í sveitum, fullrar hitunar húsa með rafmagni og búnota hvers konar svo og til margvíslegra annarra nota í strjálbýli, svo sem þjónustu og minni háttar iðnaðar. Samþykkt orkuráðs var gerð á grundvelli ítarlegrar athugunar á dreifikerfi sveitanna og leiðum til að auka flutningsgetu þess, sem ráðið lét gera og byrjað var á síðla árs 1976. Þessi samþykkt tók til verks sem áætlað var að kostaði 8800 millj. kr. á verðlagi í byrjun árs 1979. Má með sanni segja að sú styrking rafdreifikerfisins í strjálbýli, sem hér um ræðir, megi með nokkrum rétti kallast „önnur rafvæðing sveitanna".

En styrking rafdreifikerfis er ekki bundin við sveitirnar. Þar sem sérstakar aðstæður eru á þéttbýlisstöðum og gera beina rafhitun hagkvæmari en óbeina þarf að styrkja innanbæjarkerfi viðkomandi staðar.

Þetta er eitt hinna mikilvægu verkefna sem gert er ráð fyrir í framkvæmdaáætlun þeirri sem þáltill. þessi fjallar um.

Orkuráð markaði þá stefnu árið 1975, að þau sveitabýli, þar sem meðalvegalengd milli bæja færi ekki fram úr 6 km, skyldu tengjast samveitum. Nú er sveitarafvæðingunni það langt komið að samkvæmt þessu eru aðeins um 40 býli eftir af þeim býlum sem orkuráð hefur talið rétt að tengja samveitum. Að auki eru um 40 býli svo afskekkt að þau verða tæplega öll tengd samveitum. Þarf því sérstakar ráðstafanir til aðstoðar þeim býlum sem svo er ástatt um.

Hér er ekki um umfangsmikið verkefni að ræða, en hins vegar mjög þýðingarmikið þeim sem það varðar. Hafa verður í huga að rafvæðing sveitanna undanfarinn aldarfjórðung hefur haft úrslitaþýðingu fyrir búsetu í strjálbýli. Án hennar væru án efa margar blómlegar byggðir fyrir löngu komnar í eyði.

Með tilliti til þess er gert ráð fyrir að framkvæmdaáætlun sú, sem till. þessi fjallar um, nái til þess verkefnis sem enn er ólokið af hinni eiginlegu sveitarafvæðingu, enda verði það gert með þeim hætti að rafmagnið megi hagnýta til upphitunar húsa.

Þótt Íslendingar búi yfir miklu magni ónýttra orkulinda er ástandið í orkubúskapnum þannig, að mikil þörf er á að spara raforku á heimilum svo sem kostur er. Hinn mikli olíukostnaður kallar líka á að fyllstu ráðdeildar sé gætt við upphitun húsa. Margt getur stuðlað að sparnaði á orkugjöfum. Er þar fyrst að nefna upplýsingamiðlun og fræðslustarfsemi. Þá er eftirlit og stilling kynditækja ein einfaldasta og jafnframt kostnaðarminnsta leiðin til lækkunar upphitunarkostnaðar þar sem það á við. En mikilvægasta orkusparandi aðgerðin er fólgin í bættri einangrun húsa. Því getur fylgt mikill kostnaður fyrir húseigendur, sem sumir hverjir eiga erfitt með að standa undir. Slíkar framkvæmdir geta þó ekki orkað tvímælis af þjóðhagslegum ástæðum. Þess vegna þarf hið opinbera að koma til aðstoðar með því að sjá um að nauðsynlegu fjármagni sé beint til þessara þarfa.

Till. þessi gerir ráð fyrir að áætlun sé gerð um skipulegar og markvissar framkvæmdir til orkusparnaðar.

Herra forseti. Ég hef nú skýrt markmið og verkefni þeirrar framkvæmdaáætlunar sem till. þessi fjallar um. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir samkvæmt áætlun þessari verði fjármagnaðar með lántökum og beinum framlögum úr ríkissjóði. Ekki þykir orka tvímælis að framkvæmdir þessar eigi að hafa forgang við fjármagnsráðstöfun ríkisvaldsins.

Framkvæmdaáætluninni er ætlað að taka til fjögurra ára. Þó þörfin sé brýn er þess naumast von að svo umfangsmiklum framkvæmdum sem hér er um að ræða verði lokið á skemmri tíma. Er þess ekki heldur að dyljast, að það er mikið átak bæði fjárhagslega og tæknilega að ljúka verkefnum þessum á ekki lengri tíma en till. mælir fyrir um.

Samkvæmt till. skal fela Orkustofnun að gera framkvæmdaáætlunina. Það verk verður unnið í umboði ríkisstj. eða ráðh. þess sem fer með orkumál. Það er hlutverk Orkustofnunar að vera ríkisstj. til ráðuneytis um orkumál. Orkustofnun á samkvæmt lögum að annast hvers konar rannsóknir og athuganir á málum sem varða framkvæmdaáætlun þá sem hér er gert ráð fyrir. Hlýtur því áætlunargerðin að styðjast við verk sem þegar hafa verið unnin af sérfræðingum Orkustofnunar. Að sjálfsögðu mundi Orkustofnun leita til annarra aðila við gerð áætlunarinnar eftir því sem ástæður gæfu tilefni til.

Það er mikils um vert, að áætlunargerðinni verði flýtt svo sem verða má. Þess vegna er gert ráð fyrir, eins og ég hef áður tekið fram, að henni verði lokið ekki síðar en 1. júlí 1980.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar á þessu stigi um þetta mál. Þetta er mál sem er mjög ofarlega á baugi nú, ef ekki það mál sem er efst á baugi. Þá á ég við að nú ræða menn vart um annað meira en að gera ráðstafanir til að draga úr kostnaði þeirra sem búa við olíukyndingu til upphitunar húsa sinna. Til þess að bæta úr bráðasta vandanum í því efni kemur okkur saman um að sé einungis ein leið. Hún er sú að auka stórlega niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa. En það getur ekki verið nema bráðabirgðaráðstöfun, ráðstöfun til bráðabirgða meðan

okkur gefst svigrúm til að gera það sem dugar og gerir mögulegt að leysa af hólmi olíuna sem orkugjafa til upphitunar húsa. Því er það, að svo mikilvægir sem aðrir þættir þessara mála eru er sá þáttur, sem þessi framkvæmdaáætlun fjallar um, svo þýðingarmikill að ekkert er í raun og veru þýðingarmeira. Með áætlunargerð þessari er gert ráð fyrir að stefnt sé markvisst að því að ljúka á sem skemmstum tíma þeim framkvæmdum sem við verðum að gera ef við ætlum að koma á frambúðarlausn þeirra mála sem valda þeim vanda sem upphitun húsa með olíu hefur skapað nú.

Ég vil, herra forseti, þegar umr. þessari hefur verið frestað, leggja til að till. þessari verði vísað til atvmn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér finnst það vera slæm venja að hafa á kvöldverðartíma umr. í gangi, og fyrir mitt leyti vildi ég miklu fremur mælast til þess að hafa kvöldfundi, ef svo er farið að reka á eftir, og gefa okkur heldur matarhlé, því af skiljanlegum ástæðum sitja menn ekki slímusetur á þessum tíma.

En till., sem hér er til umr., er náttúrlega góð till. og meiningin er góð. Þetta er nokkuð dýrt fyrirtæki og auðvitað dæmigerð till. stjórnarandstæðinga. Málið lítur mjög vel út og hljómar vel í eyrum. Það er gripið á mikilvægum verkefnum og lagt til að samin verði nauðsynleg áætlun. En hitt er náttúrlega látið liggja á milli hluta, hvernig brúsinn verði borgaður. Kannske er stjórnarliðinu ætlað að sjá um það. Menn, sem gefa út svona ávísanir, eiga jafnvel til í sumum tilfellum, — ég á ekki von á því í þessu tilfelli reyndar, — að leggjast á móti nauðsynlegri skattheimtu til þess að borga þær framkvæmdir sem ráðist er í í kjölfarið.

Þessi áætlun er í sex liðum og þeir eru allir markverðir og nauðsynlegir. En það er einn þáttur sem ég vil gera nánar að umræðuefni en frsm. gerði og taka út úr. Það er þátturinn um sveitarafvæðinguna. Það er nefnilega alveg dæmalaust hvaða sinnuleysi hefur ríkt nú á síðustu árum varðandi sveitarafvæðingu. Á árunum upp úr 1950 var unnið stórvirki í sveitarafvæðingunni. Allt fram um 1970 eru í því kjördæmi sem ég er kunnugastur, Norðurl. v., þó nokkrir bæir enn þá án rafmagns frá samveitum, m. a. s. nokkrir sem alls ekkert rafmagn hafa. Ég hef verið að reyna að minna á þetta og við þm. verið að þrýsta á um tengingu þeirra við samveitur síðan ég kom til starfa á Alþ. 1974, en það hefur sáralítið áunnist, og það er ekkert gaman fyrir okkur að rifja það upp.

Hvað eftir annað hafa þó dálitlar upphæðir á lánsfjáráætlun eða fjárlögum verið merktar þessu verkefni. En það hefur alltaf tekist að koma þeim í annað. Það hefur alltaf verið músagangur í þessum peningum hjá orkuráði. Í mörgum tilfellum eru ekkert nálægt því 6 km á milli bæja, eins og miðað er þó við í seinustu samþykkt orkuráðs.

Hins vegar höfum við horft upp á að það hefur verið ausið takmarkalitlu fé í verkefni sem manni hefur ekki sýnst vera bráðnauðsynleg. Orkustofnun hefur t. d. ekki búið við neitt fjársvelti undanfarið og er búin að búa þokkalega um sig inni á Grensásvegi. En orkuráð hefur ekki að mínum dómi sýnt sveitarafvæðingunni nægan skilning, og ekki bara orkuráð, fjárveitingavaldið almennt.

Ég vil taka það fram, að formaður orkuráðs hefur verið allur af vilja gerður og gengið upp í þessu verkefni og þrýst á eftir því sem hann hefur haft aðstöðu til, eins og hans var von og vísa. En það er samt sem áður allt of mikið ógert.

Formaður orkuráðs, 1. flm. þessarar till., kemst líka ljómandi skynsamlega að orði í grg. og reyndar í ræðu sinni áðan, sem ég vil fá að endurtaka, með leyfi forseta. Hann segir í kaflanum um sveitarafvæðingu: „Hér er ekki um umfangsmikið verkefni að ræða, en hins vegar mjög þýðingarmikið þeim sem það varðar". — Það er lóðið. Það er nefnilega mjög þýðingarmikið fyrir fólkið á þessum 40 bæjum að fá þetta fram.

Við verðum að vinda bráðan bug að því að ljúka sveitarafvæðingunni. Það er til háborinnar skammar frammistaða orkuráðs og okkar þm. í þessu máli. Fólkið á þessum sveitabæjum hefur búist við því ár eftir ár að því yrðu útveguð þessi bráðnauðsynlegu lífsþægindi, og ár eftir ár hefur það verið svikið. Það hefur orðið fyrir vonbrigðum. Peningar, sem það hélt að væru greinilega merktir, hafa verið teknir í annað. Það er ekki sæmandi að setja þetta fólk hjá svona lengur. Lífsaðstaða þegnanna á að vera sem jöfnust, hvar sem þeir búa á Íslandi.

Ég styð þessa till., alla þætti hennar, því að mér finnst hún vera skynsamleg og heldur góð. En ég vil leggja mesta áherslu á sveitarafvæðinguna, sem ég hef gert hér sérstaklega að umræðuefni.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins fá orð.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. þótti þetta ekki heppilegur tími til að ræða það mikilvæga mál sem hér er til umr. Ég get vel tekið undir það. Ekki hefði ég haft á móti því að flytja framsögu mína á öðrum tíma, þó að ég sé hins vegar ekki að telja eftir mér að gera það á þessum tíma, jafnvel þó að það frestist eitthvað matartíminn hjá mér. Svo þýðingarmikið mál er þetta. Ég veit líka að hv. 1. þm. Norðurl. v. er ekki að telja þetta eftir af slíkum ástæðum.

Hv. 1. þm. Norðurl. v., fór nokkrum orðum um sveitarafvæðinguna. Ég er honum alveg sammála um þá óhæfu sem það er að við skulum ekki vera búnir að ljúka sveitarafvæðingunni, þ. e. að tengja við samveitur þá sveitabæi sem ætlunin er að tengja við samveitur.

Hv. þm. sagði að það hefði verið músagangur í því fé sem hefði verið varið til sveitarafvæðingar. Ég hygg að þarna sé um misskilning að ræða. Það er kannske vegna þess að sú hungurlús, sem á undanförnum þremur árum hefur verið veitt á fjárlögum í þessu skyni, hefur verið svo lítil að það hefur naumast dugað til annars en að standa undir kostnaði við heimtaugar á sveitabæi á þeim stöðum sem þegar hafa fengið rafmagn, t. d. ef það er beiðni um heimtaug í nýtt hús eða þess konar. Fjármagn í þessu skyni hefur alltaf verið tekið af því sem ætlað hefur verið sveitarafvæðingunni og orkuráð hefur ekki getað breytt neinu um það.

Hv. þm. fór nokkrum óvægilegum orðum um orkuráð. Það þykir mér mjög ómaklegt, og það segi ég jafnt fyrir það að ég er ekki núna formaður orkuráðs. En ég hef verið það á undanförnum árum.

Hv. þm. sagði að orkuráð hefði ekki sýnt sveitarafvæðingunni nægan sóma, og síðan hnykkti hann á þessu með því að segja að frammistaða orkuráðs í sveitarafvæðingunni væri til háborinnar skammar. Ég held að hv. þm. hefði ekki komist svo að orði ef hann gerði sér grein fyrir hvernig þessi mál hafa staðið. Það get ég sagt hér, að við fjárlagagerð fyrir árið 1978, þ. e. 1977, lagði orkuráð einróma til, — það hefur aldrei verið neinn ágreiningur í

orkuráði um þetta, menn úr öllum flokkum hafa staðið að þessu, — að lokið yrði á árinu 1978 sveitarafvæðingunni. Það varð ekki gert. Það náði ekki fram að ganga. Við hv. 1. þm. Norðurl. v. bárum báðir ábyrgð á þeirri ríkisstj. sem þá sat. En þetta náði ekki fram að ganga.

Orkuráð gerði ítrekaðar tilraunir til að koma þessu fram, en það var alltaf talað fyrir daufum eyrum. Árið eftir gerir orkuráð samþykkt enn á ný, að á árinu 1979 sé lokið sveitarafvæðingunni. Enn endurtekur sig sama sagan. Við gerum margítrekaðar tilraunir, samþykktir, eigum viðtöl við ráðh. og ríkisstj. og stjórnvöld til þess að breyta þessu. Það kom fyrir ekki.

Í þriðja sinn gerum við till. fyrir árið 1980. Enn fer á sömu leið. Þá er að vísu komin ný ríkisstj. sem ég bar ekki ábygð á, en hv. 1. þm. Norðurl. v., en hún var ekkert betri. Það var alveg nákvæmlega sama. Og nú er það svo, að ég var þá formaður orkuráðs, þegar við á síðasta sumri gerðum fjárlagatillögur orkuráðs fyrir árið 1980. En nú erum við búnir að fá frv. til fjárlaga í hendur sem sýnir að það er engin breyting í raun og veru í þessum efnum.

Ég skal ekki vera að deila á neinn sérstakan fyrir þetta. En ég leyfi mér að mótmæla því, að hægt sé að ásaka orkuráð um ástand þessara mála. Og ég vil segja hér, að það er ekki nokkurt mál sem orkuráð hefur á undanförnum árum lagt meiri áherslu á en þetta. Það var af þeim ástæðum, sem ég nefndi í frumræðu minni og hv. 1. þm. Norðurl. v. tók undir, að hér er um raunverulega lítið mál að ræða, en ákaflega þýðingarmikið fyrir þá sem það varðar.

Ég vil aðeins segja það, að það olli mér nokkrum vonbrigðum þegar hv. þm. sagði í upphafi máls síns að þessi till., sem við ræðum hér, væri dæmigerð aðgerð stjórnarandstöðu til að gera hosur sínar grænar fyrir kjósendum í landinu. Og hann lét að því liggja að það væri ekki meira meint með þessu en svo, að það mundi — a. m. k. af sumum sem að þessu stæðu — ekki vera staðið að því á þann veg að standa með að útvega fjármagn til að framkvæma þetta. Mér finnst miður að hv. 1. þm. Norðurl. v. skyldi segja þetta. Það er algjörlega ástæðulaust að segja slíkt. Þessi till. fjallar einungis um að gerð sé áætlun. Þegar áætlunin liggur fyrir tökum við ákvörðun um hvað miklu fjármagni er hægt að verja til framkvæmda. Við skulum ekki fara að bregða hver öðrum á þessu stigi um það, að þá komi á daginn að við séum ekki heilir í þessu máli.

Hv. þm. gaf tilefni til þessara athugasemda með því sem hann sagði í fyrstu orðum ræðu sinnar. En ég heyrði ekki betur, og á því átti ég von, en í lok ræðunnar væri hv. þm. fullkomlega samþykkur till. og mundi styðja jákvæða afgreiðslu hennar. Raunar hefur mér aldrei komið annað til hugar. Mér hefur ekki komið til hugar annað en að orðið geti almenn samstaða um till. hér á þingi, og ég vænti þess, vegna þess hve málið er brýnt, að það hljóti sem skjótasta afgreiðslu í þeirri nefnd sem væntanlega fær það til meðferðar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í framhaldi af ræðu hv. þm. Þorv. Garðars.

Það, sem ég átti við með orðum mínum um orkuráð, var það, og ég vek athygli á að ég hafði fleiri undir sama hatti og orkuráð, að við höfum varið miklu fé til orkumála á undanförnum árum. Þau eru mjög mikilvæg fyrir búsetu okkar í landinu og lífskjör okkar. Sumu af þessu fé, og ég vil vona að meiri partinum hafi verið vel varið og skynsamlega, en sumu af því hefur ekki verið skynsamlega varið. Og ef við hv. þm. Þorv. Garðar settumst nú niður og skoðuðum ákvarðanir orkuráðs á undanförnum árum hygg ég að ég gæti bent honum á nokkur atriði þar sem ég gæti sannað mitt mál, að fullyrðingar mínar voru ekki staðlausir stafir. En ég ætla ekki að gera það hér eða nú.

Það sem ég talaði um stjórnarandstöðutillögur, og kom nú aðeins við kviku hjá hv. þm., má ekki skilja svo að ég álíti stjórnarandstöðutillögur óþarfar. Ég lít á stjórnarandstöðutillögur sem nauðsynlegar, ekki síst þegar það eru skynsamlegar stjórnarandstöðutillögur eins og þessi er. Stjórnarandstaða er mjög mikilvæg og nauðsynleg í stjórnskipulagi eins og okkar, að veita aðhald þeirri stjórn sem fer með völd á hverjum tíma. Þess vegna er allt þjóðstjórnartal ákaflega mislukkað í mörgum tilfellum. En við höfum nú fengið nóg af því á þessum vetri.

Hér er verið að tala um áætlun sem kostar tugi milljarða að framkvæma. Ég held að við megum ekki gleyma fjárhagshliðinni, jafnvel þó að kannske komi ekki að okkur að snara út fyrir þessu fyrr en eftir eitt eða tvö ár.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði að ýmsar ákvarðanir orkuráðs um ráðstöfun fjár þess, sem það hefur yfir að ráða, hefðu verið vafasamar eða rangar. Ég vil í þessu sambandi láta koma hér fram, að þeim tekjustofnum, sem Orkusjóður hefur, er ráðstafað af Alþ. og orkuráð verður að haga störfum sínum innan þess ramma sem Alþ. setur.

En í sambandi við einstakar ákvarðanir, eins og t. d. hvaða sveitabæi eigi á hverjum tíma að taka til rafvæðingar, hefur gilt, — ég hygg svo lengi sem elstu menn muna eftir, og ég tók við þeirri skipan þegar ég varð formaður orkuráðs 1975, — að sveitabæirnir eru valdir eftir meðalvegalengd milli bæja. Þannig var það, að í sjö ár frá 1971, — það var framkvæmd svokallaðrar fjögurra ára áætlunar sem var síðan breytt í þriggja ára áætlun, en varð raunverulega sjö ára áætlun, — var verið að framkvæma rafvæðingu þeirra sveitabæja sem höfðu meðalvegalengd allt að 3 km. Núna er því lokið. Þá hafa verið flokkaðir samkv. þessari reglu þeir bæir sem eftir eru: Í 1. flokkinn þeir sem hafa meðalvegalengd milli 3 og 4 km. Í 2. flokkinn þeir sem hafa meðalvegalengd 4—5 km. Og í 3. flokkinn þeir sem hafa 5—6 km. Og ég veit ekki til þess að það hafi verið hnikað frá þeirri reglu að verja því takmarkaða fé, sem hefur á hverjum tíma verið varið til sveitarafvæðingarinnar, þannig að bæirnir væru teknir í röð eftir vegalengd: fyrst þeir sem væru með minni meðalvegalengd og síðan þeir sem væru með meiri vegalengd.

Ég vildi aðeins að gefnu tilefni að hér kæmi fram að svona hefur verið unnið í orkuráði. En það má að sjálfsögðu miklu frekar um þetta tala. Ég skal ekki gera það.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég er meðflm. að till. til þál. sem hér er til umr. um framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar, og þar af leiðandi hef ég ekki talið ástæðu til að koma í pontuna, enda farin að verða haldin heimþrá, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. Hins vegar get ég ekki orða bundist vegna þess sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði um að till. væri dæmigerð stjórnarandstöðutillaga. Mér finnst sjálfsagt að benda hv. þm. á að umfang þáltill. er það mikið, að þó að hv. 4. þm. Vestf.

sé afkastamikill og duglegur þm. er mjög hæpið að hann hefði komið þessu máli á borð þm. svo fljótt sem raun ber vitni ef honum hefði ekki dottið þetta þjóðþrifamál í hug fyrr en ljóst varð hverjir yrðu aðilar að ríkisstj. og þar með að Sjálfstfl. yrði í stjórnarandstöðu.

Hins vegar vil ég fagna því, að hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur lýst stuðningi við þessa þáltill., og undrar það mig reyndar ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 49. fundur.

Miðvikudaginn 19. mars, kl. 2. miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 210). — 1. umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 11. landsk. þm., Agli Jónssyni að flytja hér frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt. Ég hafði ekki ímyndað mér að þetta mál kæmi svona skjótlega til umr. hér og þar af leiðandi vil ég segja, að annars hefði ég undirbúið mína framsögu meir en mér hefur gefist ráðrúm til.

Hins vegar fagna ég því, að málið virðist ætla að fara greiðlega af stað, og það eru því meiri líkur til að það nái fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Það er líka sagt, að Ed.-menn séu röggsamari menn en þeir í Nd., minni málskrafsmenn, en gangi því ötullegar að verki. Skýringin mun væntanlega sú m. a., að hér eru menn helmingi færri en í Nd.

Það liggur beinast við að skýra frá í upphafi út á hvað þetta litla frv. gengur. Það felur einfaldlega í sér þá till., að felldur verði niður söluskattur af flutningskostnaði innanlands með vöruflutningabifreiðum, skipum eða flugvélum, sem reiknast inn í endanlegt kostnaðarverð vöru. Þetta er sú breyting sem lögð er til á 3. mgr. 7. gr. laganna. Samkv. þessum lögum eru vöruflutningar almennt undanþegnir söluskatti, og það er ekki eina undantekningaratriðið. Undanþágurnar eru fjölmargar, svo að vart verður tölu á komið. En þetta ákvæði um undanþágu vöruflutninga kemur ekki til góða vörum sem fluttar eru frá Reykjavík til verslunarstaða utan Reykjavíkur, þar er söluskatturinn reiknaður inn í sjálft endanlegt kostnaðarverð vörunnar. Ef hins vegar maður austan af Hornafirði eða vestan af Gjögri kemur og kaupir vöruna hér í Reykjavík og sendir hana svo að eigin framtaki með flutningatæki til síns heimastaðar losnar hann við að greiða söluskattinn. Þarna er dálítið ósamræmi í, og segja má að það sé með söluskattslögin okkar eins og margt í okkar háþróaða þjóðfélagskerfi, að þau eru óhæfilega flókin og margbreytileg. Nógu slæmt er það hér í Reykjavík, en enn þá flóknara verður það þegar hinir fjöldamörgu liðir koma til viðbótar í versluninni úti á landi.

Misræmi í álagningarflokkum hvað varðar söluskattinn er líka merkilegt. Og ekki varð þetta auðveldara viðureignar þegar ákveðið var í sept. 1978, að ég hygg, að fella niður söluskatt af öllum matvörum. Allt þetta gerði málið enn þá flóknara. Ég get t. d. nefnt það, sem raunar kom fram í almennum fréttum hér fyrir skömmu að því er varðar matvöruna, að ef þú kemur í verslun og kaupir þér köld svið, þá eru þau söluskattsfrjáls. Ef sviðakjamminn er heitur, þér er seldur hann heitur, borgar þú söluskatt. Ís almennt — ég meina ís til manneldis — er söluskattsfrjáls. Ef ísinn er settur í þar til gerðar umbúðir samkv. kröfum heilbrigðisyfirvalda borgar þú af honum söluskatt, því að þá heyrir hann undir sælgæti. En ef hann er seldur laus er hann ekki sælgæti og þá þarftu ekki að borga söluskatt. Svona úir og grúir af atriðum sem fela í sér mikið misræmi og skringilegheit. En það er ekki hlutverk þessa máls hér að leiðrétta það, heldur er aðeins á þetta bent.

Enginn vafi er á því, að það er sameiginlegur hagur neytenda og verslunar að verslunin sé rekin á heilbrigðum grundvelli. En á undanförnum árum hefur verslun á Íslandi, eins og raunar aðrar atvinnugreinar, átt mjög erfitt uppdráttar. Þar kemur margt til. Það hefur verið ringulreið, óðaverðbólga og upplausn í efnahagslífi okkar. Það koma til gloppur í tollalöggjöf, úreltar álagningarreglur, reglur í innflutningsverslun sem mikið er búið að berjast við að fá leiðréttingu á, en hefur ekki tekist, en þær eru þannig, eins og við vitum öll, að því óhagkvæmari innkaup sem innflytjandinn gerir, því meira fær hann fyrir sinn snúð, því að álagningin er reiknuð sem prósentutala af vöruverðinu. Það hafa einnig komið til mjög hækkaðir vextir af rekstrarlánum. Það hefur komið til alls konar skattlagning, ekki hvað síst síhækkandi söluskattur og síflóknara form á útreikningi hans, auk þess ýmsir sérskattar á verslunina sérstaklega, stöðugar kaupgjaldshækkanir, sem hafa orðið kaupmanninum síður en svo til hagsbóta, og sitthvað fleira. Þetta hefur snert alla verslun í landinu, en ekki hvað síst hefur strjálbýlisverslunin átt í vök að verjast. Þar kemur margt til viðbótar við almenna erfiðleika verslunarinnar. Markaðurinn er yfirleitt minni, neytendurnir færri, það þarf að flytja vöruna langa vegu, hún rýrnar í flutningum og það þarf að kosta miklu til að reisa geymslur til að geyma birgðir, og sitthvað fleira verður til þess að gera hlutverk smásölukaupmannsins, svo mikilvægt sem það er, sífellt örðugra. Það þarf ekki að útlista það frekar, að verslunarþjónusta hvar sem er, ekki hvað síst úti á landi þar sem sérstakrar árvekni þarf við til að halda versluninni gangandi, — það þarf ekki að leggja mörg orð í það, hve mikilvæg þjónusta það er við hinn almenna neytanda að miðla nauðsynjavörum, hvort sem er um matvörur eða aðrar neyslu- og nauðsynjavörur að ræða.

Það er alkunna, að innflutningsverslun landsmanna fer að yfirgnæfandi meiri hluta um Reykjavík. Vörudreifing til hinna ýmsu staða á landinu, ýmist með skipum, bifreiðum eða jafnvel í flugi, hefur að sjálfsögðu verulegan kostnað í för með sér og kemur óhjákvæmilega fram í hækkuðu vöruverði á hinum ýmsu stöðum úti um land og þá auðvitað því hærra sem fjarlægðin er meiri frá Reykjavík. Við, sem flytjum þetta frv., erum með því að gera tilraun til þess að aflétta einum þeirra mörgu kostnaðarauka sem strjálbýlisverslunin á við að búa, þ. e. að fella niður söluskatt af flutningsgjaldi. En eins og öllum er kunnugt leggst söluskatturinn, sem nú er 22%, á síðasta stig sölu eða þjónustu, þ. e. í þessu tilfelli sölu til neytandans. Ef við tökum sem dæmi vöru sem send er sjóleiðis frá Reykjavík til verslunarstaðar úti á landi verður söluskattstofninn þessi: heildsöluverð vörunnar að viðbættu vátryggingargjaldi, vörugjaldi, útskipunargjaldi, uppskipunargjaldi í heimahöfn og heimakstri,

flutningsgjaldi, smásöluálagningu. Ofan á alla þessa kostnaðarliði leggst svo 22% söluskatturinn og þar með er fundið hið endanlega kaupverð neytandans.

Það er augljóst mál, að sjálft flutningsgjaldið hefur ærin áhrif til hækkunar vöruverðsins, og verður að teljast óeðlilegt og engan veginn réttlætanlegt að ríkið seilist með skattheimtu sinni eftir hagnaði af þessum viðauka við almennan framfærslukostnað þess hluta landsmanna sem háður er aðdráttum lífsnauðsynja um langa vegu. Hér er óneitanlega um mikla mismunun og ójöfnuð að ræða og það er hart við hann að una. Og enn þá tilfinnanlegri verður þessi ójöfnuður með æ hækkandi söluskatti á undanförnum árum.

Þetta er mál sem ekki er nýtt af nálinni, þó að það sé fært hér fram í nokkuð afmörkuðu formi, en verðjöfnun vöruflutninga hefur mörg undanfarin ár verið til umr. á Alþ. Sérstök mþn. var á sínum tíma skipuð til að fjalla um málið og skilaði hún árið 1976 mjög ítarlegri grg. og till. Þar var m. a. lagt til að fallið yrði frá hugmynd, sem mjög hafði verið á döfinni, um stofnun sérstaks verðjöfnunarsjóðs til verðjöfnunar allra vöruflutninga. Hins vegar benti nefndin á ýmsar aðrar leiðir, t. d. að aðstöðumunur vegna mismunandi framfærslukostnaðar vegna búsetu víðs vegar í landinu yrði jafnaður í gegnum skattkerfið og einnig með sérstökum styrkveitingum til að tryggja viðunandi verslunarþjónustu í dreifbýli. En þetta er háttur sem hefur verið tekinn upp víða í nágrannalöndum okkar, sérstaklega í norðurhéruðum Noregs og Svíþjóðar og einnig í Finnlandi, og virðist vera viðtekin hefð þar. Mér fannst þessi aðferð, sem hér er stungið upp á, þ. e. að fella niður söluskatt af flutningsgjaldi, eðlilegri og geðfelldari en bein styrkjaleið, en það verður að segjast, að hún nær auðvitað ekki nema skammt. Það verður ekki hjá því komist að benda þeim á, sem e. t. v. gera sér ekki grein fyrir því hér á hv. Alþ., að það fólk sem hér á hlut að máli að því er varðar þetta skattlagða flutningsgjald, er um leið, meiri hlutinn af því, sama fólkið sem nú er að sligast undan húshitunarkostnaði eftir hinar feiknalegu verðhækkanir á olíu. Vonir standa að vísu til að þeirri byrði verði aflétt að nokkru á næstunni með sérstökum aðgerðum stjórnvalda. En hvað sem því líður og enda þótt ég geri mér grein fyrir því, að hér er farið fram á aðgerð sem hefur í för með sér tekjumissi fyrir ríkissjóð, þá tel ég að það sé svo mikils virði að aflétta því áberandi ranglæti, sem felst í þeirri skattlagningu sem hér er lagt til að fella niður, að málið eigi þess vegna fullan rétt á sér.

Ég minntist á tekjumissi ríkissjóðs. Það fer ekki hjá því, að alþm., sem leggur fram mál af þessu tagi, sem skerðir tekjur ríkissjóðs, hlýtur að finna allajafna til nokkurrar sektartilfinningar að geta ekki um leið sýnt fram á hvað þetta þýði í tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð. Mér hefur satt að segja ekki unnist tími til að reyna að gera mér hugmynd eða fá upplýsingar sem veittu nokkra hugmynd um þetta. Og sannleikurinn er sá, að upplýsingar um margt, sem varðar framkvæmd söluskattslaganna, liggja ekki á lausu. Þær liggja sannarlega ekki á lausu í kerfinu. Ég hef snúið mér til ráðuneyta, til skattstofa, til Þjóðhagsstofnunar og það hefur orðið heldur fátt um svör. Ég er hér ekki að deila á starfsmenn viðkomandi stofnana fyrir fávisku þeirra eða óliðlegheit, heldur liggja hreinlega ekki fyrir upplýsingar um hvað eina sem mig langaði til að fræðast um í þessu sambandi. Þó hefur Þjóðhagsstofnun verið hvað jákvæðust og líklegust til þess að koma að liði í þessu máli. Enda þótt ég geti því miður ekki nú við framsögu þessa máls nefnt neina upphæð um hugsanlega tekjuskerðingu ríkissjóðs af framkvæmd þessa frv., ef að lögum yrði, hef ég vonir um að Þjóðhagsstofnun geti hlaupið þarna undir bagga. Menn hjá þeirri stofnun hafa gert nokkrar rannsóknir á verslunarveltu í landinu, og mér voru gefnar vonir um að þeir gætu gert athugun á þessu og veitt upplýsingar og að einhverjar hugmyndir um, hvað þetta þýddi í raun og veru í tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, mundu geta legið fyrir um það bil sem þetta mál kæmi frá nefnd.

Í mínum augum er þetta mál öllu meira réttlætismál en fjárhagsmál. Þetta er öfugsnúin skattlagning, og ég hygg að ef við athugum málið hljótum við að samþykkja það. Einhver kann nú að segja með tilliti til frétta að undanförnu um risatekjur sjómanna á togurunum fyrir vestan og annars staðar, að það þurfi ekki að létta undir með þessu fólki fjárhagslega. En ég tel — og það að gefnu tilefni — ástæðu til að minna á að það er ekki réttlátt að miða tekjur almennings í þessum fiskveiðilandshlutum við toppmennina á togurunum. (**Gripið fram í:** Ekki á Vestfjarðatogurunum.) Ekki á Vestfjarðatogurunum, já, líklega einna helst á Vestfjarðatogurunum, sem eru toppskipin í flotanum. Í þessum landshlutum eru líka ellilífeyrisþegar, ekkjur og barnafjölskyldur sem ekki eiga fyrirvinnu á þessum toppskipum, og það er þetta fólk, það er hinn breiði almenningur sem ber að hafa í huga þegar mál eins og þetta ber á góma.

Það er stórt mál að tala um framfærslukostnað utan Reykjavíkur, úti á landsbyggðinni. Það hefur verið gerð tilraun til þess að meta þetta mál. Hagstofan gerði fyrir nokkrum árum með tilliti til framfærsluvísitölu könnun í hinum ýmsu landshlutum. Hún gaf til kynna að munurinn væri ekki jafnmikill og landsbyggðarmenn vilja halda fram. Ég tel að sú könnun hafi engan veginn verið fullnægjandi og það þurfi að leggja áherslu á að framfærslutala vísitölukostnaðar miðist ekki eingöngu við Reykjavík. Það eru ákaflega ófullnægjandi vinnubrögð, það segir sig sjálft.

Ég vil í þessu sambandi geta um það til fróðleiks frekar en gamans, að ég hitti mann vestur á fjörðum, Reykvíking í húð og hár, sem hefur verið búsettur í sjávarplássi á Vestfjörðum undanfarin 2—3 ár, og ég spjallaði við hann um hvernig honum líkaði þarna úti á hjara veraldar. Hann lét vel yfir því, hér væri gott að vera. En hann sagði án þess að hika: Ég hef reiknað út að það kostar mig 100 þús. kr. meira mánaðarlega í útlögðum útgjöldum fyrir framfærslu hér en það gerir hjá mér í Reykjavík. — Ég hygg að þarna hafi þessi maður, — þetta var í spjalli utan við alla pólitík, — ekki farið fjarri sanni, þannig að þótt létt væri þessum söluskatti af flutningsgjaldi mundi það, eins og ég get um í grg., ekki hrökkva mjög langt til jöfnunar.

Ég vil líka benda á að þegar við erum að tala um verðlag á verslunarstöðum úti á landi er varan ekki alltaf komin á leiðarenda. Hún á eftir að fara út til bænda út um sveitir, og oft og tíðum eru samgöngur ekki mjög svo greiðar þar sem strjálbýlið er mest. Mjög oft er það bóndinn sjálfur sem fer á jeppanum sínum og sækir lífsnauðsynjar sínar á næsta verslunarstað. Það má segja, að hann þurfi ekki að borga flutningsgjald fyrir það, en hvað skyldi það kosta hann þegar bensínlítrinn er kominn í 400 kr. eða því sem næst og fer kannske upp fyrir það á næstunni? Þarna er ekki lítill útgjaldaliður sem

leggst ofan á sjálft vöruverðið.

Það hefur verið bent á að allar undanþágur frá söluskatti geri málið flóknara, það væri flókið bókhaldsatriði að fella flutningskostnaðinn þarna út úr. Ég hef enga trú á að svo sé, og ég hef ekki heyrt á kaupmönnum úti á landi, sem hafa sótt þetta mál mjög fast, að þeim vaxi í augum að undanskilja flutningsgjaldið í reikningi söluskattsins.

Ég vil benda á það líka, að í gegnum þessa skattheimtu á sér stundum stað greinileg tvísköttun, — ekki alltaf, en stundum kemur það fyrir, og auðvitað alfarið ef við tökum t. d. rekstrar- og viðhaldskostnað vöruflutningabifreiða, sem auðvitað verða að miða flutningataxta sína við rekstrarkostnað sinn, þannig að sá atvinnurekstur beri sig. Þarna er kominn áreiknaður söluskattur inn í sjálft flutningatækið og rekstur þess, og síðan leggst söluskatturinn auðvitað ofan á fullnaðarverð vörunnar, þegar flutningskostnaður og allir aðrir kostnaðarliðir eru komnir áður. Einnig mun það tíðkast í landflutningum að innheimt eru svokölluð afgreiðslugjöld, og enda þótt vöruflutningar almennt séu söluskattsfrjálsir eru afgreiðslugjöldin það ekki, og afgreiðslugjöldin, sem mér skilst að komi ekki alltaf til, en stundum gera þau það, leggjast ofan á flutningsgjaldið sem leggst svo aftur ofan á vöruna og það er borgaður þar með söluskattur aftur af vöruafgreiðslugjaldinu. (**Gripið fram í:** Og af snjóruðningnum.) Ja, það er búið að gefa það frjálst, skilst mér, núna nýlega.

Ég vil benda á líka, til viðbótar við það sem ég var að tala um verðmismun, að lítil samloka, sem þægilegt er fyrir vinnandi fólk og skólafólk að kaupa, kostar vestur á Ísafirði 150 kr. meira en hér í Reykjavík. Hér kemur eitt misræmisatriðið enn. Af henni er heimtaður söluskattur vestur á Ísafirði, en hér er hún söluskattsfrjáls af því að hún flokkast að sjálfsögðu undir matvöru, sem er ekki söluskattsskyld. Ég geri ekki mikið úr gildi gosdrykkja sem manneldisvöru, en ég býst við að unglingum fyrir vestan og austan og norðan þyki hart að borga 100% hærra verð fyrir kókflöskuna en þeir gera í Reykjavík. Innihald stórrar lítraflösku af kóki kostar hér í Reykjavík 420 kr. (Gripið fram í.) Er hann kominn á 480? Ja, það hefur skeð á síðustu dögum, verðhækkanir gerast hraðar en sólargangurinn, en hann kostar 710 kr. vestur á Ísafirði. Innihaldið í lítilli kókflösku kostar í Reykjavík 95 kr. (**Gripið fram í:** 110 kr.) Já, það er nýorðin hækkun. Þessar upplýsingar eru sennilega þriggja vikna gamlar. (Gripið fram í.) Já, en 205 kr. vestur á Ísafirði, austur á Hornafirði eða hvar sem er langt frá Reykjavík. Þarna kemur flutningskostnaðurinn sérstaklega illa niður, því að umbúðirnar eru það þungar og þarna reiknast eftir þunga. Nú er misjafnt hvernig flutningskostnaðurinn er reiknaður, hvort hann er reiknaður af rúmtaki varanna eða af þyngd. En þetta er sem sagt allt dálítið breytilegt og ákaflega erfitt að henda reiður á hvort réttlætinu og hvort lögum er fullnægt eða ekki.

En að því er varðar útreikning á söluskatti af flutningsgjaldi er ég því miður nokkuð tómhent, eins og áður sagði. Þó hef ég frá Þjóðhagsstofnun lítinn lista sem þar var tekinn saman yfir nokkrar vörur og sundurliðað hvernig kostnaðurinn er. Ég fer ekki að lesa upp alla þessa töflu, en þess má geta að á sófasetti, sem búið er að flytja vestur eða austur á land, munar 50 þús. kr. í verði miðað við Reykjavík. Ég er ekki að segja að það sé allt söluskattur, heldur er það flutningskostnaðurinn og álagningin sem leggst á þessa vöru vegna fjarlægðar frá Reykjavík. En til þess að gefa hv. þm. ofurlitla hugmynd og svo þeir geti áttað sig á þessu hef ég hér útreiknaðan söluskatt af flutningskostnaði, og þá án álagningar, af ísskáp sem er fluttur vestur á Snæfellsnes. Söluverðið út úr búð í Reykjavík er 381 þús., 386 þús. vestur á Snæfellsnesi. Flutningskostnaðurinn er 4200 kr. Þeir reikna það þannig, að sjálfur söluskatturinn af flutningskostnaðinum einum nemi 924 kr., sem mun láta nærri 22% sem söluskatturinn er. Af sófasettinu, sem ég talaði um, nemur söluskatturinn einn af flutningskostnaðinum 2700 kr., en þarna er um stykki að ræða sem kostar á aðra millj. og kostar um 50 — 60 þús. kr. meira fyrir kaupandann á Patreksfirði en hér í Reykjavík. Varahlutir í bíl: Kúplingsdiskur með pressu, sem stundum liggur á að fá út á land, kostar út úr verslun hér í Reykjavík 32400 kr. Úti á landi, og það er þá Snæfellsnesið enn, sem er nokkuð miðja vegu, ef við förum út á ystu annes verður þetta miklu tilfinnanlegra, — vestur á Snæfellsnesi kostar þessi varahlutur 34836 kr. Söluskatturinn af flutningskostnaðinum þar nemur 396 kr. Mér finnst þessar tölur, sem ég hef fengið útreiknaðar, ekki það ógnvekjandi eða tekjurýrandi fyrir ríkissjóð að það ætti að vera nokkurt áhorfsmál að þarna eigum við að ganga beint til verks og létta af þessum rangláta viðbótarskatti ofan á allar viðbæturnar sem komnar eru á undan á vöruverð til fólks sem býr langt frá Reykjavík.

Ég vona að þetta mál mæti skilningi hv. alþm. Ég veit að þeir, sem til þekkja, vita að ég hef ekki farið hér með ýkjur. En ég vænti þess, að málið fái góða umfjöllun í n., og ég vil leyfa mér að leggja til að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er svo þegar hin ýmsu landsbyggðarmál koma hér til meðferðar, að þá kemur það alltaf nokkuð við okkur, því af nógu er að taka. Það koma einnig æðioft til umr. hér mál sem snerta landsbyggðina sérstaklega hvað snertir mismunun. Og manni verður það æðiríkt í hug varðandi hvers konar réttindi fólks þegar maður heyrir svo aftur hér á þéttbýlissvæðinu talað um þá óskaplegu mismunun, sem fólk búi þar við, og hin skertu mannréttindi varðandi kosningarréttinn. Mér hefur oft dottið í hug, að vel mættum við landsbyggðarmenn skipta á þessu tvennu ef þá yrði um fullkomið réttlæti að ræða. Mér dettur hins vegar ekki í hug að það sé hægt.

Ég vil líka segja það, að þrátt fyrir ýmiss konar óhagræði af því að búa úti á landi dreg ég ekkert úr þeim kostum sem í því eru einnig fólgnir. Þeir eru vissulega margir. Við erum ábyggilega öll sammála um það, sem þar búum, að við getum tíundað ýmislegt, ekki síst varðandi lífsfyllingu hvers konar, sem er þar að mínu viti miklu meiri en hér í þéttbýlinu. Í ýmsum menningar- og félagsmálum tökum við þéttbýlisbúum langt fram, það fer ekkert á milli mála. Þá á ég við almenning, en ekki þá atvinnumennsku sem hér er stunduð í þessum efnum, og þá á ég sérstaklega við menningarmálin.

Ég vil sem sagt ekkert draga úr því, hvað gott er á margan hátt að vera úti á landsbyggðinni og búa þar. En það er þeim mun örðugra að sætta sig við það, að þeir, sem svo mikið gera til þess t. d. að afla efnis í þá undirstöðu sem þetta þjóðarbú byggist á, sem aðrir eru þeim mun duglegri aftur að eyða, skuli einmitt af hálfu opinberra aðila vera beittir ýmiss konar ranglæti. Hér er inn á

eitt af þeim málum komið.

Ég get fyllilega tekið undir það meginefni sem í þessu frv. felst. Það er reyndar rétt, að það er í allan máta óeðlilegt að ríkissjóður seilist til tekna á þessu sviði. Það er óeðlilegt, það er ranglátt. Það er í raun og veru í þá átt, sem hv. fyrri flm. tók fram, fáránlegt að ríkissjóður skuli seilast svo langt sem hér er gert.

En þetta hefur, eins og hv. 1. flm. tók fram, ærið oft komið til umr. á Alþ. Þetta er alls ekki nýtt mál. Það hefur komið oftast nær þannig upp hér á Alþ., að þeir, sem hafa verið í stjórnarandstöðu á hverjum tíma, hafa flutt þetta mál. Ég gerði það á sínum tíma ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni. Hv. 5. landsk. þm. gerir það nú. Svo höfum við einnig, og ég dreg heldur ekkert úr því, meðan við höfum átt stjórnaraðild, knúið hér á. Það veit ég að hv. 5. landsk. þm. hefur einnig gert meðan hún átti aðild að stjórn, án þess að ég vilji vera að fullyrða um það, því að ég veit ekki svo vel um skiptingu manna í Sjálfstfl., hvort hún er endilega stjórnarandstæðingur, en það er kannske varasamt að gera það.

Hins vegar hefur þetta mál komið margsinnis til umræðu á Alþ. og þetta ranglæti hefur verið tekið til sérstakrar umfjöllunar, eins og er sagt frá í grg. varðandi störf svokallaðrar byggðanefndar. Byggðanefnd starfaði hér nokkuð á árunum upp úr 1971 og tók þá ýmis þessi misréttismál til meðferðar. Það var afleiðing af till., sem samþ. var hér á Alþ., frá fulltrúum í byggðanefnd sem þessi framfærslukönnun fór fram. Ég er alveg sammála hv. fyrra flm. um að sú könnun var alls ekki nógu ítarleg eða vel gerð, það er alveg ljóst. Hún var, að mig minnir, gerð á fjórum stöðum á landinu. Þetta var eins konar skyndikönnun og gaf í engu algerlega rétta mynd af því sem við búum við, enda tók könnunin ekki líkt því til allra þátta. Afleiðing af starfi byggðanefndarinnar var einnig sú, að komið var á fót samkv. till., sem var samþ. á Alþ., nefnd sem átti að fjalla sérstaklega um flutningskostnaðinn og jöfnun flutningskostnaðar. Hún skilaði ítarlegri grg. og till., eins og segir í grg. með þessu frv. Það, sem mér þótti á vanta í því ágæta áliti, þar sem margt var réttilega og vel tekið fram, var það, að ekki var nógu mikið þar um beinar og ákveðnar tillögur til úrbóta, m. a. beinlínis hvað snertir það einstaka atriði sem hér er komið inn á. Það var bent þar á ýmsar leiðir. Í raun og veru var, að mig minnir, í þessu nál., — það er, langt síðan ég hef lesið það, en mig minnir nokkurn veginn að öllum vandanum væri varpað á eina ágæta stofnun sem heitir Framkvæmdastofnun ríkisins. Til hennar var í raun og veru öllu vísað í nál. Ekki efa ég að þar er vel unnið að mörgu, en mér þykir það stundum um of sem sú ágæta stofnun á að inna af hendi af hvers konar áætlunum og hvers konar verkefnum. Það getur hlaðist um of á þá stofnun þó hún hafi færum sérfræðingum á að skipa og vinni vel.

Ég vil sem sagt taka undir meginefni frv. Ég ætla ekki að fara nánar út í það efni sem í því felst. Það var gert að mínu viti það vel af hv. fyrri flm. að ekki er hægt betur að gera. Þó hefði verið býsna skemmtilegt að fá nánari skýringar á samlokudæminu sem hún tók. Ef framkvæmd laga getur orðið svona fáránleg verðum við sem löggjafaraðili aldeilis að fara að gæta að okkur. Ekki trúi ég því a. m. k., að við höfum samþykkt hér á Alþ. þau ólög að samlokur á Ísafirði skyldu ekki teljast matur, heldur eitthvað allt annað sem endilega þyrfti að taka af söluskatt. (**SigurlB:** Eða heitan sviðakjamma.) Eða mismunurinn varðandi heitan og kaldan sviðakjamma, það er alveg rétt. Þarna er náttúrlega verið að fara út í öfgar í skattheimtu og þarna hlýtur reyndar að vera, eins og hv. fyrri flm. benti á, um ólöglega skatttöku að ræða í þessu sambandi, það fer ekkert á milli mála.

Ég hlýt að vinna málinu núna framgang á þeim vígstöðvum sem tiltækastar eru nú fyrir mig, þ. e. sem aðili að ríkisstj., og það munum við svo vissulega gera, alveg eins og ég veit að í þau fjögur ár sem hv. 5. landsk. þm. átti sæti á Alþ. og var aðili að ríkisstj. hefur áreiðanlega verið unnið að því að reyna að fá leiðréttingu. Í þessu máli virðist vera um geysilega þungan róður að ræða, en við höfum hins vegar unnið umtalsverða sigra varðandi söluskattsmálin og niðurfellingu söluskatts varðandi t. d. menningarmálin, svo ég nefni þau. Nú eru leikfélögin okkar úti á landi, sem mörg hver vinna hátt í það jafnmerkilegt starf og Þjóðleikhúsið vinnur hér í Reykjavík, blessunarlega laus við að verða að greiða söluskatt af áhugamennsku sinni. Því verð ég að segja að ýmis söluskattsmál hafa mætt heldur vaxandi skilningi. Þá á ég einnig við það átak sem gert var í því að fella niður söluskatt af landbúnaðarvörunum. Það kann að vera að það hafi eitthvað flækt þetta mál, en það hefur a. m. k. verið fullkomlega framkvæmanlegt, það fer ekki á milli mála, og allt gengur sinn gang jafnt þó að það hafi verið gert. Við skulum þess vegna vona að þetta frv. fái góða skoðun í n., en helst af öllu mundi ég óska eftir því, að hæstv. núv. ríkisstj. tæki tillit til okkar, sem á landsbyggðinni erum og erum að vinna að þessum málum þar innanborðs, og aflétti þessari skattheimtu. Það væri vitanlega best. Ég treysti þeim mönnum mætavel til þess að vinna að því máli og um leið að þeir hljóti að fagna stuðningi jafnágætra þm. og þetta mál flytja á Alþingi.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil þakka frsm. fyrir hans ágætu orð áðan. Ég vil taka undir það með báðum síðustu ræðumönnum, hversu gífurlegt óréttlæti ríkir í ýmsum málefnum landsbyggðarinnar. Það hlýtur að koma inn á þetta mál, sem hér er til umr. Þó vil ég aðeins drepa á 1. gr. þessa frv., sem hér er til umr., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Vöruflutningar, þar með talinn flutningskostnaður innanlands með vöruflutningabifreiðum, skipum eða flugvélum, sem reiknaður er inn í endanlegt kostnaðarverð vöru. Enn fremur fólksflutningar almennra leigubifreiða á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðh. ákveður nánar."

Ég verð að segja það eins og er, að mér varð ekki fyllilega ljóst alveg strax hvað þarna var átt við. Hins vegar skýrðist það þegar ég las grg. Nú kom það fram í máli hv. flm. frv., að þessi frv.-flutningur er fyrst og fremst gerður í því skyni að koma til móts við landsbyggðarfólkið. En í greininni er ekkert nánar einskorðað hvaða flutningar þetta eru. Samkv. greininni eru það allir flutningar á landinu frá Reykjavík, til Reykjavíkur, milli staða úti á landi, þannig að greinin eða forsendur frv. eru ekki eingöngu þau rök, að verið sé að koma til móts við landsbyggðarfólk. Ég fæ ekki séð að um það sé að ræða eingöngu. Í þessum orðum felst ekki að ég sé á nokkurn hátt að mótmæla frvgr., síður en svo.

Athugum aðeins lögin um söluskatt. Það hefur verið tíundað hér, en það gerir ekkert til þó að það sé endurtekið. — Í 7. gr. eru taldir upp fjöldamargir liðir sem eru undanþegnir söluskatti. Það er 7. gr., en þar stendur:

„Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti.“ Ég fer ekki að lesa þá löngu romsu, en í 3. mgr. stendur: „Vöruflutningar, enn fremur fólksflutningar almennra leigubifreiða á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðh. ákveður nánar.“

Í frvgr. er þetta skilgreint nánar.

Í 9. gr. söluskattslaganna segir svo, með leyfi forseta:

„Söluskattur miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði vöru, starfsemi og þjónustu án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds, án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Söluskattur samkv. þessum kafla laganna telst þó ekki með heildarandvirðinu.“

Mér dettur í hug í þessu sambandi, það er aðeins ábending, hvort ekki þurfi að athuga 9. gr. með tilliti til þeirra breytinga sem hér er lagt til að gera á 7. gr. Ég minni aðeins á þetta. Til að þessir hlutir skiljist nákvæmlega hefði ég heldur viljað bæta við greinina, sem hér er um að ræða, eitthvað á þá leið: „Þó skal ekki leggja söluskatt á þann hluta vöruverðs sem stafar af flutningskostnaði innanlands. — Svo má skilgreina þetta nokkru nánar með tilliti til þeirra raka sem færð eru fyrir frv.

Í sambandi við smásöluverslunina vitum við náttúrlega öll að hún á í gífurlegum erfiðleikum. Menn eru búnir að spjalla um þetta fram og aftur mörg undanfarin ár, og ég dreg enga dul á að þar eru mörg vandkvæði. Ég tek t. d. eitt atriði sem er gífurlega stórt hvað það snertir. Það er birgðahaldið, það eru vaxtagjöldin. Þau eru gífurlegur baggi á þessari starfsemi.

Að öðru leyti vil ég leggja áherslu á að að svo miklu leyti sem vöruflutningar eru hluti vöruverðs eigum við að leggja höfuðáherslu á að reyna að skipuleggja flutningana um landið betur en hingað til hefur tekist. Að sjálfsögðu ber að fagna þeirri viðleitni að starfsemi Skipaútgerðar ríkisins skuli vera sinnt með þeim hætti sem gerst hefur allra síðustu ár. Það hefur verið reynt að bæta og skipuleggja þann rekstur á þann veg að hann þjónaði landsbyggðinni betur en áður hefur verið, og að auðvitað hlýtur þessi skipulagsstarfsemi að vera gerð í því skyni að ná vöruverðinu niður, eins og ég sagði áðan, með tilliti til þess hversu stór þáttur flutningskostnaður er í vöruverðinu. Skipulagsstarfsemi þyrfti að framkvæma ekki síður í landflutningunum. Þeir eru gífurlega kostnaðarsamir og umfangsmiklir. Ég hygg að það sé því miður enn þá óverulegur hluti af heildarmagninu fluttur með skipum að því er lýtur að þeim flutningi sem við erum að tala um sérstaklega hér. Skipaútgerð ríkisins er náttúrlega rekin sumpart á okkar framfæri allra. Ég sé ekki vit í öðru en að reyna að nýta þá starfsemi til fulls.

Fyrst við erum að tala um flutninga má minna á fólksflutningana sem gerast hér innanlands. Mér finnst alveg furðulegt að maður verður iðulega vitni að því, að hver rútan á eftir annarri fer héðan úr Reykjavík með 10, 15, — 20, manns innanborðs og e. t. v. neðan við það. Svo að ég minni á hluta af kjördæmi hv. flm. þessa frv. í sambandi við fólksflutninga, þá hef ég eiginlega furðað mig á því að fólksflutningar t. d. á Strandir skuli ekki vera skipulagðir þannig að það sé ekið með fólkið í veg fyrir Norðurleið. Þá væri mjög auðvelt að stórfjölga ferðunum t. d. á Strandirnar, svo að dæmi sé tekið um það sem næst er hv. flm. frv. þessa. Þó að þetta mál komi ekki beint inn á það eru þetta hlutir sem ekki er auðvelt að sundurskilja gersamlega.

Varðandi efni frv., að söluskattur verði ekki tekinn af þeim hluta vöruverðs sem má rekja til flutningskostnaðar, vil ég ekki neita því, að það sé framkvæmanlegt. Að sjálfsögðu fer málið til n., og ég vil æskja að það verði athugað, að framkvæmdin á þessu verði athuguð og sömuleiðis hversu miklar fjárhæðir þarna er um að ræða, menn reyni að einhverju leyti að ráða í það. Ekki mun hægt að fá það út nákvæmlega, hygg ég, en að menn reyni að gera sér grein fyrir framkvæmdinni og þeim fjárhæðum sem þar er um að tefla.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri, en vænti þess, að áðurnefnd atriði komi til athugunar í nefnd.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Mér þykir við hæfi, svo sem eins og hv. þm. Helga Seljan og raunar hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni líka, að þakka flm. fyrir þetta frv., er þeir leggja hér fram, og þá náttúrlega ekki síst hv. 1. flm., Sigurlaugu Bjarnadóttur. Þetta er svo sem ekki í fyrsta sinn að maður lifir það að hún kemur hingað eins og með vængjaþyt viskugyðju og réttlætis í sali Alþingis þannig að það er eins og rómur heilbrigðrar skynsemi hljómi aftur í sölum þessarar hv. stofnunar við komu hennar og þm. ókyrrast í sætum, ég og fleiri og sprettum á fætur af löngun til þess að reyna að segja eitthvað af skynsemi líka í þessum málum. Maður freistast jafnvel til að taka sér í munn orð Gústafs Gíslasonar í Papey, sem sagði forðum: „Það er synd að rytan, svona ljúffengur fugl, skuli ekki verpa á sléttlendi“, og segja um hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur: Það er synd að svona ágætur félagsmálamaður skuli hafa valið sér hreiðursstað í heiðnabergi íhaldsins, þar sem manni finnst hún alls ekki eiga heima.

En hvað sem því líður hygg ég að hv. þm. Helgi Seljan hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann vakti athygli á þeirri undarlegu staðreynd, að þetta mál hafa þm. gjarnan flutt í stjórnarandstöðu. Ekki svo að skilja, heyrt hef ég hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur hreyfa gagnrýni á kerfið sem flokkur hennar átti frumkvæði að, ég hef heyrt hana hreyfa slíkri gagnrýni í stjórn. Það hefur ekkert vantað annað en hún stigi næsta skref í raun og veru svo að maður væri ánægður með hana.

En mér er minnisstætt einmitt þegar við hv. þm. Helgi Seljan fluttum sams konar mál á sínum tíma í stjórnarandstöðu. Þá var því svarað til af hinum vísu mönnum, sem tóku málið til athugunar í þágu embættisins, að svo flókið mál væri að fella niður söluskatt af flutningsgjöldum innanlands að því yrði alls ekki við komið. Okkur er öllum minnisstætt að sama andbára var höfð uppi gegn því að fella niður söluskatt af kjöti. Þó var felldur niður söluskattur af kjöti. Það reyndist framkvæmanlegt. Það getur vel verið að það hafi aukið mjög erfiði þeirra embættismanna sem starfa að söluskattsmálum, en þeir gerðu það nú samt þegar þeim var sagt að gera það.

Nú vill svo til, að búið er að afnema söluskatt af ætum landbúnaðarafurðum á landi hér, en söluskattur er enn þá lagður ofan á flutningsgjald á þessum vörum eigi að síður. Þær vörur eru ekki teknar út úr bílfarminum þegar til verðlagningar kemur. Ég er alveg viss um að hægt er að gera þetta, að fella þennan skatt niður, sem er, eins og hv. 1. flm. sagði, fyrst og fremst óréttlátur og er það í vitund fólksins sem þessum lögum á að hlíta.

Það má vel vera að freista megi annarra einfaldari og grómtækari ráða til þess að jafna verðmun á landi hér í verslunum og sjálfsagt að leita þeirra. Því miður get ég

ekki tekið undir með hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni í því að hrósa þeim aðgerðum sem til hefur verið gripið í sambandi við málefni Skipaútgerðar ríkisins á síðustu árum. Þar hefur harla lítið verið gert. En hitt er rétt, að hin síðustu ár hafa menn farið að hugsa um hvaða ráð séu tiltæk til þess að sinna betur málefnum Skipaútgerðar ríkisins en áður, og nú eru uppi áætlanir um að gera eitthvað í þeim málum. Og ég er viss um það eins og hv. þm., að með þeim hætti er hægt að lækka stórkostlega flutningskostnað á hinum lengri leiðum innanlands.

Það fer varla milli mála að söluskatturinn hefur oft og tíðum reynst vandræðaskattur, bæði í því sem lýtur að réttlætinu í sambandi við vöruverð og ekki síður í hinu sem varðar innheimtu á þeim skatti, sem við höfum ýmsir rökstudda ástæðu til að ætla að heimtist misjafnlega inn. Smám saman hefur Alþ. verið að láta einstaka þm., eins og hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, hafa sig út í að reyna að sníða vankanta af lögunum um söluskatt. Við hv. þm. Helgi Seljan höfum ástæðu til að stæra okkur af því, hann minnti mig á þá breytingu áðan þegar ég kallaði fram í fyrir hv. ræðumanni Sigurlaugu Bjarnadóttur, að okkur tókst að fá sniðinn ákaflega slæman agnúa af söluskattslögunum með því að fá afnuminn söluskatt af ákaflega þýðingarmikilli vörutegund, a. m. k. fyrir Vestfirðingana, þar sem er snjórinn, snjóruðningunum, flutningum á snjó af vegunum. Þannig hefur molast úr hinum verri agnúum. Það var þó gert í tíð vinstri stjórnar að afnema söluskatt á snjóruðningi og því ekki vonlaust að við gætum haldið áfram að koma einhverju skynsamlegu til leiðar í sambandi við hina verstu agnúa.

Ég mæli eindregið með því, að við tökum mál þetta nú til athugunar hér í Ed., þeirri d. þingsins sem Alþ. í heild annars að ólöstuðu — hefur oft reynst gagnleg til þeirra hluta, og reynum að fá óréttlætið afnumið og tökum með varúð yfirlýsingum um að það sé tæknilega erfitt að gera slíkt. Ég þakka flm. aftur fyrir flutning málsins og beini þeirri ósk minni til fjh.- og viðskn., sem mér skilst að muni fjalla um þetta mál, að það hljóti þar skjóta og einarðlega afgreiðslu.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er óhætt að taka undir það, að söluskattslögin eru flókin og heill frumskógur að höggva sig í gegnum, eins og kom fram hjá flm. frv. áðan. Ég kem fyrst og fremst í pontuna til að lýsa stuðningi mínum við þetta frv. Mér sýnist þetta vera réttlætismál og öfugsnúin skattheimta, eins og kom reyndar fram áðan, og beinlínis um það að ræða að leiðrétta þarna misræmi sem er greinilega í lögunum. Ég vil þakka flm. frv. fyrir að hafa lagt á sig að höggva ofurlítið greiðari leið inn í frumskóg, sem söluskattslögin eru, og bæta um leið hag neytenda úti á landsbyggðinni.

Það hefur komið hér fram, að þetta er dæmigert stjórnarandstöðufrv. Það er dálítið fróðlegt fyrir nýliða að fá svona upplýsingar. Það kom fram hjá hv. þm. Helga Seljan áðan og reyndar fleiri að sams konar mál hafi margsinnis komið fram á Alþ. Þá verður manni spurn: Hvernig stendur á að hv. þm. — eru ekki búnir að kippa þessu í liðinn fyrir löngu? — Kannske er það vegna þess, sem kom hér fram, að það er stjórnarandstöðufrv. og þess vegna ekki hægt að leysa málið.

En nú hafa hv. þm., sem tilheyra stjórnarliðinu, lofað bót og betrun, ætla að styðja þetta frv. Þá verðum við að treysta á að þeir hjálpi málinu áleiðis, fái ríkisstj. til að taka hér vel á málum. Ég hvet þess vegna til þess að málið fái skjóta afgreiðslu og góðan framgang.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að auka mörgum orðum við þá umr., sem hér hefur átt sér stað þegar um þetta mál, og hef raunar ekki átt kost á að hlýða á hana alla svo sem ég hefði viljað. En í sem fæstum orðum vildi ég segja það, að hér er fyrst og fremst um réttlætismál að ræða að mínum dómi. Þær fjárupphæðir, sem hér er um að tefla, eru ekki verulegar, einhverjar þó. Við höfum heyrt nefnd hin fáránlegustu dæmi um þann rugling og það misræmi sem er í þessum málum. Ég hef fundið það ákaflega vel víða í mínu kjördæmi, einkum þó á Snæfellsnesi norðanverðu, hve mönnum þykir mikið misrétti að þurfa að búa við það að greiða söluskatt af flutningskostnaði sem bætist ofan á ýmislegt annað óhagræði. Þess vegna held ég að sjálfsagt sé að fram fari ítarleg athugun á þessu máli. Ég hygg að sú athugun muni leiða í ljós að þetta sé ekki fjárhagslega neitt stórmál og tiltölulega auðvelt að leiðrétta það og stíga þannig skref, þótt lítið sé, í þá átt að jafna aðstöðu fólks hér á landi.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég kem í ræðustólinn öðru sinni fyrst og fremst til að þakka þær umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, og mjög svo jákvæða og skilningsríka afstöðu sem komið hefur fram.

Ég get ekki látið ógert að þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. alveg sérstaklega fyrir hans fallegu orð í minn garð. Ég vissi aldrei að ég væri ekki það jarðbundin að mönnum dyttu vængir í hug þegar ég stigi í ræðustól, og allra síst um jafnjarðbundið og leiðinlegt mál og þessi blessaði söluskattur er. En sem sagt, ég vil þakka eindregið fyrir. Það gefur mér vonir um að jafnvel þó að ég sé þannig sett núna að ég tilheyri ekki stjórnarliðinu, sem kallað er, fái þetta mál framgang.

Það er vissulega til umhugsunar sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði um stjórnarandstöðuna. Ég hef oft sagt það, bæði í mínum flokkshópi og annars staðar, að það, sem ég held að hafi hvað mest stuðlað að því að draga úr trausti og virðingu almennings á Alþ. og stjórnmálamönnum, sé einmitt hvernig menn snúast í skoðunum sínum, afstöðu og ákvörðunum eftir því hvorum megin þeir sitja við borðið, hvort þeir eru í stjórnarandstöðu eða í stjórnaraðstöðu. Þetta er öruggt mál að þyrfti að breytast ef íslensk stjórnmál eiga að ná þeirri festu og því trausti fólksins í landinu sem það þarf og við þurfum að njóta sem erum að fást við stjórnmál.

Ég verð nú að hryggja hv. þm. Stefán Jónsson með því, að litlar líkur eru til þess að ég gangi úr berginu og verði bergnumin á vinstri vængnum, þó að margt sé auðvitað gott og þarft sem andstöðuflokkarnir hafa á stefnuskrá sinni. Þegar allt kemur til alls viljum við auðvitað flest okkar í meginatriðum það sama; réttlæti til handa samborgurum okkar, jafnvægi í landinu, misræmi og glundroða sem lengst frá okkur. En þetta er stærra vandamál en svo að ég fari að gera því nánari skil.

Hv. 3. þm. Vesturl. drap á staðsetningu þessarar brtt. Hann benti á að hugsanlega ætti brtt. við lögin fremur heima í 9. gr. Sannleikurinn er sá, að upphaflega hafði ég sett hana þar inn, en fyrir ábendingu frá manni, sem ég tók mark á, breytti ég því og fór yfir í 7. gr. En ef einhver er hér úr fjh.- og viðskn., sem fær málið til umfjöllunar, er mér það að sjálfsögðu ekkert atriði í hvaða grein breytingin kemur inn. Ef það sýndist jákvæðara fyrir málið að setja hana inn í 9. gr. er það sannarlega mér að

meinalausu.

Það er annað atriði sem í rauninni væri ástæða til að benda á í sambandi við þetta mál allt, þ. e. þann óeðlilega stóra hlut sem Reykjavík hefur í innflutningsversluninni. Lausnin hlýtur að hluta til að koma með því að flytja vöruna beint frá útlöndum til fleiri innflutningshafna á landinu — (**StJ:** Íhaldið mundi aldrei fallast á það.) — og stofna heildsöluverslanir úti um land. Þetta er góðu heilli komið á nokkurn rekspöl. Ég veit til þess í mínu kjördæmi, að þar er nú rekin á Ísafirði blómleg heildsöluverslun sem nágrannakaupmennirnir nota sér óspart. Að sjálfsögðu verður hagkvæmara að reka heildsöluverslunina með þeim hætti að koma henni ekki allri fyrir hér í Reykjavík, heldur dreifa henni eins mikið og unnt er um landið.

Það var annað atriði líka sem ég vildi aðeins minnast á í þessu sambandi. Það hefur lengi verið talað um það undanfarin ár að leggja söluskattinn, þetta vandræðabarn, niður og taka upp virðisaukaskatt. Þetta hefur hingað til ekki orðið nema orðin tóm. Það er eitt af þeim álitamálum sem koma til í sambandi við flutning þessa máls, sem mér hefur ekki tekist að finna fullnægjandi svar við, hvort þetta flutningsgjald kæmi hugsanlega undir virðisaukaskatt. Fróðir menn, sem ég hef spurt um þetta, hafa ekki verið vissir um hvort svo væri. En mér finnst að það þurfi engan veginn að hræða okkur frá því að hreyfa þessu máli og reyna að fylgja því eftir.

Ég vil eindregið taka undir það, sem hefur komið hér almennt fram, að þetta er fyrst og fremst réttlætismál fremur en það sé stórt fjárhagsmál. Og eftir þær undirtektir, sem málið hefur fengið við 1. umr. er ég bjartsýn um að farið verði um þetta mál nærgætnum, skilningsríkum höndum í hv. fjh.- og viðskn. og við komum málinu í gegn á þeim grundvelli að hér sé um réttlætismál að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 46. fundur.

Miðvikudaginn 19. mars, kl. 2. miðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 212, 216). — 3. umr.

Brtt. 216 of seint fram komin. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Við 2. umr. hér í deildinni var samþ. að veita sveitarfélögum heimild til þess að hafa útsvar allt að 10% hærra en fyrri heimildir leyfðu. Í þessu sambandi hafa orðið umr. um hversu mikla aukningu skattlagningar gæti af þessu leitt, og í þessu sambandi hlýtur mönnum að sjálfsögðu að vera hugsað til náskylds máls, sem eru tekjuskattslögin, skattstigahlið tekjuskattslaganna.

Ég tel ástæðu til að upplýsa hér, áður en mál þetta er afgreitt úr deildinni, að ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um að flytja frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt þar sem skattstigar verða ákveðnir á þann veg að af nettótekjum allt að 3 millj. hjá framteljanda verði tekjuskattur greiddur 20% af því sem þar er fyrir ofan og allt að 6 millj. kr. nettótekjum verði greiddur 35% skattur, en 50% skattur af því sem er þar fram yfir. (**Gripið fram í:** Miðast þetta við einstaklinga?) Þetta miðast að sjálfsögðu við framteljanda. Þeir eru einstaklingar hvort sem þeir eru í hjónabandi eða ekki. Persónuafsláttur verður 440 þús. kr. samkv. þessari tillögu, en tekjuskattur lögaðila er þá áformaður 61% eins og hann var á seinasta ári.

Ég tel rétt að upplýsa hér, að frv. þessa efnis verður lagt fram í þinginu öðru hvorum megin við helgina, vegna þess að ákvörðun skattstiga og persónuafsláttar skiptir nokkru máli í sambandi við útsvarsgreiðslu. Nú má vel vera, að Alþ. eigi eftir að breyta tillögum þeim sem ríkisstj. mun leggja fram. Tillögurnar verða athugaðar í hv. fjh.- og viðskn. deildanna og verða þar til nánari athugunar með sérfræðingum, en þetta er sú tillaga sem ríkisstj. kemur til með að leggja fyrir þingið og gengur út á að tekjuskatturinn skili ríkissjóði nokkurn veginn sömu tekjum og gömlu tekjuskattslögin hefðu gert ef tillit er tekið til tekjubreytinga milli áranna 1978 og 1979, en sú tala er um 38,8 milljarðar kr. að byggingarsjóðsgjaldi meðtöldu.

Það er rétt að skjóta því hér inn í, að í umr. um þetta mál hef ég oftar en einu sinni heyrt því slegið fram að tekjuskattur muni hækka um 65%. Það er auðvitað sérstök ástæða til þess að mótmæla svo fáránlegum fullyrðingum. Sannleikurinn er auðvitað sá, og leiðir nokkuð af því sem ég hef nú sagt, að innheimtur tekjuskattur er áætlaður 45 — 46% hærri fjárhæð en innheimtist á árinu 1979. Þegar menn aftur á móti tala um að hér sé um 65% hækkun að ræða er það vegna þess að menn miða við fjárlagatöluna eins og hún var sett fram fyrir meira en einu ári — tala sem reyndist síðan óraunhæf því að tekjuskatturinn reyndist meiri. Þegar sú tala var ákveðin vissu menn ekki fyllilega um tekjubreytinguna milli ára. Talan var því óraunhæf. Ef menn miða við þessa óraunhæfu tölu fá þeir út að um hafi verið að ræða 65% hækkun. En auðvitað er ekki hægt að miða við neitt annað en hvað tekjuskatturinn skilaði ríkinu miklum tekjum á árinu 1979. — En þetta var útúrdúr.

Í sambandi við útsvarið og tekjustofna sveitarfélaga, sem hér eru til umr., skiptir auðvitað verulega miklu máli hvað stór fjárhæð gengur til skattborgaranna í formi ónýtts afsláttar. Ég vil upplýsa það hér að ef lagt væri á samkv. gömlu lögunum, lögunum frá 1971, og afsláttur-inn og tekjurnar og þar með skatturinn væru hækkuð um 45% gengju upp í útsvar 1768 millj. kr. og upp í sjúkratryggingargjald 559 millj. kr. eða samtals 2 milljarðar 327 millj. kr. En ef það frv. verður að lögum, sem ríkisstj. mun leggja fram öðru hvorum megin við helgina og gengur út á að skattstigar verði þeir sem ég hef nú gert grein fyrir, verður ónýttur afsláttur upp í útsvar 3 milljarðar 850 millj. og upp í sjúkratryggingargjald 750 millj. kr. eða samtals áætlað 4 milljarðar 600 millj. kr.

Auðvitað er þessi upphæð áætlunarupphæð tölvunnar, sem byggir á tuttugasta hverju framtali eins og það lá fyrir á seinasta ári, og því getur hér alltaf skeikað einhverju. En þetta eru þær tölur sem við höfum í höndunum, þær einu sem eitthvað er á að byggja. Samkv. þessu er ljóst að það gengur upphæð af ónýttum afslætti upp í útsvar sem er 2.1 millj. hærri samkv. nýja tekju-

skattsfrv. og samkv. skattstigunum, sem hér er verið að tala um að verði samþykktir í þinginu, en verið hefði samkv. gömlu lögunum. En ef hvort tveggja er með talið, bæði útsvar og sjúkratryggingargjald, er þarna um að ræða upphæð sem er 2.3 milljörðum hærri en verið hefði samkv. gömlu lögunum.

Þetta verða menn auðvitað að hafa í huga þegar þeir tala um að verið sé að auka útsvarsbyrðina með samþykkt þessarar heimildar til útsvarshækkunar, því að það kemur auðvitað til frádráttar og kemur þá einkum til góða þeim sem lægstar hafa tekjurnar.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði s. l. fimmtudag, að líta bæri á heildarskattlangingu fólks, og benti þá sérstaklega á að persónuafsláttur tekjuskattslaga mundi í mörgum tilfellum greiða álagt útsvar lágtekjufólks. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðh., að í mörgum tilvikum mun sú verða raunin. Um þetta var þó afskaplega erfitt að dæma meðan hvorki var búið að ákveða skattstiga né upphæð persónuafsláttar.

Nú hefur hæstv. fjmrh. gefið upplýsingar um hver skattstiginn og persónuafslátturinn eigi að vera. Samkv. því sýnist mér fljótt á litið að skattfrelsismörk hjóna með tvö börn verði aðeins undir 3 millj. kr. ef annað hjónanna vinnur eitt fyrir tekjunum. Hjá einstaklingum verða skattfrelsismörkin nokkuð undir 1.5 millj. kr., og er þá átt við tekjur s. l. árs.

En það er eitt sem við megum ekki gleyma í þessu sambandi. Strax og tekjur fara yfir þau mörk sem ég minntist á, þ. e. 3 millj. annars vegar fyrir hjón með tvö börn og 1.5 millj. fyrir einstaklinga, gengur persónuafslátturinn allur á móti tekjuskatti og sjúkratryggingargjaldi þannig að allt útsvarið kemur af fullum þunga á gjaldendur. En auðvitað vinnur hækkandi persónuafsláttur á sama hátt og þessar hugmyndir sem ég hef lagt fram í till. minni.

Vegna þess að við þessi mörk fer persónuafslátturinn allur í að borga tekjuskatt og sjúkratryggingargjald er ég hræddur um að útsvörin komi af fullum þunga á margan lágtekjumanninn þegar búið er að draga tekjuskattinn og sjúkratryggingargjaldið frá. Enn fremur kemur sú 10% hækkun útsvara, sem samþ. var við 2. umr. í þessari hv. deild, af fullum þunga á unglinga innan 16 ára aldurs eða nánast tiltekið til og með 16 ára miðað við greiðsluár. Þar er ekki um neinn persónuafslátt að ræða og þar getur hækkunin orðið margfalt meiri en umrædd 10% sem till. var ætlað að ná, vegna þess að persónuafslátturinn var ekki hækkaður að sama skapi.

Um notkun persónuafsláttar til greiðslu útsvara er margt hægt að segja. Sú notkun er út af fyrir sig góðra gjalda verð, en framkvæmdin finnst mér vera furðuleg. Útsvarið er reiknað út og tilkynningar skrifaðar fyrir hvern og einn og í sumum tilfellum a. m. k. sendar fólki sem greiðslukröfur sem síðan eru svo dregnar til baka. Veldur þetta mörgu gömlu fólki a. m. k. verulegum áhyggjum. Það er alltaf verið að rukka fólk þó það eigi ekkert að borga. Í öðrum tilvikum leggja sveitarfélögin á sig heilmikla vinnu við að flokka þessar tilkynningar og leggja til hliðar áður en almenn útsending greiðslukrafna fer fram. Ég hef aldrei skilið hvers vegna í ósköpunum tölvurnar, sem notaðar eru til að reikna út skatta og útsvör, eru ekki látnar skila einni upphæð fyrir hvert sveitarfélag og spara þannig heilmikinn kostnað, amstur og leiðindi.

Ég er, og hef áður lýst því yfir, sammála því sjónarmiði að nauðsynlegt sé við ríkjandi verðbólguástand að bæta sveitarfélögum upp að hluta þá feikilega miklu tekjuskerðingu sem þau verða fyrir af völdum verðbólgu. Æskilegast hefði auðvitað verið að ríkissjóður sæi sér fært að flytja eitthvað af tekjum sínum til sveitarfélaganna, enda eru það ein höfuðrök sveitarstjórnarmanna, m. a. hv. 1. þm. Vesturl., fyrir nauðsyn aukinna tekna sveitarfélaganna að ríkisvaldið hafi flutt verkefni frá ríkissjóði yfir á sveitarfélögin án þess að sjá um leið fyrir samsvarandi yfirfærslu tekna. Eftir atkvgr. í þessari hv. deild s. l. mánudag liggur ljóst fyrir að ríkissjóður telur sig ekki geta séð af neinu af tekjum sínum til sveitarfélaganna. Er því að mínu mati nauðsynlegt að sjá með öðrum hætti fyrir nokkuð auknum tekjum sveitarfélaga. En það má ekki undir neinum kringumstæðum gera á kostnað þeirra tekjulægstu. Því hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 216 sem nær þessu marki án þess að draga allt of mikið úr því hagræði sem sveitarfélögin hafa af þeirri heimild til 10% hækkunar útsvara sem samþ. var við 2. umr. í þessari hv. deild. — Ég vek athygli á að ég vísa til 6. gr. Þá á ég við 6. gr. í frv. um breyt. á lögunum um tekjustofna, en hún verður 26. gr. í sjálfum heildarlögunum.

Verði till. mín samþ. lækka útsvör hjá hjónum með tvö börn, sem hafa minna en 3.3 millj. í tekjur, og lækka því meira sem tekjur eru minni. Þegar launin fara yfir 3.3 millj. hækka útsvörin fyrst rólega, en hækkunin verður 7 — 8% á hæstu tekjur. Hjá einstaklingum er þessi vendipunktur við 1.5 millj. kr. tekjumörkin. Ef till. mín verður samþ. fá sveitarfélögin um það bil 3.4 milljarða hækkunarheimild ef öll þeirra notfæra sér heimildina. Verði till. felld er heimildin um það bil 5.1 milljarður.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að það kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. áðan að raunar er ekki rétt og ekki æskilegt að afgreiða mál sem þetta án þess að vitað sé um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. og tillögur hennar um ákvörðun skattstiga. Ábending hæstv. fjmrh. áðan, þar sem hann gaf þm. upplýsingar um hver vera ætti skattstiginn sem ríkisstj. leggur til, gefur ótvírætt í skyn að að áliti hæstv. ráðh. sjálfs sé slíkur málflutningur nauðsynlegt framlag í þessa umr. Ég held því að það væri affarasælast, fyrst hæstv. ríkisstj. er komin þetta langt með tillögugerð sína, að hún dokaði við um afgreiðslu þessa máls, þó ekki væri nema um einn eða tvo daga, en legði fram umrætt frv., sem hæstv. fjmrh. boðaði áðan, um skattstiga, þannig að Alþ. gæti rætt þessi mál bæði saman og fengið að sjá, hvaða áform ríkisstj. hefur uppi um gerð skattstiga varðandi tekjuskatt einstaklinga, samhliða þeirri tillögu sem hér er gerð. Ég tel raunar að ræða fjmrh. áðan sé viðurkenning hans á því, að hann telji sjálfur að þm. þurfi að vita um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi áður en deildarmenn afgreiða hækkun á útsvörum til sveitarfélaga.

Í stuttri ræðu hæstv. fjmrh. áðan kom að sjálfsögðu ekki fram nema í grófum dráttum hverjar eru fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. í þessu skattstigamáli. En ég vek aftur athygli á að hæstv. ráðh. taldi rétt að gefa þingheimi þessar takmörkuðu upplýsingar um fyrirætlanir ríkisstj. í málinu. Það er auðvitað yfirlýsing af hans hálfu um að a. m. k. hann sé mér sammála um að eðlilegt sé og rétt að hv. dm. fái að sjá allar fyrirætlandir ríkisstj. í skattamál-

um áður en þeir afgreiða það mál sem hér er til meðferðar. Fyrst skattstigamálið er svo langt komið að hæstv. fjmrh. telur sig geta skýrt frá meginefni um frv. skattstiga við þessa umr. getur varla verið nema dagaspursmál hvenær frv. verður lagt fram hér á Alþ. Þess vegna vil ég ítreka þau tilmæli mín við hæstv. ríkisstj., að hún ljúki ekki afgreiðslu tekjustofnamálsins fyrr en hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram á Alþ. frv. sitt um skattstiga, þannig að þessi tvö mál geti orðið samferða um þingið eða sem næst því. Ég vil eindregið beina því til hæstv. ríkisstj. og þá hæstv. félmrh. að taka þessa beiðni til velviljaðrar athugunar.

Um þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gat um áðan um fyrirhugaðan skattstiga, er að sjálfsögðu lítið hægt að segja á þessu stigi, vegna þess að frv. liggur ekki fyrir, heldur aðeins nokkur orð hæstv. ráðh. um hver skattþrepin muni verða í frv., en ekki t. d. upplýsingar um hvernig eigi að reyna að mæta erfiðleikum ýmissa sérstakra hópa í þjóðfélaginu sem fara illa út úr hinum nýju skattalögum sem komu í gildi um s. l. áramót, — hópa eins og t. d. einstæðra foreldra, en að óbreyttum skattalögum mun skattaleg aðstaða einstæðra foreldra stórversna nema tekið verði sérstaklega á því máli í frv. um skattstiga. Ég vil þó láta það koma fram vegna upplýsinganna um skattstigann sem hæstv. fjmrh. gat áðan um, að verði það niðurstaða ríkisstj. er stefnt að talsvert aukinni skattbyrði hjá lág- og millitekjufólki. Í þeim tillögum, sem minnihlutastjórn Alþfl. lagði fram um skattstiga, var gert ráð fyrir þremur skattþrepum, að af lægstu tekjum, upp að 2.5 millj. skattskyldra tekna, skyldi aðeins greiða 15% í skatt. Hæstv. fjmrh. boðar að af þessum lágu tekjum eigi að greiða 20% í skatt. Þetta er *aukin skattbyrði á lægsta tekjuhóp frá tillögum Alþfl.* Þá boðaði hæstv. fjmrh. í ræðu sinni áðan að af lágum meðaltekjum, sem séu á bilinu frá 3 og upp að 6 millj. kr. skattskyldra tekna, skuli greiða 35%. Samkv. tillögum minnihlutastjórnar Alþfl. um skattstiga átti af hluta þessara lágu tekna aðeins að greiða 15%, en þó aldrei hærra en 30%. Þarna stefnir hæstv. ríkisstj. einnig að aukinni skattbyrði á lágtekjufólk og lægra millitekjufólk ef upplýsingar hæstv. ráðh. reynast réttar.

Þegar menn skoða útsvarsálagninguna samfara þeirri ráðagerð stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. nú að hækka þann tekjuskatt, sem leggst á lægstar tekjur, og taka lítið sem ekkert tillit til tekjubils hjá lágtekjufólki og hátekjufólki, þ. e. þegar jafnframt er horft á fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. um að auka útsvarið, sem er fyrst og fremst launamannaskattur, jafnmikill skattur hlutfallslega af lágum launum og háum, hlýt ég að verða mjög vonsvikinn, því að í samlagi boða hækkun útsvars og sá skattstigi, sem hæstv. fjmrh. var að lýsa áðan, stóraukna skattbyrði, ekki á hátekjufólkið, heldur á lágtekjufólkið. Ég hélt þó að hæstv. ríkisstj. mundi reyna að sjá það í friði. Þetta er miðað við þá skattheimtu í tekjuskatti, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., og forsendur frv., sem hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. byggja frv. á, og án þess að tekið sé tillit til þeirrar sérstöku skattheimtu sem hæstv. ríkisstj. ætlar að hafa utan fjárlaga, svo sem orkuskatts upp á 5 — 6 milljarða, svo og sérstaks skatts til hæstv. ríkisstj. ætlar að hafa utan fjárlaga, svo sem orkuskatt upp á 5—6 milljarða, svo og sérstaks skatts til að standa undir loforðum ríkisstj. um félagsmálapakka o. fl. Að öllum þessum viðbótarsköttum slepptum gerir fjárlagafrv. ráð fyrir að skattbyrði beinna skatta í prósentum af tekjum greiðsluárs hækki úr 13.4%, eins og skattbyrðin reyndist vera á árinu 1979, í 14%, eins og hún er talin verða á árinu 1980, miðað við fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. í fjárlagafrv. um skattheimtu og forsendur frv. Hæstv. fjmrh. getur að sjálfsögðu ekki haldið því fram, að þetta sé ekki aukning á skattbyrði.

Ég vil taka það fram til þess að ítreka það, að upplýsingarnar, sem ég fer með, eru réttar, þær eru fengnar frá Þjóðhagsstofnun. Þetta er mat Þóðhagsstofnunar á breytingum á skattbyrði milli áranna 1979 og 1980 miðað við forsendur fjárlagafrv. og áætlun fjárlagafrv. um tekjuskattsheimtu á þessu ári. Samkv. því þyngist skattbyrði beinna skatta í prósentum af tekjum greiðsluárs úr 13.4% á árinu 1979 í 14% á árinu 1980. Það er að sjálfsögðu aukning á skattbyrði. Ofan á það bætast svo þeir viðbótarskattar sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað að hún muni leggja á og áætlar fyrir utan fjárlög.

Fyrst hæstv. ríkisstj. er komin svo langt með gerð frv. um skattstiga að það er raunar aðeins spurning um örfáa daga þangað til það frv. verður lagt fram á hinu háa Alþingi, úr því að ljóst er að jafnvel hæstv. fjmrh. telur nauðsynlegt að áður en menn ganga til afgreiðslu á því máli, sem nú er á dagskrá, viti þdm. sitthvað um efni frv. um skattstigana, ítreka ég þá ósk mína til hæstv. ríkisstj. að hún fallist á að halda ekki þessu dagskrármáli frekar til streitu, heldur bíði þá fáu daga eða fáu klukkustundir sem kunna að líða þangað til hæstv. ríkisstj. leggur fram skattstigafrv. sitt hér í þinginu, þannig að þessi tvö mál geti orðið nokkuð samferða og menn sjái hvaða skattaukningu sé verið að stefna að og þá ekki síður hverjir eiga að taka á sig þá auknu skattbyrði. Þá kann að vera að mönnum gefist kostur á að gera þær brtt. sem gætu orðið til þess fallnar að létta hinni auknu skattbyrði af lág- og *millitekjufólki, sem virðist fyrst og fremst eiga að bera* hina nýju og auknu skatta hinnar nýju ríkisstj.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða að svo komnu máli þá till. sem hv. 5. þm. Suðurl. hefur lagt fram og leitað var afbrigða um fyrr á þessum fundi. Ég held að um það sé samið, að þingflokkar fái tækifæri til þess á eftir að skoða betur þá till. sem hann flutti og er að koma fyrst fram við 3. umr. málsins. Ég held þó að ástæða sé til að vekja enn einu sinni athygli á nokkrum atriðum þess máls sem hér er til umr., einkum og sér í lagi þeim vinnubrögðum sem hér hefur verið beitt.

Það lá fyrir við 2. umr. till. frá hv. 10. landsk. þm. um aðra leið til að bjarga fjárhag sveitarfélaganna en samþykkt var við lok 2. umr., þ. e. að ríkisvaldið gæfi eftir nokkuð af söluskattstekjum sínum og færði þær yfir til þeirra sveitarfélaga sem mesta þörf hefðu á því fjármagni. Var beðið um að þessi till. og sú varatill., sem hv. 1. landsk. þm. flutti í þessu máli, yrðu athugaðar í n., en því tilboði var hafnað eða alla vega var ekki boðað til nefndarfunda þótt tækifæri hefði gefist til tímans vegna. Þá er rétt að benda á að um það var einnig beðið, þegar á 2. umr. stóð, að hægt væri að fresta þessu máli þar til betur væri vitað um þá skattstiga sem ríkisstj. hyggðist leggja fram í frumvarpsformi til breytinga á skattalögunum. Við 3. umr. kemur hæstv. fjmrh. og segir nokkur orð sem ástæða er til að spyrja frekar út í. Það var ekki vonum fyrr, enda hafði Þjóðviljinn, málgagn hæstv. félmrh. og fjmrh., sagt undan og ofan af þessu máli í morgun í leiðara.

Rökin fyrir því, að sveitarstjórnum sé gefinn kostur á að leggja 10% álag ofan á útsvarið og koma því þannig upp í 12.1% af árstekjum gjaldenda, eru fyrst og fremst tvenns

konar. Annars vegar er því haldið fram, að um hafi verið að ræða tilfærslu á tekjum frá ríki til sveitarfélaga, og hins vegar, að verðbólgan hafi skert þennan tekjustofn. Ef fyrra atriðið reynist rétt, og það er rétt, liggur auðvitað beint við að ríkið eigi að gefa eftir af tekjum sínum, eins og till. þeirra hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Péturs Sigurðssonar gerðu ráð fyrir. En sé verðbólgan aðalskaðvaldurinn er varla mikið kvíðbogaefni þar sem sú hv. ríkisstj., sem hér situr að völdum, hefur sagt frá því í sínum ágæta málefnasamningi, sem hæstv. forsrh. og utanrh. segja að menn eigi að lesa kvölds og morgna, að verðbólgan verði komin árið 1982 niður í það sama og í nágrannalöndunum. Sagði hæstv. landbrh. líka eitthvað? (**Gripið fram í:** Það var fyrrv. forsrh. sem sagði þetta.) Já, og núv. hæstv. forsrh. (**Gripið fram í:** Ég sagði ekkert slíkt.) Hæstv. forsrh. sagði að þau ummæli ættu vel við um þennan stjórnarsáttmála líka. Þetta sagði hann í ágætri ræðu þegar hann óð reyk í umr. um daginn, eins og frægt er orðið og í blöð hefur komist, að maður ætti að lesa þann sáttmála vel. Þar er því lofað nánast, — ja, við skulum ekki segja lofað, en haldið fram, — að ríkisstj. ætli sér að koma verðbólgunni niður í 12% 1982. Við það vænkast heldur betur hagur sveitarfélaganna. Það hefði kannske verið eðlilegra, aðeins af þeim ástæðum, að hinkra við og beita frekar bráðabirgðaaðgerðum, eins og lagt var til af þeim hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Pétri Sigurðssyni. — En þetta gerðist nú ekki. Meiri hl. þessarar hv. d. stóð að því að auka heildarskattbyrðina um 4 — 5 milljarða kr. Ofan á það bætist síðan að ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún ætli að leggja á einhvers konar orkuskatt, sem mun vera annað eins. Þarna kemur því *utan fjárlaga skattbyrði ofan á allt annað sem nemur um* 10 milljörðum kr.

Hæstv. félmrh. svaraði fsp. við 2. umr. þessa máls, þar sem hann var spurður að því, hvað fælist í þeim orðum stjórnarsáttmálans þar sem rætt er um lækkun útsvars af lægstu tekjum. Ég ætla ekki að ítreka þá spurningu. En ég vil vekja athygli á því sem í svari hans kom fram. Hann las upp úr gildandi lögum, 68. gr. skattalaga, og sagði að ríkisstj. mundi fara að þeim lögum. Það voru svör hans við spurningunni. Ég er honum þakklátur fyrir að hann skyldi koma upp í ræðustól hér í hv. d. og skýra þingheimi og þjóð frá því, að ríkisstj. ætlaði sér að fara að lögum og að þetta ákvæði stjórnarsáttmálans þýddi það. — Ég segi þetta ekki út í bláinn. Þetta segi ég vegna þess að við þm. erum vanir því, að ekki sé farið að lögum. Frægasta dæmið um það eru auðvitað svokölluð Ólafslög, þar sem aðeins er farið eftir þeim greinum sem ríkisstj. telur sig þurfa að fara eftir í það og það skiptið.

Nú kemur hæstv. fjmrh. hér upp og segir okkur undan og ofan af því, hvað sé að gerast í ríkisstj. um skattstigamálið, og segir þá m. a. að sú breyting verði á milli ára, að nú megi gera ráð fyrir að ríkið verði að endurgreiða sveitarfélögunum 4.6 milljarða kr. vegna hækkaðs persónufrádráttar, en ef gömlu lögin giltu hefði sú upphæð aðeins orðið 2.3 milljarðar kr. Það var árið 1979 milli 1200 og 1300 millj. kr. Það er ástæða til að huga að því hvað þetta þýðir. Það er talið að fjöldi manna greiði ekki útsvar með þessum hætti. Það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. að tekjuskattar einstaklinga séu 38.2 milljarðar, en sú tala eru hreinar tekjur, hreinar innheimtar tekjur á greiðslugrunni. Þetta er sú upphæð sem á að koma í kassann á yfirstandandi ári. En til þess að ná inn þeim tekjum þarf ríkið að leggja á talsvert meira, því að auðvitað þarf að greiða til baka útsvarið af brúttótekjunum af tekjuskattinum. Því er enn á ný um aukna millifærslu að ræða. Hér er enn á ný verið að þyngja skattbyrðina á þeim sem á annað borð greiða skatta í þessu landi. Þetta þýðir m. ö. o. að skattbyrði af meðaltekjum, jafnvel lágum tekjum, og hærri tekjum kemur til með að aukast enn meira en hægt er að lesa út úr fjárlagafrv.

Ég vildi gjarnan að hæstv. fjmrh., sem ekki er staddur hérna, en t. d. hæstv. landbrh., sem er hér staddur, skýrði fyrir hv. d. hvað hér er á ferðinni. Það væri vissulega ástæða til þess, að hann eða einhver annar úr ríkisstj. skýrði okkur frá því, hvað það þýðir sem hæstv. fjmrh. var að segja. Hann hafði um það fá orð, litlar útskýringar. En fyrir okkur, sem hlustuðum á hvað hann var að segja, kemur aðeins eitt í ljós, og það er að enn á að herða á ólinni. Ég vil þess vegna taka undir það sem hv. 3. þm. Vestf. sagði áðan, að full ástæða er til að staldra við í þeim umr. sem hafa farið fram um útsvarsálagninguna og bíða eftir því sem kemur út úr þessu skattstigamáli, hvað kemur út úr orkuskattinum og hvað kemur út úr því sem hæstv. ríkisstj. er hugsanlega með á prjónunum til viðbótar til þess að auka enn á skattaálögur, þannig að við getum tekið afstöðu til þessa máls þegar það liggur fyrir í heild sinni.

Það er út af fyrir sig hægt að halda því fram, eins og hæstv. fjmrh. gerði í sjónvarpi í gær, að það skipti í sjálfu sér engu máli hvort verðbólga geisi hér á landi, því þannig sé farið með tekjur ríkissjóðs að þær séu að langmestu leyti óbeinir skattar og þótt verðbólgan geisi muni koma tekjur á móti útgjöldum sem aukast í *verðbólgunni og þess vegna sé allt í lagi. Þessi hugsunarháttur* er svo ríkjandi hjá vissum stuðningsmönnum stjórnarinnar að það er ástæða til að staldra aðeins við. Og maður spyr: Hver er það sem er fulltrúi skattgreiðenda? Hver hér inni er fulltrúi þeirra sem vinna hörðum höndum og þurfa að greiða útsvör og skatta? Ég fæ ekki auga komið á slíka menn, a. m. k. ekki í herbúðum flokks hæstv. fjmrh., og því miður verð ég að segja það, og það þykir mér afar sorglegt, að mér sýnist þessi hugsunarháttur svo smitandi að m. a. s. mínir ágætu flokksbræður, sem sæti eiga í ríkisstj., sitja og steinþegja yfir þessu öllu saman. Ég er ansi hræddur um að hæstv. forsrh., hæstv. dómsmrh. og hæstv. landbrh. hefðu einhvern tíma tekið til máls undir þessum kringumstæðum, a. m. k. komið hér upp og þorað að segja álit sitt á þeirri herferð sem ríkisstj. hefur nú hafið í vasa skattgreiðenda þessa lands.

Ég vil að það komi skýrt fram, að það er heildarskattbyrðin sem skiptir öllu máli, þ. e. sú skattbyrði sem áleggst þegar saman koma tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaganna. Það verðum við að hafa hugfast þegar þetta mál er afgreitt. Ég vil þess vegna eindregið hvetja til þess að það verði hinkrað í nokkra klukkutíma á meðan hæstv. fjmrh. er að undirbúa sig svo að hann geti komið í mæltu máli saman því sem hann gæti sagt okkur og ríkisstj. greinilega hefur nú þegar ákveðið — eða þá að bíða í einn eða tvo sólarhringa þannig að við fáum á borðið hjá okkur allar þær upplýsingar sem þegar hafa komið fram í hæstv. ríkisstj. um hvernig hún ætli enn og aftur að auka skattbyrðar á almenningi þessa lands.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil byrja á að óska eftir því, að þessum umr. verði frestað þangað til boðað frv. fjmrh. um tekju- og eignarskatt verður tekið á

dagskrá, svo hægt sé að skoða málið í heild, og að ég fái að ljúka ræðu minni þegar það mál liggur fyrir og búið verður að gera okkur grein fyrir því. Mér finnst það vera fádæma dónaskapur við hið háa Alþingi að hæstv. fjmrh. skuli ýmist boða þingmál í sjónvarpsþætti eða leyfa okkur að heyra stuttan útdrátt úr þeim. Ég sé nú ekki að hann sé einu sinni í d. til þess að hægt sé að spyrja hann frekar út í þetta. Hann talar um að jafnvel standi til að þetta frv. verði lagt fram fyrir helgina og það sé tilbúið í skúffu ráðh. Ég vil þess vegna óska eftir því, að ég fái að slá ræðu minni á frest og ljúka henni þegar hitt frv. hefur verið lagt fram. (**Forseti:** Það hefur komið fram hér áður, að þingfundi verði frestað kl. 3 og hann hefjist að nýju kl. 4. Ef ræðumaður vill nota tímann til kl. 3 er það að sjálfsögðu æskilegt.) Ég er að biðja um að umr. verði frestað þangað til hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram tekjuskattsfrv. Ætlar hæstv. forseti að synja mér um það? (**Forseti:** Það er ekki á valdi forseta.) Er ekki á valdi hans að ráða dagskrá hér? Ég hélt að það væri forsetans að ráða henni. Ég held að það sé svo sem allt í lagi að leyfa þinginu að sjá þessar tillögur í samhengi.

Því hefur verið lýst yfir af ýmsum hæstv. ráðh. að í heild muni tekjuskatturinn lækka miðað við s. l. ár. Samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. gaf áðan, er augljóst mál og maður sér það á augabragði að a. m. k. á einstaklingum sem eru með almennar launatekjur, mun skattlagningin aukast verulega á þessu ári. Ég held því að nú sé kominn tími til að skoða þessi mál í samhengi. En ég heyri að hæstv. forseti er ekki þeirrar skoðunar, að ástæða sé til þess að umr. um tekjustofnafrv. verði reistar á þeim grunni sem heildarskattlagningin á þegnana í landinu byggi á, og ætlast til þess að Alþ. sé bara afgreiðslustofnun fyrir hæstv. ríkisstj. og að þm. fái ekki að gera sér grein fyrir heildarmyndinni.

Ég harma það vissulega, en það má segja að þetta sé svo sem ekkert í ósamræmi við annað. Fyrir liggur að hæstv. forsrh. hefur ekki djörfung og dug til að flytja stefnuræðu sína, eins og þó eru skýr ákvæði um í þingsköpum. Hélt ég þó að hann gæti komið fyrir sig orði, a. m. k. ef hann nennir. (**Gripið fram í:** Hann er að leita að stefnunni.) Hann er kannske að leita að henni, já. En það verður þá svo að vera.

Ég vil a. m. k. fara fram á það, að hæstv. fjmrh. sé hér í salnum. Hann stóð upp í upphafi umr. til að gefa okkur skýringar á ákveðnum málaþáttum sem væru í afgreiðslu hjá ríkisstj. Og ég vil tilkynna hæstv. forseta að ég held ræðu minni ekki áfram fyrr en hann er kominn í salinn. (Gripið fram í.) Já, ég sé að hæstv. fjmrh. er genginn í salinn. Þá er hægt að ræða þau nýju viðhorf, sem upp eru komin, að honum viðstöddum.

Ég vil þá byrja á að vekja athygli á því, að þegar rætt er um skattbyrði í landinu, sem mér hefur heyrst að hæstv. ráðh. geri sér ekki grein fyrir, er það náttúrlega spurningin hversu mikla peninga fólkið, sem á að greiða skattana hefur milli handanna, sem ræður því hvað skattbyrðin er í raun þung. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, að á s. l. ári hefur kaupmátturinn minnkað um eitthvað í kringum 5%. Ég geri ráð fyrir því, að ef borið er saman hvernig verðlag hækkaði frá ársbyrjun til ársloka sé það í kringum 61%, en laun hafa varla hækkað meira en sem nemur 53%. Þarna vantar sem sagt tæp 10% upp á. Launin hafa setið eftir miðað við verðbólguna. Þegar við höfum jafnframt í huga að það er einmitt þessi hluti launanna sem er hinar raunverulegu ráðstöfunartekjur fólksins í landinu umfram nauðþurftirnar, þá tökum við eftir því, að þyngingskattlagningarinnar á fólkið, sem er með almennu launatekjurnar, a. m. k. einstaklinganá, það er nú augljóst eftir þeim tölum sem hæstv. fjmrh. gaf upp áðan, hefur í för með sér tilfinnanlega kaupmáttarskerðingu sem fjöldi heimila í landinu sér ekki fram á hvernig þau komast út úr.

Í miklu stærra mæli sjáum við einmitt hið sama gerast í útflutningsiðnaðinum, þar sem svo fór á s. l. ári að kostnaðarhækkanir urðu eitthvað á bilinu 56 — 58% á sama tíma og tekjuaukningin varð ekki nema í kringum 28%. Þetta hefur nú valdið því, að þessi mikli vaxtabroddur íslensks iðnaðar stendur frammi fyrir algerum greiðsluskorti og jafnvel eru horfur á að til fjöldauppsagna kunni að koma. Þessi iðnaður virðist vera viðkvæmastur fyrir því mikla misræmi og misvægi sem hefur orðið hér á síðustu árum á launum og tekjum annars vegar og kostnaði hins vegar vegna þeirrar óðaverðbólgu sem geisað hefur í landinu.

Einmitt þetta atriði, ég vil segja þetta öryggisleysi fólksins í landinu, ásamt með því að við völd situr ríkisstj. sem boðar skattahækkun á skattahækkun ofan án þess að draga upp heildarmyndina, heldur ætlar að píra þessu í okkur smám saman, drepa okkur hægt og sígandi, — þetta veldur því að krafan um að spilin séu öll lögð á borðið verður hærri en ella. En þetta gefur líka tilefni, úr því nú þetta er komið til orða, að spyrja hæstv. fjmrh. hvenær hann búist við því, að þeim uppsafnaða söluskatti sem ríkið heldur eftir fyrir útflutningsiðnaðinum, verði skilað. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, heldur ríkið þessu fé og hefur gert síðasta hálfa árið, 1979, og enn hafa engin skil verið gerð. Þetta eru peningar sem iðnaðurinn á, en ríkissjóður ekki, og það er kominn tími til að þeim verði skilað. Væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvenær megi búast við að það verði gert.

Sá orkuskattur, sem verið er að boða, hlýtur að leggjast ofan á þær skattahækkanir sem hér eru boðaðar. Fyrrv. hæstv. fjmrh., núv. hæstv. viðskrh., — hann er ekki hér í salnum og má einu gilda, — hefur haft gaman af því að bera saman hver sé skattbyrðin hér á landi og skattbyrði erlendis. Hann hefur ásamt með félögum sínum í ríkisstj. gert afskaplega lítið úr því, hversu mjög skattbyrðin hefur þyngst hér á landi á undanförnum árum. Hæstv. viðskrh. ber sig gjarnan saman við þau lönd þar sem opinber gjöld eru hæst. En hinu gleymir hann alltaf þegar hann talar um þetta, að tala um hver sé kaupmáttur launa í þessum löndum. Hann gleymir því, að það fólk, sem býr í flestum þessum löndum, á miklu, miklu meira fé eftir til frjálsrar ráðstöfunar en hér, venjulegt launafólk. Og það er auðvitað um það sem málið snýst, hvað fólkið á eftir í buddunni, hvernig fólkið á að rísa undir öllum þessum gjöldum. Ég vil bæta við þetta t. d. þeim óhagstæðu lánakjörum sem almenningur í landinu sætir í bönkum landsins, þessum háu vöxtum sem koma afskaplega illa við það fólk sem er að koma undir sig fótunum, hinn almenna launamann sem veltur sér ekki í peningum. Þegar allt þetta safnast saman, útsvarið, tekjuskatturinn, vextirnir, þessar drápsklyfjar allar saman ásamt því öryggisleysi í atvinnumálum sem nú er farið að gera vart við sig, byrjar í ullar- og skinnaiðnaðinum og er að færa sig yfir í byggingariðnaðinn, þá gerir ríkisstj. ekki annað en að tala um iðnþróun. — Iðnþróun á hverju? Það er þá grundvallaratriði að reyna að passa upp á að iðnaðurinn drepist ekki í höndunum á

þeim og iðnþróunin verði þá ekki um annað en það, hvernig jarðarförin skuli fara fram. Þetta er kjarni málsins.

Vitaskuld er það rétt, að þjóðarbúið í heild sinni hefur orðið fyrir þungum áföllum vegna hækkaðs olíu- og bensínverðs, hækkaðs orkuverðs. Þess vegna kom mér afskaplega mikið á óvart þegar hæstv. fjmrh. sagði í sjónvarpinu í gær, og ég vona að hann hafi mismælt sig, að það ætti að skera hitaveituframkvæmdir niður á þessu ári. Væri fróðlegt að fá um það nánari upplýsingar. (**Forseti:** Má ég vekja athygli á því, að það var ákveðið að fresta fundi kl. 15 — 16.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir og sérstaklega snertir iðnaðinn, að Félag ísl. iðnrekenda hefur skrifað alþm. svo hljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Til alþingismanna.

Með hliðsjón af því, að til meðferðar Alþingis eru nú lög nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, vill Félag ísl. iðnrekenda koma á framfæri eftirfarandi aths.:

Félag ísl. iðnrekenda telur að fella eigi niður aðstöðugjald. Óviðunandi er að iðnfyrirtækjum hér á landi sé gert að greiða skatt sem lagður er á og innheimtur án tillits til afkomu, en slík skattlagning á sér ekki hliðstæður meðal helstu samkeppnislanda okkar. Verði aðstöðugjald hins vegar ekki lagt niður að sinni er fumskilyrði að samkeppnisatvinnuvegum sé ekki mismunað. Í 38. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir því, að iðnaður greiði þrefalt hærra aðstöðugjald en fiskveiðar og 54% hærra gjald en fiskiðnaður. Þessi mismunun er óréttlát og óeðlileg. Iðnaðurinn býr nú við nákvæmlega sömu ytri skilyrði og fiskveiðar og fiskiðnaður og því eiga þessir samkeppnisatvinnuvegir að njóta sömu aðstöðu í landinu. Félag ísl. iðnrekenda vonar að á þessu máli verði tekið á næstunni og nauðsynlegar leiðréttingar gerðar.“

Ég vil jafnframt geta þess, að s. l. laugardag voru þm. Norðurl. e. kvaddir á fund með forsvarsmönnum ullar- og skinnaiðnaðarins fyrir norðan, með fulltrúum starfsfólks hjá verksmiðjum SÍS og fulltrúum Iðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri, þar sem rætt var um þá geigvænlegu erfiðleika sem ullar- og skinnaiðnaðurinn stendur nú frammi fyrir. Þar var svo hljóðandi samþykkt samhljóða, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur, sem til var boðað af stjórn Iðju og Starfsmannafélagi iðnaðardeildar Sambandsins og haldinn var á Akureyri laugardaginn 15. mars 1980, beinir þeim tilmælum til þm. Norðurl. e., að þeir beiti sér fyrir lausn á þeim vanda sem ullar- og skinnaiðnaður landsmanna á við að stríða. Fundurinn skorar á þingmenn að vinna að því að:

1) tekið verði fullt tillit til stöðu útflutningsiðnaðarins við ákvörðun gengisskráningar,

2) uppsafnaður söluskattur verði endurgreiddur útflytjendum jafnóðum,

3) uppsafnað óhagræði verði greitt til iðnfyrirtækja þannig að iðnaðurinn geti setið við sama borð og aðrar útflutningsgreinar.“

Svo mörg voru þau orð. Ég geri ráð fyrir því — (Gripið fram í.) Ja, Egilsstaðasamþykkt. Ég man nú ekki, það má vera að iðnverkafólk sé ekki í Verkamannasambandi Íslands svo af þeim sökum geri formaður Verkamannasambands Íslands lítið úr þeirri óvissu sem iðnverkafólk stendur nú frammi fyrir um allt land. Og ég verð að segja það, að mér finnst í hæsta máta ósmekklegt þegar með þessum hætti er verið að gera gys að því fólki sem þarna á hlut að máli, en margt af þessu fólki er lægst launaða fólkið í landinu og hefur ekki í önnur störf að venda ef þessi iðnaður verður lagður í rúst af þeirri ríkisstj. sem nú situr og ekki virðist hafa önnur áhugamál, eins og sakir standa, en að finna upp á nýjum ráðum til þess að leggja drápsklyfjar á almenning í þessu landi. Og í þessu sambandi vil ég einnig taka það fram, að ég trúi ekki öðru en hæstv. forseti meti þau viðbótarrök sem hér liggja fyrir og eru annars vegar beiðni þess fólks sem vinnur við þennan útflutningsiðnað. Stéttarfélag þess ásamt með Félagi Ísl. iðnrekenda hefur með þessum hætti snúið sér til alþm. um að einhver viðunandi lausn fáist á þeim málum. Er í því sambandi m. a. vitnað til leiðréttingar á tekjustofnalögum sveitarfélaga. Ég geri ráð fyrir að hæstv. forseti sé mér sammála um að þetta eru viðbótarrök fyrir því, að umr. verði frestað til þess að hægt sé að taka þessi mál nú til athugunar í þinginu, að sú n., sem um málið fjallar, félmn., komi saman og ræði þær sérstöku aðstæður sem upp eru komnar. Og það er skoðun mín enn, að til viðbótar þeirri miklu óvissu, sem yfirlýsing fjmrh. áðan setti okkur í, yfirlýsing hans um þá heildarskattheimtu sem verður í landinu á þessu ári, sé það, sem nú bætist við fullgild rök. Því er það ósk mín til hæstv. forseta að umr. verði frestað nú, ég fái að gera hlé á ræðu minni til þess að unnt verði að taka til athugunar það erindi sem borist hefur frá Félagi ísl. iðnrekenda um þetta mál. — (**Forseti:** Það verður haldið fast við þá dagskrá sem útbýtt var og starfað er eftir hér í dag.)

Það er svo sem ekki við því að búast að Alþ. fái að fjalla um þessi mál í heild eins og hæstv. ríkisstj. er skipuð sem nú situr að völdum í landinu. En ég held ég verði samt sem áður, þó að ég geri mér hvorki miklar vonir um að fá svör samkvæmt efni málsins né svör sem gleðja hjartað, að spyrja hæstv. ráðh., sem hér sitja og allir áttu sæti í þeirri ríkisstj. sem sat við völd þegar fjárlagafrv. fyrir s. l. ár var ákveðið fyrir einu ári, hvort virkilega séu engar fyrirætlanir uppi í ríkisstj. til þess að standa við þá skattalækkun sem lofað var fyrir 1. des. 1978 og átti að koma til framkvæmda á s. l. ári og var látin jafngilda 2% í grundvelli kaupgjaldsvísitölunnar. Þeirri skattalækkun var lofað af ríkisstj. sem þá sat, ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Efndirnar urðu engar. Beinu skattarnir voru hækkaðir á s. l. ári, en hins vegar voru laun alls almennings í landinu lækkuð um þessi 2%. Nú langar mig til að spyrja: Er einhver von til þess, að í frv., sem hæstv. fjmrh. ætlar að leggja fram öðru hvorum megin við helgina, sé ætlað að skila launþegum því sem ríkisstj. ranglega tók frá þeim á s. l. ári, eða telur ríkisstj., sem nú situr, að loforðið, sem þá var gefið, skipti engu máli eða hvort nokkur tilraun verði nokkru sinni gerð til þess að standa við það? Ég lít þannig á, að þar sem nýir kjarasamningar hafa ekki farið fram og launamálin hafa ekki verið stokkuð upp sé skuldbinding ríkisstj. í fullu gildi enn, nema hún geri ráðstafanir til þess að hækka almenn laun í landinu um þau 2% sem með þessum hætti voru frá almenningi tekin á s. l. ári.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því, að samkvæmt því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að enn þá dragi sundur með kostnaðarhækkunum heimilanna annars vegar og launum hins vegar. Þannig er gert ráð fyrir að laun hækki að meðaltali um 42% á þessu ári, en innlent verðlag að meðaltali um 46,5% á milli áranna 1979 og 1980. Þegar haft er í huga að þetta kemur ofan á

það misræmi sem var á þessu á s. l. ári, þegar almennt verðlag í landinu hækkaði um yfir 60%, kannske 61%, en launin ekki nema um 53%, má öllum hv. þm. vera fullljóst að það er að bera í bakkafullan lækinn að Alþ. ætli ofan á allt þetta að hækka beina skatta í landinu.

Ég vil sérstaklega lýsa yfir vonbrigðum mínum með þá ráðh. sem eiga að vera í Sjálfstfl., hæstv. forsrh., iðnrh. og hæstv. landbrh., sem hafa öðrum störfum að sinna nú en að vera hér í deildinni. (**VG:** Er iðnrh. genginn í Sjálfstfl.?) Það má ekki á milli sjá. — Mér finnst miður að þeir skuli þegar vera svo mengaðir af þessum „fýrum" að þeir skuli ekki kunna sér neinn sóma í þessum efnum. Og ég vil minna á það, að allir þessir þrír hæstv. ráðh., forsrh., dómsmrh. og landbrh., voru á þing kjörnir undir þeirri forskrift og með það loforð á vörum að þeir mundu beita sér fyrir því að beinir skattar yrðu lækkaðir í þessu landi. Með því að standa að því frv., sem hér liggur fyrir, hafa þeir brotið gegn loforði sínu. (**Gripið fram í:** Dómsmrh. er mættur.) Hann ber það þá til hinna. — Og einkanlega verð ég að segja það, að miðað við fortíð hæstv. forsrh. hlýtur það að valda miklum vonbrigðum að hann skuli ekki hafa meiri skilning á málefnum sveitarfélaganna en þetta frv. ber með sér og það skattalagafrv. sem hæstv. fjmrh. var að skýra frá áðan, því að jafnvel þótt þetta viðbótarprósent verði nú í lög leitt er náttúrlega alls ekki við því að búast að sveitarstjórnir almennt treysti sér til þess að leggja það á þar sem með bæjarmálin fara menn sem hafa einhverja tilfinningu fyrir því fólki, sem í landinu býr, og gera sér grein fyrir þeim drápsklyfjum, sem verið er að leggja á almenning í landinu. Þetta fólk mun að sjálfsögðu vera hikandi við að leggja tólfta prósentið á við afgreiðslu fjárhagsáætlunar, þótt enginn vafi sé á því að sá nýi meiri hl., sem nú mótar borgarstjórn Reykjavíkur, muni notfæra sér þetta, ef marka má þá stefnu, sem hann tók með fjárhagsáætlun fyrir s. l. ár, og það, sem þaðan hefur heyrst síðan, og ef litið er á viðbrögð hv. 8. landsk. þm. í þessum efnum.

Ég vil gjarnan minna á það, að sú var tíðin að núv. hæstv. forsrh. gerði kröfur til þess að ríkisvaldið léti nokkuð af tekjum sínum falla til sveitarfélaganna með auknum verkefnum og talaði þá í þeim anda. En nú er svo fyrir honum komið, nú er hann svo heillum horfinn, að hann gerir samtímis áætlanir um að hækka beina skatta sveitarfélaganna og beina skatta ríkissjóðs. Í þessu sambandi vil ég einnig taka það fram, að mér finnst hv. 5. þm. Suðurl. vera næsta lítillátur í brtt. sem hann flytur hér, þar sem hann er að gera þann kattarþvott að þetta eina prósent, sem hann greiddi atkvæði með að leggja á landslýðinn, skuli einungis ná til 1½ millj. kr., þannig að maður sem hefur 2 millj. í árstekjur á s. l. ári nær ekki 200 þús kr. á mánuði, mundi af þeim sökum, ef annað kæmi ekki til, verða að greiða af fyrstu 1½ millj.

En svo maður reyni að víkja að einhverju sem gleður hjarta manns, þó það sé nú ekki margt frá þessari ríkisstj., verð ég að segja að það gladdi vissulega hjarta mitt í gær þegar ég hlustaði á það í sjónvarpinu að hæstv. fjmrh. gaf út yfirlýsingu um að ríkisstj. hygðist taka vegáætlun til endurskoðunar í því skyni að auka framkvæmdamáttinn frá því sem áður hefur verið áætlað. Þetta kom fram í svari við fsp. frá Ellert B. Schram ritstjóra Vísis og gladdi vissulega hjarta mitt. Það er þó einn ljós punktur, eitt mál sem samflokksmenn mínir hafa fengið í gegn í ríkisstj., ráðh. þrír. Þeim hefur tekist að koma þeirri stefnu Sjálfstfl. á framfæri í ríkisstj. að of lítið hefur verið gert í vegamálum fram að þessu, að of skammt var stefnt með vegáætluninni sem var lögð fram í fyrra og að hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild skuli nú stefna að því að leggja fram fé til þess að auka framkvæmdamátt vegáætlunarinnar. (**Gripið fram í:** Það hefur verið Haukdal sem hefur fengið þetta.) Já, þó það hafi komið frá honum skal ekki lasta það. Sennilega er þetta frá Haukdal. Hann er ættaður að vestan. Þeir hafa bara ekki skilið hann hinir. — En þetta eru vissulega góðar fréttir. Ég verð að óska hæstv. fjmrh. og ríkisstj. til hamingju með þetta um leið og ég óska eftir því að fá nánari útlistanir á því, fyrst þetta liggur nú fyrir, — það má gjarnan gera undir næsta dagskrárlið ef það þykir betur henta, — hvernig þessum málum er varið.

En í þessu sambandi og einkum vegna þess, að fyrst varð hæstv. félmrh. við 2. umr. þessa máls til þess að ræða almennt um launakjörin í landinu, langar mig að spyrjast fyrir um hvernig samningamálin við opinbera starfsmenn standa. Ég las í blöðunum í dag að ríkisstj. vissi ekki almennilega hvernig hún ætlaði að snúa sér í málinu. Þó man ég ekki betur en hæstv. fjmrh. hafi lofað því fyrir svo sem 10 dögum að um síðustu helgi mundi þetta verða ljóst. Mér skildist að ríkisstj. ætlaði að ræða þetta yfir helgina og menn sem þar sætu og þótt þetta væri flókið mál væru þeir fljótir að átta sig, fljótir að glöggva sig. Ég veit að hæstv. forsrh. hefur verið hrósað fyrir að hann sé fljótur að taka ákvarðanir, sé ekki hræddur við að taka ákvarðanir, svo ég þykist vita að ríkisstj. viti nokkuð hvað hún ætli að gera í þessum málum.

Það er m. a. komið fram, að eitt innlegg í þetta mál á að vera að auka framlög til elliheimila, og er síst að lasta það, eins og fram kom í þessum fræga sjónvarpsþætti í gær. Eitt og annað kemur í ljós. En mig langar að spyrja hvernig þessi mál standi, hvort hæstv. fjmrh. ætlar að halda fast við að semja ekki við opinbera starfsmenn fyrr en samningar hafa tekist á hinum almenna launamarkaði, hvort það sé alveg ófrávíkjanleg stefna ríkisstj. Og vegna þess að ég vil ekki vera að hnýsast í innanflokksmál ykkar kann ég ekki við að spyrja formann Verkamannasambandsins, hv. 7. þm. Reykv., hvernig honum lítist á ef ríkisstj. ætlar að etja honum á foraðið. Eða lítur hann ekki eins og ég þannig á, að BSRB sé raunverulegt stéttarfélag sem vel gæti einu sinni brotið ísinn og markað stefnuna í kjaramálunum í staðinn fyrir að koma alltaf á eftir? (**Gripið fram í:** Ég á eftir að sjá það.) En ég álít á hinn bóginn að þetta geti allt staðið til bóta. Kristján Ragnarsson er nú farinn vestur og er að framfylgja stefnu ríkisstj. í launamálum fyrir vestan. Þó ég læsi blaðaskrif vandlega um þessi mál tók ég ekki eftir því, hvort hann var sendur þangað sem sérlegur fulltrúi útvegsmanna eða ríkisstj. Ég held að mönnum hafi alveg láðst að spyrja hann að því. En eitt er víst að launastefnan er sú sama, nefnilega að það skuli ekki til neinna grunnkaupshækkana koma á þessu ári þó svo að kostnaðarhækkanirnar hafi orðið miklu, miklu meiri en launahækkanirnar.

Ég veit að hv. alþm., sem tala við marga og fylgjast vel með, eru kunnugir högum lands og þjóðar, tala við menn úr öllum stéttum, gera sér grein fyrir því, að það er víða þröngt núna. Af þeim sökum veitti ekki af því að hækka þær viðmiðunartekjur, sem miðað var við í maímánuði 1977, krafist var í febrúar- og marsmánuði 1978, lofað var í sept. 1979, ítrekað var fyrir kosningarnar í haust og hamrað var á allan janúarmánuð. Það veitti nú ekki af

því, vegna þess að menn hafa nóg við peningana að gera, að hækka grunnkaupið duglega, þó að ég á hinn bóginn geti ekki verið svo ósanngjarn að unna ríkisstj. ekki þess *sannmælis, að eins og búið hefur verið að atvinnuvegunum*, og þá á ég sérstaklega við útflutningsatvinnuvegina, er staða þeirra alls ekki slík að þeir geti staðið undir grunnkaupshækkunum að neinu ráði. Staðan er orðin þannig. Auðvitað er mála sannast að hinn almenni borgari í landinu vill ekkert frekar en að ráðist verði gegn verðbólgunni með raunhæfum aðgerðum. En því miður liggur það fyrir í fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fram, og er einnig í samræmi við aðrar aðgerðir ríkisstj., að varla er að búast við því að neitt lát verði á verðbólgunni á þessu ári.

Annars gat ég ekki annað en brosað að því þegar hæstv. forsrh. birtist í sjónvarpinu — hér liggur fyrir fjárlagafrv. þar sem stendur að verðlagshækkanir til 1. júní eigi ekki að vera nema 7% — og segist ætla að binda sig við þetta, en sama daginn las maður í blöðunum að hann hækkaði brennivínið um 12%. Og ekki þarf að tala um þær hækkanir sem hæstv. iðnrh. hefur ýmist boðað eða látið fram koma. Það getur verið lítill vandi að ætlast til þess af öðrum að þeir haldi að sér höndum, en ríkið gengur svo sjálft á undan með margvíslegar hækkanir til allra sinna stofnana.

Hæstv. *fjmrh. talaði um heildarskattana áðan. Ég vil* ítreka að samkvæmt skattstigum verður um mjög verulegar skattahækkanir að ræða hjá fjölda manns. Það er náttúrlega augljóst gagnvart einstaklingnum og sér hver einasti maður samstundis. Ég sé að hv. 3. þm. Austurl. hristir höfuðið. Nú væri skemmtilegt að fá töflu yfir það, hvernig þessi 35% skattstigi kemur í öllum dæmum út, þar sem áður var ýmist 30 eða 40% skattstigi, t. d. hjá einstaklingum, og bera saman miðað við eðlilega skattgjaldsvísitölu, það væri býsna skondið, og t. d. taka þjóðartekjur inn í dæmið, ég tala nú ekki um — því að hv. þm. veit rétt eins og ég að þyngingu skattbyrðarinnar er líka undir því komin — hverjar eru launatekjurnar í landinu það ár sem skattarnir eru greiddir, borið saman við það sem áður var. Ég veit að ef við mundum í sameiningu gera á þessu ýtarlegan samanburð, taka launatekjurnar eins og þær voru á síðasta ári ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, 1978, taka á árinu 1979 beinu skattana miðað við þær launagreiðslur sem voru í landinu og framleiðslukostnað og mundum gera slíkt hið sama nú á þessu ári, — þá veit ég að hv. þm. mun átta sig á því eins og ég, — því hann er vel heima í þessum málum, hann hefur bara ekki *athugað þennan þátt málsins, — að hér er um verulega* þyngingu skattbyrðar að ræða. Einungis ef maður ber saman persónuafslátt einstaklinga var hann á s. l. ári 310 400 kr., en hér er gert ráð fyrir að hann verði 440 þús. kr. Ég fæ ekki séð hvernig þetta mætti verða til lækkunar, þó ekki sé annað tekið. Einnig getum við tekið og rætt um það fólk sem útflutningsframleiðslan byggist nú mest á, þ. e. konurnar í frystihúsunum, og við getum reynt að gera okkur grein fyrir því, hver skattbyrðin verður hjá því fólki á þessu ári og því síðasta. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hv. þm. muni komast að sömu niðurstöðu og ég um að þetta fólk, sem vinnur allt árið um kring í frystihúsunum, fær þyngri skatta núna en áður. Það er alveg augljóst eftir þeim tölum sem hér liggja fyrir og þarf ekki að ræða um það. Eða hversu mætti það vera að skattbyrðin þyngdist á engum þegar fyrir liggur að hún léttist á sumum og í heild er hún meiri en áður? (**Gripið fram í:** Þetta er rétt álitið.) Já, ætli það ekki. Þess vegna held ég að hv. þm. eigi að halda sér við það.

Gallinn við þetta mál er náttúrlega sá, að í ýmsum tilvikum er afskaplega hætt við því að þessi þyngning komi illa niður. En fyrir menn, sem voru að fá þetta í hendur núna fyrir u. þ. b. tveim klukkustundum, er náttúrlega erfitt að átta sig á málinu í heild, einkanlega þar sem ég efast um að hæstv. ríkisstj. sé búin að gera það sjálf og viti í rauninni út í hvað hún er að fara, enda er það græðgin sem stjórnar ferðinni.

Ég verð að ítreka vonbrigði mín yfir því, að hæstv. forseti skuli ekki sjá sér fært að fresta þessari umr. Ég veit, að hann finnur sjálfur að þar er um sanngirnismál að ræða, og efast ekki um að hann mundi vilja gera það. En hann er ekki einn í ráðum. Hæstv. félmrh. stendur yfir honum og passar að hann sýni hvergi lipurð né elskulegheit og það þó mikið sé í húfi. Verður þá við svo búið að standa. En það verður fróðlegt að lesa þær töflur sem væntanlega fylgja því frv. sem hæstv. fjmrh. boðaði áðan um skattstigana. Það verður fróðlegt að lesa þær töflur sem því hljóta að fylgja, þar sem sýnt verður fram á á hvaða fólki léttist skattar, eins og hann og ýmsir aðrir vilja halda fram. Ég skildi innlegg hans í málið svo áðan, að hann tryði þessu sjálfur, og þá verður fróðlegt að sjá það.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls um frv. um tekjustofna sveitarfélaga, en fannst eðlilegt og raunar sjálfsagt og skylt að verða við þeim sjálfsögðu óskum fulltrúa tveggja flokka, beggja stjórnarandstöðuflokkanna, sem hafa látið í ljós ósk sína um það hér í dag, að 3. umr. málsins í hv. þingdeild yrði frestað þangað til fyrir lægi heildarskattlagningin sem hæstv. fjmrh. boðaði að mundi koma öðru hvorum megin við helgina. Þar sem hann gat lesið upp tillögur sínar um skattstiga held ég að annað eins afrek hafi verið unnið og að koma þessu frv. fram fyrir helgi. En hæstv. forseti þessarar deildar, sem í reynd er 1. varaforseti, lýsti því yfir, að það úrskurðist að hér skuli haldið áfram og ekkert múður lengur. Þetta er það sem ég ætla að láta leiða til lykta, að hér skuli ekki sýnd nokkur sanngirni í því að verða við óskum manna um að bíða eftir hinu frv. Þetta lýsir alveg sérstakri lipurð forseta og sérstakri lipurð ríkisstj. sem hann er að þjóna. Ég óska hæstv. ríkisstj. til hamingju með þennan forseta og forsetunum til hamingju með hæstv. ríkisstj. Held ég að báðir aðilar geti þá vel við unað, því þetta mun vera sameiginleg ákvörðun stuðningsliðs ríkisstj. og forsetans frá Ólafsvík.

Ég hélt að það hefði ekki verið farið fram á neitt sérstaklega mikið er gerð var krafa um að frv. lægi fyrir um skattstigana áður en þetta mál er afgreitt. Ég sé ekki heldur að það þurfi að bíða mánuði eftir því að ríkisstj. leggi fram lánsfjáráætlun. Voru þeir ekki búnir að gutla eitthvað við að semja lánsfjáráætlun í vinstri stjórninni og eru ekki sex sömu menn í þessari stjórn og voru í vinstri stjórninni? Þeir áttu að hafa lánsfjáráætlun tilbúna þegar þing kom saman 10. okt. í haust. Þó að kratarnir hefðu verið búnir að segja upp eitthvað 2 — 3 dögum áður trúnaði við þá ríkisstj. og fella hana var sagt í haust að lánsfjáráætlun lægi að mestu leyti fyrir. Eða ætla þessir sex ráðh. í ríkisstj. að segja að þeir hinir fjórir, sem hafa komið inn síðan í haust, séu svo tornæmir að það sé ekki nokkur leið að koma þessari lánsfjáráætlun inn í

hausinn á þeim? Þessir þrír eru forsrh., dómsmrh., landbrh. og menntmrh. Hinir ættu þó að vita hvað þeir hafa gert áður. En það virðist allt hringsnúast í hausnum á þessum ráðh. Það er alveg sama hver er af þessum tíu.

Vitaskuld er ekki hægt að afgreiða fjárlög nema lánsfjáráætlun liggi fyrir. Svo segir fjmrh. Það verður að afgreiða fjárlög fyrir páska. — Það stendur allt og fellur með því. En hann drullast ekki til þess að leggja lánsfjáráætlun fram. Samt byrjar þessi ríkisstj. á því að reka þingið heim í næstum því hálfan mánuð til þess að undirbúa þingmál. Og hún gerir það með þessum endumum. Ef hæstv. forseti þessarar deildar ætlar að framfylgja öllum málum jafnvel og þessu ætla ég að biðja hann að snúa sér til ríkisstj. og biðja hana að hraða því að leggja fram þau verkefni sem er óumflýjanlegt að leggja fram.

Svo kem ég að stefnuræðu forsrh. Hann les hér, eftir að þessi ríkisstj. fæddist, upp óskalista sem þeir kalla málefnasamning eða starfssamning eða eitthvað þess háttar, les það hér upp á fyrsta degi þings eftir að ríkisstj. er mynduð. Það er langur loforðalisti. Þar er minnst á fjölda af málum sem eru sjálfsögð þjóðþrifamál sem hver og einn einasti maður getur skrifað undir og tekið undir. En þar er ekki minnst neitt á hvernig eigi að afla fjár til að koma þessum málum fram. Þess vegna bíður þingheimur eftir því, að ríkisstj. leggi fram stefnu sína — eða er þetta stefnulaust rekald þó það hafi verið bætt við áhöfnina og smíðaðir tveir stólar upp á 1800 þús.? Hversu lengi á að bíða eftir þessu? Þingsköp segja fyrir um að það eigi að leggja fram stefnuræðu, og það á að ræða þá stefnuræðu. Stefnan er ekki einkamál ríkisstj. það er skylda, sem hvílir á hverri ríkisstj. að leggja fram stefnu sína og ræða hana á Alþ. Það er líka skylda stjórnarandstöðu að ræða þá stefnumörkun. Er þessi stefnumörkun kannske með þeim hætti að það eigi ekki t. d. að vera fiskverð í þessu landi nema í nokkra daga á vertíðinni? Það dróst næstum því allan janúarmánuð að fiskverðið kæmi. Því er sagt upp um mánaðamótin febr.-mars. Það er ekki komið enn þá. Það er verið að biðja um frest enn til þess að ákvarða fiskverðið. Vertíðin verður búin. Hvað ætli Guðmundur J. segði ef þeir ákvæðu að leggja niður tímakaupið hjá meðlimum Verkamannasambandsins og segðu þeim: Við ætlum að láta þetta í gerðardóm og þú verður að bíða rólegur, Guðmundur minn. — Þetta mega sjómenn við una. Hvar er sjútvrh., formaður Framsfl.? Svona gengur það til hjá honum. Það stóð ekki á málgagni Ragnars Arnalds, ef það liðu 3 — 4 dagar að fiskverð var ekki komið, að gagnrýna það harðlega. Hvar er gagnrýnin í málgagni Ragnars Arnalds núna? Hún kemur aldrei fram. Þeir steinþegja. Þetta er orðinn steinsofandi íhaldsflokkur.

Nú þætti mér gaman að spyrja Alþb.-mennina, ráðh. við ofninn og fjmrh., hvað þeir segja nú um kjarasamningana, og biðja þá að rifja upp það sem þeir sögðu 1977. Þá var búið að hlunnfara verkamenn og aðra vinnandi menn í þessu landi, eins og þá var sagt, um langan tíma og þá þurfti heldur betur að reiða til höggs. Þá þoldi þjóðfélagið háar og miklar kauphækkanir. En núna kemur íhaldssamasti Alþb.-maðurinn fram, sá sem gengur lengra en nokkur annar, fjmrh., og segir: Þetta þjóðfélag þolir engar grunnkaupshækkanir. Og þeir segja í klausunni, sem Gunnar Thoroddsen, fósturfaðirinn, las upp, að ekkert megi hækka nema eftir ákveðnum reglum og leiðum. En það má hækka aftur sumt, eins og brennivínið og tóbakið. Það má fara upp úr öllu valdi. Það stóð ekki á þeim að samþykkja það. En fjmrh. segir: Engar grunnkaupshækkanir. — Ég er honum sammála. Það á engar grunnkaupshækkanir að leyfa. En þá verður annað að fylgja í kjölfarið. Ríkisvaldið verður að ganga á undan með fögru fordæmi og ekki leggja fram hækkanir á hækkanir ofan á öllum sviðum ríkisbúskaparins.

Hvað segir um heildarútgjöld í fjárlagafrv. Ragnars Arnalds? Þar hækkar æðsta stjórn ríkisins um 48.3%. En hámarkið er í fjmrn., því aðhaldssama. Þar er hækkunin frá fjárlögum 1979 til þessa frv. aðeins 214.2%. Sjútvrn. er með einna minnstu hækkunina. Það er með aðeins 25.7%. En landbrn. er auðvitað helmingi hærra með 51.7%.

Það er mesta áhyggjumál ríkisstj. hvað vel veiðist í þessu landi. Sjútvrh. sagði og málgagn hans Tíminn birti fyrir nokkrum dögum á forsíðu, að þessi afli stefndi í óefni. Það var ekki verið að láta þetta inn í blaðið. Það er alveg hryllilegt hvað er mokað upp af fiski og hvað mikið er að gera í landinu. Það er mokafli og vinna í hverju einasta frystihúsi. — Þetta er það sem þessir tíu hafa helst áhyggjur af. Það hefur ekki heyrst rödd frá neinum hinna níu sem mælir gegn þessu áliti sjútvrh. (**Gripið fram í:** Þetta er ægilegt ástand.) Þetta er hryllilegt ástand. — Það er von að formaður Verkamannasambandsins taki undir með mér en verst er að hann skuli styðja þessa stjórn algjörlega á móti sannfæringu sinni. Ég vildi að hann hefði þó ekki væri nema bara hluta af sannfæringu Alberts. Þá mundi hann ekki styðja þessa stjórn.

Nei, það voru montnir menn sem settust í ráðherrastóla þegar þessi stjórn var mynduð, rígmontnir allir tíu, og þeir kölluðu sig lukkustjórnina og voru svo montnir að vera í lukkustjórn. Hún er nú ekki búin að starfa lengi, en ég skal hryggja ykkur með einu, að farið var að kalla hana ólukkustjórn þegar í stað. Hvað verður þá þegar líður á árið, því þetta er engin stjórn? Ég sé ekki nokkra hreyfingu til batnaðar frá því að kratagreyin voru. Þeir voru þó ekki nema sex.

Hvernig á að halda áfram að berjast við verðbólgu þegar ríkisvaldið á hverjum tíma gengur alltaf á undan með ljót fordæmi og kyndir undir verðbólgunni? Hvernig er þá hægt að búast við því að þegar rekstur heimilanna í landinu heldur áfram að aukast að sama skapi sé hægt að segja við fólk: Hingað og ekki lengra, ekki hærra kaup. Þið þurfið að taka á ykkur aukin útgjöld. Við erum komnir hérna til þess að drottna og deila. — Hvað er orðið af talsmönnum verkalýðsins? Hvað er orðið af talsmönnum þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, — mönnunum sem töldu sig fyrst og fremst vera að berjast fyrir þá? Hafa þeir gleymt fyrri stefnumálum sínum ? Hafa þeir algjörlega lagst undir sæng og láta fara vel um sig og eru ánægðir og glaðir yfir því að sitja í ríkisstj.? Nei, það er ekki svo mikil gleðin að sitja í ríkisstj. að þessir menn geti verið undir niðri ánægðir. Þeir mega ekki vera það. Þeir hafa axlað ábyrgð sem þeir verða að taka á sig. Þeir hafa axlað þá ábyrgð að stjórna þessu landi og marka stefnu. Ríkisstj. hefur nú verið við völd á annan mánuð og hún er stefnulaust rekald — algjörlega stefnulaust rekald. Það veit formaður þingsflokks Alþb. eins vel og ég að hún væri ekkert verri þó hann væri í stjórninni.

Eigum við að halda áfram á braut verðbólgunnar? Steingrímur sagðist ætla að fara norsku leiðina, sem tæpt er á í málefnasamningnum eða starfslýsingunni eða hvað plaggið heitir nú. Það á enga sérstaka leið að fara. Hún á

bara að æða áfram vitlaus og botnlaus, þessi verðbólga. Og það er ósköp eðlilegt að menn séu svartsýnir bæði í atvinnulífinu og allir launþegar þessa lands, því það er víðast hvar samdráttur fram undan. Það er ekki fyrir það að ytri skilyrði séu ekki þessu landi hagstæð, heldur vill meiri hl. á Alþingi Íslendinga ekki berjast við þessa verðbólgu sem er að tröllríða öllu í þjóðfélaginu. Eftir því sem hún dansar meira og fjörugar og verður þróttmeiri minnkar í pyngju þeirra sem minnst mega sín. Það eru þeir sem fara alltaf verst út úr verðbólgudansinum, þessum hrunadansi verðbólgunnar sem ríkisstj. er að kynda undir, en ekki draga úr.

Ég fyrir mitt leyti skyldi sætta mig við óbreytta krónutölu frá því sem var í fyrra til allra framkvæmda ef það væri tekið á í baráttunni við verðbólguna. En hver sættir sig við allt óbreytt þegar verðbólgan æðir áfram í 50 — 60 eða jafnvel 70 — 80%, eins og nú virðist horfa á öllum sviðum? Eina, sem kemur á móti, er að stjórnin kvartar undan því hvað mikið veiðist. Það virðast vera helstu áhyggjurnar. Væri ég fjmrh. mundi ég gleðjast yfir því hvað vel veiddist, því það er grundvöllur þess að geta rækt eitthvað af þeim skyldum sem þjóðfélagið hefur við þegnana. Það er líka grundvöllurinn að ná tekjum í kassann, því eftir því sem menn þéna meira er hægt að ná fleiri krónum í ríkiskassann. En nú virðist öllu snúið við.

Kerfiskarlarnir og fræðingarnir eru að tröllríða öllu. Þeir eru að reikna út. Ekki batnar það eftir að tölvuskrattarnir komu til viðbótar, því þeim mun meiri árangri ná þeir í öllum útreikningi. En þeir segja: Við erum hámenntaðir menn, og við reiknum alveg rétt og tölvukvikindin reikna líka rétt, þær reikna bara miklu meira en við af því að þær eru svo afkastamiklar. — Ég efast ekkert um að þetta er allt hárrétt útreiknað, en forsendurnar, sem þeir gefa sér, eru rangar. Það er kjarni málsins.

Það er verið að reikna út t. d. hvað fiskiskipaflotinn sé allt of stór, hann sé tvöfalt stærri en hann þurfi að vera.

Það hefur engum af þessum snillingum dottið í hug að orðið hafi miklar og víðtækar breytingar á skipaflotanum. Það eru allt aðrar mannaíbúðir núna í skipum en áður var. Þá var meira lagt upp úr því að hafa lestina sem stærsta og láta karlana hírast helst í einum lúkar, en nú er þó farið að hafa mannsæmandi íbúðir til sjós ekkert síður en á landi, sem betur fer. En hvorki kerfiskarlarnir né tölvan taka neitt tillit til þessa. Og svo gráta forustumennirnir í ríkisstj. yfir því hvað vel veiðist.

Ég held að þó að hæstv. forseti hafi nú úrskurðað að þetta mál skuli fara fram ráði auðvitað þingmeirihlutinn. Ég minni á að Sjálfstfl. var ekki klofinn í þeirri afstöðu til mála að leggja af skatta vinstri stjórnarinnar. Og m. a. s. eftir kosningar og fyrir jól stóð 3. þm. Reykv. upp og mótmælti mjög sköttum vinstri stjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Hann fékk engan stuðning.) Hann fékk stuðning frá Sjálfstfl. öllum, því Sjálfstfl. allur var á móti þeirri skattlagningu. Sjálfstfl. hefur ekkert breytt um skoðun, nema 3. þm. Reykv. og mennirnir sem komust í ráðherrastóla með Framsfl. og Alþb. Þeir skiptu um skoðun. Nýja gjaldið, sem vinstri stjórnin setti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði í Reykjavík, er Albert Guðmundsson m. a. s. búinn að kokgleypa. (**AG:** hvenær?) Með því að styðja þessa stjórn, með því að viðhalda þessum sköttum, með því að gefa Gunnari Thoroddsen reisupassa til Bessastaða. Þetta er guðfaðir ríkisstj. Framsfl. og Alþb., heildsalinn Albert Guðmundsson. Það er guðfaðir ríkisstj., það er maðurinn sem ber ábyrgð á afkvæminu. (**AG:** Peningapúkinn?) Gróðapungurinn. Þá hefurðu það. Þú átt að fara rétt með það sem ég segi. (**Gripið fram í:** Er þetta framboðsfundur á Þingeyri?) Hvað eru menn úr annarri deild að rífa kjaft? Getur ekki forseti látið þennan mann fara út? Hvað er hann að vaða hér uppi? Þótt hann sé formaður þingflokks Alþb. er enn þá þingræði í þessu landi. Það er ekki búið að afnema það enn þá. (Gripið fram í.) Þú notar auðvitað hvert tækifæri, ég veit það.

Ég ætla svo að fara að ljúka máli mínu. Ég tók fram í upphafi að ég hafði ekki ætlað mér að tala um þetta mál, og hef lítið talað um það. Ég hef fyrst og fremst verið að tala um það vegna þess að ég mótmæli þeim vinnubrögðum sem forseti og ríkisstj. viðhafa í þessum málum. Það er sjáanlegt að þessi ríkisstj. ætlar að gera vinstri stjórnina góða í skattlagningu á einstaklingana í þessu landi, og það kemur vel á vondan sem vildi ekki styðja ríkisstj. sem mynduð var 1974 vegna þess að Framsfl. fór með viðskiptamál, en hann gat gefið út víxil í blankó fyrir núv. ríkisstj. og fékk aftur framsóknarmann í embætti viðskrh. Annað mun fara eftir því hjá þessari ríkisstj., enda hefur hún sýnt það þessa daga sem hún hefur lifað.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er auðvitað svolítið erfitt fyrir okkur, sem erum í heilsteyptum og samstæðum stjórnarandstöðuflokki, að taka til máls eftir að þeir hafa verið að eigast við, pólitískt og persónulega stjórnarsinnarnir og stjórnarandstæðingarinir í Sjálfstfl., þannig að þeir elskast og njótast héðan úr ræðustól og ástargletturnar fljúga um sali. En engu að síður langar mig að fara að því sem forseti mælir fyrir um og tala um það mál sem hér er til umr.

Í gær samþ. meiri hl. í þessari hv. deild að hækka útsvarið á þegnunum í þessu landi eða gefa heimild til slíks. Það fékkst fyrir því viðurkenning í dag með því að hér hóf hæstv. fjmrh. umr. og gerði í mjög grófum drættum grein fyrir því, hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst leggja til við Alþ. — sem kann að vera allt annað en það sem samþykkt verður — að haga skattlagningu í þessu landi. Formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, bar þá einföldu spurningu upp við hæstv. félmrh. hvort hann vildi ekki ganga í það með öðrum stjórnarsinnum að þessu máli væri frestað þannig að hv. þd. gæti skoðað þessi mál bæði saman og afgreitt þau í einu lagi.

Hér erum við auðvitað ekki að tala um nein smámál. Við erum að tala um hvernig heildarskattlagningu í þessu landi verður háttað á þessu ári. Hér hefur verið talað um hvernig skattar koma til með að bitna af miklum þunga á láglaunafólki og vaxandi þunga. Það er auðvitað alveg rétt. Ég vil einnig vekja athygli á því, að eins og hæstv. fjmrh. lýsti þessum skattstiga erum við nú að hverfa frá sérsköttun hjóna. Það er miðað við 6 millj. kr. tekjur á ári á einstakling, sem eru um 1/2 millj. kr. tekjur á mánuði. Slíkt hefur ekki verið talið há laun í þessu landi. Á einstaklinga koma skattar til með að leggjast af fullum þunga þar sem um sérsköttun hjóna og þar með hálfan frádrátt annars maka verður ekki að ræða. Við erum á góðri leið með að taka mjög afdrifaríkar ákvarðanir um hvernig skattheimtu verður varið á þessu ári. Við erum að taka í raun meiri og stærri ákvarðanir um kjör fólks og kjaramál en ráðast í samningum. Þetta er kjarni málsins.

Það er farið fram á það við hæstv. félmrh., sem hefur

látið í veðri vaka að hann láti sig kjör fólks í þessu landi einhverju skipta, að afgreiðslu þessa máls verði frestað um eins og tvo daga. Hæstv. fjmrh. sagði að skattstiginn í formi frv. gæti legið hér fyrir um helgina. Hvað er þá eðlilegra í veröldinni en að hv. þd. afgreiði þetta tvennt saman? Hæstv. félmrh., sem eitt sinn hafði áhuga á kjörum fólks, lýsti því í grein í Þjóðviljanum, ég held um síðustu helgi, að hann hefði mikinn áhuga á sósíalisma og lýðræði, sem mér skildist að væri eitt og það sama. Vel má svo vera. Er það lýðræðislegt þegar tveir flokkar, sem hafa saman 22 þm. í þessari hv. deild, hvernig svo sem innanflokksmálum Sjálfstfl. háttar, fara fram á að um slíka frestun sé að ræða, að verða ekki við slíkri ósk? Ég hef ekki heyrt að hæstv. ráðh. Friðjón Þórðarson eða Pálmi Jónsson hafi skoðun á þessu máli. Ég geri þó ráð fyrir því, þegar aðrir eins forustumenn og hv. þm. Matthías Bjarnason og Halldór Blöndal eru að tala hér, að sú sé skoðun þingflokksins að þessi frestun skuli eiga sér stað. (**HBl:** Það er rétt.) Það er rétt, segir hv. þm. Halldór Blöndal. Eg játa á hinn bóginn að ég er ekki sérfræðingur í innanflokksmálum í Sjálfstfl., en þetta sýnist mér vera sjálfsögð ósk. Ég óska eftir að hæstv. félmrh. tjái sig um þetta. Því ekki að bíða í tvo daga, einn dag? Kannske verður hæstv. fjmrh. tilbúinn með skattstigann þá og við sjáum þetta í heild sinni.

Hvað erum við að gera við fólkið í landinu og gagnvart fólkinu í landinu? Í fljótu bragði og eftir að hafa heyrt það sem fram gekk af munni hæstv. fjmrh. í dag sýnist mér lagt út í sennilega stórfelldari skattahækkanir en nokkru sinni um langa hríð. Og þegar við á sama tíma erum að samþykkja að hækka útsvarsprósentuna um 10%, sem er flatur skattur, og enn a. m. k. hefur ekki verið samþ. að taka sérstakt tillit til láglaunafólks, þannig að útsvarsprósentan leggst af sama þunga á þá er lægst hafa launin og hina, hvað er þá eðlilegra í heiminum en sú fróma ósk þeirra, sem þó láta sig enn hag launafólks einhverju varða, að þetta sé skoðað í heild sinni? Ég skírskota til fulltrúa Alþb. hér, annarra en þeirra sem nú eru forstjórar fyrir ríkisvaldið og eru farnir að hugsa og hegða sér sem slíkir, hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, félaga minn úr Reykjavík, hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur: Farið þið með mennina fram og hafið vit fyrir þeim. Svo koma þeir inn aftur og við frestum þessu máli, skoðum það svo þegar málið liggur fyrir í heild sinni, sem samkvæmt yfirlýsingu hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds gæti verið á morgun. Þá vitum við, ef ykkur sýnist eins og mér að nú sé verið að leggja til stórfelldar skattahækkanir og án þess að við séum að skipta launafólki í hálaunafólk og láglaunafólk, enda eru þær skiptingar allar meira og minna vitlausar og misvísandi, hvað er verið að gera hér og hvað við erum að samþ.

Það var ekki lítil yfirlýsing, sem fram gekk af munni hæstv. fjmrh. í dag, þar sem hann, að vísu í mjög grófum dráttum, gerði grein fyrir skattstiganum. Þetta er sjálfur kjarni málsins. Á ég að trúa því að samvisku hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar og hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur hafi svo farið aftur bara við það að setjast hér inn, að þau láti sig ekki lengur slíkt nokkru varða? 10% hækkun á útsvari er mikil hækkun. Við fáum þjónustu fyrir hluta af því, gott og vel. Annað fer í eyðslu og bruðl eins og gengur, en slík hækkun er engu að síður stór ákvörðun. Eigum við ekki, áður en við samþykkjum þetta endanlega og meðan við höfum enn tækifæri, að sjá hvað er á hinum skattstiganum, ríkismegin. Hvað er verið að gera gagnvart skattborgurunum í landinu? Ég skírskota til samvisku þeirra komma, sem enn hafa samvisku, að skoða þessi mál og taka undir það með mér og leggjast á félmrh., sem er þegjandalegri en oft áður, að fresta þessu máli, skoða það í heild sinni. Tveir þingflokkar hafa samtals meiri hl. í þessari hv. d. og hafa það þangað til ráðh., tveir hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson, tjá sig um málið. Við erum fleiri, sem þessu viljum fresta, samkv. venjulegum skilningi á þingflokkum, störfum þeirra og gerðum. Úr því að svo er og þeir þegja með hæstv. ráðh. Svavari Gestssyni, hæstv. ráðh. Friðjón Þórðarson og Pálmi Jónsson, og meðan þeir þegja og þegja stíft og þegja lengi og þegja vel þá er þetta meiri hl. í hv. deild.

Ég endurtek að hér inni eru þm. sem telja sig vera sérstaka málsvara launafólksins í landinu. En það er ekki eingöngu að vera málsvari launafólksins í landinu að hafa hátt á tveggja ára fresti, þegar uppi eru kjarasamningar, og tala um grunnkaup. Skattar skipta miklu máli og meira máli að því er varðar raunveruleg kjör og afkomu fólks. Hitt er aftur rétt og mín skoðun sú, að íslenska verkalýðshreyfingin, bæði sú sem semur á svokölluðum frjálsum vinnumarkaði og eins hin sem semur við ríkið, hafi verið ótrúlega stöðnuð, eins og alls staðar þar sem flokkar með kommúnistísku ívafi hafa mikil ítök í verkalýðshreyfingum, og átti sig ekki á því að hlutir eins og félagslegar umbætur, skattamál og neytendamál skipta meira máli en eintómt gal um grunnkaup. Við höfum búið við frumstæða verkalýðshreyfingu, en um leið og ítök kommanna fara þar minnkandi fer verkalýðshreyfingunni fram, og er það vel. En engu að síður sitja hér fulltrúar þessa flokks.

Það er verið að fara fram á þá einföldu og frómu ósk að fresta þessu máli í einn dag. Það fer þó eftir því, hversu skjót handbrögð hæstv. fjmrh. getur haft. Hann er viðbragðssnöggur maður, er mér sagt, ég hef að vísu ekki orðið var við það, en mér er sagt að hann sé viðbragðssnöggur maður. Hann getur verið tilbúinn með frv. um skattstiga í kvöld eða á morgun. Svo skoðum við málið. (**Gripið fram í:** Annað kvöld.) Annað kvöld. Ef svo er, er til sanngjarnari hlutur í heimi? Ég er viss um að ef hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson færi á fund í stjórn Verkamannasambands Íslands væru þeir sammála mér þar um að þetta væru skynsamleg vinnubrögð. Ef hv. þm. Guðrún Helgadóttir fer á fund í stjórn BSRB, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, væru þeir sammála mér þar. Fleiri leiðtogar launafólks, sem þar hafa starfað í forystu, eru víst ekki lengur í þingflokki Alþb., nema ef vera skyldi hv. þm. Skúli Alexandersson. En allt um það eru þarna þó tveir sem skyldir eru launþegahreyfingunni. Er ekki alveg sjálfsagt mál að fara svona að?

Það er alveg ljóst að hæstv. forseti, sem er varaforseti, ætlar sér að böðla þessu máli í gegn. Hann hefur reyndar aldrei haft nein tengsl við launþegahreyfinguna, — en þið hin, sem hafið það: Er þetta ekki sjálfsagt mál?

Ég vil bera spurningar formlega upp við hæstv. félmrh. Svavar Gestsson og biðja hann um að svara: Í fyrsta lagi, er ekki sanngjörn ósk og krafa að þessi mál séu lögð að jöfnu, skoðuð saman og afgreidd saman? Og í öðru lagi, hvað er því til fyrirstöðu? Aðeins eitt orð frá honum sem félmrh. til forseta hv. d. mundi duga til þess að frestur yrði gefinn. Og úr því að þetta er svona einfalt og úr því að hæstv. ráðh. er sérstakur talsmaður sósíalisma og lýðræðis, að eigin sögn, hvers vegna í ósköpunum gerir

hann þá ekki þetta? Við, sem berum fyrir brjósti hagsmuni launafólks og skattgreiðenda, sem er að mestu einn og sami hópurinn, förum fram á frest.

Mér er ljóst að það hefur orðið atferlisbreyting í Alþb. á síðustu tveimur árum, og mér er ljóst að þetta er allt annar flokkur en var. Mér er ljóst að Alþb. er orðinn flokkur ríkisforstjóra sem hugsa eins og ríkisforstjórar, hegða sér eins og ríkisforstjórar eða forstjórar í stórfyrirtækjum og tengsl eru að rofna, og mér er ljóst, ef nota má samlíkingu flokks og manns, að flokknum líður illa og fólkinu í honum líður illa. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson ekur sér í sætinu. Ég get vel skilið að hann geri það. En hvað í heiminum er sanngjarnari ósk og krafa en að ákvörðun um útsvarsprósentu og ákvörðun um skattstiga séu skoðaðar saman og afgreiddar saman? Ég trúi ekki að hv. þm. Alþb., launamannaflokksins, geti haft á móti þeim afgreiðslumáta. Og fari svo, að ríkisforstjórinn hv., Svavar Gestsson, komi hér og sé þeirrar skoðunar að við séum svo sem búin að samþykkja þetta og sveitarfélögunum liggi á og síðan fari hann að hegða sér eins og forstjóri og gleymi fólkinu, eins og við erum sammála um að margir forstjórar hafi tilhneigingu til að gera, og flytji hann kerfisræðu hér, sem ég svo sem á von á, þá mælist ég til þess að síðustu „móhí-kommarnir", fulltrúar launafólksins sem starfa í stéttarfélögum, hv. þm. Guðmundur og Guðrún, þrýsti á og ýti á og skori á hæstv. ráðh. (**Gripið fram í:** Leggist á.) Jafnvel, já, ég hef ekki verið á fundi á Þingeyri síðan 1974, en ég skil húmorinn. — Allt um það mælist ég til þess að þeir beiti áhrifum sínum við hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. er ekki orðinn svo skyni skroppinn, hann er ekki orðinn svo fjarlægur hreyfingum launafólks, hann er ekki orðinn svo einangraður að hann viti ekki að hæð útsvara og hæð skatta skipta afkomu fólks í þessu landi miklu.

Ég legg á það áherslu að í þessu sambandi er ég ekki að fjalla um efnisatriði málsins. Ég er út af fyrir sig ekki að fjalla um hvort 11% eða 11% að 1% viðbættu sé rétta talan, ekki heldur að tala um hvort skattstigarnir, sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í dag, séu þeir réttu eða hvort þeir ættu að vera lægri og þá með hverjum hætti þeir ættu að vera lægri. En ég er að segja að það eru rétt vinnubrögð að skoða málin í samhengi.

Hæstv. ráðh. kann að vera að undirbúa eitt kerfissvarið til. Það eru ill örlög. Fyrir nokkrum árum hefðum *við getað verið sammála, ekki aðeins um margt í stjórn*málaskoðunum, heldur í lífsstíl og í þeirri afstöðu sem menn hafa til stjórnarstofnana og ríkis og þar með talið vinnubragða af þessu tagi. En menn fjarlægjast, menn breytast og flokkar breytast. Aðra eins breytingu held ég að ég a. m. k. hafi ekki lifað og eigi ekki eftir að lifa.

Það eru auðvitað aðrir þættir í þessu máli. Þáttur hv. þm. Alberts Guðmundssonar er auðvitað sérstæður. Breytingin, sem hefur orðið á honum síðan í fyrra, þegar hann var stjórnarandstæðingur við ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, er forkastanleg. Hv. þm. Eggert Haukdal hef ég svo sem aldrei skilið. En engu að síður þykir mér merkilegast og sárast í þessu, því að við getum átt von á öllu frá íhaldinu, og einkennilegust og örökréttust í þessu hegðun Alþb. og þó sérstaklega hegðun þeirra hv. þm. sem á öðrum stundum þykjast hafa einhver sérstæð, óvenjuleg og mikil tengsl við hreyfingar launafólks. Á ég að trúa því, að hv. þm. eins og Guðmundur J. Guðmundsson og Guðrún Helgadóttir séu ekki sammála mér um að útsvarsprósentan, m. a. s. þegar það er flatur skattur, ráði miklu um kjör fólks og hverjar rauntekjur fólks eru? Á ég að trúa því, að sömu hv. þm. séu mér ekki sammála um að skattstiginn, álagðir skattar á einstaklingana í landinu, sé afgerandi um hverjar eru raunverulegar tekjur fólks? Og ef svo er, hvernig getur þeim dottið í hug að menn yfir höfuð að tala séu tilbúnir til þess að afgreiða þessi mál í sitt hvoru lagi og án tengsla hvors við annað?

Við erum að taka hvorki meira né minna en ákvarðanir um hver verði afkoma fólks í landinu á þessu ári. Ég treysti því ekki aðeins að hæstv. félmrh. gefi mér svör, ég treysti því einnig að hann gefi mér ekki kerfissvör ríkisforstjóranna eða stórfyrirtækjaforstjóranna, heldur að hann gefi mér þau svör að hann hafi hlustað á skynsamleg rök og hann hafi skipt um skoðun, hann sé ekki lengur þeirrar skoðunar að það eigi að keyra þetta með *valdi í gegnum þingið, heldur skulum við bíða og skoða* málin í samhengi. Ég veit að hæstv. félmrh. er það skynsamur maður að hann skiptir um skoðun þegar hann finnur að hann hefur tekið ranga ákvörðun, og ég treysti því að við skoðum þessi mál saman. En fatist honum hér, því að sé maður einu sinni forstjóri virðist vera erfitt að hætta að vera forstjóri, þá treysti ég á hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson og Guðrúnu Helgadóttur að taka hv. flokksbróður sinn annaðhvort á beinið eða í mjúka stólinn og segja honum hvernig eigi að haga sér í svona málum.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Sú umr., sem hér hefur farið fram í dag, hefur ekki snúist mikið um efnisatriði þess frv. sem hér er á dagskrá, sem er frv. til l. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Efnisatriðin hafa í rauninni ekki verið rædd að neinu marki í þeim ræðum sem hér hafa verið haldnar.

Það var ákaflega athyglisvert að hv. 9. þm. Reykv., sem er oft og tíðum allákafur skattalækkunarpostuli í ræðum sínum, taldi enga ástæðu til að taka efnislega afstöðu til þessa mikilvæga frv. í mjög langri ræðu sinni áðan. Hún fjallaði nánast öll um mína lítilmótlegu persónu, en efnisatriði tekjustofnafrv. komu aldrei við sögu í ræðu hv. þm. Ég spyr hvort þetta gæti verið merki þess að Alþfl. hafi eitthvað skipt um skoðun, hvort hann sé núna þeirrar skoðunar sem hann var í vinstri stjórninni, að eðlilegt sé að tekjustofnar sveitarfélaganna verði *verðtryggðir, eins og margoft kom þar fram í ítarlegum* tillöguflutningi forvera míns í ráðherrastól, hv. 5. þm. Suðurl. Mér heyrðist á því, hvað hv. þm. Vilmundur Gylfason sýndi þessu máli mikið tómlæti áðan efnislega, að það benti til þess að hann væri þarna að þokast aftur inn á þá braut sem flokkur hans fór um hríð. (**VG:** Ég skal flytja aðra ræðu um málið og hana helmingi lengri.)

Ég vil hins vegar segja það, að eftir að við ræddum þetta frv. við 2. umr. á dögunum hafa þau tíðindi gerst, að fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga hefur gert í þessum málum ákveðna samþykkt. Þessi samþykkt hefur ekki komið inn í umr. á hv. Alþ. til þessa, og ég tel ástæðu til þess að gera grein fyrir samþykktinni hér. Samþykktin var á þessa leið:

„Fulltrúaráðið gerir kröfu til þess, að tekjustofnar sveitarfélaga fylgi verðlagi, og bendir í því sambandi á minnkandi vægi útsvara í tekjum sveitarfélaga. Fulltrúaráðið ítrekar fyrri samþykktir um staðgreiðslu opinberra gjalda og bendir á að með því móti verði komið til móts við óskir sveitarfélaganna um verðtrygg-

ingu tekna þeirra. Fulltrúaráðið tekur undir fram komið frv. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og þá rýmkun heimilda til útsvarsálagningar sem þar er gert ráð fyrir. Fulltrúaráðið telur eðlilegt að leggja aukna ábyrgð og aukið vald í hendur sveitarstjórna til ákvörðunar útsvarsprósentu, þannig að í samráði við borgarana sé mögulegt að leggja á hærri útsvör en almennt gerist vegna sérstakra verkefna. Jafnframt er bent á að í skattheimtu opinberra aðila verði að taka mið af því, að gjaldþoli borgaranna verði ekki misboðið.

Hér leggur Samband ísl. sveitarfélaga áherslu á það grundvallaratriði, að tekjustofnar sveitarfélaganna hafa verið að þrengjast. Hérna leggur Samband ísl. sveitarfélaga áherslu á að tekjustofnar sveitarfélaganna verði verðtryggðir. Með þeim tillögum, sem hér eru uppi og samþykktar hafa verið við 2. umr., er gert ráð fyrir að koma nokkuð til móts við sveitarfélögin að þessu leyti.

Á fundi fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga var borin upp tillaga frá allshn. fundarins um tekjustofna sveitarfélaganna. Í þeirri tillögu var orðalag m. a. á þessa leið við lokaafgreiðslu málsins: „Fulltrúaráðið tekur undir fram komið frv. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga" o. s. frv., eins og ég las áðan. Þessi tillaga var samþ. með 12:6 atkv. á þessum fundi og að endanlegri afgreiðslu málsins stóðu menn úr öllum þeim stjórnmálaflokkum sem fulltrúa eiga hér á Alþ., þannig að sá málflutningur, sem hér er hafður uppi af hv. 6. þm. Reykv., af hv. 9. þm. Reykv. og ýmsum fleiri hv. alþm., ber vott um að hér vilja menn draga þetta mál inn í flokkspólitískt skæklatog. Það eru ekki efnislegar ástæður sem valda þeim löngu og ítarlegu ræðum sem hafa verið fluttar um persónur einstakra ráðh. í dag. Hér er um það að ræða, að menn vilja draga þetta inn í almennt pólitískt skæklatog.

Ég vil segja hv. þm. það, að ef þeir telja nauðsynlegt að halda áfram að ræða þetta mál fram eftir degi í dag, meðan enn er bjart, erum við reiðubúnir til þess. En við viljum ræða um málin efnislega. Það hefur ekki verið reynt af ræðumönnum í dag, öðrum en hv. þm. Friðrik Sophussyni og svo hæstv. fjmrh. sem talaði í upphafi umr. En málflutningur af því tagi sem hér var tíðkaður á Þingeyrarplaninu af hv. 1. þm. Vestf. og hv. 7. landsk. þm. er ekki sæmandi þessari stofnun, ef menn óska eftir því að hér fari fram málefnaleg skoðanaskipti. Hv. 9. þm. Reykv. getur kallað þetta forstjóraviðbrögð af minni hálfu eða hvað sem honum sýnist. Grundvallaratriðið er það, að hérna hafi menn uppi sanngjörn og málefnaleg skoðanaskipti. Ég hélt að menn væru hingað komnir til þess.

Ég vil í framhaldi af þeim upplýsingum, sem fram komu hjá hæstv. fjmrh. í dag, aðeins ítreka nokkur atriði til þess að leggja áherslu á málefnalegan grundvöll þeirra mála sem hér eru á dagskrá.

Að óbreyttum lögum um tekjuskatt hefði persónuafsláttur upp í útsvar á þessu ári orðið 1768 millj. kr. samkv. þeim áætlunum sem fyrir liggja. Auðvitað getur skakkað einhverju þar, en samkv. bestu manna yfirsýn og vitund er talan þessi. Samkv. þeim tillögum, sem ríkisstj. hefur samþykkt fyrir sitt leyti að gera um persónuafslátt frá útsvari, er gert ráð fyrir að þessi tala verði ekki 1768 millj., eins og verið hefði að óbreyttu, heldur 3850 millj. kr. Hér er um að ræða í sambærilegum krónum hækkun um ca. 118% á ónýttum persónuafslætti upp í útsvar. Þessi breyting kemur auðvitað fyrst og fremst láglaunafólki til góða, enda er greinilegt af þeim úrtökum, sem unnin hafa verið á skattframtölum, að verulegur hluti láglaunafólks eða liðlega 1/5 hluti útsvarsgreiðenda að óbreyttu mundi sleppa við útsvar samkv. þessum tillögum.

Við 2. umr. þessa máls á dögunum lagði ég á það mikla áherslu, og mér finnst nauðsynlegt að hv. alþm. átti sig á málunum út frá því sjónarhorni, að tekjustofnar sveitarfélaga eru í raun og veru sérstakt mál sem tilheyrir þeim þætti sem að sveitarfélögunum snýr hér í landinu. En tekjujöfnunarskyldan, hv. 9. þm. Reykv. og aðrir viðstaddir hér, er á hendi ríkisins, þannig að það er persónuafslátturinn upp í útsvör sem skiptir sköpum um þann þunga sem útsvörin valda á hverjum gjaldanda. Nú hefur það komið fram á fundi Alþ. í dag, í ræðu hæstv. fjmrh., hver þessi persónuafsláttur verður. Hann hefur meira að segja rakið nokkur atriði auk þess úr gjaldstiganum. Ég segi: Þær upplýsingar eru nægilegar til þess að menn taki afstöðu til málsins efnislega. Ef menn hins vegar kjósa að vera hér uppi einvörðungu til þess að hafa í frammi einhverjar pólitískar æfingar verður það að hafa sinn gang, en efnisleg afstaða á að geta legið fyrir eftir þeim upplýsingum sem þegar hafa komið fram.

Ég vil segja vegna till. hv. 5. þm. Suðurl., sem ber fram till., vafalaust af góðum hug, að sú till. mundi í rauninni fyrst og fremst þýða að það yrðu minni útgjöld af hálfu ríkisins til þess að greiða upp í útsvar með ónýttum persónuafslætti en ella væri. Menn þurfa að átta sig á því, að hér er í raun og veru ekki fyrst og fremst verið að létta kvöðum af gjaldendum sjálfum, heldur er verið að létta á ríkinu. Menn þurfa að átta sig á því samhengi sem er milli útsvarsafsláttarins annars vegar og persónuafsláttarins hins vegar. Hérna er um að ræða grundvallaratriði sem menn þurfa að átta sig á. Þess vegna er það sem ég endurtek að ég tel að öll efnisatriði í þessu máli liggi fyrir eftir það sem fram kom af hálfu hæstv. fjmrh. í upphafi umr. í dag.

Hæstv. fjmrh. sagði að frv. sem fjallar um tekjuskatt og skattstiga, yrði tilbúið í kringum helgina, sem þýðir að frv. yrði í fyrsta lagi útbýtt á mánudag eða þriðjudag á Alþ. Það er skammur tími eftir til páska. Á þeim tíma þurfum við að afgreiða fjárlög, á þeim tíma þurfum við að afgreiða ýmis önnur mál sem hafa legið í óreiðu í ríkiskerfinu vegna þess hvernig við hlutina var skilið af vissum pólitískum öflum á haustdögum. Þessa hluti þarf að leysa og það nú á næstu dögum. Þess vegna er engin ástæða til þess, ekki heldur efnisleg, að fara að fresta umr. um þetta mál á þessum fundi. Þess vegna er ég samþykkur þeirri ákvörðun hæstv. forseta að halda sig við dagskrá þessa fundar og ræða þetta mál áfram eins og menn telja nauðsyn bera til. En ég skora á hv. alþm. að halda sig við efnisatriði málsins.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég lít svo á að hæstv. félmrh. hafi hafnað tilmælum þm. í þessari hv. d. um að fá eins til tveggja daga frest á afgreiðslu þessa máls svo að hægt væri að skoða það í samhengi við þá stefnu sem hæstv. ríkisstj. er nú að marka í sambandi við ákvörðun á skattstiga í tekjuskatti. Hæstv. ráðh. svarar neitandi ósk þm. um að þessi mál geti orðið samferða.

Þá er best að bera upp aðra ósk við hæstv. ráðh., ósk um frestun málsins, en á öðrum forsendum. Ég er hér með lög, hæstv. ráðh., um stjórn efnahagsmála o. fl., sem hæstv. ráðh. eins og allir aðrir handhafar framkvæmda-

valds í núv. ríkisstj. á að virða. Í II. kafla þessara laga er fjallað um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda.

Hæstv. forseti. Ég hefði áhuga á því, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson væri staddur í salnum, vegna þeirrar spurningar sem ég hef hug á að bera upp við hæstv. félmrh. Ég geri hlé á máli mínu þangað til athugað verður hvort hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson getur hlýtt á mál mitt. (Gripið fram í.) Ekki hefur hæstv. félmrh. sent hann heim. (Gripið fram í.) Nei, samflokksmann sinn, hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson (Gripið fram í.) Þá er hv. þm. enn sjálfráður og má vera hér.

Ég þakka hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni fyrir að sinna tilmælum mínum og vera viðstaddur. Ég hef áhuga á að bera upp spurningu við hæstv. félmrh. sem varðar mjög þau samtök sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson er í forsvari fyrir.

Ég sagði að í landinu væru í gildi lög um stjórn efnahagsmála, sem samþ. voru á hinu háa Alþingi 7. apríl árið 1979. Þau lög fjalla fyrst og fremst um hvernig handhafar framkvæmdavaldsins í landinu, hæstv. ráðh., eiga að starfa í rn. sínum. Ef einhver jir ættu að halda lög landsins eru það væntanlega ráðh. sjálfir, ekki síst vegna þess að þeir áttu manna drýgstan þátt í að samþykkja þau.

Í II. kafla þessara laga eru ákvæði um hver skuli vera, — ekki hver megi vera eða helst eigi að vera, heldur hver skuli vera samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda. Í þeim kafla er beinlínis mælt fyrir um það skýrt og skorinort, hæstv. ráðh., að þú og starfsbræður þínir í rn. eigi að hafa samráð við launþegasamtökin um þá tekjustefnu sem ríkisstj. markar hverju sinni, m. a. í sambandi við framlagningu á málum er varða útsvör og skatta. Það er beinlínis tekið fram í þessum lögum, að hæstv. ráðh. Alþb. sem og annarra stjórnmálaflokka í þessu landi er skylt að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, m. a. samtök hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, ef áformað er að leggja á nýja skatta. Nú spyr ég: Hefur hæstv. félmrh. fylgt þessum lagafyrirmælum? Hefur hæstv. ríkisstj. haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, við Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Verkamannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, bændasamtökin og aðra slíka um þá aðgerð að hækka álagningu á útsvörum um 10%? Ef það hefur ekki verið gert, hvers vegna? Hvers vegna, hæstv. ráðh., hefur það ekki verið gert? Og hafi það ekki verið gert, ætlar hæstv. ráðh. þá ekki að láta af því verða? Hæstv. ráðh. ber lagaleg skylda til þess að standa svona að málum. Og ég spyr hann: Hefur hæstv. ráðh. farið að þessum lögum eða hefur hann brotið þau? Hefur hann brotið lög á launafólki? Hefur hann brotið þau fyrirmæli sem honum ber að fara eftir um samráð við aðila vinnumarkaðarins um mál af þessu tagi? Ef hann hefur gert það, ætlar hann að halda áfram að gera það? Ef hann ætlar að halda áfram að brjóta þessi lagafyrirmæli um samráð við aðila vinnumarkaðarins, af hverju?

Hæstv. ríkisstj. hefur nú boðað og tekið fram að engar grunnkaupshækkanir verði á þessu ári ef hún fái að ráða. Ein meginforsenda fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. er kauprán upp á 4.5%. Sjálf meginforsenda fjárlagafrv., sem hæstv. ráðh. Alþb. standa að og gefa út og bera meiri ábyrgð á en nokkrir aðrir menn í ríkisstj., er sú, að á sama tíma og stefnt er að verðlagshækkunum í landinu upp á 46.5% megi laun ekki hækka nema um 42%. Þetta stendur orðrétt í frv. Mér er fyllilega kunnugt um að hæstv. ríkisstj. hafði ekkert samráð við aðila vinnumarkaðarins um þessa stefnu sína. Nei, hún boðaði þetta af eigin rammleik, og hæstv. ráðh. Svavar Gestsson og fleiri sögðu: Þetta getum við, við þurfum ekkert að leita til ykkar um þetta. — En hæstv. ráðh., finnst þér ekki ásamt öðrum hæstv. ráðh. í þessari ríkisstj. ástæða til, þegar til þess er litið að ríkisstj. hefur ákveðið og tilkynnt í fyrsta lagi engar grunnkaupshækkanir á þessu ári, í öðru lagi kauprán upp á 4.5%, að ríkisstj. gegni þeim skyldum, sem lög landsins skipa henni að rækja, og hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um þá tekjustefnu sem nú er verið að marka með afgreiðslu frv. um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem gert er ráð fyrir að hækka útsvar á lágtekjufólki um 10%, og með þeim hækkunum á skattstiga sem hæstv. fjmrh. var að gera grein fyrir áðan?

Hæstv. félmrh. hefur neitað óskum alþm. um tveggja daga frest til þess að hægt sé að skoða í samhengi áform ríkisstj. um skattstiga og áform ríkisstj. um 10% hækkun á útsvari. En nú spyr ég hæstv. ráðh.: Hafnar hann líka óskum um að hann fari að lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 7. apríl 1979, og óski eftir að aðilar vinnumarkaðarins, m. a. samtök hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, láti í ljós álit sitt á þessari aðgerð? Hæstv. ráðh. ber skylda samkv. lögunum til að starfa þannig. Hann hefur af einhverjum ástæðum vanrækt þá skyldu sína. Það kann e. t. v. að vera af því að honum hafi ekki verið skyldan ljós. Nú er honum hún væntanlega ljós. Hæstv. ráðh. getur fengið sérprentun af þessum lögum frammi á skrifstofu. Athygli hans hefur verið vakin á þeirri skyldu sem lög landsins leggja honum á herðar gagnvart aðilum vinnumarkaðarins, gagnvart því fólki sem hann til skamms tíma hefur einkum og sér í lagi talið sig fulltrúa fyrir, þ. e. launafólkinu. Þegar athygli hæstv. ráðh. hefur verið vakin á þessari skyldu hans við launafólkið, m. a. í Reykjavík, í kjördæmi hæstv. ráðh., krefst ég þess, að hann gefi á því skýringu ef hann ætlar að bregðast þessu fólki, ef hann ætlar að vanvirða þá skyldu sem landslög leggja honum á herðar um hvernig hann á að umgangast launafólk á Íslandi.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef ekki mikla reynslu í því að sitja á hv. Alþ., en ég verð þó að segja eins og er, að ef vinnubrögð almennt hér á hv. þingi eru eins og þau hafa verið í dag í sambandi við afgreiðslu og meðferð þessa máls er ekki von að betur fari um ýmsa þætti í þjóðfélaginu en raun ber vitni um.

Þetta mál var til 2. umr. í þessari hv. d. á fimmtudaginn var. Þá var því mjög haldið fram af þeim þm. sem þá töluðu, að þetta mál væri ekki hægt að afgreiða nema þm. hefðu fyrir framan sig hvernig heildarskattbyrðin í landinu mundi líta út. Þess var eindregið farið á leit við hæstv. forseta d. þá, að þeirri umr., sem þá fór fram, yrði frestað og þm. gæfist kostur á að sjá heildarmyndina. Þessa ósk báru þm. fram hver á fætur öðrum á kurteislegan hátt, eins og vera ber í jafnvirðulegri stofnun, en forseti neitaði jafnharðan að verða við þeim sjálfsögðu óskum. Auðvitað átti að fresta umr. þá, fresta málinu og bíða í þá örfáu daga sem liðu þar til hæstv. ríkisstj. gæti lagt fram tillögur sínar um skattstiga.

Til marks um það, hvað hér var raunverulega um eðlilega og sjálfsagða ósk að ræða, gerðist það í upphafi umr. í dag að hæstv. fjmrh. skýrði frá því, hverjar yrðu

væntanlega tillögur ríkisstj. varðandi skattstigana í tekjuskattsálagningunni. Þetta eru þó ekki annað en tillögur sem enn er verið að ræða innan ríkisstj. Því er alveg fráleitt þegar hæstv. félmrh. kemur nú upp í ræðustól og segir að búið sé að leggja öll efnisatriði þessa máls svo rækilega fyrir að hægt sé að taka það til efnislegrar afgreiðslu og umr. hér. (**Félmrh.:** Það gat Samband ísl. sveitarfélaga.) Þetta er ekki rétt. Samband ísl. sveitarfélaga tók á þessu máli á allt annan hátt en ætlast er til að við gerum í þessari hv. d. Samband ísl. sveitarfélaga sem frjáls samtök sveitarfélaga getur alls ekki orðið neitt fordæmi fyrir okkur alþm., það veit ég að hæstv. félmrh. skilur og veit.

Það er ekki hægt að koma í þessa hv. d. og segja við okkur þm. að við eigum að geta tekið efnislega afstöðu til þessa máls á grundvelli upplýsinga fjmrh. um hvað sé verið að ræða í ríkisstj. Alþ. á auðvitað eftir að fjalla um þessar tillögur, á eftir að átta sig á því, hvernig þær koma út gagnvart hinum einstöku skattþegnum.

Sannleikurinn er sá, að þessar tillögur, eins og þeim var lýst áðan, þessi skattstigi, eins og honum var lýst áðan af hæstv. fjmrh. lítur ekki glæsilega út. Hann ber vitni um að enn stendur til að hækka skattbyrðina, ekki á þeim hæst launuðu, heldur á öllum meðal- og miðlungstekjum í landinu. Og eins og fram kom réttilega hjá hv. 9. þm. Reykv. áðan mun t. d. stór hluti af opinberum starfsmönnum lenda í hæsta skattþrepi. Stór hluti af öllum iðnaðarmönnum í landinu, stór hluti af sjómönnum og duglegu fólki í fiskvinnslu úti um allt land mun lenda í hæsta 50% skattstiga, sem nú er verið að boða okkur hér á Alþ. Þannig er alveg fráleitt að ætlast til þess, að við getum tekið afstöðu til þessa máls á grundvelli munnlegra upplýsinga hæstv.félmrh. um hvernig skattstigi við álagningu eigi að líta út.

Mig undrar og ég verð að lýsa yfir furðu minni, vonbrigðum og jafnframt reiði yfir því, að hæstv. ríkisstj. og forsetar þessarar hv. d. skuli ætla að knýja þetta mál fram með jafnmiklu offorsi og raun ber vitni, vegna þess að það liggur ekkert á. Hér er um að ræða einhverja stífni, einhverja undarlega þvermóðsku af hálfu hæstv. ríkisstj. Við skulum átta okkur á því, að sveitarstjórnirnar í landinu afgreiða almennt ekki fjárhagsáætlanir sínar fyrr en fjárlög liggja fyrir. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur t. d. samþ. að afgreiða ekki fjárhagsáætlun sína fyrr en 19. apríl n. k. Mér er kunnugt um margar sveitarstjórnir í nágrenninu sem ekki ætla sér að afgreiða sínar fjárhagsáætlanir fyrr en eftir páska, og þannig hygg ég að sé víða um land. Það dagaspursmál, sem ríkisstj. setur á oddinn í þessu máli, er því furðulegt og maður áttar sig alls ekki á því, af hvaða hvötum það er runnið.

Það er að sjálfsögðu mikill misskilningur hjá hæstv. félmrh. að umr. í dag eigi sér stað vegna þess að menn hafi áhuga á að halda uppi einhverju flokkspólitísku skæklatogi. Hér er um að ræða stærsta mál sem enn hefur verið til afgreiðslu á hv. Alþ. eftir að ríkisstj. tók við völdum. Það er spurningin um hversu þungar og miklar skattbyrðar verði lagðar á almenning í þessu landi. Við höfum ekki fengið til meðhöndlunar og afgreiðslu jafnstórt mál enn þá, og það er þess vegna eðlilegt og það hefði verið sjálfsögð kurteisisskylda við okkur alþm. að gefa okkur gott færi á að kanna það mál samhliða álagningu útsvara og álagningu tekjuskatts.

Samband ísl. sveitarfélaga fjallaði um þetta mál á fundi sínum fyrir helgina, á fimmtudag og föstudag hygg ég að það hafi verið, og hæstv. félmrh. las upp almenna yfirlýsingu sem þessi fulltrúaráðsfundur samþykkti, þar sem hann mælti með því að útsvarsheimildin yrði hækkuð úr 11% í 12.1%. En hæstv. félmrh. gat ekki um eitt atriði. Hann gat ekki um að jafnframt var á þessum fundi flutt viðaukatillaga við aðaltill., þess efnis, að ríkið skyldi draga úr sinni beinu skattheimtu að sama skapi og hækkun útsvara á allan almenning næmi. Þessi tillaga féll með 13:12 atkv. Einhugurinn og eindrægnin hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga var því ekki meiri í þessu máli en svo, að það féll með einu atkv. að ríkið drægi úr skattheimtu sinni að sama skapi.

Það er annað sem við skulum hafa í huga líka þegar þetta mál er til umr. og verið er að vitna í Samband ísl. sveitarfélaga. Ég hygg að þessi fundur sambandsins hafi ekki haft fyrir framan sig þær tillögur sem þeir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm., og Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm., fluttu hér um að hægt væri að leysa fjárhagsvandamál sveitarfélaganna á annan hátt. Þær till. lágu ekki fyrir fundi Sambands ísl. sveitarfélaga. Mér er nær að halda, eftir minni reynslu og þekkingu af sveitarstjórnarmönnum sem þennan fund sátu, að hafi þeir haft þær till. í huga hefði verið talið eðlilegra að farið væri inn á þá leið sem þessir hv. þm. lögðu til sem bráðabirgða aðgerð þar til búið væri endanlega að ganga frá verkefna- og tekjustofnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég vitna til þess sem ég sagði í upphafi þegar ég gat um mína litlu þingreynslu og birti vonbrigði mín yfir því hvernig á þessu máli hefur verið haldið. Þess hefur verið farið á leit við mig og aðra þm. nokkrum sinnum á þeim tíma sem ég hef setið á þingi að við greiddum fyrir afgreiðslu mála á hv. Alþ. Ég hef tekið vel í það fyrir mitt leyti, og ég hygg að aðrir þm. Sjálfstfl. hafi gert það einnig hingað til. En þegar við sjáum nú hvaða tökum á að beita þingið, þegar við sjáum nú að sjálfsagðri ósk og beiðni um frestun á máli í einn, tvo eða þrjá daga, meðan hæstv. ríkisstj. er að leggja fram tillögur um endanlega skattstiga, er hafnað af jafnmiklu offorsi og hér ber vott um má skilja það svo, að ríkisstj. sé að stíga fyrsta skrefið út í stríð við stjórnarandstöðuna, — stríð sem við stjórnarandstöðuþm. höfum ekki átt neitt frumkvæði að. Við höfum fallist á að greiða fyrir afgreiðslu mála eins og óskað hefur verið eftir. En þegar við berum fram, bæði einstakir þm. og þingflokkur Sjálfstfl. í heild, jafnsjálfsagða ósk og hér hefur verið borin fram og henni er hafnað af jafnmiklu offorsi og hér hefur gerst þá er hæstv. ríkisstj. að stíga fyrsta skrefið út í stríð við stjórnarandstöðuna. Ég mun hugsa mig a. m. k. tvisvar um áður en ég samþykki að standa fyrir því að greitt sé fyrir afgreiðslu mála á hv. Alþ. Þingflokkur Sjálfstfl. stóð í heild að þeirri ósk, að þessu máli yrði frestað, og formaður þingflokksins bar þessa ósk fram við 1. varaforseta þessarar d. áður en fundur hófst áðan, en hann neitaði því.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég ítreka vonbrigði mín yfir því hvernig með þetta mál er farið hér. Við höfum haft fullkomlega efnisleg rök og höfum enn fullkomlega efnisleg rök fyrir því, að þessari umr. sé frestað og þm. gefist tækifæri til að líta á skattbyrði á landsmenn í heild, en því hefur verið hafnað af hæstv. ríkisstj. og þeim forsetum þessarar hv. d. sem hér hafa stjórnað í dag.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Hv. 6. þm. Reykv. vék tvisvar að forsetum í máli sínu.

Í fyrra skiptið nefndi hann að óskir hefðu komið fram um að fresta umr. málsins við 2. umr. Það eina, sem ég get sagt um það, er að umr. var frestað. Í annan stað sagði hann, þegar hann vék máli sínu til forseta, að forsetar d. hefðu beitt offorsi við afgreiðslu þessara mála. Það kannast ég ekki við.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það eru út af fyrir sig merkilegar upplýsingar sem fram komu hjá hv. 6. þm. Reykv., Birgi Ísl. Gunnarssyni. Mér var ekki kunnugt um að formaður þingflokks Sjálfstfl. hefði formlega farið þess á leit við forseta, að umr. um tiltekið mál væri frestað. Það er nú ljóst að hann hefur gert það. Hitt var ljóst héðan af ræðustóli, að formaður þingflokks Alþfl. hefur farið formlega fram á slíka frestun, og ég get a. m. k. fullvissað hv. þd. um það, að allur þingflokkur Alþfl. stendur á bak við hann.

Ég fæ ekki betur séð, — vegna þess að mér er ekki um annað kunnugt en hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson séu í þingflokki Sjálfstfl., — ég fæ ekki betur séð en það sé meiri hl. þessarar hv. d. sem fer fram á að tilteknu máli sé frestað. Og úr því að svo er vil ég fyrst spyrja hæstv. forseta þessarar hv. d.: Er honum kunnugt um önnur fordæmi þess, að meiri hl. d. fari fram á frestun á máli og því sé synjað? Getur forseti svarað þessu? Eru einhver fordæmi til í þingsögunni um þetta? (**Forseti:** Vegna spurningar hv. þm., þá veit ég ekki hvert fordæmi er í þeim efnum. Hins vegar hef ég ekki séð þennan meiri hl. sem þm. talar um.) Ég fullyrði það, að hér er um tvo þingflokka að ræða sem hafa meiri hl. í þessari hv. d. Gæti t. d. forseti aflað upplýsinga hjá skrifstofustjóra þessarar virðulegu stofnunar, sem mun vera allra manna fróðastur um þingmál, hvort fyrir slíku séu fordæmi. Gæti forseti beitt sér fyrir því, að slíkra upplýsinga væri aflað. En mér er kunnugt um það, ég sé það héðan úr sæti mínu, að slíkt er oft gert, að skrifstofustjórinn er sóttur og hann veitir slíkar upplýsingar, og sem fróður maður og heiðarlegur og sanngjarn, þá held ég að oft hafi eftir þeim upplýsingum verið farið. Ef ég er að fara út fyrir ramma minn og leyfi í þessum efnum, þá dreg ég auðvitað spurninguna til baka, en mér þætti vænt um að forseti kallaði á skrifstofustjóra og spyrði hann um slík fordæmi.

Ég er að vísa í skoðanir meiri hl. þm. þessarar hv. d. Ég veit að vísu ekki um hv. þm. Albert Guðmundsson, en ég treysti því, að hann sé skynugur og heilsteyptur maður. (Gripið fram í.) Er þm. sofandi eina ferðina enn? Á að kalla í skrifstofustjóra? Ég hef tekið eftir því að þetta er oft gert, að forsetar hafa gert þetta. (**Forseti:** Ég veit nú ekki hvort ástæða er til að kalla á skrifstofustjóra varðandi þetta mál. Ég get ekki séð að það komi málinu við, vegna þess að ég hef ekki enn séð neina staðfestingu á því, að hér sé um meiri hl. hv. d. að ræða.) Við erum í þingræðislandi og búum við þingræði, og ég held meira að segja að hæstv. forseti þessarar d. sé þingræðismaður, jafnvel þó að hann sé í Alþb. Og ég fæ ekki annað séð, — þangað til hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson gefa annað upp, — en að hér sé um ósk meiri hl. að ræða um tiltekna afgreiðslu á mjög alvarlegu máli, því að það er alvarlegt mál þegar verið er að hækka útsvör í landinu um 10%. Ég er kannske að fara út fyrir ramma sanngirni, en mér finnst það satt að segja ekki vera svo. Ég vil halda áfram máli mínu, en þessari ósk er hér með komið áleiðis til hæstv. forseta þessarar virðulegu d. Ég fæ tíma til þess einhvern tíma undir kvöldmatarleytið að bera þessa spurningu fram aftur héðan úr ræðustól væntanlega.

Hæstv. félmrh. Svavar Gestsson kemur hér áðan og segir t. a. m. um hv. 9. þm. Reykv., sem stendur hér í ræðustól, að hann hafi ekki verið að tala um efnisatriði þessa máls. Það er rétt, ég var að tala um hækkun útsvara, ég var að tala um skattstiga. En þannig er, að þm. og ráðh. eru mismunandi, guði sé lof, og þeir hafa mismunandi sjónarmið og það sem meira er, viðmiðanir þeirra eru mismunandi. Mér er þannig farið, og ég hygg Alþfl. öllum, að þegar um er að ræða hækkandi skatta og hærri skatta, þá er okkar viðmiðun fólkið í landinu og við spyrjum fyrst: Hvernig koma skattarnir, hækkandi eða lækkandi, til með að koma niður á fólkinu í þessu landi? Og fólkið er okkar viðmiðun. En aðrir eru þannig gerðir, að þeirra viðmiðun er ekki fólkið, heldur setja þeir sig í spor stofnananna og spyrja, hvernig kemur það til með að reiknast út frá stofnunum? Hæstv. ráðh. Svavar Gestsson segir að sveitarfélagið þurfi þessa hækkun. Ég spyr hins vegar fyrst: Hvernig kemur hækkandi útsvar til með að koma niður á fólkinu sem þarf að greiða þessi útsvör? Þetta er grundvallarmunurinn. Það er þetta sem ég á við þegar ég segi að menn séu orðnir forstjórar að gerð, að tegund. Það er þetta sem er sjónarmið forstjórans. Og þetta er líka munurinn nú orðið á flokkum okkar, hæstv. ráðh. Og mér þykir það vera að fjalla um kjarna málsins þegar ég er að velta því fyrir mér, hver verði greiðslubyrðin á einstaklingana í þessu landi.

Hér kemur þessi hæstv. ráðh. og segir að þetta séu ekki efnisatriði þessa máls. Hvernig í ósköpunum getur þetta hvarflað að manninum, að það séu ekki lengur efnisatriði málsins, hver sé greiðslubyrðin og hvert sé greiðsluþolið og hvert sé samhengið þar á milli varðandi skattborgarana í þessu landi? En síðan breytingarnar urðu á Alþb. og Alþb. varð fyrst og fremst ríkisforstjóraflokkur, — ég skal játa það, að við Alþfl.-menn þekkjum þetta, það var um eitt skeið í sögu okkar nákvæmlega þetta vandamál — en síðan þetta varð sérstakt vandamál í Alþb. leyfir hæstv. ráðh. sér að koma hingað upp og hans viðmiðun, hans reikningar fjalla ekki um fólkið í landinu, nei, þeir fjalla um stofnanirnar í landinu. Fyrst spyrja forstjórarnir: Hvað þurfa stofnanirnar? Hvað þurfa herrarnir? Hvaða áætlanir hafa þeir lagt fram um það sem þeir þurfa? Svo fara þeir eftir því — og skítt með fólkið sem þó þarf að greiða þetta fyrst og síðast. Það er munurinn.

Ég þarf ekki að fara svo óvirðulegum orðum um hæstv. ráðh. sem hann fór um mig. Ég skal viðurkenna að hann var að tala um efnisatriði málsins, hvað sem hann segir um minn málflutning og hvaða flaðuryrði sem hann lét hér falla um þingræðið og hvernig þm. ættu að hegða sér. Ég þarf ekki að nota slíkt um hann. Við erum báðir að fjalla um efnisatriði málsins. En forsendurnar eru mismunandi, því að ég er að hugsa um skattgreiðendurna, hann er að hugsa um fyrirtækin, í þessu tilfelli sveitarfélögin. Þetta er munurinn á okkur. Þetta er munurinn á flokkum okkar, eins og flokkur þinn, hæstv. ráðh., er nú orðinn. Þetta er einasta pólitísk staðreynd sem er orðið tímabært að þú gerir þér ljósa, ef þú ferð einhvern tíma úr stellingum forstjórans.

Vandamálið í sambandi við þetta, til þess að koma að því sem hæstv. ráðh. Svavar Gestsson segir að eitt sé efnisat-

riði þessa máls, — vandamálið er auðvitað verðbólgan í landinu. Og vandamálið er það, að útsvör eru greidd eftir á. Og vandamálið er það, að þó að lögin nú segi 10 og heimili 11, þá er raunvirði þeirra tekna, sem sveitarfélögin fá, ekki þessi tala, heldur sennilega einhvers staðar á bilinu 7.2 — 7.4 eða þar um bil. Vandamálið er sem sagt verðbólgan. Og málið er það, að ef hér hefði náðst árangur í viðureigninni við þennan vágest, þá væri þetta ekki vandamál. En leiðin á auðvitað að vera sú að reyna að draga niður í a. m. k. þeim þætti verðbólgunnar sem sannanlega er af innlendum rótum. En það er ekkert í stefnuyfirlýsingu, í gjörðum, í fyrstu verkum núv. ríkisstj. sem bendir, þó ekki væri nema lauslega, í þá átt að eitthvað af þessu standi til. Og því hærra sem verðbólgustigið verður, þeim mun meiri verður auðvitað vandi sveitarfélaganna, og meðan við höfum útsvör greidd eftir á, þeim mun meira verður bilið á milli hinnar uppgefnu tölu og rauntölunnar. Þessu veit ég að hæstv. félmrh. gerir sér ágætavel grein fyrir.

Og þá vaknar spurning: Af hverju er þessu svo farið? Við sátum saman sem stuðningsmenn ríkisstj. hér á heilu ári í fyrra — og illu heilli, það skal ég viðurkenna eftir á og viðurkenndi raunar þegar í upphafi, en að ég hefði svona rétt fyrir mér vissi ég raunar ekki fyrr en eftir á. En allt um það, hér sátum við saman í ríkisstj. og ég varð aldrei var við hina minnstu viðleitni gegn verðbólgu af einu eða öðru tagi. Og því lengur sem Svavar Gestsson verður ráðh., meðan hann skiptir ekki um stefnu eða skoðun, þeim mun meiri verður vandi sveitarfélaganna. Það er augljóst samhengi þarna á milli. Lausnin er ekki sú að hækka útsvörin. Við getum haldið þeim leik áfram endalaust, og nú þegar við erum að tala um töluna 12.1% eða 11+1%, þá erum við auðvitað í reynd, vegna þess hvernig þetta kerfi er upp byggt, að tala um miklu lægri tölu. Því hærra sem verðbólgustigið verður, þeim mun meira verður bilið. Og haldi hæstv. ráðh. Svavar Gestsson áfram hér eftir sem hingað til, hvernig halda menn að talan verði orðin eftir 10 ár, einasta með einföldum hlutfallareikningi?

Hæstv. ráðh. er kannske þeirrar skoðunar, að enn sé ekki verið að tala um efnisatriði málsins. Mér sýnist að hann fái bara grettur í andlitið þegar við minnumst á fólkið í landinu. Og mér sýnist að ég sé ekki nógu virðulegur til að fjalla um þessar virðulegu stofnanir og herrana sem þeim stjórna. (Gripið fram í.) Allt um það, þegar til mín er beint í langri ræðu hæstv. ráðh. þeim ummælum, að ég sé ekki að fjalla um efnisatriði þessa máls, þó að ég gangi út frá öðrum reikniforsendum og öðrum tilfinningaforsendum en hann gerir, þá er það auðvitað móðgandi í alla staði. En vélegust eru þó skoðanaskiptin sem maðurinn hefur gegnumgengið. Hér situr umskiptingur.

Málið er auðvitað það, að öðrum megin á þessum ferli er gjaldþol borgaranna — og hvað þola þeir? Hinum megin á sama ferlinum er þjónusta, mikil eða lítil. Í smáu og stóru erum við að fjalla nákvæmlega um þennan feril í daglegum störfum okkar í þinginu. Spurningin er: Hvað viljum við, hvað vill fókið mikla þjónustu og hvað vill það greiða fyrir hana? Það má halda áfram og það má hugsa sér aðra leið. Það má t. d. hugsa sér þá leið, að þetta prósentustig verði ekki hækkað, heldur verði það lækkað, en farið inn á staðgreiðslu útsvars, útsvarsins eins, jafnvel þó að við hefðum tekjuskattinn eftir sem áður enn um sinn greiddan eftir á. Ég nefni hér eina leið sem rædd hefur verið af því fólki sem ég umgengst. Ég nefni aðra leið. Ég nefni þá leið, að Alþ. heimili ekki hækkun á útsvarinu öðruvísi en að undangenginni kosningu í byggðarlaginu. Vill fólkið hækka útsvörin úr 11% í 12% og þá auka þjónustuna á móti? Þetta er alþekkt aðferð, sem beitt er í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Vill fólkið minni þjónustu af einhverju tagi og þá greiða minni útsvör? Væri þetta ekki viturlegri leið en sú einhliða valdbeiting sem hér er. Ég játa það, að ég varð hissa þegar ég heyrði ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar áðan. Ég taldi sjálfsagt að hæstv. félmrh. hefði framfylgt ákvæðum efnahagslaganna, nr. 13 frá 1979, og haft samráð við stærstu launþegasamtökin og Vinnuveitendasambandið. Og ég taldi að hann væri búinn að fá kröftug mótmæli og síðan væri hann sem stjórnmálamaður að taka ákvörðun, hann þyrði og væri ekki hræddur við fólkið. Ég hélt að þessi hetjudáð og þetta væri allt saman yfir gengið. Nei, nei, hvað kemur í ljós? Ég sá það á þögninni og andlitinu, að hann hafði auðvitað ekki haft samráð við einn eða neinn. Hann hefur þverbrotið lög ofan á allt annað. (**Félmrh.**: Má ég minna hv. þm. á, að hér er um að ræða þingmannatillögu sem aðalágreiningi veldur, og hefur verið fjallað um í ríkisstj. og stjórnarflokkunum.) Það breytir engu um það, að þetta er orðið í reynd stjfrv. og verður það einnig með þeirri afstöðu sem hæstv. ráðh. og þeir ráðh., sem um þessi mál hafa talað, hafa tekið til þessa máls. Og þar að auki gildir þetta ákvæði laganna einnig um þingmannatillögur, svo þetta kemur ekki málinu við frekar en margt annað sem hæstv. ráðh. hefur látið frá sér fara.

Allt um það, kjarni málsins er enn þessi, að þetta eru, hæstv. ráðh. Svavar Gestsson, ekki aðeins efnisatriði málsins, þetta eru aðalatriði málsins sem við erum hér að fjalla um. Og það er enn sem fyrr aðalatriði málsins hvað hægt er að bjóða þegnunum. Ráðh. kom hér og flutti þá ræðu sem við var að búast, og hann neitaði frestun. Hann hefur ekki farið eftir ákvæðum nefndra laga, hann væntanlega neitar enn. Hann neitar að þm. fái að átta sig til hlítar, sem er auðvitað gerræði. Þeir þm., sem vilja vera vandir að virðingu sinni og vilja vanda sín vinnubrögð, sem hygg að gildi um nærfellt alla hér inni, þeir auðvitað átta sig ekki til hlítar fyrr en þeir hafa tvo pappíra á borðinu hjá sér. Annað er útsvarsprósentan og hitt er skattstiginn. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að slíkt standi í mannlegu valdi.

Má ég gera hlé á máli mínu og spyrja, hvort hæstv. forseti hafi aflað þeirra upplýsinga sem ég bað um áðan? (**Forseti:** Ég get upplýst hv. þm. um það, að ég hef heyrt spurningar hans og mun svara, ef mér þykir ástæða til, spurningum hans þegar hann hefur lokið máli sínu.)

Já, hæstv. forseti. Mér þykir það leitt og ég vil auðvitað ekki munnhöggvast við hann héðan úr ræðustól, en þetta heitir nú á einhverri mállýsku að standa ekki „ í stykkinu". Allt um það, ég veit að hér er um 2. varaforseta að ræða og skil hann. Hann er óvanur þessu starfi, og það er kannske ómaklegt að spyrja hann um eitt eða neitt, svo að ég læt þar við sitja. En satt er það, að hér er um að ræða óvenjulega afgreiðslu hjá hæstv. forseta.

Ég hef þar fyrir utan lýst hér afstöðu okkar til þessa máls. Þegar við bætist það sem við hæstv. ráðh. Svavar Gestsson höfum báðir, þegar við skrifum í blöð, einhvern tíma kallað hneyksli, það að ráðh. hafi ekki farið að því, þegar það er ótvírætt tekið fram í lögum, að samráð skuli haft við aðila vinnumarkaðarins. Þessari

frumskyldu sem lögbundin var af vinstri stjórn, hefur ráðh. augljóslega ekki framfylgt. Hann hefur ekki hugmynd um hvað Verkamannasambandið, hvað Alþýðusambandið, hvað sjómannasamtökin, hvað Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa um þetta mál að segja. Til hvers heldur ráðh. að við höfum verið að tryggja þetta ákvæði í lögunum á sínum tíma? Um margt vorum við ósammála í þessum lögum, en ekki þetta atriði. Til hvers heldur ráðh. að þessi leikur hafi verið gerður?

Ráðh. er væntanlega þeirrar skoðunar, að nú sé ekki verið að fjalla um efnisatriði málsins, að þetta sé aukahjal fyrir utan þetta mál. Það sé ekki efnisatriði þessa máls að hafa eigi samráð við aðila vinnumarkaðarins um hluti, sem stórkostlega varða tekjur og afkomu fólks. Og ég á von á því, að hann komi hér aftur í ræðustólinn og flytji aftur sömu ræðuna fyrir hönd sömu fyrirtækjanna og áðan. Og ég á von á því, að honum þyki þar vera farið út fyrir efni þessa máls og þingið gert óvirðulegra með því að bent sé á það, að hæstv. ráðh. hlítir ekki landslögum.

Þetta eru mjög alvarleg tíðindi sem hér hafa verið upplýst, og nú ætti ráðh. — hann hefur streist við vel og lengi og hann er baráttuglaður maður, — en nú hefur hæstv. ráðh. hins vegar fulla ástæðu til þess að bjarga skinninu og segja með fullri reisn að honum hafi orðið á mistök. Það getur alla hent. Engu að síður getur ráðh. staðið upp og sagt að þessi mistök séu ljós og umr. verði frestað. Stjórnarandstaðan getur þá vel við unað, og ráðh. hefur fulla ástæðu til að láta fresta þessu máli. Hæstv. ráðh. er væntanlega kunnugt um það, að eitt orð til forseta, jafnvel þó óvanur sé, dugir til þess að þessu máli verði frestað.

Það hefur nú verið í löngu máli fjallað um þetta. Það er alveg ljóst, að núv. ríkisstj. hafa með flumbruhætti sínum orðið á mjög veruleg mistök. Og kannske eru þau stærst sem síðast voru nefnd af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Ég trúi því ekki, að hæstv. ráðh. Svavar Gestsson sé þannig innréttaður, að þegar hann er sestur í hægri stjórn telji hann sig ekki þurfa að hlýða lögum sem samþykkt voru í vinstri stjórn. Það er skoðun út af fyrir sig. En þetta er þingræðið. Hæstv. ráðh. vinnur ekki þannig og hefur aldrei gert og á ekki að gera. Jafnvel lög, sem sett eru í tíð vinstri stjórnar, gilda jafnt í tíð hægri stjórnar þangað til þeim hefur verið breytt. Mergur málsins er það, að það er auðvitað flokkspólitískt mál einnig hver útsvarsprósentan í landinu á að vera, og það er mjög eðlilegt, að menn hafi skoðanir á því nokkuð eftir stjórnmálaflokkum. En ráðh., sá stofnanaglaði, kemur hér í ræðustól og segir að það sé flokkspólitískt skæklatog hvaða skoðanir menn hafi á þessu. Áður fyrr hafði þessi marxistaforingi aðrar skoðanir á því, hvernig flokkakerfið í landinu væri. Auðvitað er rétt og eðlilegt að menn skiptist nokkuð varðandi skoðanir eftir stjórnmálaflokkum um það, hver útsvarsprósentan á að vera, vegna þess, eins og hér hefur verið rakið, að það eru náskyld og innantengd mál, annars vegar verðbólgustigið og hins vegar hlutfall útsvarsprósentu, fyrst og fremst vegna þess að útsvarið er greitt eftir á.

Að völdum í landinu hefur sest ríkisstj. sem augljóslega ætlar sér að halda áfram á fullri ferð út í verðbólgufenið, stjórn sem mun standa á efnahagslegum rústum hér eftir ekki mörg ár, sem mun hafa komið málum svo að það verði stórfelld hætta á landflótta á nýjan leik, vegna þess að við erum að dragast aftur úr iðnvæddum ríkjum í kringum okkur þar sem efnahagsstefna er skynsamlegri. Og með hvaða rétti get ég sagt þetta? Ég get sagt þetta með þeim rétti, að ég bendi á fyrstu aðgerðir nýrrar ríkisstj. í vaxtamálum, sem eru náskyldar verðbólgustiginu og sýna skilning eða skilningsleysi á þessu vandamáli. Þessi ríkisstj. hefur minni rétt til þess að leggja til að útsvarsprósentan sé hækkuð. Og af hverju hefur hún minni rétt til þess? Vegna þess að hún er að glíma við heimatilbúin vandamál. Hún er að leysa eigin vandamál. Ef ríkisstj. gæti hins vegar tryggt sveitarfélögum að verðbólgustigið hér yrði svo og svo miklu lægra, 20% lægra eftir 12 mánuði eða eitthvað slíkt, þá væri ríkisstj. í raun og veru að færa tekjur til sveitarfélaganna. En auðvitað er þetta kjarni málsins líka, sem ég veit að hæstv. ráðh. skilur. Og þegar hæstv. ráðh. heldur því fram, að við eigum auðvitað ekki að hafa pólitískar eða flokkspólitískar skoðanir á þessu máli, heldur að við eigum að koma hér sem ein samtryggð heild og rétta öll upp höndina, helst vera alltaf sammála öll um allt, þá er þessi hæstv. ráðh. kominn óravegu frá uppruna sínum og fyrri skoðunum. Þetta er flokkspólitískt mál, og þeir sem ekki aðeins hafa í raun verið að slást við verðbólgu, verið að slást fyrir því, að hér kæmi heilsteypt efnahagsstefna í málaflokki eins og vaxtamálum t. d., og haft dug til þess, þeir geta með fullum rétti og góðri sannfæringu haft þær skoðanir í þessum útsvarsmálum sem t. d. Alþfl. hefur.

Ég sé að genginn er í salinn hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Ég sé að hann er að ræða við hæstv. ráðh. og ég treysti því, að Guðmundur sé að hvísla að honum að segja: Frestaðu málinu, Svavar! Og ég hef ástæðu til að ætla að Guðmundur sé að hvísla því í eyrnasnepilinn á hæstv. ráðh., vegna þess að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson þekkir hag sinna umbjóðenda og hann veit hvað þeir vilja. Hann veit hvað þeir þola og hann gerir sér þó t. d. far um að hafa nokkur tengsl við fólkið sem lifir og býr í þessari borg.

Ef hæstv. ráðh. er ekki orðinn sannfærður eftir svona ræðu og ef hæstv. ráðh. er enn við sama heygarðshornið og hann var fyrr í dag, þá er þetta mikill klettur. (Gripið fram í.) Já, allt um það. Fyrri skoðanir skulu ítrekaðar og hér hefur nokkuð verið vikið að efnisatriðum þessa máls út frá fleiri forsendum en þeirri sem ég talaði um hér fyrr í dag. Ég hef vikið máli mínu fyrst og fremst að Alþb.-mönnum, því að ég hélt raunar að við í Alþfl. gætum átt nokkra samstöðu með þeim í málum af þessu tagi. En svo kann að vera, að það sé jafnvel meiri misskilningur en mig uggði. Við því er þá sennilega ekkert að gera.

Ég sakna þess eiginlega, að hv. þm. Albert Guðmundsson skuli ekki leyfa okkur að heyra í sér um þetta mál og hvaða skoðanir hann hefur á þessu máli. Hv. þm. Albert Guðmundsson er að vísu í seinni tíð farinn að skipta oftar um skoðun en við hinir um buxur. Það er kannske út af fyrir sig ekkert við því að gera. En er hann virkilega stuðningsmaður þess sem hér er að gerast? Það kann að vera að þetta — menn sem hér eru — sé orðin allnokkur önnur stofnun, jafnvel þó að hér sitji mikið til sömu menn og gerðu í fyrra. Það eru þá miklar breytingar.

Ég vil svo að lokum aðeins endurtaka það enn, að ekki er annað að sjá en það sé vilji tveggja þingflokka með 22 þm., að ég hygg, að þessu máli sé frestað. Ég sé að hér á eftir mér hefur kvatt sér hljóðs hæstv. landbrh. Hann ætlar sennilega að gefa vinum sínum í Sjálfstfl. sprautu af einu eða öðru tagi, kannske segja að hann standi ekki

með þeim í þessu máli frekar en öðrum. Ég vil hins vegar mælast til þess, að hæstv. landbrh. fari nú ekki að bregðast sínum fyrri flokksbræðrum í þessu máli. Það eru nóg önnur tækifæri þar sem hann getur skeytt skapi sínu á sínum fyrri félögum þó að hann fari ekki að skerast úr leik hér, af því að við erum að tala um raunverulegt hagsmunamál fólksins í þessu landi.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég held að það heyri til undantekninga að í hv. Nd. sé verið að ræða jafnmikið ágreiningsmál og það frv. er, sem hér er á dagskrá, og á sama tíma sitji fjvn. að störfum með stórum hluta þm. Ég held að þetta sé mjög óvenjulegt og sýni með hvaða hætti vinnubrögðin eru hér á Alþ. í dag.

Hæstv. fjmrh. lagði á það mikla og þunga áherslu við 1. umr. fjárl., að afgreiðsla fjárl. gæti farið fram fyrir páska. Það hefur ekki staðið á stjórnarandstöðunni í þeim efnum og er jafnvel farið að ræða um hvernær 2. umr. fari fram. En til þess að hún geti farið fram á ákveðnum degi í næstu viku og svo 3. umr. fyrir páska verður fjvn. að fá tækifæri til að starfa. Á sama tíma kemur hæstv. félmrh. og óskar eftir að það frv., sem hér er til umr., verði keyrt áfram með þeim mikla hraða sem mér sýnist að hér eigi að vera, svo miklum hraða að forseti d. má ekki vera að því að sitja hér og stjórna fundi, heldur situr á fjvn.-fundi að störfum. Þetta eru vinnubrögð sem ég held að séu einsdæmi. Ég skil mjög vel forseta, þ. e. þann þm. sem situr í forsetastól nú. Hann er varaforseti. Honum eru fengin og gefin fyrirmæli af þeim manni sem er starfandi aðalforseti í dag og má ekki vera að því að sitja hér fundi vegna þess að hann er á nefndarfundum í þinginu. Ég skil mjög vel að hann láti fundinn ganga fram. En ég held að hann sjái eins og við hinir að slík vinnubrögð eru Alþingi til vansæmdar. Ég vil því mega mælast til þess við forseta, að hann geri örstutt hlé á þessum fundi og ráðgist við þann forseta sem er aðalforseti þd. núna, ef hann má þá á annað borð vera að því að koma í þinghúsið og ræða við varaforseta sinn og þá þm. sem sitja í þeirri d. sem hann gegnir forsetastörfum í.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykn. gerði hér aths. varðandi fundarsköp. Hann telur að það sé mjög óvenjulegt að einsdæmi að rædd séu ágreiningsmál hér á Alþ. meðan fjvn. situr að störfum. Öllum er kunnugt að nú er mjög óvenjulegt ástand um starfshætti Alþingis og afgreiðslu fjárlaga. Það er nú minni tími til að afgreiða fjárlög fyrir núv. ríkisstj. en oftast ef ekki nokkurn tíma hefur verið fyrir nýja ríkisstj. í landinu. Ég hef átt sæti í fjvn. í mörg ár. Þó engar óvenjulegar aðstæður hafi verið um þinghald eða nýja ríkisstj. og afgreiðslu fjárlaga í landinu hefur margsinnis komið fyrir að rædd hafa verið mikil ágreiningsmál hér inni í þingsal meðan fjvn. sat að störfum. Ég minnist þess margsinnis að við fjvn.-menn höfum ekki getað sinnt því að sækja þingfundi í eina eða tvær vikur og jafnvel lengri tíma meðan aðalstarfið í fjvn. fer fram. Það er því alger misskilningur hjá hv. þm. Mattíasi Á. Mathiesen, að hér sé um eitthvað óvenjulegt að ræða. Þetta er algengt og það veit þessi hv. þm., ef hann athugar málið. Og ég veit að hann man svo vel það sem gerst hefur á undanförnum árum, að hann áttar sig á því að það stenst ekki sem hann var að segja.

Ég hafði beðið um orðið við þessa umr. Ég skal ekki níðast á því, að hæstv. forseti leyfði mér að tala hér um fundarsköp, með öðru en því að flytja hér aðeins örstutta aths. Hún er við ræðu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, sem hér talaði mest áðan, þar sem hann lýsti því að meiri hl. þessarar hv. d. mundi vera því fylgjandi að fresta þessari umr. og afgreiðslu þessa máls. Hnn nefndi nafn mitt í því sambandi. Ég get upplýst það, að ég hef ekki tekið þátt í neinni samþykkt þess efnis að óska eftir að þessu máli sé frestað. Ég vil þess vegna láta það koma hér fram, að ég tel eðlilegt að þessari umr. verði fram haldið. Ég tel eðlilegt að þessari umr. verði fram haldið. Ég tel eðlilegt að þessari umr. verði lokið. Ég tel líka eðlilegt, eins og háttar til um þinghald, að þau mál sem þurfa að komast áfram séu rædd til enda, þótt það kosti kvöldfundi ef til þarf að taka.

Það mál, sem hér er á dagskrá, tekjustofnamál, er að vísu alvarlegt mál, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason orðaði það. En það er ekki alvarlegt mál hvað það snertir, að hér sé verið að leggja á útsvör. Hann margendurtók að með þessu væri verið að leggja á útsvör í landinu. Það er ekki verið að hækka útsvörin í landinu um 10% með þessu frv. Það er verið að veita sveitarstjórnum í landinu heimild með lögum þessum verði frv. afgreitt.

Ég skal ekki ræða þetta mál frekar. Það er margt, sem væri hægt að segja um þingsköp varðandi þá umr. sem hér hefur farið fram, því að hún hefur farið langt á víð og dreif frá því efni sem er á dagskrá. Það væri hægt að segja margt um þingsköp af því tilefni. En ég vildi aðeins taka þetta fram hér þegar og skal ekki gera frekari aths. með því að mér var heimilað að taka hér til máls um þingsköp.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Ég vil mælast til þess við hv. þdm., að þeir hafi þær aths., sem þeir vilja bera fram um þingsköp, sem allra stystar. Hér er mælendaskrá enn opin varðandi það mál sem er á dagskrá. En vegna þess sem hv. 1. þm. Reykn. sagði áðan varðandi fjarveru hæstv. 1. varaforseta, þá hefur hann nú brugðið sér frá um stundasakir og er það með engum hætti óvenjulegt.

Ég vil vekja athygli á 12. gr. þingskapa, þar sem segir að í forföllum forseta gangi varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað. Ég get ekki heldur séð að þessi umr. fari öðruvísi fram en með venjulegum hætti.

Að lokum vil ég aðeins vegna ítrekaðra fsp. hv. 9. þm. Reykv. segja það, að ósk hv. þm. var byggð á þeirri staðhæfingu hans sjálfs, að um nýjan meiri hl. væri að ræða í hv. d. Ég hef hins vegar tekið eftir alveg ákveðnum meiri hl. í þessu máli sem er á dagskrá, og sá meiri hl. er annar en hv. þm. staðhæfir að sé, enda hefur það komið í ljós. Jafnvel þótt staðhæfingar hv. þm. séu misgóðar eins og hjá öðrum hv. þm., þá vil ég þrátt fyrir það óska eftir því við skrifstofustjóra Alþingis að hann gefi hv. þm. umbeðnar upplýsingar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta um að ræða eingöngu um þingsköp, því að ég hef beðið um orðið hér á eftir. En út af þeirri aths., sem hv. 1. þm. Reykn. gerði, er ekki hægt að neita því, að hér er um mjög óvenjulega málsmeðferð að ræða. Þau ár, sem ég hef átt sæti á Alþ., hefur venjan verið sú, ef stjórnarandstaða eða fjölmargir þm. hafa óskað eftir tilteknum fresti, að þá hefur umyrðalaust verið orðið við því. Í þessu tilfelli er því um mjög óvenjulega neitun að ræða hjá hæstv. 1. varaforseta þessarar d. sem er starfandi forseti. Ég ætla ekki að álasa

þeim manni sem er í forsetastól — hann grípur hér inn í um miðja þessa umr. — þó að hann fari ekki að breyta frá því sem sá forseti sagði áður en hann gekk til forsetastóls. Ég get ekki verið með neina gagnrýni á hann. Hitt er svo mikið vafamál, þó að fjvn. sé mikilvæg nefnd, að starfandi forseti fari úr forsetastól á fjvn.-fund. Það held ég að sé fátítt og ég veit ekki dæmi þess. Hitt er líka — margt gerist nú á tímum — að það mun vera einsdæmi að fjvn.-maður hafi ekki sést í fjvn. í heilan mánuð, eins og gerðist nú fyrir skömmu. Ég þarf ekki að nefna þennan fjvn.-mann, ég veit að Pálmi Jónsson þekkir hann.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég harma að sjálfsögðu hver afdrif þessa máls ætla að verða, um leið og ég lýsi undrun minni yfir því, að hæstv. landbrh. skuli misnota svo þolinmæði forseta að hefja almennar umr. undir dagskrárliðnum þingsköp, eins og hann gerði áðan, algerlega að ástæðulausu, að því er mér fannst. Ég vil um leið láta í ljós — ég vil segja hryggð mína yfir því, að þessi hæstv. ráðh., sem bæði á fundum og í opinberum fjölmiðlum hefur hvað eftir annað látið í ljós einlægan vilja sinn til þess að ná megi sættum og betra samkomulagi innan Sjálfstfl. og innan þingflokks hans, kveðst hvað eftir annað hafa rétt fram sáttarhönd sína til þess að svo mætti verða, — hann skuli nú standa hér upp og reyna að gera lítið úr þingflokkssamþykkt okkar í dag. Hafði ég satt að segja vænst þess, að hann mundi standa á bak við það að við fengjum þessari umr. frestað í svo sem tvo daga — Það er ekki beðið um mikið — þangað til tekjuskattstigarnir verða lagðir hér fram í frv.-formi. En hann verður náttúrlega sjálfur að ráða sínum sáttavilja, og ég hlýt að taka viðbrögð hans hér í ræðustólnum rétt eins og þau eru sögð.

Ég vil jafnframt láta þess getið, úr því að þessi umr. um þingsköp hófst, og taka undir það sem hv. 1. þm. Reykn. sagði, um leið og ég vek athygli forseta þingsins á því, að ég lagði fsp. fyrir hæstv. fjmrh. sem mjög snerta það mál sem hér er til umr., en hann er nú horfinn á braut úr húsinu án þess að svara þessum fsp.

Þegar allt þetta er nú lagt saman: tilmæli tveggja þingflokka, bæði Alþfl. og Sjálfstfl., fundur fjvn. og eins hitt, að fjmrh. skuli synja um sjálfsagðar upplýsingar, sem spurt er um í umr. um málið, þá finnst mér það ganga furðu næst, að ekki skuli verða orðið við þeirri beiðni að þessari umr. sé frestað. Um leið tek ég undir það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að við skiljum það svo sem að 2. varaforseti skuli ekki vilja breyta fyrri úrskurði, en ég vona að hæstv. félmrh. sjái sóma sinn í því að verða við þessari beiðni.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Ég vil enn að gefnu tilefni óska þess, að hv. þdm. verði mjög stuttorðir í þessum umr. um þingsköp.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég þakka umburðarlyndið. — Ég vil í fyrsta lagi mótmæla því samspili hæstv. forseta og hæstv. landbrh., að landbrh. komi hér í ræðustól undir því yfirskini, að hann sé að ræða þingsköp, og fari síðan að ræða efnislega það mál sem hér er til umr. Þetta er brot á þingsköpum og leyfist ekki heldur hæstv. ráðh. sem einnig er almennur þm.

Í annan stað varðar það þingsköp, að það er reynsla mín af starfi í þingflokki Alþfl., að þegar formaður þingflokksins, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, fer fram á einhverjar tilteknar starfsaðferðir hér í þinginu, þá gerir hann það í nafni þingflokksins alls og við öll sjö, sem sitjum í þessari hv. d., stöndum að baki okkar formanni þegar slíkar óskir eru fram settar. Ég hélt satt að segja að sama gilti um þingflokk Sjálfstfl. og þarf ekki tölvu til að leggja saman hvað þá kemur út. Ég hef hlustað á margítrekaðar yfirlýsingar hæstv. ráðh. Pálma Jónssonar um það, að hann sé í þingflokki Sjálfstfl. Sama gildir væntanlega um hæstv. ráðh. Friðjón Þórðarson, sem er fjarstaddur í þessari fjarverandi ríkisstj. Og sama gildir væntanlega um hv. þm. Albert Guðmundsson. Hv. þm. Eggert Haukdal hef ég aldrei skilið. En þegar ég legg þetta saman, þá fæ ég út meiri hl. Það að ráðh. komi nú í umr. um þingsköp með þá drengilegu yfirlýsingu, að hann standi ekki með sínum þingflokki, og geri þar með hv. þm. Ólaf G. Einarsson, formann þingflokksins, ómerkan orða sinna, það eru nýjar upplýsingar fyrir mig. (Forseti hringir.) Herra forseti, þetta varðar þingsköp. Það varðar þingsköp, hvernig þingflokkarnir starfa í þessari hv. d. og hvaða vinnubrögð eru viðhöfð í þeirra nafni. Það er alveg ljóst hvaða vinnubrögð gilda í þingflokki Alþfl. Til þeirrar stundar, sem ég hlýddi á hæstv. ráðh. Pálma Jónsson, taldi ég alveg augljóst að sömu vinnubrögð giltu um þingflokk Sjálfstfl. Ráðh. hefur sem sagt komið með einstaklega drengilega yfirlýsingu og gert hv. þm. Ólaf G. Einarsson að hálfu ómerkan sinna orða. Slíkt hendir hins vegar ekki mann eins og hv. þm. Albert Guðmundsson og áreiðanlega ekki hæstv. ráðh. Friðjón Þórðarson. Þetta er meiri hl., þetta er ósk meiri hl. samkv. öllum einföldustu reikniformúlum.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Ég verð enn einu sinni að óska eftir því, að menn tali mjög stutt undir þessum lið. Ég harma það hins vegar, að hv. 9. þm. Reykv. skuli ekki hafa tekið eftir því sérstaka ástandi sem er í stjórnmálum landsins, og virðist ekki horfa til þeirra staðreynda sem við öllum blasa.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Út af ummælum hæstv. landbrh. áðan vil ég gjarnan segja það, að ég kannast ekki við þau vinnubrögð, a. m. k. ekki af minni hálfu, hvorki sem forseta í þessari hv. d. þann tíma sem ég gegndi forsetastörfum hér, 1970 — 1971, né heldur kannast ég við þau vinnubrögð af minni hálfu þegar ég gegndi embætti fjmrh., að ég gerði tilraunir til þess að keyra mál í gegnum þingið óðruvísi en það væri í fyllsta samkomulagi við stjórn og stjórnarandstöðu. Við skulum gera okkur grein fyrir hlutverki stjórnarandstöðunnar, það er ekki síður mikilvægt en hlutverk hinna, sem skipa meiri hl. Alþingis og mynda ríkisstj. Ég fullyrði að slík vinnubrögð sem hér eru viðhöfð afa aldrei þekkst í minni tíð.

Mér er hins vegar ljóst að fjvn. hefur oft setið á fundum í nágrenni alþingishússins, þegar fundir hafa verið hér í hv. þd. eða í Sþ. Það er búið að óska eftir frestun á afgreiðslu mála af hálfu tveggja þingflokka. Fjvn. situr að störfum til þess að reyna að koma áfram vinnu vegna fjárlagafrv. sem ríkisstj. hefur lagt megináherslu á að verði afgreitt fyrir páska. Síðan er ágreiningsmál tekið hér til umr. og keyrt áfram eins og raun ber vitni. Þetta eru að mínum dómi einsdæmi sem við eigum að forðast.

Ég ítreka enn tilmæli mín til forseta, að hann beiti sér fyrir því, eftir að hann hefur frestað hér þingfundi, að náð verði um það samkomulagi milli ríkisstj., milli þess ráðh.

sem flytur þetta mál og stjórnarandstöðunnar, með hvaða hætti málið verði látið ná fram að ganga í þessari hv. þd.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Um langan aldur hafa ákveðnar samskiptareglur gilt milli manna og flokka hér á þinginu. Ef þessar samskiptareglur riðlast, þá er hætt við að þingstörfin verði með einkennilegum hætti. Því miður er það það sem hefur gerst hér, og ég harma það. Þingflokkarnir eru það mikilvægar einingar í starfi þingsins og hafa það mikilvægu hlutskipti að gegna, að ef breytt verður með þeim hætti út frá þeim vinnubrögðum og reglum, sem gilt hafa á Alþingi Íslendinga, að hluti þingflokka sé nánast gerður óstarfhæfur, þá verða þingstörfin með þeim brag sem sett hafa svipmót sitt á þennan fund. Þm. eiga ekki að gera sér leik að slíku. Annað hvort eiga þeir að vera í þingflokknum og virða þær reglur, sem þar gilda, ellegar þá, ef þeir geta ekki gert slíkt, að hafa sig þar á brott svo að þingið geti starfað með eðlilegum hætti.

Virðulegi forseti. Mér er fullkomlega ljóst að forseti er hér í mjög erfiðri aðstöðu. Ég held að það sé ekki Alþ. til framdráttar að halda áfram þessum umr. við þær aðstæður sem nú eru og hafa verið síðustu mínúturnar. Nokkrir þm. eru á mælendaskrá, eftir því sem mér er best kunnugt, og klukkan er að verða 7. Það er vaninn undir slíkum kringumstæðum að forsetar fresti þá fundi þingsins, og ég vil eindregið mælast til þess við hæstv. forseta sem á í erfiðum málum, og ég skil hans erfiðu aðstöðu, — ég vil eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti nú fundinum og geri síðan tilraun til þess ásamt hæstv. félmrh. að ná samkomulagi við þm. um hvernig að afgreiðslu þessa máls skuli staðið, reyni að gera það þrátt fyrir það að nokkrir einstaklingar í okkar hópi hafi gert sér leik að því að brjóta ævafornar venjur um starfsemi þessarar stofnunar, henni til mikils tjóns, álitshnekkis og skaða.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég er eiginlega undrandi á því sjónarspili sem hér á sér stað út af þessu máli. Ég er einn af þeim sem eru búnir að vera 13 ár á þingi, og ég vil fullyrða að á hverju einasta ári hafa verið mál hér til umr., — mál sem ekki eru síður mikilvæg en þetta, — á sama tíma og fjvn. situr að störfum. Ég vil einungis staðfesta það sem hæstv. landbrh. sagði um þetta efni. Það er að vísu ekki nýtt að menn hafi fundið að þessu, það er rétt, en þetta hefur verið svona ár eftir ár síðan ég kom á þing, það er ekkert nýtt. Hins vegar er það kannske það nýjasta í málinu, hvað mikil taugaveiklun virðist vera orðin hér innan sala Alþingis út af þessu máli.

Ég held að það sé ekki eðlileg krafa hjá hv. 1. þm. Reykn. að fresta þessu máli. Hins vegar get ég sagt það, að hann var oft tillitssamur í sambandi við svona mál þegar hann var forseti, en það er annað mál. Ég vonast til þess, að menn komist nú niður á jörðina og geti farið að ræða um þetta mál áfram.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þá er hann kannske búinn að vera 13 árum of lengi hér. En í sambandi við það, sem hér er rætt, vil ég taka undir það, að það er með ólíkindum að umr. skuli vera haldið áfram, miðað við þær kringumstæður sem eru í þd. Vera má að það sé rétt hjá hæstv. landbrh., að hér hafi verið rædd ágreiningsmál í þd. eða Sþ. á meðan fjvn. hefur verið að störfum, en það hefur margoft verið að þessu fundið. Og þó að þess séu fordæmi, að slíkt sé gert, þá er ekki nauðsynlegt að halda slíkum leik áfram. Til þess eru vítin að varast þau, og ef menn sjá margt ábótavant við það sem er að gerast, þá ber að laga það, en ekki halda áfram í troðna slóð, þó að fordæmi séu fyrir því að slíkt hafi verið gert.

Ég hygg þó — a. m. k. man ég ekki eftir því þann tíma sem ég hef hér verið — að jafnmikið ágreiningsmál og þetta er hafi verið rætt undir þessum kringumstæðum. Það er ekki einungis það, að fjvn. eða stór hluti þd. er fjarverandi. Sá forseti, sem hér á að stýra fundi, er fjarverandi. Sá sami einstaklingur er formaður þeirrar n. sem málið var hjá. Hann hafði framsögu fyrir því máli hér í þinginu, og hann er 1. flm. að till. um ágreiningsefnið sem hér er fyrst og fremst um að ræða. Það er því óeðlilegt að hér sé haldið uppi hörðum umr. og deilum um málið meðan sá einstaklingur er ekki viðstaddur. Auk þessa er hæstv. fjmrh., sem eðli málsins samkv. ætti hér að vera til andsvara, ekki staddur hér á deildarfundi. Til hans hefur verið beint fjöldamörgum fsp. vegna þeirra upplýsinga sem hann gaf í upphafi fundar í dag, og það er eðlilegt að þm. æski þess að þeim sé svarað. Allt þetta hlýtur að benda til þess, að hér sé óeðlilega að máli staðið. Það er því eindregin og ítrekuð ósk til hæstv. forseta, að hann fresti þessum fundi og freisti þess að fá hæstv. ríkisstj. — og kannske fyrst og fremst hæstv. félmrh. sem virðist vera mesti eintrjáningurinn í þessum efnum — til þess að sætta sig við að umr. verði frestað.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Það var hugmyndin að halda áfram þessum fundi til kl. 7. Verði umr. ekki lokið þá verður hafður hér fundur í kvöld, og hefst hann væntanlega kl. 9, ef umr. lýkur ekki nú.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ef það er ætlunin að fresta þessum fundi kl. 7, þá tel ég ekki þörf á því að byrja að tala í þrjár mínútur. (**Forseti:** Hv. þm. hefur oft verið mjög stuttorður og gagnorður.) Já, en ég verð það ekki núna. Ég get talað í þrjár mínútur, en ég held þá bara áfram í kvöld, það er allt í lagi. (**Forseti:** Hv. þm. Albert Guðmundsson hefur óskað eftir að taka til máls en það verður þá bara til kl. 7.)

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki lagt það í vana minn að vera langorður þegar ég hef kvatt mér hljóðs hér á hv. Alþ., en hv. 9. þm. Reykv. beindi áðan til mín spurningum og ég vil svara þeim.

Líklega kvaddi hann mig hér upp í ræðustól, eins og hann sagði sjálfur, vegna þess að hann hefur saknað þess að heyra ekki nógu oft til mín, en hann tók fram að ég skipti um skoðun oftar en hinir skiptu um buxur nú orðið. Ég er nú þekktur fyrir annað, svo að ég vona að það sé ekki rétt. Ég er ekki hissa á því, að hv. þm. hafi ekki hingað til skilið mig, vegna þess að ég hef lagt það í vana minn að taka afstöðu til manna og mála af eigin dómgreind eftir að hafa kynnt mér málin hverju sinni og án ótta við afleiðingarnar, og það er kannske það í mínu fari sem hv. 9. þm. Reykv. og kannske aðrir þm. eiga hvað erfiðast með að skilja.

Ég vil svara spurningu hv. 9. þm. Reykv., ef ég hef heyrt hana rétt, vegna þess að ég var að ganga í salinn þegar hann hafði borið fram þá spurningu. Ég giska á að

spurningin hafi verið um það, hvort ég styðji frestunarbeiðni þingflokks sjálfstæðismanna í þessu máli. Ef það er rétt skilið hjá mér, þá er svar mitt já.

Umr. frestað.

Lántaka Framleiðsluráðs landbúnaðarins, frv. (þskj. 197, n. 208 og 211, 202, 209). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÓÞÞ, PJ, SkA, SteinG, SvG, TG, VG, ÁG, FÞ, GS, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, JE, AS, MÁM.

JBH, HBl, JS, KP greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÓE, PP, PS, RA, SighB, SV, StH, ÞS, AG, BÍG, EH, FrS, GeirH, GJG, GGÞ, IGísl, JÞ, MHM, MB) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Mál það, sem hér um ræðir, á þskj. 111, hefur hlotið hér allmikla umfjöllun og um þetta mál hafa orðið miklar umr. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um það langt mál, sérstaklega með tilliti til þess, hversu erfiðlega gekk að koma því á dagskrá, sé ég ástæðu til að stytta mál mitt enn meir en ég hafði hugsað mér.

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál, og leggur meiri hl. til, að það verði samþ., minni hl. skilar séráliti, en fjarverandi afgreiðslu voru þeir Albert Guðmundsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Það kom fram í störfum nefndarinnar sú ósk, að reynt yrði að upplýsa hvers konar lán hér væri um að ræða, hvaða lán verður tekið til þess að standa við þá skuldbindingu sem felst í samþykkt þessa frv. Um það liggur ekkert annað fyrir en það, að lánið verður erlent lán, tekið með milligöngu Búnaðarbanka Íslands. Undirbúningur hefur verið og er enn þá í fullum gangi.

Að sjálfsögðu liggur ekkert fyrir um það fyrr en lánssamningur hefur verið gerður, hver verða kjör lánsins, og jafnvel þótt eitthvað lægi fyrir um það, þá væri ekki skynsamlegt að upplýsa það þegar verið er að leita eftir erlendum lánum. Hitt er svo annað mál, að það er ljóst, að vextir á erlendum lánum hafa farið hækkandi og þurfum við Íslendingar sjálfsagt til þess mjög að líta. Við verðum einnig að gæta þess að taka ekki svo mikil erlend lán, að við föllum þar í gæðaflokki, ef svo má segja. Þeir aðilar, sem skulda hvað mest, þurfa að greiða hærri vexti og verður að sjálfsögðu mun erfiðara að ráða við slíkt eftir því sem lán verða meiri fyrir sérhvert þjóðfélag.

Ég vil aðeins endurtaka það, að meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. formanni fjh.- og viðskn. og frsm. meiri hl., klofnaði nefndin í afstöðunni til þessa máls og á þskj. 208 er nál. frá minni hl. nefndarinnar og á þskj. 209 brtt. að þessu máli lútandi.

Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, að um þetta mál hefur verið mikið fjallað. En þrátt fyrir það hefði auðvitað verið full ástæða til þess að ræða þetta mál allítarlega, því hér er auðvitað um stórmál að ræða. Ég skal þó ekki gera það í löngu máli, en áður en ég kem að nál. og brtt. langar mig í stuttu máli að fara svona almennum orðum um landbúnaðarmálin og kannske eitthvað af þeim umr. sem um þau hafa orðið nú upp á síðkastið.

Ég held að þeirri skoðun vaxi fylgi, ekki síst innan bændastéttarinnar, að röng stefna hafi verið höfð að því er varðar landbúnaðarmálin, stefna sem hefur leitt til slíkra ógangna, að vart verður séð hvernig komist verður út úr þeim vandamálum sem nú blasa við.

Það er hins vegar mjög misjafnt hverju menn kenna um þessa röngu stefnu. Því hefur verið haldið fram af mörgum, að Alþfl. og forustumenn hans væru sérstakir andstæðingar og óvinir bændastéttarinnar í landinu og þeir væru í raun og veru sá pólitíski aðili, sem allt hefði á hornum sér gagnvart þeirri stefnu sem fylgt hefur verið.

Það er skoðun mín að þau vandamál, sem upp eru komin varðandi landbúnaðinn, séu ekki bændum að kenna. Þau eru fyrst og fremst þeim pólitísku öflum í landinu að kenna, sem ráðið hafa ferðinni í þessum efnum á undanförnum árum og áratugum, og þá jafnframt ýmsum forustumönnum bændastéttarinnar í landinu.

Mér sýnist að þessi stefna sé langt komin að reyra slíka fjötra um bændastéttina að vart verði séð hvernig úr verður leyst. Ég vil a. m. k. alfarið vísa því á bug, það er mín skoðun, að sú stefnubreyting, sem Alþfl. hefur talað fyrir í málum landbúnaðarins, sé óvinveitt bændum í landinu og þá auðvitað síður en svo óvinveitt þjóðarheildinni.

Ég held hins vegar að skynsamlegt væri að taka það upp, sem fram kom hér í umr., að ég held í síðustu viku, að menn töluðu af meiri gætni og þá báðir aðilar eða allir sem um þessi mál fjalla. En það hefur heyrst hér á Alþ. a. m. k. ein rödd, kannske fleiri — ég heyrði eina slíka rödd hér í umr. s. l. miðvikudag, sem ég tel að sé ekki til þess fallin að bæta stefnuna í landbúnaðarmálum. Á ég þá við hv. þm. Ólaf Þórðarson, sem talaði s. l. miðvikudag við 1. umr. þessa máls. Ég vænti þess, að sá hv. þm. vilji bændastéttinni og þjóðfélaginu í heild vel. En ég held að hann sé eitt dæmi þess, að það kann aldrei góðri lukku að stýra að sjálfskipaðir bændavinir eða talsmenn, fulltrúar bændastéttarinnar í landinu tali með þeim hætti sem þessi hv. þm. gerði. Ég held að það sé ekki líklegt til þess að afla bændastéttinni neinna sérstakra vinsælda eða þeirri stefnu í landbúnaðarmálum sem við hefur verið höfð á undanförnum árum.

Ég held að menn ættu að breyta til í þessu og tala um þessi mál ofurlítið meira yfirvegað en gert hefur verið. En auðvitað verða menn að segja hug sinn í þessu sem og öðru.

Mér fannst t. d. athyglisvert hjá þessum hv. þm. að hann byrjaði á því að tala um að hann vonaðist svo sannarlega eftir því, að stefna Alþfl. í landbúnaðarmálum næði aldrei til Vestfjarða. Þessu til rökstuðnings bætti hann við að þeirrar stefnu mætti sjá merki á Vestfjörðum. Menn sjá hversu mjög svo óskynsamlega — vægast sagt — er þarna að orði komist og að mínu viti hálfgert rugl, því auðvitað er augljóst mál, að hafi einhver stefna aldrei komið til ákveðins landshluta, þá er ógjörlegt að sjá merki hennar í þeim sama landshluta. Þetta sýnir kannske, þó lítið dæmi sé, hvað þessir sjálfskipuðu málsvarar og fulltrúar bænda eru í raun og veru fjarri því að tala um hlutina eins og þeir í raun og veru eru. Væri ég bóndi, þá vildi ég a. m. k. ekki eiga mína hagsmuni undir slíkum rökstuðningi og málsvara sem

hér er um rætt. Ég tel að það kunni ekki góðri lukku að stýra og það sé fremur til þess að spilla fyrir, að um þessi mál sé rætt á eðlilegan hátt, heldur en að það þjóni hagsmunum bændastéttarinnar í þessum málum.

Ég sagði áðan að ég a. m. k. teldi að sú stefna, sem fylgt hefur verið í þessum málum á undanförnum árum og áratugum, væri í höfuðatriðum að kenna þeim stjórnvöldum sem ráðið hafa í landinu á hverjum tíma. Og að því er þessa stefnu varðar og málefni bænda er augljóst mál og að því hefur verið komið hér oft áður, að höfuðábyrgð á þessari stefnumörkun bera auðvitað Sjálfstfl. og Framsfl. Um það verður ekki deilt.

Alþfl. hefur um langt árabil talað fyrir breyttri stefnu í þessum málum. Hann hefur verið sakaður um að vera svarinn óvinur bændastéttarinnar með því að tala fyrir breyttum viðhorfum að því er varðar stefnu í landbúnaðarmálum. Nú skal ég ekkert fullyrða hér að sú breytta stefna, sem talað hefur verið fyrir af hálfu Alþfl., sé hin eina sanna, rétta og fullkomnasta sem hægt væri að hugsa sér. En ég fullyrði að þær hugmyndir, sem þar hafa komið fram, eru a. m. k. þess virði að þær verði gaumgæfilega skoðaðar til þess að komast út úr þeim vítahring sem þessi mál eru komin í.

Auðvitað er það svo innan bændastéttarinnar eins og annarra stétta, að einstaklingar innan þeirrar stéttar eru misjafnlega settir að því er varðar aðstæður og kjör. Mér hefur oft orðið hugsað til þess á undanförnum árum — og það ætti að vera íhugunarefni þeirra einstaklinga sem telja sig hvað mesta málsvara og vini bændastéttarinnar í landinu — að mér sýnist að mjög stór hluti bændastéttarinnar sé á svipuðu stigi í dag og verkamenn og sjómenn voru um það leyti eða kannske áður en stéttarfélög í landinu urðu til. Á þeim tíma voru verkamenn og sjómenn, eins og ég hygg að flestir hv. alþm. viti, í kladdaúttekt hjá kaupmannavaldinu í landinu. Ég sé ekki betur en að nokkuð stór hluti bændastéttarinnar, ég skal ekki segja hversu stór, en nokkuð stór hluti bændastéttarinnar sé nú í kladdaúttekt hjá öðru valdi í landinu, og það er það sem menn almennt kalla SÍS-valdið. Þar er um ræða kladdaúttekt eins og var hjá verkamönnum og sjómönnum fyrir 40 — 50 árum. Ég hygg að vert væri fyrir fulltrúa bændastéttarinnar að íhuga það, hvernig í ósköpunum geti á því staðið, að núna, árið 1980, sé svo og svo stór hluti bændastéttarinnar á því stigi sem verkamenn og sjómenn voru fyrir 40 — 50 árum að þessu leyti.

Það er auðvitað furðulegt, að bændastéttin skuli búa við það að fá ekki nema hluta af launum sínum greiddan með eðlilegum hætti. Stór hluti bændastéttarinnar þarf að bíða svo og svo lengi eftir því að fá greiðslu á launum sínum, allt upp í 1 1/2 — 2 ár, að mér skilst. Væri það nú ekki verðugt verkefni fyrir fulltrúa bændastéttarinnar í landinu að beita sér fyrir því og kannske byrja á því að rjúfa þann vítahring, til þess að bændur gætu búið við sambærileg kjör að þessu leyti og aðrar stéttir? Eða er það kannske líka að áliti þessara fulltrúa bændastéttarinnar eitt af því sem ekki má breyta? Ég vildi a. m. k. ekki búa við slík kjör. En þetta er bara eitt lítið dæmi um það, hvernig þessum málum er farið, og það má raunar furðulegt teljast, að breyting á þessu skuli ekki hafa átt sér stað. Hverju þar er um að kenna skal ég ekkert um fullyrða, en eitt er víst, að það væri ekki lítil bót til handa bændum ef þarna væri breytt um og þeir nytu þess að búa við sambærileg kjör í þessum efnum og aðrir landsmenn búa við.

Ég held að það sé brýn nauðsyn á því — og ég hygg raunar, eða a. m. k. vona að það komi að því fyrr en síðar — að stefnubreyting eigi sér stað í landbúnaðarmálum. Það er ekki bara nauðsynlegt fyrir bændastéttina sem slíka, það er þjóðarnauðsyn að hér verði breytt um. Með því er ekki verið að tala um að breyta á þann veg að rýra kjör bændastéttarinnar, síður en svo. Það er kannske miklu frekar að skapa viðunandi skilyrði til þess að bændur geti almennt lifað sambærilegu lífi og aðrar stéttir í landinu. Það er auðvitað hrein fásinna að ætlast til þess, að bændur búi um ófyrirsjáanlega framtíð að þessu leytinu til við óbreyttar aðstæður. Og það er öruggt mál, að með skynsamlegum breytingum í þessum efnum er hægt að bæta svo um, að bæði verði til hagsbóta fyrir bændastéttina og þjóðarheildina, og það er nauðsynlegt. Ég held að ef menn hugleiða þessi mál út frá þeim sjónarhóli, að þjóðin er komin í ógöngur í þessu efni, þá hljóti menn að sannfærast um að hér verður að leita ráða sem duga til þess að breyta núverandi ástandi í þessum málum.

Eins og ég sagði áðan, þá er á þskj. 208 nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. Í áframhaldi af því, sem ég hef nú sagt, ætla ég að snúa mér að því nál. En þar segir svo:

„Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að ríkissjóður ábyrgist allt að 3 milljarða kr. lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, jafnframt því sem ríkissjóður annist afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu, að því leyti sem aðrir bjóðast ekki til að taka á sig greiðslu, er álíta verður harla ólíklegan kost. Þannig er um það að ræða, að ríkissjóður lýsi því yfir fyrir fram og afli sér lagaheimildar til þess að standa undir greiðslu á láni, sem aðili úti í bæ tekur með ríkisábyrgð.

Þessi aðferð á sér tæpast fordæmi og brýtur að líkindum í bága við lög nr. 52/1966 um ríkisreikninga eða verður a. m. k. að teljast mjög vafasöm í því sambandi, auk þess sem hér er farið inn á stórvarasama braut.

Ákvæði 2. gr. frv. um að Byggðasjóður greiði allt að helmingi lánsins breytir hér engu um, enda getur Byggðasjóður reyndar samkv. því valið að greiða ekkert af láninu, þar eð engin neðri mörk eru tilgreind á greiðslu af hans hálfu.

Frv., eins og það er á þskj. 197, má því ekki standa óbreytt.

Sú aðferð er hins vegar að ýmsu leyti rétt, að Framleiðsluráð landbúnaðarins geti tekið lán til að standa straum af sveiflum í landbúnaðarframleiðslu. Þá er á hinn bóginn sjálfsagt að Framleiðsluráð standi skil á afborgunum og vöxtum af því láni eins og aðrir lántakendur gera. Af þessum sökum er rétt að fella niður 2. gr. frv. og breyta jafnframt lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins þannig að það geti tekið lán af þessu tagi og risið undir þeim.

Nú er ljóst að sú offramleiðsla, sem ríkt hefur í landbúnaði, hefur leitt til öngþveitis og ófarnaðar. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta þegar um stefnu í þessum efnum og miða framleiðslu við innanlandsþarfir, en hætta útflutningi á óarðbærum landbúnaðarafurðum. Þjóðin verður ekki skattpínd öllu lengur til þess að standa undir niðurgreiðslu á mat ofan í útlendinga, og bændur hafa ekki geð í sér til að gerast eilífir og sívaxandi ölmusumenn skattborgaranna og stefna þannig málum sínum í stórhættu. Fjárhagslega fyrirgreiðslu nú til úrlausnar á stundarvanda á því að tengja nýrri stefnumörkun í land-

búnaðarmálum, þjóðinni til heilla og lífskjarabóta, jafnframt því að tryggja frambúðaröryggi og sjálfstæði bænda. Útgjöld á líðandi stund eiga því að vera aðgöngumiði að framtíðinni, en ekki skilyrðislaus ávísanaútskrift á skattþegnana, eins og frv. gerir ráð fyrir. Af þessum sökum er nauðsynlegt að því frv., sem hér liggur fyrir, verði breytt með tilliti til heillavænlegrar frambúðarstefnu.

Alþfl. hefur um alllangt árabil talað fyrir stefnubreytingu í þessum efnum og varað við því, í hvert óefni væri komið. Nýverið hefur þessi stefnumörkun m. a. birst í tillögum flokksins um niðurtalningu útflutningsbóta, sbr. tillögur í stjórnarmyndunartilraunum formanns flokksins, Benedikts Gröndals. Sú braut mun gæfusamleg fyrir bændur þessa lands og þjóðina í heild.

Samkv. frv. ríkisstj. er gert ráð fyrir allt að 3 milljarða kr. lánafyrirgreiðslu. Í svonefndri harðindanefnd mælti meiri hl. nefndarinnar með því, að 2/3 hlutum svokallaðs útflutningsvanda, sem hér um ræðir, yrði mætt með opinberri aðstoð af þessu tagi, en minni hl. vildi mæta honum að 1/3 hluta. Eðlilegt má telja að fara hér bil beggja og mæta vandanum, sem nú er áætlaður 3.5 milljarðar kr., að hálfu eða með 1 milljarði 750 millj. kr. Deiling byrðanna er auðvitað eðlileg og má í því sambandi benda á að sjómenn og útgerðarmenn láta sér lynda skerðingu á afla sínum og aflatekjum á líðandi stund frá því sem þeir bæru úr býtum, ef engar aflatakmarkanir væru fyrir hendi, í því skyni að tryggja framtíðarhag sinn og afkomuöryggi. Hið sama á auðvitað að gilda um aðrar stéttir, þ. á m. bændur.

Til þess að greiða úr því að lántaka á vegum Framleiðsluráðsins geti verið með eðlilegum hætti og stangist á engan hátt við lögin í landinu, jafnframt því að tryggja stefnubreytingu í stjórn landbúnaðarmála og skynsamlega dreifingu byrða af stundarvanda, leggur minni hl. nefndarinnar fram brtt. á sérstöku þskj. við fyrirliggjandi frv.

Tillögur þessar fela í sér að í stað 2. gr. frv. komi breyting á framleiðsluráðslögunum, sem nái þessum markmiðum. Meginatriði breytinganna á framleiðsluráðslögunum eru þessi:

1) Í stað ákvæða í gildandi lögum um hámark útflutningsbóta komi ákvæði um að ríkissjóður greiði Framleiðsluráði landbúnaðarins tilteknar fjárhæðir næstu fjögur árin í formi framleiðslu- og framfarastyrks, sem miðist við 10% heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar fyrstu tvö árin þar á eftir.

Hér er að nokkru leyti farið inn á þá stefnumörkun Framsfl. sem hann talar um í sambandi við verðbólguvandann, niðurtalningu verðbólgunnar. Hér er talað um niðurtalningu útflutningsbótanna.

2) Þessum framleiðslu- og framfarastyrk skal Framleiðsluráðið verja til eftirfarandi atriða:

a) útflutningsbóta samkv. einstökum reglum, sbr. 3;

b) til þess að standa undir lánum sem ráðið kann að taka til afkomujöfnunar, sbr. fyrirliggjandi frv.;

c) til þess að greiða fyrir því að bændur, sem þess æskja, geti hætt búskap;

d) til þess að styrkja nýjar arðvænlegar búgreinar, svo sem í ylrækt, garðrækt, fiskeldi og loðdýrarækt.

3) Við ákvörðun útflutningsbóta skal gilda eftirfarandi:

a) Hámark heildarupphæðar í þessu skyni sé 9% af heildarframleiðsluverðmæti næstu tvö árin, en þar á eftir 8% og síðan 7% af heildarframleiðslu af sauðfjár- og nautgripaafurðum.

b) Útflutningsbætur fari aldrei fram úr 100% af útflutningsverðmæti af hverri einstakri sölu.

Með þessum hætti verður Framleiðsluráðið sjálfstæður stjórnunaraðili innan þeirra marka sem lögin setja og fær svigrúm til að ryðja braut nýrri stefnumörkun, jafnframt því að geta staðið undir greiðslum af lánum eins og fyrirliggjandi frv. gerir ráð fyrir.

Þá er í brtt. gert ráð fyrir að stundarvanda verði að hálfu mætt af bændum, en að hálfu með lánsfyrirgreiðslu. Samkv. því er lántökuábyrgðin miðuð við 1 milljarð 750 millj. kr., en sá umframframleiðsluvandi, sem hér um ræðir, er talinn nema 3.5 milljörðum kr. fram yfir gildandi útflutningsbótahámark.

Íslenskur landbúnaður er í ógöngum. Öngþveiti birtist í því, að íslenskir bændur slíta sér út fyrir aldur fram við að framleiða vörur sem ekki eru seljanlegar nema til komi stórkostleg skattlagning fólksins í landinu til að greiða meðlag með útflutningi þeirra. Í heild er afleiðing landbúnaðarstefnunnar: útslitnir bændur, ofnýtt gróðurlendi, skattpíndur almúgi og þjóðhagsleg lífskjaraskerðing.

Þrátt fyrir mikla umr. um þennan vanda er sífellt troðin sama taktfasta, venjubundna hringrásin, og fyrirliggjandi frv. er enn eitt skrefið í hringrás vanans og uppgjafarinnar, þar sem raunhæfum aðgerðum er skotið á frest, en stundleg friðþæging keypt á kostnað skattborgaranna.

Í þeim brtt., sem minni hl. leggur hér fram, er lagt til að þessi vítahringur vitleysunnar verði rofinn, bændur fái sjálfstæði um ákvörðun sinna mála innan stefnumarkandi ramma og skattborgurunum verði tryggt, að þeim sé ekki ætlað að standa undir óarðbærri framleiðslu til frambúðar. Útgjöld núna, miðað við skynsamlega dreifingu byrðanna milli bænda og fólksins í landinu, eru skoðuð sem aðgangseyrir að frambúðarstefnu á skynsamlegum grunni.

Minni hl. leggur því til að frv. verði samþ. með þeim breyt. sem birtast á þskj. 209."

Í áframhaldi af þessu er rétt að hlaupa hér yfir þessar brtt., sem til er vitnað í nál.

„1) Í 1. gr. komi: 1 750 millj. kr. — í stað „3000 millj. kr."

2) 2. gr. frv. orðist svo:

12. gr. laga nr. 101 frá 8. des. 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., orðist svo:

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Til þess að treysta afkomu bænda og stuðla að framförum í landbúnaði í samræmi við þjóðhagsleg markmið og markaðsaðstæður skal ríkissjóður leggja Framleiðsluráði landbúnaðarins til fé á hverju ári næstu fjögur ár, sem reiknast með eftirgreindum hætti, sbr. næstu mgr., og sé ráðstafað af Framleiðsluráði landbúnaðarins eins og segir í 4. mgr. þessarar greinar.

Ríkissjóður skal greiða Framleiðsluráði landbúnaðarins framleiðslu- og framfarastyrk á næstu fjórum árum sem hér segir:

Fyrir framleiðsluárin 1979 — 80 og 1980 — 81: 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu viðkomandi verðlagsár.

Fyrir framleiðsluárið 1981 — 82: 9% af heildarverðmæti sauðfjárafurða og 9% af heildarverðmæti nautgripaafurða.

Fyrir framleiðsluárið 1982 — 83: 8% af heildarverðmæti sauðfjárafurða og 8% af heildarverðmæti nautgripaafurða.

Með heildarverðmæti er átt við það sem framleiðendur fá fyrir afurðir sínar. Hagstofa Íslands reiknar fjárhæð þá er ber að greiða Framleiðsluráðinu vegna ákvæða 2. mgr. þessarar greinar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ráðstafað þessum framleiðslu- og framfarastyrk til eftirgreindra verkefna:

a) til þess að greiða útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir samkv. því sem segir í næstu mgr.;

b) til þess að standa undir lánum til afkomujöfnunar sem ráðið kann að taka;

c) til þess að greiða fyrir því að bændur geti hætt búskap;

d) til þess að styrkja nýjar arðvænlegar búgreinar, svo sem í ylrækt, garðrækt, fiskeldi og loðdýrarækt.

Við ákvörðun útflutningsbóta, sbr. staflið a í næstu mgr. hér á undan, skal gilda eftirfarandi:

a) Heildarupphæð þeirra má ekki nema meiru en 9/10 hlutum af framleiðslu- og framfarastyrkjum á framleiðsluárunum 1979 — 80 og 1980 — 81, 8/9 hlutum á framleiðsluárinu 1981 — 82 og 7/8 hlutum á framleiðsluárinu 1982 — 83.

b) Útflutningsbætur ákveðast sem hlutfall af útflutningsverði og mega aldrei fara yfir 100% af útflutningsverði í hverri einstakri sölu.

Ríkisendurskoðun skal annast eftirlit með ráðstöfun Framleiðsluráðs landbúnaðarins á fjárframlögum úr ríkissjóði samkv. lögun þessum.

3) Við fyrirsögn frv. bætist: og um breyting á lögum nr. 101 8. des. 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., með síðari breytingum."

Þetta eru þær brtt. sem minni hl. flytur við þessa umr. Og að þeim brtt. samþykktum leggur minni hl. til að frv. verði samþ.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 211, nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., styðja sjálfstæðismenn það frv. sem hér er til umr.

Það vandamál, sem við hefur verið að glíma varðandi söluerfiðleika á umframframleiðslu landbúnaðarins, hefur verið til meðferðar um nokkurn tíma. Það er næsta furðulegt sinnuleysi, sem benda má á í sambandi við það sem gerðist hjá fyrrv. ríkisstj. Þetta vandamál var þegar í sjónmáli á árunum 1976 og 1977, og það var vakin athygli á því af þáv. ríkisstj. Það má vitna í þeim efnum til grg. með fjárlögum fyrir þessi ár, en þá var staða útflutningsbóta þar sérstaklega tekin til meðferðar og það undirstrikað, að þetta vandamál yrði að taka til úrlausnar.

Ég vil enn fremur í þessu tilviki minna á þá tilraun sem þáv. hæstv. landbrh., Halldór E. Sigurðsson, gerði til þess að fá fram breytingar á framleiðsluráðslögunum. En hann hafði enn fremur á þingi 1972 frekar en 1973 flutt till. um breyt. á þeirri löggjöf varðandi þessi mál og til þess að ná fram breytingum, sem gætu orðið til úrbóta.

Af hálfu fyrrv. ríkisstj. eða stjórnvalda síðan á miðju ári 1978 hefur nánast það eitt verið gert, að skipuð var nefnd á miðju ári 1979 til þess að gera tillögur um aðgerðir vegna erfiðleika, sem sköpuðust hjá bændum vegna vorharðindanna 1979, og lausn á vandamálum bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarins.

Þessi nefnd vann störf sín bæði vel og rösklega. Ég veit að formaður nefndarinnar, Ingi Tryggvason fyrrv. alþm., vann mikið að því að ná sem bestri samstöðu í nefndinni. Af hálfu okkar sjálfstæðismanna starfaði Steinþór Gestsson alþm. í þessari nefnd og gerði m. a. tillögur um fjármögnun þessa vanda. Hann lagði til að fjármögnunin yrði á innlendum vettvangi og án viðbótarskattlagningar.

En frv. þetta gerir ekki ráð fyrir að farin sé sú leið sem Steinþór Gestsson benti á, enda þótt sjá megi sterk áhrif tillagna hans.

Á fundi í fjh.- og viðskn. óskaði ég upplýsinga, sem formaður og frsm. meiri hl., hv. 3. þm. Austurl., gerði grein fyrir í sinni framsöguræðu. Þar kom fram að lántaka sú, sem gert er ráð fyrir, verði fyrir milligöngu Búnaðarbanka Íslands, en að gert sé ráð fyrir erlendri lántöku. Við teljum erlenda lántöku til þessara hluta óæskilega leið til fjármögnunar. Miðað við það efnahagsástand, sem hér er við að glíma, er ljóst mál að ríkisstj. hefði átt að beita sér fyrir innlendri lántöku og gera ráð fyrir þessari lántöku í þeirri lánsfjáráætlun sem sagt er að nú sé í undirbúningi og verði lögð fram síðar á þessu þingi.

Þrátt fyrir þessa skoðun, sem ég hef hér lýst, munum við sjálfstæðismenn styðja frv. og erum reiðubúnir að hraða framgangi þess eins og mögulegt er.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Þó ég sé nú ekki flm. þessa máls vil ég leyfa mér að þakka hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. fyrir þá afgreiðslu, sem hér kemur fram, og vonast eftir því, að frv. þetta nái afgreiðslu héðan úr d. nú allra næstu daga.

Það er rétt, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, að mikil saga liggur að baki þessu frv. og sá vandi, sem við er að etja í landbúnaði, á sér alllanga sögu. Hans var farið að gæta fyrir nokkrum árum, og sá vandi hefur farið vaxandi. Það er enn fremur allt rétt sem hann sagði um vinnubrögð þeirrar nefndar sem starfaði að þessu vandamáli á s. l. sumri, og þarf ekki að ítreka það. Það hefur verið tekið fram áður.

Varðandi þá lántöku, sem fyrirhuguð er til þess að mæta þessum vanda í kjölfar lagasetningar, hefur — eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. n. — farið fram undirbúningur að því að slík lántaka gæti farið fram. Væntanlega verður um erlent lán að ræða fyrir milligöngu Búnaðarbanka Íslands, og ætti ekki að þurfa að tefjast nema örfáa daga, frá því að frv. þetta verður afgreitt, að gengið verði frá lántöku og það fjármagn, sem hér er um að ræða, komi til nota.

Ég get tekið undir það, að æskilegra hefði verið á ýmsan hátt að hér væri um innlenda lántöku að ræða. Og það má segja, að sumpart hefði verið eðlilegra að það væri þá með þeim hætti að þessi lántaka væri liður í lánsfjáráætlun ríkisstj. En ég get upplýst það, að ég hef lagt kapp á að hraða afgreiðslu þessa máls og tengja það ekki almennum lántökum ríkisins, vegna þess að ef það væri 'gert og beðið eftir afgreiðslu lánsfjáráætlunar mundi þetta mál enn væntanlega dragast. Að hluta til er hér skýring á því, hvers vegna um sérstaka lántöku er að ræða, lántöku sem þá er erlent lán vegna þess að ekki er

ráðið hversu mjög þurfi að reyna á innlendan lánamarkað til annarra verkefna.

Ég hygg að þessar skýringar nægi við aths. hv. 1. þm. Reykn., sem í sjálfu sér eru að fullu réttmætar.

Framkvæmd þessa máls, eftir að lántaka hefur farið fram verður í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ég vil þó í því sambandi vísa til tillagna stjórnskipaðrar nefndar sem kölluð var Harðindanefnd og skilaði áliti 28. júlí s. l. Hún lagði m. a. til að 2 000 millj. kr. yrði varið til endurgreiðslu á hluta verðjöfnunargjalda, sem innheimt voru á s. l. ári, og að 1000 millj. kr. yrði varið til að greiða halla vegna sölu birgða sem til voru í lok verðlagsársins, 31. ágúst s. l. Ég tel eðlilegt að við framkvæmd málsins verði farið að þessum tillögum nefndarinnar.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta mál miklu frekar við þessa umr. Ég vil aðeins taka það fram, sem öllum er ljóst, að það hefur verið vitað, frá því að sú stjórnskipaða nefnd, sem bar nafnið Harðindanefnd, starfaði á síðasta sumri, að Alþfl. er ekki samþykkur málinu í þessum farvegi og því ekki samþykkur þessu frv. eins og það liggur fyrir. Þetta hefur verið öllum ljóst og það jafnframt, að hinir þrír stjórnmálaflokkarnir í landinu hafa verið því samþykkir að málið næði fram að ganga með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Ég vil segja það í sambandi við ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar, að hún bar mikinn svip af velvilja í garð bændastéttarinnar. Sú ræða bar þess merki, sem mér kemur ekkert á óvart, að hv. þm. Karvel Pálmason hefur miklar taugar til þess fólks sem byggir sveitir landsins, á sama hátt og ég þykist hafa orðið var við að hann hafi velvilja til þess fólks sem vinnur hörðum höndum við sjávarsíðuna ekki síður en í sveitum. Hv. þm. Karvel Pálmason tók það fram, að ekki mætti rýra kjörin hjá bændum, það væri furðulegt, að bændur þyrftu að bíða eftir launum sínum, og það væri furðulegt, að bændur næðu ekki þeim tekjum, sem þeim væru ætlaðar. Hann taldi að sumir bændur væru það illa staddir, að þeir væru á svipuðu stigi, og verkamenn voru fyrir nærfellt hálfri öld. Má vera að þetta geti verið rétt. Ég veit til þess, að ýmsir bændur eru erfiðlega staddir og það mjög, en hvort þeir eru á svipuðu stigi að þessu leyti og verkamenn voru fyrir 40 — 50 árum skal ég ekki um dæma. Hitt er ljóst, að ef þetta er rétt, þá er full ástæða til þess að rétta þessari stétt hjálparhönd í þeim aðstæðum sem ríkja. Þess vegna var það dálítið öfugt að farið þegar kom að því að lýsa till. frá hv. minni hl. n., sem ganga yfirleitt í þá átt að skerða möguleika og tekjutryggingu bændastéttarinnar. Það mátti einnig glöggt heyra, að það var hv. þm. Karvel Pálmasyni nokkur raun að mæla hér fyrir stefnu Alþfl. í landbúnaðarmálum.

Ég ætla ekki að rekja þessa stefnu en ef að því væri horfið að setja nú svokallaða niðurtalningaraðferð á útflutningsbætur án þess að nokkuð annað fylgdi, þá er þar auðvitað unnið beint að því að skerða þá tekjutryggingu sem Alþingi hefur með lögum markað bændum. Og hvernig verða þá kjör þeirra bænda sem hv. þm. taldi að væru sumir hverjir ámóta illa staddir og verkamenn fyrir 40 — 50 árum — já, hvernig yrðu þau þá? Ég ætla ekki að svara þeirri spurningu. En hitt er ljóst, að ef um harðdrægar aðgerðir verður að ræða í þá átt að skerða kjör bændastéttarinnar með því að rýra þá tekjutryggingu sem hún nú hefur lögum samkvæmt, þá verður ekki unnt að halda þeim markmiðum sem ég hygg þrátt fyrir allt að flestir Íslendingar vilji í heiðri hafa, að land okkar verði byggt að sem mestu leyti í svipuðu horfi og það er nú, að bændastéttin búi við svipuð eða sambærileg kjör og ýmsar aðrar stéttir í þjóðfélaginu, og að bændur þurfi þar með ekki að hrökklast frá búum sínum.

Ef framleiðsla búvara yrði stórdregin saman, svo að hún færi í það mark sem innanlandsneyslan er nú, og meiningin væri að halda landinu í byggð, þá mundi annað tveggja gerast: Tekjur bænda nundu stórkostlega dragast saman eða verð á búvörum mundi stórkostlega hækka. Þetta verða menn að hafa í huga ef þeir ætla að ríma saman ólíka hluti. Hér er því um mikil vandamál að ræða, — vandamál sem ýmsar ríkisstj. hafa hugsað sér að ná tökum á og núv. ríkisstj. hefur hugsað sér að freista þess að ná betri tökum á en tekist hefur hingað til.

Ég hef látið það koma fram, að til þess hafi verið settir menn frá núv. ríkisstj. að gera uppkast að till. um stefnu í landbúnaðarmálum. E. t. v. þarf að treysta grundvöll slíkrar stefnu með öðrum stjórnvaldsaðgerðum, m. a. með því að setja til þess menn og e. t. v. starfsmenn stofnana að gera úttekt á því, hversu hagkvæm landbúnaðarframleiðslan sé fyrir þjóðfélagið í heild. Er þjóðhagslega hagstætt að framleiða jafnmikið af mjólk og gert er í dag? Ég hygg að flestir muni nálega óhugsað geta svarað því neitandi, það þurfi að verða um allverulegan samdrátt að ræða til þess að þjóðhagslegum markmiðum verði náð. Næsta spurning er: Er þjóðhagslega hagstætt að framleiða suðfjárafurðir í svipuðu magni og gert er í dag? Ég hef trú á því, ég segi það hreinskilnislega, — ég hef trú á því, að sé það mál skoðað niður í kjölinn og metið bæði hvað snertir tekjur og gjöld þjóðfélagsins í heild, þá muni það reynast þjóðfélaginu hagstætt. Það er trúa mín, en það er ekki nóg. Það þarf að undirbyggja þessa skoðun mína með úttekt, þ. á m. frá hlutlausum aðilum. Og það er sá grundvöllur sem ég tel að þurfi að styrkja undir landbúnaðarstefnunni, sem starfað verður eftir á komandi árum, að byggja þann grundvöll upp með hagrænu mati á gildi framleiðslu þessarar atvinnugreinar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða þessi stefnumál hér frekar, ég hef látið það í ljós áður í umr. um þetta mál, að væntanlega verði hægt að taka þau mál til sérstakrar umr. En ég taldi eðlilegt að koma þessum orðum og tiltekinni yfirlýsingu á framfæri og leyfi mér að vonast eftir að málið verði afgreitt frá Alþ. innan mjög fárra daga.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Mér er það ljóst, að að formi til og eins og þetta mál er fram lagt er hér um mál fjmrh. og fjmrn. að ræða. Málið er raunar flutt af hæstv. fjmrh. En hann er nú ekki við hér í kvöld frekar en oft upp á síðkastið. Hæstv. landbrh. er hér hins vegar og situr hér vel eins og hans er vani, og mig langar því til að beina þessu máli til hans.

Það er auðvitað alveg rétt, eins og fram kom hjá hæstv. landbrh., að þetta frv. bæði formið og upphæðin, og umr., sem fram til þessa hefur átt sér stað um það, gefur rækilegt tilefni til þess að landbúnaðarstefnan í landinu sé rædd. Ég held að út af fyrir sig megi staldra við það, að landbúnaðarstefnan er orðin svo dýr, að sem hlutfall af okkar þjóðartekjum jafnast hún á við herkostnað hjá þjóðum sem kosta miklu til slíks. Það mætti líka staldra við það, að landbúnaðarstefnan er orðin svo dýr, að hún heldur niðri lífskjörum allra annarra í samanburði við aðrar þjóðir. Það mætti líka staldra við það, að ef við

höldum lengi svona áfram, þá fer svo fljótlega — og slíks erum við raunar þegar farin að sjá merki — að við getum ekki boðið sífellt betur og betur menntuðu fólki upp á sambærileg lífskjör við það sem gerist í löndum sem ekki eiga við þetta vandamál að etja. Þeir, sem bera hagsmuni landbúnaðar og bænda mjög fyrir brjósti, og ég efast ekki um að menn gera það af góðum hug, þessum staðreyndum ættu þeir líka að velta fyrir sér.

En gott og vel. Við skulum þá hafa aðra viðmiðun í þessu máli, nefnilega stéttaskiptinguna meðal bænda sjálfra. Ég fullyrði að eitt af einkennum þeirrar stefnu, sem rekin hefur verið hér með þessum hætti, er að innan þessarar stéttar er bæði að finna mesta ríkidæmi, sem fyrirfinnst í þessu landi í bókstaflegri merkingu talað, og einnig sárustu fátækt, sem fyrirfinnst í þessu landi, — innan þessarar einu og sömu stéttar. Ég fullyrði að ef einhvers staðar er hægt að tala um sára fátækt, hægt að tala um lífsstíl sem sæmir ekki árinu 1980, sem sæmir ekki þeim tækniframförum og þeim almennu framförum sem þó hafa hér orðið með aðstoð og beitingu þekkingar, þá er það innan þessarar tilteknu stéttar. Og þetta held ég að séu, þrátt fyrir allt, óhugnanlegustu einkennin. Þetta fer eftir svæðum á landinu. Það má draga upp landfræðilegt kort af Íslandi og beinlínis taka út þau svæði þar sem bændur búa við kjör sem fyrir minn smekk — og ég vona allra annarra hv. þm. — eru ekki mannsæmandi í bókstaflegri merkingu þess orðs. Þetta atriði held ég að sé hrikalegasta afleiðing landbúnaðarstefnunnar. Og ég er út af fyrir sig sammála t. d. hæstv. landbrh. um það, að við eigum að ræða landbúnaðarstefnuna a. m. k. af miklum þunga frá bæjardyrum bænda sjálfra.

Auðvitað má segja það og það er rétt, að það er ekki nýtt í sögunni að atvinnustétt verði, ef svo má að orði komast, fyrir barðinu á tækniframförum. Við vitum að það gerðist þegar iðnbylting átti sér stað í lok 18. aldar og upphafi þeirrar 19., t. d. á Bretlandi, — og við getum sagt að íslenskur landbúnaður hafi á þessari öld verið að ganga í gegnum sína eigin tegund af iðnbyltingu, — þá auðvitað gerðist það, að stéttir, sem um margt voru menntuðustu og upplýstustu stéttir Englands á þeim tíma, og þetta átti raunar við um alla Evrópu, — þær urðu fyrir barðinu á framförum og vélmenningu. Þá er fyrst og fremst átt við handverksmennina á þessum tíma. Mennirnir, sem höfðu búið til föt með höndunum, stóðust ekki samkeppni við vélarnar. Engu að síður held ég að upplýstir þm. viðurkenni, að þegar á heildina er litið var vélvæðingin af hinu góða og er undirstaða þeirra lífskjara sem við nú búum við, jafnvel þó að stéttir handverksmanna hafi illa orðið fyrir barðinu á henni og það sé víða sársauki, — sársauki sem t. d. stafar af því, að kynslóð eftir skynslóð hafði sama handverkið verið stundað í sömu fjölskyldunni. Skyndilega stóðu þessar fjölskyldur, sumar með gömul og rótgróin nöfn, einar uppi, stóðust ekki samkeppnina og urðu að fara að finna sér eitthvað annað að gera.

Mér er ljóst að það er hægt að færa mjög tilfinningaleg rök fyrir því, hvað þarna átti sér stað. En eigum við að halda áfram að rökleiða og segja að framfarirnar hafi verið af hinu illa, jafnvel þó að þetta hafi verið svona? Það held ég að enginn maður geri. Eða veltum fyrir okkur að hin leiðin hefði verið farin og ef þá hefði verið komin — ég tek mér ekki það virðulega nafn sósíalismi eða jafnaðarstefna í munn í þessu sambandi — þá hefði verið komin þessi furðulega ríkisafskiptastefna, að þessum vandamálum hefði verið mætt þannig, að samkeppnisaðstaða handverksmannanna hefði verið jöfnuð gagnvart vélunum með því að niðurgreiða fötin! Það er nákvæmlega þetta sem hér hefur verið gert. Hvernig haldið þið að lífskjörin væru um alla Vestur-Evrópu núna ef þessari aðferð hefði verið beitt? En það er efnislega og nákvæmlega þetta sem hefur verið að eiga sér stað hér í landbúnaði, með þeim afleiðingum að þarna er mikið af forríku fólki, svo ríku að ég efast um að til sé samjöfnuður á mölinni, en þarna er líka fólk sem býr við sárustu, sárustu fátækt. Og mér finnst að menn, sem ég veit auðvitað að mæla bæði af góðum og heilum hug fyrir hag bænda í landinu, ættu auðvitað fyrst og síðast að velta þessari staðreynd fyrir sér.

Annar þáttur þessarar stefnu er síðan sá, og neytendur verða fyrir barðinu á honum, að þessi stefna, þessi furðulega ríkisafskiptastefna — og ég frábið mér orðið sósíalismi í því samhengi, m. a. vegna þess að bændur eru framleiðendur og verða að skilgreinast sem slíkir — þessi stefna hefur ævinlega miðað að því að niðurgreiða í samkeppni við framfarirnar, og það er það sem raunverulega er verið að gera. Þessi stefna hefur ævinlega miðað að því að beita þessum aðferðum aðeins á tilteknar vörutegundir sem fólki kannske líkaði að neyta á árinu 1930 eða 1940, en enginn veit, vegna þess hvernig búið er að brengla neysluvenjur og neyslusmekk þjóðarinnar, hvort þjóðin vill borða í dag. Og afleiðingin? Horfum á markaðina — horfum t. d. á grænmetismarkaðina í löndunum í kringum okkur. Þarna vill fólk borða grænmeti eða kjúklinga. Þessar framleiðslutegundir hafa orðið gersamlega út undan hér vegna þess að þær eru ekki inn undir hjá þessu kerfi. Það eru aðrar tegundir sem þeir hafa verið að framleiða. Staðreynd er að hvorki njóta þeir jafnrar aðstöðu né t. d. sambærilegra kjara á lánamarkaði. Það hafa að vísu orðið mjög verulegar framfarir nú allra síðustu árin í þessum efnum. En þó hefur verið haldið niðri bæði þróuðum neyslusmekk, og kjörum bænda. Og er hægt að hugsa sér vitlausari stefnu í einni atvinnugrein heldur en þar sem þetta tvennt er samtvinnað með þessum hætti?

Enn önnur skekkjan, sem gerð er í þessu sambandi, er sú, að einhver hrikalegasta vísitölubinding alls samfélagsins á sér stað í sambandi við bændur og bændastéttina með því að tengja kjör þeirra kjörum svokallaðra viðmiðunarstétta. Bændur eru framleiðendur, það verðum við að skilja. Og það er munur á framleiðendum annars vegar og hinum, sem laun taka, hins vegar. Hugsum okkur það t. d., að það eru fleiri framleiðendur í landinu. Einn framleiðir Tropicana, annar eitthvert vatnsblandað appelsínugutl. Hugsum okkur það, að við settum lög um það hér á hinu háa Alþ. að allir þeir, sem framleiddu Tropicana og ananasdjús og appelsínudjús og allar aðrar djústegundir, hefðu eina tryggingu, þeir hefðu sambærileg kjör við viðmiðunarstéttir. Hvað halda menn að gerðist? Auðvitað gerðist það, að menn flykktust úr vinnu sem þeim líkar ekki. Og það er mikið af störfum þannig að þeim, sem vinna við þau, líkar það ekki. Og við eigum að mæta því með því að borga hærri laun í slíkum efnum. Auðvitað flykktust menn úr slíkum störfum og færu að framleiða appelsínusafa. Og alveg væri sama hversu mikið þeir framleiddu af appelsínusafa, það væri tryggt að þeir hefðu sambærileg kjör! Hvernig væri það tryggt? Jú, með því að segja: Framleiðið alveg

eins og ykkur sýnist. Það, sem „pöpullinn" í landinu vill ekki neyta, jafnvel þó það sé niðurgreitt að miklu leyti, það einasta seljum við ofan í einhverja útlendinga og borgum með því útflutningsbætur!

Auðvitað sér hvert barn að þetta kerfi getur ekki gengið. Og ef við lokum hringnum, þá er kjarni málsins sá, að þetta gengur ekki heldur vegna þess að það er svo dýrt, niðurgreiðslurnar og útflutningsbæturnar og báknið, — *þetta eru þrír stóru liðirnir í kringum þetta,* — að lífskjörin í landinu eru farin að dragast aftur úr því sem sambærilegt gerist með öðrum þjóðum, sem eru þó, teljum við, menningarlega og efnahagslega skyldar okkur. Ég spái því — og t. a. m. stuðningsmenn núv. ríkisstj. ættu að velta því fyrir sér alvarlega — að við *séum að komast á það stig.* Ég viðurkenni það, að ég hélt fyrir tveimur árum að tiltekið hátt verðbólgustig mundi gera fólk hræddara en ég nú veit að hefur gerst. Virðast gilda að þessu leyti önnur lögmál hér en t. d. í Bandaríkjum N.-Ameríku, þar sem 18% verðbólgustig er farið að vekja raunverulegan ótta og ugg, eins og menn mega þekkja.

Gott og vel. Þetta eru staðreyndir um íslenskt þjóðfélag sem þýðir ekki að horfa gegn. Hins vegar spái ég því, að þegar það er orðið ljóst, — og sífellt er sent t. d. fleira og fleira fólk til útlanda til að læra og þekkingarstreymið og upplýsingastreymið á milli okkar sjálfra og landanna umhverfis okkur eykst, — að kjaramunur er að verða svo áberandi og augljós — og hann fer sífellt breikkandi af þessum ástæðum — að þá renni upp stundin sem við raunverulega stöldrum við. Það verður stundin þegar menn skilja að það er ekki hægt að halda þessu áfram, við getum ekki farið lengra út í þetta fen. Þetta er þó fólkið sem á að byggja þetta land.

Hv. þm. Karvel Pálmason gerði hér í ítarlegu máli áðan grein fyrir því minnihlutaáliti sem hann og Alþfl., einn flokka, því miður, enn, stendur að. Þetta er á þskj. sem hv. þm. þekkja. Ég vil aðeins gera einnig grein fyrir baksviði þessara tillagna, eins og þær eru í víðara samhengi og eins og hv. þm. Benedikt Gröndal lagði þær fram um miðjan janúar, þegar hann fór með umboð til stjórnarmyndunar. Eins og hv. þm. er auðvitað kunnugt um, lagði Alþfl. þá fram ítarlegt plagg, og auðvitað var það einnig hugsað til sátta við þá flokka sem verið var að semja við og reyna að mynda stjórn með, en þó þannig, að ekki var öll skynsemi lögð fyrir róða. Þetta plagg er ekki langt. Í kafla sem heitir Ný landbúnaðarstefna segir:

„1) Niðurgreiðslustefnan verði endurskoðuð, m. a. í sambandi við endurskoðun á vísitölugrundvellinum." Ég hef þegar fjallað nokkuð um þetta.

„2) Útflutningsbótakerfið verði endurskoðað:

a. Hámark útflutningsbóta verði þegar 1980 lækkað í 9% og miðist eingöngu við framleiðslu sauðfjár- og nautgripaafurða, þ. e. þeirra afurða sem út eru fluttar.

b. Hámarksákvæði um útflutningsbætur eigi við hvora afurðagrein fyrir sig sérstaklega."

Hæstv. landbrh., sem talaði áðan, tók það sérstaklega fram um flokksbróður minn, hv. þm. Karvel Pálmason, að hann talaði hlýlega og væri vel til bænda, svo að það mátti skilja af þessu, að einhverjum öðrum jafnaðarmönnum væri illa við bændur, og þetta er svo sem tónn sem heyrst hefur áður.

Getur nú nokkur maður fallist á þetta? Getur nokkur maður fallist á að það sé að vera óvinveittur bændum að ætla að færa útflutningsbætur niður um eitt prósent á einu ári. Það gæti þýtt að á tíu árum færum við út úr þessu kerfi, ef við fetum okkur niður um eina prósentu á ári. *Þetta er ekki byltingarstefna af einu eða neinu tagi.* En hér er verið að fikra sig hægt og hægt út af þessu kerfi. (**Gripið fram í:** Allt of hægt.) Allt of hægt, segir hæstv. forseti. Já, já, ég er honum sammála um það, að þetta kann að vera of hægt farið. En þetta var lagt fram sem málamiðlunarplagg og til að samræma sjónarmið.

Síðan segir:

„c) Sett verði hámark á útflutningsbætur á hverja sölu, þannig að bætur greiðist í hlutfalli við útflutningsverð og fari aldrei fram úr 100% af því.

d. Hvorki vaxta- og geymslukostnaður búvörubirgða né umboðslaun til söluaðila verði greidd af útflutningsbótum."

Þetta mál, að útflytjendur skuli hafa fengið greitt í umboðslaun prósentur af þessum upphæðum, sem var upplýst hér eftir fsp. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni í fyrra, þ. e. að SÍS fékk slíkar prósentur af allri summunni, er náttúrlega eitt af reginhneykslunum í landbúnaðarstefnunni. En mér skilst að hæstv. fyrrv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, hafi upplýst að búið væri að stöðva þetta. Ég held að ég fari rétt með það.

Í e-lið segir: „Hámark útflutningsbóta, sem nú er 10%, verði lækkað í áföngum á árunum 1980 — 1982 í 7%" — eins og hér hefur verið áður sagt.

„3. Verðlagningarkerfi búvöru verði tekið til heildarendurskoðunar, þannig að eðlileg skil verði sett á milli hagsmuna bænda og vinnslustöðva." — Er þetta ekki sjálfsagt mál?

„4. Jarðræktarframlög verði lækkuð verulega í áföngum og fjárfestingarlán til hefðbundinna búgreina verði takmörkuð."

Ég held ég fari rétt með það, að í fjárlagafrv., sem nú nýverið hefur verið lagt fram, sé rúmum 2 milljörðum varið til jarðræktarframlaga í landi þar sem offramleiðsla er stærsta vandamálið. Hvernig má þetta vera? Og sér ekki hv. þd. hversu óendanlega vitlaust það er? Við erum að verja á þriðja milljarð kr. í jarðræktarframlög í landi *sem bæði býr við vandamál vegna ofbeitar og offramleiðslu.* Svo er haldið áfram að rækta. Það er allt annað sem hér þarf að gera. Náttúruverndarmenn t. d. hafa allt aðrar hugmyndir um hvernig að þessu eigi að standa.

„5. Einkasöluréttur Grænmetisverslunar landbúnaðarins verði afnuminn." — Einkasölur eins og þessar voru ágætar á kreppuárunum, á fjórða áratugnum, þegar kartöflur voru munaðarvara. En á árinu 1980 eru kartöflur ekki munaðarvara. Allir neytendur vita að þessi verslun hefur árum saman selt þriðja flokks vörur, jafnvel skemmdar, á allt of háu verði, innflutt rusl, sem fólk hefur varla getað lagt sér til munns. Á árinu 1980 fara menn allt öðruvísi að. Einkasalan var eflaust bæði rétt og skynsamleg á sínum tíma. En heimskreppunni er lokið. Henni lauk á fjórða áratugnum.

„6. Stefnt verði að því að hraða greiðslum rekstrar- og afurðalána til bænda."

Þetta er augljóst hagsmunamál bænda og bændasamtakanna — skyldum við ætla — og hefur verið þingmál hér raunar oftar en einu sinni.

„7. Hluta þess fjár, sem sparast skv. liðum 2 og 3, verði varið til stuðnings við nýjar búgreinar: ylrækt, fiskeldi, garðyrkju, og til að auðvelda bændum að hverfa frá búi á harðbýlum jörðum."

Hér er þetta tekið saman, annars vegar að stefna inn í

nýtt og tæknivætt og nútímalegt þjóðfélag og hins vegar að hjálpa því fólki, sem býr ekki við mannsæmandi kjör, til þess að taka upp nýtt líf sem gefur betri möguleika og lífsafkomu, börnum þess betri möguleika til menntunar o. s. frv.

Ég trúi því, að þetta sé bæði rétt og skynsamleg stefna, ekki aðeins fyrir neytendur í þéttbýli, heldur einnig fyrir framleiðendur í dreifbýli.

Og er þá komið að frv. sjálfu og efnisatriðum þess. **(Forseti:** Mætti ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Má ég spyrja hæstv. forseta á móti: Er einhver ástæða fyrir þessu? **(Forseti:** Það er aldrei spurt að ástæðulausu úr þessum stól.) Nei, ég á nokkurt mál eftir, en ekki langt.

Þetta frv., og á þetta var raunar drepið við 1. umr. þessa máls, er enn eitt fyrirgreiðslufrv. til þess að bæta við það ástand sem hér hefur verið lýst. Það út af fyrir sig er ekki frágangssök. En formið á frv. er með algjörlega nýjum hætti, þ. e. það form að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, allt að 3000 millj. kr., sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hyggst taka. Gott og vel, þetta hefur gerst áður. En í 2. gr. þessa sama frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði vexti og afborganir — og kostnað allan, segir raunar hér — af láni þessu. Ég hygg að þetta sé svona fram sett vegna þess að verið sé að gera tilraun til þess að fela það fyrir skattborgurum í landinu, hvað hér er raunverulega um að ræða. Lán, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tekur, en ríkissjóður greiðir af vexti, afborganir og allan kostnað, það er auðvitað ekkert lán. Það er beint ríkisframlag. Og á þessu er mjög verulegur og veigamikill munur. Hæstv. landbrh. hefur ítrekað verið spurður um þetta. Hann stendur á því fastar en fótunum, að þetta sé lán, og bar því m. a. við, að m. a. eigi Byggðasjóður kannske að greiða það að hluta einhvern tíma. Aðspurður, hver greiddi í Byggðasjóð, svaraði hann því til, að það væri ríkissjóður. En hann stóð samt á því fastar en fótunum að þetta væri lán!

Ég held að hv. Alþ. sé að fara inn á mjög hættulega braut með feluleik af þessu tagi. Þetta kannske blekkir einhverja til skamms tíma, en það blekkir ekki marga til langs tíma, svo mikið er víst. Hér er um að ræða beint ríkisframlag til þess að auka enn á vitleysuna, til þess að viðhalda röngu kerfi, sem aftur viðheldur hér lakari lífskjörum en við þyrftum að búa við í samanburði við nálægar þjóðir. Svona á ekki að standa að málum.

Herra forseti. Vinsamleg tilmæli skildi ég sem svo, að menn ættu ekki að tala hér langt og helst ekki skýrt, ef ég skil tóninn rétt. Ég skal taka tillit til þessa. Ég hef lokið máli mínu.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 35. fundur.

Fimmtudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 89). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hefting landbrots, þáltill. (þskj. 132). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Varnir vegna hættu af snjóflóðum, þáltill. (þskj. 144). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar, þáltill (þskj. 157). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aukin nýting í fiskvinnslu, þáltill. (þskj. 105). — Ein umr.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánssyni, að flytja hér í Sþ. till. til þál. á þskj. 105 um aukna nýtingu í fiskvinnslu, en þar segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj., í samráði við aðila veiða og vinnslu sjávarfangs, að hlutast til um að gerð verði hið fyrsta könnun á því, á hvern hátt megi sem best ná hámarksnýtingu þess sjávarafla sem á land kemur."

Till. um þetta efni flutti ég ásamt Vilhjálmi Hjálmarssyni á 100. löggjafarþingi. Till. var síðan endurflutt á 101. löggjafarþinginu, en varð þá ekki heldur útrædd. Till. er nú endurflutt og að nokkru breytt með tilliti til nýrri upplýsinga um afla og nýtingu.

Það er nú öllum orðið ljóst, að hafið er ekki sá brunnur sem endalaust verður ausið úr. Því verður að leggja stóraukna áherslu á gæði og fullnýtingu þess hráefnis er þaðan fæst. Hvernig það nýtist, sem úr hafinu er dregið, er ekkert einkamál þeirra er að veiðum og vinnslu starfa. Það er hagsmunamál þjóðarinnar allrar að þar sé vel og skynsamlega að staðið.

Menn velta því nú fremur fyrir sér en áður á hvern hátt megi gera sjávarútveginn arðbærari en nú er. Sú leið, er helst virðist í sjónmáli, er að ná meiri framleiðniaukn-

ingu og þá um leið að gera hraðfrystiiðnaðinum mögulegt að standa undir auknum kostnaðarhækkunum jafnframt því að draga stórlega úr þörf þessarar atvinnugreinar á gengislækkun, sem til þessa hefur vægast sagt reynst skammgóður vermir þessarar atvinnugreinar sem og annarra.

Með tilkomu minni skuttogaranna má segja að um byltingu hafi verið að ræða í meðferð á fiski. M. a. var þá byrjað að ísa fisk í kassa um borð í veiðiskipum og flytja hann þannig til framleiðslustöðvanna í landi, sem ætti að hækka nýtingu viðkomandi frystihúsa um nálægt 3%. Hér var stigið skref í þá átt að bæta gæði hráefnisins, sem þegar hefur sýnt ótvíræðan árangur.

Enda þótt nú séu sjálfsagt liðin ein sjö ár frá því að fyrst var farið að nota kassa um borð í togurum hefur engin raunhæf athugun farið fram á því, hvort fiskur geymist betur í þeim kössum, sem nú eru mest notaðir, þ. e. 90 lítra kössum, eða hvort hægt væri að koma með enn betra hráefni að landi með annarri gerð af kössum eða hreinlega með annarri geymsluaðferð. Tilraunir af þessu tagi mundu ekki kosta mikið fé og nánast ekkert, en gefa mikilsverðar upplýsingar. Það er ljóst, að hér má ná verulega bættum árangri án aukins tilkostnaðar. Hér hefur skort frumkvæði eins og víða annars staðar í þessari undirstöðuatvinnugrein.

Það verður einnig að segja eins og er, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið af stjórnvöldum og nefndar af þeim stjórnun veiða, hafa ekki verið þess eðlis að þær hafi stuðlað að bættri meðferð á hráefni, nema síður væri. En ég ætla ekki hér og nú að fara frekar út í það mál. Til þess gefst sjálfsagt betra tækifæri síðar, þegar fjallað verður um þau mál á hinu háa Alþingi. Fiskvinnslustöðvar hér á landi eru ákaflega misjafnlega vel búnar til að taka á móti hráefni til vinnslu og allt of mörg dæmi eru um að gæðahráefni komið í fiskmóttökur verði að lélegu hráefni þegar að vinnslu þess kemur. Hér hafa þó orðið verulegar úrbætur, og á ég þar fyrst og fremst við hvað áunnist hefur í því að byggja upp við frystihúsin kældar fiskmóttökur sem hafa verulega sannað ágæti sitt.

Það fer ekki fram hjá neinum, sem skoðar þessi mál, að þær fiskvinnslustöðvar, sem best eru búnar tækjum, skera sig úr hvað varðar rekstrarafkomu. Þessar sömu stöðvar hafa því meiri möguleika á að tileinka sér hinar öru tækninýjungar, sem mjög ryðja sér til rúms hér á landi, og þá á ég fyrst og fremst við ýmiss konar rafmagns- og tölvubúnað, sem stórum eykur afköst og bætir nýtingu aflans. Ég get nefnt sem dæmi að vogir, sem nú eru fáanlegar, hannaðar og framleiddar af Íslendingum, minnka yfirvigt á pakkningum um 1 — 1.5% af framleiðslumagninu, sem þá gefur um 2 milljarða kr. í auknu verðmæti. Í grein um Bæjarútgerð Reykjavíkur, sem ég las fyrir stuttu í blöðunum, segir að miklum árangri hafi verið náð með aukinni hagræðingu og nýrri tækni í rekstri þess fyrirtækis, samt sé enn hægt að ná um 7% meiri arðsemi með aukinni hagræðingu. Í sömu grein segir einnig að sparnaður Bæjarútgerðar Reykjavíkur vegna brennslu á svartolíu sé hvorki meira né minna en um 440 millj. kr. á einu ári. En allir muna nú hvernig spáð var fyrir því, þegar hafist var handa um að taka upp brennslu á svartolíu á togurum okkar. Mig minnir að það mál hafi verið nokkrum sinnum rætt innan veggja þessa húss.

Á undanförnum árum hefur nokkuð verið unnið að endurbótum í fiskiðnaði, en þó hvergi nærri sem skyldi. Ljóst er að mikið fjármagn þarf að koma til og aukið skipulag veiða og vinnslu. Það liggur þó jafnframt fyrir, að mjög verulegum árangri má ná í þessum efnum með ekki mjög miklu fjármagni sé rétt og skipulega að unnið. Í riti, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur gefið út um þróun atvinnulífsins, segir að þjóðhagsleg arðsemi fjárfestingar sé hæst í fiskvinnslu og vænta megi mikils þjóðhagslegs ábata af eflingu fiskvinnslu og frekari úrvinnslu hráefnisins.

Menn vilja nú halda því mjög fram, að sjávarútvegurinn geti ekki tekið við auknum mannafla og skapað ný atvinnutækifæri í náinni framtíð, það séu aðrar atvinnugreinar sem það muni gera. Þeir stórkostlegu möguleikar, sem hreint og ómengað haf — ég segi: hreint og ómengað haf gefur þjóð okkar og á eftir að gefa í stórlega auknum mæli, eiga vissulega eftir að skjóta mörgum styrkum stoðum undir efnahag okkar og atvinnulíf. Og um langa framtíð munum við þurfa að haga hinum ýmsu þáttum efnahagslífsins eftir því, hvað úr hafinu verður dregið.

Í skýrslu frá Raunvísindastofnun háskólans, sem út kom á árinu 1978 og fjallar um aukna sjálfvirkni í frystihúsum, eftir þá Rögnvald Ólafsson og Þórð Vigfússon, kemur fram að munur á hámarks- og lágmarksnýtingu frystihúsanna hafi þá verið rétt um 10%. Í skýrslu frá Þjóðhagsstofnun, sem út kom í okt. 1977 og fjallar um afkomu frystihúsanna, segir m. a.:

„Niðurstaða þessarar athugunar leiddi í ljós geysimikinn mun að því er varðar nýtingu aflans. Þannig nam framleiðslan á frystum þorski á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra um 40% af mótteknum þorski til frystingar, í Reykjavík og á Reykjanesi um þriðjungi og á Vesturlandi röskum þriðjungi eða 36%, sem jafnframt var meðaltal fyrir allt landið. Svipuðu máli gegnir um aðrar fisktegundir."

Í grg. með þáltill. er tafla úr nefndri skýrslu er sýnir nýtingarhlutfall helstu fisktegunda í frystingu. Það er ljóst, að nýting á vissum landsvæðum hefur hækkað töluvert frá þeim nýtingarútreikningum sem hér er vitnað til. Tímaritið Sjávarfréttir fékk fyrirtækið Hagvang hf. og Rekstrartækni sf. til þess að gera úttekt á tapi vinnslunnar vegna lélegrar hráefnisnýtingar miðað við skýrslu Þjóðhagsstofnunar. Rekstrartækni hefur nú yfirfarið þetta og sett fram, miðað við afla og verðlag s. l. árs. Sé gengið út frá þeirri forsendu, að nýtingin væri alls staðar eins mikil og hún er í besta landshlutanum, kemur í ljós hversu gífurlegum árangri megi ná með bættu skipulagi og aukinni hagræðingu í fiskiðnaðinum.

Í grg. segir, að áætlað tap vinnslunnar vegna lélegrar hráefnisnýtingar á fjórum fisktegundum sé um 11.9 milljarðar, en það samsvarar nálægt því 12 500 tonnum í aukinni framleiðslu, sem jafngilti sem næst meðaltalsársafla hvorki meira né minna en 8 — 10 skuttogara. Þessar tölur, sem hér koma fram, sýna alveg hrikalega niðurstöðu, svo að ekki sé meira sagt. Það má vissulega láta það liggja á milli hluta, hversu nákvæmar þær eru. Alla vega er hér verið að tala um marga milljarða í tekjuauka vegna bættrar nýtingar fengins hráefnis, og er þá hvergi vikið að ýmsum möguleikum til fullnýtingar á öðrum fisktegundum og fiskúrgangi, en þar eru gífurleg verðmæti sem í súginn fara og til þessa hafa lítið sem ekkert verið nýtt, enda eru rannsóknir mjög takmarkaðar á því sviði.

Mjög merkilegar tilraunir eru nú gerðar, m. a. í

Bandaríkjunum, með framleiðslu mjög verðmætra lífefna sem hægt er að fá úr dýrum og fiskum, þ. e. nýtingu á því sem í flestum tilfellum verður að úrgangi. Hér á landi hefur dr. Sigmundur Guðbjarnason unnið visst brautryðjandastarf á þessu sviði á efnafræðistofnun Raunvísindastofnunarinnar, þó við mjög takmarkaðar aðstæður, svo að ekki sé meira sagt. Þær rannsóknir, sem farið hafa fram, sýna og sanna að við gætum nýtt hráefni, sem hingað til hefur verið hent, og framleitt úr því stórlega verðmætar afurðir.

Ég vænti þess, að hv. alþm. sjái hve brýnt það er að hefja aðgerðir og það raunhæfar aðgerðir, því að hér er mál sem sannarlega er þjóðhagslega hagstætt að vinna að og setja fjármagn í. Mikill hluti fiskvinnslu og útgerðar hefur átt í verulegum rekstrarerfiðleikum, og nefndir verið settar á fót til að kanna og komast að á hvern hátt megi hér bregðast við og þá fyrst og fremst til þess að leysa úr tímabundnum rekstrarerfiðleikum. Við flm. teljum að hér sé komið að kjarna þessa máls og þá um leið að einni meginorsök þess fjárhagsvanda sem sífellt hrjáir þessa atvinnugrein. Undirstaða efnahagslífs okkar Íslendinga er fiskveiðar, og um langa framtíð verðum við að byggja afkomu okkar að meginhluta til á sjávarútvegi.

Með flutningi þessarar þáltill. höfum við flm. reynt að sýna fram á að stórkostlegum árangri megi ná í hraðfrystiiðnaðinum með bættri nýtingu hráefnis og aukinni hagræðingu í vinnslu.

Herra forseti. Ég legg til að þessari þáltill. verði að lokinni þessari umr. vísað til atvmn. til umfjöllunar.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Mitt erindi hér í ræðustól þarf ekki að vera langt, en ég tek undir þá ræðu sem frsm. flutti hér, hv. þm. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v. Ég get tekið undir hvert einasta orð sem hann sagði. En ég vil aðeins til frekari áherslu koma inn á annað svið, sem snertir nýtinguna ekki síður, og það varðar stjórnun fiskveiðanna, hvernig við förum að þessu öllu saman.

Við vitum öll, sem höfum áhuga á þessu máli, að mikið vantar á að fiskur sá, sem sjómenn okkar veiða, komi að landi í því besta ástandi sem hann getur verið. Er það af ýmsum orsökum. Stundum eru veiðiferðir of langar og fiskur skemmist af þeim sökum. Stundum er hreinlega um trassaskap í meðferð að ræða. Reyndar verður það alltaf að nefnast trassaskapur, ef fiskinum okkar, þessu ágæta hráefni, er spillt. En þá er að leita orsaka til alls þessa og reyna síðan úr að bæta. Of stórir farmar eiga stundum sök í þessu efni. Það er troðið í skipin, jafnvel komið með lausan fisk á þilfari. En hvers vegna gerum við þetta? Ég tel að orsakanna sé að leita í sjálfri stjórnun fiskveiðanna að verulegum hluta. Á ég þá fyrst og fremst við þorskinn, sem er okkar langdýrasta hráefni. Eins og nú er háttað er visst tímabil á ári sem við megum veiða þorsk ótakmarkað. Síðan koma önnur þar sem ýmist er um algera stöðvun að ræða eða aðeins lítill hluti aflans, þ. e. 15%, í hverri veiðiferð má vera þorskur. Ég hef viljandi nefnt þorskinn einan til þess að einfalda mál mitt, en þetta á við um aðrar tegundir, og í ræðu minni hér tala ég frá sjónarmiði togara. Það á að vísu við um bátana líka, það sem ég segi, en til þess að einfalda þetta allt haga ég þessu svona.

Þar sem þorskurinn er eftirsóttastur og dýrastur okkar botnfiska er næsta mannlegt að hver og einn reyni að hrifsa til sín sem mest magn af honum þann tíma sem hann hefur leyfi til þess. Þetta hefnir sín aftur þegar farið er að vinna þann afla sem tekinn er við slíkar kringumstæður. Þá kemur sem sagt í ljós að varan er ekki eins góð og æskilegt væri. Við vinnslu freistast menn til þess að verka í sem dýrastar pakkningar, senda frá sér afurð sem er ekki í hæsta gæðaflokki, eins og hráefni okkar á alltaf að vera. Markaður gæti fallið af þeim sökum. Þetta skilur hver og einn.

Og hér má skjóta inn, að þessi tímabilaaðferð mismunar stórlega þeim sem veiðar stunda, vegna þess að þeir, sem næstir sitja bestu fiskislóðum, hljóta að fá langmest í sinn hlut. Það skal þó ekki eftir talið að öllu leyti. En eitthvert sanngirnissjónarmið verður þó að vera á meðan við teljum okkur þurfa að takmarka veiðar, sem ég geri ráð fyrir að flestir séu sammála um. Það er reyndar vikið að því í grg. með þessari þáltill., en þar stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er öllum orðið ljóst, að hafið er ekki sá brunnur sem endalaust verður ausið úr. Því verður að leggja stóraukna áherslu á gæði og fullnýtingu þess hráefnis sem þaðan fæst. Hvernig það nýtist, sem úr hafinu er dregið, er ekki einkamál þeirra er að veiðum og vinnslu starfa. Það er hagsmunamál þjóðarinnar allrar, að þar sé vel og skynsamlega að staðið."

Undir þetta geta væntanlega allir tekið. En þá er að leita þeirra leiða sem bestar eru hvað varðar stjórnunina. Auðvitað eru uppi fjölmargar hugmyndir um aðferðir, og það er hægt að þekkja hvaðan hver hugmynd kemur, hvort hún kemur að austan, vestan, sunnan eða norðan. Það er jafnvel hægt að segja með nokkurri nákvæmni úr hvaða hreppi hugmyndin er komin. Þetta er auðvitað það erfiðasta: Landshlutapólitíkin grípur inn í, vægðarlaus eins og hún alltaf er.

Lítum nú aðeins á hvernig til hefur tekist með þá stjórnunaraðferð sem uppi hefur verið höfð. Árið 1979 lögðu fiskifræðingar okkar til að leyft yrði að veiða 250 þús. tonn af þorski. Sjútvrh. ákvað að veiða mætti 290 þús. tonn, þ. e. fyrrv. sjútvrh. Í árslok, þegar dæmið var gert upp, höfðum við veitt 350 þús. tonn af þorski, þ. e. 60 þús. tonnum meira en ráðh. lagði til og 100 þús. tonnum meira en fiskifræðingarnir, vísindamennirnir okkar, vildu að veitt yrði. Hvernig líst ykkur á nákvæmni þessarar aðferðar?

Nú erum við búnir að heyra fyrstu hugmyndir hæstv. núv. sjútvrh. og reyndar er þegar farið að framkvæma þær. Aðferðin sýnist mér lík. Það er hert á bönnum. Tímabilin eru lengd og eitt tímabil, júlímánuð, er sérstaklega bent á að þá verði ekki leyfðar þorskveiðar. En það munu flestir vita, að í júlímánuði 1979 henti okkur það sem er e. t. v. best að kalla slys að þessu sinni, þegar eyðilagður var þorskur í stórum stíl, bæði um borð í veiðiskipum og einnig í vinnslustöðvum.

Nú er það auðvitað góðra gjalda vert að setja sérstakt bann á júlímánuð í ár. En ég vil hér og nú láta þá skoðun mína í ljós, að hér sé verið að færa til slys, sem varð í júlí árið 1979, og við fáum jafnvel tvö slys í staðinn, bæði í júní og ágúst á þessu ári. Þess vegna held ég að við verðum að finna aðra og haldbetri stjórnunaraðferð.

Við Austfirðingar höfum komið fram með okkar hugmyndir hvað stjórnun fiskveiða varðar sem og aðrir landshlutar. Okkar hugmyndir hafa fengið slæmar undirtektir. Þó ætla ég að leyfa mér hér á hinu háa Alþingi að nefna þær. Þetta er kvótafyrirkomulag. Nú geri ég ráð fyrir að einhverjir hv. þm. hrökkvi við í sætum

sínum, en það verður að hafa það. Hugmynd okkar var sú, að deilt yrði niður á hvert skip ákveðnu magni, ekki endilega jafnt, heldur fengju þeir, sem næst væru bestu fiskislóðum, sinn hlut betur mældan. M. ö. o.: við vildum koma fram af fullri sanngirni.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þessar till. okkar. En síðar hefur mér verið bent á að heppilegra mundi að beita kvótaaðferðinni þannig, að eðlileg — takið eftir: eðlileg afkastageta fiskvinnslustöðva yrði látin ráða. Og til þess að útskýra orðið eðlilegur er kannske rétt að tala um það, að víða á landinu er farið að flytja inn fólk í stórum stíl til þess að krafsa eitthvað í bakkann. En hvor þessara aðferða sem er hefur þann kost, að þá veit hver og einn í upphafi árs, hvaða hlutur honum er ætlaður, og þarf ekki að böðlast áfram eins og naut í flagi, spillandi ágætu hráefni þann tíma sem frelsið varir á miðunum. Með þessu vinnst það einnig, að þær hámarkstölur, sem við veljum í upphafi árs, standast, og það er ekki svo lítið atriði.

Það yrði stærsta slys í okkar þjóðarsögu, ef við eyddum þorskinum okkar. Við munum öll hvernig fór um síldina og hversu hart það áfall var. En reynum nú að hugsa okkur ef þorskurinn fengi sömu útreið. Slíkt áfall þyldum við alls ekki.

Herra forseti. Ég hef í stuttu máli reynt að bregða hér upp mynd sem ég held að væri vert að skoða og skoða vandlega. Sumir telja að vísu að það sé allt í lagi, það sé nógur fiskur í sjónum og við eigum bara að keppast um að veiða. Ég vil eindregið vara við slíku hugarfari. Og algert lágmark hlýtur það að vera og krafa, að sá fiskur, sem við veiðum, verði nýttur til fulls og verði besta vara sem boðin er á hinum harða alþjóðlega fiskmarkaði.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til að taka undir efni þessarar þáltill. Hér er hreyft ákaflega mikilvægu máli og get ég tekið eins og síðasti hv. ræðumaður undir allt það sem kom fram í fróðlegri framsöguræðu frsm.

Ég skal aðeins rekja örfá atriði sem eru nú til umræðu og athugunar í þessu sambandi, þ. e. til framleiðniaukningar í sjávarútvegi. Ég vek athygli á því, að í stjórnarsáttmála er lögð mjög rík áhersla á framleiðniaukningu. Ég hef í samræmi við það þegar sett í gang athugun á því, hvernig þetta verði framkvæmt. Að sjálfsögðu verður slíkt að framkvæmast í samráði við fjölmarga aðila og ekki síst aðila sjávarútvegsins sjálfa. En ég vek athygli á því, að Framkvæmdastofnun hefur unnið töluvert á þessu sviði, fyrst með frystihúsaáætlunum fyrir nokkrum árum og síðan í framhaldi af því með úttekt á skipastólnum og fleiru þess háttar. Einnig er Fiskveiðasjóður þessu máli kunnugur og hefur með sínum sérfræðingum lagt vaxandi áherslu á að beina fjármagni til slíkra framkvæmda. Og ég get upplýst það, að hjá Fiskveiðasjóði liggja nú miklar umsóknir og meiri en áður hafa verið um lán í þessu skyni.

Ég tel að óhætt sé að segja að menn geti verið sammála um það, að í raun og veru hefur töluvert áunnist á þessu sviði á undanförnum árum. Hér hafa verið nefnd mörg atriði, eins og t. d. með kassa í fiskiskipum, sem er að sjálfstögðu gífurlegt framleiðniatriði í þessu sambandi, og fleira hefur verið hér upp talið. Einnig er ljóst að í frystihúsunum hefur verulega mikið áunnist. Það er hins vegar athyglisvert í því sambandi og vert að undirstrika, að þar hefur fyrst og fremst orðið verulegur vinningur þar sem frystihúsin eru sterk, og kemur þar fram nauðsyn á því að fyrirtækin sjálf séu öflug í raun og veru til að geta sinnt framleiðniaukningu svo að einhverju nemi. Framleiðniaukningu verður ekki troðið upp á fyrirtæki sem eru í þeirri fjárhagsstöðu að þau geta í raun og veru ekki undir slíku álagi risið. Það er ekkert leyndarmál, að mikið af því fjármagni, sem veitt hefur verið á undanförnum árum til hagræðingar, hefur hjá slíkum húsum fyrst og fremst runnið til þeirrar fjárfestingar — getum við sagt, þó að það sé ekki fjárfesting í raun — sem hefur verið arðbærust fyrir þau, þ. e. að losna undan vanskila- og refsivöxtum, og hefur ekki farið þá í endurbætur í viðkomandi fyrirtækjum eins og til hefur verið ætlast. Ég er út af fyrir sig ekki að gagnrýna það, en það bara undirstrikar að nauðsynlegt er að skapa fyrirtækjunum sjálfum grundvöll til þess að vinna að framleiðniaukningu.

Ég held að einnig sé vert að vekja athygli á því, að mörg undanfarin ár hefur sá háttur verið á hafður, þegar metin er afkoma sjávarútvegsins, að byggja á svonefndum núllgrundvelli, þ. e. að sett er eins konar „núll" í afkomuna í miðju dæminu, og þannig hefur í raun og veru framleiðniaukning einstakra húsa stöðugt verið dregin frá þeim. Við getum sagt að þetta sé þjóðarbúinu hagkvæmt engu að síður. En á það hefur verið bent af forstöðumönnum slíkra fyrirtækja, að í raun og veru hafa þau fyrirtæki, sem þar hafa spjarað sig best, lítið unnið við slíkar framkvæmdir.

Einnig er mjög áberandi að stöðugt hefur aukist bilið milli þeirra húsa, sem hafa verið sjálf fjárhagslega sterk til að leggja í verulega framleiðniaukningu, og hinna, sem hafa legið undir fargi vanskilavaxta og fjármagnserfiðleika. Þarna er því ýmislegt að hugleiða í þessu sambandi.

Ég sagði í upphafi míns máls, að ég teldi að það átak, sem gert er á þessu sviði, eigi að gera í samráði við marga aðila, og það mun verða gert. Ég fagna þessari till., sem undirstrikar það, að aðilar eins og fyrirtækin sjálf verði höfð með í ráðum. Það verður að sjálfsögðu gert. Einnig þarf að hugleiða hvar ná á í fjármagn sérstaklega í þessu skyni. Fiskveiðasjóð hef ég nefnt, og ég er þeirrar skoðunar, að Fiskveiðasjóður eigi í vaxandi mæli að lána til slíkra framkvæmda. Ég er einnig þeirrar skoðunar, að Byggðasjóður eigi að beina fjármagni sínu meira til framleiðniaukningar heldur en almenns stofnkostnaðar á ýmsum sviðum, þar sem mikið hefur áunnist. Ég tel að framleiðnimálið sé að ýmsu leyti mikilvægara nú. En ég endurtek og undirstrika að til þess að þetta nái tilætluðum árangri verða fyrirtækin að vera sterk.

Hv. síðasti ræðumaður fór hér nokkrum orðum um hugmyndir núv. sjútvrh., eins og hann orðaði það, í sambandi við fiskveiðatakmarkanir. Er mér þar dálítið hátt undir höfði gert, því að þessar hugmyndir hafa verið að þróast í gegnum árin og þær hugmyndir, sem nú liggja fyrir til umr., voru birtar að hluta af síðasta sjútvrh. í reglugerð sem sett var af honum. Ég vil hins vegar taka það fram, að ég tel að þær hugmyndir, sem nú liggja fyrir, hafi batnað í meðferð fjölmargra aðila sem um þær hafa fjallað á undanförnum mánuðum. M. a. hafa fulltrúar LÍÚ mjög komið að því máli, svo og fulltrúar farmanna og fiskimanna, fulltrúar sjómanna og fleiri sem til hafa verið kvaddir. Ég álít hins vegar rétt að opna þessar hugmyndir til nýrrar umfjöllunar, og því hef ég óskað eftir því að þingflokkar tilnefni einn mann hver til að

skoða enn breytingar og endurbætur á þessum hugmyndum, sem ég tel að þurfi stöðugt að vera í skoðun. Hér er um ákaflega viðkvæm mál að ræða. Og ég get tekið undir það með hv. ræðumanni, að leita þarf nýrra stjórnunarleiða. Ég get sagt það strax, að ég er langt frá því að vera sáttur við þessar hugmyndir, þótt þær hafi, eins og ég sagði áðan, að mínu mati mjög batnað frá því sem áður var. Ég hef sagt víða, að ég tel að tengja eigi betur veiðar og vinnslu. Það er hins vegar langt frá því að vera einfalt mál og þarfnast ítarlegrar könnunar. En ég get sagt strax, að ég er persónulega mótfallinn því að setja kvóta á hvert skip, og vil ekki leyna því. Ég held að það verði ákaflega flókið í framkvæmd og gæti auðveldlega leitt til þess, að dugnaðarsjómenn, eins og hv. ræðumaður, yrðu dregnir niður í meðaltalið. Ég vil að dugmiklir sjómenn fái notið hæfileika sinna. Ég vil því láta það koma skýrt fram, að ég tel þá leið mjög vafasama. En ég undirstrika að þessar hugmyndir þarf að endurskoða, og ég vænti þess, að þingflokkarnir hafi menn í þá endurskoðun þegar í næstu viku, og þá mun það starf hefjast án tafar. Hins vegar lít ég svo á, að í sambandi við þessa till. sé fiskveiðistefnan varla til umræðu, en vona að síðar gefist tækifæri til að ræða það mál hér á hinu háa Alþingi.

Umr. frestað.

Neðri deild, 47. fundur.

Fimmtudaginn 20. mars, að loknum fundi í Sameinuðu þingi.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 156). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fyrir hv. Nd., er samið í samráði dómsmrn. og utanrrn. Það var lagt fram af hæstv. fyrrv. dómsmrh. Frv. er ætlað að marka reglur um aðdraganda að því að erlend ríki geti eignast fasteignir til afnota fyrir sendiráðsskrifstofur og bústaði forstöðumanna sendiráða eða til íbúðar fyrir aðra starfsmenn sendiráðanna. Svo sem fram kemur í grg. frv. eru reglur um þetta efni í 11. gr. núgildandi laga efnislega óbreyttar frá upphaflegri setningu laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, lög nr. 63 frá 1919.

Hin síðari ár hefur slíkum fasteignum fjölgað mjög mikið. Í lögunum frá 1919 og núgildandi lögum eru erlend ríki undanþegin lagareglunum um að útlendingar þurfi leyfi stjórnvalda til þess að mega eignast fasteign hér á landi þegar um er að ræða rétt yfir fasteign til embættisafnota handa umboðsmönnum þeirra hér á landi. Vegna mikillar fjölgunar slíkra fasteigna á síðari árum skortir nú orðið hæfilega yfirsýn um þetta efni, auk þess sem aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband frá 1961, svokölluðum Vínarsamningi, sem Ísland gerðist aðili að 1971, leggur m. a. formlega á ríki sérstakar skyldur um öryggisgæslu vegna friðhelgi sendiráða og sendimanna og koma ýmis atriði til skoðunar í því sambandi.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. og vísa að öðru leyti til grg. þess, en óska þess, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Lántaka Framleiðsluráðs landbúnaðarins, frv. (þskj. 197, n. 208 og 211, 202, 209). — Frh. 2. umr.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þessi umr. er framhald langrar umr. sem varð hér í hv. d. í gærkvöld og stóð fram undir klukkan hálfellefu. Ég mun nú leitast við að lengja ekki þá umr. sem hefur orðið á hv. þingi um frv. það sem hér um ræðir. Hins vegar var tilgangurinn með því að koma hér upp sá að beina tveim til þrem spurningum til hæstv. landbrh. og jafnframt hæstv. fjmrh. um framhald útflutningsuppbóta, greiðslu þeirra á þessu ári.

Við erum hér að ræða um 3 milljarða kr., sem í sjálfu sér er afsakanleg upphæð miðað við þau harðindi sem bændur hafa átt við að stríða. En sagan er ekki öll sögð með því. Þetta mál er nokkurs konar bautasteinn um hrun landbúnaðarstefnu sem rekin hefur verið hér á landi undanfarna áratugi, og hrunið á eftir að verða enn meira ef ekki verður gripið rösklega í taumana.

Ég hef þegar lýst yfir að ég mun sitja hjá við atkvgr. um þetta mál. En ég hef hins vegar fengið í hendur útreikninga Hagstofu Íslands á útfluningsuppbótaþörfinni á framleiðsluárinu 1979 — 1980. Þar koma fram nýjar tölur og geigvænlegar að mínu mati um útflutningsuppbótaþörfina á þessu ári. Af því tilefni vil ég spyrja hæstv. landbrh. og/eða hæstv. fjmrh. hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst bregðast við þeim vanda sem er hinum megin við hornið.

Hagstofa Íslands hefur reiknað út að útflutningsuppbótaþörfin að öllu óbreyttu, miðað við gefnar forsendur, útflutning á 4500 tonnum af dilkakjöti, 100 tonnum af ærkjöti, 200 tonnum af hrossakjöti og 2900 tonnum af osti, verði 15.2 milljarðar kr., en kunni að hækka í 20 milljarða. Á fjárlögum er gert ráð fyrir 8.2 milljarða kr. útflutningsuppbótum. Það er því fyrirsjáanlegt að mjög umtalsvert fjármagn skortir til að mæta þeirri þörf sem mun koma fram þegar á þetta ár líður. Ég vil þess vegna spyrja landbrh.: Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess í fyrsta lagi að skera niður þessa útflutningsuppbótaþörf eða til að afla fjármagns til að mæta henni? Í öðru lagi vil ég benda á að í frv. því að fjárlögum, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að til jarðræktarframlaga fari 1860 millj. kr., einnig að til framræslu fari 385 millj. Hér eru á ferðinni rösklega 2.2 milljarðar, og spurning mín til hæstv. landbrh. í framhaldi af því er þessi: Er ætlan núv. hæstv. ríkisstj. að skera þessa liði niður? Það hlýtur hver maður að sjá í hendi sér, að á sama tíma og við berjumst við offramleiðsluvandamál hér á landi er nánast fáránlegt að leggja fram fjármagn og efna til enn frekari túnræktunar en orðið er í landinu. Þess vegna vil ég spyrja landbrh. um þetta.

Sú umr., sem fór fram hér í hv. d. í gærkvöld, var um margt óvenjuleg, svo að ekki verði meira sagt, og verður að segja að þátttakendur í henni eru líklega menn sem

safna blaðsíðum í þingtíðindin, en minna var um það sem raunverulega skiptir máli í þessu frv. En ég vil áður en umr. lýkur um þetta frv. fá svör við því, hvernig ríkisstj. hyggst bregðast við frekari útflutningsuppbótaþörf á þessu ári. Ég bendi á að verði því fylgt að greiða þær útflutningsuppbætur, sem út verða reiknaðar á þessu ári, er komin þar svo há tala að það nálgast að útgjöld til landbúnaðarmála á Íslandi, ef á heildina er litið, séu að verða eins og herkostnaður nágrannalanda okkar og þykir sá ekki lítill.

Þetta eru spurningarnar, og ég vænti þess að fá svör við þeim, vegna þess að ég tel að brýna nauðsyn beri til þess að menn átti sig á því, hvaða vandi er á höndum. Það er ekki aðeins þessi 3 milljarða vandi, sem við erum að tala um, heldur kannske tveggja tuga milljarða vandi sem fram undan er.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson spyr um framhald útflutningsbóta á þessu ári og hvort gerðar hafi verið ráðstafanir til þess annað tveggja að skera niður útflutningsbótaþörfina eða afla fjármagns til þess að mæta henni.

Hv. þm. greindi frá því, að hann hefði undir höndum áætlun Hagstofunnar, þar sem gert er ráð fyrir, miðað við núverandi horfur, að útflutningsbótaþörfin verði á árinu 15.2 milljarðar, en kunni að hækka, eins og hann sagði, sem ég hef hvergi séð neinar tölur eða áætlanir um, upp í 20 milljarða. Sú tala kemur mér mjög á óvart og mun ég ekki ræða hana frekar.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að mæta útflutningsbótaþörfinni, eins og lög gera ráð fyrir, með sem svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar eða, eins og þar er gert ráð fyrir, með 8.2 milljörðum kr. Nú var í áætlun Framleiðsluráðs, sem ég fékk síðast í hendur, gert ráð fyrir að útflutningsbótarétturinn væri nokkru meiri en þetta, sem nemur 200 millj., eða 8.4 milljarðar kr.

Ég get í fyrsta lagi svarað því til, að gert er ráð fyrir að gildandi lög um þetta haldi, þannig að greitt verði það af útflutningsbótafé sem lög gera ráð fyrir eða sem svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar.

Þá liggur þegar fyrir að út af standa kannske 6 — 7 milljarðar kr., e. t. v. meira ef sú áætlun, sem byggt hefur verið á til þessa, raskaðist á þann veg að framleiðsla yrði meiri en áætlunin gerir ráð fyrir. Í þessu sambandi er rétt að gera sér grein fyrir því, að um þetta leyti á síðasta ári var gert ráð fyrir að það, sem á vantaði að útflutningsbætur dygðu til þess að mæta útflutningsbótaþörfinni eða verðtryggingarþörfinni, væri 5.6 eða 5.7 milljarðar kr. Reyndin varð hins vegar sú, að á vantaði 3.5 milljarða kr. Þær áætlanir, sem gerðar eru á þessum tíma ársins, eru því ekki mjög áreiðanlegar, enda þótt nauðsynlegt sé að gera þær og endurskoða með vissu millibili til að reyna að gera sér grein fyrir stöðunni eins og líklegt er að hún verði.

Ég get ekkert um það sagt á þessu stigi, hvað hér vantar mikið á þegar upp er staðið við lok verðlagsársins 31. ágúst n. k. Hitt er ljóst, að á s. l. hausti varð veruleg fækkun bústofns í landinu. Mjólkurkúm fækkaði um 6.8%, nautgripum í heild nokkru meira eða nálægt 8% og sauðfé fækkaði um rúm 10%, ef ég man rétt, ég er ekki með þær tölur hér hjá mér svo fyrirvaralaust. Þessi fækkun bústofns í landinu ætti að óbreyttu að hafa í för með sér að framleiðsla drægist saman og útflutningsbótaþörfin þar með fremur minnkaði en yxi, eins og hv. þm. Árni Gunnarsson gerði hér skóna.

Ég skal ekki fara lengra út í bollaleggingar um hver niðurstaða verður um þetta efni. Hitt er ljóst, að þarna verður við viðbótarvanda að eiga sem enn hefur ekki verið tekin endaleg afstaða til að hve miklu leyti verður leystur. Í stjórnarsáttmála ríkisstj. segir um þetta efni, að leitað verði samkomulags um viðunandi lausn á fyrirsjáanlegum vanda vegna halla á útflutningi búvara á þessu verðlagsári í tengslum við heildarstefnumótun í landbúnaði. Það stendur yfir sú vinna sem nauðsynleg er til að setja saman heildarstefnumótun í landbúnaði. Hefur verið ætlun mín að unnt væri að birta Alþ. þá stefnumótun, áður en þetta þing er úti, og helst fá þá stefnuyfirlýsingu afgreidda sem ályktun Alþingis. Ég skal ekki fullyrða hvort sú verður niðurstaðan. En þegar lengra er komið þeirri vinnu, þar sem fjallað er um þessa stefnumótun, þá fyrst tel ég að tímabært sé að ræða innan ríkisstj. og taka ákvörðun um að hversu miklu leyti mætt verði þeim viðbótarvanda sem hér er á ferðinni.

Ég skýrði þetta í tveimur eða þremur setningum við setningu Búnaðarþings, og hafa þær setningar mjög verið mistúlkaðar í fjölmiðlum. Er e. t. v. ástæða til að lesa hér þær setningar sem um það fjölluðu í þeirri ræðu sem ég flutti við það tækifæri. Þær hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Því miður eru horfur á þessu verðlagsári, að miklar fjárhæðir skorti til þess að útflutningsbótafé dugi svo fullri verðtryggingu verði náð. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir svo um þetta efni:

„Leitað verði samkomulags um viðunandi lausn á fyrirsjáanlegum vanda vegna halla á útflutningi búvara á þessu verðlagsári í tengslum við heildarstefnumótun í landbúnaði."

Ég vil taka það fram, að ég mun leita eftir slíku samkomulagi við fulltrúa bændasamtakanna og vænti góðrar samvinnu í þessu vandasama máli á milli fulltrúa bænda og fulltrúa ríkisstj."

Þannig hljóða þau orð er ég viðhafði um þetta efni við setningu Búnaðarþings, og hafa sumir þeir, sem ritað hafa greinar í fjölmiðla, metið þau orð á marga milljarða króna.

Ég get því miður á þessari stundu ekki svarað fsp. hv. þm. Árna Gunnarssonar frekar um þetta efni. Í tengslum við þá vinnu, sem nú er verið að framkvæma um stefnumótun ríkisstj. í landbúnaðarmálum, verður leitað samkomulags um það milli fulltrúa bænda annars vegar og fulltrúa ríkisstj. hins vegar að ná viðunandi lausn í þessu máli. Vafalaust verður það að vera með þeim hætti að þar verði farinn einhver millivegur, á þessu stigi skal ég ekki segja hvaða millivegur, en það verður án efa ekki með þeim hætti að það, sem á vantar, verði að fullu bætt.

Hv. þm. gerði jarðræktarframlög í fjárlagafrv. að umtalsefni og spurði, hvort ekki yrði um niðurskurð á þessum lið að ræða, og fannst fáránlegt að auka túnrækt og aðra jarðrækt miðað við það ástand sem nú væri í framleiðslulmálum landbúnaðarins. Ég vil taka það fram í sambandi við þennan þátt landbúnaðarmála, að á síðasta Alþ. voru gerðar breytingar á jarðræktarlögum þess efnis, að þar voru gefnar heimildir fyrir takmörkun eða skerðingu á jarðræktarframlögum til einstakra framkvæmda eftir vissum reglum, en jafnframt að jarðræktarframlögin yrðu nokkuð fast fjárframlag að verðgildi miðað við jarðræktarframlög og jarðræktarfram-

kvæmdir síðustu þriggja ára, — ég tel mig muna rétt þriggja síðustu ára. Þess vegna er gert ráð fyrir að sú tala, sem þarna er um jarðræktarframlög, verði nokkru hærri en þurfi að nota þegar veitt verða framlög út á einstakar jarðræktarframkvæmdir, en það fjármagn, sem gengur af, verði notað í samræmi við það sem þessi lög segja — eftir tillögum stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins geti ríkisstj. ráðstafað því til nýrra viðfangsefna í landbúnaði, þ. á m. til nýrra búgreina og hagræðingarverkefna, sem gætu orðið þáttur í því að finna leiðir út úr þeim vanda sem landbúnaðurinn óneitanlega stendur í.

Ég tel að ég hafi ekki fleiri aths. eða fleiri svör að gefa við fsp. hv. þm.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla að byrja á að þakka hæstv landbrh. fyrir svör hans. En um leið vil ég vekja athygli á þeirri ályktun sem menn hljóta að draga af svörum hans. Niðurstaðan er afskaplega einföld. Hún er sú, að hér er á ferðinni eitt mesta vandamál sem ég tel að þessi þjóð hafi orðið að glíma við í fjármálum um langt árabil.

Ef við lítum á fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir, og menn á hinu háa Alþingi hafa fjallað um einstaka málaflokka þess og þá mikilvægustu eins og heilbrigðismál, samgöngumál, hafnamál o. fl., kemur í ljós að sveigjanleiki til breytinga á fjárlagafrv. er afskaplega lítill. Þetta stafar m. a. af því, að mjög há fjárhæð er bundin í útflutningsuppbótum. Nú vil ég ekki að menn skilji orð mín svo, að ég sé talsmaður þeirrar stefnu að hér beri að skera og skera þegar landbúnaðurinn er annars vegar. En ég er talsmaður þeirrar stefnu, að menn viðurkenni þær ógöngur, sem landbúnaðurinn er kominn í, og bregðist við á þann hátt sem nauðsynlegt er. Ég segi það sem skoðun mína, að það hljóti að verða eitt höfuðverkefni þingsins — eða þess sem eftir lifir af þessu þingi og næsta þings — að móta nýja stefnu í landbúnaðarmálum.

Ég er sannfærður um að hæstv. landbrh. gerir sér ljósa grein fyrir þessu og það geri talsmenn landbúnaðar hér á þingi. Í alllangri tölu, sem ég flutti fyrr þegar þetta frv. var til umr., benti ég á að svo mikil harka hefði verið í samskiptum eða skoðanaskiptum manna um þennan málaflokk, að raunverulega hefði sáralítið vit getað seytlað inn í þær umr. Nú sýnist mér hins vegar að mál hafi snúist svo, að menn játi fyrir sjálfum sér — kannske ekki í orði, en á borði — að landbúnaðarstefnan, sem ég hef kennt við Framsfl. og Sjálfstfl., sé gersamlega hrunin. Það frv., sem við erum að ræða um hér, er, eins og ég sagði áðan, bautasteinn þeirrar stefnu sem ég legg til að verði nú grafin níu fet í jörð niður og á henni reist ný stefna.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég vil ekki telja að málefni landbúnaðarins feli í sér mesta fjármálavanda sem þjóðin á við að búa. Það eru ýmsir aðrir þættir sem ráða þeim vanda ekki síður. Víst er að orsakanna er ekki að leita í málefnum landbúnaðarins nema að litlu leyti, vegna þess að verðlagsþróun í þessu þjóðfélagi síðustu ár og áratugi á þar í raun og veru alla sök. Við getum leitað orsakanna til verðbólguþróunar víðs vegar um þjóðfélagið í heild. Ef verðlagsþróun hefði ekki verið með þeim hætti sem raun er á ættum við Íslendingar ekki í neinum vandræðum með að flytja út landbúnaðarvörur okkar fyrir sæmilegt verð.

Það er hins vegar ljóst, að það er við vanda að etja í landbúnaðinum. Við skulum ekki mikla þann vanda um of. Hann er vissulega til og það þarf breytingar til að ráða bót á nokkrum hluta þess vanda. En við skulum umfram allt ekki mikla þennan vanda fyrir okkur og tala þannig, að hér sé stærsta vandamál íslensku þjóðarinnar á fjármálasviðinu. Það er mjög ofsagt. Vil ég þó um leið láta þau orð fylgja, að ég fagna í rauninni þeim umskiptum sem hafa orðið í ræðuflutningi hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, miðað við það sem hefur verið hjá sumum talsmönnum Alþfl. í umr. um þessi mál á Alþ. að undanförnu.

Ég ætla ekki að yfa hér upp umræður um stefnubreytingu í landbúnaðarmálum. Við höfum talað um að við, sem stöndum að ríkisstj., höfum hugsað okkur að setja fram stefnu okkar. Ég tel enn fremur að nauðsynlegt sé að treysta grundvöllinn undir þeirri stefnu með nokkrum aðgerðum, þannig að þjóðfélagið í heild geti orðið meira sammála um landbúnaðarstefnuna en hefur verið á síðustu misserum. Ef tækist að leiða þær röksemdir að nýjum grundvelli undir landbúnaðarstefnuna, sem ekki hafa verið dregnar fram í dagsljósið á síðustu árum, gæti það e. t. v. skapað þjóðarsátt um þessi mál og orðið til þess að við þyrftum ekki að standa í háværum deilum, eins og stundum hefur gerst á hv. Alþ., um þessi mikilvægu mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (sþskj. 117, n. 213, 214). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hv. Nd. fékk mál þetta til umfjöllunar. Til n. barst erindi frá Sjómannafélagi Reykjavíkur með ábendingu um nokkrar nauðsynlegar breytingar sem þyrftu að verða á lögunum um sjóð þennan. Nefndin taldi sér þó ekki fært eða ástæðu til að taka upp nema eina þeirra, vegna þess að hér er um samkomulagsmál að ræða í stjórn sjóðsins. Eins og kunnugt er eru það margir aðilar sem aðild eiga að þeirri stjórn, en sjóðurinn orðinn til vegna samninga milli aðila á vinnumarkaðinum og sjóðsstjórnin skipuð fulltrúum þeirra.

Sú brtt., sem ég hafði lýst við 1. umr. málsins og reyndar er ein af þeim sem Sjómannafélag Reykjavíkur benti á, var send til umsagnar Lífeyrissjóði sjómanna, sem hefur afgreiðslu sína hjá Tryggingastofnun ríkisins, sem aftur fékk tryggingafræðing sjóðsins til þess að líta á hana. Hefur borist svar frá stjórn sjóðsins sem mælir eindregið með að þessi breyting verði gerð á frv., en breytingin er á 14. gr. laganna og varðar makalífeyri. Er lagt til, eins og á var bent, að þetta atriði komi inn í lög þessa lífeyrissjóðs. Þetta er sambærilegt atriði við það sem er í reglugerðum og lögum sjóða sem starfandi eru, t. d. hinna almennu lífeyrissjóða.

Þetta varðar makalífeyrinn. Breytingin, sem n. er sammála um að flytja samkv. og í samræmi við ábendingu tryggingafræðingsins, er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Nú lætur sjóðsfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sambýliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabil, þó ekki skemur en fimm ár fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt

að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr.“

Sú breyting er gerð frá ákvæðinu í lögum hinna almennu lífeyrissjóða, að hér er sett inn ákvæði um að það verði að hafa liðið fimm ár áður en þetta ákvæði geti tekið gildi.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara aftur yfir sjálft frv. eða einstakar greinar þess. Það var skýrt mjög ítarlega við 1. umr. málsins. En allir nm. í heilbr.- og trn. eru sammála um að mæla með samþykkt þess. Og það er von þeirra, sem að málinu standa, og reyndar þeirra, sem njóta eiga, að málið nái fljótt fram að ganga, en gert er ráð fyrir því í 2. gr. frv. að lögin taki gildi frá og með síðustu áramótum. Mun það verða mörgum til hagsbóta þegar þessi lög hafa tekið gildi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 50. fundur.

Mánudaginn 24. mars, kl. 2 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Efri deild, 51. fundur.

Mánudaginn 24. mars, kl. 4.10 síðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 219). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Enn á ný eru skattamál á dagskrá Alþingis. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt var í vetur frestað að fjalla um álagningarkerfi laga nr. 40 frá 1978, en hins vegar gerðar breytingar á fjölmörgum öðrum tæknilegum þáttum laganna. Lögin frá 1978 voru á sínum tímum hugsuð í tengslum við nýskipan skattamála sem fæli það í sér að staðgreiðslukerfi yrði tekið upp. En á Alþ. varð niðurstaðan á sínum tíma að staðgreiðslufrv., sem fylgdi skattafrv., dagaði uppi. En skattafrv. var þó afgreitt með óbreyttum skattstigum eins og til stæði að framkvæma staðgreiðslu um leið og hið nýja skattkerfi tæki gildi. Af þessum ástæðum er óhjákvæmilegt að endurskoða skattstiga frv. miðað við breyttar forsendur og vegna verðbólguþróunar á undanförnum tveimur árum.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru byggt á einni grundvallarforsendu framar öllu öðru. Það byggist á þeirri grundvallarforsendu, að tekjuskattur einstaklinga í ríkissjóð verði 38.7 milljarðar kr. í innheimtum tekjum, sem sagt að frv. og hin nýju lög skili ríkissjóði þessari upphæð. Þessi upphæð er þannig hugsuð og þannig fengin, að tekið var úrtak úr framtölum ársins 1979, þ. e. framtölum vegna tekna ársins 1978, og var u. þ. b. tuttugasta hvert framtal í því úrtaki. Allar fjárhæðir í úrtaksframtölunum voru skráðar á tölvutækt form. Þessar fjárhæðir hafa síðan verið hækkaðar upp um 45%, en það er það hlutfall sem er talið samsvara meðalhækkun tekna framteljenda milli áranna 1978 og 1979. Fjárhæðin 38.7 milljarðar er sú upphæð sem gömlu skattalögin hefðu væntanlega gefið, miðað við að skattvísitala hefði verið hækkuð um 45%.

Nú er það svo, að þegar skattstiginn er ákveðinn er ekki verið að ákveða hverjar verði innheimtutekjur ríkissjóðs af skattakerfinu, heldur er verið að ákveða hvað álagður skattur gefi. Á milli þessara tveggja hugtaka, álagðs skatts annars vegar og innheimts skatts hins vegar, er nokkurt bil sem hlýtur ávallt að vekja efasemdir og vera með spurningarmerki: Hvernig innheimtast skattarnir og hvernig kemur álagningin út í reynd? Í þessu frv. er gengið út frá því, að álagðir skattar að frádregnum barnabótum og afslætti, sem nýtist til greiðslu sjúkratryggingagjalds og útsvars, nemi nálægt 45 milljörðum kr., það verði sem sagt þessi upphæð sem skili sér í ríkissjóð, 38.7 milljarðar, þegar tillit hefur verið tekið til innheimtuaffalla og annarra atvika sem líkleg eru til að draga niður innheimta upphæð.

Reiknað er með heldur lökum innheimtuárangri á þessu ári vegna ýmiss konar byrjunarörðugleika við breytt innheimtufyrirkomulag. Eins er því ekki að leyna, að tekin er töluverð áhætta þegar breytt er úr einu skattkerfi yfir í annað. Það getur verið þar um ákveðna óvissu að ræða, og hafður er fyrirvari um hugsanlega lítils háttar skekkju af þessu tagi.

Þó verður að segja eins og er, að áhættan er miklu meiri hvað varðar skatt af atvinnurekstri heldur en skatt af tekjum einstaklinga.

Skattstigi tekjuskatts einstaklinga er samkv. þessu frv. þannig, að af fyrsta 3 millj. kr. tekjuskattsstofni greiðast 20%, af næstu 3 millj. greiðast 35%, en 50% af því sem umfram er 6 millj. kr. tekjuskattsstofn. Skattafsláttur frá reiknuðum skatti verður 440 þús. kr. og sami skattstigi og sami skattafsláttur gildir fyrir einhleyping og fyrir hvort hjóna um sig.

Ef menn bera þessa skattstiga saman við skattstigana sem ákveðnir voru 1978 er þarna að sjálfsögðu fyrst og fremst um að ræða hækkun á prósentutölum, sem á rætur sínar að rekja til þess, að gömlu lögin voru miðuð við staðgreiðslukerfi, og verðbólguvöxturinn er tekinn inn í reikninginn, þannig að lögin skili svipuðum skatti og verið hefði við staðgreiðslu skatta. Þó er það eftirtektarvert, að munurinn milli hæsta og lægsta skatthlutfalls er hér talsvert meiri en lögin frá 1978 gáfu tilefni til. Afleiðing þessa er sú, að aukinn hvati skapast til þess að hjón afli bæði tekna. Er auðvelt að sýna fram á það með því einfalda dæmi, að hafi t. d. annar maki tekjur yfir 6 millj. kr. markinu, en hinn engar tekjur, þyrfti samkv. þessum tillögum að gjalda 50% af tekjum í skatt hjá því hjóna sem tekjur hefði umfram fyrrnefndar 6 millj. kr., en einungis 20% af fyrstu tekjum þess sem áður var tekjulaust.

Barnabætur eru samkv. tillögunum 130 þús. kr. með fyrsta barni, en 200 þús. kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum yngri en 7 ára skulu vera 50 þús. kr. hærri en barnabætur með börnum yfir þeim aldri. Einstæð foreldri njóta hæstu barnabóta, eða 250 þús. kr. með hverju barni. Þessar barnabætur eru tvímælalaust ívið hærri en beinn framreikningur á tölum laganna frá 1978. Breyting er nú gerð á sérstökum barnabótum til einstæðra foreldra. Þar var í lögunum frá 1978 mælt fyrir um það, að barnabætur með börnum einstæðra foreldra skyldu vera 40% hærri en barnabætur með öðrum börnum. En það var ljóst, að ákvæði laganna ollu mikilli röskun á skattbyrði einstæðra foreldra innbyrðis, þótt kannske megi segja að skattbyrði hópsins í heild breytist ekki mikið, en þó að vísu heldur til lækkunar. Með því fyrirkomulagi, sem hér er gerð tillaga um, er dregið verulega úr þessari röskun hjá einstökum hópum einstæðra foreldra.

Eins og ég hef gert hér grein fyrir, þá er um það að ræða, að heildarskattbyrðin standi nokkurn veginn í stað frá því sem verið hefði að óbreyttu skattkerfi. En auðvitað verður því ekki neitað, að nokkur tilfærsla verður milli einstakra hópa skattgreiðenda. Þannig lækka skattar einhleypinga að jafnaði um nálægt 12%, en heildarskattgreiðslur hjóna hækka á hinn bóginn um nær 9% að meðaltali. Skattar lækka almennt hjá tekjulægri hluta gjaldenda, en hækka að sama skapi hjá hinum tekjuhærri. Þetta kemur glögglega fram í töflu 1, þar sem breytingin sem verður er skýrð á nokkuð ljósan hátt.

Ég hef að vísu sterkan grun um það, að neðsta línan í

þessari töflu sé haldin prentvillu og eigi að vera: Einhleypingar með 10 millj. kr., 400 talsins, meðalbreyting skatta 180 í mínus, en ekki 130, eins og þarna stendur. Ég held að það sé nokkuð öruggt, að þessi prentvilla hafi slæðst inn við prentun frv. í morgun.

Sé hjónum skipt í flokka eftir tekjuöflun eiginkonu er skattalækkun hjá þeim hjónum þar sem eiginkonan aflar engra tekna, það er tvímælalaust. Hjá hjónum þar sem eiginkonan aflar tekna allt að 2 millj. kr., og þá sérstaklega í efri hluta þess tekjubils, milli 1 millj. og 2 millj., er skattabreytingin nokkuð svipuð og hjá meðaltali hjóna. En hjá þeim hjónum, þar sem eiginkonan aflar meiri tekna en nemur 2 millj. kr., verður hækkunin yfir meðallagi, enda er þar að sjálfsögðu um tekjuhæstu hjónin að ræða að öllum jafnaði.

Hjá u. þ. b. 10% gjaldenda breytast skattar til hækkunar um meira en sem nemur 3% af bráttótekjum. En hjá jafnstórum hópi verður jafnmikil skattalækkun. Veruleg breyting á skattbyrði verður því einungis hjá 20% gjaldendanna. Þetta kemur glöggt fram á töflu 2, sem er aftasta taflan í frv., þar sem er yfirlit yfir þetta sem ég nú nefndi, hver sé heildarfjöldi þeirra skattgreiðenda þar sem skattbyrðin breytist meira en 3% eða minna en 3%. Og eins og menn sjá á lokatölunni, þar sem gefnar eru upplýsingar um alla framteljendur, þeir eru nú 117 þús. talsins, þá lækkar hjá 10% framteljenda, en hækkar hjá 9% framteljenda. En þetta eru meðaltalstölur sem ber að sjálfsögðu að taka með nokkurri varfærni og varkárni eins og allar meðaltalstölur.

Sé miðað við að almennur frádráttur sé 10% af tekjum, sem er lágmarksfrádráttur, eins og kunnugt er, ef menn kunna að telja fram og telja rétt fram, þá verða skattfrelsismörk einhleypings í tekjuskatti — þá á ég við hámark tekna sem ekki þarf að greiða skatta af til ríkissjóðs — 2 444 þús. kr. Sé hins vegar miðað við að frádrátturinn sé 15%, sem hann er í mjög mörgum tilvikum, þar sem menn hafa t. d. vexti til að draga frá eða eitthvað annað, þá eru þessi skattfrelsismörk einhleypinga 2 588 þús. kr. Vegna sérsköttunar hjóna er alls ekki auðvelt að tala um skattfrelsismörk hjóna sameiginlega nema í því sérstaka tilviki að annað hjóna hafi engar tekjur, en hitt hafi allar tekjurnar. En standi þannig á, að annað hjóna hafi aflað allra teknanna, þá verða barnlaus hjón skattlaus séu tekjur þeirra undir 4 470 þús. kr., og er þá miðað við 15% frádrátt frá tekjum. En skattfrelsismörk hjóna með tvö börn og þá er reiknað með að annað þeirra sé yngra en 7 ára — þar sem annað hjóna aflar allra teknanna og frádráttur er 15% af tekjum verða 5 745 þús. kr. Aftur á móti ef við tökum það tilvik, þar sem bæði hjón afla teknanna, og skiptum tekjuöfluninni jafnt á milli þeirra — sem er líka auðvitað enn eitt tilvik sem hægt er að nefna, þau eru kannske mörg hundruð ef því er að skipta, en eitthvað er rétt að nefna í þessu sambandi — þá er ljóst að skattfrelsismörk þessara hjóna eru 7 248 þús. kr., tæplega 7.3 millj.

Í þessu frv. er að sjálfsögðu ekki einungis fjallað um tekjuskatt heldur einnig eignarskatt. Eignarskattsstofn er talinn hafa hækkað milli ára um nálægt 58%. Áður var það svo, að lagt var á hjón sameiginlega. En nú er gert ráð fyrir því, að eignarskattsstofni hjóna sé skipt til helminga milli þeirra og hvort þeirra um sig verði skattlagt af sínum hluta eins og um einhleyping væri að ræða. Áður var skattfrjáls eign hjóna 50% hærri en skattfrjáls eign einhleypings, en nú er sem sagt skattfrjáls eign hjóna orðin tvöfalt hærri vegna þess að nýtt kerfi hefur verið tekið upp. Af þessu leiðir einfaldlega, eins og öllum má ljóst vera, að hjón í heild bera minni hluta af heildareignarskattsbyrðinni, en hlutur einhleypinga vex að sama skapi.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að skattfrjáls eign hvers einstaklings sé 15 millj. kr. og þá skattfrjáls eign hjóna 30 millj. Þessi upphæð er miðuð við tvær forsendur: Í fyrsta lagi þá forsendu, að eignarskattshlutfallið sé 1.2%, og í öðru lagi að skatturinn skili ríkissjóði 50% hærri fjárhæð en nam tekjum af þessum skatti á s. l. ári. Með því að setja eignarskattinn inn í tölvur og reikna, þá eru sem sagt þessi skattfrelsismörk, 15 millj. kr., fengin með því að gefa sér þessar tvær forsendur sem ég nefndi.

Hér er lagt til að tekjuskattshlutfall lögaðila, þ. e. félaga eða rekstraraðila í félagsformi, verði óbreytt frá því sem var við álagningu á seinasta ári. Skatthlutfallið er 65%, eins og var á seinasta ári, en það er sambærilegt hæsta jaðarskatti í skattstiga einstaklinga, þegar tekið hefur verið tillit til þess að lögaðilar hafa heimild til þess að leggja 25% af tekjum fyrirtækisins í varasjóð, en aðrir hafa ekki þá heimild. Ef tekjuskattshlutfall lögaðila eða rekstraraðila væri lægra en þetta, væri sem sagt hætta á að upp kæmi ósamræmi milli þeirra, sem reka fyrirtæki sín í félagsformi, annars vegar og hinna, sem reka þau í eigin nafni. Eignarskattur lögaðila er hér ákveðinn 1.2%, en það er veruleg lækkun frá því sem var á seinasta ári, þegar eignarskattur lögaðila var 1.6%. Skýringin á þessu er einfaldlega sú, að eignarskattur lögaðila var áður frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Sú heimild hefur hins vegar verið afnumin og því er eðlilegt að samræma þessa tölu við önnur eignarskattshlutföll, þ. e. að hafa hana 1.2% eins og gildir um eignarskatt einstaklinga. Ef hlutfallið væri mismunandi mundi það geta haft í för með sér ýmiss konar ráðstafanir aðila til þess að fá sem hagstæðasta útkomu úr skattlagningu. Hins vegar má reikna með því, að þrátt fyrir þessa lækkun skatthlutfallsins úr 1.6% í 1.2% verði veruleg hækkun á álögðum eignarskatti fyrirtækja sem rekin eru í félagsformi, þar sem búast má við talsvert miklum hækkunum á skattstofninum sjálfum vegna endurmats í kjölfar þeirrar reglu, að eignir eru færðar upp í hlutfalli við verðbreytingar.

Ég hef hér gert grein fyrir meginefni þess frv. sem hér liggur fyrir. Enn á ég þó eftir að gera grein fyrir 1. gr. frv., en hún fjallar um námsfrádrátt þeirra sem eru 16 ára og eldri og stunda nám í a. m. k. 6 mánuði á tekjuárinu. Eins og hv. þm. mun kunnugt bárust kröfur til alþm. um það, þegar tekjuskattsfrv. var til meðferðar í febrúarmánuði, að tekjuskattslögin tækju breytingum til batnaðar í þágu námsmanna, sem töldu sig bera afar skarðan hlut frá borði við þessi nýju tekjuskattslög.

Það var einkum þrennt, sem námsmenn nefndu. Það var í fyrsta lagi að felld væri niður heimild til þess að draga námskostnað frá tekjum manns í fimm ár eftir að námi lýkur. Sú heimild var í gömlu tekjuskattslögunum, en er ekki í þessum nýju lögum.

Í öðru lagi töldu þeir að námsfrádráttur vegna náms á tekjuárinu, þ. e. á líðandi stund, hefði verið ákveðinn allt of lágur í 30. gr. laganna og þeir yrðu því fyrir verulegum áföllum við þessa breytingu. Námsfrádrátturinn var á s. l. tekjuári þetta frá 94 þús. kr. og upp í 305 þús. kr. fyrir skóla hér innanlands, en fyrir skóla erlendis var frádrátturinn frá 580 þús. kr. og upp í 890 þús. Þegar þessar

upphæðir hafa verið hækkaðar um 45% miðað við tekjubreytingu milli ára verður auðvitað ljóst, að þær hafa verið ákveðnar af skattstjóra á seinasta ári miklu hærri en gert er ráð fyrir í lögunum, eins og þau liggja nú fyrir, þar sem ekki er gert ráð fyrir að þessi upphæð sé nema 430 þús. kr.

Í þriðja lagi kvörtuðu námsmenn yfir því, að frádráttur á líðandi stund, þ. e. frá liðnu tekjuári, væri ekki yfirfæranlegur til maka, þannig að ef námsmaðurinn sjálfur hefði engar tekjur, en maki nokkrar tekjur, þá nýttist námsfrádrátturinn að engu leyti. Þetta væri sem sagt breyting frá því sem verið hefði þegar hjón voru samsköttuð.

Þessar athugasemdir hafa verið vandlega athugaðar í fjmrn. síðan þessi mál komu til umr. hér á Alþ. fyrir þrem vikum. Það var skoðun þeirra, sem um þessi mál fjölluðu þar, að mjög óeðlilegt væri að taka aftur upp gömlu regluna um það, að námsfrádráttur sé heimilaður í fimm ár eftir að námi lýkur. Þeir menn, sem ég ræddi þetta mál við, töldu að slík heimild væri í hrópandi mótsögn við aðrar þær breytingar, sem verið er að gera á tekjuskattslögum með þessari skattkerfisbreytingu, og erfitt væri að réttlæta það, að maður, sem kominn væri í miklar tekjur að námi loknu, fengi að draga frá tekjum sínum kostnað sem hann stofnaði til fyrir mörgum árum, enda sem sagt ekki í samræmi við aðrar þær reglur sem gilda í okkar skattalögum.

Niðurstaðan varð sú, að þessi krafa námsmanna var ekki tekin til greina. Hins vegar þótti eðlilegt að ganga til móts við kröfur námsmanna hvað það snertir að hækka námsfrádrátt á líðandi stund, því að hann er bersýnilega talsvert lægra ákveðinn í þessum lögum en var í fyrra skattkerfi. Og hér er sem sagt gerð till. um það, að námsfrádráttur hjá námsmönnum innanlands verði 500 þús. kr., í staðinn fyrir þær 430 þús. kr. sem áður hafði verið gerð till. um í lögunum, en þessi upphæð skuli vera tvöfalt hærri ef nám er stundað erlendis. Það er ljóst að nám erlendis er miklu dýrara en nám hér innanlands. Þessi frádráttur var tæpar 900 þús. kr. fyrir þá námsmenn, sem stunduðu nám í Bandaríkjunum á s. l. ári, að vísu nokkru lægri fyrir þá sem stunduðu nám í Vestur-Evrópu, eða 580 þús. kr. En hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að fyrst og fremst sé um að ræða tvær viðmiðunartölur, 500 þús. kr. annars vegar fyrir nám innanlands og 1 millj. fyrir nám erlendis.

Í öðru lagi er gerð till. um þá breytingu, að frádrátturinn verði ekki lengur tengdur launatekjum þess sem námið stundar. Af þessari breytingu leiðir það, að frádrátturinn nýtist maka tekjulauss námsmanns eins og áður var. Vissulega má segja að þessi breyting sé ekki að öllu leyti í samræmi við meginstefnu þeirrar skattkerfisbreytingar sem hér gengur yfir, þar sem verið er að aðskilja skattlagningu hjóna. Þó vitum við að frá þeirri meginreglu eru allmargar undantekningar gerðar í þessum skattalögum, m. a. breytingar sem fela í sér að millifæra má ónýttan persónufrádrátt milli hjóna, og svo annað dæmi sé nefnt, þá er giftingarfrádráttur millifæranlegur. Því þótti rétt að nánar athuguðu máli að gera hér till. um að þessi frádráttur yrði það líka.

Ég tel að með þessum tveimur breytingum sé gengið verulega til móts við óskir námsmanna, þó að ekki sé að öllu leyti orðið við kröfum þeirra, enda verður að segjast eins og er, að sú krafa, að námsfrádráttur gildi í mörg ár eftir að námi er lokið, hafi að öllu leyti verið óeðlilegasta krafan, sem frá þeim kom, og í minnstu samræmi við þá kerfisbreytingu sem hér er verið að gera.

Að lokum vil ég geta þess, að námsmenn óskuðu eftir því m. a., að vextir af námslánum yrðu gerðir frádráttarbærir með sama hætti og vextir af lánum til húsakaupa eru það í núgildandi lögum. Þetta mál er mjög flókið og óneitanlega talsvert álitamál hvort gera á breytingu af þessu tagi. Eins og menn vita eru greiðslur námslána meira eða minna tengdar þeim tekjum sem námsmenn hafa að loknu námi. Og málið fer auðvitað að gerast æðiflókið ef hvort tveggja verður, að endurgreiðsla námslánanna er háð þeim tekjum, sem menn hafa að loknu námi, og tekjur manna, þegar skattur hefur verið greiddur, eru háðar því, hvað þeir eiga að greiða mikið námslán og mikla vexti af slíkum lánum. Við töldum eðlilegra að þessi hlið málsins yrði skoðuð í tengslum við endurskoðun á námslánakerfinu. Þessi tvö atriði tengjast það náið saman, að óeðlilegt er að taka ákvörðun um annan þátt málsins án þess að gera hinum þættinum skil samtímis.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það munu reyndar vera ný vinnubrögð sem viðhöfð eru í sambandi við þetta mál, þ. e. að stjórnarandstöðu sé ætlað að tjá sig um stórmál af þessu tagi rétt um það leyti sem það sést hér á borðum. Venjan mun hafa verið sú, að menn fengju nokkurn tíma til umfjöllunar slíkra mála. En sannleikurinn er sá, að þessu er hér dreift núna og fyrir því mælt og þess vegna kannske ekki unnt að gera málinu eins ítarleg skil og æskilegt hefði verið af hálfu stjórnarandstöðu. Ég vil mælast til þess, að framvegis verði leitast við að gefa mönnum betra svigrúm til þess að átta sig á stórmálum eins og þessu.

Það má náttúrlega segja, að menn hafi beðið þess með nokkurri eftirvæntingu að sjá skattpíningarstiga Arnalds. Hann er öllu brattari og líklegri til að vinda úr launþegum mátt heldur en menn hefðu kannske átt von á, því að það er ekki langt síðan hæstv. fjmrh. hrópaði sem hæst á torgum um það, að allir vildu skerða kjörin nema hann. Það var eiginlega söngur af taginu: „Ó, nema ég.“ En þegar saman er tekið það sem birst hefur þjóðinni, þá virðist þessu nú vera nokkuð öfugt farið miðað við þann málflutning sem hæstv. fjmrh. hafði áður uppi.

Fjmrh. hefur lýst því yfir, að engar grunnkaupshækkanir komi til greina, ekkert svigrúm sé fyrir þær, og úr fjálagafrv. eða grg. þess má lesa 4.5% skerðingu kaupmáttar eða lífskjara í landinu. Síðan er hér bætt gráu ofan á svart, því að hækkun tekjuskatts á einstaklingum frá frv. því, sem Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. fjmrh., lagði fram, er 27%.

Það frv. um skattstiga, sem hér liggur fyrir, ber þessa náttúrlega öll merki. Þar sem gert var ráð fyrir 15% skatthlutfalli í frv. Sighvats Björgvinssonar eru nú 20%. Þar sem gert var ráð fyrir 30% eru nú 35%. Og þar sem gert var ráð fyrir að barnabætur skyldu vera 140 þús., þá mátti ekki ganga svo langt í frv. hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds sem hér liggur fyrir, heldur einungis í 130 þús. Sama gildir reyndar með börn umfram eitt. Þar er líka klipið af barnabótunum 15 þús. kr. frá því sem var í frv. því sem Sighvatur Björgvinsson lagði fram. Ekki mega

heldur einstæðir foreldrar njóta þess sem við í minnihlutastjórn Alþfl. höfðum gert ráð fyrir. Þar eru klipnar af 20 þús. kr.

Ég tók eftir því enn fremur, að hæstv. fjmrh. lét þess getið áðan að eignarskattur mundi sérstaklega vaxa á einhleypum. Það var nú kannske einn viðkvæmasti þátturinn í eignarskattsálagningunni, t. d. ekkjur við aldur sem áttu sér íbúð, en einnig í þessu atriði hefur hæstv. fjmrh. séð ástæðu til þess að framfylgja sérstakri skattpíningarstefnu og lækkað skattfrjálsa eign úr 17 millj. í 15 millj. kr.

Það er athyglisvert, að meðan skattstiginn, sem minnihlutastjórn Alþfl. lagði fram, gerði ráð fyrir að meðalskattbyrði lækkaði um 16%, þá er nú með óljósum orðum verið að gera því skóna að heildarskattbyrði samkv. þessu frv. muni því sem næst standa í stað. Þegar litið er á samanburðinn í einstökum liðum kemur í ljós að heildarskattgreiðslur hjóna eiga nú að hækka um nær 9%, en áður hafði verið gert ráð fyrir að þær lækkuðu um 10%. Þarna er því næst 20% álagning af hálfu hæstv. fjmrh. umfram það sem ríkisstj. Alþfl. hafði gert ráð fyrir. Það eru því nærri 20% sem heildarskattgreiðslur hjóna eru hækkaðar. Það gildir svipað um einhleypinga. Þar er heildarskattbyrðin aukin um 17% frá því sem minnihlutastjórn Alþfl. hafði gert ráð fyrir.

Ekki hefur hæstv. fjmrh. heldur getað hugsað sér að hækka skattfrelsismörk, hvorki einhleypinga né hjóna, í námunda við það sem gert var ráð fyrir í frv. Alþfl. Þar skeikar bæði að því er varðar einhleypa og hjón. Hjá einhleypum skeikar 450—500 þús. kr., sem hæstv. fjmrh. fer niður með skattfrelsismörkin, og þá niður í um það bil 200 þús. kr. mánaðartekjur, sem hann þarf að næla sér í skatta af til ríkissjóðs. Og að því er hjón varðar, þá er munurinn um 400 þús. kr. Þetta er um 20% lækkun á skattfrelsismörkunum hjá einhleypingum og um 15% lækkun á skattfrelsismörkunum hjá hjónum. Þannig er allt á eina bókina lært. Ekki hefur það einu sinni séð náð fyrir augum hæstv. fjmrh. að hlífa hinum lægstu tekjum við álagningu tekjuskatts.

Þetta er þeim mun herfilegra sem vitað er að tekjuskatturinn er sérstaklega óréttlátur skattur. Þar kemur ekki einungis til hreinn undandráttur frá skatti, sem þekktur er, heldur líka smeygjugataskattsvik, sem eru mjög mikil einmitt í þessum skatti. Það sem áður hét: „Ó, nema ég, ég stend vörð um kjörin," það er nú að verða öfugmæli að öllu leyti. Það er fyrst og fremst „ég, hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds", sem ætlar að skerða kjörin. „Ég ætla að standa gegn grunnkaupshækkunum, ég ætla að skerða kaupmáttinn um 4.5% og ég ætla að hækka tekjuskattinn um 27%." Þetta er boðskapur fjmrh. í þeim frv. sem hann hefur lagt fram.

Vitaskuld er það svo að ríkið þarf á tekjum að halda. En þá er á tvennt að líta: Annars vegar að afla þeirra með réttlátum hætti, að skattheimtan komi eðlilega niður og þeir sem minnstar hafi tekjurnar verði þá ekki fyrir barðinu á skattpíningarstefnunni. Og svo er hitt, að líta á eðlileg umsvif í þjóðfélaginu, hvert er gjaldþol fólksins miðað við aðstæður, hvað er líklegt til þess að skila okkur viðunandi lífskjörum í landinu og stuðla að því, að hér verði dregið úr verðbólgu, með því að aðhalds sé gætt á öllum sviðum.

Ég held að frumvarpsflutningur af því tagi, sem hér liggur fyrir, fari fram úr því sem eðlilegt er að ætlast til af launþegum þessa lands, fari fram úr eðlilegum umsvifum ríkisins, eins og málin eru í pottinn búin núna, og verði til þess að sprengja hér upp enn frekari verðbólgu en annars hefði verið.

Ég skal ekki mæla gegn því, að þessu frv. verði vísað til nefndar. En ég ítreka það, að hér er djúpt seilst í vasa skattborgaranna og sérstaklega djúpt seilst í vasa þeirra sem minnstar hafa tekjurnar og frv. ríkisstj. Alþfl. hafði gert ráð fyrir að sérstaklega yrðu verndaðir gegn skattpíningu af þessu tagi. Það er hörmulegt til þess að vita, að hér skuli eiga að stíga skref aftur á bak frá skynsamlegri efnahagsstefnu, frá skynsamlegri skattastefnu.

Ég vil svo að lokum mælast til þess, að þegar mál af þessu tagi koma til umfjöllunar hér í hv. deild og á hv. Alþ., þá verði stjórnarandstöðunni gefið meira tóm en hér hefur verið gert — og deild og Alþ. þannig sýnd meiri virðing en hér hefur verið gert með því að fá frv. til skoðunar með nokkru meiri fyrirvara en nú hefur verið gert.

Forseti (Helgi Seljan): Út af orðum hv. þm. um vinnubrögð vil ég taka það fram í fyrsta lagi, að því miður hafa þau viðgengist ærið lengi hér á Alþ. og ekkert nýtt í því. Ég segi: því miður, því það er mikið miður að svona skuli vera. Hins vegar vil ég taka það einnig fram, að ég ræddi það við fulltrúa beggja stjórnarandstöðuaðila, þegar mér varð ljóst að ekki hafði verið rætt við þá áður, hvort þeir hefðu mikið á móti því, að þetta mál kæmi fyrir, og þeir tjáðu mér, báðir aðilar, að þeir gætu fallist á þessa málsmeðferð. Ég skal hins vegar sjá til þess, að slíkt sem þetta gerist ekki aftur, ekki að nauðsynjalausu, en svo hefur verið æðioft á þeim tíma sem ég hef setið hér, að mál hafa að nauðsynjalausu verið tekin þannig fyrir.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, 2. þm. Reykn., að þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð og hæstv. forseti vék að eru náttúrlega þess eðlis, að það er naumast hægt að þola þau. Ég vil benda á í sambandi við það sem kom fram hjá hæstv. forseta, að oft hefur það verið svo einmitt um mál eins og skattamál, alveg sérstaklega þegar verið er að fjalla um flókna skattstiga, að þá hefur einstökum nefndarmönnum í fjh.- og viðskn. verið gerð grein fyrir slíkum málum, hvort sem þeir væru í stjórnarandstöðu eða fylgja ríkisstj., áður en slík mál voru lögð fram á Alþ. Hér er því náttúrlega ekki einasta brugðið út af venju með því, að málið er tekið með afbrigðum á dagskrá um leið og það er lagt fram, heldur líka þeirri venju, sem ég hygg hafa verið a.m.k. hin síðari ár, þegar ég hef átt sæti á Alþ., að þá hafa einstökum nm. í hv. fjh.- og viðskn. verið kynnt slík mál áður en þau hafa verið lögð fram. Ég vil því taka mjög undir gagnrýni hv. þm. Kjartans Jóhannssonar í þessu efni.

Um þetta mál efnislega er örðugt að ræða við þær aðstæður sem það er lagt hér fram. Ég skal þó aðeins benda á það og undirstrika það rækilega, að bersýnilegt er að þetta mál er einn liður í því að þyngja skattbyrði á þjóðinni. Það er beinlínis sagt í grg. með frv., að talið sé að þessir skattstigar gefi ívið meiri innheimtan skatt en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., og álagðir skattar verða miklu hærri en ráð er fyrir gert. Hæstv. ráðh. hefði átt að viðurkenna þetta, að hann er hér að leggja fram frv. sem gengur lengra í skattheimtu en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., og er þó sú forsenda fyrir tekjuáætlun fjárlagafrv., að allar þær viðbótarálögur, sem fyrri vinstri

stjórn stóð að í sambandi við tekju- og eignarskatt, voru þar innifaldar.

Ég hef hér í höndunum áætlun frá Þjóðhagsstofnun sem gerir grein fyrir því, hvernig skattbyrði hefur breyst á undanförnum árum miðað við tekjur á greiðsluári. Þetta eru í heild tekju- og eignarskattar, útsvör, almannatryggingagjald, sjúkrasamlagsgjald, sjúkratryggingagjald og fasteignaskattur. Þegar tölur þessar eru skoðaðar sést að nú þegar búið er að heimila — eða svo til búið að heimila 10% viðbótarálag á útsvar, og þegar þetta frv. er hér rætt, sem eins og stendur hér í grg. mun gefa ívið meiri innheimtan skatt, þyngja skattbyrðina á sviði tekjuskatts og eignarskatts, þá hefur þessi skattheimta hækkað í prósentum af tekjum greiðsluárs um nærri 4% frá því 1977, þ. e. 4% af brúttótekjum í landinu, sem þýðir hvorki meira né minna en um 30 milljarða kr. á þessu ári.

Hér er ég með plagg fyrir framan mig. Það er frá Þjóðhagsstofnun. Hér stendur að á árinu 1980 séu brúttótekjur skattgreiðenda áætlaðar 800 milljarðar kr. Og það er sagt, að skattbyrðin á þessu ári verði yfir 14% af þessari upphæð, en hún var 10,6% 1977. Á þessum tölum geta menn ljóslega séð hvert stefnt er. Það er ekki nóg að menn hækki söluskatt og vörugjald, helst á hverju ári. Það er líka verið stórkostlega að þyngja þessa beinu tekju- og eignarskatta. Og svo langt er nú gengið, að það er að nálgast það met sem vinstri stjórnin setti 1972, en þá var þessi byrði ívið meiri en hún verður í ár.

Þetta þýðir það í raun og veru, að fimm manna fjölskylda þarf að horfast í augu við það nú á þessu ári, 1980, að greiða í þessa skatta sem ég nefndi áðan u. þ. b. 700 — 800 þús. kr. meira en ef hún hefði greitt sama hlutfall af brúttótekjum 1977.

Ég sé að hæstv. ráðh. lyftir brúnum. Ég held að hann ætti að kynna sér hvað þarna hangir á spýtunni.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frv. í einstökum atriðum. Það verður að sjálfsögðu skoðað í hv. fjh.- og viðskn. þar sem ég á sæti. Það er allt rétt sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni um einstök atriði sem í fljótu bragði má lesa út úr þessu frv. En langalvarlegasta hliðin á frv. er þessi, að það er gegndarlaust á öllum sviðum, bæði í tekju- og eignarsköttum til ríkisins, í útsvarsinnheimtu og á öðrum sviðum skattheimtu, alltaf verið að spenna bogann hærra og hærra, fara dýpra og dýpra í vasa skattborgaranna, þannig að ríkið er þá að taka ráðstöfunartekjur af einstaklingunum, af heimilunum og nota til misjafnlega góðra hluta. Þetta leiðir til þess, að í raun — fyrir utan þá kaup- og kjaraskerðingu sem gert er ráð fyrir að menn verði fyrir á þessu ári — er ríkið að stórauka þá raunverulegu kjaraskerðingu sem menn verða fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 48. fundur.

Mánudaginn 24. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Alþingi, 23. mars 1980.

Vegna opinberra erinda erlendis mun ég ekki geta sótt fundi Alþingis næstu daga. 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sigurgeir Bóasson, mun á meðan taka sæti mitt á Alþingi.

Steingrímur Hermannsson."

Sigurgeir Bóasson hefur átt sæti á Alþingi fyrr á þessu þingi og býð ég hann á ný velkominn til starfa.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 117, n. 213, 214). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 214 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. 1. — 2. gr. (verða 2. — 3. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Lántaka Framleiðsluráðs landbúnaðarins, frv. (þskj. 197, n. 208 og 211, 202, 209). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 209, 1 felld með 22:6 atkv.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 202,1 felld með 22:5 atkv.

Brtt. 209,2 felld með 27:5 atkv.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IGísl, JE, JÞ, MB, MÁM, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, SkA, SV, SBó, SteinG, SvG, ÞS, AG, SvH.

ÁG, JS, KP, MHM, VG greiddu ekki atkv.

5 þm. (JBH, GeirH, IGuðn, ÓE, SighB) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem var samningsmál á milli flokka frá tíma vinstri stjórnarinnar vegna úrslita úr sérstakri nefnd sem þá starfaði. Ég tel mig vera bundinn af þeim samningum sem þar fóru fram, en vil lýsa því yfir, að ég er þeirrar skoðunar að þetta mál þurfi að breytast. Þessi mál öll þurfa að takast upp og ég treysti því, að núv. hæstv. landbrh. skilji þessi sjónarmið og sjái til þess, að reynt verði að ná víðtæku samkomulagi í þessu máli í framtíðinni. Sjálfur hef ég kynnt honum oft og tíðum mín sjónarmið, sem hann gjörþekkir, og í trausti þess, að hann taki mark á þeim, segi ég já.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Alþfl. hefur reynt við meðferð þessa máls hér í þinginu að koma einhverjum skaplegheitum á það. Málið er, eins og það er lagt fyrir, mjög illa undirbúið og engin fordæmi þess, að slíkt sé lagt fyrir Alþ., eins og þetta mál er gert. Það er greinilegt að meiri hl. þingdeildar stendur að því að fella þær brtt., sem Alþfl. flytur við málið, sem gætu þó verið vísir að því að hér yrði skaplegar á landbúnaðarmálum tekið í framtíðinni. Alþfl. hefur viðurkennt vissan vanda í landbúnaðarmálum og gert till. til breytinga þar um og til breyttrar stefnu í landbúnaðarmálum. Að þessu hafa hans till. hnigið, en allt útlit er fyrir að þeim verði hafnað. Það sem af er hefur þeim verið hafnað. Ég mun því við þessa atkvgr. sitja hjá. Ég greiði ekki atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Samþykkt þessa frv., sem við greiðum hér atkv. um, er til þess að ráða bót á hluta af gífurlegum vanda, sem landbúnaðurinn og íslenskir bændur lentu í á s. l. ári og fyrra vetri, og kemur þess vegna ekki nema mjög óbeint við landbúnaðarstefnunni í heild. Ég er hins vegar sammála þeim, sem hér hafa gert grein fyrir sínu atkv., að gjörbreyta þurfi þeirri stefnu sem hefur verið rekin í þessu máli á liðnum árum og virðist vera rekin nú. En ég tel að þetta sé annað og sérstakt vandamál og ég greiði atkv. með þessu frv. til þess að ráða fram úr því og segi því já.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Talsmenn Alþfl. í báðum deildum þessarar virðulegu stofnunar hafa reynt með brtt. að koma nokkru viti í þetta frv. Við höfum skýrt frá því, að okkur þykir aðferðin vera röng og okkur þykir formið vera hættulegt. Sá er kjarni málsins, að hér er ekki um lán að ræða, þó að frv. heiti svo, heldur er hér um styrk að ræða. Þess vegna er þessi framsetningarmáti frv. auðvitað grínagtugur. Það er engu að síður ljóst, að örlög þessa máls eru þegar ráðin og þetta frv. verður samþ. hér í hv. deild. Ég vil mótmæla þessu máli öllu og greiði ekki atkv. um það.

3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 209,3 felld með 19:6 atkv.
Brtt. 202,2 felld með 21:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að biðja hér um orðið utan dagskrár til þess að vekja athygli á og ræða nokkuð þann mikla vanda sem nú er fyrir höndum í þjóðfélaginu hvað snertir bæði fiskverðsákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins og stöðu fiskvinnslunnar og raunar útgerðarinnar í landinu. Það eru liðnir 84 dagar frá áramótum og mig minnir að fiskverð hafi ekki verið ákveðið fyrr en 23 jan. En þegar til framkvæmda komu uppbætur á laun almennt frá 1. mars sögðu báðir aðilar, kaupendur og seljendur, upp fiskverðinu frá þeim degi og síðan hefur verið fiskverðslaust í 24 daga. Af þeim 84 dögum, sem liðnir eru af þessu ári, eru því 47 dagar sem ekkert fiskverð hefur verið í þessu landi fiskveiða og sjávarútvegs.

Nú hefur yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins setið að störfum, ef svo má kalla það, frá síðustu mánaðamótum, og ég hef lesið í blöðum viðtal við hæstv. sjútvrh., sem er ekki staddur hér í eigin persónu í dag, en annar ráðh., hæstv. viðskrh. gegnir störfum hans. Sjútvrh. hefur látið eftir sér hafa að hann harmi það, að ekki hafi náðst samkomulag á milli aðila í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Í gærkvöld birti sjónvarpið allítarlega frétt af þessum málum. Skýrði fréttamaður þar frá störfum Verðlagsráðs sjávarútvegsins og sömuleiðis átti sjónvarpið viðtal við annan af fulltrúum seljenda í Verðlagsráði sjávarútvegsins, fulltrúa sjómanna, Ingólf Ingólfsson, þar sem hann skýrir mjög opinskátt frá því, að fundir Verðlagsráðsins, það sem liðið er af þessum mánuði, eru ekki um það að reyna að glíma við tölur eða annan útreikning á sviði sjávarútvegs og sjávarútvegsmála, heldur fyrst og fremst að spjalla um aflabrögðin og veðurfarið og þess háttar, því að þeir bíða eftir að stjórnvöld taki einhverja ákvörðun og leysi þann mikla vanda sem hér er við að glíma.

Verðbætur á laun hækkuðu frá 1. mars um 6.67%, og það er krafa seljenda í Verðlagsráði sjávarútvegsins, bæði sjómanna og útgerðarmanna, að fiskverð hækki í samræmi við þessar almennu launahækkanir sem urðu 1. mars. Hins vegar telja fiskkaupendur óumflýjanlegt að lækka fiskverðið frá sama tíma um 12%. Það þarf því engan að undra — og ekki hægt fyrir ríkisstj. að harma það — að þessir aðilar nái ekki saman í Verðlagsráði sjávarútvegsins, því að til þess er auðvitað enginn grundvöllur. Annar aðilinn telur sig eiga að fá verðbætur á laun eins og aðrir launþegar í þessu landi, en hinn telur stöðu sína slíka — og þá sérstaklega frystiiðnaðurinn og líkt má segja um saltfisk og skreið, þó að ég hafi þar ekki eins glöggar upplýsingar — að hann telur sig engan veginn geta staðið við gildandi fiskverð, heldur verði að lækka það verulega, meira að segja um 12%. Þannig standa þessi mál. Þannig blasa þessi mál við öllum almenningi í landinu og ríkisstj. hefur, síðan hún var mynduð eða skömmu eftir það, séð fram á þennan mikla vanda, að hann er fram undan.

Ég vil, áður en ég held lengra, spyrja hæstv. staðgengil sjútvrh., hæstv. viðskrh., að því, hvort það sé rétt sem sagt er, að uppi séu áform innan ríkisstj. um að skattleggja útgerðina í landinu með því að leggja sérstakt gjald á hvern lítra af gasolíu, 7 kr. á lítra, sem mundi þýða nýja skatta á útgerðina upp á um 900 millj. kr. miðað við heilt ár, og jafnframt að leggja 7 þús. kr. gjald á hvert tonn af svartolíu, sem mundi þýða nálægt 350 millj. kr. á ári.

Þetta er umtal sem kvisast víða, að hér sé áformaður nýr skattur á útgerðina upp á 1250 millj. kr. miðað við ár, samhliða því að sjómenn og útvegsmenn verða að sætta sig við margvíslegar aflatakmarkanir. Þetta á sennilega að gera til þess að mæta hinum gífurlega háa olíukyndingarkostnaði. En minna má á að 2.3 milljarðar voru í fjárlagafrv. nr. 2 til niðurgreiðslu eða lækkunar á kyndingarkostnaði, en hurfu svo með fjárlagafrv. nr. 3, sem núv. hæstv. ríkisstj. lagði fram.

Nú kunna menn að spyrja: Er ekki sjávarútvegurinn og fiskiskipin það vel á vegi stödd, að þau geti tekið á sig nýja skatta og þau geti gengið frá kröfu um fiskverðshækkun? Ég hef ekki fyrir mér ítarlegar upplýsingar á þessari stundu, en ég vil minna á að í Fiskveiðasjóði eru heildarvanskil togara um síðustu áramót 3 225 millj. og annarra skipa 2 003 millj. og fiskvinnslufyrirtækja um 2

418 millj. Þetta eru vanskil af höfuðstóli fyrir utan vexti. Samtals eru vanskil sjávarútvegsins um síðustu áramót hjá Fiskveiðasjóði um 7 646 millj. kr.

Við skulum líta á annan stofnlánasjóð sem hefur komið mjög við sögu í lánum til sjávarútvegs, en er miklu minni en fiskveiðasjóður, því að höfuðstóll lána í Fiskveiðasjóði til sjávarútvegsins í heild er 71.9 milljarðar kr.

Í Byggðasjóði er höfuðstóll fiskveiða og fiskvinnslu 12.3 milljarðar. Þar af eru í vanskilum um 1 050 millj. 1. jan. s. l., og vextir, sem eru í vanskilum, af þessum lánum eru upp á hvorki meira né minna en 498.3 millj. kr. Þá geta menn rétt gert sér í hugarlund vaxtaskuldina við Fiskveiðasjóð, sem ég hef ekki hér.

Þetta ber ekki vott um það, að fiskveiðarnar standi traustum fótum, og því ekki hægt að búast við að hægt sé að leggja nýja skatta á þær. En þær verða að taka á sig stóraukin útgjöld vegna hinnar almennu verðbólgu sem æðir áfram á fullri ferð í okkar landi, því miður.

Það hefur komið fram bæði í blöðum og víðar, að nokkur lækkun hefur orðið á útflutningsvöru okkar, sérstaklega í Ameríku. Það hefur orðið þar tilfinnanleg lækkun, sérstaklega á karfa og ufsa, þorski og einnig á þorskhrognum. Þegar við lítum á þetta og berum saman stefnu stjórnvalda að auka vinnslu og veiðar í vannýttum fiskstofnum, þá var árangur sá, að í útflutningi SH eins til Bandaríkjanna jókst karfi frá árinu 1978 til 1979 um 48%, eða úr 5 628 tonnum í 8 332 tonn. Á ufsa var aukningin 18.2% og á grálúðu 22.7%. Þessi mikla aukning er heildarútflutningur, en til Bandaríkjanna var aukningin á karfa á milli þessara ára, 1978 og 1979, 119.4% og á ufsa um 15%, en aftur til Sovétríkjanna var aukningin á karfa 10.5% en á ufsa 136.5%. Þetta skýrir mjög vel að sú mikla aukning, sem hefur orðið á framleiðslu á þessa markaði, hefur gert það að verkum að ýmsir söluerfiðleikar hafa átt sér stað, þar sem framboðið hefur vaxið snöggt og þetta er vara sem þolir ekki langa geymslu, eins og öllum er kunnugt. Því er eðlilegt að verðbreytingar hafi orðið í Bandaríkjunum þar sem meginmagn af þessari vöru er selt. Breyting varð á verði um mánaðamótin jan.-febr. hjá báðum íslensku fyrirtækjunum í Bandaríkjunum, bæði fyrirtæki SH, Coldwater Seafood Corporation, og fyrirtæki Sambandsins, Iceland Seafood. Lækkun á þorskblokkinni varð um 5 sent og sama á ýsublokk, og lækkun á karfa í 1 lbs. pakkningu 10 sent og í 5 lbs. pakkningu 15 sent. Og þannig mætti lengi telja þessa lækkun sem var af þessum ástæðum óumflýjanleg.

Þessar verðlækkanir þýða ca. 2 milljarða tekjutap fyrir Sölumiðstöðina eina en á grundvelli verðjöfnunarsjóðsins jafngildir þetta tveimur sentum af heildarmagni útflutnings, sem þýðir um 1.8% lækkun á heildarverðmæti.

Um síðustu áramót er talið að hraðfrystiiðnaðurinn hafi staðið á núlli sem kallað er. Síðan hækkar hráefni að meðaltali um 7.3%, sem þýðir auknar álögur á frystihúsin upp á 3.8%. Útflutningsgjald hækkar um 0.5%, kauphækkunin 1. mars er hækkun upp á 2%, rafmagn, umbúðir, þjónusta o. fl. hækkar um 0.5%. Neikvæð útkoma af loðnu, er reiknuð var, hefur haft tapáhrif upp á ca. 1—1.5%, og vanreiknaða vexti, með tilliti til vaxtakjara í verðbólguþjóðfélagi eins og okkar, vilja menn áætla allt upp í 2.7%. Um mánaðamótin febr.—mars er hraðfrystiiðnaðurinn því kominn niður í mínus 11%, en þar frá dregst gengissig frá áramótum til febrúarloka, sem er metið á 2%, þannig að halli frystihúsanna um síðustu mánaðamót getur leikið á 7—9%, og fer það mjög eftir því hvernig vaxtaútreikningur er framkvæmdur. Því er þessi óvissa svona mikil.

Hæstv. sjútvrh. hefur látið eftir sér hafa að hann muni leggja fram till. í þessari viku, en bætti því þó við, að þær muni ekki leysa vanda sjávarútvegsins nema að mjög takmörkuðu leyti, og lét í það skína í blaðaviðtölum, ef hafa má það rétt eftir— en ekki var það afturkallað, að vandi fiskvinnslunnar verði ekki leystur nema með gengisbreytingu. Ég held að gengisbreytingar, sem gripið hefur verið til af fjöldamörgum ríkisstjórnum til þess að koma í veg fyrir að útflutningsiðnaðurinn — og þá ekki eingöngu sjávarútvegurinn — stöðvaðist, — að hin góðu áhrif gengisbreytinganna fari sífellt minnkandi vegna þess að afurðalánin eru nú gengistryggð að hálfu. Skuldir útvegsins og skuldir þjóðarinnar hafa aldrei verið meiri, og því eru gengisbreytingarnar eða áhrif gengisbreytinganna sífellt að verða verri og verri.

Ég biðst afsökunar á því, að ég skuli hafa tekið þennan tíma til þess að skýra frá þessum vanda, sem þó er aðeins tæpt á, en ég sé og heyri í stefnumörkun þessarar hæstv. ríkisstj. að hún telur sig stefna að framleiðniaukningu í þjóðfélaginu. Ég tel að með þessari stefnu — eða réttara sagt stefnuleysi sem átt hefur sér stað í sjávarútvegi verði ekki um framleiðniaukningu að ræða þó að fiskveiðar séu meiri að magni til en áður, vegna þess að staða þeirrar greinar fiskvinnslunnar, sem skapar mest verðmæti, er núna lakari en hinna og margir grípa til þess ráðs að draga úr frystingu og fara meira yfir í saltfisks- og skreiðarframleiðslu. Þetta eitt hlýtur að draga úr verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Þetta hlýtur að brjóta í bága við þá stefnu sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur sagt að sé sín stefna, og auðvitað er það stefna allra landsmanna að auka framleiðni.

Hæstv. forsrh. sagði í blaðaviðtali um daginn að hann teldi mörg frystihúsin hafa haft svo góða afkomu á liðnum árum að þau ættu að geta tekið á sig einhver óþægindi vegna bæði hækkana innanlands og lækkana erlendis. Ég vil nú benda honum á það sem öðrum, að jafnvel þó að það sé satt og rétt að öll vel rekin frystihús hafi haft góða afkomu um nokkurt bil, þá hafa þau ekki safnað í sjóði, heldur hafa þau fyrst og fremst notað þennan hagnað til að kaupa betri tæki, til kaupa á vélum og nýjum húsum til þess að byggja upp sín fyrirtæki. Frystihús, sem á pappírunum eru sterk efnalega, geta því verið gersamlega peningalaus og ófær um að borga sífellda hækkun rekstrarkostnaðar, svo þetta þarf ekki að vera sakir fátæktar eða erfiðrar efnahagsstöðu. Hitt er svo staðreynd, að það er ekkert fiskverð í landinu, og ég hygg að engin stétt í þessu þjóðfélagi muni sætta sig við að vita ekki, hvaða kaup hún á að hafa, langtímum saman og að verið sé að leika sér að þessum málum, eða réttara sagt að ekki sé tekið af neinni alvöru á þessu mikla vandamáli.

Við sjáum fram á það, að þær breytingar, sem orðið hafa til hins verra í afurðaverði okkar erlendis, eru þess valdandi að fiskvinnslan getur ekki tekið á sig auknar byrðar, heldur verður að létta af henni byrðum. Það, sem ég talaði hér um vanskil sjávarútvegsins við tvo stofnlánasjóði, segir meira en löng ræða. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh. hvaða ráðstafanir ríkisstj. hyggist gera og hvenær ríkisstj. ætlar að gera þessar ráðstafanir? Það getur ekki beðið lengur að sjómenn og útvegsmenn fái að vita um það fiskverð sem á að ákveða, og sömuleiðis hlýtur það að enda innan ekki langs tíma á

því, að fiskverkendur, bæði hraðfrystiiðnaðurinn og aðrar greinar fiskverkunar, hljóta að stöðva að meira eða minna leyti rekstur sinn ef áfram er haldið á sömu braut. Þess vegna ítreka ég þessa spurningu bæði til hæstv. sjútvrh. eða hæstv. viðskrh., sem gegnir störfum hans, og sömuleiðis til hæstv. forsrh., út af því sem hann lét eftir sér hafa varðandi stöðu frystiiðnaðarins.

Ég vara hæstv. ríkisstj. alvarlega við því að hugsa um nýja skattlagningu á sjávarútveginn í heild, eins og staða hans er nú. Við verðum að draga af okkur í þessari skattlagningu. Höfuðvandamál þessa þjóðfélags er að draga úr verðbólgunni, því við sjáum af þessu, eins og öllu öðru, að á meðan hún heldur áfram heldur þessi hringdans áfram í þjóðfélaginu og enginn ræður við neitt.

Ég tel að þetta mál sé mikilvægara nú en öll önnur mál og á þessu máli þurfi að finna lausn. Ég vænti þess, að hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. gefi þingheimi skýr og glögg svör við því, hvernig ríkisstj. hyggist leysa þennan vanda.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hæstv. sjútvrh., sem jafnframt er samgrh., varð skyndilega að fara til Lúxemborgar til ráðherraviðræðna út af málefnum Flugleiða hf. Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða sem komið er í eindaga. Hæstv. ráðh. fór utan í gærmorgun, sunnudagsmorgun, og mun koma heim aftur á morgun. En meðan hann er fjarverandi sinni ég þeim störfum sem undir hann heyra.

Hv. 1. þm. Vestf. hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár varðandi fiskverðsákvarðanir, gert að umræðuefni afkomu sjávarútvegsins á breiðum grundvelli og óskað eftir vissum svörum í því sambandi. Ég skal stuttlega rekja gang þessara mála til að skýra fyrir hv. alþm. hvernig þau hafa gengið til og hvernig þau standa nú.

Ég vil þó áður segja það, vegna spurningar hv. þm., að engar ákvarðanir hafa verið teknar um að leggja skatta á útgerðina vegna orkumálanna. Ég get ekki stillt mig um að minna á að fyrir Alþ. liggur frv. um jöfnunargjald orkukostnaðar, sem var lagt fram af þeirri ríkisstj. sem hv. þm. studdi og átti þátt í að varð ríkisstjórn. Það liggur hér fyrir frv. til l. frá þeirri ríkisstj. um að leggja sérstakt gjald á gasolíu, 10 kr. af hverjum lítra. Ég hef ekki orðið var við að hv. þm. hafi hreyft þessu máli sérstaklega fyrr hér á hv. Alþ.- En þetta er nánast innan sviga sagt.

Það samkomulag, sem náðist í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins um fiskverð frá síðustu áramótum, var, eins og menn muna, uppsegjanlegt með viku fyrirvara. Báðir málsaðilar, þ. e. bæði fulltrúar fiskseljenda og fiskkaupenda, sögðu verðinu lausu 18.—20. febr., annar þeirra 18. og hinn 20., að mig minnir, á grundvelli þessa uppsagnarákvæðis. Á fundi Verðlagsráðs sjávarútvegsins hinn 26. febr. s. l. kom í ljós að samkomulag næðist ekki og var málinu vísað til yfirnefndar. Yfirnefndin hóf störf sín 27. febr., og hefur hún kannað gögn þau sem tiltæk eru um rekstrarafkomu fiskvinnslu og veiða og um tekjur sjómanna í samanburði við tekjur annarra stétta og önnur þau atriði sem kunna að geta skipt máli við ákvörðun lágmarksverðs á þeim fisktegundum er verðleggja skal.

Fulltrúar fiskseljenda krefjast hækkunar fiskverðs um 6.67%, til jafns við launahækkanir í landi, en fulltrúar fiskkaupenda telja engan grundvöll til að hækka fiskverð eins og sakir standa, og hefur annar þeirra reyndar krafist 12% lækkunar fiskverðs ef engar úrbætur verði nú gerðar í málefnum fiskvinnslunnar. Hinn fulltrúinn hefur lýst þeirri afstöðu sinni, að hann telji ekki neinar forsendur til hækkunar fiskverðs og geti hann ekki að óbreyttum aðstæðum samþykkt breytt fiskverð.

Þegar þessi afstaða hafði komið fram í yfirnefndinni hinn 10. mars þótti oddamanni rétt að óska þess, að veittur yrði formlegur frestur enn um sinn til að ákveða verðið. Sjútvrh. hefur veitt frest, fyrst til 18. mars, og nú hefur hann verið framlengdur til 3. apríl.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að auðvitað er óheppilegt að ekki skuli verða við komið að ákveða fiskverð áður en verðlagstímabil hefst. En ef tímasetningar um almennar fiskverðsákvarðanir eru skoðaðar kemur í ljós að á 18 árum hefur fiskverð aðeins þrisvar sinnum verið ákveðið í desembermánuði, þ. e. fyrir áramót. Yfirleitt, þegar þurft hefur að vísa málum til yfirnefndar, sem hefur verið æðioft, hefur það verið gert um miðjan desembermánuð og það hefur tekið yfirnefndina frá hálfum mánuði upp í einn og hálfan mánuð að fella úrskurð. Það lengsta, sem um er að tefla í þessu efni, er frá því 1975. Þá munu hafa liðið um tveir mánuðir — rétt um tveir mánuðir — frá því að máli var vísað til yfirnefndar og þar til hún felldi úrskurð. Þannig er, ég vil segja: því miður, alls ekkert nýnæmi í þetta sinn hvernig komið er. Þvert á móti. Það hefur allt of oft komið fyrir að þurft hefur að fresta þessum málum áður en þau hafa verið til lykta leidd.

Svo ég reki nokkru nánar þá málsmeðferð sem hefur orðið í yfirnefndinni, þá var það á fundi yfirnefndar 12. mars að báðir aðilar ítrekuðu fyrri afstöðu sína, sem ég gerði grein fyrir áður og er kunn. Oddamaður gerði báðum aðilum tilboð um óbreytt verð, sem báðir aðilar höfnuðu. Oddamaður tók þá fram, að í þessari stöðu máls yrði hann að íhuga hvort til greina kæmi að hann kvæði upp úrskurð um verð sem lægi milli framangreindra tillagna fulltrúa fiskkaupenda og fiskseljenda og yrði slíkur úrskurður þá niðurstaða málsins samkvæmt venjulegum dómssáttarreglum. Fyrir slíkum úrskurði oddamanns eru fordæmi, þó ekki í svo mikilvægu máli um langt bil ára, — fordæmi sem að vísu hafa verið mjög umdeild. Oddamaður óskaði eftir að aðilar létu í ljós viðhorf sín til slíkrar úrlausnar. Það þarf ekki að taka fram, að það væri að sjálfsögðu æskilegast að samkomulag næðist í þessum málum.

Fulltrúar fiskseljenda létu koma fram mjög ákveðin mótmæli við því, að sú málsmeðferð yrði viðhöfð að oddamaður úrskurðaði, þeir mundu ekki una því og mundu þeir ekki taka þátt í störfum Verðlagsráðsins ef vekja ætti upp þessa úrskurðaraðferð, sem á sínum tíma varð raunar til þess að breytingar voru gerðar á verðlagslögunum, um verðlagsráð. Fulltrúar fiskkaupenda töldu oddamannsúrskurð óheppilega niðurstöðu, en höfðu ekki uppi mótmæli gegn slíkri málsmeðferð á grundvelli meginreglusjónarmiða á sama hátt og fulltrúar fiskseljenda. Þeir settu síðan fram þær forsendur sem þeir töldu að fullnægja þyrfti til þess að þeir gætu sæmilega við unað.

Þetta er í sem stystu máli eins konar skýrsla um meðferð þessara mála, sem ég tel eðlilegt og sjálfsagt að gefa hér á Alþ., því um er að ræða hin alvarlegustu mál, eins og öllum er raunar kunnugt um.

Ég álít að það ætti enginn að sjá neinum ofsjónum yfir tekjum sjómanna þegar á heildina er litið. Þeir stunda bæði erfið störf og áhættusöm, eins og reynslan sýnir. Þó verður að segja eins og er, að tekjur þeirra nú eru sennilega með besta móti miðað við tekjur annarra stétta, ef

byggt er á afla ársins 1979. Það sýna tiltæk gögn sem eru handbær.

Um fiskvinnsluna vil ég fara nokkrum orðum og vanda hennar. Ríkisstj. hefur að undanförnu fjallað um stöðu fiskvinnslunnar, m. a. þar sem fyrir dyrum stendur að ákveða fiskverðið sem hér er verið að ræða. Enn fremur hafa forustumenn samtaka frystihúsanna átt fund með forsrh., sjútvrh. og viðskrh. og kynnt þar sjónarmið sín. Ég hygg að hafi verið gerð grein fyrir þeim viðræðum á Alþ. áður, ef ég man rétt. Ég held að sjútvrh. hafi gert það eða forsrh., ég man ekki hvor þeirra það var.

Það er ljóst að vegna innlendra kostnaðarbreytinga að undanförnu og nokkurrar lækkunar á markaðsverði á freðfiski í Bandaríkjunum eiga frystihúsin nú í nokkrum rekstrarörðugleikum, auk þess sem þörf þeirra fyrir rekstrarfé er sérlega brýn um þessar mundir. Það hefur verið svo og er sjálfsagt enn þá, að rekstrargrundvöllur frystihúsanna í landinu er verulega misjafn. Húsin hafa átt við ákaflega breytilega aðstöðu að búa varðandi hráefni. Það er misjafnlega öruggt, það berst ekki stöðugt að og margt fleira kemur til í þessum efnum. Þannig hefur oft og tíðum verið verulegur munur á stöðu frystihúsanna eftir því hvar er á landinu. Svo er ekki því að neita, að nokkur frystihús — ég vil segja meira og minna um allt landið — hafa oft og tíðum skorið sig úr í þessum efnum. En það hefur þá ekki síst verið vegna þess að þau hafa búið við stöðugt hráefni, sem er auðvitað undirstaða undir tryggan og öruggan rekstur frystihúsanna.

Ég neita því ekki að grundvöllur undir rekstri frystihúsanna nú er erfiður. Ég álít að hann sé erfiður. Hann hefur stundum verið það áður af ýmsum ástæðum. M. a. er hann það vegna þess að nokkur verðlækkun hefur orðið á Bandaríkjamarkaði, þó ekki mikil. En það þarf ekki mikið til að auka á vandann þegar hann er talsvert ærinn fyrir. Ríkisstj. leggur áherslu á, að við þessum vanda verði snúist með ráðstöfunum sem stuðlað geti að aukinni hagkvæmni í rekstri, og mun í því skyni beita sér fyrir því, að fjármagni verði beint til framleiðniaukandi aðgerða í frystiiðnaðinum.

Það er sjálfsagt að viðurkenna, enda liggur það í augum uppi, að framleiðniaukandi aðgerðir í atvinnulífinu skila ekki árangri þegar í stað. Það tekur sinn tíma að skila árangri. Það hefur auðvitað orðið gífurleg framleiðniaukning í fiskiðnaðinum á síðasta áratug, og mætti nefna þar ákaflega margt nýtt sem komið hefur til, eins og t. d. að ekki er nema rétt um áratugur eða kannske rúmlega það í mesta lagi síðan farið var að taka upp fiskkassa í togurunum. Þeir hafa haft mjög mikla þýðingu fyrir að varðveita fiskinn í veiðiferðunum og færa hann ferskari að landi en áður var. Enn fremur er svo þess að geta, að í frystihúsunum hefur á undanförnum árum verið unnið að því að koma upp svokölluðum kældum móttökum, þ. e. aðstöðu til að stafla fiskkössunum í sérstakar móttökur sem hafa ákveðið hitastig. Þannig hefur verið hægt að geyma hráefnið um langan tíma meðan það hefur verið unnið. Mér var sagt að á þeim tíma sem þessi mál voru mjög í brennidepli og menn voru að vinna að undirbúningi þeirra hefðu fróðir menn talið að nýtingin á hráefninu mundi aukast um 4—6% við þessar aðgerðir, og það er ekki lítið. Margt fleira hefur komið til á undanförnum árum sem hefur létt undir með fiskiðnaðinum og aukið stórlega nýtingu á hráefninu og útflutningsverðmæti.

Jafnframt þessu er hugmyndin að stofnlánakjör til fiskvinnslu verði endurskoðuð þannig að grunnvextir lækki, en almennri verðtryggingu verði komið á. Þá standa yfir ýmsar athuganir á vegum ríkisstj. á aðgerðum sem gætu komið til móts við fiskvinnsluna, en ég sé ekki ástæðu til að greina frá þeim á þessu stigi málsins.

Ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því, að afurðalán til fiskiðnaðarins lækki ekki, eins og Seðlabankinn hafði áformað. Búið var að taka ákvörðun um það í janúarmánuði s. l. að lækka afurðalán til atvinnuveganna um 3.5%. Núv. ríkisstj., sem hefur ekki setið lengi að völdum, ekki nema síðan 8. febr., beitti sér fyrir því að breyta þessu, og Seðlabankinn og viðskiptabankarnir hafa samþykkt fyrir nokkru að sjá til þess, að afurðalánum verði ekki breytt. Þetta kemur til handa fiskvinnslunni eins og öðrum aðilum atvinnuveganna.

Þá get ég skýrt frá því, að viðskrn. hefur óskað eftir endurskoðun á afurðalánatillögum í heild í því skyni að undirstöðuatvinnuvegunum sé tryggt eðlilegt rekstrarfé með sem hagkvæmustum kjörum.

Þá vil ég geta þess, að ef ekki hefði verið gripið inn í hefðu vextir hækkað um 3.5—5% 1. mars s. l. Ríkisstj. greip inn í það mál og ákvað í samræmi við stjórnarsáttmála að vextirnir yrðu óbreyttir. Þetta varð auðvitað til hags fyrir fiskvinnsluna sem notar, eins og allir vita, geysilega mikið rekstrarfé.

Um gengismálin verður að segja alveg eins og er, að það eru viðkvæm mál sem er dálítið erfitt að ræða bæði á Alþ. og annars staðar. Gengi gjaldmiðilisins er málefni sem snertir hvern einasta þjóðfélagsborgara. Ef gefnar eru út tilkynningar um breytingar á gengi krónunnar hafa menn misjafna aðstöðu til að hagnýta sér þá vitneskju. Sumir hafa aðstöðu til þess, aðrir ekki, auk þess sem það hefur ákaflega margbreytileg áhrif í þjóðfélaginu. Ég tel þess vegna vera óeðlilegt þegar þeir aðilar, sem skipa ábyrgðarstöður í þjóðfélaginu, hvort sem er í ríkiskerfinu, ríkisstjórn, á Alþ. eða í forsvari fyrir atvinnulífið, tala um gengisfellingu næstu daga eins og sjálfsagt mál. Það er mjög óheppilegt og á ekki að vera svo. Fréttamenn eiga að mínu mati alls ekki að spyrja um slíkt. (**Forseti:** Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort hann eigi langt eftir af máli sínu. Ég hafði fallist á að fresta fundinum kl. 3 vegna fundarhalda þingflokka.) Nei, ég á eftir nokkur orð.

Ég vil að lokum segja að ríkisstj. mun leggja alla áherslu á að finna leiðir til úrbóta á næstunni í þessum varanlegu hagsmunamálum fiskiðnaðarins. Það er kunnugt að gengi hefur sigið nokkuð upp á síðkastið. Um það liggja fyrir yfirlýsingar frá Seðlabanka. Ég hef ekki í höndunum á þessu augnabliki upplýsingar um hvað gengissigið hefur verið mikið undanfarið. Það hefur verið nokkuð og hefur að sjálfsögðu átt þátt í að bæta nokkuð stöðu sjávarútvegsins.

Þetta ófullkomna yfirlit mitt væri sjálfsagt miklu fullkomnara ef hæstv. sjútvrh. væri viðstaddur, því að þó að ég fylgist auðvitað með þessum málum, eins og við gerum allir, hef ég ekki aðstöðu til þess að fylgjast með þeim frá degi til dags og þess vegna ekki eins góða aðstöðu til að gefa fullnægjandi skýrslur og sá ráðh. sem fer með þessi mál vanalega. En ég vona að hv. 1. þm. Vestf. telji að hér hafi verið gefnar nokkrar upplýsingar um það sem hann hefur verið að spyrjast fyrir um.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Eins og ég kynnti hv. þdm. í upphafi fundar hafði verið fallist á að fresta fundi

um þrjúleytið til klukkan fjögur vegna áríðandi funda í þingflokkum. Enda þótt illt sé að höggva þannig umr. sundur verður ekki við því séð nú. En í upphafi fundar klukkan fjögur var hugmynd mín að ljúka 5. dagskrármálinu, eins og mér skilst að samkomulag hafi verið orðið um að gert yrði á fundi í dag, þ. e. tekjustofnafrv., en að því búnu yrði umr. utan dagskrár. (Gripið fram í.) Já, það reynir þá á það. Ég mun ekki lengi sækja það mál ef menn vilja ekki góðfúslega fallast á að því sé lokið snarlega, en á það reynir. — [Fundarhlé.]

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessum umr. utan dagskrár, en geri það vegna orða sem féllu til hjá staðgengli sjútvrh., hæstv. viðskrh., í ræðu hans áðan. Hins vegar vil ég alveg taka undir það, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, að það er í sjálfu sér alveg óviðunandi fyrir nokkra stétt að af 84 dögum á þessu ári stundi hún atvinnu sína í 47 daga án þess að vita fyrir hvaða laun er unnið.

Þótt hæstv. viðskrh. hafi bent á dæmi þess, að átján sinnum hafi ekki verið búið að ráða fram úr ákvörðun fiskverðs um áramót, þá held ég að séu með ólíkindum tafirnar sem nú hafa orðið. Tafirnar, sem hann vitnaði til, hafa aðeins átt sér stað í örfá skipti og hafa tæpast verið lengri en 4-5-6 dagar.

Að sjálfsögðu líkar sjómannasamtökunum þetta ekki. T. d. var í því félagi, sem ég hef verið í stjórn í í nær tvo áratugi og átt sæti í hátt í fjóra áratugi, samþykkt fyrir skömmu fordæming á þann drátt sem nú hefur orðið á ákvörðuninni um fiskverð. Það er harmað í þeirri samþykkt, að enn einu sinni sé sjómönnum ætlað að vinna á óþekktu kaupi langtímum saman, eins og þar segir. Og enn fremur segir svo í samþykkt sem gerð var í stjórn þessa stærsta sjómannafélags landsins, með leyfi forseta:

„Stjórnin skorar á landssamtök sjómanna að kalla nú þegar saman til fundar með forustumönnum sjómannafélaganna sem taki ákvörðun um hörð viðbrögð gegn þessu gerræði."

Þetta mun hafa verið gert nú þegar og munu stjórnir landssambanda sjómannasamtakanna ásamt formönnum aðildarfélaga hittast næsta miðvikudag til að ráða ráðum sínum.

En það var ekki aðalerindi mitt hingað að vekja athygli á þessu, heldur að vekja athygli hv. þm. á þeim orðum sem féllu í ræðu hæstv. viðskrh., þegar hann benti á að það væru tiltæk gögn sem sýndu að tekjur sjómanna á s. l. ári væru með besta móti. Að vísu tók hann fram, og roðnaði nokkuð um leið, að hann sæi ekki ofsjónum yfir þessum tekjum. Þó ekki væri! Það er nefnilega svo með ýmsa spekinga og embættismenn, sem eru kallaðir til af ráðh. þessarar ríkisstj. og fyrri ríkisstj., að það er eins og þeir séu nokkurs konar gólfmottur fyrir hæstv. ráðh. og geti afgreitt allan fjandann, hvað vitlaust sem það er, í hendur þeirra. Það má nefnilega ekki gleyma því, hæstv. ráðh., að auknum tekjum fiskimanna fylgir ekki aðeins miklu lengri vinnutími, heldur líka stóraukið aflamagn og um leið auknar fjarvistir við þann aðbúnað sem fiskimenn verða að búa við. Og það er út í hött að vera að tala um tekjur einnar eða annarrar stéttar öðruvísi en þessi atriði séu látin fylgja með, bæði lengd vinnutíma og annað, sem fylgir viðkomandi störfum. Þetta hef ég margoft sagt við þá ráðh. sem koma úr mínum flokki, og ég veit að þeir skilja það, og ég vænti þess að hæstv. viðskrh. skilji þessa einföldu staðreynd jafnframt.

Ég get ekki annað en brosað að því þegar hæstv. ráðh. þessarar ríkisstj. — og reyndar þeirrar fyrri líka — eru að tala um framleiðniaukandi aðgerðir.

Það er eins og slíkt sé ný uppfinning. Þetta hefur verið gert áratugum saman í fiskiðnaði okkar, kannske aldrei frekar og stórmerkilegar, vil ég meina, en á fyrstu árum viðreisnar. Það vil ég þakka núv. hæstv. forsrh., sem þá var fjmrh. Hann skildi slíkt manna best og beitti sér fyrir miklum fjárveitingum til þess að af framförum gæti orðið. Máske mun það verða núna í fyrsta sinn að framleiðniaukandi aðgerðir komi að einhverju gagni vegna þess að hann á sæti í ríkisstj. nú. Það er nefnilega ekki nóg að vera að tala um þessi atriði, það verður líka að framkvæma á réttan hátt. Það er ekki nóg að afhenda fjárupphæðir þeim mönnum, sem nýta skulu þær til framleiðniaukandi aðgerða, og láta peningana svo eingöngu enda í nýjum steinsteypukumböldum. Það er ekki alltaf framleiðniaukandi, þó að það geti verið nauðsynlegt öðru hvoru.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en ég vildi láta ofangreind atriði koma fram vegna þeirra orða sem féllu hjá hæstv. viðskrh. Þótt hann sæi engum ofsjónum yfir tekjum sjómanna sá hann samt sem áður ástæðu til að vitna til þeirra.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það mun hafa verið í lok febrúarmánaðar sem ég var spurður um álit mitt á vanda frystihúsanna, og ég mun hafa látið orð falla á þá lund, að sérstök úrræði vegna vanda frystihúsanna væru ekki eins bráðaðkallandi og stundum áður vegna afkomu frystihúsanna undanfarin ár. Það, sem við var átt, var auðvitað að alloft hafa frystihúsin og fiskvinnslan lent í miklum vanda, t. d. vegna aflabrests, verðfalls á afurðum okkar erlendis eða af öðrum ástæðum, og þá hefur slíkt stundum dunið á eftir erfið ár fyrir fiskvinnsluna. Það, sem ég átti við, var að sá vandi, sem nú væri upp kominn, væri ekki eins erfiður eða úrræði jafnbráðaðkallandi af því að frystihúsin hefðu haft þokkalega afkomu undanfarin ár. Að vísu létu sumir talsmenn fiskvinnslunnar í ljós undrun yfir þessum ummælum, eða kannske réttara sagt, tilteknum blaðamönnum tókst að toga út úr þeim slík undrunarummæli. En mér þykir vænt um að hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hefur nú algerlega staðfest þessa skoðun mína, því að hann komst svo að orði í ræðu sinni áðan alveg réttilega. Hann sagði: Það er satt og rétt, að öll vel rekin frystihús hafa haft góða afkomu um nokkurt bil. — Þetta er hverju orði sannara. Hitt er svo jafnrétt, sem hann sagði, að frystihúsin hafa ekki safnað peningum í sjóði, heldur að sjálfsögðu notað sína góðu afkomu til að bæta rekstur sinn, auka hagræðingu, kaupa tæki, vélar, byggja upp hús o. s. frv.

Þótt hagnaði vel rekinna húsa hafi verið varið á undanförnum árum í því skyni að búa sem best í haginn kemur það auðvitað allt að góðu gagni. Vitanlega þarf að halda því starfi áfram að reyna að bæta sem mest afköst, vinnubrögð eða framleiðni fiskvinnslunnar. Það er, eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson gat um, ekki nýtt mál. Þetta hefur verið í fullum gangi annað kastið, með mismunandi miklum hraða og árangri, og mörg frystihúsanna hafa unnið afrek í þessu efni. Þessu verður að sjálfsögðu að halda áfram. Það er eitt af stefnuskráratriðum núv.

ríkisstj. að greiða fyrir slíkum aðgerðum, og þeirra er þörf, ekki síst hjá þeim húsum sem lakasta hafa afkomu, því að það fer oft saman — eða oftast — að þau húsin, sem lakasta hafa afkomu, hafa minnsta möguleika, minnst bolmagn til að hagræða og auka framleiðni hjá sér. Það hefur m.a. komið til orða að sjóðir, og þá ekki síst Byggðasjóður, kæmu hér í auknum mæli til aðstoðar. Að undirbúningi þessarar áframhaldandi og auknu hagræðingar og aukinnar framleiðni er nú unnið hjá ríkisstj.

Þegar ríkisstj. var mynduð virðast sumir telja nú að ríkisstj. hefði átt að vera ljóst um leið að mjög alverlegur vandi væri á höndum fyrir fiskvinnsluna eða sérstaklega frystiiðnaðinn. Nú var það að vísu þannig, að þegar ríkisstj. var mynduð og tók til starfa, 8. febr., hafði það gerst um það bil tveim vikum áður að Verðlagsráð hafði ákveðið 11% hækkun á fiskverði. Þessi hækkun var ákveðin með samkomulagi allra aðila, m. ö. o. með samþykki frystihúsanna. Það lá því á þessum tíma ekki alveg í augum uppi, að eftir að frystihúsin sjálf höfðu samið um eða fallist á að greiða seinni hluta janúarmánaðar 11% hærra fiskverð en áður væri svo alvarlegur og brýnn vandi á höndum eins og nú er talið. En nokkru eftir að ríkisstj. var mynduð, ég ætla að það hafi verið 22. febr., ef ég man rétt, komu fulltrúar frystihúsanna á fund fulltrúa ríkisstj. og gerðu grein fyrir þeim vanda sem væri upp kominn. Sú greinargerð þeirra var ákaflega ítarleg og var rædd þar mjög rækilega.

Þegar fulltrúar frystiiðnaðarins voru spurðir hvaða ráð þeir hefðu að gefa eða á hvaða úrræði þeir vildu benda til að ráða bót á þessum vanda var það breyting á genginu sem þeim varð fyrst að orði. Nú er það þannig með gengið, að í stefnuskrá núv. ríkisstj. segir m. a., að stefnan sé að beita aðhaldi í gengismálum og reyna að treysta gengi gjaldmiðilsins. Vitanlega verður það að vera eitt af okkar meginsjónarmiðum í efnahagsmálunum að reyna að treysta gjaldmiðilinn og beita aðhaldi í gengismálum. Ekki síst þegar það er eitt aðalstefnumál ríkisstj. að veita verðbólgunni viðnám og reyna að vinna að hjöðnun hennar er auðvitað ljóst að sérhver gengisfelling vinnur þar á móti. Talið er að fyrir hver 3 prósentustig, sem gengi krónunnar lækkar, hækki vísitalan um eitt stig þegar áhrifin eru komin fram, sem eru nokkuð fljótt yfirleitt.

Áhrif gengislækkana, í hvaða formi sem er, hvort það er kallað gengisfelling, gengissig, gengisaðlögun eða hvaða heiti menn vilja nefna, en lækkun á gengi íslensku krónunnar er auðvitað ákaflega mikilvægur þáttur í sambandi við efnahagsmálin og vinnur almennt gegn hinu markmiðinu að draga úr verðbólgu. Um leið er auðvitað ljóst, að hver ríkisstj. á hverjum tíma verður að hafa vakandi auga á því, að aðalframleiðsluatvinnuvegir og ekki síst útflutningsatvinnuvegir þjóðarinnar hafi starfsgrundvöll og geti borið sig, og þá á ég varðandi starfsgrundvöll fyrir útflutningsatvinnuvegina og skráningu gengisins að sjálfsögðu ekki eingöngu við sjávarútveginn, heldur einnig útflutningsiðnaðinn, sem er mjög vaxandi í landi okkar. Þessi almennu sjónarmið verðum við að sjálfsögðu að hafa í huga.

Þegar fulltrúar fiskvinnslunnar komu á fund ráðh. 22. febr. og fluttu þau uggvænlegu tíðindi, að stórfelldur hallarekstur væri fram undan hjá frystihúsunum, var auðvitað hlustað á þær upplýsingar með athygli, en um leið ljóst að svona alvarlegt mál þyrfti að kanna mjög vandlega. Það koma auðvitað upp margar spurningar í þessu efni. Ein var sú sem ég drap á áðan, hvers vegna þessi sami atvinnuvegur hefði sjálfur skömmu áður samið um verulega hækkun á fiskverðinu innanlands.

Annað atriði, sem kom mjög inn í þessa mynd, var sú lækkun sem Coldwater, sem er systur- eða dótturfyrirtæki Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, hafði um mánaðamótin janúar-febrúar ákveðið á nokkrum fisktegundum í Bandaríkjunum, m. a. þorskblokkinni. — Ég nefni þetta hér — ekki vegna þess að ég vilji nokkurn dóm á það mál leggja, heldur vegna þess að þess varð strax vart að um þá verðlækkun þar vestra voru mjög skiptar skoðanir. Það er kunnugt að hvorki hafði verið haft samráð við annan aðalsöluaðilann á frystum fiski þar af Íslendinga hálfu né að því er virðist við ýmsa aðra sem eiga mikilla hagsmuna að gæta á þessum markaði. Og það var einnig bent á að þessi verðlækkun á Bandaríkjamarkaði hefði gerst um sama leyti og samningar voru að hefjast af okkar hálfu við Sovétríkin um fisksölu þangað. Það er fullyrt af þeim, sem stóðu að þeim samningum, að þessi verðlækkun hafi haft skaðleg áhrif fyrir okkur á þá samninga. Ég tek fram, að ég legg engan dóm á hvort verið hafi réttilega eða ekki réttilega staðið að þessari verðlækkun. Ég skýri aðeins frá þeim upplýsingum sem bárust okkur úr mörgum áttum.

Hitt er auðvitað ljóst, að ákaflega margvíslegir kostnaðar- og útgjaldaliðir fyrir frystihúsin hafa aukist mjög verulega á undanförnum mánuðum og misserum, sem auðvitað er afleiðing hinnar geigvænlegu verðbólgu, því að það er nú þannig með atvinnuvegi okkar að verðbólgan er þeirra versti óvinur.

Öll þessi atriði, sem fulltrúar frystihúsanna báru fram, hafa verið athuguð mjög vandlega af fulltrúum ríkisstj. En ég vænti þess, að menn skilji að ekki var ástæða til þess þegar í stað að grípa til róttækra aðgerða, eins og t. d. þeirra sem talsmenn frystihúsanna orðuðu, nema fyrst væri kannað vandlega hvort allar ástæðurnar, sem fram voru færðar, væru á óyggjandi rökum reistar og hvort aðrar leiðir væru færar, vegna þess að eitt meginsjónarmiðið er að beita aðhaldi í gengismálum.

Nú hefur það ekki komið fram í þessum umr., t. d. af hálfu hv. fyrirspyrjanda sem hóf þessar umr. í dag, hv. 1. þm. Vestf., hvort hann vill benda á einhver sérstök úrræði í þessu sambandi. En það var athyglisvert, að í ræðu hans komu fram ummæli sem virtust draga nokkuð í efa að gengisbreyting eins og sú, sem talsmenn frystihúsanna höfðu nefnt, væri það rétta eða æskilega úrræði. Hv. 1. þm. Vestf. benti réttilega á að ýmis hin góðu áhrif gengisbreytingar fyrir atvinnuvegina kæmu ekki lengur að fullu gagni. Það er vitað að í þessu efni hefur á marga lund orðið breyting á hinum síðari árum eða áratug af mörgum ástæðum sem ég skal ekki rekja hér.

Ég vildi láta þessi sjónarmið koma fram. Ég vil taka undir það, að mjög væri æskilegt að fiskverð yrði ákveðið sem fyrst. En við skulum þó hafa í huga í sambandi við ákvörðun fiskverðs, sem er samkv. lögum landsins ekki í höndum ríkisstj., heldur Verðlagsráðs, sem sérstök lög gilda um, og geta þess í fyrsta lagi, að þegar fiskverð var ákveðið seinni hluta janúarmánaðar var ákveðið að það skyldi gilda frá 1. jan. til 31. maímánaðar. Það var tímabilið sem allir aðilar sömdu um og samþykktu. Hins vegar var svo heimild til uppsagnar fyrir aðila á tímabilinu. Allir aðilar notuðu sér þá heimild og málið stendur þannig, að samtök sjómanna og Landssamband ísl. út-

vegsmanna segja upp vegna þess að þau krefjast hækkunar á fiskverðinu innanlands um 6.67% og fiskvinnslan segir upp af því að hún krefst lækkunar frá því sem nú er. Hvorugur aðilanna hefur viljað víkja frá sínum sjónarmiðum í meginatriðum og hefur þó formaður Verðlagsráðs og oddamaðurinn, sem er Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri, lagt sig mjög fram um að leita að samkomulagsleiðum, í fyrsta lagi náttúrlega milli allra aðila eða til vara við einhverja af þessum aðilum. Því miður hefur það ekki tekist enn og málið stendur þannig að sjómenn og útvegsmenn krefjast hækkunar frá því sem er og fiskvinnslan krefst lækkunar. Hvaða leiðir verða finnanlegar til að leysa þetta vandamál skal ég ekki segja á þessu stigi, en vitanlega hljótum við öll að óska þess, að sem fyrst verði fundin lausn á því.

En til viðbótar því, sem ég sagði almennt um gengisskráninguna og stefnu ríkisstj. í þeim efnum, — og ég tek undir þau ummæli sem hæstv. viðskrh. hafði um þau efni og þá varfærni sem þar verður að hafa bæði í framkvæmdum og tali, — má að sjálfsögðu aldrei missa sjónar á því hlutverki okkar allra að tryggja aðalatvinnuvegum þjóðarinnar traustan starfsgrundvöll.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. fyrir að hafa rætt þessi mál þó að ég hafi orðið fyrir mjög miklum vonbrigðum með efnisinnihald í ræðum þeirra, ekki hvað það snertir að það voru prúðar ræður og gangur mála rakinn, en í raun og veru kom ekkert fram hvað er verið að gera eða hvað ætlunin er að gera til að leysa þessi mál, en það er auðvitað það sem mestu skiptir.

Hæstv. viðskrh. vildi bendla mig við faðerni fyrri ríkisstj. og sagði að ég ætti króga einn, sem hefði komið frá þeirri stjórn, frv. til l. um jöfnunargjald á orkukostnað. Ég skal segja honum að ég átti enga aðild að þeirri ríkisstj. Hins vegar samþykkti minn flokkur og núv. hæstv. forsrh. að verja þá stjórn falli, og síðan var þing rofið og efnt til kosninga, en að þeim loknum sat sú ríkisstj. á ábyrgð forseta Íslands. Ég held að ef hæstv. viðskrh. hefur eitthvað að athuga við gerðir þeirrar ríkisstj. eigi hann að koma aths. sínum þangað, en ekki til mín. Og læt ég svo útrætt um jöfnunargjald á orkukostnað, frv. fyrri ríkisstj.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh. að Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur æðioft ekki kveðið upp úrskurði sína á réttum tíma og réttum degi. Oftast nær hefur þarna verið um nokkra daga að ræða, eins og við vitum, en þó hefur í nokkrum tilvikum verið um að ræða verulegan tíma og þá almenn mótmæli. Ég hygg að þó muni vera algert einsdæmi að ekkert fiskverð sé í 47 daga af 84.

Hæstv. viðskrh. minntist á það fordæmi þegar oddamaður kvað einn upp úrskurð um fiskverð. Ég held að það sé sama hvaða ríkisstj. verður við völd, hún muni ekki verða svo ógæfusöm að beita þeirri aðferð. Það væri sama og valda stórátökum hagsmunaaðila í sjávarútvegi við ríkisvaldið, sem við sæjum ekki fyrir endann á, og þar með væri þetta form, sem haft er á og hefur verið í gildi, að mig minnir um rúma tvo áratugi, Verðlagsráð sjávarútvegsins, úr sögunni og þyrfti að finna upp eitthvað nýtt fyrirkomulag til að ákvarða fiskverð. Ég hef ekki fundið nokkurn svo framsýnan að geta bent á aðra betri leið en Verðlagsráð sjávarútvegsins, þó að margt megi að þeim lögum finna. Enn þá hefur engin okkar haft annað betra fram að færa.

Hæstv. viðskrh. svaraði þeirri spurningu minni, sem ég bar fram, hvort ætlunin væri að leggja skatt á olíunotkun útgerðarinnar. Hann svaraði því til, að engin ákvörðun hefði verið tekin um það efni. Ég veit að það hefur engin ákvörðun verið tekin enn um orkuskatt. En eru þessi mál til umræðu hjá ríkisstj., og kemur til álita hjá hæstv. ríkisstj. að leggja slíkan skatt á eða skatt í slíku formi? Það var í raun og veru spurning mín.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur komið inn á það sem hæstv. viðskrh. sagði um tekjur sjómanna. Ég vil bæta því við, að þegar vel veiðist og sjómenn afla mikils og hafa háar tekjur stendur ekki á fréttum, þá eru allar fréttastofur í gangi. En ég hef sjaldan séð að þegar sjómenn ná ekki kauptryggingu miðað við sinn langa vinnudag, jafnvel heilar vertíðir, hafi það þótt mjög fréttnæmt hjá okkur. Hitt er miklu frekar talað um, og er í sjálfu sér ákaflega áberandi hvað það þykir fréttnæmt, þegar loðnuskip veiðir á einum sólarhring þetta og þetta mikið, hvað hásetahlutur er. Hins vegar þykir ekki mjög fréttnæmt ef loðnuskip verður að hætta og liggja jafnvel nokkra mánuði þegar veitt hefur verið í þann kvóta sem má veiða. Sama má segja um margar aðrar greinar sjávarútvegsins.

Ég held að það sé rétt hjá mér, að hvert prósentustig í fiskverði mun vera nálægt 700 millj. kr. miðað við ár. Hér er því um gífurlega háa upphæð að ræða.

Það er viðurkennt af öllum, að grundvöllurinn undir rekstri frystihúsanna sé nú erfiður. Það er viðurkennt af hlutlausum stofnunum að þau séu rekin með halla. Eina, sem fram kom jákvætt við þessum vanda í ræðu Hæstv. viðskrh., var það afrek núv. ríkisstj. að lækka ekki afurðalánin til frystihúsanna. Það er alveg stórkostlegt að stöðva Seðlabankann í því að loka öllum frystihúsum landsins. Ég verð að segja, að ég tel það ekki vera neitt sérstætt afrek þó að ríkisstj. hafi komið í veg fyrir að Seðlabankinn framkvæmdi þá vitleysu sem hann ætlaði sér að gera.

Við skulum líka hafa í huga, að það er ekki heldur sama ástandið nú hjá frystihúsum og víðar í sjávarútvegi og hefur verið á undanförnum árum. Afurðirnar eru miklu meiri sem liggja í birgðum, þannig að það liggur mikið fjármagn í auknum afurðum mánuðum saman. Það gerir rekstur allra þessara fyrirtækja enn þá erfiðari. Vaxtakostnaðurinn við þessa birgðaaukningu er gífurlegur.

Ég tek undir það með hæstv. viðskrh., að það er hinn mesti ósiður í þessu landi þegar menn eru að tilkynna þjóðinni fyrir fram að hætta sé á gengislækkun og eiginlega undirbúa alla undir að losa sig við alla peninga sem þeir eiga og koma þeim í eitthvað annað og betra. Undir þetta tek ég. En hitt er afleitt, þegar ráðh. eru að láta kreista þetta út úr sér, sem hefur ekki verið mótmælt af hinum eina sanna og rétta sjútvrh. þessarar ríkisstj. — Þá á ég ekki við Hæstv. viðskrh. sem gegnir embætti sjútvrh. nú um tíma.

Hæstv. forsrh. talaði mjög slétt og fellt, eins og hans var von og vísa, um þennan vanda, sérstaklega frystiiðnaðarins. En það kom mér mjög á óvart þegar hann sagði að orðið hefði samkomulag aðila Verðlagsráðsins um fiskverð um áramótin. Það út af fyrir sig er alveg rétt. Þá greiddi öll yfirnefndin atkvæði með því samkomulagi. En voru ekki einhver loforð gefin af þáv. stjórnvöldum? Voru ekki erfiðleikarnir þeir, að 13% verðbætur komu á laun 1. des. og gerðu það að verkum að sjómenn vildu ekki gefa eftir hækkun á tekjum sínum þegar allir aðrir

launþegar fengu hækkun? Þetta var vitað að mundi hafa í för með sér alvarlega útgjaldaaukningu, bæði fyrir útgerð og fiskvinnslu, og þess vegna átti það ekki að koma nokkrum á óvart að vandi yrði á höndum. Þó að ríkisstj. hafi ekki fæðst fyrr en 8. febr. á þessu ári vissi hún vel, allir ráðh., að þessir erfiðleikar voru fyrir hendi. Í stjórnarmyndunarviðræðunum, sem áttu sér stað í des. og allt fram til þess dags að stjórn var mynduð, lá fyrir að eftir fiskverðshækkunina um 11% yrðu miklir erfiðleikar hjá fiskvinnslunni, sérstaklega frystiiðnaðinum, sem yrði að mæta með einhverjum hætti. Mér er nokkurn veginn ljóst að gengissigi var lofað af fyrri stjórn, sem var starfsstjórn. Núv. ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um gengissig og það hefur verið framkvæmt undanfarna daga, en það er ekki nema lítið af því sem þarf til að brúa bilið.

Hæstv. forsrh. spurði mig að því, hvort ég hefði tillögur fram að færa eða ábendingar að gera. Ég hygg að það sé sjaldgæft að óbreyttur þm. segi fyrir um það einn, hvernig hann álíti að eigi að leysa vanda eins og þennan, sem er upp á marga milljarða, þegar ríkisstj. með allan sérfræðingaskarann og allar stofnanirnar og tölvurnar til að reikna fyrir sig stendur eins og þvara. Ég hef mínar hugmyndir í sambandi við það, hvernig leysa á þennan vanda. Við getum ekki bent á ávísun á Byggðasjóð, eins og hæstv. forsrh. nefndi áðan, því að vegna gífurlegra vanskila sjávarútvegs við Byggðasjóð getur Byggðasjóður ekki lánað til framleiðniaukningar. Ég sé ekki fram á annað, svo að ég gangi lengra en venjulegt er að óbreyttir þm. geri, en hæstv. ríkisstj. verði að beita sér fyrir „konverteringu“ lána, breyta vanskilum bæði útgerðar og fiskvinnslu hjá stofnlánasjóðunum, bæði hjá Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði, og jafnframt eigi bankarnir að taka þátt í þeim aðgerðum. Hins vegar er ég ekki fær um að rekja þetta til enda, því einnig verður að taka inn í dæmið þær skuldbindingar sem þessar stofnanir allar hafa gefið fram til þessa. Þó er með þessum hætti hægt að leysa töluverðan vanda sem þegar hefur hlaðist upp. En það bætir ekki þá rekstrarstöðu sem fiskvinnslan nú er komin í. Eina leiðin er auðvitað að stöðva allar launa- og verðhækkanir í þessu landi. Þá hækkar fiskverðið ekki, þá hækka ekki vinnulaunin í frystihúsunum eða allur tilkostnaður sem bundinn er vinnu ef allt annað er stöðvað. En auðvitað getur ekki gengið að fyrst komi uppbætur á laun til almennra launþega í landinu, en síðar, þegar kemur að sjómannastéttinni, eigi að segja: Hingað og ekki lengra. Nú stoppum við. Þið veidduð svo vel í fyrra eða hittiðfyrra að þetta getur engan veginn gengið. — Um þetta helt ég að hæstv. ríkisstj. hljóti að vera mér sammála.

En þá komum við að hinu. Þegar laun og verðbætur yrðu stöðvaðar yrði auðvitað að draga saman í öllum þeim miklu útgjöldum sem eru innan ríkisbúskaparins og víðar, því að ekki er sífellt hægt að bæta útgjaldaliðum og auknum kostnaði við framfærslu heimilanna í landinu ef kaupið á að vera óbreytt. Þá komum við að því sama og áður, að við verðum að berjast við verðbólguna og stöðva hana. Það þótti glæpur fyrir síðustu kosningar eða allt að því glæpur að tala um leiftursókn gegn verðbólgu. Það kom í ljós að fleiri Íslendingum þótti vænna um verðbólguna en menn héldu, jafnvel til þeir sem þykir vænna um verðbólguna en konuna sína. (**Gripið fram í:** Hvaða menn eru það?) Það eru menn sem hugsa eingöngu um að fjárfesta og skulda og auka á verðbólguna, svo að ég geti frætt einn af máttarstólpum — (Gripið fram í.) Ja, ef þú hagar þér þannig ert þú einn af þeim.

Það er þetta sem máli skiptir. Stjórnin vildi þetta ekki. Hún vildi fara troðnu framsóknarslóðina: að lofa að færa verðbólguna niður, en mjög gætilega þó og mistakast, eins og fyrri vinstri stjórn, og segja þá ári síðar: Við ætlum að færa þetta áform okkar eitt ár aftur í tímann og byrja nýtt líf með að færa verðbólguna niður. Ef þessi framsóknarlækning á verðbólgunni á að halda áfram hjá hæstv. ríkisstj. sé ég ekki nokkra leið aðra en þá sem hæstv. forsrh. vill varast og ég vakti athygli á: gengislækkun, — gengislækkun á eftir gengislækkun. Gengislækkanir komu að verulegu leyti til góða fyrr á árum, en eftir að við höfum tekið upp að svo mörgu leyti hið nýja kerfi, sem er gengistrygging, eru hin góðu áhrif gengisbreytingarinnar óðum að minnka, en við stöndum eftir með hin sem eru óhagkvæmari.

Ég skal, hæstv. forseti, fara að ljúka máli mínu. Ég þakka fyrir að hafa fengið að taka hér til máls um þetta mikilvæga mál. Ég vona að hæstv. ríkisstj. leggi kapp á að vinna að lausn þessa máls, en tali ekki, eins og hér hefur verið gert, neitt um vandann eða lausnina, ekkert um hvernig eigi að fara að. Ég hygg að ef skynsamlega er að farið, ef tekin er upp harðari barátta við verðbólguna, hvort sem verðbólguhvetjandi fólki líkar það betur eða verr, muni allir góðir menn standa með ríkisstj. og allir þeir sem vilja að þessu kapphlaupi og hrunadansi linni í íslensku þjóðlífi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka fram, að ég ætla ekki að ræða neitt sérstaklega um barnsfaðernismál þeirra hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Vestf. Ég gleðst þó með öðrum yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. viðskrh., að orkuskattur verði ekki lagður á olíukaup fiskiskipanna. Þá vil ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að vekja máls á þessu máli hér, hefja þessar umr., því að hér er um að ræða mjög mikilvægt mál sem þingið hlýtur að þurfa að fylgjast verulega vel með.

Mér þótti það heldur slæmt þegar ég hlustaði á hæstv. viðskrh., hve lítinn skilning hann virðist hafa á launamálum sjómanna og þeim hlutaskiptareglum sem þar gilda. Menn verða að hafa hugfast að laun sjómanna miðast við afla og það hvort árferði er gott eða slæmt. Það er þess vegna algerlega út í bláinn að fara að miða laun þeirra við tekjur á síðasta ári. Þessu hefur verið svarað hér í d., og ég skal ekki frekar orðlengja það, en ég vil nefna að þar mættu menn líta í eigin barm. Ef sagt væri t. d. við fyrrv. hæstv. ráðh., að þeir hefðu haft svo mikil laun á síðasta ári að þeir þyrftu að taka á sig aukna kjaraskerðingu á þessu ári, þá er ég viss um að færi um ýmsa sem hafa setið í þeim hálaunahópi. (**Gripið fram í:** Þeir mundu segja af sér.) Ja, við skyldum vona það.

Það er ljóst að Verðlagsráðið er að líkja eftir markaðnum. Sá er munur á Verðlagsráði sjávarútvegsins og Sexmannanefndinni, sem verðleggur landbúnaðarvörur, að Sexmannanefndin vinnur nánast með sjálfvirkum hætti og ef endar ná ekki saman standa íslenskir skattgreiðendur undir þeim mun sem myndast. Þessu er öðruvísi varið í sjávarútveginum. Þar er um að ræða útflutningsvörur að langmestu leyti, og þar koma erlendir markaðir til skjalanna. Það þýðir ekkert fyrir okkur að brýna raustina og heimta hærra verð. Þar er það hið kalda markaðslögmál sem gildir.

Það, sem einkum hefur þó vakið athygli í þessum umr., eru þau atriði sem snúa að því, hvort gengið verði látið síga hraðar af þessu tilefni eða ekki. Það er haft eftir hæstv. forsrh., og hann reyndar ítrekaði það áðan í ræðu sinni, að góð afkoma frystihúsanna undanfarin ár gerði það að verkum að þau þyldu meiri áföll en ella. Hins vegar verður að koma fram enn einu sinni, að eftir hæstv. sjútvrh., sem því miður er fjarstaddur, er haft að hann telji að það verði að bregðast við þessu vandamáli með hröðu gengissigi. Það verður þess vegna fróðlegt að fylgjast með framvindu mála og sjá hvor hefur betur, hæstv. forsrh. eða hæstv. sjútvrh.

Þá vakti það að vonum athygli, að þegar hæstv. viðskrh. beindi orðum sínum til fréttamanna, þess efnis að þeir ættu ekki að spyrja spurninga eins og þeirra hvenær gengisbreytingar ættu sér stað, var hann um leið að snupra hæstv. samráðh. sinn og flokksformann, Steingrím Hermannsson, því að sá hinn sami hefur einmitt í dagblöðum látið hafa eftir sér þau ummæli sem þessar umr. byggjast m. a. á.

Við skulum huga betur að því, hvað gengissig þýðir. Það þýðir að sjálfsögðu bættan hag útflutningsgreinanna um stundarsakir, en síðan koma í ljós ókostirnir: hærra verð innfluttrar vöru, sem að vísu hefur tiltölulega lítil áhrif á ríkissjóð því að ríkissjóður fær þá um leið hærri tolltekjur. Þetta eykur að sjálfsögðu allan innlendan tilkostnað, hefur í núverandi launakerfi áhrif á launahækkanir, sem eru bundnar verðhækkunum, og síðan koll af kolli. Þessa eilífðarvél þekkja allir hv. þm. Eftir stendur að ef valin verður leið gengisfellingar eða hraðara gengissigs en reiknað var með í upphafi ársins verður verðbólgan öllu meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagaforsendunum, en þar er gert ráð fyrir 46.5% verðbólgu ef borið er saman meðaltal fyrra árs og meðaltal yfirstandandi árs. Sem sagt: Hæstv. ríkisstj. hefur núna um þetta að velja. Ef farið verður að því, sem hæstv. sjútvrh. bendir á og gerir nánast tillögur um, leiðir það til enn meiri verðbólgu en hér hefur verið að undanförnu.

Þetta allt saman kemur að sjálfsögðu ekkert á óvart. Hv. 1. þm. Vestf. gerði grein fyrir því, að það var skoðun okkar sjálfstæðismanna fyrir síðustu kosningar að þjóðin þyrfti að ráðast að rótum verðbólgunnar miklu fastar og hraðar en gert hefur verið á undanförnum árum. Hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hefur ekki valið þá leið. Hún hefur valið aðra leið — leið Framsfl. og Alþb. um niðurtalningu. Þess vegna held ég að hún hljóti að missa af strætisvagninum, því að nú eru þau hættumerki á lofti að hæstv. ríkisstj. getur séð að ef ekki verður að gert muni verðbólguþróunin verða örari en hún hefur verið undanfarin ár.

Það eru jafnframt önnur teikn á lofti, önnur hættumerki, önnur rauð ljós. Þ. á m. má nefna ákvörðun Verðlagsráðs, sem hefur ályktað gegn niðurtalningaraðferðinni á ýmsum forsendum, en augljóslega á þeim forsendum m. a. að vonlaust sé að ráðast aðeins gegn verðinu þegar menn ætla að koma verðbólgunni fyrir kattarnef. Verðið er afleiðingin, það sem birtist. Sjúkdómurinn er allt annar.

Í öðru lagi, og það vil ég nefna til þess að við áttum okkur á málinu í heild sinni, hefur fallið dómur í máli BHM sem hefur jafnframt áhrif í þessu máli öllu. Niðurstaða þess dóms var á þá leið, að ekki skyldu koma til framkvæmda grunnkaupshækkanir, en verðbætur væru upp allan launastigann. Þetta hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á þá kjarasamninga sem nú standa yfir, og auðvitað verður hæstv. ríkisstj. að gera sér grein fyrir því, hvernig hún ætlar að gera tillögur um lausn þess vanda sem kjarasamningarnir valda óneitanlega.

Þegar reynt er að gera sér grein fyrir, hvað sé til ráða, sýnist manni á umr., sem hér hafa farið fram, að hæstv. ríkisstj. ætli að halda að sér höndum. Ekkert hefur komið fram í umr. sem bendir til þess, að til séu tillögur hvernig leysa eigi vandamálin. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að kjör manna markast ekki aðeins af launum, heldur einnig af sköttum, af því sem hið opinbera tekur til sín. Á síðustu dögum hefur það verið að gerast í þingsölum æ ofan í æ að fram hafa komið frv. sem skerða ráðstöfunartekjur almennings. Þar með er verið að rýra kjör launamanna í landinu, og það er hæstv. ríkisstj. sem stendur að þeirri kjararýrnun. Ég held að eðlilegast sé að á hv. Alþ. fari fram umr. um þessi mál og jafnvel í víðara samhengi en tilefni gæti verið til af ræðu hv. 1. þm. Vestf., sem hóf umr. í þessu máli. Menn verða að gera sér grein fyrir öllum þáttum þessa máls. Ég er ansi hræddur um að hæstv. ríkisstj. standi nú á mjög alvarlegum tímamótum.

Ég vil í lokin benda á að hæstv. ríkisstj. hefur sett sér miklu æðra markmið í verðbólgumálum en nokkur önnur ríkisstj. hefur gert á umliðnum árum og jafnvel áratugum. Hún hefur sett sér það markmið að árið 1982 verði verðbólgan komin niður í það sem hún gerist í nágrannalöndunum, en hún var þar um það bil 10—12% á síðasta ári. Ef taka á mark á hæstv. forsrh. þegar hann biður menn að lesa stjórnarsáttmálann bæði kvölds og morgna í framtíðinni verða menn líka að gera sér grein fyrir því, hvort sáttmálann á að lesa sem stefnuyfirlýsingu árið 1982 eða sem hreina brandarabók sem menn henda gaman að á því ári. Ríkisstj. stendur frammi fyrir ákvörðunum núna sem skipta sköpum, — ákvörðunum um hvort takast á við sjálfa verðbólguna eða hvort leitað verður leiða með því að magna hana og fá þannig hjálp um stundarsakir, sem hlýtur þó að enda með skelfingu þegar til lengri tíma er litið.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég mun vitaskuld virða þær reglur sem forseti hefur kynnt um hvernig tímamörkum skuli háttað í dag. Mig langar þó til að gera örstutta aths. við mál sem fram kom hjá hæstv. viðskrh. í dag.

Það er í fyrsta lagi mjög eðlilegt að umr. af þessu tagi fari fram á Alþ., því að gengisákvarðanir skipta sköpum um alla aðra efnahagsframvindu í landinu. En hæstv. viðskrh. hafði uppi, að mér þótti, heldur ósmekklegar aths. um blaðamenn sem ekki ættu að skrifa um gengismál vegna þess að það kynni að auka á óvissu og óreiðu. (**Viðskrh.:** Ekki sagði ég það.) Efnislega var það þetta, hæstv. ráðh., sem sagt var. (Gripið fram í.) Og ekki má spyrja. Það er auðvitað alveg satt, að ósmekklegar aths. um þessi efni geta verið mjög hættulegar. En væri ekki nær, vegna þess að þetta er náskylt því sem við höfum verið að ræða, að hæstv. ráðh. liti sér nær og liti til félaga sinna í þessum efnum. Ég hygg að yfirlýsingar eins og sú, sem hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson gaf í Dagblaðinu mánudaginn 10. mars s. l., séu að vísu ekki einsdæmi, en allt að því þó. Þetta er frétt á baksíðu Dagblaðsins og merkt stöfunum HH. Það mun vera Haukur Helgason. Þar segir í fyrirsögn:

„Hratt gengissig til bjargar fiskvinnslu. — Víst er glæpur að segja það — þótt allir viti það," segir hér. Og í frétt-

inni sjálfri gefur hæstv. ráðh. hverja yfirlýsinguna á fætur annarri í þá veru og tiltekur að til standi að láta gengið síga um 15%, hvorki meira né minna.

Það skeði á Bretlandi fyrir um það bil 30 árum, að einn hæstv. fjmrh., jafnaðarmaður, gaf óheppilegar yfirlýsingar um lúxustolla sem voru að koma í fjárlagafrv. Maðurinn jók auðvitað á brask með þessu þó að fjárlögin væru samþ. aðeins nokkrum klukkutímum síðar. Hann var látinn segja af sér samdægurs. Það er pólitískt siðferði sem um er að ræða. Svo kemur hæstv. viðskrh. í þessari umr. í ræðustól og talar um smekklausar spurningar blaðamanna sem valdi efnahagslegri óreiðu, sitjandi í ráðherrastól við hliðina á hæstv. ráðh. Steingrími Hermannssyni sem tilkynnir að ríkisstj. sé búin að ákveða 15% gengissig, — og 15% er ekki gengissig, heldur gengisfelling, í raun mjög róttæk gengisbreyting sem um er að ræða.

Mér er ljóst að það var fávíslegt af mér út af fyrir sig að bera saman annars vegar siðferði breskra jafnaðarmanna og hins vegar siðferði íslenskra framsóknarmanna. Það er ómaklegt gagnvart flokksbræðrum mínum í Bretlandi. En engu að síður er þetta auðvitað yfirlýsing af því tagi að forkastanlegt er. Hæstv. viðskrh., áður en næstu hnjóðsyrði falla úr ræðustól af þínum munni í garð blaðamanna vil ég ráðleggja að menn litu sér nær, horfðu í eigin barm. Hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson á þau ummæli sem féllu í garð ótiltekinna blaðamanna, og málið er þeim mun alvarlegra vegna þess að svo á að heita að Steingrímur Hermannsson sé ráðh. Í öðrum löndum væri hann það ekki lengur eftir svona yfirlýsingar.

Það er mjög alvarlegt sem henti hæstv. ráðh. Ég endurtek, að í löndum þar sem engin Framsfl. er til, a. m. k. ekki valdamikil stofnun, þykir slíkt svo alvarlegt að menn hafa verið látnir segja af sér af sömu ástæðu. Ég veit að hæstv. viðskrh. Tómas Árnason bæði sér þetta og skilur þegar á það er bent, og þessi mál ættum við að þekkja í nokkru samhengi.

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að fá að segja nokkur orð.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 212, 216). —Frh. 3. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er kannske farið að draga aðeins af mér frá því að ég bað um orðið á fimmtudaginn í þessu máli, en þá, eins og þm. eflaust rekur minni til, urðu æðisnarpar umr. í d. og einn hv. þm., 2. þm. Norðurl. e., taldi sig færari öðrum mönnum að dæma um taugaveiklun þm., eins og hann orðaði það í ræðu sinni. Ég ætla ekki frekar að ræða um þá taugaveiklun, hv. þm. getur haldið læknisrannsóknum sínum og úrskurðum áfram í friði fyrir mér, en ég held að spennan hafi verið fyrst og fremst vegna þess eintrjáningsháttar sem átti sér stað hjá bæði forseta d. og ríkisstj. eða þeim hluta hennar sem var mættur hér. Flokkar stjórnarandstöðunnar höfðu farið fram á að umr. um þetta frv. yrði frestað þangað til dagsins ljós sæi frv. um skattþrepin, sem dreift var á borðin kl. rúmlega tvö í dag. Því var ekki sinnt. Þó mun hæstv. félmrh. hafa séð að sér, að það væru ekki mjög skynsamleg vinnubrögð að halda áfram með slíkum hætti. En hæstv. landbrh. kom fram á sjónarsviðið seint á þessum degi og tók undir með forsetanum, — 1. varaforseta sem þá stjórnaði hér aðallega áður en hann hvarf af fundi og fól 2. varaforseta stjórnina, — og taldi ekki koma til greina að fresta þessari umr., henni yrði haldið áfram. En svo virðast einhverjir skynsamari og rólegri menn í stjórnarliðinu hafa komið vitinu fyrir þá, því að um kvöldmatarleytið var farið að tala um að rétt væri og ekki ósanngjarnt að verða við þeirri kröfu stjórnarandstöðunnar að frv., sem ég nefndi áðan, sæi dagsins ljós áður en frv. um tekjustofnana yrði afgreitt úr deildinni.

Þetta frv., eins og það var upprunalega flutt, vakti engan úlfaþyt. Hins vegar varð mikil andstaða við þá till. sem fjórir þm. úr stjórnarflokkunum fluttu við 5. gr. frv.

Það var ekki að ástæðulausu að stjórnarandstæðingar vildu ræða þetta mál og sjá skattlagninguna á almenning í heild þannig að þeir vissu hvað um væri að ræða. Sjálfstfl. markaði þá stefnu fyrir síðustu kosningar að standa ekki að aukinni skattálagningu og skattheimtu á almenning, taldi vera nóg að gert hjá vinstri stjórninni sálugu og taldi nauðsyn bera til að draga heldur úr sköttum samfara því að draga úr verðbólgu, en ekki bæta skatti ofan á skatt. Hins vegar virðist sem a. m. k. fjórir menn í Sjálfstfl. hafi snúist gegn eigin stefnu í þessum efnum og sjái nú ekkert annað en skattaálögur til viðbótar, og samt stóðu þeir að öllum samþykktum í Sjálfstfl. og voru ekkert síður ákafir en við hinir. En hvað hefur valdið breytingunni? Hvort það eru ráðherrastólarnir eða eitthvað fleira, sem hefur valdið þessari breytingu, veit ég ekki, en hjá okkur hinum er stefnan alveg óbreytt. Við viljum ekki seilast dýpra í vasa skattþegnanna í landinu en þegar er gert. Hins vegar erum við reiðubúnir að standa með ríkisstj. í því að draga úr hvers kyns útgjöldum ríkissjóðs og viljum fara vandlega yfir þau mál öll.

Einn hv. þm., ég held að það hafi verið 3. þm. Vestf., lagði fram fsp. sérstaklega til hæstv. félmrh. Hæstv. félmrh. svaraði henni ekki þó að hann tæki til máls, að mig minnir, oftar en einu sinni við umr. um frv. En fsp. hv. þm., sem ég sé að er fjarverandi nú, var á þá lund, hvort haft hefði verið samráð og samstarf stjórnvalda við launafólkið í landinu. Hann vitnaði í lög um stjórn efnahagsmála o. fl., sem samþykkt voru á hv. Alþ. 7. apríl 1979. Við sjálfstæðismenn vorum ekki hrifnir af þeim lögum, og þið megið ekki taka það á þann veg, að mér sé afskaplega sárt um þessi lög. En hvort sem við erum meðmæltir einhverjum lögum, sem Alþ. hefur sett, eða ekki, hvort sem við höfum greitt atkv. með eða móti, eru þau þó lög landsins á meðan þau eru ekki numin úr gildi. Nú stendur þannig á að lög um efnahagsmál eru í fullu gildi, en þau voru sett af fyrri vinstri stjórn. Í II. kafla laganna segir í 3. gr.:

„Efla skal reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum."

Í 4. gr. segir:

„Þátttakendur í samráði samkv. 3. gr. skulu vera fulltrúar launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda og opinberra aðila. Samráðsfundi má halda bæði með fulltrúum einstakra samtaka og fulltrúum ríkisstj. og öllum samráðsaðilum í senn. Skipa skal starfshópa til að vinna að einstökum málaflokkum á vegum ríkisstj."

Svo segir í 5. gr. laganna: „Verkefni samráðs þessa skal m. a. vera: 1. Að ræða meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstj. frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum

ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, lífeyrismála og verðlagseftirlits af opinberri hálfu, og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins."

Ég held að slík hækkun skatta sé á sviði kjaramála, og þó að mér sé ljóst að rætt hafi verið við formann Verkamannasambands Íslands um þessi mál og hann með tryggð sinni til núv. ríkisstj. gerðist meðflm. að brtt. við 5. gr. og þó að hann sé bæði formaður Verkamannasambandsins og stór og burðarmikill, þá get ég ekki trúað því, að lögin nái til hans eins, þegar talað er um að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, ekki einu sinni þegar átt er við launþegana, hvað þá heldur atvinnurekendurna, svo að ég leyfi mér að spyrja hæstv. félmrh. einu sinni enn: Hefur samráð verið haft? Hafa þessir aðilar verið kallaðir til samráðs um skattahækkanir? Og ef svo er og það hefur farið fram hjá okkur, hvernig hafa þeir aðilar litið á þessi mál? Voru þeir sammála þessu?

Nú þýðir ekkert fyrir hæstv. félmrh. að segja: Í stjfrv. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga var þessi hækkun ekki, hún kom frá Alexander Stefánssyni, Guðmundi J., Jóhanni Einvarðssyni og Eggert Haukdal. — Þetta eru stjórnarsinnar og þeim er stjórnað af ríkisstj. Ríkisstj. stjórnar þeim. Þeir stjórna ekki ríkisstj. Þeir eru að gera þetta fyrir ríkisstj. Þetta er breyting sem verður á frv. sem ríkisstj. og stjórnarflokkarnir standa að. Þess vegna er tvímælalaus skylda ríkisstj. að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins samkv. lögunum sem eru í gildi um stjórn efnahagsmála o. fl., þó að ég sé ekki eða hafi ekki verið neinn sérstakur stuðningsmaður þeirra laga. Eða ætlar ríkisstj. að afnema þessi lög? Það er sjónarmið út af fyrir sig. Þá hefði það átt að koma fram í þessum umr. Þá hefði átt að flytja frv. um afnám þessara laga. Ég hugsa að jafnvel hefðu gengið fljótar fyrir sig umr. um afnám þessara laga en tekjustofnafrv., eins og umr. fóru á fimmtudaginn var.

Það var gert samkomulag um að afgreiða þetta frv. á þessum degi og ég ætla ekki þrátt fyrir fyrri hótun mína að flytja langa ræðu. Ætla ég nú ekki að hafa þessi orð fleiri vegna þess samkomulags sem var gert. Nú höfum við það frv. sem við fórum fram á að sjá. En betur hefði tíma Alþ. verið varið á fimmtudaginn var ef ráðh. og stjórnarliðið hefðu samþykkt eðlilega og skynsamlega afgreiðslu og umr. um þetta mál.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og síðasti hv. ræðumaður mun ég fylgja því samkomulagi, sem gert hefur verið milli þingflokkanna, og ekki hafa langt mál um þetta frv. að þessu sinni. Engu að síður vil ég eins og hann fylgja eftir spurningu sem hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, bar fram á fimmtudaginn var og hv. 1. þm. Vestf. hefur raunar ítrekað hér. Það er alveg ótvírætt í 5. gr. laga um stjórn efnahagsmála frá því í apríl 1979, að kveðið er á um samráð við hagsmunaaðila vinnumarkaðarins um meiri háttar efnahags- og kjaraaðgerðir eins og þær sem við hér erum að nefna.

Nú er alveg ljóst, það kom fram í umr. á fimmtudag, að hæstv. félmrh. höfðu orðið á mikil og alvarleg mistök þegar hann hegðaði sér ekki í samræmi við þessi lög. En að lokum hafði meiri hl. þessarar hv. þd. sitt mál fram og umr. var frestað á fimmtudag. Hæstv. ráðh. lét undan, sem er vel. Nú vil ég þess vegna spyrja hæstv. félmrh.: Hefur hann ekki áreiðanlega notað tímann síðan á fimmtudag til að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, eins og skýrt er kveðið á um í lögunum sem við áttum báðir aðild að að samþykkja hér. Ég veit að þessa grein mátum við báðir mikils. Hefur samráð ekki áreiðanlega farið fram síðan þá? Í framhaldi af því: Hver eru viðbrögð aðila vinnumarkaðarins við fyrirhugaðri útsvarshækkun?

Ég treysti því að hæstv. ráðh. svari þessum spurningum. Ég treysti því auðvitað að svarið sé já, að samráð hafi farið fram, og ég treysti því, að það sé innlegg í þessa umr. hver eru viðbrögð t. d. verkalýðshreyfingarinnar við fyrirhugaðri útsvarshækkun.

Herra forseti. Það er samkomulag á milli þingflokka, að menn lengi ekki mál sitt að þessu sinni. Við það samkomulag vil ég og við jafnaðarmenn standa. svo að ég, herra forseti, segi ekki meira um þetta mál að þessu sinni.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna þeirra fsp., sem hér eru bornar fram af hv. 9. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Vestf., vil ég segja:

Frv., sem hér er lagt fram, 45. mál Alþ., var flutt af ríkisstj. Benedikts Gröndals á sínum tíma þar sem verið var að samræma tekjustofnalögin annars vegar og tekjuskattslögin hins vegar. Mér er ekki kunnugt um hvort samráð var haft við aðila vinnumarkaðarins um framlengingu þess frv. þá.

Varðandi málið að öðru leyti vil ég segja það, að nú eru að hefjast viðræður milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar að beiðni Alþýðusambands Íslands um ýmsar félagslegar ráðstafanir sem Alþýðusamband Íslands hefur borið fram kröfu um. Í þeim viðræðum hefur enn ekki verið fjallað um þau mál sem snúa að félmrn. annars vegar og trmrn. hins vegar, en það er eini fundurinn sem hefur verið haldinn. Hann var haldinn kl. 9 í morgun. Samþykki verkalýðshreyfingarinnar, ef spurt er um það, við þeirri breytingu, sem hér er verið að gera á tekjustofnalögunum, liggur ekki fyrir.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég var einn þeirra þm. sem lögðu mikla áherslu á það í umr. s. l. miðvikudag, að þeirri umr. yrði frestað og þm. gæfist kostur á að skoða í einni heild annars vegar útsvarsbyrði og hins vegar tekjuskattsbyrði. Nú hefur frv. til l. um skattstiga verið lagt fram og stjórnarandstaðan fékk það frv. í hendur fyrir helgi, þannig að nokkurt svigrúm hefur gefist til að kanna þetta mál í einni heild. Vil ég þess vegna segja nokkur orð af því tilefni, en ekki halda uppi löngu máli.

Það er aðsjálfsögðu, eins og fram kemur í grg. með þessu frv., erfitt og flókið mál að bera saman skattálagningu samkv. frv. eftir þá skattalagabreytingu og kerfisbreytingu sem gerð hefur verið á álagningu tekjuskatts. Hins vegar má gefa sér ákveðnar forsendur og setja upp ýmis dæmi í því sambandi. Það hef ég látið gera fyrir mig til þess að nokkuð megi átta sig á hvernig heildarskattbyrðin komi út. Sú athugun staðfestir það, sem ég óttaðist, að hér er um allmikla þyngingu að ræða varðandi heildarskattbyrði.

Ef reiknað er með að notaður sé 12.1% útsvarsstiginn, sem vafalaust verður gert í mörgum tilfellum, m. a. hjá fjölmennustu sveitarfélögunum, og ef hinn nýi skattstigi verður notaður eins og fram kemur í þessu lagafrv. sýnist mér að skattbyrði bæði á einstaklingum og hjónum þyngist allmikið, að vísu nokkuð mismunandi eftir tekjuflokkum. Mér sýnist t. d., að skattbyrði einstaklinga

þyngist, og það sem merkilegra er, að hún virðist þyngjast meira hjá þeim sem hafa tiltölulega lægri tekjur, og er það nokkuð andstætt því sem fram kemur í grg. með frv. Ef við tökum á hinn bóginn hjón og aðeins annað vinnur úti virðist skattbyrðin þyngjast allmikið á hjónum með miðlungstekjur og þar yfir. Sama virðist vera ef dæmið er sett upp með hjón sem vinna bæði úti og ef maður gefur sér þær forsendur að þau vinni fyrir jafnháum tekjum.

Dæmi af þessu tagi má að sjálfsögðu setja upp endalaust, því að tilvikin í lífinu eru svo margvísleg bæði hjá einstaklingum og hjónum. En þessi allmörgu dæmi, sem ég hef látið reikna, sýna og staðfesta það sem ég óttaðist, að hér sé um að ræða heildarþyngingu á skattbyrði bæði hjá einstaklingum og hjá hjónum með meðaltekjur og þar yfir. Ég hlýt því að lýsa enn yfir andstöðu minni við þá hækkun á útsvarsstiga, sem hér hefur verið heimiluð með þeirri sérstöku brtt. sem samþykkt hefur verið í hv. d., og tel að það hafi alls ekki verið að ástæðulausu að við þm. stjórnarandstöðunnar fórum mjög eindregið fram á frestun í þessu máli, reyndar áður en sú brtt. var samþ., þannig að okkur gæfist tóm til að skoða skattbyrðina í heild. Athuganirnar, sem ég hef látið gera, staðfesta grun og ótta okkar.

Sú brtt., sem hér hefur verið flutt af hv. 5. þm. Suðurl., Magnúsi H. Magnússyni, gerir ráð fyrir að þegar hækkaði útsvarsstiginn er notaður, þ. e. þegar hann fer upp í 12.1%, sé persónuafsláttur hækkaður allmikið. Hv. þm. lýsti því í ræðu sinni við umr. s. l. miðvikudag, hvað þetta þýddi í raun, en það er alveg ljóst að hér er um að ræða till. sem hefur í för með sér að heildarútsvarsbyrðin lækkar ef hún er samþ. Ég vil þess vegna lýsa því yfir af minni hálfu að ég mun styðja þá till. sem hv. þm. flutti.

Að öðru leyti læt ég þessar aths. nægja við lok þessarar umr., en ítreka að það var alls ekki að ófyrirsynju að við fórum fram á þá frestun sem veitt var, þó að hún kæmi of seint vegna þess að þá var þegar búið að samþykkja þá brtt. sem hefur í för með sér hækkað útsvar á stóran hóp landsmanna.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í framhaldi af svörum hæstv. félmrh. vænti ég þess, að hæstv. ráðh. geri sér ljóst það sem allir aðrir þm. í d. gera sér ljóst: Hann mælir hér fyrir lögbrotum. Burt séð frá öllum öðrum efnisatriðum málsins treysti ég því, að þau mistök verði leiðrétt í Ed. þessarar virðulegu stofnunar.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 1. þm. Reykn. tekur til máls, en nú vil ég geta þess, að ég hef ekki mælendaskrána eins og hún var í hinum löngu þrætum hér á dögunum svo að vera má að hv. þm. sé búinn að tala sig dauðan. En ef svo er gerir hann örstutta aths.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hafi ég litið eitthvað dauðalegur út þegar ég kom inn er það misskilningur að ég hafi talað mig dauðan í sambandi við þetta frv. Það, sem ég hef talað, hefur verið um þingsköp. Ég skal hins vegar ekki eyða miklum tíma þingsins.

Ég ætla mér að flytja við þessa umr. brtt. við það frv. sem hér er til umr. og get verið mjög stuttorður.

Fyrri brtt., sem ég flyt, er við 3. gr. frv. og varðar þá íslenska ríkisborgara sem starfa á vegum ríkisins erlendis og með nýjum lögum eru nú orðnir skattskyldir. Ég leyfi mér að flytja brtt. við 3. gr. frv. um að þeir aðilar verði undanþegnir útsvarsskyldu. Það mun ekki vera eins í öllum nágrannalöndum okkar, hvernig farið er með mál í þessu tilfelli. Sums staðar er útsvarsskylda felld niður, annars staðar er mönnum gert í stað útsvars að greiða skatt til ríkisins. Ég held að frv., eins og það er, þýði bein útgjöld fyrir ríkissjóð, þannig að það undantekningarákvæði, sem yrði, ef samþ. verður, sett inn í lögin, þýddi í raun og veru minni útgjöld fyrir ríkissjóð.

„Við 3. gr. 4. mgr. komi viðbót:

Svo og skal draga frá útsvarsskyldum tekjum starfslaun, sem greidd eru vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis við sendiráð Íslands og fastanefndir Íslands hjá alþjóðastofnunum."

Síðari brtt., sem ég leyfi mér að flytja hér, er við 14. gr. frv., þar sem um er að ræða aðstöðugjaldsstofn og gert ráð fyrir að draga frá gjaldfærslu vegna 53. gr. laga nr. 40/1978, eins og gera skal varðandi tekjufærslu. Að mínum dómi er eðlilegast að hvorug færslan hafi áhrif á ákvörðun aðstöðugjaldsstofns. Gjaldfærslan er að vissu leyti leiðrétting á ofmetnum fjármagnstekjum og því að mínum dómi eðlilegt að gjaldfærslan hækki ekki stofn til aðstöðugjaldsálagningar.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska eftir að leitað verði *afbrigða fyrir skriflega fluttum brtt.*

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 224) samþ. með 25 shlj. atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem ég hef ekki haft tíma eða tækifæri til að kynna mér þessar till. finnst mér eðlilegt, áður en umr. lýkur, að þm. fái að athuga till., þeim verði dreift í hv. d. og umr. fari fram þar *á eftir. Ég hef áreiðanlega talsvert um till. að segja eftir* að hafa fengið tíma til að kynna mér þær.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst á margan hátt óeðlilegt að leggja fram brtt., sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur flutt, rétt fyrir atkvgr., án þess að þm. hafi getað kynnt sér þær. Í sjálfu sér geta þm. ekkert annað gert en greitt atkv. á móti þeim, því að ljóst er að menn þurfa að átta sig á skattlagningu sendiráðsstarfsmanna áður en þeir samþykkja svona till. Það er gerð breyting í tekjuskattslögunum um meðferð skattlagningar á þessa aðila, og ég held að alveg nauðsynlegt sé að líta á þetta mál í samræmi við það.

Að öðru leyti varðandi aðstöðugjaldsmálið finnst mér eðlilegt að gjaldfærsla myndi aðstöðugjaldsstofn. Hún er að verulegu leyti leiðrétting á vörunotkun. Hún getur réttilega, eins og hv. þm. sagði, verið bakfærsla á fjármagnstekjum. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir að svokölluð tekjufærsla dragist frá, sem er miklu stærra mál fyrir atvinnureksturinn en gjaldfærslan, og er vel fyrir því séð. Ég er því mótfallinn þeirri till., að gjaldfærslan sé dregin frá aðstöðugjaldsstofni, á þeim forsendum að hún er að verulegu leyti leiðrétting á vörunotkun og á að mynda *aðstöðugjaldsstofn eins og hvað annað. Hitt er svo annað* mál, að aðstöðugjaldið er út af fyrir sig svo vitlaus skattur í heild sinni að erfitt er að rökstyðja það. Það lítilræði, sem þarna bætist við, breytir því ekki miklu. En þetta er skattur sem skiptir sveitarfélögin verulegu máli og verður ekki afnuminn í einu vetfangi. Það væri þó vissulega þess virði að gera ýmsar alvarlegar tilraunir til að leggja

þennan skatt af, því að skatt, sem byggist á veltu, er út af fyrir sig erfitt eða ekki hægt að rökstyðja.

Ég vildi aðeins koma með þessar aths. og vil nú skora á hv. þm. að draga till. sínar til baka a. m. k. til 3. umr. (**Gripið fram í:** Þetta er 3. umr.) Þetta er 3. umr. Fyrst engin umr. er eftir vil ég eindregið leggja til að till. verði felldar.

Matthías Á Mathiesen: Herra forseti. Mér er ljóst hversu síðbúnar brtt. eru, og ég er reiðubúinn að draga þær til baka. Þetta frv. á eftir að fara til hv. Ed. og þar fara fram þrjár umr. Þar gefst væntanlega tækifæri til að skoða þær. (**Forseti:** Hvað sagði þm.?) Ég sagði að þm., sem þar eru, gæfist vonandi tækifæri til að skoða till. Ef mönnum sýnist rétt að samþykkja þær þar kemur frv. til einnar umr. í þessari hv. d. aftur og þeir verða þá vonandi til þess að tala sem eru svo málglaðir að þeir geta ekki setið á sér nú.

ATKVGR.

Brtt. 224 teknar aftur.

Brtt. 216 felld með 21:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, FrS, GeirH, HB, JS, JÞ. KP, MHM, MB, MÁM, PS, VG, ÁG, SvH.

nei: EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS.

SteinG, AG greiddu ekki atkv.

3 þm. (JBH, ÓE, SighB) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég hefði haft sterkar tilhneigingu til að styðja fram komna brtt. Magnúsar H. Magnússonar. En við nánari athugun kemur í ljós að þá verður tekjuskerðing sveitarfélaga hátt á annan milljarð, en mundi hins vegar spara ríkissjóði mest vegna þess að ónýttur persónuafsláttur, sem gengi til greiðslu á útsvörum, mundi verða mjög sparandi fyrir ríkið og mundi verða ríkinu hagstæðari en þeim sem útsvör eiga að greiða. Þingflokkur Alþb. hefur samþykkt að hafna till. Magnúsar H. Magnússonar vegna þess að fyrir liggur yfirlýsing frá fjmrh. og nú hefur verið dreift í d. frv. til l. um hækkun persónuafsláttar í 440 þús. og að ónýttur persónuafsláttur upp í útsvar tvöfaldist frá því sem verið hefði að óbreyttu skattkerfi. Þar með fellur útsvar niður af allra lægstu tekjum umfram það sem verið hefði. Þess vegna segi ég nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég heyrði að hv. 7. þm. Reykv. hefur haft vondan kennara í skattamálum. Staðreyndin er að sjálfsögðu sú, að eftir því sem skattar eru lægri vegur skattbyrðin minna og þá borga einstaklingarnir minna. Þetta er augljóst mál. Það var misskilningur hjá hæstv. fjmrh. eða vísvitandi ósannindi þegar hann sagði í útvarpi síðast þegar þetta mál var til umr. að skattahækkanir hefðu skattalækkun í för með sér, enda kom þá í ljós að hann skilur hvorki upp né niður í því hvað persónufrádráttur er. Það er enn fremur rangt að persónufrádráttur sé helmingi hærri samkv. þessum lögum en vera mundi ef eldri skattalög hefðu gilt. Hann er ívið hærri hjá einstaklingum, 50% hærri hjá hjónum. Skattstigar eru knappari og þyngri. 30% þrepið hefur verið niður fært og gert að 35% þrepi, sem bitnar á þeim mönnum sem þar voru áður. 50% skattþrep er komið eins og sjálfsagt mál og bitnar á launafólki, mest kannske fólki í frystihúsum. Af þessum ástæðum segi ég já.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Við þá breytingu sem gerð var á þessu frv. við 2. umr. með samþykkt till. um 12. prósentið þóttist ég greina það, að erfitt yrði að koma þessu frv. þannig í gegn að í því væri fullkomið vit. Þess vegna vil ég ekki bera ábyrgð á frv. frekar og greiði ekki atkv. um þessa tillögu.

Frv. samþ. með 19:3 atkv. og afgr. til Ed.

Neðri deild, 49. fundur.

Mánudaginn 24. mars, að loknum 48. fundi.

Lántaka Framleiðsluráðs landbúnaðarins, frv. (þskj. 197). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 225).

Efri deild, 52. fundur.

Mánudaginn 24. mars, kl. 9 að kvöldi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 212). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er komið á dagskrá, um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, var lagt fyrir hv. Nd. Alþingis í desembermánuði og mælti fyrrv. félmrh. fyrir málinu 20. des. Síðan hefur frv. verið rætt allmikið í hv. Nd., eins og mönnum er kunnugt um, og ætla ég ekki að fara mjög nákvæmlega út í efnisatriði þess á þessu stigi málsins.

Meginefni þessa frv. er það, að tekjustofnalögin, þ. e. lögin um tekjustofna sveitarfélaga, eru samkv. frv. aðlöguð hinum nýju skattalögum, lögum nr. 40 frá 1978, með síðari breytingum, einkum þó þeim breytingum, sem ákveðnar eru í lögum nr. 1 frá 1980. Fyrstu greinar frv. lúta að þessari samræmingu: 1., 2., 3. og 4. gr. Auk þess er um það að ræða, að sums staðar er kveðið skýrar á um venju sem myndast hefur. T. d. á það við um 4. gr., þar sem talað er um að skattstjórar annist álagningu útsvars, en þetta hefur verið þannig í reynd, að skattstjórar hafa annast álagningu útsvars í langflestum til-

vikum. Þannig var það á árinu 1979, að skattstjórar lögðu útsvör á 101 967 gjaldendur, en 924 gjaldendur báru útsvar samkv. álagningu sveitarstjórna.

Í 5. gr. frv. er það ákvæði, sem í rauninni hefur mestum deilum valdið, en það er ákvæði um að útsvar megi ekki vera hærra en 11% af útsvarsstofni, en síðan segir í 4. mgr. 5. gr. á þessa leið: „Nú hrökkva útsvör samkv. 1. mgr. ekki fyrir áætluðum útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðh."

Ég vek athygli á því, að þessi mgr. gerir ráð fyrir að hér sé um að ræða vissa skilyrðisbindingu, þannig að sveitarfélögin þurfi að sýna fram á það, að útsvör þeirra eftir venjulegum reglum hrökkvi ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum, og þá sé heimilt að hækka þessi útsvör um allt að 10%, enda samþykki félmrh.

Eins og kunnugt er hafa sveitarfélögin á undanförnum árum lagt á það vaxandi áherslu, að þau fengju leyfi til þess að verðtryggja tekjustofna sína, bæði aðstöðugjöld og sömuleiðis útsvörin sjálf. Ef um þessa verðtryggingu ætti að vera að ræða má gera ráð fyrir að útsvarsprósentan á þessu ári þyrfti að vera 13 — 14%, miðað við það verðbólgustig sem nú er um að ræða.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er m. ö. o. aðeins komið nokkuð til móts við sveitarfélögin, miðað við þær óskir sem fyrir hafa legið, og á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga var þeirri breytingu, sem hér er lögð til, fagnað sem áfanga í þá átt að sveitarfélögin gætu rýmkað tekjustofna sína.

Það hefur nokkuð verið rætt um það, að hér sé um að ræða mjög verulega þyngingu á fólki, og þá einkum á þeim sem hafa lægstu tekjur. Hér er um að ræða grundvallarmisskilning. Í hv. Nd. Alþingis var m. a. gagnrýnt að hér væri verið að leggja skatta á elli- og örorkulífeyri, en eins og fram kemur í einni mgr. 3. gr. er gert ráð fyrir að undanþiggja þessar bætur almannatrygginga.

Í umr. um þetta mál hefur það komið fram, að talið er líklegt að yfir landið allt, — miðað við að sveitarfélögin noti sér öll þessa heimild, sem er vafamál að þau geri, en segjum að þau noti hana öll, — yrði um að ræða hækkun á útsvari upp á ca. 5 milljarða kr. Þessi hækkun kemur þó allmisjafnlega niður og er ástæðan fyrst og fremst sú, að samhliða þessari breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér er lögð til, á sér stað skattkerfisbreyting í landinu, þar sem nú er lagt á alla sem einstaklinga. Við þá skattkerfisbreytingu gerist það, að ónýttur persónuafsláttur upp í útsvar hækkar mjög verulega frá því sem verið hefði að óbreyttum lögum. Þessi hækkun nemur u. þ. b. 2 milljörðum kr. á árinu 1980 frá því sem verið hefði að óbreyttu, miðað við 45% hækkun persónuafsláttar frá s. l. ári. Þetta þýðir að hér er í rauninni jafnframt ákveðið með hinum nýju lögum um tekjuskatt, sem Alþ. hefur samþykkt fyrir nokkru, að létta af allra lægstu tekjunum þessum gjöldum, þar með töldu útsvarinu, með hinum svokallaða ónýtta persónuafslætti. Hér er um ákaflega stórt og þýðingarmikið atriði að ræða. Og ég legg á það áherslu, að menn hafi vel í huga þegar verið er að horfa á álagningartölur útsvars, að þar er um að ræða tekjustofna sveitarfélaga, en tekjujöfnunarskyldan í þjóðfélaginu er hins vegar hjá ríkinu. Þessi tekjujöfnunarskylda ríkisins birtist í gegnum svokallaðan persónuafslátt frá reiknuðum skatti, sem kemur einnig upp í útsvar þegar afslátturinn gerir meira en að ná yfir álagðan tekjuskatt hjá einstaklingunum. Með þessu ákvæði, með þessum ónýtta persónuafslætti upp í útsvar gerist það, að u. þ. b. 22% allra útsvarsgreiðenda sleppa við útsvar, þ. e. þeir fá útsvar að fullu uppi borið með persónuaflættinum. U. þ. b. 33—35% útsvarsgreiðenda fá einhvern hluta af útsvarinu uppi borinn með persónuafslættinum, hinum ónýtta persónuafslætti. Ég bið menn að hafa þetta meginatriði í huga þegar verið er að horfa á þær afleiðingar til íþyngingar, sem eru og væru ella af því frv. sem hér liggur fyrir.

Næstu greinar þessa frv. eru í rauninni fyrst og fremst tæknilegar lagfæringar á þeim tekjustofnalögum, sem í gildi hafa verið, svo og samræming við lög nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt. Ég tel þó sérstaka ástæðu til þess að víkja hér að 14. gr. frv., en þar er fjallað um aðstöðugjaldsstofninn, hver hann skuli vera. Hann er samræmdur hinum nýju skattalögum þannig að aðstöðugjaldsstofn á að vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978. Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla samkv. 53. gr. laga nr. 40/1978, en frá honum dregst tekjufærsla samkv. sömu grein. Með þessum hætti svo og með ákvæðum 13 gr. frv. er mjög skýrt hver aðstöðugjaldsstofn fyrirtækjanna er.

Í 12. gr. frv. eru ákvæði um það, hvernig fer með greiðslu á útsvari við þá breytingu sem verður þegar hjón hvort í sínu lagi verða sjálfstæðir skattaðilar.

Í 16. gr. eru ákvæði sem lúta að því, hverjir það eru sem borga aðstöðugjald, og þar eru m. a. teknir inn aðilar sem hafa með höndum húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð.

Í 19. gr. eru ákvæði um dráttarvexti, sem eru til samræmis við það sem er í lögum nr. 40/1978. Í 20. gr. svo og í ákvæðunum til bráðabirgða er einnig um að ræða ákvæði sem lúta að þessari samræmingu.

Ég tel að það eigi ekki að vera þörf á því, nema sérstakt tilefni gefist til, að fara ítarlega út í efnisatriði þessa frv. Hv. Ed. hefur verið að fjalla um skattamálin að undanförnu, m. a. þegar hún afgreiddi á dögunum lög nr. 1/1980 um breyt. á lögum nr. 40/1978.

Ég vil að lokum aðeins geta þess í sambandi við þetta frv., að sú rýmkun, sem verður á tekjustofnum sveitarfélaganna samkv. þessari till., byggist á því ákvæði í málefnasáttmála núv. ríkisstj. sem fjallar um fjárhagsmál sveitarfélaga, en þar segir:

„Ríkisstj. telur nauðsynlegt að styrkja fjárhag sveitarfélaga til að gera þeim kleift að ráða við þau mörgu verkefni, sem þeim ber að sinna."

Í þessu ákvæði stendur einnig: „Haldið verði áfram endurskoðun verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga."

Ég vil láta þess getið að síðustu, að tekin hefur verið ákvörðun um það, að sú nefnd, sem nú vinnur að úttekt á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, geti skilað áliti fyrir eða um næstu áramót, en það er þriðji hluti álits þessarar nefndar. Fyrsta hlutanum skilaði hún í apríl 1978, og fjallaði hann um grundvallarsjónarmið í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Öðrum hlutanum skilaði hún í janúar 1980, um stjórnsýslukerfið. Og síðasta hlutanum er gert ráð fyrir að nefndin skili um eða fyrir næstu áramót, en sá hluti fjallar um tekjustofnaskiptinguna sjálfa.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er til 1. umr., var á sínum tíma rætt allítarlega á sameiginlegum fundum félmn. beggja deilda, þannig að við, sem erum í hv. félmn. þessarar hv. d., höfum komið áður við sögu þessa máls. Á þessum sameiginlegu fundum ræddum við frv., sem hér er nú á dagskrá, sérstaklega með tilliti til breytinga sem talið var nauðsynlegt að gera á frv. Á fundi til okkar komu menn eins og ríkisskattstjóri og framkvæmdastjóri BSRB og þeir höfðu verið með í ráðum við samningu brtt. sem við ræddum á þessum sameiginlegu fundum.

Á þessum fundum varð samkomulag um að styðja þetta frv. og styðja þær brtt. sem við ræddum og höfðu verið undirbúnar með aðstoð þeirra aðila sem ég nefndi. En á þessum sameiginlegu fundum urðu þó mestar ummræður um brtt. sem hafði orðið til með sérstökum hætti og þessir embættismenn höfðu ekki staðið að, en það var brtt. um að leggja mætti 10% á útsvarsupphæðina, á þau 11% sem frv. í upphafi gerði ráð fyrir. Um þetta var deilt, og við fulltrúar Sjálfstfl. á þessum fundum lögðum áherslu á það, að ekki væri hægt að taka ákvörðun um íþyngingu útsvarsins, sérstaklega með tilliti til þess, að við vissum þá ekki hver heildarskattbyrðin yrði, vegna þess að þá var ekki vitað hverjir yrðu skattstigar varðandi tekjuskattinn.

Það varð því samkomulag á þessum sameiginlegu fundum að sleppa þessari till. um 10% hækkunina eða hafa hana ekki með hinum sameiginlegu till. Eftir þessu var farið við afgreiðslu málsins í hv. félmn. Nd. Í ítarlegum brtt., sem sú n. gerði og voru í samræmi við það sem við höfðum rætt á þessum sameiginlegu fundum, var ekki þessi till. Í meðferð hv. Nd. á þessu máli var þessi till. fram borin og samþykkt, eins og kunnugt er, og frv. kemur í þessari mynd til okkar í þessari hv. deild.

Ég vil í þessu sambandi taka það fram, að að áliti okkar sjálfstæðismanna hefur það komið í ljós nú, að það var ekki að ástæðulausu að við vildum ekki þá þegar á hinum sameiginlegu fundum félmn. fallast á þessa hækkun útsvarsins. Við komumst endanlega að raun um það við framlagningu frv. til l. um breyt. á tekju- og eignarskattinum á þskj. 219, sem við ræddum fyrr í dag. Þar kemur í ljós, að í stað þess, sem hefði mátt ætla, að það frv. fæli í sér lækkun skatta til þess að mæta þeirri hækkun útsvars sem orðin er í þessu frv., sem við nú ræðum, þá er frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt einnig íþyngjandi. Ég skal ekki hér fara að ræða það frv., og ég skal ekki við þessa umr. fara að ræða sérstaklega frv., sem hér liggur fyrir nú og er á dagskrá, enda ekki ástæða til að ræða það almennt eða þau atriði sem samkomulag hefur verið um. En að sjálfsögðu er ástæða til þess að ræða þá breytingu sem hefur orðið á frv. í meðferð Nd. varðandi hækkun útsvarsins.

Ég tel þó ekki rétt á þessu stigi málsins að fara að ræða það mál efnislega. Ég vil leyfa mér að vona, þegar þetta mál kemur til hv. félmn. þessarar d. þar sem ég á sæti, að þar verði málið athugað með þeim árangri að hægt sé að ná samkomulagi um að þessi deild afgreiði málið eins og samkomulag var um í hv. félmn. Nd. að afgreiða það. Með tilliti til þessa vil ég geyma mér að ræða þetta mál ítarlega.

Ef svo fer mót von minni, að hv. stjórnarliðar halda áfram við þá stefnu sem fram kemur í afstöðu þeirra til þessara mála, að íþyngja almenningi í landinu með aukinni skattbyrði, munum við að sjálfsögðu ræða það mál ítarlegar við 2. umr. ef þörf gerist.

Hæstv. félmrh. vitnaði í ræðu sinni áðan í stjórnarsáttmálann. Hann sagði að í stjórnarsáttmálanum væri lögð áhersla á að styrkja stöðu sveitarfélaganna. Hann vitnaði og til þess starfs sem hefur verið unnið á undanförnum árum við endurskoðun á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Ég kannast við þetta hvort tveggja. Ég kannast við það sjónarmið, að nauðsynlegt sé að styrkja stöðu sveitarfélaganna. Við sjálfstæðismenn höfum lengi haft það á stefnuskrá okkar og talið það eitt af þýðingarmestu þáttum í allri viðleitni til þess að auka valddreifingu, auka lýðræðið í þessu landi.

Það var líka fyrir frumkvæði núv. hæstv. forsrh., að sú nefnd var sett á laggirnar sem unnið hefur að þessu á undanförnum árum. Hæstv. félmrh. vék hér að því sem þessi nefnd hefði þegar starfað. Ég vona að störf þessarar nefndar haldi áfram hér eftir sem hingað til. En ég vil vekja athygli á því, að þó að við sjálfstæðismenn teljum nauðsynlegt að styrkja stöðu sveitarfélaganna og gæta þess, að þau hafi tekjustofna til þess að standa undir þeim verkefnum sem þeim eru fengin á hverjum tíma, þá höfum við alltaf litið svo á, að sveitarfélögin væru til vegna fólksins í landinu og það væri grundvallaratriði, að fólkinu í landinu yrði ekki íþyngt um of með skattbyrðum til sveitarfélaganna og til ríkisins. Um leið og við aukum hlutverk sveitarfélaganna verðum við að sjálfsögðu að auka tekjustofna þeirra. En það þýðir það, að við verðum jafnframt að draga úr þeirri skattlagningu sem lögð er á til tekjuöflunar fyrir ríkið.

Ég minntist í þessu sambandi á hæstv. forsrh. Ég hef litið svo á, að hann væri og hefði verið á undanförnum árum samþykkur þeim grundvallarsjónarmiðum sem ég hef hér aðeins vikið að. Ég vil því leyfa mér að vona að undir forsæti hans verði ekki stigin spor í öfuga átt í þessum efnum, að það verði ekki aukin skattheimta til tekjuöflunar fyrir sveitarfélögin í landinu án þess að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til þess að draga úr skattbyrðum til ríkisins. Það voru hugleiðingar sem þessar, sem gáfu mér tilefni til þess að lýsa þeirri von minni nú, að svo kynni að fara að það gæti náðst samkomulag í hv. félmn. þessarar deildar um að breyta frv. hér í Ed. á þann veg sem samkomulag var um í félmn. Nd. að hafa það.

Það er þá ekki í fyrsta sinn sem það kæmi fyrir, að þessari hv. deild tækist að betrumbæta verk þeirra í hv. Nd.

Karl Steinar Guðnason: Forseti. Það hefur komið fram í Nd., að Alþfl.-menn eru algjörlega andvígir þeirri útsvarshækkun sem nú á að eiga sér stað samkv. þeirri samþykkt sem gerð hefur verið í Nd. Við gerum okkur vissulega grein fyrir því, að sveitarfélög þurfa að hafa góða tekjustofna, en við höfum það einnig í huga, að almenningur í landinu hefur visst greiðsluþol og til þess þarf að taka tillit.

Það kom fram hjá hæstv. félmrh. áðan, að ef sveitarfélögin ættu að hafa þær rauntekjur, sem 10% eða 11% álagningin segir til um, þyrfti álagningin í dag að vera 13 — 14% og því hærri prósenta því meiri sem verðbólgan er. Við teljum að stærsta tekjutrygging fyrir sveitarfélögin væri sú að ráðast gegn verðbólgunni og freista þess að minnka hana. En það er ekki að sjá að að því sé stefnt af hæstv. ríkisstj., heldur þvert á móti.

Það hefur og komið fram, að í umfjöllun Nd. hefur hvergi verið leitað samráðs við aðila vinnumarkaðarins

um þá útsvarshækkun sem nú á að eiga sér stað. Ég vil minna á að 7. apríl 1979, þ. e. í fyrra, voru sett lög um stjórn efnahagsmála o. fl. Í 5. gr. er fjallað um samráð og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Verkefni samráðs þessa skal m. a. vera:

Að ræða meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstj. frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, lífeyrismála, verðlagseftirlits af opinberri hálfu, og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins."

Svo segir aftur í 3. tl.: „Að fjalla um önnur þau atriði, sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt."

Mér sýnist, fyrst ekki hefur verið haft samráð við launþegasamtökin um þessa útsvarshækkun, að þá sé beinlínis verið að brjóta lög, þau lög sem ég minntist á hér áðan, og mun ég í félmn., sem ég á sæti í, leggja til að þar verði óskað umsagnar Alþýðusambands Íslands um þær till. um útsvarshækkun sem fram hafa komið og verið samþykktar í Nd.

Það er greinilegt, að hugleiðingar ríkisstj. um að hækka útsvarið verða beinlínis eins og verið sé að hella olíu á eld. Verkalýðshreyfingin gengur nú til samninga, hefur sett fram sínar kröfur, en mitt í þeirri samningagerð rýkur ríkisstj. í það að hækka útsvarið, sem vissulega hlýtur að koma við hvern einstakling í landinu og þá sérstaklega launþega.

Ég ætla ekki að fara frekari orðum um þetta að sinni, nema að mér sýnist að hækkun útsvarsins verði ekki til að greiða fyrir kjarasamningum, heldur þvert á móti. Og ég árétta það, að með því að hundsa launþegasamtökin hvað samráð snertir sé verið að brjóta lög. Ég mun freista þess í félmn. að fá því breytt og vona að eftir þær umsagnir, sem þar fást, fái menn gleggri mynd af því, hvað launþegasamtökin hafa um þessar till. eða samþykkt Nd. um útsvarshækkun að segja.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Þetta frv. er búið að fá mikla umr. bæði í hv. Nd., þar sem það hefur verið til umfjöllunar, og í fjölmiðlum og er það að vonum. Það, sem mesta umræðu og athygli hefur vakið, er breytingin á álagningarprósentunni vegna útsvars, þ. e. heimildin um 10% hækkun til viðbótar þeim 11 sem fyrir voru, þannig að sveitarfélögin gætu nú lagt 12.1% útsvar á bruttótekjur í stað hámarks 11%.

Nú geta allir verið sammála um það, að ekki veitir sveitarfélögunum, mörgum hverjum a. m. k., af að fá rýmkun á tekjumöguleikum, og helst ætti það að gerast með þeim hætti, að slíkar ákvarðanir væru ekki bundnar hámarki með lögum, heldur á valdi einstakra sveitarstjórna hverju sinni. Það eru heimamenn sem best þekkja þarfir þegna sinna og vita hvar skórinn kreppir hverju sinni, og aðhaldið er heima í héraði. Vel rekin sveitarfélög fá umbun hjá kjósendum sínum á fjögurra ára fresti og illa rekin fá sinn dóm.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur boðað að hún ætli ekki að auka skattaálögur á þegnana, þvert á móti að stefna að skattalækkun. Það sýnist því nokkur þversögn í því, að á sama tíma stuðla stjórnarliðar að aukinni skattbyrði, eins og því miður er nú augljóst að fyrir liggur, bæði hvað varðar skattheimtu ríkissjóðs sjálfs og svo nú með þessari heimild til handa sveitarfélögunum, sem ég tel að hefði verið eðlileg og sjálfsögð á þann hátt, að þarna hefði ríkisstj. sýnt alvöru á bak við fyrirheitin og jafnhliða því að heimila sveitarfélögunum hækkun álagningarprósentu hefði verið dregið úr skattheimtu ríkisins. Þetta hefði ég talið eðlilega leið, þar til fyrir liggur niðurstaða úr könnun þeirri sem verið er að gera á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hæstv. félmrh. hefur lofað að muni ljúka á þessu ári. Þegar þeirri könnun er lokið og niðurstöður fengnar verður hlutur sveitarfélaganna væntanlega bættur, þannig að þau fái leiðréttingu mála sinna með auknu sjálfsforræði um staðbundin verkefni og að tekjustofnar fylgi verkefnunum.

Ég ætla ekki að ræða frekar efnislega um frv. nú, þar sem tækifæri mun gefast þegar það kemur til félmn. þar sem ég á einnig sæti.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það eru sérkennilegir bullukollar, þm. Alþfl. Þeir sjást greinilega ekki fyrir í sókn sinni eftir þeim fáu áróðursstráum sem þeir finna eða telja sig finna í markaði dagsins. Ég horfði upp á það í Nd. í dag, að hv. þm. Vilmundur Gylfason bar hæstv. félmrh. það á brýn, og sjálfsagt ríkisstj. allri, að verið væri að framkvæma hér lögbrot. Nú kemur hv. þm. Karl Steinar, sendur af fyrrgreindum þm. Vilmundi Gylfasyni, hingað upp í ræðustólinn með svipaðan texta.

Það er vert að minna á tvennt í þessu sambandi. Það fyrra er það, að nýlega er farin frá völdum ríkisstj. þessa sama flokks, Alþfl., sem væntanlega hefur ætlað sér að starfa samkv. lögum. Mér er ekki kunnugt um að eitt einasta af þeim frv., sem sú ríkisstj. lagði fram, m. a. frægt skattstigafrv. og önnur veigamikil frv. í efnahagsmálum, hafi verið tekin fyrir með þeim hætti sem þessir herrar krefjast nú og kalla lögbrot ella. Mér þætti gaman að fá hér fram, ef hægt er að upplýsa, hver af frv., sem ríkisstj. Alþfl. lagði fram sem fullgild ríkisstj. og ætlaði sér að fá tekin fyrir í þinginu eins og hjá hverri annarri ríkisstj., hafi verið borin undir aðila vinnumarkaðarins samkv. 5. gr. laganna um stjórn efnahagsmála sem var verið að vitna í áðan. Mér er nær að halda að það hafi ekki verið eitt einasta af þessum frv. sem þannig var farið með, — ekki eitt einasta. (Gripið fram í.) Það skiptir ekki máli, vegna þess að það, sem var verið að æpa hér um fyrr í dag og hv. þm. kemur með inn í deildina í kvöld, var ásökun um lögbrot, hvorki meira né minna, — lögbrot ef ekki væri farið með málið með þessum hætti. Þetta er nú heldur veikbyggt áróðursstrá í vindi dagsins.

Hitt er svo sérkennilegra, seinni parturinn í ræðu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, þegar hann sagði eitthvað á þá leið, að ríkisstj. væri með hækkun útsvaranna að ráðast gegn hagsmunum launafólks og það mundi spilla fyrir kjarasamningum. Það vill nú svo til, að ríkisstj. hefur ekki lagt þessa hækkun til. Það er ekki ríkisstj. Það er meiri hl. félmn. Nd. Og kaldari kveðju til félaga síns innan verkalýðshreyfingarinnar hef ég ekki heyrt á síðari tímum heldur en þá sem Karl Steinar Guðnason flutti hér til formanns Verkamannasambands Íslands, Guðmundar J. Guðmundssonar. Það verður gagnlegt að rifja þá ræðu upp á næsta þingi Verkamannasambandsins þegar formaður sambandsins þarf að halda sérstaka varnarræðu fyrir varaformanninn til að fá hann kjörinn.

Ég held að þessir ágætu þm. í Alþfl. ættu að átta sig á því, að þessi brtt. er verk þingsins og það eru fjórir þm. í Nd. sem fluttu þessa till., þar með einn fremsti og virtasti forustumaður verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, sem

ég treysti miklu betur til að meta hagsmuni verkafólks í þessu landi heldur en hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Ég tel að Guðmundur J. Guðmundsson sé öllu færari til þess að túlka raunverulega hagsmuni launafólks í þessu landi en sá þm. sem mælti hér áðan og talaði í nafni Alþfl.

Það er nokkuð síðborin krafa frá hv. þm. að krefjast þess, að leitað sé umsagnar Alþýðusambands Íslands um þessa breytingu, vegna þess að það var á sameiginlegum fundi nefnda beggja deilda sem till. var kynnt og till. afgreidd með tilkynningu um það, að þeir nefndarmenn félmn. Nd., sem vildu að málinu standa, mundu flytja það. Enginn gerði þá athugasemd við það, hvorki hv. þm. Karl Steinar Guðnason né nokkur annar, né hefur nokkur gert það á þeim mörgu vikum sem liðnar eru síðan, að nauðsynlegt væri að taka þetta mál til kynningar. Það er nokkuð síðborin krafa og sjálfsagt sett fram í þeim tilgangi einum að reyna hér á Alþ. að koma höggi á formann Verkamannasambandsins, sem Karl Steinar Guðnason er ekki maður til að koma á hann innan Verkamannasambands Íslands.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það er ástæða til að ræða þau gífuryrði sem konungur marxistanna í Alþb. lét sér um munn fara. En ég vil aðeins segja það, að sú krafa, sem ég kom með fram áðan eða sagði frá að ég mundi leggja fram í félmn., er nákvæmlega á réttum tíma. Það er fyrst nú sem mér gefst tækifæri til þess í þessari deild að leggja hana fram, og ég geri það á fundi félmn. sem væntanlega verður haldinn á morgun.

Hv. þm. fór allmörgum orðum um það, að formaður Verkamannasambandsins hefði lagt til að þessi hækkun ætti sér stað. Ég vil upplýsa það, að formaður Verkamannasambandsins hefur enga heimild til þess að leggja fram till. um útsvarsbyrði í nafni Verkamannasambands Íslands. Ég hef ekki heldur trú á því, að hann hafi hugsað á þann hátt, að svo væri gert, enda hefur hann ekki nokkra heimild til þess. Ég er alveg sannfærður um það, að ef þetta yrði lagt fyrir stjórn Verkamannasambandsins til umsagnar, þá yrði útsvarshækkun harðlega mótmælt. Hann fengi engu ráðið um það. Þó menn hafi verið véladir til að flytja svona till., þá er ekki þar með sagt að það sé í nafni þeirra samtaka sem viðkomandi menn eru í forustu fyrir.

Ég vil spyrja hvað veldur því, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talar á móti því að Alþýðusambandið fjalli um þetta. Hvað er maðurinn að þvæla ef hann er samþykkur því, að Alþýðusambandið fái að segja sitt álit á fyrirhugaðri útsvarshækkun? Það væri líka fróðlegt að vita, hvað Verkamannasambandið hefði um þessi mál að segja. Það er spurning hvort á ekki að óska eftir því líka, að framkvæmdastjórn Verkamannasambandsins segi til um það, hvort hún vill samþykkja hækkun á útsvörum eða ekki. Það er mín skoðun, að þessi útsvarshækkun sé mjög kaldar kveðjur til íslenskrar alþýðu og sé til þess fallin að tefja og spilla fyrir kjarasamningum, alls ekki til að liðka fyrir þeim.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að svara öllu fleiru hér. En ég spyr: Er Ólafur Ragnar Grímsson samþykkur því, að Alþýðusambandið fái að segja eitthvað um þessa aðför að launþegum? Ég veit að það vill gjarnan fá að segja sína skoðun á þessum málum og ef þingmaðurinn er samþykkur því, þá vildi ég gjarnan að það kæmi fram hér á eftir.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel að í meginatriðum hafi þetta frv. fengið allgóðar undirtektir hér í hv. deild. Hér skilja menn greinilega vel fjárhagsvanda sveitarfélaganna, og ég fylgi algjörlega þeim sjónarmiðum sem fram komu hjá hv. 4. landsk. þm. í þeim efnum. Það er að stuðla að sem mestu sjálfstæði sveitarfélaganna, þannig að sveitarstjórnirnar geti tekist á við hin staðbundnu verkefni. Þær eru kjörnar lýðræðislegum kosningum, og það er eðlilegast, að þær ákveði með hvaða hætti staðið er að verkefnum á viðkomandi svæði. Engin sveitarstjórn í landinu, ég þekki hana a. m. k. ekki, gerir sér leik að því að hækka að óþörfu skatta á íbúunum. Geri sveitarstjórn það verður hún einfaldlega felld í næstu kosningum þar á eftir. Mér finnst það því lýsa vantrausti á sveitarstjórnunum í landinu að þora ekki að gefa þeim þann slaka sem möguleiki er á samkv. frv. sem hér liggur fyrir. Mér finnst það skjóta dálítið skökku við það sem áður hefur komið fram, m. a. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og frá hv. þm. og talsmönnum Sjálfstfl. í gegnum tíðina. Rök þeirra núna eru hins vegar þau, að þetta þyngi of mikið heildarskattabyrðina og þess vegna megi ekki samþykkja frv. af þessu tagi. Það eru út af fyrir sig rök sem þeir hafa máli sínu til styrktar. En ég vil aðeins minna á í þessu sambandi, að þegar útsvarið 11% var samþ. á sínum tíma, þá var það í raun allmiklu hærra en það er núna vegna verðbólgunnar — allmiklu hærra. Það var talsvert hærra en það er, jafnvel þó að menn nýttu þessi 12%. Ég fylgi sem sagt þeim sjónarmiðum sem fram komu hjá hv. 4. landsk. þm. varðandi mikilvægi og skyldur sveitarfélaganna.

Svo kemur hér hv. 3. landsk. þm. og talar um að hér sé um að ræða mjög kaldar kveðjur til íslenskrar alþýðu af hálfu núv. ríkisstj. með flutningi þessa frv. Þá er væntanlega um að ræða kaldar kveðjur ekki aðeins af hálfu ríkisstj., heldur einnig af hálfu þeirra þm. allra sem að málinu stóðu í hv. Nd. Alþingis í dag og undanfarna sólarhringa.

Ég geri ráð fyrir því, að sú hækkun, sem hér er um að ræða, þýði um það bil 0.6% hækkun á útsvari í raun, ef þetta yrði nýtt alls staðar og persónuafsláttur, sem kemur upp í útsvar, er skoðaður þarna á móti. Ég vil minna á það, að ekki eru mjög margir mánuðir síðan einn stjórnmálaflokkur hér í landinu samdi frv. til laga um efnahagsmál. Hann taldi því miður ekki ástæðu til að flytja það á hv. Alþ. á þeim tíma, vegna þess að hann var þá að vísu aðili að ríkisstj. Hann birti frv. í málgagni sínu. Þar var ekki gert ráð fyrir 0.6% að því er varðaði kjör íslenskrar alþýðu, svo ég vitni í hv. 3. landsk. þm. Þar var gert ráð fyrir að taka af íslenskri alþýðu allt sem væri umfram 5% í verðhækkanir á þriggja mánaða fresti. Það voru kaldar kveðjur til íslenskrar alþýðu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég hef aldrei og mun aldrei leggjast gegn því að þeir, sem kjörnir hafi verið forustumenn samtaka launafólks á Íslandi, fái að segja álit sitt á þeim frv. sem hér eru til umr. Alþb. hefur ekki þann málstað að það þurfi neitt að óttast umsagnir frá þeim sem raunverulega hugsa um hagsmuni launafólks í þessu landi.

Hins vegar hefur það komið fyrir oftar en einu sinni, eins og ég rakti áðan og staðfestist með þögn hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, að ríkisstj. Alþfl., sem hér sat, taldi sér ekki þorandi að leggja öll sín frv. undir dóm verkalýðssamtakanna í landinu. Það er alveg ljóst, að ég

mun hvorki með þessu frv. né öðru leggjast gegn því. að fulltrúar Alþýðusambands Íslands og fulltrúar Verkamannasambands Íslands fái að segja álit sitt á frv. Það verður skemmtileg manndómsraun fyrir hv. þm. Karl Steinar Guðnason að ganga til hólmgöngu við formann Verkamannasambandsins, sem hann verður óhjákvæmilega að gera eftir þau stóru orð sem hann lét falla áðan á fundi félmn. Ed. Það verða sjálfsagt fleiri en ég sem hlakka til að horfa á það, hvernig hv. þm. Karl Steinar Guðnason stenst þá manndómsraun.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins bæta því við í sambandi við það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var að tala um hér áðan, að þau frv., sem Alþfl. lagði fram og hann gat um, áttu að sjálfsögðu að koma til skoðunar hjá launþegasamtökunum. Það var ætlun okkar. En þau komu aldrei til umr. í þinginu og því var ekki nauðsynlegt að það yrði gert. Það er skýringin á því, að þau hafa ekki verið tekin til umfjöllunar af hagsmunasamtökunum.

Þá vil ég ítreka það, að formaður Verkamannasambandsins hefur enga heimild haft til þess að leggja fram eitt eða annað í nafni Verkamannasambandsins hér á Alþ. Hvað útsvarshækkunina snertir er ég alveg sannfærður um að það yrði kolfellt í framkvæmdastjórn Verkamannasambandsins að mæla með slíkri lífskjaraskerðingu. Ég er næstum því viss um að þegar á hólminn væri komið ætti formaður Verkamannasambandsins í miklu sálarstríði, því að það er nokkur ábyrgð, sem maður tekur á sig, sem er í kjarasamningum, að ætla sér að sitja líka hinum megin við borðið til þess að taka af fólkinu fjármuni sem verða óhjákvæmilega til þess að rýra kjör þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Sameinað þing, 36. fundur.

Þriðjudaginn 25. mars, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Jón Helgason): Áður en gengið er til dagskrár vil ég benda á það, að eins og hv. alþm. er kunnugt hefur að undanförnu verið vitnað í orð mín við atkvgr. um undanþágu fyrir Benedikt Gröndal fyrrv. forsrh. að flytja stefnuræðu í upphafi þings eins og þingsköp kveða á um. Af þeim sökum vil ég benda á að í þingsköpunum er kveðið á um útvarpsumr. a. m. k. tvisvar á hverju þingi, þ. e. um stefnuræðu í upphafi þings og almennar stjórnmálaumr. á síðari hluta þingsins. Þegar Benedikt Gröndal var veitt undanþágan 18. des. var þess vænst að ný ríkisstj. mundi taka við völdum á næstu vikum, og taldi ég því ekki rétt að útiloka þann möguleika að útvarpsumr. um stefnuræðu gætu farið fram á fyrri hluta þingsins. En eins og öllum hv. alþm. er kunnugt dróst myndun nýrrar ríkisstj. fram á mitt þing, og taka þá við ákvæði þingskapa um almennar útvarpsumr. sem fram munu fara síðar á þessu þingi, en ákvæði þingskapa um stefnuræðu eiga ekki lengur við. Hins vegar er ljóst að vegna hinna sérstöku aðstæðna eiga ákvæði þingskapa um útvarpsumr. ekki að öllu leyti við nú, og vænti ég þess, að um það geti náðst samkomulag sem allir geti sætt sig við.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég taföist og var ekki kominn til þessa fundar þegar forseti las upp yfirlýsingu sína, en hann hafði áður sýnt mér þessa yfirlýsingu. Ég geri ráð fyrir að hún sé samhljóða, sú er hann las upp nú.

Að gefnu tilefni vildi ég láta það koma fram, að í þingsköpum er áskilið að stefnuræða forsrh. skuli flutt í byrjun hvers þings, og í byrjun þessa þings, sem kom saman, að því er mig minnir, 12. des. s. l., voru fljótlega veitt afbrigði frá þingsköpum á þá leið, að fresta skyldi flutningi stefnuræðu forsrh. Mér sýnist því einsætt, að ef hæstv. forsrh. hyggst ekki flytja stefnuræðu nú hljóti þingið sjálft að verða að kveða á um að stefnuræðu skuli algerlega sleppt á þessu þingi. Ég skal ekki bregða fæti fyrir það. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að hæstv. forsrh. hafi heimild til þess af þingsins hálfu að sleppa því að flytja slíka stefnuræðu ef hann ákveður svo. En málið kemur mér þannig fyrir sjónir að það hljóti að vera þingsins að fallast á þá fyrirætlan. Þingið er búið að veita afbrigði á þá lund, að stefnuræðu skuli frestað, og því er eðlilegt að þingið sjálft kveði á um að henni skuli algerlega sleppt.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég hef áður að gefnu tilefni gert ákvæði þingskapa um stefnuræðu forsrh. að umtalsefni hér. Það liggur eins ljóst fyrir og verið getur, að þau ákvæði eiga við um stefnuræðu í upphafi þings, en eiga ekki lengur við. Þessum skilningi var andmælt af hv. 1. þm. Reykn. Nú hefur hæstv. forseti skorið úr um það efni, hvernig skilja beri þingsköp og það sem borið var upp á sínum tíma í byrjun þessa þings. Er skilningur hans, eins og hv. þm. hafa heyrt og vafalaust allir skilið nema hv. síðasti ræðumaður, og ummæli hæstv. forseta alger staðfesting á þeim skilningi sem ég hafði áður skýrt frá.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímssyni, að það hlýtur að vera eðlilegur skilningur að stefnuræða ríkisstj. sé flutt hér á þingi þegar ríkisstj. hefur verið mynduð. Ég vil líka taka undir það með hv. þm. Geir Hallgrímsssyni, að það kann að teljast eðlilegt að verða við þeim tilmælum að slík ræða sé ekki flutt. En þurfi til þess að koma er það vitaskuld Alþ. og meiri hl. þess sem slíkt veitir. Þetta er alveg ótvírætt í þingsköpum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Samkv. 53. gr. þingskapa er kveðið svo á, að þegar útvarpað er umr. um þingmál skuli þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þm. færi á að taka til máls þannig að flokkar skiptist á. Við útvarpsumr. gilda ekki ákvæði um málfrelsi ráðh. Vegna lokaorða í tilkynningu hæstv. forseta áðan um þá útvarpsumr. sem fram á að fara samkv. venju í lok þings. þar sem forseti orðaði eitthvað á þá leið að hann óskaði eftir samkomulagi um breytta skipan, vil ég óska nánari skýringar á lokaorðum tilkynningarinnar með sérstöku tilliti til 53. gr.

Forseti (Jón Helgason): Vegna fsp. frá hv. síðasta ræðumanni vil ég taka það fram, að ákvæði um stefnuræðu kveða á um að forsrh. skuli tala fyrst og síðan fulltrúar annarra flokka og í síðari umferð aftur vera jafn ræðutími fyrir fulltrúa allra flokka. En með því móti er augljóst að ekki mundi verða samkomulag um þetta eins og nú er háttað í þinginu og mun það áreiðanlega koma til umr. síðar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er rætt um skilning á 52. gr. þingskapa. Ég verð að lýsa undrun minni á því sem kemur fram í yfirlýsingu hæstv. forsrh. um skilning á þeirri grein.

Það er ljóst, að þar sem sérstaklega stóð á eftir síðustu kosningar og síðustu þingsetningu var þessu máli frestað, enda eðlilegt að stefnuræða kæmi fram þegar ný ríkisstj. hefði verið mynduð að loknum kosningum. Það er greinilega andi þingskapalaganna, að ný ríkisstj. geri þinginu grein fyrir sjálfri sér og stefnu sinni. Það er ljóst, að það er þingið sem sjálft hefur ákveðið með úrskurði sínum að þessu máli sé frestað þegar afbrigða var leitað. Það er þess vegna, að ég held, hverjum einasta manni ljóst, að ef þeirri ákvörðun á að breyta ber hæstv. forseta að bera slíkt undir þingið aftur. Ég lýsi því þess vegna yfir, að ég tel að full ástæða sé til þess, nema hæstv. forsrh. og þar með sú ríkisstj., sem nú hefur tekið við völdum á Íslandi, vilji láta á sig sannast að hún hafi ekki þá stefnu í fórum sínum sem réttlæti slíkar umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er næsta furðulegt að hv. þm., bæði hv. þm. Vilmundur Gylfason og Friðrik Sophusson, skuli tala eins og þeir hafi alls ekki lesið þingsköpin. Þeir tala báðir á þá lund, að þingsköpin geri ráð fyrir að forsrh. nýrrar ríkisstj. skuli jafnan flytja stefnuræðu. Þetta er alger misskilningur. Það stendur ekki í þingsköpum og er alls ekki til þess ætlast.

Ákvæði í þingsköpum er um það, að í byrjun hvers þings skuli forsrh. — ekki nýrrar ríkisstj., heldur hverrar ríkisstj. sem er, þó hún hafi setið í nokkur ár — flytja stefnuræðu og það skuli gerast innan tveggja vikna frá því að þing var sett. Þegar þetta ákvæði var sett inn í þingsköpin fyrir nokkrum árum kom það í staðinn fyrir að útvarpa skyldi fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. Þetta vita allir hv. þm. sem eitthvað hafa fylgst með.

Hins vegar koma svo eldhúsumr. á síðari hluta þings, eins og hæstv. forseti gat um, þar sem almennt er rætt um stjórnmálaviðhorfið.

Það er alger misskilningur á þingsköpum að þau geri ráð fyrir að hvenær sem stjórnarskipti verða skuli forsrh. nýrrar stjórnar flytja stefnuræðu sem útvarpað sé samkv. 52. gr. Þetta liggur alveg ljóst fyrir og er furðulegt að þm. skuli vaða svona í villu og reyk um augljós ákvæði þingskapa og hvernig þau eru til orðin.

Hitt vil ég svo segja að lokum, að það er næsta furðulegt líka að hlusta á að ríkisstj. treysti sér ekki til að lýsa stefnu sinni eða ræða hana í þinginu. Þessir þm. vita ósköp vel, að á fyrsta fundi í Sþ. eftir að núv. ríkisstj. var mynduð, 11. febr. s. l., flutti ég ræðu þar sem ég skýrði og las upp frá orði til orðs stefnu ríkisstj., stjórnarsáttmálann, og að því loknu urðu stjórnmálaumr. í þinginu um málið.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég er alveg sammála þeim skilningi sem kom fram hjá hæstv. forsrh. og hæstv. forseta Sþ. varðandi útvarpsumr. um stefnuræðu forsrh. Það hlýtur að eiga við upphaf þings hverju sinni, en ekki tilkomu nýrrar ríkisstj.

En fsp. mín vék hins vegar að 53. gr. þingskapanna, þar sem kveðið er svo á, að við aðrar útvarpsumr. — og þá væntanlega þær sem samkv. venju fara fram í lok þings — skuli allir þingflokkar hafa jafnan rétt, sérstök ákvæði um málfrelsi ráðh. gildi ekki við þær umr. Með allri virðingu fyrir hæstv. forseta fannst mér hann ekki svara fyrirspurninni áðan um hvernig bæri að skilja niðurlag tilkynningar hans. Ég skildi það á þann veg, að hann væri að mælast til þess við þingið að gert væri samkomulag um að vikið yrði frá 53. gr. við þær umr. sem væntanlega fara í hönd við lok þingsins og eru að öllu jöfnu annars eðlis en þær sem aðallega hafa verið gerðar að umræðuefni hér. Það eru sérstaklega skýringar á því sem ég óskaði eftir og hvort slíkt óformlegt samkomulag milli þingflokka getur vikið til hliðar ákvæði 53. gr. þingskapa.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hinn 18. des. s. l. var þetta málefni, skýrsla forsrh., tekið til afgreiðslu í Sþ. Þar er haft eftir hæstv. forseta, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 2. mgr. 52. gr. þingskapa segir: „Þá skal og útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsrh. og umr. um hana, en eftirrit af ræðunni skal afhent þm. sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt."

Forsrh. telur að eins og nú er ástatt sé þetta ákvæði ekki framkvæmanlegt og sé því nauðsynlegt að veita afbrigði um frestun stefnuræðunnar þar til síðar á þessu þingi er ný stjórn hefur verið mynduð."

Síðan fer fram atkvgr. Afbrigði um frestun stefnuræðu forsrh. eru samþ. með 42 shlj. atkv.

Hæstv. forsrh. er tíðrætt um að menn séu haldnir algerum misskilningi. Ég ætla að í þeirri ræðu, sem hann flutti áðan, hafi hann sagt ekki sjaldnar en þrisvar sinnum, — má vera að hann hafi sagt það þrisvar sinnum þrisvar sinnum, — að við almennir þm., sem sitjum á hinum óæðri bekkjum, værum haldnir algerum misskilningi. En hitt held ég og hygg að það fari ekki milli mála, og um það ætla ég ekki að eiga orðaskipti við hæstv. forsrh. sem er svo gjarn á að misskilja hluti, en beini þeirri fsp. til hæstv. forseta, hvort hann sé ekki reiðubúinn til að taka það til athugunar, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að afgreiða þetta mál með sama hætti og gert var hinn 18. des. s. l., að ef veita eigi afbrigði frá þingsköpum sé það óheimilt nema með samþykki þingsins sjálfs.

Ég held satt að segja að það sé kominn tími til þess, að framkvæmdavaldið, ríkisstj., hætti að ráðskast með Alþ. eins og hún sé hér á einhverjum sérstökum vildarkjörum fram yfir okkur hina. Það mundi lítið gagna fyrir almennan þm. að lýsa því yfir að eitt eða annað ákvæði þingskapa næði ekki til hans. Hér stendur svart á hvítu, að Alþ. hafi samþ. með 42 shlj. atkv. að stefnuræðu forsrh. skyldi frestað. Það er alger misskilningur að atkvgr. hafi verið að ástæðulausu, að hún hafi enga þýðingu, að hún sé málinu óviðkomandi. Í úrskurði sínum ber hæstv. forseta að hlíta því sem meiri hl. Alþ. hefur ákveðið, og hæstv. forsrh. ber sömuleiðis að fara eftir því sem Alþ. ákveður í þessum efnum, ef vilji hans stendur til þess að eiga gott samstarf við

þingið. Hitt getur aftur verið annað mál, hvort hæstv. ríkisstj. óskar eftir því.

Ég býst við því, að þjóðin a. m. k. sé allforvitin, eins og komið er, og vilji fá að vita nánar um stefnu hæstv. ríkisstj. Ég get t. d. rifjað það upp, að í gær fóru hér fram allítarlegar umr. um ástand útflutningsatvinnuveganna. Þær umr. upplýstu á engan hátt þann djúpstæða ágreining sem upp er kominn í ríkisstj. í sambandi við hvernig eigi að halda á lausn þess máls, þar sem annars vegar ráðh. Framsfl. hafa hvað eftir annað, eins og hæstv. sjútvrh., lýsti því yfir að a. m. k. verulegt gengissig sé óhjákvæmilegt, en ætla má eða hefur spurst að ráðh. Alþb. séu þar á öðru máli. Þetta er atriði sem ekki hefur fengist upplýst og ýmislegt annað sem væri fróðlegt að fá nánari skýringar á.

Forseti (Jón Helgason): Ég tel að í því, sem ég sagði í upphafi, hafi skilningur minn komið fram, þ. e. að ákvæði þingskapa um útvarpsumr. um stefnuræðu forsrh. geti ekki átt við þegar komið er fram á mitt þing. Ég hef ekki fleira við það að bæta.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Mér finnst orð hafa fallið hér á þann veg, að ég vil ekki láta hjá líða að lýsa skoðun minni á þessu máli.

Hæstv. forsrh. bregður þeim, sem ekki eru sammála honum, um að skilja ekki það sem stendur í þingsköpum. Ég mótmæli skilningi hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. hefur áður vikið að þessu máli og ég hef þá líka mótmælt hinum vafasömu lögskýringum sem hann bregður fyrir sig í þessu máli.

Ákvæði, sem hefur verið vitnað til og er í 52. gr. þingskapalaga varðandi stefnuræðu forsrh., þýða að mínu viti fyrst og fremst, að svo er ákveðið að á hverju þingi skuli flutt stefnuræða forsrh., en í ákvæðinu segir að það skuli gert í byrjun þings. Að sjálfsögðu er eðlilegt að gera það í byrjun þings. En ekki segir um það, að ef ekki eru eðlilegar aðstæður eigi ræðan að falla niður, sú sem þingsköp gera ráð fyrir að sé flutt á hverju þingi. Það eru ekki eðlilegar ástæður og ekki eðlilegt að flutt sé stefnuræða forsrh., þó í byrjun þings sé, ef það standa yfir stjórnarmyndunartilraunir, eins og var í des. s. l. Það var ekki eðlilegt að ræðan væri flutt þá. En það breytir ekki því, sem er kjarni þessa ákvæðis þingskapa, að ræðuna skuli flytja á hverju þingi.

Ég lít svo á að þessi skilningur hafi verið viðurkenndur af þinginu sjálfu þegar ástæða þykir til að veita afbrigði frá því að flytja ræðuna í upphafi þings. Þá þótti nauðsynlegt að fá samþykki Alþ. til að fresta ræðunni — einungis að fresta. En ef það hefur þurft leyfi Alþ. til að fresta ræðunni getum við þá ekki öll verið sammála um að þeim mun nauðsynlegra sé og óhjákvæmilegt að fá samþykki Alþ. til að fella ræðuna algerlega niður? Með tilliti til þessa tel ég að það verði ekki skilist við þetta mál með réttum hætti og í samræmi við þingsköp nema það sé borið undir þingið hvort veita á afbrigði og fella ræðuna niður.

Ég mótmæli algerlega þeim ummælum hæstv. forsrh., að þeir, sem eru ekki sammála honum í þessu efni, hafi ekki lesið þingsköp eða ekki skilið þau ef þeir hafi lesið þau.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Mér var unnt í raun að falla frá orðinu eftir ræðu hv. síðasta þm., Þorv. Garðars Kristjánssonar. Aðalatriði málsins er auðvitað að þingið sjálft hefur samþykkt með atkvgr. að fresta stefnuræðu forsrh. og þess vegna verður hún ekki felld niður með úrskurði hæstv. forseta Sþ., heldur eingöngu með ákvörðun þingsins í heild. Ég veit að hæstv. forseta Sþ. er annt um heiður og veg Alþingis, og ég treysti honum vel í hans ábyrgðarmiklu stöðu og lýsi því enn fremur yfir, að ég er reiðubúinn til að fallast á þá ósk hæstv. forsrh. og hæstv. forseta Sþ. að fella niður stefnuræðu forsrh. En ég tel einsýnt að það skuli gert með atkvgr. hér á þingi, annað væri að skapa hættulegt fordæmi. Því vil ég eingöngu beina því til hæstv. forseta að hann taki sér umhugsunarfrest, hann má gjarnan sofa á þessu máli svo sem eina nótt, en t. d. á morgun eða hinn daginn léti hann fara fram atkvgr. og fengi fram vilja þingsins að þessu leyti.

Ég tel ekki rétt að blanda inn í þetta mál fyrirkomulagi á umræðum um stefnuræðu forsrh. og því síður að blanda inn í þetta mál framkvæmd á ákvæðum þingskapa um venjulegar eldhúsdagsumræður. Það er mál út af fyrir sig sem verður að leysa sjálfstætt. Efast ég ekki um að það sé unnt með sómasamlegum hætti.

Ég ítreka áskorun mína til hæstv. forseta í trausti þess að hann beri fyrir brjósti virðingu, heiður og sæmd þingsins.

Forseti (Jón Helgason): Vegna orða hv. síðasta ræðumanns skal ég lýsa því yfir, að ég er reiðubúinn að láta fara fram atkvæðagreiðslu um það hér á þinginu hvort skilningur minn á þessu máli sé ekki réttur eða þingið fallist ekki á hann. (**GeirH:** Er meiningin að atkvgr. fari fram nú?) Ég er reiðubúinn til þess, já. — (**GeirH:** En málið snýst ekki um að atkvgr. fari fram um hvort skilningur forseta sé réttur, heldur hvort eigi að fella niður stefnuræðu forsrh. eða ekki. Það er spurningin.) Það er verið að deila um skilning minn á þessu máli, og þess vegna tel ég sjálfsagt að þingið skeri úr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil leiðrétta hér það ranghermi sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv., að ég hafi óskað eftir að felld yrði niður stefnuræða forsrh. Þetta hef ég ekki farið fram á og mun ekki fara fram á. Ég færist á engan hátt undan umræðum á Alþ., almennum umræðum eða útvarpsumræðum, um stefnu og störf ríkisstj. Það, sem málið snýst um, er eingöngu þetta, að ákvæði þingskapa um stefnuræðu forsrh. í byrjun þings eiga ekki við hér. Það, sem líka er um að ræða, er að sjálfsögðu það sem fram hefur komið hjá hæstv. forseta Sþ. Í upphafi þessa fundar lýsti hann skilningi sínum á þessu ákvæði þingskapa og á þeirri samþykkt sem gerð var í desembermánuði varðandi beiðni Benedikts Gröndals þáv. forsrh. um að fá undanþágu frá því ákvæði. Þessi skilningur hæstv. forseta Sþ. liggur fyrir og það er hann sem flestir ræðumenn hér eru að vefengja. Mér finnst það mjög eðlilegt, sem hæstv. forseti hefur nú stungið upp á, að ef þess er óskað verði það borið undir þingheim hvort skilningur hans sé réttur eða ekki.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Nokkuð virðist mér hér deilt um keisarans skegg. Það liggur hins vegar fyrir, að í Sþ. höfum við samþykkt í atkvgr. að fresta stefnuræðu forsrh., en hins vegar höfum við ekki enn þá samþykkt að hún verði ekki flutt að þessu sinni. Mér finnst að

þau orð, sem hafa komið fram í ræðum, fleiri en einni ræðu hæstv. forsrh., geti ekki átt hér við, þegar hann leggur að líku stefnuræðu og að hann hafi lesið mjög ítarlega, sem hann og gerði þegar ríkisstj. hans hæstv. tók við, stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens, þetta hið bláa kver sem við lesum kvölds og morgna. Þar er um að ræða stefnu- eða stjórnarsáttmála ríkisstj. fyrir yfirstandandi kjörtímabil. Í þessum sáttmála eru ákvæði um verkefni sem hæstv. ríkisstj. ætlar að vinna að á öllu kjörtímabilinu. Hins vegar kveða þingsköp svo á, að forsrh. eigi að flytja stefnuræðu sína í upphafi hvers þings, væntanlega til að skýra hv. Alþ. frá því, hverju ríkisstj. á hverjum tíma ætli að beita sér fyrir og reyna að ná fram og framkvæma á yfirstandandi þingi. Þetta vantar okkur enn að vita á hv. Alþ. Við höfum ekki fengið enn að heyra frá hæstv. forsrh. hvernig hann ætlar að skipta í sundur einstökum þáttum þeirra stóru verkefna sem ríkisstj. hefur í stjórnarsáttmála sínum sett sér að framkvæma á öllu kjörtímabilinu.

Ég skal fúslega verða við því, þegar kemur til afgreiðslu, að samþykkja að stefnuræða verði ekki flutt. En ég tel nauðsynlegt formsins vegna, því við erum formfastir í sambandi við þingsköp okkar, að það verði borin upp till. um það sem nái samþykki þingsins. Þótt þetta sé ekki mikið mál tel ég það samt sem áður hina réttu leið.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er mikill misskilningur, svo að notað sé lítillátt orðfæri hæstv. forsrh., ef menn halda því fram að það mál, sem hér er til umræðu, fjalli um skilning hæstv. forseta Sþ. á einu eða öðru. Hann skiptir auðvitað engu máli. Það, sem skiptir máli í þessum efnum, er að Alþ. sem slíkt hefur tiltekið vald til að ákvarða í þessu tilfelli hvort tiltekin ræða og umræða um hana skuli koma á dagskrá eða ekki. Það eru fordæmi fyrir því, t. a. m. frá því í des. s. l., sem hér hefur verið lýst, að þessi ræða í fyrsta lagi skuli flutt, en ef frá því sé gerð undanþága sé það Alþ. sem slíka undanþágu veiti. Það er ekki hæstv. forseti, það er ekki hæstv. forsrh., það er Alþ. sem slíkt á að ákveða. Það er þess vegna gersamlega út í hött að láta fara fram atkvgr. um skilning hæstv. forseta á einu eða öðru. Það einfaldlega kemur málinu ekki við. Og úr því að þetta er svona einfalt, hvers vegna í ósköpunum láta mennirnar ekki atkvgr. fara fram? Þar með er þetta mál úr sögunni, þar með þarf ekki að vefengja vald Alþ. — það vald Alþ. sem bæði er og á að vera til.

Hæstv. forsrh. tók hina 59 þingmenninga í kennslustund í lögum er hann lýsti því, að ákvæði um þessa tilteknu ræðu hefði komið inn í þingsköpin í stað fjárlagaræðu. Ef gamla ákvæðið hefði staðið og hér hefði verið fjallað um fjárlagaræðu hefði slík ræða og stefna hæstv. ríkisstj. á formi slíkrar ræðu verið flutt í síðustu viku, vegna þess að þingstörf eru að því leyti með óvenjulegum hætti í vetur að ríkisstj. er mynduð á miðjum vetri og umr. um fjárlög eru þess vegna nú í deiglunni, eins og hv. þm. auðvitað vita. Af þessu og m. a. s. af lögskýringum hæstv. forsrh. sjálfs að ráða er fullkomlega ljóst hver hefur verið vilji höfunda þingskapa að því er þessi atriði varðar. Þetta vald er hjá Alþ. og á að vera hjá Alþ. Lögskýringar hæstv. forsrh. skipta nákvæmlega engu máli þar um.

Æskilegast væri auðvitað að hæstv. forsrh. flytti stefnuræðu og að um hana færi fram umr. Slíkt væri bæði hollt fyrir þingið og áreiðanlega ekki síður fyrir þjóðina.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það kom mér mjög á óvart, sem hæstv. forsrh. sagði áðan, að engin ósk hefði borist frá honum um að stefnuræða forsrh. félli niður að þessu sinni. Ég verð að segja það sem mína skoðun, að mér finnst það ekki háttvísi, ef það er rétt, af hæstv. forseta að gefa úrskurð á þennan hátt í Sþ. fram hjá vilja forsrh. Hann tók einmitt skýrt fram áðan að hann væri sérstaklega fús til að ræða stefnu ríkisstj. hvar og hvenær sem er og vildi gjarnan að skýrsla um störf og stefnu ríkisstj. yrði gefin á þessu þingi. Ég verð því að leita eftir því við hæstv. forseta, til þess að upplýsa málið, hvort hann hafi einhver orðaskipti átt um þessi mál við hæstv. forsrh. áður en hann gaf úrskurð sinn. Mér skilst að þó svo hafi verið hafi engin ósk komið fram í þeim orðaskiptum um að stefnuræðan félli ekki niður. Mér þykir þetta í hæsta máta undarlegt. Það hljóta að vera efnisákvæði þeirrar þingskapagreinar, sem hér er fjallað um, að ríkisstj. á hverjum tíma gefist tækifæri til að láta ítarlegar umræður verða um stefnu sína til að gefa stjórnarandstöðunni tækifæri til að gera athugasemdir og til að gefa þjóðinni kost á að fylgjast með slíkum umræðum. Þetta gerir hvort tveggja í senn: Þingstörfin verða að því leyti auðveldari, að menn gera sér betur grein fyrir því að hverju stefnir, og upplýsir þjóðina um, hvers sé að vænta í landsmálum. Þess vegna kemur mér það á óvart ef hæstv. forseti hefur gefið þennan úrskurð á bak við hæstv. forsrh.

Forseti (Jón Helgason): Vegna þessara síðustu orða er rétt að það komi fram, að ég hef ekki óskað eftir því við hæstv. forsrh. að hann flytti stefnuræðu, vegna þess að ég, eins og ég hef margtekið fram, tel að ákvæði þingskapa um stefnuræðu geti ekki átt við svo síðla þings. En þar sem sú skoðun mín hefur verið vefengd er ég, eins og ég sagði áðan, reiðubúinn til að láta greiða atkvæði um það hér á þinginu hvort menn telja þann skilning réttan. Þess vegna mun fara fram atkvgr. um það.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það liggur fyrir að í upphafi þessa þings var ákveðið með atkvgr. á Sþ. að flutningi á stefnuræðu forsrh. skyldi frestað. Þessi ákvörðun var þingsins í heild, en ekki samkv. úrskurði forseta. Af því leiðir að þessari ákvörðun verður ekki breytt með öðrum hætti en með atkvgr. í Sþ. Úrskurður forseta raskar ekki atkvgr. og ákvörðun Sþ. Þess vegna mótmæli ég að það sé samkvæmt þingsköpum að láta fara fram atkvgr. undir þessum kringumstæðum um hvort skilningur forseta sé réttur eða rangur. Ég ítreka, að ég get fellt mig við að stefnuræða forsrh. sé niður felld, hvort sem það er samkvæmt óskum hæstv. forsrh., forseta Sþ. eða af öðrum dularfullum ástæðum, og mundi greiða slíkri till. atkvæði. Hins vegar mótmæli ég skilningi hæstv. forseta og hlýt þess vegna að greiða atkvæði á móti þeim skilningi ef sú aðferð verður viðhöfð, sem ég tel ekki í samræmi við þingsköp, að láta atkvgr. fara fram með þeim hætti.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég verð að segja, að mér finnst þessar umræður æríð sérkennilegar, allt þetta brambolt í stjórnarandstöðunni út af þessu máli sem er ekki stórt í sniðum. Hér eru menn að hengja sig í

formsatriði og eyða tíma okkar þm. út af málum sem bersýnilega eru þess eðlis, að þau eiga ekki að þurfa að skipta mönnum í neinar fylkingar.

Við vitum allir að þetta þinghald hefur verið með mjög óvenjulegum hætti, þessi vetur mjög óvenjulegur á allan máta. Það þarf því ekkert að koma okkur á óvart, að eftir að mál hafa svo skipast sem þau hafa gert þurfi umræður hér í þinginu að vera með nokkuð afbrigðilegum hætti. Við vitum að ef stefnuskrárræða yrði nú flutt og umræður um hana færu fram mundi það gerast, sem væri harla óvenjulegt í þingsögunni, að stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, raunar stærsti flokkurinn í þinginu, fengi ekki nema 10 mínútna ræðutíma. Það blasir við. Hann fengi aðeins að tala í síðari umferðinni og fengi þar 10 mínútur. (Gripið fram í.) Ég nefni þetta bara sem dæmi um hversu óvenjulegt ástand liggur nú fyrir. — Á sama hátt blasir við, að ef eldhúsdagsumræður fara fram með venjulegum hætti er alls óvíst að hæstv. forsrh. ætti aðgang að þeim umr. Hvort tveggja þetta sýnir að hér er um mjög afbrigðilegar aðstæður að ræða. Málið er bersýnilega þess eðlis, að við hljótum að semja með eðlilegu og venjulegu samkomulagi milli þingflokka um hvernig umræður fari fram þannig að þeim sé útvarpað. Þess vegna segi ég, að ég tel, að úrskurður forseta þingsins sé í fyllsta máta mjög sanngjarn og eðlilegur, og treysti því, að þingheimur staðfesti hann í atkvgr.

Forseti (Jón Helgason): Vegna þeirra áskorana, sem komið hafa fram um að fresta þeirri atkvgr. sem ég talaði um áðan, skal orðið við því.

Íslenskukennsla í Ríkisútvarpi, fsp. (þskj. 95). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Hinn 5. maí 1978 var samþykkt þál. um íslenskukennslu í Ríkisútvarpinu, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um að kennsla og fræðsla í Ríkisútvarpinu í öllum greinum móðurmálsins verði efld."

Forsaga þessa máls var sú, að hv. 4. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson, hafði ásamt fleiri þm. flutt þáltill. um íslenskukennslu í fjölmiðlum. Þegar hún var borin fram á 99. löggjafarþinginu fylgdi henni svofelld grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Engum dylst, að íslensk tunga á nú í vök að verjast. Á þetta sérstaklega við um talað mál, framburð og framsögn. Einnig fer orðaforði þorra fólks þverrandi og erlend áhrif hvers konar vaxandi. Engum orðum þarf að fara um lífsnauðsyn þess að stemma stigu við slíkri óheillaþróun og snúa við inn á þá braut íslenskrar málhefðar, sem ein verður farin, ef íslensk menning á að lifa og dafna.

Ríkisútvarpið hefur lagt nokkuð af mörkum til fræðslu og kennslu í íslenskum fræðum, tungu og bókmenntum. Er það góðra gjalda vert, en það er skoðun flutningsmanna, að betur megi ef duga skal, og á það einnig við um meðferð tungunnar yfirleitt í munni þeirra sem í útvarp tala.

Áhrifaríkasti fjölmiðillinn, sjónvarpið, hefur hins vegar í engu sinnt fræðslu í meðferð íslenskrar tungu. Virðist jafnvel ekki lögð sérstök rækt við orðfæri eða framburð þeirra sem þar starfa. Á þessu þarf að verða gjörbreyting. Langsterkasta áróðurstækið, sem flust hefur inn á gafl á hverju heimili landsins, þarf að taka tröllataki til eflingar íslenskri menningu, sérstaklega til viðreisnar íslenskri tungu, en það er brýnasta verkefnið nú."

Síðan segir í þessari grg.:

„Lagt er til að kosið verði hlutfallskosningu á Alþingi þrettán manna ráð, sem hafi með höndum stjórn þessara mála í fjölmiðlum. Verkefnið er viðamikið, og þykir flm. því ástæða til, að allmargir eigi hlut að máli, enda hefur þjóðin til þess arna á að skipa mörgum hæfum mönnum."

Svo mörg voru þau orð.

Alþingi varð á sínum tíma ekki við því að þrettán manna ráð yrði kosið til að hafa með höndum stjórn þessara mála, og má segja með nokkrum rökum að þvílíkt ráð hefði e. t. v. orðið fullþungt í vöfum. En á hinu held ég að varla sé vafi, að þær ríkisstjórnir, sem setið hafa síðan þál. var samþykkt, hafa verið sofandi á verðinum að þessu leyti.

Í Ríkisútvarpinu háttar svo til, að þar er tvisvar í viku 5 mínútna þáttur sem heitir „Daglegt mál," á mánudagskvöldum og fimmtudagskvöldum, og við könnumst við að á laugardögum er 20 mínútna þáttur sem orðabókarmenn sjá um og er endurfluttur í vikunni á eftir, vinsæll þáttur og hefur vakið margan manninn til umhugsunar um þá þýðingu sem það hefur fyrir okkur að efla íslenska tungu og geyma ýmsar málhefðir, ýmis sérstök orðtök sem eru svæðisbundin, eru bundin við ákveðnar kynslóðir og er þess vegna hætt við að gleymist.

Þegar rætt er um íslenskt mál og hvar við séum veikust fyrir held ég að menn geti verið sammála um, að á síðustu misserum og árum hefur þess orðið æ meira vart að menn hafa ekki vandað framburð sinn sem skyldi. Áherslur eru ekki jafnréttar og áður og á skýran framburð skortir nokkuð. Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að menn fara gjarnan rangt með orðtök og ýmsar beygingar sömuleiðis, og skal ég ekki halda langa hugleiðingu um það efni nú, enda ekki til þess ætlast.

Í sjónvarpi hefur verið tekinn upp þáttur sem heitir „Myndhverf orðtök" eða eitthvað þvílíkt, ég kann ekki nafnið á honum, en hann fjallar um myndhverf orðtök, og Helgi J. Halldórsson hefur séð um hann. Hér er um vandasamt brautryðjandastarf að ræða, og ég skal ekki gagnrýna hvernig hefur tekist. Ég veit, að þarna hefur verið haldið sparlega á, og geri ráð fyrir, að hugur hans hafi staðið til þess, að meira yrði kostað til þess að þetta mætti takast sem best. En ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því, að átak eins og þarf að gera í þessum efnum í ríkisfjölmiðlunum getur ekki gerst af sjálfu sér. Það þarf að kosta fjármunum til ef eitthvert gagn að slíku fræðslustarfi á að verða.

Í a. m. k. sumum ritstjórnarskrifstofum dagblaðanna eru sérstakir menn sem eiga að gæta þess, að málfar sé sem best í dagblöðunum, og vill nú velta á ýmsu hvernig til tekst. Auðvitað er mannlegt að skjátlast, og eðli fjölmiðla er nú einu sinni að vera ekki óbrigðulir í þessum efnum. En ég held sem sagt að óhjákvæmilegt sé að vera meira vakandi framvegis en hingað til, og af þeim sökum hef ég leyft mér að flytja þá fsp. til hæstv. menntmrh., hvað líði framkvæmd þál. um íslenskukennslu í Ríkisútvarpinu frá 5. maí 1978.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Sú þál., sem hér ræðir um og um er spurt, var, eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda, samþykkt í þinginu 5. maí 1978, þ. e. fyrir u. þ. b. tveimur árum. Segir svo í þessari þál., eins og hún var ákveðin:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um að kennsla og fræðsla í öllum greinum móðurmálsins verði efld."

Þetta var þál. eins og hún var samþykkt fyrir u. þ. b. tveimur árum.

Ég hef aflað mér upplýsinga hjá þremur fyrrv. menntmrh., Vilhjálmi Hjálmarssyni, Ragnari Arnalds og Vilmundi Gylfasyni, um aðgerðir þeirra í þessu máli. Einnig hef ég fengið upplýsingar um íslenskufræðslu eða kennslu í útvarpi og sjónvarpi eins og hún er um þessar mundir.

Vilhjálmur Hjálmarsson var menntmrh. í maí 1978, þegar þál. var samþ., og sat til ágústloka 1978. Hann segir mér að hann hafi ritað útvarpsstjóra og útvarpsráði bréf 22. júní 1978, þar sem hann greinir forráðamönnum útvarpsins frá samþykkt þál. og lætur í ljós vonir um að Ríkisútvarpið geri ráðstafanir í samræmi við ályktunina og sendi rn. skýrslu um gang málsins. Það verður ekki séð af heimildum, sem mér eru tiltækar, að útvarpsráð hafi aðhafst mikið í málinu til þessa, né heldur sýnist hafa verið um að ræða skjalfestan eftirrekstur málsins af hálfu menntmrn., svo að mér sé kunnugt. Hins vegar hefur útvarpsstjóri sent mér bréf sem er m. a. svar við þeirri spurningu sem ég óskaði að hann svaraði, hvaða kennsla og fræðsla fari fram í íslensku máli í útvarpi og sjónvarpi um þessar mundir. Bréf útvarpsstjóra er þannig, og ég les aðeins meginmál þess:

„Íslenskir kennslu- og fræðsluþættir í útvarpi og sjónvarpi í þrengri merkingu eru fljóttaldir.

Í útvarpi hefur verið fluttur um áratugaskeið þátturinn „Íslenskt mál," sem starfsmenn Orðabókar háskólans hafa séð um. Í þeim þáttum hefur mjög verið leitað upplýsinga til almennings um orð og orðtök, könnuð útbreiðsla og notkun og veittar margvíslegar skýringar. Þáttur þessi er fluttur vikulega meiri hluta ársins og jafnan endurtekinn.

Þátturinn „Daglegt mál" hefur einnig lengi verið á dagskrá útvarpsins í umsjá kunnáttumanna. Í honum er fjallað um íslenska tungu samtímans, mælt mál og ritmál. Þáttur þessi er stuttur, hér um bil 5 mín., tvisvar í viku árið um kring.

Í sjónvarpi hefur í vetur verið á dagskrá þáttur um íslenskt mál. Er þar einkum um að ræða skýringar á myndhverfum orðtökum, en sjónvarp er hentugt tæki til slíkra skýringa. Umsjónarmaður þessa þátta er Helgi J. Halldórsson cand. mag.

Önnur hlið íslenskufræðslu, sem snýr ekki beint að hlustendum, er fræðsla sem veitt er því starfsfólki sem jafnaðarlega talar í útvarp og sjónvarp, fréttamenn og þulir. Hafa háskólakennararnir Baldur Jónsson og Óskar Halldórsson haldið slík námskeið með fréttamönnum og prófað nýja þuli.

Segja má að sérhver manneskja sem talar í útvarp eða sjónvarp, leggi sinn skerf til málþróunar, góðrar eða illrar, en sérfróðir menn og vel að sér í íslensku máli stjórna dagskrárdeildum og hafa ætíð sýnt meðferð tungunnar áhuga, þó að sitthvað misjafnt fljóti með í þeim mikla orðaflaumi sem berst gegnum þessi tæki.

Ótaldir eru loks erindaflokkar, einstök erindi og umræður sem beinlínis flytja fræðslu um íslenskt mál og bókmenntir."

Þannig er bréf útvarpsstjóra, Andrésar Björnssonar, og hann ritar undir þetta sjálfur.

Af þessu bréfi má sjá að Ríkisútvarpið miðlar nokkurri fræðslu um móðurmálið og hefur lengi gert. Nýjasti þátturinn um þetta efni er sjónvarpsþáttur Helga J. Halldórssonar, sem útvarpsstjóri nefnir í bréfi sínu og hv. fyrirspyrjandi nefndi. Sá útvarpsþáttur er tilkominn eftir að þál. var samþ.

Ég vil geta þess í framhaldi af þessu, að í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir að opinberum fjölmiðlum skuli ætlað fræðsluhlutverk bæði í þágu skóla og fræðslu fullorðinna. Áður en til framkvæmda svo viðamikils máls kæmi þarf mikinn undirbúning, sem m. a. mundi felast í því að koma á virku samstarfi útvarpsráðs og fræðsluyfirvalda sem nyti stuðnings og velvilja fjárveitingavaldsins. Hér er um að ræða mjög mikilvægt stefnuatriði sem þó verður hvorki hrundið í framkvæmd undirbúningslaust né án sérstakra fjárveitinga, rétt eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda. Ég mun því leggja höfuðáherslu á vandaðan undirbúning málsins, bæði faglega og fjárhagslega, að svo miklu leyti sem það kann að koma í minn hlut að framkvæma þetta stefnuskráratriði og áður en til kemur framkvæmd á þessu stefnuskráratriði í verki.

Að mínum dómi fellur aukin fræðsla um íslenskt mál í ríkisfjölmiðlum undir þá eflingu almennrar fræðslu sem stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir á þessum vettvangi. Hins vegar er ég þess sinnis, að fræðsla um íslenskt mál mætti ganga fyrir öðru fræðslu- og kennsluefni, og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hraða aðgerðum á því sviði öðrum fremur og þó þannig að vel sé vandað til slíkra framkvæmda. En ég hlýt enn að leggja á það áherslu, að aukin útvarpsfræðsla, hvort heldur er á sviði íslenskra fræða eða á öðrum sviðum, er ekki eingöngu háð hæfu starfsfólki, kunnáttumönnum í sérgreinum, heldur einnig samstarfsvilja dagskrárstjórnenda, fyrst og fremst útvarpsráðs, og nauðsynlegum fjárveitingum. Ég endurtek því, að hvers kyns fræðsla í útvarpi og sjónvarpi er æskileg og það er mikið menningarmál, en útvarpi og sjónvarpi verður ekki breytt í fræðslustofnun án rétts undirbúnings bæði faglega og fjárhagslega, eins og ég hef áður sagt.

Því miður get ég ekki að sinni svarað fsp. öllu ítarlegar en þetta.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Svo mætti skilja orð hæstv. menntmrh. áðan að í útvarpsráði væri ekki ýkjamikið fjallað um íslenskt mál og málfræðslu. Þennan misskilning vil ég leiðrétta. Það liður varla sá útvarpsráðsfundur — mér er það kunnugt þar sem ég á sæti þar — að ekki sé fjallað um mál og málnotkun í útvarpi. Hitt er rétt, að ekki hafa orðið miklar breytingar á þáttum um íslenskt mál í útvarpi, en það hefur komið til breyting í sjónvarpi sem þegar hefur verið getið hér og er góðra gjalda verð að mínu mati.

Hins vegar ættu menn að hafa það í huga, að útvarp og sjónvarp og aðrir ljósvakamiðlar verða aldrei annað en málspegill. Það mál, sem talað er í þessum fjölmiðlum, er í raun hvorki betra né verra en það mál sem þjóðin talar almennt. Það koma tugir manna fram í útvarpi daglega og yfirgnæfandi meiri hluti þeirra, sem þar koma fram, leyfi ég mér að segja, talar gott mál og rétt. Auðvitað er

það ævinlega svo, að þar heyrast ambögur, svo sem prentvillur sjást í blöðum, en undan því er áreiðanlega erfitt að víkjast.

Hér var á það minnst, að nota ætti útvarp og sjónvarp sem kennslutæki fyrir íslenskt mál í skólum. Ég vil í því sambandi benda á að erlendis hefur þróunin verið sú, að þar er ekki lengur sjónvarp í þeim venjulega skilningi notað sem kennslutæki, — sjónvarp getur aldrei verið kennari, það skyldu menn hafa í huga, heldur kennslutæki. Nú hafa myndsnældur og hljóðsnældur með kennsluefni rutt sér æ meira til rúms, þannig að eiginlegt skólasjónvarp, sem menn hafa verið að tala um í mörg ár, og skólaútvarp er ekki lengur talið heppilegasti möguleikinn til að koma þessu áleiðis.

En það skyldu menn líka muna, að afar auðvelt er að gera kröfur til stofnunar eins og Ríkisútvarpsins um að auka efni af þessu eða hinu tagi. Víst væri áhugavert að auka nokkuð fræðslu um íslenskt mál, íslenska tungu og bókmenntir, bæði í útvarpi og sjónvarpi. En meðan þessari stofnun er haldið í fjárhagslegri spennitreyju lágra afnotagjalda þýðir ekki samtímis að gera sífelldar kröfur um aukið dagskrárefni og betra. Það verður að fara saman, að stofnunin hafi nokkurt fjárhagslegt svigrúm ef hún á að geta framleitt og skilað almennilegri dagskrá til notenda sinna sem henni er ætlað að þjóna.

Ég held þó fyrst og fremst, ef við ætlum okkur að bæta, varðveita og viðhalda íslenskri tungu og góðu máli rétt töluðu verðum við að einbeita okkur að skólakerfinu og það verður að byrja snemma. Ég hygg að þar sé víða pottur brotinn og ástandið kannske öllu athugaverðara þar en í fjölmiðlum.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Eins og fram kom í ræðu hans hefur hann í hyggju að taka þessi mál fastari tökum en gert hefur verið. M. a. skildi ég hann svo, að hann mundi greiða fyrir því, að málefnum tungunnar yrði meiri gaumur gefinn þegar í stað en maður hefði getað haldið, og má þá búast við því m. a. við þá fjárlagagerð, sem nú fer í hönd, að þar verði gert ráð fyrir að á síðari hluta þessa árs verði möguleikar á að fastráða mann eða menn til Ríkisútvarpsins í því skyni sem hér er um talað. Og einkum með skírskotun hans til málefnasamningsins held ég að það ætti ekki að vera neitt þar til fyrirstöðu, því að það er kjarni málsins að engum árangri verður náð í þessum efnum nema einhverju verði til kostað og einhver vinni þar að, og við vitum að hugsjónamennska og sjálfboðaliðastarf er löngu liðin tíð í sambandi við Ríkisútvarpið.

Ég get undir það tekið hjá hv. 5. þm. Vesturl. að ríkisfjölmiðlar séu málspegill þjóðarinnar. En ég vil ekki undir það taka, að þeir séu ekki annað og meira en málspegill þjóðarinnar, vegna þess að ég tel að ríkisfjölmiðlar verði að hafa mætnað í þessum efnum og verði að reyna að leggja töluvert á sig til að standa þarna framar, vera fyrir ofan meðallagið. Því miður hefur það verið svo um einstaka dagskrárgerðarmenn, þó að það sé algjör undantekning til allrar hamingju, að eftir því sem ég man best og veit best hefur íslenskri tungu þar verið misboðið.

En ég lýsi ánægju minni yfir því, að hæstv. menntmrh. hefur metnað til að taka þetta mál föstum tökum. Ég vænti þess, að hann mæti þeim skilningi í ríkisstj. að hann hafi tök á að efla starfsemi Ríkisúrvarpsins að þessu leyti, eins og samtykkt Alþ. segir til um, og að á það verði fallist, að nokkurt fé verði veitt í þessu skyni á þeim fjárlögum sem nú bíða afgreiðslu.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil leiðrétta þann misskilning, sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vesturl., sem er víst horfinn af fundi, að finna hefði mátt í ræðu minni ásakanir á hendur útvarpsráði í sambandi við íslenskt mál og að útvarpsráð hefði ekki áhuga á að íslensku máli væri sem best sinnt í útvarpi og að ekki væri töluð sem vönduðust íslenska í ríkisfjölmiðlunum. Að sjálfsögðu veit ég, og það kom einnig fram mjög rækilega í bréfi útvarpsstjóra sem ég kynnti áðan, að útvarpsráð og yfirstjórn útvarpsins yfirleitt leggja sig fram um, að svo miklu leyti sem í þeirra valdi stendur, að vanda flutning íslensks máls og gera miklar kröfur til þeirra fastráðnu manna sem flytja talað mál í Ríkisútvarpinu. Þetta er mér allt saman ljóst, og ég vona að það verði ekki misskilið, að ég hafi haldið öðru fram um yfirstjórn útvarpsins, útvarpsráð eða dagskrárstjórn.

Það er auðvitað rétt, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að talmálið í útvarpinu er að verulegu leyti spegill af málfari þjóðarinnar. Svo hlýtur auðvitað að verða, eins margir og koma þar fram og eins og dagskrárgerð fer fram, ekki síst fréttaþættir ýmsir. Hins vegar held ég að sé alveg nauðsynlegt að útvarpið hafi mikinn metnað á þessu sviði, sem ég hygg að það hafi, og geri allt sem það getur til að vera ekki aðeins spegilmynd af málfari þjóðarinnar, heldur líka fyrirmynd að góðu málfari.

Ég get ekki heldur fallist á það, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., að skólaútvarp sé ekki heppilegt. Ég tel þvert á móti að við þær aðstæður, sem við búum við í okkar strjálbýla landi, komi einmitt mjög til greina að nota útvarp og sjónvarp í því skyni að kenna og fræða, ekki aðeins um íslenskt mál, heldur margar aðrar greinar. Því er ekki að leyna, að fyrr á árum, á fyrstu árum útvarpsins, hygg ég að útvarpið hafi sinnt þessu meira. Ég man eftir því frá bernskuárum mínum, að það voru mjög myndarlegir þættir í útvarpinu, kennsluþættir í ýmsum tungumálum og kannske í fleiri greinum. Mér eru kunn nokkur dæmi um mjög merkilegan árangur af þessu skólaútvarpi, þó ég ætli ekki að rekja þau hér. Mér er kunnugt um t. d. einn skólabróður minn sem lærði ýmis mál sveitadrengur á Norðurlandi. Hann lærði ekki aðeins undirstöðu málanna í útvarpinu, heldur var hann, fær, þegar hann kom í menntaskóla, orðinn svo fær í sumum tungumálum að hann bar þar verulega af. Fræðslu sína hafði hann fyrst og fremst fengið í útvarpinu. Þannig þekki ég það af eigin reynslu og af reynslu samferðamanna minna, að skólaútvarp getur komið að gagni. Það kom að gangi í þessu tilfelli fyrir nær 40 árum, og ég er sannfærður um að það geti komið að sama gagni enn, því að aðstæður í landinu hafa þrátt fyrir allt ekki breyst þau ósköp að þetta eigi ekki við enn í dag.

Varðandi aftur hitt, sem hv. fyrirspyrjandi var að hugleiða um ræðu mína og þar sem hann m. a. virtist gera þá kröfu til mín, að ég færi fram á að það yrði samþ. sérstök fjárveiting til þessara hluta í sambandi við fjárlög, þá held ég að ég verði að segja honum það í fullri einlægni og hreinskilnislega, að til þess eru engin tök af minni hálfu. Ég held að hv. fyrirspyrjandi skilji að það getur ekki farið saman, að ég vilji undirbúa þetta mál vel fjárhagslega og faglega og rjúka svo til með einhverjar sýndartillögur um fjárveitingar í þessu máli. Ég held að

það hljóti hver maður að sjá, sem er þá ekki þeim mun æfðari í alls konar stríðslyndi og karpi, að þetta getur ekki farið saman. En það get ég fullvissað hv. fyrirspyrjanda um, að ég hef áhuga á þessu máli og mun, eftir því sem mér endist ráðherraævi til, reyna að koma því skynsamlega í höfn. En ég vil fá að undirbúa þetta vel og skynsamlega, bæði faglega og fjárhagslega, eins og ég hef sagt, en ekki með neinum ærslum núna u. þ. b. sem afgreiðslu fjárlaganna er að ljúka.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að mér verði virt það til vorkunnar, að þá sjaldan svo við ber að ég er sammála hv. þm. Halldóri Blöndal þegi ég ekki um það hér á Alþ. Fsp. hans var vel rökstudd, fyrri ræða hans ágæt. Að vísu játa ég að það hvarflaði aðeins að mér undir síðari ræðu hans að hætta við að taka til máls og hrósa honum. En þegar ég hafði vegið og metið ræðurnar tvær varð niðurstaðan eigi að síður sú, að þetta ætti hann skilið af mér.

Ég er alveg viss um það, að enda þótt íslenskukennsla og íslenskuþættir í útvarpinu frá fornu fari og alveg fram á þennan dag hafi gert okkur geysimikið gagn til verndunar, fegrunar og göfgunar mæltu máli á Íslandi, þá var hitt miklu meira um vert, að menn voru valdir af hálfu Ríkisútvarpsins til að koma fram í útvarpinu, fastir starfsmenn og einnig íhlaupamenn, með tilliti til þess arna, að Ríkisútvarpið væri úrtakslaust skóli í góðu, tilgerðarlausu og hljómfögru íslensku máli. Hér kemur fleira til en málfræðin ein. Ýmsir fræðimenn hafa haldið því fram, svo sem ég hygg að hv. þm. Halldóri Blöndal sé fullkunnugt, að raunar höfum við aldrei fengið íslenska málfræði, heldur latneska málfræði þýdda á íslensku, sem að nokkru varð til þess að íslensk tunga var kúguð undir latneska málfræði.

Hér kemur miklu fleira til en málfræðin ein: réttur og eðlilegur framburður íslenskrar tungu sem ávallt á að hljóma eðlilega. Og reynslan hefur sýnt að kennslan í skólunum, ekki bara í barnaskólunum og gagnfræðaskólunum, heldur líka í framhaldsskólunum, hefur viljað leiða til þess að myndast hefur einhvers konar gigtarhnútur milli tunguróta og meðvitundar, þannig að tjáning hefur ekki viljað verða nógu eðlileg að lokinni slíkri skólun. Hitt leyfi ég mér að staðhæfa, að á hinum síðari árum hefur viljað bregða nokkuð frá því að Ríkisútvarpið velji sér fasta starfsmenn til þess að annast þessa þjónustu, og gáið að því, hv. þm., að íslenska útvarpið og sjónvarpið er til þess að þar sé töluð íslenska, en nú hefur viljað bregða nokkuð frá því að starfsmenn séu valdir fyrst og fremst í þessu skyni.

Eðli þessara fjölmiðla hefur breyst af skiljanlegum ástæðum. Það er ekki hægt að ætlast til þess að allar ungar stúlkur, sem uppfylla þau skilyrði sem sjónvarpið gerir um fagurt litaraft og yndisþokka, séu afburðavel mæltar á íslenska tungu einnig. Það væri meiri frekjan. Ég hygg að það væri létt verk, hefði ég tíma til þess, herra forseti, að rökstyðja það við hæstv. menntmrh., að því fari víðs fjarri að þessi meginsjónarmið hafi verið látin ráða yfirleitt við ráðningu starfsmanna hjá Ríkisútvarpinu, hvort heldur til hljóðvarps eða sjónvarps. Á þessu hefur verið slakað.

Ég hygg að þáttur eins og sjónvarpsþátturinn, sem hér var um getið, sé góðra gjalda verður til íslenskukennslu, en fremur afkastalítill. Hitt væri miklu meira um vert, að starfsmenn þessara tveggja deilda Ríkisútvarpsins töluðu málið okkar lýtalaust og á eðlilegan hátt og væru með hverju orði sínu kennarar í notkun þessa okkar ástkæra, ylhýra máls, heldur en að fara að leggja peninga í sérstaka kennsluþætti umfram það sem verið hefur. Það hygg ég að sé aðalatriðið.

Hitt má vera íhugunarefni, hvernig á því stendur að þeir virðast vera sjaldgæfari sem tala íslensku á eðlilegan og réttan hátt sem komnir eru yfir fimmtugt en hinir sem eru langt undir þeim aldri, og einnig það, að maður skuli heyra mál okkar hljóma yfirleitt fegurst og best og kjarnmest af vörum þeirra manna sem hafa tiltölulega skamma skólagöngu að baki.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hér er til umr. íslenskukennsla í Ríkisútvarpi.

Ég vil fyrst lýsa þeirri skoðun minni, að ég er mjög fylgjandi því að íslenskukennsla eigi sér stað í Ríkisútvarpi, bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi. Hitt skulum við líta á, að það er afskaplega erfitt að framkvæma tjáskipti í gegnum þessa umræddu fjölmiðla. — Ég bið 4. þm. Norðurl. e. afsökunar ef ég hef nefnt leiðinlegt orð, en við verðum stundum að taka inn ný orð í tunguna samhliða tækninni. Ég ætlaði að segja, að það, sem helst skortir e. t. v. út frá þeim sjónarhóli að auka orðaforðann hjá afkomendum okkar sem og okkur sjálfum, þ. e. að æfa meðferð málsins, er að því miður er það dálítið erfitt gegnum sjálfa fjölmiðlana.

5. þm. Vesturl. minntist á skólana í því sambandi að styrkja eða efla íslenskukennsluna. Ég er honum sammála í því að skólakennsluna þurfum við að athuga mjög vel með tilliti til íslenskunnar. Ég hef þá skoðun, að nemendur nú á tíð séu miklu síður látnir tjá sig standandi í báða fætur inni í skólastofu en áður var. Ég hef iðulega veitt því athygli að menn, sem eru sjötugir til sjötíu og fimm ára — margir þeirra manna sem tóku þátt í mótun ungmennafélagsstarfsins upphaflega — flytja snjallari og málríkari ræður en annars heyrast á landi hér.

En úr því að spjallað er um Ríkisútvarp hér og kennslu, íslenskukennslu sérstaklega, hljótum við að leiða hugann að því, að andríki í málfari kemur auðvitað inn á atvinnusögu okkar. Unglingar fara hér um götur. Umhverfið, sem þessir unglingar lifa í, er tiltölulega fábreytt og gefur ekki tilefni til mikils orðavals, þrátt fyrir allan sinn fjölbreytileika, að því er sumir vilja halda fram, og allan hraða.

Vegna ummæla áðan um fréttamennsku, útvarpsmenn, þá sem starfa við fjölmiðla, þá held ég að þeir vandi yfirleitt málfar sitt. Hins vegar ber þar ýmislegt til. Það eru miklar kröfur gerðar til þessara manna um starfshraða. Þeir verða að útbúa ýmsa þætti, ýmiss konar dagskrár með mjög skömmum fyrirvara, en eigi að síður eiga þeir auðvitað að ganga á undan með góðu eftirdæmi. Í flestum tilfellum hygg ég að þeir geri það.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri. En ég vil enda með því að segja, að ég hygg að það megi nota Ríkisútvarpið, þessa stóru og áhrifamiklu fjölmiðla okkar, frekar en gert er, ekki aðeins í íslenskukennslu, heldur og ekki síður í annarri kennslu.

Greiðslur vegna Búnaðarþings, fsp. (þskj. 204). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 204 hef ég leyft mér að flytja fsp. til hæstv.

landbrh. Pálma Jónssonar um greiðslur úr ríkissjóði vegna Búnaðarþings. Fsp. er svo hljóðandi:

„1. Hversu mikið var greitt úr ríkissjóði vegna nýafstaðins Búnaðarþings?
2. Hver voru:
a) laun þingfulltrúa,
b) annar kostnaður?“

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fsp. hv. þm. er í tvennu lagi, eins og hann skýrði hér. Í fyrsta lagi: Hversu mikið var greitt úr ríkissjóði vegna nýafstaðins Búnaðarþings?

Samkv. upplýsingum úr bókhaldi Búnaðarfélags Íslands námu greiðslur vegna Búnaðarþings 1980 alls 18 millj. 135 þús. kr. Búnaðarfélag Íslands er, eins og kunnugt er, ríkisstofnun og falla því þessar greiðslur á ríkissjóð.

Í öðru lagi er spurt: a) Hver voru laun þingfulltrúa? b) Hver var annar kostnaður?

Laun þingfulltrúa voru samtals 7 millj. 596 þús kr. Annar kostnaður, sem greina má í þrjá undirþætti, var samtals 10 millj. 539 þús. kr., þ. e. uppihaldskostnaður 7 millj. 410 þús., ferðakostnaður 1 millj. 929 þús. og annar kostnaður áætlaður 1 millj. 200 þús. kr. Samtals nema þessar greiðslur því, eins og ég sagði áður, 18 millj. 135 þús. kr.

Með þessum orðum hygg ég að fsp. hv. þm. sé svarað.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. mjög greinargóð svör, þar sem nákvæmlega var sundurliðað svar við því sem um var spurt, og er síst yfir því að kvarta. Hins vegar hygg ég að þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gefur, séu til þess fallnar að fleiri spurninga sé spurt.

Fyrsta spurningin: Af hverju nýtur Búnaðarþing eitt þinga, að ég hygg, af þessu tagi þeirra einstöku forréttinda að þingfulltrúar þar eru launaðir af almannafé og ekki aðeins launaðir, heldur njóta þeir allra sömu fríðinda og hlunninda sem hv. alþm. njóta? Það má út af fyrir sig deila um hvernig slíkum hlutum skal fyrir komið og það hefur verið gert hér, en slíkt er auðvitað ekki til umr. hér. En það hygg ég að sé aðalatriði þessa máls, hvernig slíkt er til komið og hvers vegna nýtur Búnaðarþing eitt slíkra þinga forréttinda af þessu tagi.

Ég spyr: Á fjögurra ára fresti er haldið þing fjölmennustu samtaka þessa lands, sem er þing Alþýðusambands Íslands, af hverju hafa ekki fulltrúar á Alþýðusambandsþingi sambærileg kjör? Af hverju er þeim ekki haldið uppi á almannafé og ekki aðeins að því er varðar laun, heldur ferðakostnað og hlunnindi önnur? Félag ísl. iðnrekenda hefur nýhaldið ársþing sitt. Iðnrekendur eru framleiðendur alveg eins og bændur. Af hverju njóta þeir ekki sömu fríðinda og forréttinda? Við getum haldið áfram: Neytendasamtök, skákhreyfing, slík samtök halda sín þing árlega, á tveggja ára fresti eða þriggja ára fresti. Það er auðvitað annar samjöfnuður, en hvers vegna hefur markalínan endilega verið dregin þarna og utan um þennan hring?

Ég hef upplýsingar um það úr ríkisreikningi frá árinu 1978, A-hluta, að samtals námu greiðslur þá til Búnaðarfélags Íslands samkv. fjárlögum 181 millj. kr. og hálfri betur. Hins vegar var útgreitt 218 millj. eða nær 40 millj. betur. Þetta er mikil hækkun. Það virðist vera að þarna sé frjálslega í almannasjóði gengið. Það virðist vera að þarna sé um að ræða óvenjulega, svo að ekki sé meira sagt: óvenjulega forréttindastétt.

Auðvitað gætum við haft langt mál um greiðslur til landbúnaðar yfir höfuð að tala, greiðslur til þessara sérstöku samtaka. Við skulum láta það liggja á milli hluta að sinni. Ég held þó að lykillinn að skýringu á þessu sé fyrst og fremst einn: Einfaldlega röng kjördæmaskipan, einfaldlega sú staðreynd að misvægið er orðið svo mikið dreifbýlinu í hag að þeir, sem þaðan koma, eru farnir að koma sér fyrir í skjóli almannasjóða með hinum ótrúlegasta hætti. Verkalýðssamtökin sækja á hinn bóginn sitt fólk, sinn stuðning, sína félagslegu uppbyggingu í þéttbýlið þar sem vægi atkv. er allt að fimm sinnum minna, og enn þá hafa þau ekki komið sér svona fyrir hjá almannasjóðum. Ég er sannfærður um að lykillinn að þessu misræmi, skulum við segja, áður en við segjum misrétti, liggur þarna. Hann liggur í því, að misvægi atkvæða er orðið svo mikið og menn eru farnir að leyfa sér svo margt í skjóli þess misvægis og væntanlega í trausti þess að ekki verði breytt.

Herra forseti. Ég vil segja að lokum, að ég er þeirrar skoðunar að ósæmilegt sé að ein tiltekin stétt, fulltrúar tiltekinnar atvinnugreinar komi saman á tilteknum fresti og haldi sitt þing á kostnað almannasjóða þegar það er ekki almenn regla í landinu. Nú má enginn skilja orð mín svo, að verið sé að amast við því að bændur eða yfirleitt nokkrir aðrir haldi þing, slíkt er alveg sjálfsagt mál, og þeir ráði ráðum sínum, meti sín mál og hyggi að fortíð og til framtíðar. Þetta gerum við öll í einhverju formi. En það er óeðlilegt og það er ósæmilegt að þessi hópur einn njóti sérstakra forréttinda, og ég fullyrði að þau forréttindi eru ekki smá. Mig langar að því leyti að segja eitt flokkspólitískt orð, að þetta er framsóknarmennska — með litlum staf því að framsóknarmennirnir eru í fleiri flokkum en flokknum með stóra stafnum. Þetta er nákvæmlega það sem hér er farið að brydda á, ekki aðeins efnahagslegt misvægi, heldur óþolandi ranglæti, því að þetta blasir við nánast í hverju horni samfélagsins. Ég er sannfærður um að fulltrúar á Alþýðusambandsþingi, allur þorrinn, ég hygg að það sé á fimmta hundrað manns, hafa ekki vitað hvernig í pottinn er búið. Hvernig á þetta fólk að þola það að koma á sitt þing einu sinni á fjögurra ára fresti og greiða sjálft fyrir þegar önnur samtök með svipaðan tilgang, þ. e. þann að byggja upp góð lífskjör fyrir sitt fólk, koma og njóta hárra styrkja úr almannasjóðum? Hvernig eiga iðnrekendur að þola að þeir njóti engra slíkra styrkja þegar tiltekinn hópur nýtur styrkja?

Ég er sannfærður um að fjöldi alþm. hefur ekki áttað sig á því til skamms tíma að svona væri í pottinn búið og t. d. gilti það um mig sjálfan, ég get þess vegna sagt þetta með góðri samvisku, þangað til maður mjög kunnugur þessu benti mér á það. Ég er að flytja þau skilaboð til hv. alþm. Hér er um óþolandi misræmi að ræða, óþolandi misrétti. Þetta skulum við afnema, þessu skulum við breyta og gera annað af tvennu: láta eitt ganga yfir öll hagsmunasamtök af því tagi, sem við erum að tala um, eða sleppa öllum styrkjum. Ég mæli með síðari kostinum.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur bætt nokkuð við sínar fsp. og hefði vel mátt gera það í þeirri fsp. sem hann flutti þinglega. Hann telur að Búnaðarþing njóti þeirra réttinda eitt þinga eða eitt samkoma sem haldnar eru á vegum

einstakra stétta að fá greiðslur af almannafé. Ég get játað að ég hef ekki kannað þá hlið málsins. Ég get þó sagt hv. þm. að Búnaðarþing er búið að starfa yfir 60 ár og ég hygg að þessi regla hafi ævinlega gilt. Ég get einnig sagt honum að Búnaðarþing er ekki sambærilegt við þau þing stéttasamtaka sem fjalla um kjaramál. Búnaðarþing fjallar ekki um kjaramál landbúnaðarins. Búnaðarþing er faglegs eðlis — samkoma sem fjallar um málefni sem varða t. a. m. landbúnaðarlöggjöfina og ýmsar breytingar á henni. Fundur á vegum landbúnaðarins, sem fjallar um kjaramál, er aðalfundur Stéttarsambands bænda. Samkomur á vegum bændasamtakanna njóta ekki framlags úr almannasjóðum. Hér er því um skilsmun að ræða sem hv. þm. hefur vafalaust ekki haft kunnugleika til að vita um.

Hvort hér sé rétt að farið skal ég ekki fara frekar út í, en ég tel að Búnaðarþing hafi á undanförnum árum og áratugum veitt mjög mikilsverðar leiðbeiningar í starfi sínu og gert mjög mikilsverðar tillögur sem varða landbúnaðarlöggjöfina og ýmis fagleg málefni landbúnaðarins. Þessum þætti tel ég ekki að vert sé að kasta fyrir róða og við skulum ekki vanmeta þann þátt.

Hv. þm. kallar þetta framsóknarmennsku. Þessi framsóknarmennska hefur þá viðgengist t. a. m. í þeirri ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. sem stóð í 12 ár og var nefnd viðreisnarstjórn. Ég get vel trúað því að hv. þm. vilji kenna þá ríkisstj. við framsóknarmennsku.

Hv. þm. gat þess, að á fjárlögum tiltekið ár, sem ég því miður punktaði ekki hjá mér — (**Gripið fram í:** 1978.) — 1978, hefði verið áætlað til Búnaðarfélags Íslands 181 millj. kr., en samkv. ríkisreikningi það ár hefðu greiðslur til stofnunarinnar numið 218 millj. kr. Þótti hv. þm. frjálslega gengið um almannasjóði. Í þessum orðum hv. þm. felst mjög mikil aðdróttun og ósæmileg aðdróttun, svo að gripið sé til orðalags sem honum er tamt. Það er alkunna, að í því verðbólguþjóðfélagi, sem við lifum í, standast ekki fjárlagatölur. Ríkisreikningur ber með sér að greiðslur til einstakra stofnana hafa oft orðið til muna hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Stundum hefur það verið svo, að fjárlagaafgreiðsla hefur verið miðuð við launa- og verðlagsforsendur á haustmánuðum árið áður en fjárlög tóku gildi. Það sjá allir í því þjóðfélagi launa- og verðbólguskriðs sem við lifum í, að þá breytast slíkar áætlanir og raunútgjöld verða hærri. Hv. þm. ætti að spara sér að láta falla stórar aðdróttanir í garð einstakra stofnana þó svo fari að fjárlagatölur fái ekki staðist í verðbólguflóðinu og niðurstöðutölur ríkisreiknings um tiltekna stofnun hafi verið nokkru hærri.

Ég skal ekki fara út í að rekja samanburð við aðrar stofnanir ríkisins, en það væri hægt að gera, og ég hvet hv. þm. til að gera slíkar athuganir sjálfur.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég tel að það sé sumpart af vanþekkingu, að öðru leyti af óaðgæslu og e. t. v. sumpart af fleiri orsökum runnið að hv. þm. telur þessa hluti ósæmilega og óþolandi. (**VG:** Hvaða fleiri forsendur?) Ég ætla ekkert að útskýra það frekar. Ég get vel búist við því að útskýringar hv. þm. sjálfs séu næg skýring fyrir aðra hv. þm. Hitt er svo næsta hlægileg og langsótt skýring, að undirrótin að þessum hlutum sé það sem hv. þm. kallar röng kjördæmaskipun. Ég ætla að það sé hæfilega fjarstæðukennt til þess að láta þeim aths. hv. þm. ósvarað við þessa umr.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Í svörum við þessari fsp. hefur komið í ljós hvílíkur hofmóður fylgir oft þeim mönnum sem ræða um landbúnaðarmál og þykjast vilja verja þá stefnu sem rekin hefur verið í þjóðfélaginu á undanförnum árum í þeim efnum.

Ég vil taka undir það, sem fyrirspyrjandi kom inn á áðan, að það er í hæsta máta óeðlilegt að ein stétt njóti þess að hafa þing á fullum launum hjá ríkinu. (**Gripið inn í:** Ein stétt?) Búnaðarþing, er það ekki? Já, það eru aðeins bændur sem þangað kjósa. Þetta skiptir tugum millj. Ég hygg að kalla mætti það óþrif að fara svona með fjármuni. Það skiptir engu máli hvort það hafi verið gert í áratugi eða ekki, það á að afnema svona lagað á meðan aðrir njóta þess ekki líka. Hvað með Sjómannasamband Íslands eða Landssamband ísl. útvegsmanna? Mér er kunnugt um að á þeirra þingum er fjallað um fiskveiðistefnu og löggjöf einnig — þá löggjöf sem snertir félagsleg málefni sjómanna og einnig löggjöf er snertir útvegsmenn. Það vill nú svo vel til, að ég hef lesið allar ályktanir og samþykktir og erindi Búnaðarfélagsins og mér sýnist ekki að þar hafi neitt merkilegra skeð en skeður á almennum þingum öðrum, eins og t. d. Sjómannasambandsþingi og þingi Landssambands ísl. útvegsmanna.

Ég vil að fram komi hér að mér finnst þetta óeðlilegt og úr því að verkalýðssamtökin eða þing annarra greina njóta ekki þessara forréttinda á að fella þau niður.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég hef nú reyndar ekki ætlast til mikils af hv. Alþfl.-mönnum um þekkingu á landbúnaðarmálum. Hitt hefði ég getað látið mér detta í hug, og það hygg ég sé sammerkt með hv. alþm., að þeir vissu helstu félagsmálalínurnar í kringum atvinnustéttirnar í þessu landi. En þetta virðast þó þessir virðulegu menn ekki einu sinni vita. Og þegar þessi vitneskja er ekki fyrir hendi sætir það að sjálfsögðu ekki neinni furðu þó að málflutningur þeirra sé brenglaður og það m. a. s. meira en lítið brenglaður.

En svo að ég taki þá ofurlítið í skóla, svo þeir þurfi ekki alltaf að vera að rugla saman sömu hlutunum og éta þá hvorir upp eftir öðrum, eru þeir alls ekki að bera saman hliðstæð félagasamtök. Ef þessir hv. ræðumenn vilja gera það eru hliðstæð félagasamtök Stéttarsamband bænda og Alþýðusamband Íslands. Það er sammerkt með báðum þessum félagasamtökum að þau greiða fyrir fundi sína og þann kostnað sem af þeim leiðir, og fyrir þann kostnað eru félagsmenn þessara samtaka skattlagðir. Þetta vita börn í barnaskólum, a. m. k. sem hafa gengið í þá á annað borð, þannig að það ætti ekki að þurfa að vera mikið að kenna þessum hv. þm. — En ef svo er tekin önnur hliðstæða, þá er t. d. um að ræða Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands. Greiðslur til þessara tveggja félagsstofnana atvinnuveganna eru með alveg nákvæmlega sama hætti, á þeim er enginn munur. Ég ætla ekkert að bera það saman hvor upphæðin er hærri eða lægri, það skiptir ekki neinu máli. Þetta eru samstofna félagaeiningar.

En hv. fyrirspyrjandi var að tala um að alþm. hefðu nákvæmlega sömu kjör og búnaðarþingsfulltrúar. Ég kannast ekki við það. Ég er trúlega eini alþm. sem sit líka Búnaðarþing og gerði það á þessum vetri. Ég kannast ekki við að það séu sambærileg kjör og held að enginn hafi heldur ætlast til þess.

Það má með ýmsum hætti meta það, hverjar eru launagreiðslur til Búnaðarþings og hversu eðlilegar eða óeðlilegar þær eru. En það má kannske minna hv. fyrir-

spyrjanda á það, eins og það var þá mikill búhnykkur, sem minnihlutastjórn Alþfl. gerði rétt fyrir kosningarnar þegar hún afsalaði sér verðbótum á laun, sem þeir heiðursmenn hirtu reyndar svo þegar kosningunum var lokið og nýr mánuður byrjaður. Þær verðbætur, sem þarna var um að ræða, voru um það bil hálf laun eins búnaðarþingsfulltrúa. Svo geta menn borið þetta saman við kjör sín á Alþingi.

En hv. fyrirspyrjandi talaði alveg sérstaklega um hve frjálslega væri gengið í sjóði af hendi Búnaðarfélags Íslands. Það er gert með þeim hætti, eins og við vitum, að gengið er frá fjárlögum og þær aukagreiðslur, sem þar koma umfram, eru með alveg nákvæmlega sama hætti og gildir með alla aðra starfsmenn ríkisins, að þær eru greiddar eftir þeim verðlagshækkunum sem verða á árinu. Það eru engar aðrar aukagreiðslur inntar af hendi til Búnaðarfélags Íslands.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, herra forseti, en ég vænti þess, að þessir hv. ræðumenn kynni sér betur alla málavöxtu áður en þeir fara næst að spyrja um málefni í íslenskum landbúnaði.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Það virðist vera einkenni á þeim einstaklingum, t. d. hv. þm. sem taka að sér að verja þessa tilteknu atvinnugrein, að leika sér að því að brigsla öðrum um vanþekkingu. Það er ævinlega af „vanþekkingu" spurt, af „vanþekkingu" talað og af „vanþekkingu" um mál fjallað.

Hæstv. landbrh. lýsti því áðan, hvað gerist á Búnaðarþingi. Á þessum vetri voru fluttar af því fréttir í fjölmiðlum um nokkurra vikna skeið og fóru sennilega ekki fram hjá neinum landsmanni. En hvað haldið þið, herrar mínir og hv. þm., að gerist á t. d. þingi eins og þingi Alþýðusambands Íslands? Halda menn að þar sé einvörðungu verið að fjalla um kjaramál, eins og mátti skilja á máli hæstv. landbrh.? Ég vil ekki taka mér orð í munn eins og að um vanþekkingu sé að ræða, en ég get upplýst hann um að þingið er nákvæmlega eins upp byggt og það er verið að fjalla um nákvæmlega sömu hlutina. Það hef ég lesið í blöðum. Það er aðeins um hagsmuni tveggja stétta að ræða, en eðlismunur og efnismunur er enginn. Þetta veit ég að hæstv. ráðh. veit.

Og þá er næsta spurning um þetta: (Forseti hringir.) Aðeins örfáar setningar, herra forseti. — Sjá ekki hv. talsmenn líka að atvinnustéttinni, sem ég veit að þeir bera fyrir brjósti, er ógreiði ger með þessu? Það er ógreiði og það er ögrun við aðra þegna samfélagsins að þessi tiltekna atvinnustétt skuli með þessum sérstaka hætti vera sett upp á sérstakan stall, vegna þess að það er ofureðlilegt að mönnum mislíki sá mismunur sem hér er um að ræða. Þegar menn fara í sjálfvirka vörn, eins og hinn ágæti hv. þm. Egill Jónsson gerði áðan, held ég að hann átti sig enn ekki á, en æ fleiri samherjar hans eru farnir að átta sig á því, að stéttinni, sem honum finnst hann vera talsmaður fyrir, er enginn greiði gerður með málflutningi af þessu tagi.

Það vita allir sem vilja vita það, og sérhver hv. alþm. veit það og ég held líka sá ræðumaður sem var næstur á undan mér, að bændur njóta að þessu leyti sérstæðra og mjög óvenjulegra forréttinda sem aðrar atvinnustéttir njóta ekki. En lykillinn er auðvitað sá og hefur verið, að bændur hafa leikið þann sérstaka leik að þeir eru framleiðendur, flokkast með atvinnurekendum þegar á því þarf að halda, en þeir eru launþegar, eins og sést á þeirri viðmiðun sem laun þeirra eru reiknuð eftir. Og hér leika þeir sama leikinn: Þeir eru bæði með Búnaðarþing framleiðendamegin og með stéttarþing launþegamegin. Þannig er leikurinn.

Ég verð, herra forseti, að fá að gera aths. við aðeins eitt atriði enn.

Ég sagði að það hefði verið 40 millj. meira greitt út samkv. ríkisreikningi en fjárlög gerðu ráð fyrir. Í fjárlögum var auðvitað gert ráð fyrir tiltekinni verðlagsþróun, en þetta bætist síðan við. Það er alveg rétt hjá hæstv. landbrh. að svona eyðsla er langt frá því að vera einsdæmi, því miður. Við vitum engu að síður að hluta af því verður ekki við ráðið, en annar hluti stafar af hreinni óstjórn. Við ættum þess vegna að spyrja um það þarna eins og alls staðar annars staðar hvað á seyði sé. (Gripið fram í.) Við skulum sjá. — Hæstv. ráðh. er að segja að hér sé verið að taka þetta sérstaklega út úr. Þetta er rangt. Það voru gerðar langar aths. við ríkisreikninga á síðasta ári, sem ég stóð fyrir, út af einu tilteknu fyrirtæki, þar sem þetta, nákvæmlega þetta, var mjög og sérstaklega áberandi. Ég vil nefna fyrirtækið. Það var Krafla sem þar var um að ræða. (Forseti hringir.) Ég vil ekki fara að eiga í handalögmálum við hæstv. forseta. Ég veit að ég er búinn að misbjóða þolinmæði hans. Ég læt máli mínu lokið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega hvort rétt er eða rangt að greitt sé til Búnaðarþings úr almannasjóðum, eins og hér er um talað. Ég hef mína skoðun á því eigi að síður. En mig langar til að gera örstuttar aths. út af tvennu sem kom fram.

Mér finnst ekki æskilegt að þeir fulltrúar bændastéttarinnar, sem hér telja sig vera á þingi, séu að setja ofan í við hv. þm. sem vilja leita sér upplýsinga um tiltekin mál eða málaflokka. Fróðleikur allur er af hinu betra og menn eiga ekki að vanmeta fsp. eða vera með skítkast í garð þm. þó að þeir vilji leita sér upplýsinga um hin tilteknu mál. Ég tel það vera af hinu góða og sýni — þveröfugt við það sem hv. þm. Egill Jónsson var að tala um — að menn vilja kynna sér málin og vita hvernig þau standa. Ég get bætt því við, að ég vissi fyrir löngu hvernig þessu máli var háttað, en auðvitað er það svo í öllum flokkum að menn vita mismunandi mikið. — Mér finnst það sem sagt ekki vera neitt málefnum bænda eða fulltrúa þeirra til framdráttar að vera með ádrepur í garð þeirra þm. sem vilja leita sér upplýsinga um tiltekin málefni innan landbúnaðarins eða þeirrar greinar.

Hin aths. var við þau ummæli sem hv. þm. Vilmundur Gylfason kom með áðan og ég get ekki stillt mig um að mótmæla harðlega þó við séum flokksbræður. Það er sú fullyrðing hans að þetta, sem hann telur vera af hinu illa, sé til komið vegna þess að það sé röng kjördæmaskipun í landinu og misvægi atkvæða, eins og hann orðaði það, sé lykillinn að því hvernig hér hefur til tekist, óréttlætið sé orðið svo mikið að það sé ekki þolandi og þetta sé einn anginn af því. Ég mótmæli því harðlega.

Ég vil ekki syndga upp á náð hæstv. forseta, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason gerði, en það væri ærið tilefni til að ræða það mál eitt og sér og taka langan tíma í það sem menn kalla misvægi atkv. og ranga kjördæmaskipun. Ég fyrir mitt leyti held því stíft fram, að það sé ekki til það misvægi varðandi atkv. sem hv. þm. Vilmundur Gylfason heldur fram og fleiri, — hann er ekki einn um það, það væri í lagi ef hann væri einn um það, en þeir eru því miður fleiri sem halda því fram að dreifbýlisfólk hafi allt of

mikil áhrif á löggjafarsamkomuna. Þetta er alrangt. Þessu er þveröfugt farið. Þéttbýlissvæðin á Reykjavíkurhringnum, sem telja sig afskipt, hafa of mikil áhrif á löggjafarsamkomuna. Það má svo spyrja hvort slík séu áhrif þm., þessara kjördæma, það geta menn gert upp við sig. En eigi að síður hefur það svæði á Suðurnesjunum, sem ég nefndi áðan, of mikil áhrif á löggjafarsamkomuna, og það sýna einmitt merkin.

Ég vildi ekki láta hjá líða að mótmæla þessu harðlega, og ég mun gera það í hvert einasta skipti og hvaðan sem slík rödd kemur, frá hvaða flokksmanni sem það kemur.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Þetta verður áframhald af ræðu Karvels hjá mér. Það var þetta með misræmið, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason orðaði það, og síðan var hann kominn út í misrétti.

Við erum alltaf að tala um misrétti hérna. Ég tók t. d. með mér nokkur þingmál af borðinu mínu. Hér er þáltill. frá hv. þm. Karvel Pálmasyni o. fl. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði. Sjaldan þurfa hv. þm. búsettir í Reykjavík að fljúga vestur á Vestfirði, sem betur fer. Hér er 77. mál. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson o. fl. flytja það mál, frv. til l. um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa. Hvar er það aðallega sem slík upphitun húsa fer fram? Er það ekki úti á landi þar sem eru svo margir þm., þar sem eru svo fáir kjósendur á bak við hvern þm. að þeir hljóta að ráða öllu í þessu þjóðfélagi? Hér flytur hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt. Það er verið að tala þar um að lagður sé söluskattur á flutningskostnað út á land. Er þetta ekki misrétti? Þetta er kannske misræmi og kannske misrétti líka. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason o. fl. flytja till. til þál. um málefni farandverkafólks. Hvaðan kemur farandverkafólkið fyrst og fremst? — Það mætti tala um fsp. sem Salome Þorkelsdóttir hefur flutt til samgrh. um símamál í Kjalarnes- og Kjósarhreppum. Ég er með eitt mál hérna. Það eru Egill Jónsson og Halldór Blöndal sem flytja þál. um jöfnun húshitunarkostnaðar. Það er alveg það sama.

Meiri hlutinn af þingmálum, sem hér eru flutt, er um misrétti, ekki að landsbyggðin hafi of mikið, heldur að hún hafi of lítið. Það sjá allir, bæði kratar og aðrir. Við ræðum sjálfsagt síðar, við hv. þm. Vilmundur og Karvel, um misvægi atkv. En ég ætla bara að benda fyrirspyrjanda á að víða er misréttið.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er engin furða þótt hv. alþm. Alþfl. kveinki sér undan því, að ég segi frá því hér hver voru viðbrögð þeirra 1. jan. varðandi þeirra eigin laun. Þetta er það sem þeir kalla nauðvörn í sambandi við þessi mál, þó að það sé rifjað upp hvernig þeir haga sér sjálfir þar sem þeir ráða. Oft er það svo, að margur heldur aðra í sínum eigin sporum. Ég hygg að það sé skýringin á því, vegna hvers þessir menn álíta að Búnaðarfélag Íslands fari jafnfrjálslega með peninga og þeir hafa lýst hér.

Það verður að sjálfsögðu ekki löng kennslustund núna fyrir hv. fyrirspyrjanda, en enn þá heldur hann samt áfram að rugla. Hann er að tala um að Búnaðarfélag Íslands sé framleiðendafélag og Stéttarsamband bænda sé aftur hagsmunafélag. Búnaðarfélag Íslands er fagfélag og málefni þess eru fyrst og fremst þess eðlis. Búnaðarfélag Íslands og Búnaðarþing fjalla um allt önnur mál en kjaramál og allt önnur mál en framleiðslumál. Þetta er sú samkunda sem fjallar fyrst og fremst um löggjöfina sem snertir landbúnaðinn og svo, eins og menn vita, stjórn á Búnaðarfélagi Íslands.

Það hljóta að vera einhver takmörk fyrir því sett, hvernig menn geta komið hér upp hvað eftir annað og ruglað jafnmikið í kringum þessa félagauppbyggingu og hv. Alþfl.-menn hafa gert. Úr því að þeir eru svo ákaflega vel settir að hafa hv. þm. Karvel Pálmason í sínum flokki, sem segist hafa vitað þetta allt saman fyrir lifandi löngu, held ég að hann ætti að miðla öðrum hv. þm. Alþfl. einhverju af vitneskju sinni þannig að þeir þyrftu ekki endilega að nota Alþingi Íslendinga til skólagöngu í einföldustu þáttum í íslenskri félagsmálapólitík.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar merkilegu umr. Ég vil aðeins taka undir það, sem ég tel alveg réttmætt hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni, að það er síst að lasta að menn leiti sér upplýsinga og spyrjist fyrir um þau efni sem þeir eru ekki nægilega vel heima í.

Ég vil svo að öðru leyti minnast á aths. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, þar sem hann er enn með aðdróttanir í garð tiltekinnar stofnunar, Búnaðarfélags Íslands, og rekur til þess að munur er á fjárlögum 1978 og ríkisreikningi þess árs sem nemur 37 millj. kr., eftir því sem hann segir. Segir hann að hluti af þessu sé vegna eðlilegra orsaka, en hluti vegna óstjórnar. (**VG:** Ég er að tala almennt um mun á ríkisreikningi og niðurstöðum fjárlaga.) Ég held að ég hafi skilið hv. þm. rétt áðan. Hann hefur kastað þessari aðdróttun í garð Búnaðarfélags Íslands.

Ég kom upp í þennan ræðustól til að óska eftir því, að hv. þm. geri grein fyrir því, ekki á þessari stundu, heldur síðar, vegna þess að nú á ég að heita yfirmaður þessarar stofnunar, að hve miklu leyti Búnaðarfélag Íslands hefur eytt fjármunum vegna óstjórnar á undanförnum árum.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er dálítið merkilegt þegar einhver hv. þm. fer að ræða um landbúnaðarmál, m. a. s. þegar þeir eru að spyrjast fyrir um landbúnaðarmál, óska eftir einföldustu upplýsingum sem eiga að liggja fyrir og sjálfsagt er að gefa, að upp rísa einstaka þm. ævinlega þegar þessi mál ber á góma og hreyta ónotum í allar áttir og skömmum. Það er eins og þessi málaflokkur sé þannig og þess eðlis að ekki megi um hann tala eða finna að neinu í þeim efnum, jafnvel þó um augljósa galla sé að ræða í framkvæmd þessarar atvinnugreinar og stórkostlegan kostnað. Andsvörin eru hatursfull og viðhaft er mikið offors og viðbrögðin þannig af hálfu sumra manna, sem telja sig vera málsvara bænda, að bændum er áreiðanlega síst greiði gerður með málflutningi af því tagi.

Það hefur margt verið furðulegt sagt í þessu máli. Það hefur mest borið á skömmum í garð hv. þm. Vilmundar Gylfasonar fyrir að leyfa sér að koma hér upp og óska eftir upplýsingum. Má ekki einu sinni leita upplýsinga varðandi hlut eins og kostnað við Búnaðarþing, sem er mikill? Ég heyrði ekki niðurstöðutöluna, kannske 20 millj. Mér finnst það lágmarkið að menn megi koma hér og spyrja. Ég undrast þegar svörin eru m. a. af því tagi að menn ættu að leita sér sem fyllstra upplýsinga áður en þeir spyrja. Til hvers eru menn að spyrja? Til þess að fá að vita það sem þeir vissu ekki fyrir. Það er síst ástæða til að álasa mönnum fyrir að spyrja í þeim tilgangi, því að spyr sá sem ekki veit. Sá sem veit þetta allt saman þarf

auðvitað ekki að koma hér upp og spyrja. Þess vegna á fyrirspyrjandi ekki að fá skammir og ónot í sinn garð, heldur upplýsingar og útskýringar hjá þeim mönnum sem þykjast vita alla skapaða hluti.

Ég hef ekki heyrt neinar skýringar af hálfu þm. um þetta efni, heldur þveröfugt: útúrsnúninga og illsku og hatursfullan málflutning sem alls ekki á hér heima. (**EgJ:** Var ræðumaður við þegar landbrh. svaraði fsp.?) Ég var hér inni þegar hæstv. landbrh. var að svara. Ég missti af fyrsta hlutanum, en hann hefur líka talað í dálítið öðrum tón en hv. þm. sem er að grípa hér fram í, og honum er velkomið að gera það. (**EgJ:** Væri þá ekki eðlilegt að þm. kynnti sér svar ráðh.?) Vill ekki hæstv. forseti gefa hv. þm. orðið næst á eftir mér? Mér leiðist hálfpartinn þetta kvak í mönnum sem allt þykjast vita best án þess að það hafi nokkurs staðar komið í ljós.

En hvers vegna þarf hv. Alþ. að styðjast við lagavinnu Búnaðarþings? Hv. Alþ. setur lög um alla mögulega og ómögulega hluti í þjóðfélaginu. Til hvers þarf það þá að styðjast við þing eins og Búnaðarþing, sem fjallar um landbúnaðarmálin? Getur ekki hv. Alþ. fjallað um þau mál líka án aðstoðar og leitað sér upplýsinga, eftir því sem þörf krefur, hjá þeim sem vitið hafa eða þykjast hafa? Spurningin er þessi: Er Búnaðarþing opinber stofnun og á ríkið að greiða fyrir aðrar stofnanir en þær sem eru á þess snærum? Það er spurningin. Og mér finnst ekkert óeðlilegt, þó að spurt sé, og heldur ekkert óeðlilegt, reyndar nauðsynlegt að taka þessi mál öll til endurskoðunar, jafnvel þótt Búnaðarþing hafi starfað í 60 ár með þeim árangri í landbúnaðarmálum sem við blasir.

Það er rétt, að bændur í þessu landi hafa allmikla sérstöðu. Mér dettur ekki í hug að veitast að þeim í einu eða neinu. En þeir eru atvinnurekendur stundum, það er rétt. (Forseti hringir.) Heyrist mér rétt, að hæstv. forseti sé að berja í bjölluna? Ég skal stytta mál mitt af fremsta megni. — En þeir eru ekki aðeins atvinnurekendur og launþegar sitt hvorn daginn, heldur einnig ríkisstarfsmenn að vissu leyti. Greiðir ríkið ekki bændum orlof? Það er ekki atvinnurekandi bænda. Það greiðir t. d. atvinnurekendahlutann í lífeyrissjóð bænda. Ríkið greiðir líka afleysingaþjónustu bænda. Í öllum þessum atriðum eru bændur ríkisstarfsmenn, þannig að þetta mál er býsna flókið allt saman. Og það leysist ekki og skýrist ekki með belgingi af því tagi sem hv. þm. Framsfl. beita þegar slík framsóknarmennska er til umr. Ég vil fallast á það orð hv. þm. Vilmundar Gylfasonar sem ágætt orð yfir þá óstjórn og vanstjórn í þessum efnum sem viðgengist hefur um áratugaskeið.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki gera þessa umr. öllu lengri. Þó vildi ég segja örfá orð til að fullkomna framsóknarkórinn, eins og minnst var á áðan.

Ég vil segja það fyrst, að sem nýliði á Alþ. verð ég að viðurkenna að þegar málefni landbúnaðar ber á góma gerast menn dálítið æstir. Ég nefni engin nöfn. Þetta á við fjölmarga, bæði þá, sem eru dyggir talsmenn landbúnaðar, en ekki síður um hina sem stundum láta falla orð í garð landbúnaðar á þann veg að ýmsum landbúnaðarmanninum líka þau ekki.

Ég ætlaði að segja að þegar málefni landbúnaðarins hefur borið á góma í þinginu gerast menn dálítið æstir. Ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, sem hljóðuðu eitthvað á þá leið, að ekki væri til framdráttar málefnum landbúnaðar að viðhafa æsingaumræður. En það er ekki sama hvernig umr. ber að, það skal viðurkennt. Ég veit ekki betur en Alþfl.-menn viðurkenni að landbúnaðurinn eigi við afskaplega mikil vandamál að stríða. Alþfl.-menn hafa sagt iðulega að sá vandi væri ekki bændum að kenna.

En þá komum við að málefnum Búnaðarþings. Búnaðarþing starfar á þann hátt að þar koma saman fjölmargir aðilar, og þá fyrst og fremst bændur sjálfir, og ræða sín mál, mál fortíðar, nútíðar og framtíðar, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason orðaði það áðan. Hv. síðasti ræðumaður taldi ekki eðlilegt að Alþingi Íslendinga tæki ráðum Búnaðarþings. Ég er ósammála. (Gripið fram í.) Einhver greip fram í og sagði að þm. hefði ekki látið svo vera. Hins vegar skildi ég það svo. Ég tel einmitt mjög nauðsynlegt að á Alþ. njótum við leiðsagnar þeirra sem gerst vita, þeirra fulltrúa sem sitja Búnaðarþing. Þar er saman komin margvísleg þekking, sem er mjög nauðsynleg okkur.

En um vandamál landbúnaðar í heild er kannske ekki tilefni til umr. hér. Ég vil einungis að lokum segja það, að ég skora á alla þá, sem taka þátt í umr. um landbúnaðarmál eftirleiðis, að leita sannleikans, reyna í sátt og samlyndi að komast til botns í því, hvernig við á allra bestan hátt getum rekið blómlegan landbúnað í þessu landi í sátt við alla þjóðina.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. — Það er eitt af einkennum þeirrar framsóknarmennsku, sem við klínum m. a. s. á sauðmeinlausustu íhaldsmenn á staðnum, að rangfæra það sem sagt er, snúa út úr því og kasta því svo fram eins og það hafi verið sagt. Ég hef aldrei orðað það svo, að á hv. Alþ. ættum við ekki að taka góðum ráðum og tillögum frá öllum þeim sem gerst mega vita, og alls ekki sagt að við ættum að hundsa það sem Búnaðarþing lætur frá sér fara í þeim efnum, þótt að sjálfsögðu beri að taka það með gagnrýnu hugarfari.

Ég er sammála hv. þm. um að við eigum að leita sannleikans eins og við getum. En eins verðum við þó að gæta, þess að finna hann ekki. Það er eitt það hættulegasta sem maður finnur, sannleikurinn. Það sjáum við á ofsatrúarmönnum og pólitíska kreddudótinu. Þeir hafa fundið sannleikann, ganga með hann í vasanum og fletta síðan upp á honum þegar á honum þarf að halda. Þannig haga framsóknarmennirnir sér líka. Þeir hafa fundið hinn endanlega sannleika í landbúnaðarmálum og þess vegna má ekkert á hann minnast, því að allt það hlýtur að vera rangt sem er breyting á því sem fyrir var. Við eigum að leita að því sem við teljum að sé réttast, en við megum ekki finna hina endanlegu lausn sem síðan og þaðan af verði óbreytanlegar staðreyndir.

Sameinað þing, 37. fundur.

Þriðjudaginn 25. mars, að loknum 36. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég hafði í gær óskað eftir því við hæstv. forseta Nd. að fá að mæla nokkur orð utan dagskrár. En þar sem annað mál, sem

jafnframt var rætt utan dagskrár, tók þá langan tíma og afgreiða þurfti mál frá d. féll ég frá því. En ég hef óskað eftir því við hæstv. forseta Sþ. að flytja það í dag sem ég vildi sagt hafa.

Ástæðan fyrir því, að ég kveð mér hljóðs, eru fréttir í dagblöðum undanfarna daga um yfirvofandi hækkun bensínverðs. Í því sambandi eru rifjaðar upp miklar umr. sem urðu á s. l. ári um nauðsyn þess að ríkið breytti reglum sínum um innheimtu tolla og skatta af bensíni. Þá voru gefnar yfirlýsingar um að núv. fyrirkomulagi mundi verða breytt um þau áramót sem liðin eru. Að vísu var þá við völd önnur ríkisstj., en engu að síður er mál þetta svo brýnt að mér finnst nauðsynlegt að það sé tekið til umr. nú á hv. Alþ. Ég óskaði eftir slíkum umr. í gær vegna þess að þá var verið að ræða þetta mál hjá stjórnvöldum, og það var gert í þeirri von að umr. hér gætu haft einhver áhrif á hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Síðan þá hafa ákvarðanir verið teknar í Verðlagsráði. Það samþykkti að hækka bensín úr 370 kr. á hvern lítra í 423 kr. það er 53 kr. hækkun eða um 14.3%. Af því eiga olíufélögin að fá í sinn hlut um 16 kr., en ríkið í formi skatta, aðallega vegagjalds, tolla og söluskatts, 37 kr. Þetta mál átti að ræða í hæstv. ríkisstj. í dag, en ég veit ekki um úrslit þess og vænti þess, að hæstv. fjmrh. upplýsi það á eftir.

Það er fróðlegt að huga aðeins að því hvernig bensínverð myndast. Stærstu liðirnir, útreiknaðir eftir hækkun sem varð 20. des, eru sem hér segir, samandregið: Cifverð vörunnar er 34.53%, opinber gjöld 55.58%, álagning og dreifingarkostnaður 5.74%, verðjöfnunargjald 0.96% og sölulaun 3.19%. Álagning er magnálagning, þ. e. föst krónutala á lítra, en má þó fylgja vísitölu rekstrarkostnaðar olíufélaganna eftir ákvörðun Verðlagsráðs hverju sinni. Sölulaun eru einnig föst krónutala. Sama segir um veggjald. Heimilt er þó að hækka þann þátt verðs í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, en það hefur ekki verið gert frá því í júlí s. l. Aðrir stærstu tekjuliðir ríkisins, þ. e. söluskattur og tollur, eru í meginatriðum prósentuálagning sem leggst ofan á verðið. Tekjur ríkissjóðs af þeim hækkunum, sem orðið hafa erlendis á bensíni undanfarin ár, hafa því vaxið geysilega mikið.

Í ársbyrjun 1979 var bensínverðið 181 kr. á lítra, en eftir hækkun 20. des. s. l. 370 kr. á lítra, en hækkun á árinu hefur orðið 104.4%. Eins og ég gat um áðan er stór hluti hækkunarinnar auknar tekjur ríkissjóðs.

Ég vil láta þá skoðun mína í ljós, að það er óeðlilegt að ríkissjóður auki tejur sínar á þennan hátt og stórauki þannig álögur á almenning, en bensínverð er stór hluti af útgjöldum alls almennings í landinu. Ef sú hækkun, sem nú er talað um, nær fram að ganga hefur bensínverð hækkað um 133% frá upphafi árs 1979, en í janúar 1979 voru af 181 kr. gjaldinu 106.52 kr. opinber gjöld, en ef verðið fer nú í 423 kr. eru 232.65 kr. opinber gjöld. Hér er um geysimikla hækkun að ræða á hinum opinberu gjöldum á hvern lítra sem renna í ríkissjóð.

Mér reiknast til, og hef þar fyrir mér upplýsingar fróðra manna, að tekjuauki ríkissjóðs af þeirri hækkun, sem stendur fyrir dyrum á þessu ári, muni verða 3.5 milljarðar kr. Er þá reiknað með að 120 þús. lítrar seljist á árinu, en þar af 95 þús. lítrar það sem eftir er, en tekjuauki ríkisins af þessari hækkun, sem stafar af hækkunum erlendis, verði 3.5 milljarðar. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvort ríkisstj. hyggist varðandi þá hækkun, sem er talað um, beita óbreyttum reglum varðandi álagningu tolla og söluskatts, og jafnframt, ef svo er, hvort ríkið hyggist breyta álagningarreglunum í náinni framtíð, vegna þess að það er orðinn fastur liður að bensínverð hækkar á nokkurra mánaða fresti. Ég vil enn fremur óska eftir að hæstv. fjmrh. upplýsi hvernig veggjaldið verði hækkað nú, hvort á það leggist full byggingarvísitala frá því að það var síðast hækkað.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna fsp. hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar er rétt að byrja á því að rifja upp að bensíngjald er 70.93 kr. Þetta gjald, sem lagt er á hvern bensínlítra, er heimilt að hækka í samræmi við hækkun byggingarvísitölunnar. Bensíngjaldið, sem innheimt er, þ. e. 70.93, miðast við byggingarvísitöluna 309 stig. Gildandi byggingarvísitala er hins vegar allmiklu hærri eða 398 stig. Hún hefur gilt frá áramótum, en bensínhækkun samt sem áður ekki átt sér stað þótt full heimild væri til þess. Þessi byggingarvísitala gildir til 31. mars n. k., en þá tekur gildi ný hækkun byggingarvísitölu, eins og tilkynnt hefur verið nýlega. Samkv. þessu er hækkun í samræmi við byggingarvísitölu 20.43 kr. eða úr 70.93 kr. í kr. 91.36. Þetta er sú hækkun sem hefði getað orðið strax um seinustu áramót, en hefur beðið þess, að bensín hækkaði af öðrum ástæðum, og tekur nú gildi um leið og breyting verður á bensínverði. Ef hins vegar hefði verið beðið í nokkra daga enn hefði þessi hækkun getað verið talsvert miklu hærri, því að eins og ég sagði tekur ný byggingarvísitala gildi um næstu mánaðamót.

Á fundi Verðlagsráðs, sem haldinn var í gær, 24. mars, var samþykkt með 6:3 atkv. að heimila olíufélögunum að hækka bensín úr 370 kr. lítrann í 423 kr. Er þetta rökstutt með erlendum hækkunum, hækkunum á magnálagningu og hækkunum á bensíngjaldi sem ég nú var að gera grein fyrir. Ríkisstj. tók samþykkt Verðlagsráðs til umræðu á fundi sínum í morgun, því að eins og kunnugt er gildir sú regla að sé niðurstaða Verðlagsráðs ekki einróma gengur málið til ríkisstj. Ríkisstj. hefur málið því til meðferðar, en frestaði ákvörðun á fundi sínum í morgun. Málið verður hins vegar tekið fyrir á næsta fundi sem verður á fimmtudaginn.

Ég held að það sé sannarlega alltaf tilefni til að ræða það og rökræða, hve miklar tekjur ríkissjóður eigi að hafa af innflutningi eldsneytis. Hins vegar hefur mér fundist að menn hefðu um þessar mundir öllu meiri áhyggjur af því, að við afgreiðslu fjárlaga væru tekjur ríkisins miðað við útgjöld ófullnægjandi og menn óttuðust meira að rekstrarhalli gæti orðið hjá ríkissjóði á þessu ári, sem nú er að líða, frekar en útlit væri fyrir að ríkissjóður væri eitthvað sérstaklega aflögufær um þessar mundir. Ég sé satt að segja ekki að það sé neitt nýtt tilefni til umr. um þetta mál nú, og þess vegna á ég bágt með að skilja af hverju þetta mál kemur til umr. utan dagskrár. Þetta væri svo sem alveg hægt að ræða með venjulegum hætti þegar svarað væri fsp. á formlegan hátt.

Það hefur ekkert nýtt gerst umfram það sem áður var vitað. Bensínverð verður núna ákveðið með nákvæmlega sama hætti og verið hefur á undanförnum árum og bensíngjald verður ákveðið eins og lög standa til. Hitt er rétt, að það er útbreidd skoðun að æskilegt væri að Vegagerð ríkisins hlyti stærri hlut en nú er af þeim tekjum sem koma frá umferðinni. Af heildarútgjöldum og heildartekjum Vegagerðar ríkisins eru tæpir $^2/_3$ til komnir með mörkuðum tekjustofnum, en rúmlega $^1/_3$ er fenginn með framlögum eða lánum sem ríkissjóður greiðir og

ganga til Vegagerðar ríkisins. Satt best að segja er enginn eðlismunur á fjárveitingum til Vegagerðar ríkisins, hvort sem þær fjárveitingar flokkast undir markaða tekjustofna, framlög eða lán. Í öllum tilvikum er það ríkissjóður sem er milliliðurinn fær inn tekjurnar af mörkuðum tekjustofnum og skilar þeim Vegagerðinni ellegar greiðir framlög, ef um það er að ræða, beint til Vegagerðarinnar. En hin beinu framlög hefa farið ört minnkandi á undanförnum árum og voru ekki ákveðin sérstaklega í seinustu vegáætlun, ellegar ef haft er það úrræði að ríkið taki lán og leggi Vegagerðinni það til er það í raun og veru framlagsígildi vegna þess að Vegagerðinni er ekki ætlað að endurgreiða slíkt lán og ekki heldur ætlað að greiða af því vexti. Fyrir vegagerðina í landinu er því lán af þessu tagi í reynd beint framlag úr ríkissjóði. Því er í raun og veru enginn eðlismunur á því, hvort um er að ræða tekjur Vegagerðar af mörkuðum tekjustofnum, af beinum framlögum eða lánum. Slíkt kemur allt í einn stað niður, bæði hjá Vegagerðinni og hjá ríkissjóði.

Hins vegar er það auðvitað heildarupphæðin, sem gildir, það er heildarupphæðin sem einhverju máli skiptir, það er afgerandi hvort hún er stór eða lítil. Og sem betur fer höfum við nú getað gert okkur vonir um að heildarupphæðin, sem gengur til vegagerðarinnar, færi verulega vaxandi á því ári, sem nú er að líða, umfram það sem áður hefur verið og þá sérstaklega á tveimur seinustu árum. (**Gripið fram í:** Hvað er gjaldið núna?) Veggjaldið? (**Gripið fram í:** Já.). Veggjaldið er, eins og ég upplýsti áðan, 91.36 kr. En það var ekki veggjaldið sem ég átti við, heldur átti ég einfaldlega við að miðað við seinustu vegáætlun höfum við getað gert okkur vonir um að heildarframlagið, hvort heldur er af mörkuðum tekjustofnum, framlögum eða lánum, yrði hærra á þessu ári en verið hefur um skeið.

Það er hins vegar ætlun okkar, miðað við þá verðþróun sem orðið hefur á seinustu tveimur árum og er nokkuð önnur en gert var ráð fyrir í gildandi vegáætlun, að taka tölur vegáætlunar til nýrrar athugunar í tengslum við afgreiðslu lánsfjáráætlunar. Ég held að þó að ég hafi sagt hér að það komi nokkuð í einn stað niður hvort Vegagerðin fær framlag formlega af tekjum sem flokkast undir markaða tekjustofna eða hvort hún fær það sem lán, sem hún þarf síðan ekkert að hugsa um, heldur kemur í hlut ríkisins að greiða það lán, megi hins vegar vel vera að eðlilegt sé og rétt að endurskoða tekjustofna til vegagerðarinnar og láta gjöld af umferð tengjast vegagerðinni með augljósari hætti en nú er. Það er a. m. k. rétt að velta því fyrir sér og athuga það, gera sérstaka úttekt á því, þótt hitt sé nokkuð umdeilt, eins og við vitum, hvort bæta eigi við mörkuðum tekjustofnum umfram það sem nú er. Það voru uppi áform einmitt um þetta í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson vék að, og þessi áform voru staðfest í grg. þess fjárlagafrv. sem Tómas Árnason lagði hér fram, hæstv. fyrrv. fjmrh., en eins og öllum er kunnugt entist þeirri stjórn ekki líf til að koma þeim áformum í framkvæmd.

Ég vil bæta því við að lokum, að út af fyrir sig er það ekkert nýtt að þegar verðlag hækkar hækki óbeinir skattar í ríkissjóð. Þannig gengur þetta hvort sem varan, sem um er að ræða, heitir bensín eða eitthvað allt annað. Þegar vörurnar hækka aukast óbeinir skattar í ríkissjóð. En auðvitað verðum við að hafa í huga að útgjöld ríkissjóðs hækka líka. Því miður er það staðreynd, að þegar verðbólguþróunin er í gangi hækka tekjurnar hægar en útgjöldin þannig að ríkissjóður lendir, ef eitthvað er, frekar í vandræðum en hann eigi mikið umfram.

En þetta er sem sagt flókið mál, sem er út af fyrir sig ágætt að ræða nánar við betra tækifæri. En mér sýnist ekki að það séu neinar líkur á að það verði tekið til sérstakrar skoðunar að þessu sinni. Ákvörðun um bensíngjald og bensínverð mun vafalaust eiga sér stað nú með venjulegum hætti.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir að vekja máls á þessum atriðum um bensínverð sem um þessar mundir er að hækka.

Það er athyglisvert að fá fram sjónarmið og svör þeirra manna sem á sínum tíma létu í veðri vaka að þeir mundu ekki nýta sér hækkun á bensínverði til að fá auknar tekjur í ríkissjóð, en það kom fram hjá hæstv. fjmrh. að óbreyttri stefnu á að fylgja í þessum málum. Þess er að geta, að í því fjárlagafrv., sem verður rætt við 2. umr. í Sþ. á morgun, er gert ráð fyrir að tekjur ríkisins af bensínsölu verði 29 milljarðar. Þetta er samkv. upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun. Það þýðir þreföldun í krónutölu frá 1978 og þýðir í raun að á sama verðlagi hefur ríkissjóður 10 milljörðum kr. meiri tekjur af bensínsölu árið 1980 en 1978. Þetta hlýtur að vekja menn til umhugsunar um hvort þessi stefna sé rétt.

Við höfum rætt það á Alþ. að undanförnu að eitthvað þurfi að gera til að koma til móts við það fólk sem hefur orðið fyrir þeim búsifjum að olía til húshitunar hefur margfaldast í verði. En við þurfum jafnframt að hafa það hugfast, að jafnvel innan borgarmarkanna í Reykjavík þarf fólk að ferðast með bílum um óravegu. Það fólk þarf auðvitað að greiða bensínskatta í ríkissjóð. Þetta er enn eitt dæmið um að ríkissjóður nýtir sér bágindi fólks til að heimta meiri skatta.

Annað dæmi um þetta er nýlegt. Það er dæmið um að teknir eru út úr fjárlagafrv. 2.3 milljarðar. Það er búið að tala svo oft um þá úr þessum ræðustól að það er kannske að fylla mælinn. En ég held að því verði að koma vel til skila til fólks, að teknir eru 2.3 milljarðar, sem áttu að fara til jöfnunar á húshitunarkostnaði, og þeir peningar notaðir til allt annars. Síðan á að leggja skatta á almenning til að sjá fyrir þessum sérstöku þörfum. Þannig kemur stefna hæstv. ríkisstj. fram á öllum sviðum.

Ég taldi rétt að upplýsa þetta hérna því að um er að ræða aukna skattheimtu ofan á allt annað um 10 milljarða kr. — ofan á það þegar hæstv. ríkisstj. ýtir vanda sveitarfélaganna yfir á almenning, sem gerðist með afgreiðslu úr Nd. fyrir fáeinum dögum. Þá ýtti stjórnarliðarnir þeim vanda, sem ríkið sjálft hefur m. a. bakað sveitarfélögunum, yfir á almenning.

Ég ætla ekki að ræða um vegáætlun. Ég sá að hv. þm. Sverrir Hermannsson bað um orðið. Ég býst við að hann minnist þá á skoðanir Ragnars Arnalds, hæstv. fyrrv. samgrh., sem nú er orðinn hæstv. fjmrh., og beri kannske saman hvernig þessir tveir ágætu menn hafa staðið sig hvor á sínum stað.

En það er eitt athyglisvert sem kom fram hjá hæstv. ráðh. Hann segir við okkur: Ég veit ekki betur en tekjur ríkisins séu of litlar. Alla vega er það svo, að þær hverfa allar í gjöld og það er nánast um greiðsluhalla að ræða hjá ríkissjóði. — Þetta er dæmalaust að heyra. Ég hefði frekar kosið að heyra af vörum hæstv. ráðh. að hann spyrði sig: Getur ekki verið að gjöldin séu of há? Eða

hugsar hæstv. ráðh. eingöngu um ríkiskassann? Hugsar hann ekkert um þá sem þurfa að greiða skattana? (**Gripið fram í:** Það er nú augljóst.) Ja, það er augljóst fyrir suma, en ég er að spyrja hæstv. ráðh. að þessu því að það virðist ekki vera augljóst fyrir honum — a. m. k. var það ekki ljóst af því sem hann sagði í ræðustól áðan. Ég held nefnilega að menn eigi að venja sig á það, og við ættum að gera meira að því á hinu háa Alþingi, að spyrja hvort ekki sé hægt að draga úr útgjöldum þegar þarf að spara og koma til móts við erfiðleika fólks á olíuhúshitunarsvæðunum og þess fólks sem áfram verður að aka bifreiðum til og frá vinnu innan stórra borgarmarka, t. d. í Reykjavík, og greiðir sífellt hærri skatta í ríkissjóð vegna þessara búsifja sem það verður fyrir. (**Fjmrh.:** Þú ert að leggja til að skera niður vegáætlun.) Ég hef ekki lagt eitt eða annað til, en hins vegar hef ég séð fjárlagafrv. hæstv. ráðh. og ég spyr: Hver sker niður vegáætlun? Ég spyr: Er það ég eða hann sem er fjmrh. hér?

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En það er athyglisvert að hluta á sjónarmið þeirrar hæstv. ríkisstj., sem hér hefur tekið sér bólfestu um skeið, og ég vil eindregið hvetja til þess, að hv. þm. komi í ræðustól og geri grein fyrir skoðunum sínum í þessu máli. Ég veit að þrátt fyrir allt tekur hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds áreiðanlega sönsum í þessu máli og vill gera það besta úr því þegar honum hefur verið leitt fyrir sjónir hvað það þýðir sem hann nú aðhefst.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. áleit í orðum sínum að það væri næsta óþarft að ræða þetta mikilsverða mál hér og þær reglur sem um það hafa gilt eða eftir hefur verið farið á umliðnum árum, þetta mætti allt eins gera með venjulegum hætti og hefðbundnum á hinu háa Alþingi, enda þótt utandagskrárumr. séu vissulega fullkomlega hefðbundnar. En það ber í vaxandi mæli á því á þeim stutta tíma sem hæstv. ríkisstj. hefur hirst við völd, að hæstv. ráðh. eru mjög typpilsinna og telja næsta óþarft að ræða mál sem þeim þá og þá kemur kannske ekki nægilega vel. Við urðum vör við það í dag þegar var til umr. klúðursmál hæstv. ríkisstj. varðandi flutning stefnuræðu hæstv. forsrh. sem hann af einhverjum ástæðum hefur hliðrað sér hjá. Ætla ég þó ekki að fara fleiri orðum um það, en skil að mínu leyti afstöðu hæstv. forseta Sþ. — En hér ber mjög á þessu, að þeir örfáu hæstv. ráðh., sem hægt er með hörðu að halda hér inni til að ræða við þá um hagsmunamál þjóðarinnar, víkjast mjög undan því að mál séu rædd, ég tala nú ekki um brýn mál eins og þetta, sem hér ber á góma nú, vegna þess að þetta á sér auðvitað langa sögu.

Þegar þetta mál var til umr. í fyrra upplýsti og lýsti þáv. fjmrh. yfir því, sem var gírugur mjög fyrir hönd ríkissjóðsins, að hann teldi ekki eðlilegt að ríkissjóður fleytti mjög rjómann ofan af vegna hinna gífurlegu eldsneytishækkana sem orðið hafa. Hann sjálfur stóð ekki við þetta, en ég minnist þess, að í umr. um álagningarliði og kostnaðarliði eldsneytis, sem fram fóru í fyrra og hæstv. þáv. viðskrh. var til andsvara í, var lýst yfir að væru til yfir 20 álagningarliðir, allt frá því að eldsneyti væri keypt og þar til það kemur til neytandans. Þá var talið eðlilegt að það yrði vandlega endurskoðað, en ekkert af því hefur átt sér stað né heldur hefur verið látið af því að notfæra sér þessa firnalegu uppsprengingu eldsneytisins til þess að draga sem mest fé af skattborgurunum í ríkissjóðshítina.

Hæstv. fjmrh. taldi að allt kæmi í einn stað niður, þetta væri einn sjóður hvort eð væru, þannig að út af fyrir sig skipti ekki máli þótt ekki væru af bensíngjaldi t. a. m. markaðir tekjustofnar til handa varanlegri vegagerð. En ég vil aðeins láta þá skoðun í ljós, að þessu er alls ekki þann veg farið að minni hyggju. Þá má sýna fram á að lagning varanlegra vega er einhver arðbærasta framkvæmd sem við getum ráðist í og sparar bifreiðaeigendum stórfé. Og það er trúa mín, að ef bifreiðaeigendur sæju að verulega stórt væri lagt undir í þeim efnum mundu þeir telja miklu líðanlegra að greiða hátt verð fyrir þá nauðsynjavöru sem eldsneyti er orðið.

Ég vil vísa til þess, sem ég sagði áðan um þær umr. og upplýsingar sem hæstv. fyrrv. og reyndar núv. viðskrh. gaf um samsetningu á verðmyndun á olíu og bensíni, og vil nú beina því til hæstv. ríkisstj. að við yfirlýsingarnar um endurskoðun á því fyrirkomulagi verði staðið, með sérstöku tilliti til þess, að hér á í hlut sami hæstv. ráðh. Það vill nefnilega þannig til, að á þennan stofn, ofan á innkaupsverð olíunnar, leggjast rúmlega 20 liðir og flestir hlutfallslega, þannig að þeir, sem í hlut eiga, hafa stórkostlegan ábata af þeirri stórhækkun á innkaupsverðinu sem hefur orðið á bensíni og olíu. Þetta á við um skipafélög, þetta á við um olíufélögin alveg sér í lagi og svo notfærir sér hið opinbera þetta í fyllsta máta. Það er leki í hafi, leki í landi, það er álagning hér og álagning þar, prósentvís, og með ólíkindum hvernig þetta fyrirkomulag er, sem hér var upplýst, og var raunar ekki þrautalaust að fá um það nákvæmar upplýsingar þótt mönnum hafi lengi boðið í grun að hér væri um sérkennilegt fyrirkomulag að tefla. En nú hefur verið upplýst, að það hefur ekki verið hrakið með neinum rökum, í fjárlagaumr. sjálfri að nú ætti að beita þeirri innheimtuaðferð fyrir ríkissjóðshítina að ná inn, á sömu verðlagsforsendum, 10 milljörðum umfram það sem bensínverð gaf af sér í ríkissjóð árið 1978.

Það er auðvitað illt við mikla skattaáþján að búa. En sú aðferð að notfæra sér þá ógnarlegu uppsprengingu á slíkum lífsgæðum eins og bensín og olía eru með þessum hætti af hálfu ríkisvaldsins er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Þess vegna er það, að þegar umtal er um að hækka bensínlítrann úr 370 kr. í 423 kr., eða hvað það er, er ekki óeðlilegt að menn vilji verja tíma hins háa Alþingis til að ræða það alveg sérstaklega.

Ég vil rifja það upp, að í upphafi Framsóknaráratugsins minnist ég þess — (**Gripið fram í:** Framsóknaráratugsins?) Framsóknaráratugsins, já, hann hefur verið nefndur það, og enn stendur það nafn með rentu, þar sem upplýst er að þá hafi verðlag hækkað um 1400%, meðan á viðreisnaráratugnum þar á undan hækkaði það um 200, svo að þetta passar. — Ég minnist þess, að bensínlítrinn var árið 1971 16 kr. og þá runnu í Vegasjóð 8.87 kr. eða rúmlega 50%. Nú skildist mér að veggjaldið, sem rennur í Vegasjóð, muni hækka í rétt rúmar 90 kr. Þá er auðsætt mál að við erum komin ofan undir 20% eða rétt rúmlega það sem rennur til Vegasjóðs af bensínverðinu, útsöluverði hvers bensínlítra. Þannig hefur á þessum áratug stöðugt farið rýrnandi sá hlutur sem til varanlegrar vegagerðar skal verja, enda þótt, eins og ég segi, sýna megi og rannsóknir sanni að þetta eru einhverjar arðbærustu framkvæmdir sem hægt er að taka sér fyrir hendur.

Ég þarf ekki að fara miklu fleiri orðum um þetta né heldur ætla ég nú að fara að ræða um væntanlega veg-

áætlun. En erindi á við hæstv. núv. fjmrh. vegáætlun hans, sem sett var saman á fyrra þingi undir hans stjórn sem samgrh. Þar minnist ég þess, að milli 7 og 8 milljörðum var áformað að verja til vegagerðar, án þess þó að það væri ákveðið í þeirri afgreiðslu með hvaða hætti fjár skyldi aflað, og talið, eins og ég man áreiðanlega rétt, í vegáætluninni að eðlilegt væri að um það yrði tekin ákvörðun síðar.

Sem ég segi er ekki staður eða stund til að ræða vegáætlun sérstaklega. En því hefur verið haldið fram og það stendur óhrakið enn, að miðað við þau áform, sem uppi eru, og miðað við það, sem lesa megi í fjárlagafrv., muni verulega draga úr vegagerð á árinu 1980, í stað þess að þurft hefði, ef vel hefði átt að verki að standa, að stórauka hana og þá alveg sérstaklega varanlega vegagerð. Þetta á erindi í umr. vegna þess, hve mjög hefur hallað á Vegasjóðinn í öflun tekna til hans með gjaldi af bensínverði. *Allt þetta þarf að taka til glöggrar endurskoðunar,* og þessi aðferð við innheimtu eyðslufjár í ríkissjóð á hinar uppsprengdu olíuvörur er að mínum dómi með öllu ólíðandi. Eins legg ég höfuðáherslu á að við þær yfirlýsingar verði staðið, sem hér voru hafðar í frammi í fyrra, að endurskoðað verði rækilega það fyrirkomulag sem er á verðmyndun á bensíni og olíu.

Fleira var það ekki í þessu sambandi sérstaklega. En ég hvet enn hæstv. ráðh. bæði til þess að sjá af tíma sínum til að eiga oraðstað við okkur hér og eins að vera ekki svona typpilsinna þótt menn vilji kveðja sér hljóðs utan dagskrár um brýnustu dægurmál, eins og þetta mál hlýtur að teljast.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það, sem gaf mér tilefni til að kveðja mér hljóðs, var það undarlega framíkall hæstv. ráðh., að ef Alþingi féllist ekki á svo og svo óhóflega skattlagningu af bensíni, þá þýddi það sjálfkrafa að drægi úr fjárveitingu til vegáætlunar. Ég get alls ekki séð að þarna sé neitt beint samband á milli. Ég fæ ekki annað séð en hann hafi, eftir að hann gerðist fjmrh., sýnt afskaplega mikinn dugnað og ég vil segja hugkvæmni á því að þyngja álögur á þjóðina. Það líður naumast sá dagur, að ekki sé lagt fram nýtt plagg um enn frekari álögur af því tagi. Hér í dag er ég með fyrir framan mig frv. til l. um flugvallagjald. Í því er talað um að nauðsynlegt sé að gjaldið hækki um nærfellt 60% til samræmis við almenna verðlagsþróun frá 1. jan. 1979 o. s. frv. Ég sé því ekki betur en hann — með þessu frv. og ýmsum öðrum — passi alldyggilega upp á það, að ríkissjóður haldi tekjum sínum í samræmi við verðlagsþróunina. Og ég vil einnig minna á það, að tekjuskattsfrv. hans og eignarskattsfrv. felur í sér mjög verulegar skattahækkanir, ekki síst í sambandi við eignarskattinn. Ég held því að ef hæstv. ráðh. vildi sýna fyllstu sanngirni, þá hlyti hann að fallast á það, að ef við því má búast, að ríkisvaldið haldi eyðslu sinni niðri til samræmis við það sem ríkisstj. ætlast til af heimilunum í landinu, þá mundi verða meira til skipta eftir en áður til verklegra framkvæmda en nú er áformað. Þess vegna held ég að það sé alveg óhætt að minnka pínulítið skattlagninguna í landinu án þess að ganga enn frekar á verklegar framkvæmdir en fyrirhugað er. Ég held að það dyljist engum manni.

En hæstv. ráðh. ýjaði einnig í annað hér, sem mér finnst mjög nauðsynlegt að fram komi. Hann ýjaði í að framkvæmdamáttur vegáætlunar mundi aukast, ríkisstj. stefndi að því að framkvæmdamáttur vegáætlunar mundi aukast. Þegar þessi ummæli hans hér áðan eru skoðuð í samhengi við yfirlýsingar hans í sjónvarpsþætti í síðustu viku, þá geta þau ekki þýtt annað. En ég er ekki alveg ánægður samt. Ég vil fá þetta pínulítið skýrar. Er þetta ekki rétt skilið hjá mér? (**Fjmrh.:** Ekki alveg.) Ekki það, nei, það er ekki rétt skilið, að framkvæmdamáttur vegáætlunar eigi að aukast. En þannig svaraði hæstv. ráðh. Ellert Schram samt í Ríkisútvarpinu þegar hann spurði hæstv. ráðh. beint að því í sjónvarpsþætti, hvort taka ætti vegáætlunina til endurskoðunar til hækkunar eða lækkunar. Þá svaraði ráðh. því svo, að það ætti að taka hana til endurskoðunar til hækkunar, og það skildi allur landslýður á einn veg, að með því væri ráðh. að gefa fyrirheit um að vegaframkvæmdir mundu aukast. (**Fjmrh.:** Hækkunar í krónutölu.) Hækkunar í krónutölu, ekki sagði ráðh. það í þessum sjónvarpsþætti. Allir vissu að krónan hefur minnkað. Það er engin yfirlýsing *sem máli skiptir að krónutalan breytist frá einu ári til* annars þegar verðbólgan er yfir 60%. En hitt kemur mér afskaplega á óvart, að hæstv. ráðh. skyldi með þessum hætti misbjóða sjónvarpshlustendum með því að gefa annað í skyn með ónákvæmu svari heldur en efni stóðu til. Og það er náttúrlega ekki við því að búast, að sjónvarpsþættir með stjórnmálamönnum þyki annað en lélegt skemmtiefni, þegar ráðherrar haga sér með þessum hætti, nota yfirburðaaðstöðu sína gagnvart spyrjendum með því að láta móðan mása, og þegar þeir eru beint spurðir annaðhvort snúa því þá upp í málæði eða gefa vísvitandi villandi svar, eins og var í þessu tilfelli. Ég vil nota þetta sérstaka tækifæri til þess að víta þessi svör hæstv. ráðh. sérstaklega. (Gripið fram í.) — Ég heyrði að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var að gjamma fram í. Ég var nú satt að segja farinn að sakna hans. Það er nú svo, þó að hann eigi að heita í Ed., þessi hv. þm., að hann var alltaf eitthvað að stjákla hér í kringum forseta Nd. í gær, eins og hann væri að reyna að stjórna fundinum. En hann rak sig fljótt á það, að sá sem þar sat í forsetastól var annar en í síðustu viku. Alexander Stefánsson var sem sé farinn og Sverrir Hermannsson kominn í staðinn. Og hið sama sýndist mér að væri upp á teningnum í morgun, þegar við vorum að reyna að halda fund í samvinnunefnd samgöngumála. Þá var þessi maður alltaf eitthvað að stjákla þarna í kring, gekk að einstöku mönnum og hvíslaði einhverju að þeim, svo að ég var satt að segja farinn að sakna hans. Hvað ætlar þú að segja, Ólafur minn? (**ÓRG:** Þú mátt nú þakka fyrir að þessu er ekki sjónvarpað héðan.) Ja, ég veit það ekki, ég er nátturlega ekki eins vel greiddur og hv. þm.

En það var nú þetta, sem ég ætlaði að skjóta að, og skal svo ekki hafa þessi ummæli fleiri. Það er þetta tvennt. Ég er alls ekki samþykkur þeim skilningi hæstv. samgrh., að ríkisstj. geti markað skattana þannig að Alþ. hafi ekki *fullt vald á því, hvernig skipt er þeim* tekjum sem aflað er, og þess vegna mundu minni álögur að þessu leyti alls ekki þurfa að þýða minni vegaframkvæmdir. Og um leið vil ég svo harma hitt, að hæstv. ráðh. skyldi með þessum hætti vera með villandi ummæli í sjónvarpsþætti, þegar hann var spurður beint, og nota þá aðstöðu, sem hann var í, til þess að villa svo um fyrir fólki, að í staðinn fyrir það, að hann stefnir að því að draga úr vegaframkvæmdum miðað við það sem stefnt var að á s. l. ári, gaf hann í skyn að hann vildi auka þær.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Sverri Hermannssyni, að mér þykir það leitt ef ráðh. ætla að leggja það í vana sinn að verða svo typpilsinna við spurningum alþm. um hin þýðingarmestu mál, og hefði nú gjarnan viljað að hv. þm. Sverrir Hermannsson hefði eigi verið svo brandskuða að skunda úr salnum áður en þessum umr. lýkur, sem voru vissulega þess virði að hann tæki þátt í þeim. Einkanlega hefði ég viljað fá hann til þess að taka þátt í hugleiðingum um möguleika á því að taka verðmyndun á bensíni og brennsluolíum til mjög nákvæmrar athugunar frá grunni, og þá fyrst og fremst að hugleiða þann möguleika að ríkið taki nú innflutning á brennsluolíum, þ. á m. bensíni, í sínar hendur, svo að við getum fengið nokkurt tak á því þegar í upphafi við hvaða verði þessi vara er seld hér innanlands. Ég geri ráð fyrir að hv. stjórnarandstæðingar sumir hverjir — a. m. k. þeir sem hér vöktu máls varðandi útsöluverð á bensíni — kynnu að minnast á frjálsa samkeppni í þessu sambandi og greina okkur frá því, með hvaða hætti íslensku olíufélögin, sem annast innflutning á olíunni að mestu leyti frá einum og sama stað og dreifingu á henni, keppa nú innbyrðis um verð og þjónustu við viðskiptavinina og með hvaða hætti þessi sömu fyrirtæki verja óhemjugróða sínum af olíuinnflutningnum hingað til landsins. Umræður um það mál munu kannske, vegna fjarveru ræðumanna, bíða betri tíma. En sjálfur er ég alveg viss um að það er á næsta leiti að við hljótum að taka olíuinnflutningsmálin og olíudreifingarmálin til endurskoðunar. Það er orðið tímabært.

Ég er ekki jafnviss um það og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og hv. þm. Sverrir Hermannson, að við gerum okkar fólki mikinn greiða með því, þegar til lengri tíma er litið, að koma í veg fyrir að hækkun á bensíni til notkunar á einkabíla komi fyllilega fram í verðlagi. Við sjáum fram á það, að þar er ekki um hrakspá að ræða. Við sjáum fram á það, að á næstu misserum, eins og hv. þm. Birgir Ísleifur Gunnarsson drap á, munu þessar verðhækkanir halda áfram og hröðunin á verðhækkun á olíuvörum mun einnig halda áfram. Ástæðan er beinlínis sú, að það er ekki séra Khomeini að kenna hvernig verð hefur þotið upp á olíuvörum frá Austurlöndum fjær og frá botni Miðjarðarhafs á síðustu árum, ekki Arabunum yfirleitt. Ástæðan er allt önnur. Olía er að þrjóta. Það skortir nú þegar allmikið á að eftirspurn sé fullnægt. Og má þá minna hina frómu gagnrýnendur á verðmyndun á bensíni á Íslandi á þessa undarlegu staðreynd, að eftirspurn virðist fela í sér nokkuð örugglega hvatningu til verðhækkunar, og skortur — það ættu þeir einkaframtaksmenn að játa fúslega — hefur jafnvel í sumum tilfellum orkað allmjög hvetjandi á álagningarprósentuna.

Ég tel að það sé mjög svo tímabært að ræða einmitt þetta mál, er varðar verðmyndun á innfluttu eldsneyti á landi hér, og með hvaða hætti við getum haft hemil á verðlaginu og stuðlað að sparnaði í olíu og bensínnotkun, og frummælandi hér utan dagsrár eigi þar af leiðandi fremur þakkir skilið heldur en snuprur fyrir að hafa vakið þetta mál, jafnframt því sem maður óskar þess kannske að hann og félagar hans ræði það af dálítið dýpri íhygli og meiri viðleitni til þess að ná utan um málið í heild heldur en mér fannst koma þarna fram. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að við þurfum að óttast það sérstaklega þótt verð hækki eðlilega á bensíni til notkunar á einkabílum innan Reykjavíkursvæðisins, og vil ekki ræða þá verðhækkun í sömu andránni og þann stóra vanda sem nú er á höndum fólksins úti á landi, sem þarf að eyða ríflega helmingnum af venjulegum verkamannatekjum til þess að hita upp híbýli sín, þannig að í þeim sé vært. Þar er um að ræða allt annars konar vandamál af völdum olíuverðshækkunar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að víkja hér að nokkurm atriðum sem fram hafa komið í umr.

Það eru fyrst örfá orð um þá typpilsinnuðu ráðherra sem hér eru gerðir að umræðuefni. Ég held að menn verði að taka því eins og það er sagt, en umr. hér á Alþ. eru sannarlega misjafnlega brýnar og misjafnlega merkilegar. Þeir, sem finnst t. d. að umr. um stefnuræðu forsrh. hafi verið merkilegar eða brýnar, þessar umr. sem fóru hér fram eftir að fundur hófst í dag, geta sannarlega kallað okkur hina typpilsinnaða, — okkur sem fannst þær nauðaómerkilegar og algerlega óþarfar. En það er bara okkar hjartans sannfæring að svo sé. Dálítið svipuðu máli gegnir um utandagskrárumræður eins og þær sem hér fara fram. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar, hvort sem ég á sæti í ríkisstj. eða ekki að utandagskrárumræður eigi þá helst rétt á sér að eitthvað óvenjulegt sé á seyði, eitthvað sem ekki þoli bið að ræða, eitthvað sem sé brýnt að fá skýr svör ríkisstj. við strax. Ég held að engum detti í hug að þannig standi á í því máli sem hér er verið að ræða.

Það hefur áreiðanlega engum dottið í hug að ákvörðun bensínverðs yrði nú í dag eða á morgun eða hinn daginn með eitthvað allt öðrum hætti en verið hefur á undanförnum misserum og árum. Menn vita að vísu að hugmyndir hafa verið uppi um að breyta þarna til, en ég held að öllum sé ljóst að breyting af því tagi þarfnast rækilegs undirbúnings, enda mundi hún hafa stórfelld áhrif á tekjuöflun ríkissjóðs og ekki vera gerð nema fyrst færu fram breytingar á einum eða fleiri lögum, þannig að hún gæti formsins vegna alls ekki átt sér stað á örfáum dögum, það er alveg útilokað. Þess vegna hefur engum dottið í hug að nein sérstök breyting yrði á þessu núna þessa dagana. Þess vegna segi ég það og sagði það áðan, að þessi utandagskrárumræða nú flokkast ekki undir neitt af þeim brýnu umræðuefnum sem þola ekki bið og verður því að taka á undan öllum öðrum málum og ræða sér á parti. Þannig tel ég að utandagskrárumræðuefni þurfi að vera, til þess að hægt sé að réttlæta að þau séu tekin fram fyrir öll önnur mál. Þessa skoðun hef ég haft, hvort sem ég hef átt sæti í ríkisstj. eða ekki, það kemur því máli ekkert við.

Síðan voru það örfá orð til hv. þm. Halldórs Blöndals sem ekki hefur rænu á því að vera viðstaddur þegar honum er svarað, en hann er einstaklega laginn, eins og margir vita, að misskilja það sem sagt er.

Vegáætlun 1980 var þannig úr garði gerð fyrir einu ári, að horfur voru á því að veruleg aukning yrði í vegaframkvæmdum á þessu ári frá því sem var á árinu 1979. Það er hins vegar ljóst, að verðbólguþróunin hefur rýrt í stórum stíl þá aukningu sem vonir stóðu til að yrði. Þó stendur krónutalan áfram, sú sem ákveðin var í vegáætlun fyrir einu ári. Ekki hafa þó allir verið sammála um að láta krónutöluna standa, því að eins og menn vita lagði fyrrv. fjmrh., úr hópi Alþfl.-manna, til að framkvæmdatala vegáætlunar yrði skorin niður um 2.5 milljarða. En sem sagt, við höfum gengið út frá því í því fjárlagafrv.,

sem lagt hefur verið fram, að krónutalan stæði áfram. Síðan var ég spurður að því í sjónvarpsþætti nú nýverið, hvort þar yrði einhverju bætt við upp í þá verðrýrnun áætlunarinnar sem fyrir liggur. Ég svaraði þeirri spurningu játandi. Ég var einnig spurður að því, hvort ég ætti von á því, að vegaframkvæmdir mundu aukast frá því sem var á árinu 1979. Ég svaraði þeirri spurningu einnig játandi. Þetta er mergurinn málsins og ekkert annað.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég trúi því varla að hæstv. fjmrh. sé svo farið, að hann hafi ekki áhyggjur af því hvað er að gerast nú dagsdaglega hér á landi. Það líður vart sá dagur að ekki séu framkallaðar eða framkvæmdar hækkanir á svo til öllum sviðum þjónustu og vöruverðs í landinu. Annaðhvort er það gert í stjórnarráðinu eða það er gert af hæstv. ríkisstj. eða það er gert hér niðri á Alþ. af þeim stjórnarmeirihluta sem hér ræður nú ríkjum. Og það er furðulegt að heyra þá yfirlýsingu af vörum hæstv. fjmrh., sem er innan vébanda þess flokks sem telur sig þurfa eða eiga að gæta fyrst og fremst hagsmuna launafólks í landinu, að hann telur það sjálfsagt að hér séu dagsdaglega framkvæmdar hækkanir á svo til öllum sviðum, á sama tíma og hann hefur lýst því yfir, þessi sami hæstv. ráðh., að það verði engar grunnkaupshækkanir leyfðar í landinu á þessu ári. Hafi einhverjir vaðið í villu um það, að innan vébanda eða í forustusveit Alþb. væru þeir einstaklingar sem fyrst og fremst teldu sér skylt að gæta hagsmuna láglaunafólksins og þeirra sem verst eru settir, þá hafa menn þar farið villir vegar. Það á a. m. k. ekki við um hæstv. fjmrh. Og mér þykir það koma úr hörðustu átt, ef þessir fulltrúar — að eigin mati — öreiganna í landinu telja að það sé með ólíkindum, ef alþm. leyfa sér að vekja hér máls á t. d. því máli sem hér er verið að ræða nú.

Það var, ef ég man rétt, síðast í gær, sem stjórnarmeirihlutinn samþykkti hér að standa að hækkun sem nam á sjötta milljarð kr. í álögum á almenning í landinu í gegnum útsvar. Það var gert síðast í gær í hv. Nd. Og það er augljóst, hvað sem hæstv. fjmrh. segir eða hæstv. ráðherrar, að lánan í fjárlagafrv. fyrir árið 1980 liggur til stóraukinnar skattbyrði á almenning í landinu. Á sama tíma og allt þetta gerist lýsir hæstv. fjmrh. yfir að launafólk skuli ekki fá hækkun. Það virðist sem sagt vera stefna núv. hæstv. fjmrh. — og hæstv. ríkisstj. þá um leið — að allt annað en launin megi hækka og eigi að hækka, og það sé raunar hneyksli ef menn leyfi sér hér á hv. Alþ. að tala um að hinir og þessir liðir hækki svo og svo mikið. (**Fjmrh.:** Hver hefur kallað það hneyksli?) Hæstv. ráðh. sagði áðan að hann teldi gersamlega ástæðulaust að vera að vekja máls á því hér á Alþ., þó að nú ætti að bæta 53 kr. við bensínlítrann til hækkunar. Það er ástæðulaust að áliti hæstv. fjmrh. að vera að ræða um slíkt hér. Það er svo sjálfsagt mál, segir hann, að svona skuli þetta vera. Þetta eru hans eigin orð. Þetta er nauðaómerkilegt, sagði hann hér síðasta ár, nauðaómerkilegt að vera að ræða um þetta hér.

Það má segja um hæstv. fjmrh.: Öðruvísi mér áður brá. Ég minnist þess og það oftar en einu sinni, t. d. frá árunum 1974 — 1978 þegar núv. hæstv. fjmrh. var í stjórnarandstöðu, að hann hélt uppi linnulausri gagnrýni á þáv. fjmrh. og ríkisstj. fyrir það, hversu mikið ríkissjóður tæki í sína hít af umferðinni og skilaði sáralitlu til baka. Nú virðist annað viðhorf vera komið upp. Ég vil nú spyrja hæstv. fjmrh. og kannske raunar fleiri hæstv. ráðh. hér inni: Er þetta í samræmi við stjórnarsáttmálann? Eru ekki einhver ákvæði um það í stjórnarsáttmála, að verðhækkanir skuli ekki fara yfir tiltekin mörk? Halda menn að þau mörk haldi, ef svo heldur fram sem horfir í hækkunum á öllum sviðum, eða er það bara einn loforðalisti án þess að mark eigi á honum að taka?

Ég held að nauðsynlegt sé að vekja umr. af því tagi sem hér hefur verið gert, því að þetta er sannarlega ekki nauðaómerkilegt, hæstv. ráðh., sem hér er verið að ræða um. Það er vissulega nauðsynlegt að vekja umr. um slíkt sem þetta, því að það er þetta sem brennur fyrst og fremst á bökum almennings í landinu, þó að hæstv. ráðh. finni kannske minnst fyrir því af öllum. En hinn almenni skattþegn í landinu er ábyggilega búinn að fá nóg af því sem hér hefur verið að gerast á undanförnum dögum í sambandi við hækkanir á ótilteknum hlutum. Það er varla hægt að nefna þá þjónustu eða vöru sem hefur ekki tekið gífurlega miklum hækkunum eftir að loforð var gefið um að ekki skyldu fara yfir tiltekið mark hækkanir á hinum ýmsu sviðum. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh.: Er það enn staðfestur ásetningur hans að halda sér við fyrri yfirlýsingar um að þrátt fyrir allar þær hækkanir, sem hann beitir sér fyrir og stendur að á opinberri þjónustu og vöruverði, hverju tagi sem nefnist, — er það enn einlægur ásetningur hans — ég vona að hann kannist við þetta orðalag — einlægur ásetningur hans að standa við gefin fyrirheit um að grunnkaupshækkanir skuli ekki eiga sér stað í landinu á þessu ári, þrátt fyrir þá stefnu sem hann beitir sér fyrir í verðlagsmálunum? Það er full ástæða til þess að fá um það umr., ef ætlunin er að beita sér fyrir eða framkvæma hækkanir á öllum sviðum nema að því er varðar launafólk. Launin mega ekki hækka.

Og að síðustu: Það er rétt, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði áðan: margir hverjir hæstv. ráðh. eru typpilsinna þessa dagana, og það verður hver sem telur sig eiga að taka til sín.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör, sem hann gaf við þeim fsp. sem ég beindi til hans í upphafi míns máls, og reyndar þakka hæstv. forseta líka fyrir að hafa leyft að þetta mál væri tekið hér upp utan dagskrár. En vegna orða hæstv. fjmrh. áðan um hvenær ástæða væri til að taka mál upp utan dagskrár, þá vil ég með nokkrum orðum skýra ástæður fyrir því, að ég gerði það að þessu sinni. Það eru tvær meginástæður.

Fyrri ástæðan er sú, að einmitt þessa dagana er verið að ræða í ríkisstj. þetta mjög svo mikilvæga mál sem þýðir, eins og ég sagði í minni upphafsræðu, 3.5 milljarða í viðbótarskattlagningu á landsmenn í formi skatta á bensín vegna þessarar hækkunar sem nú verður. Mér finnst það vera svo mikið mál, að það sé veruleg ástæða til að ræða það hér á hv. Alþingi.

Hin meginástæðan fyrir því, að ég vildi ræða þetta utan dagskrár, er sú, að mér datt það vissulega í hug að umr. hér á hv. Alþ. einmitt nú þessa dagana, meðan þetta mál er til umr. í ríkisstj., kynnu að geta haft einhver áhrif á endanlega niðurstöðu ríkisstj. í þessu máli. Ég er nefnilega ekki sömu skoðunar og hæstv. fjmrh., að engum hafi dottið í hug að um breytingar gæti orðið að ræða að þessu sinni. Mér datt það vissulega í hug; og ég vonast vissulega til að svo geti orðið, vonast eftir því í lengstu lög. Mér datt það í hug vegna þess að á miðju síðasta ári urðu miklar umr. um það innan báv. hæstv. ríkisstj., að það

gengi ekki lengur að ríkið tæki aukna skatta til sín í þessu formi með því að leggja stöðugt sömu prósenttölu á erlendar verðhækkanir bensíns. Þá voru ræddar ákveðnar till. um það innan ríkisstj., að einkum væri um tvær leiðir að ræða í þessu efni: Í fyrsta lagi að láta fasta krónutölu gilda fyrir tolla, landsútsvar og söluskatt, en í öðru lagi að eyða hækkun með því að breyta tollgjöldum í fasta krónutölu, þannig að hækkun hluta opinberra gjalda kæmi ekki fram á útsöluverði.

Þetta mál var þá komið svo langt, að það leit út fyrir að samstaða mundi verða um það innan ríkisstj. að draga úr þessari skattheimtu. Það virtist stranda á páv. fjmrh. einum. En þá gáfu ráðherrar ríkisstj. — sem margir hverjir eru þeir sömu og sitja nú í hæstv. ríkisstj. — yfirlýsingu um að þessi mál yrðu tekin til endurskoðunar um áramótin. Þess vegna hafði ég vissulega ástæðu til að láta mér detta það í hug nú, þegar þessi hækkun stendur fyrir dyrum, að hæstv. ríkisstj., margir þeir sömu ráðh. og þá sátu, mundi láta verða af því að taka þetta til endurskoðunar. Þess vegna varð ég fyrir miklum vonbrigðum með þau svör sem hæstv. fjmrh. gaf áðan um það, að engum reglum yrði breytt að þessu sinni.

Ég er alveg viss um það, að þó að þurfi að breyta lögum í þessu efni, eins og hæstv. ráðh. gat um áðan, mundi ekki standa á okkur alþm. að greiða fyrir því, að slík lagasetning gæti farið fram hér á Alþ. Við höfum meira að segja orðið við tilmælum frá hæstv. ríkisstj. um að greiða fyrir afgreiðslu frumvarpa, sem hafa í för með sér skattahækkanir, hér á hv. Alþ. til þessa. Því mundum við með glöðu geði að sjálfsögðu — og glaðari geði en um hin frv. — verða við óskum sem fram kæmu af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessum efnum.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, gat um það, að þessi umr. gæti farið fram á nokkuð annan hátt og menn yrðu að líta í svolítið dýpri rök tilverunnar til þess að sjá þetta mál í réttu samhengi. Ég er ekki sammála honum um að hin djúpu rök í þessu máli séu þau, að ríkið eigi að taka að sér allan innflutning á olíu og bensíni. Ég skal rökstyðja það örlítið betur, vegna þess að hann saknaði *samkeppninnar hjá olíufélögunum*. Ég sakna hennar vissulega líka. En olíufélögin eru með ákvörðun ríkisstj. — ákvörðun margra ríkisstj. — bundin við sín bensíninnkaup austur í Rússíá og fá þau það á sama verði öll. En það hefur verið farið fram á það, að reynt yrði að losa um þessar hömlur og losa um þessi bönd, en því miður hefur það ekki gengið. Það strandar ekki á okkur þm. Sjálfstfl. En ég get verið sammála hv. þm. um að það er ekki Khomeini að kenna — eða Rhesa Pahlavi, svo að við bætum honum nú í hópinn — það er ekki þeim að kenna að olíuverð hefur þotið upp á heimsmarkaðinum. Þar eru kannske einhverjar aðrar ástæður fyrir hendi líka, en hitt skal ég fullyrða, að það er íslenskri ríkisstj. að kenna að olía þýtur upp á innanlandsmarkaði á Íslandi. Það sjáum við glöggt, því að af þeim 53 kr., sem bensínverð á að hækka um nú einhvern næstu daga, fá olíufélögin, þessar margumræddu gróðastofnanir, 16 kr. í sinn hlut, en ríkissjóður ætlar að taka 37 kr. í sinn hlut og hækka þar með álögur á landsmenn um 3.5 milljarða á þessu ári. Og af því gengur ekki nema hluti til vegagerðar, hitt fer í eyðsluhít ríkisins.

Ég ítreka þakkir mínar til forseta fyrir að hafa tekið þetta mál hér inn utan dagskrár, en ég ítreka einlæga beiðni mína og ósk um það til hæstv. fjmrh., að hann beiti sér fyrir því innan ríkisstj., nú þegar þessi ákvörðun verður tekin, að nokkuð verði dregið úr skattheimtunni og þar með létt af almenningi þeim álögum sem nú virðist að stefnt að leggja á fólk.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim þm. sem telja að beri að þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir að gera þetta mál, sem hann hefur flutt hér inn í þingsali utan dagskrár, að umræðuefni. Ég lít ekki á þetta *einstaka dæmi*, þ. e. *bensínhækkunina, sem aðalmálið* hér á dagskránni, heldur verðhækkanir almennt. Hv. þm. er vel kunnugt um mínar aðvaranir og minn málflutning. Öll þau ár, sem ég hef setið á hv. Alþ. hef ég bent á það, að erlendar hækkanir eru sá vandi sem er skattlagður af ríkisstj. í meira mæli en gjaldþol landsmanna má við.

Ég harma það, að hæstv. fjmrh. telur að utandagskrárumræður sem þessar eigi ekki rétt á sér nema um stórmál sé að ræða og þá mál sem geta verið *afdrifarík fyrir* þjóðina í heild. Ég held að hér sé um eitt slíkt stórmál að ræða. Ég held að gjaldþoli skattgreiðenda hafi verið ofboðið áður en til þessara hækkana var stofnað, ef úr þeim verður, og það er löngu kominn tími til þess, að við þm. almenn gerum okkur grein fyrir því, að aðalvandamál okkar og það mál sem mestur tími fer í umr. um hér á Alþ., er verðbólgan. Hún er að miklu leyti heimatilbúin og að öllu leyti af manna völdum. Við höfum verið að skattleggja hlutfallslega innfluttar verðhækkanir svo að verð vörunnar margfaldast þegar hún er komin á neytendamarkaðinn hjá okkur.

Hæstv. fjmrh. taldi ekki brýnt að ræða þetta mál hér. Það er skoðun hæstv. ráðh. Ástæðan fyrir því, að hann taldi ekki brýnt að ræða það, er sú, að hér er farið eftir hefðbundnum leiðum í verðhækkunum, þeim leiðum sem allar ríkisstjórnir síðustu ára hafa notað til þess að hækka vöruverð. Og ég vil segja að í þessum orðum felst sannleikur sem er okkur til umhugsunar. Við þurfum að rífa okkur úr þeim vítahring þar sem eru þessar hefðbundnu hækkanir. Það er nákvæmlega það sem er að ske hér. Núv. hæstv. ríkisstj. er ekki að gera neitt annað en *það sem sú síðasta og næstsíðasta gerði*, og það er þetta sem er okkar stóra vandamál í dag.

Að sjálfsögðu er það rétt hjá ráðh., að þegar vörur hækka, þá hækka tekjur ríkissjóðs. En við skulum gera okkur grein fyrir því, að þá koma réttmætar kröfur frá fólkinu í landinu um launahækkanir, og þannig heldur þessi vítahringur áfram svo lengi sem þessi hefðbundna aðferð er höfð. Það er þessi sjálfvirkni sem er vandamálið og er fyrst og fremst hér á dagskrá. Ég ætla að vona — þrátt fyrir orð hv. 6. landsk. þm. þegar hann sagði: „Er það einlægur ásetningur hæstv. fjmrh. að ganga að „ — svo stoppaði hann, en mér fannst hann ætla að segja: " að eiga þessa verðbólgu og reynast henni trúr þar til yfir lýkur?" Ég vona, að svo verði ekki, og tek undir þau orð hv. 6. þm. Reykv., sem voru hans lokaorð hér, að áður en ríkisstj. gengur endanlega frá þeim hækkunum, sem nú blasa við á bensínverðinu, þá verði málið betur skoðað og athugað hvort ekki er hægt að draga svolítið úr þessum hækkunum.

Ég vil undirstrika þessar óskir hv. 6. þm. Reykv., því að við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er hægt að gera landið óbyggilegt á margan hátt, t. d. gera of kostnaðarsamt að búa hér. Það er ein leið. Ef við höldum miklu lengur áfram á þeirri braut sem við erum nú komnir á — og þá er ég alls ekki að beina spjótum mínum

sérstaklega að hæstv. núv. ríkisstj., heldur að starfsháttum sem hér hafa átt sér stað í langan tíma á hv. Alþ., bæði hjá þeim, sem nú sitja hér, mér og öðrum, og þeim sem á undan eru gengnir, — þá verður þetta land óbyggilegt innan tíðar af öðrum ástæðum en af náttúrunnar völdum.

Það eru mörg gjöld sem leggjast á umferðina. Það er ekki aðeins bensínhækkun, það er hækkun á öllu sem snertir umferðina. Það er alveg sama hvort það eru tekjur af innflutningi á bifreiðum eða vélum eða hvort það eru vélarnar sjálfar eða varahlutir til þeirra. Síðan koma alls konar gjöld, það eru bifreiðagjöld, það eru tryggingagjöld og ég tala nú ekki um sektargjöld sem fara síhækkandi og eru innheimt með meiri hörku nú en nokkru sinni áður af löggæslunni, þannig að það er að verða allt að því ómögulegt að þóknast yfirvöldunum á neinu sviði. Það kostar allt peninga. Það kostar peninga sem áður var talið sjálfsagt að menn hefðu nokkuð frjálsar hendur með að gera án þess að verða lögbrjótar í ferðum á milli bæjarhverfa í Reykjavík. Það er orðinn vandi að vera til.

En sem sagt, ég tel að þessar umr. hafi verið þarfar, og ég vil undirstrika lokaorð hv. 6. þm. Reykv. um það, að áður en ríkisstj. tekur endanlega ákvörðun um þá hækkun, sem nú blasir við, skoði hún málið með því hugarfari að úr þessum hækkunum verði eitthvað dregið.

Aukin nýting í fiskvinnslu, þáltill. (þskj. 105). — Frh. einnar umr.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., hefur tvívegis áður verið flutt á Alþ. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við efni hennar og jafnframt tek ég undir flest það sem fram kom í ræðu frsm., Stefáns Guðmundssonar. Það að þessa till. skuli hafa dagað uppi hér á hv. Alþ. tvívegis vona ég að stafi ekki af því, að hér hafi ekki verið stuðningur við þetta málefni, og ég vænti þess enn að sá stuðningur hljóti að vera fyrir hendi og þessi till. hljóti nú þinglega afgreiðslu.

Á síðustu árum hefur verið á það bent, að framleiðni í atvinnurekstri okkar væri mjög lág, bæði í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum. Í stjórnarmyndunarviðræðum nú í vetur voru till. Alþb. um aukna framleiðni atvinnuveganna sem leið til viðnáms gegn verðbólgu mjög til umr. Nú er komin ríkisstj. sem Alþb. er aðili að, og þótt sú stjórn hafi ekki markað stefnu í þessu máli eins ákveðið og við sumir hverjir hefðum óskað, má þó við þá stefnumörkun una ef við hana verður staðið, og sjálfsagt er engin ástæða til, að ætla að svo verði ekki gert.

Sjálfsagt liggja til þess ýmsar ástæður, að framleiðni í íslenskum atvinnurekstri er ekki góð. Framfarir á þessu sviði hjá sjávarútveginum og úrvinnslugreinum hans hafa verið miklar á undanförnum árum. Það er t. d. líklegt, að hvergi við Norður-Atlantshaf sé jafnlítill vinnulaunakostnaður á hverja verðeiningu fisks komna frá veiðiskipi og hér á Íslandi. Við erum með stóran hluta af fiskiskipaflota okkar vel búinn og næstum því með þjálfaðan og valinn mann í hverju skiprúmi. Ýmsar fræðikenningar hafa samt verið uppi um óhagkvæmni íslenska fiskiflotans. Þær kenningar hef ég aldrei heyrt rökstuddar með samanburði við fiskiveiðiflota og nýtingu á flota annarra fiskveiðiþjóða. Ég er þó ekki í neinum vafa um að auka megi framleiðni fiskiflotans enn nokkuð og þó sérstaklega í sambandi við meðferð afla og jafnvel með ódýrari olíu eða minni olíueyðslu. Hitt er ljóst, að ef halda á áfram þeirri óheillastefnu að stöðva endurnýjun og uppbyggingu fiskiflotans, eins og gert hefur verið nú að undanförnu, er stutt í það að íslenski fiskveiðiflotinn dragist aftur úr og verður þá innan tíðar engin leið önnur en að taka eitt stóra stökkið í uppbyggingu flotans, eins og hér hefur áður verið gert.

Alþm. hafa kannske orðið sér úti um álitsgerð starfshóps um skipasmíðaiðnað, en sá starfshópur hefur verið uppi með tillögur um það, hvernig skuli endurbyggja íslenska fiskveiðiflotann. Ef þær eiga að verða stefnumarkandi í sambandi við aukna nýtingu í sjávarútvegi, þá líst mér ekki á að vel sé farið af stað. Þessi starfshópur leggur til að aðalendurnýjun íslenska fiskveiðiflotans eigi sér stað í stærðinni milli 20 og 50 tonn. Það eru þau skip sem ég held að flestir sjómenn og meginhluti útvegsmanna vilji algerlega leggja til hliðar, en þeir góðu sérfræðingar telja — og virðast hafa fundið einhver rök fyrir því — að þetta sé þó hinn æskilegi skipafloti sem eigi að byggja upp hér. Ég mótmæli þessu alveg og tel að það sé allt annar hluti fiskveiðiflotans sem á að byggja upp, ef á að hugsa um það að íslenski fiskveiðiflotinn nýtist vel. Út frá einhverju öðru sjónarmiði má kannske finna það, að þessi stærð sé æskileg.

Þótt segja megi það um stóran hluta fiskiflotans, að hann sýni og geti sýnt góða framleiðni, er öfugt farið um fiskvinnslufyrirtækin. Allt of stór hluti þeirra er vanbúinn til þess að geta sýnt góða nýtingu og framleiðni. Skýringin á þessu misræmi sýnist mér oft og tíðum vera dálítið einföld. Þegar byggt er nýtt skip komast lánastofnanir ekki undan því að lána kaupandanum samkv. ákveðnum reglum, jafnvel þótt verðið fari nokkuð fram úr því sem gert hefur verið ráð fyrir í upphafi. Bankastjóra tekst ekki að segja: Þú skalt hafa alla skipshöfnina og eldhúsið í einum sal, eða: Þú skalt engan lóra hafa í skipinu, eða: Þú skalt ekki hafa fisksjá o. s. frv. Skipið fer á flot og til veiða fullbúið þeim tækjum sem reynsla íslenskra fiskimanna segir til um að þurfi og eigi að vera í íslensku fiskiskipi. Ég held að hagfræðingur eða tölvufræðingur hafi aldrei komið þar neitt nálægt.

Á hinn veginn er það svo, að við uppbyggingu fiskvinnslustöðvar skammtar hinn ábyrgi fjármálastjóri bankanna aðgerðir. Hafi verið byggður góður vinnslustaður og frost- eða birgðageymsla er eins víst að ekki fáist fjármagn fyrir hráefnismóttöku.

Undirstaða góðrar framleiðni og nýtingar er gott starfsfólk. Fiskvinnslan byggist að nokkrum hlut á því fólki, sem nú ber heitið farandverkafólk, en hefur ekki verið flokkað á neitt sérstakt nafn í íslenskum fiskiðnaði fyrr en nú á allra síðustu mánuðum. Það er því höfuðatriði, að fiskverkunarstöðvar geti boðið góða aðstöðu í verbúðum. Sums staðar er þessi aðstaða í góðu lagi, víða ekki. Mér er kunnugt um stað þar sem sveitarstjórn, fiskverkendur og útvegsmenn með stuðningi verkalýðsfélags höfðu komið sér saman um byggingu verbúða með sæmilega félags- og mötuneytisaðstöðu. Bankastjórar væntanlegs viðskiptabanka svo og stjórn Fiskveiðasjóðs neituðu um lánsfé til þessara framkvæmda vegna þess að þessi framkvæmd væri of fín. Rökstuðningurinn, sem þeir höfðu, var sá, að hér væri ekki verið að byggja yfir verkafólk, hér væri verið að byggja ferðamannahótel.

Spurningunni um það, af hverju þeir álitu að ferðafólk á skemmtireisu þyrfti betri aðbúnað en fiskvinnslufólk og sjómenn, svöruðu þeir með því að neita enn ákveðnar

um lán til slíkrar þjónustubyggingar. Afleiðing neitunarinnar er sú, að hvert atvinnufyrirtæki á þessum stað um sig hefur orðið að verða sér úti um aðstöðu fyrir sitt verkafólk, — aðstöðu sem er margfalt lakari og stundum varla boðleg ferðafólki, hvað þá því fólki sem jafnan vinnur erfiðan og langan vinnudag. Kostnaðurinn er margfaldur á við það fjármagn sem hefði þurft til þess að byggja verbúðina. Neitun bankastjóranna hefur valdið því, að fyrirtækin hafa minna fjármagn til bættrar hagræðingar, og um leið eru líkur fyrir því og reyndar vissa, að fyrirtækin halda ekki eins góðu starfsliði að sínum fyrirtækjum.

Það má telja mörg dæmi um það, hvernig furðulegar fjármagnsneitanir hafa gert fyrirtækjunum ómögulegt að koma á hjá sér sæmilegri vinnuhagræðingu og öðru því er þurft hefur til bættrar framleiðni. Aðalrökin gegn lánveitingu til slíkra hluta hafa verið þau, að slíkar lánveitingar væru verðbólguhvetjandi, þegar væri komið of mikið fé í umferð o. s. frv. Oft hefur verið sagt að við þessi mánaðamót mætti ekki lána meira og við þessi áramót mætti ekki lána meira. Þetta þekkja allir sem leitað hafa eftir fjármagni til þessara hluta.

Flestir munu gera sér grein fyrir því, að fátt mun þó hafa verið jafnhvetjandi á verðbólguna og sú lánapólitík sem rekin hefur verið gagnvart atvinnuuppbyggingu og rekstri. Þessi stefna hefur haldið niðri möguleikum fyrirtækja á bættri nýtingu og framleiðni. Bætt nýting og framleiðni í íslenskum sjávarútvegi getur orðið á marga vegu. Möguleikarnir eru margþættir. Allar prósentutölur og prósentuútreikningar eru í þessu efni dálítið varasamir. Hún verður stundum ansi leiðinleg nýtingarprósentan, ef við tökum þorsk upp úr sjó, sem veiðist þegar allt er fullt af loðnu á miðunum og fiskur er úttroðinn af þeim fiski. Hún segir engan stórasannleik, meðalprósentan í þessu eða hinu frystihúsinu. Hráefni getur verið svo breytilegt að það frystihús, sem kemur út með besta nýtingu í einhverju úrtaki, getur fallið niður í að vera í neðsta sæti, við þó óbreytta framleiðsluaðstöðu hjá fyrirtækinu sjálfu, vegna breytinga á hráefni.

Herra forseti. Við upphaf umr. um þá till., sem hér er til umr., flutti hv. þm. Tryggvi Gunnarsson mjög athyglisverða ræðu. Um leið og ég tek undir meginefni ræðu Tryggva Gunnarssonar vil ég þakka honum fyrir það, að hann skuli hafa gefið sér tíma frá sjómennskunni og skipstjórninni til að sitja hér á Alþ. og láta heyra í sér um þetta málefni.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér tilvitnun úr ræðu Tryggva. Hann sagði: „Ég vildi aðeins til frekari áherslu koma inn á annað svið, sem snertir nýtinguna, ekki síður en það, er varðar stjórnun fiskveiðanna, hvernig við förum að þessu öllu saman. Við vitum öll, sem höfum áhuga á þessu máli, að mikið vantar á að fiskur sá, sem sjómenn okkar veiða, komi að landi í því besta ástandi sem hann getur verið. Er þetta af ýmsum orsökum. Stundum eru veiðiferðir of langar og fiskur skemmist af þeim sökum. Stundum er hreinlega um trassaskap í meðferð að ræða. Reyndar verður það alltaf að nefnast trassaskapur ef fiskinum okkar, þessu ágæta hráefni, er spillt."

Ég tel að hér hafi verið nefnt málefni, sem skiptir mjög miklu máli í fiskveiðum okkar, og málefni, sem of lítið hefur verið rætt í sambandi við nýtingu og framleiðni, einnig í sambandi við stjórnun fiskveiðanna. Það fólk, sem við fiskvinnsluna vinnur, verður vart við það nær daglega, að það hráefni, sem til vinnslu kemur, reynist gallað. Af 35 þús. tonna saltfisksútflutningi á árinu 1979 reyndust 11 þús. tonn fara í 3. og 4. gæðaflokk. Það jafngildir 35 þús. tonnum af fiski upp úr sjó. Skreiðarframleiðsla ársins 1979 mun hafa verið hátt í 3 þús. tonn eða 15—20 þús. tonna afli upp úr sjó. Samtals hefur þá á árinu 1979 verið um 50 þús. tonna fiskafli sem hefur fallið í hina lágu gæðaflokka í framleiðslu.

Ég held að varla sé ofsagt að hér geti verið um allt að helmingsverðmun að ræða, miðað við þá framleiðslu sem verðmætust er. Hér er um að ræða meðalafla 10—15 togara af minni gerð. Ég læt tölvumeisturunum og öðrum reiknimeisturum eftir að reikna út þau verðmæti sem þarna hafa farið í súginn. Þær eru margar ástæðurnar fyrir því, að ástandið er svona vont, en ég held að hér megi laga margt með tiltölulega lítilli fyrirhöfn.

Hv. þm. Tryggvi Gunnarsson kom einnig inn á annað þátt fiskveiða og fiskvinnslu, sem einnig snertir mjög það mál sem hér er til umr. Það er stjórnun fiskveiðanna. Það verður nú æ fleirum ljóst, að sú bannstefna eða tímabilaaðferð, sem notuð hefur verið til að stjórna veiðunum, hefur svo augljósa galla að leita verður annarra aðferða í þessu efni. Skoðanir manna í þessum efnum eru breytilegar, og að sumu leyti fer það eftir landshlutum og veiðisvæðum hvað menn telja best í þessum efnum. Tryggvi lýsti sig samþykkan kvótakerfi á skip. Ég hef verið andvígur þeirri stefnu. En nú þegar ókostir bannstefnunnar fara að sýna sig, m. a. með því að allur fiskveiðiflotinn stöðvast langan tíma með tilheyrandi atvinnuleysi í fiskvinnslustöðvum, tel ég rétt að mjög komi til athugunar hvort kvótaskipting sé ekki framkvæmanleg með bestu manna stjórnun og þar sem tekið yrði fullt tillit til séraðstæðna á ýmsan hátt.

Við þær aðstæður, sem nú eru í þessum málum, þar sem við blasir jafnvel stöðvun bátaflotans fljótlega upp úr páskum og fram í maí, finnst mér heldur djúpt í árinni tekið hjá hæstv. sjútvrh. hér á fimmtudaginn var, þegar hann ræddi um þessa till. Hann lýsti því yfir, að hann væri algjörlega andvígur þessari leið. Þessa leið finnst mér að þurfi að athuga að það þurfi einmitt að ræða þessa leið ásamt öðrum í þeirri nefnd, sem sjútvrh. boðaði að hann mundi skipa eftir tilnefningu þingflokkanna til umræðna um bætta fiskveiðistjórnun og samræmingu veiða og vinnslu.

Sú leið, sem nú er farin, að hver og einn skipstjóri keppist við að ná sem mestu þar til að banninu kemur og fiskvinnslustöðvarnar neyti allra bragða til að koma aflanum undan, leiðir til lélegrar nýtingar á aflanum. Til þess að ná hámarksnýtingu á þeim sjávarafla, sem á land kemur, eins og sú till. sem hér er til umr. gerir ráð fyrir að kannaðar verði leiðir til, tel ég nauðsynlegt fyrst og fremst að kannaðar verði leiðir til útbóta á eftirfarandi þáttum:

1. Vinnuaðstaða og kjör fólks þess, er vinnur að sjávarútveg, verði stórlega bætt.
2. Lánafyrirgreiðsla til fiskvinnslustöðva verði stórlega aukin.
3. Aukið eftirlit verði með gæðum þess afla er að landi berst, og meðferð hans í fiskvinnslustöðvunum.
4. Tekin verði upp ný stefna í sambandi við fiskveiðitakmarkanir og stefnt að meiri jöfnun afla og stjórnun sem samræmir veiðar og vinnslu.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða að þakka þeim ágætu þm., hv. 3. þm. Norðurl. v. og 1. þm. Vesturl., fyrir flutning þessarar till. Ég get heils hugar tekið undir efni till. og vona að þingið samþykki hana nú í vetur.

Fyrir þýðingu þess að samþykkja slíka þáltill. sem þessa geri ég mér ekki fulla grein. Það var, held ég, í fyrra á þinginu, að við samþykktum ámóta till. frá Ágúst Einarssyni. Við samþykktum líka till. frá Lúðvík Jósepssyni og Garðari Sigurssyni um miðlun á fiski eða hráefni milli fiskvinnslustöðva og staða. Hver áhrifin af þessum samþykktum okkar eru og hvaða þýðingu það hefur veit ég ekki, en vona að þau verði einhver.

Ég held að það sé ekki spurning um það, að ef við ætlum að auka okkar fiskhráefni, þá sé ekki mest að sækja í fiskvinnslustöðvarnar sjálfar, það sé fyrst og fremst að sækja í stjórnun fiskveiðanna sjálfra. Það er ósköp gaman að leyfa sér að vera rómantískur, eins og sjútvrh., virðist hafa gert til þessa, og vilja leyfa aflakóngunum að njóta sín og lifa í því gamla andrúmslofti sem áður var, að menn gátu gengið í þessa auðlind eins og hver hafði löngun og getu til. En því miður er ég hræddur um að sá tími sé liðinn. Við höfum horft á hverjum fiskstofninum af öðrum ofgert, og við höfum horft t. d. á humarinn hverfa af miðunum. Það varð að grípa til sérstakra aðgerða til þess að ná honum upp aftur. Sama hefur gerst með síldina hér sunnanlands. Það virðist nú vera, að sumargotssíldin sé að ná sér sæmilega á strik, og þar hefur verið tekin skynsamleg stefna. Þar hefur verið tekin upp kvótaskipting og hver bátur fær að veiða ákveðið magn.

Sama hefur verið að gerast með fleiri fiskstofna, eins og t. d. ýsuna. Hún virðist mjög mikið hafa horfið af miðunum. Þess vegna held ég að kominn sé tími til þess, eins og ræðumaður á undan mér benti á og reyndar Tryggvi Gunnarsson í sinni ágætu ræðu, að við verðum að taka þetta fastari tökum en við höfum gert og hverfa að einhvers konar kvótaskiptingu. Hvort sá kvóti á að vera endilega ákveðið magn á skip eða á fiskvinnslustöð eða jafnvel landsfjórðung, það ætla ég ekki að dæma um, en ég held að við komumst ekki hjá því að snúa okkur að þeirri leið í fiskveiðum okkar.

Ég held að við verðum að viðurkenna það, að framleiðni sé hvergi meiri í íslenskum atvinnuvegum en einmitt í sjávarútveginum og fiskvinnslunni. Það var minnst töluvert á júlíslysið sem varð 1979. Ég held að því miður sé þetta júlíslys alltaf að endurtaka sig, og því miður hefur sú þróun orðið með jafnvel bættri tækni og aukinni veiðigetu skipanna, að markaðsvara okkar hefur versnað og sú vara, sem við erum að bjóða á markaði, er ekki sú sama og hún var fyrir fáum árum. Ég held að við komumst ekki hjá að gera verulegt átak í því að bæta hana, þegar við stöndum nú frammi fyrir aukinni samkeppni við Kanadamenn og aðrar þær þjóðir sem eru að ryðjast inn á þá markaði sem við höfum jafnvel haft veruleg áhrif á.

Auðvitað verður þetta ekki gert nema með mjög aukinni fjármögnun til fiskvinnslunnar og sjávarútvegsins í heild. Sem betur fer gerði fyrrv. sjútvrh. nokkra breytingu á reglum Fiskveiðasjóðs, þannig að nú á að veita meira fé til fiskvinnslunnar en áður hefur verið, en á því er full þörf. Ég vil sérstaklega vekja athygli á mörgum þeim ágætu tækjum sem íslenskur iðnaður er nú einmitt farinn að framleiða fyrir sjávarútveginn. Eru áreiðanlega miklir möguleikar fyrir okkur til útflutnings einmitt á þeim tækjum og búnaði sem hann nú framleiðir.

En ég held, eins og ég sagði áðan, að þessi júlíslys séu alltaf að gerast og þau muni halda áfram að gerast ef ekki verður gripið til annarra og betri aðferða við stjórnun fiskveiðanna en til þessa hefur verið beitt.

Við höfum dæmi um áhrif þessara stjórnunaraðgerða fyrir augunum. Ef við förum t. d. hér með höfninni, þá sjáum við mörg af okkar glæsilegustu og öflugustu fiskiskipum liggja við hafnarbakkann og við sjáum okkar dugmestu og bestu aflamenn vappa um bryggjurnar vegna þess að þeir mega ekki fara á sjó. Þar eru loðnuveiðimennirnir okkar. Þeir mega jafnvel ekki fara á sjó til veiða aftur fyrr en komið er fram á haust. Mér finnst þetta ekki benda til þess, að sá árangur náist sem að er stefnt, þar sem segir í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstj. að auka eigi framleiðni í sjávarútvegi. Ég held að það verði ekki gert nema með breyttum aðferðum.

Eins er hitt, að með þeirri aðferð, sem nú er beitt, held ég að við komumst aldrei hjá þeim miklu aflasveiflum sem eru bæði á togaramiðum á Vestfjörðum og eins á vertíðarsvæðinu á Suðurlandi. Kannske er útilokað að komast algjörlega hjá þessum vertíðarsveiflum og kannske ekki ástæða til þess að reyna það. En það má vafalaust með ýmsum aðgerðum draga mjög úr neikvæðum áhrifum þeirra á framleiðslu okkar og verðmætasköpun.

En það er eitt í þessu, sem við megum ekki heldur gleyma og þarf að taka afstöðu til, og það eru rekstrarskilyrði þeirra fyrirtækja sem í þessari atvinnugrein starfa. Nú gengur yfir sá tími sem þessi fyrirtæki framleiða hvað mest og vinna flest þeirra af fullri orku. En þau eru að vinna sig niður. Með hverri framleiðsluaukningu, sem þau skila, eru þau að sökkva dýpra og dýpra í skuldafenið. Ég held að það hefði í sjálfu sér e. t. v. verið meiri þörf á því, að einhverjir af flokksbræðrum sjútvrh. hefðu flutt till. um að fiskvinnslustöðvum og öðrum fyrirtækjum í sjávarútvegi yrðu sköpuð eðlileg rekstrar- og starfsskilyrði, svo að stjórnendur þeirra gætu einbeitt sér að bættri stjórnun og nýtingu, en gengju ekki eins og nú með betlistaf í hendi milli banka og opinberra aðila til að fleyta fyrirtækjunum áfram frá degi til dags, því það er sú staðreynd sem þessir blessaðir menn verða nú að standa frammi fyrir hvern dag vikunnar. Þeir vita ekki hvort þeir geta borgað vinnulaunin fyrir næstu viku. Ég held að það sé kominn tími til þess, að ríkisstj. átti sig á því, að þessi atvinnutæki verða að fá að snúast. Það er framundan í vor og sumar erfiður tími hjá þessari atvinnugrein. Þá verður farið að vinna ódýrari fisktegundirnar, eins og karfa og ufsa, sem vitað er að ekki er hægt að skila með sæmilegu móti. En nú er sá tími sem þessi fyrirtæki hefðu e. t. v. getað haft viðunandi afkomu. En svo er því miður ekki í dag og ekki annað að sjá en að mörg þeirra stöðvist áður en langt líður.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er að bera í bakkafullan lækinn að þakka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir frumkvæði hans að flutningi þessa máls í þinginu, og sennilega mundi hv. þm. Tryggvi Gunnarsson, frændi minn, þó þrekinn sé, tæpast rísa undir öllu meira lofi en á hann hefur verið borið nú þegar, væri hann hér nærstaddur. En fjarlægðin mun nokkuð létta honum þessa byrði, og vil ég þá bæta við sérstöku þakklæti til hv. þm.

Skúla Alexanderssonar og Guðmundar Karlssonar, sem eru sérfræðingar í fiskverkun á meðal vor, einnig fyrir mjög fróðlegar ræður og jákvæða gagnrýni á þetta mál, sem varðar nýtinguna eða framleiðnina í fiskiðnaði okkar.

Ég trúi því staðfastlega, að framleiðni í þessum atvinnuvegi hjá okkur sé jafnmikil og þeir hv. þm. Skúli og Guðmundur vildu hér vera láta. En ég er jafnframt þeirrar skoðunar og gæti rökstutt hana með allmörgum dæmum, að þar eigi sér einnig stað einhver gegndarlausasta sóun sem hugsast getur í nokkurri atvinnugrein á Íslandi. Getur maður þá rétt aðeins farið að draga ályktanir af því, hvernig komið væri hag þessa atvinnuvegar, með þessa geysilegu framleiðni samanborið við það sem annars staðar tíðkast og þessa óskaplegu sóun sem við vitum að þarna á sér stað, ef enn þá betur væri á spilunum haldið.

Það liggja ekki fyrir tölur um það, hversu miklum hluta af þeim afla, sem kemur um borð í skipin, er skilað til lands, hversu miklum hluta af verðmætunum er á glæ kastað, svo við notum hina gömlu skáldlegu mynd. Þó er mér kunnugt um það og okkur öllum, að í sjóinn fer a. m. k. öll lifrin af togaraflotanum og hefur gert nú síðustu 22 árin a. m. k. *Slógið fer náttúrlega allt í sjóinn. Mér segja* fróðir menn, sem ég hef ástæðu til þess að ætla að ýki ekki, að í þessum verðmætum einum sér liggi a. m. k. 7 milljarða kr. virði, ef í land kæmi og væri nýtt í hina ódýrustu vinnslu sem hugsast gæti, og mun meira aftur á móti ef lifur væri ekki brædd til iðnaðarlýsis, heldur til meðalalýsis, og margfalt meira ef hún væri fryst fyrir þá markaði þar sem frysta lifur skortir.

Við lásum ummæli eftir einum af okkar ágætu landhelgisskipherrum í Morgunblaðinu í haust er leið, þar sem hann var að lýsa atferli erlendra verksmiðjutogara á *Grænlandsmiðum, rétt fyrir utan landhelgina okkar, í* smáfiskatogi, þar sem hann komst svo að orði, að ekki sæist fugl í kjölfarinu hjá þessum skipum. Ástæðan fyrir því, að fugl sést ekki í kjölfari hjá þessum skipum, er beinlínis sú, að þar er engan mat að hafa út um lensport, þar er allt hirt til framleiðslu og verðmætasköpunar. Ég er þeirrar skoðunar, að við ættum að setja okkur það mark — og væri jafnvel fús til þess að standa að löggjöf þess efnis — að ekki mætti henda einum einasta ugga fyrir borð eða neinu því sem úr sjónum er tekið af lífrænum efnum, heldur ætti að flytja allt saman til lands. Kæmi *þá náttúrlega í fyrsta lagi þetta til*, að við erum að henda þarna verðmætum, samtímis því sem við erum í ýmsa grein e. t. v. farnir að ofnýta fiskimiðin okkar, og svo er hitt beinlínis hreinlætisatriði og sjálfsögð krafa um siðgóða meðferð á því sem við tökum úr sjónum.

Ég kvaddi mér nú fyrst og fremst hljóðs — þrátt fyrir það þakklæti sem ég hef þegar borið fram við hv. ræðumann Guðmund Karlsson — vegna ummæla hans um ástandið í fiskiðjuverunum, í fiskvinnslunni á vertíðarslóðinni hér syðra þessa dagana, þar sem útlit er fyrir, ef drottinn gefur framhald á slíkum dýrðarinnar gæftum sem við *njótum núna, að verði vertíð allra alda*, þar sem hann segir um það fólk, sem vinnur nú að framleiðslu á útflutningsvöru og leggur nótt við dag, efalaust í flestum tilfellum nú þegar komið að þrotum með vinnuþrek, að árangurinn verði sá, að með hverri framleiðslueiningu, sem tekst að koma í frostið, aukist tap fyrirtækisins.

Hv. þm. Guðmundur Karlsson veit ákaflega vel hvað hann er að segja. Það má vel vera að hann taki sér hér hið sjálfsagða leyfi að mála staðreynd þeim litum sem til þess *nægja að menn taki mark á henni. En mig langar til* þess að leggja fyrir hann spurningu, — og ætla ég honum þó rými fyrir því sem hann var áður búinn að gera grein fyrir hérna með ágallana sem á því eru að þurfa að taka svo mikinn fisk á jafnskömmum tíma, — ég vil leggja fyrir hann eina spurningu sem mér þætti ákaflega vænt um að fá svar við: Hvernig stendur á því, að hægt er norður í landi að skila inn í frystigeymslu framleiðslueiningum sem hver um sig skilar dágóðum arði, á sama tíma sem hinir ágætu og afkastamiklu frystihúsaeigendur hér við Faxaflóann ganga, eins og hann lýsti, með ekkasogum *milli bandastjóra að fá fé í rekstur sinn* — að þá skuli fyrirtæki norður í landi skila með hagnaði hverri framleiðslueiningu, geta borgað 36% ofan á umsamið hráefnisverð til sjómannanna og í staðinn fyrir að ganga með vota kinn til bankastjóranna að biðja um fjármuni í reksturinn geta þeir bara gengið þangað og tekið út peningana sína.

Ég veit að hv. þm. Guðmundur Karlsson getur útskýrt það fyrir okkur, hvernig á þessu stendur. Og af því að ég vil gjarnan að hv. þm. geti dregið réttar ályktanir af þeirri fræðslustarfsemi sem hér hefur átt sér stað og mun eiga *sér stað, þá þætti mér æskilegt, ef við gætum nú kannske* lært aðferðina af þeim Norðlendingunum, að við gætum komið þeim fróðleik á framfæri við þá Sunnlendingana sem mega una svona bágu lífi í starfsemi sinni.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hv. þm. Stefán Jónsson tók sér í munn áðan, að það á sér stað gegndarlaus sóun í íslenskum sjávarútvegi á margan hátt, og það á sér þar líka stað mikil offjárfesting. En sú sóun, sú offjárfesting stafar í flestum tilvikum af stjórnleysi. T. d. getum við séð dæmi um þá *offjárfestingu sérstaklega hjá loðnuflotanum fyrir síð*ustu vertíð. Þetta eru kappsfullir menn sem eiga þarna hlut að máli, menn sem hafa haft ágætisafkomu og hafa getað lagt í mikla og dýra fjárfestingu, og þeim er att til kapps um mjög takmarkaðan fiskistofn. Og því meira sem þeir leggja í sín veiðarfæri og sín fiskiskip, því meiru ná þeir á stuttum tíma. Aftur á móti ef þeim væri skammtaður ákveðinn kvóti sem þeir mættu veiða á ákveðnum löngum tíma, þá þyrftu þeir ekki á þessari miklu fjárfestingu að halda. Ég held að það sé kominn tími til þess fyrir löngu, að við nálgumst þessi vandamál *sjávarútvegsins með öðrum hætti en við höfum til þessa* gert og horfum á þau raunsæjum augum.

Ég tek undir það, að það er vissulega sorglegt að sjá allri lifur fleygt í sjóinn af togaraflotanum. Ég held að það séu kannske 5 — 10 togarar af öllum okkar flota sem hirða lifur. En sjómenn togaraflotans hafa haft verulega góða afkomu á síðustu árum og þeim finnst ekki taka því að hirða þennan litla hluta af því verðmæti sem þeir eru að flytja á land þar sem lifrin er.

Því er ekki hægt að neita, að það er ömurlegt fyrir hvern einasta framkvæmdastjóra fiskvinnslufyrirtækis að standa frammi fyrir því vandamáli, hvort hann geti borgað því fólki, sem vinnur hörðum höndum, má segja, svo lengi sem það getur staðið á fótunum, laun á réttum tíma í hverri viku. Hv. þm. talar um að þeir Norðlendingar skili dágóðum arði um leið og við Sunnlendingar getum ekki rekið okkar fyrirtæki. Það var nú svo fyrir nokkrum árum, það var fram til 1972 líklega, að besta afkoma í sjávarútvegi var hjá fyrirtækjum á Reykjanesi

og á Suðurlandi. En þá varð sú breyting á, að skilið var töluvert mikið á milli í verði á smáum fiski, meðalstórum fiski og stórfiski, vegna þess að saltfiskur gaf verulega vel af sér. Við sitjum við það borð hér, Sunnlendingar, að framleiða mikið einmitt úr þessum stóra fiski sem ekki gefur meiri nýtingu en smái fiskurinn og er miklu dýrari í innkaupum. Við þetta sat þangað til í nóv. s. l. Þá var gerð enn önnur breyting, — ég veit ekki hvort það er í sjálfu sér æskilegt, — en sú breyting var þá gerð, að þetta verð jafnast þannig að nú er engu betra að kaupa þennan smáfisk en að kaupa stóra fiskinn. Og það er staðreynd, að sú vél, sem notuð er til vinnslu á smáfiskinum, gefur heldur betri nýtingu, líklega jafnvel 2 — 3% meira en vélin sem notuð er við vinnslu á stórum fiski. Og það er engin spurning um það, að frystihúsin á Norðurlandi og Vestfjörðum, já, sérstaklega á Norðurlandi og á Vestfjörðum, gáfu mjög góða afkomu á s. l. ári. Frystihúsin á Suðurlandi gáfu reyndar sæmilega af sér á síðasta ári. En við þær gífurlegu verðhækkanir, sem átt hafa sér stað innanlands á síðustu mánuðum hefur þetta snúist svo við, að þessi atvinnurekstur á mjög undir högg að sækja. Ég held að mér sé alveg óhætt að fullyrða að þeir Norðlendingar standa ekkert betur að vígi núna, nema að því leyti að þeir búa að nokkrum fyrningum frá undanförnum góðum árum, en alls ekki að þeir hafi betri rekstur í dag. Ég held að þú getir fengið það staðfest, Stefán, ef þú hringir norður í land, að þar er reksturinn engu betur staddur í dag en hér á Suður- og Vesturlandi.

Ég efast ekkert um það, að sum þeirra fyrirtækja, sem best voru í sveit sett, hafi getað á síðustu árum borgað 36% yfirverð á þennan smáa fisk sem við framleiðum. En það leyfi ég mér að efast um að þau geri á þessu ári eða næsta ef ekki verður mjög mikil breyting þar á. Ég hef heyrt ýmsar sögur af þessum yfirborgunum og hvernig þær hafa verið framkvæmdar og ætla ekki að rekja þær hér. Ég efast ekki um að hv. þm. þekkir það mun betur en ég. En því miður er svo komið, að nú skera engin fyrirtæki öðrum fremur sig úr í íslenskri fiskvinnslu. Þau eru öll jafnilla komin.

Umr. frestað.

Útreikningur framfærsluvísitölu í hverju kjördæmi, þáltill. (þskj. 178). — Ein umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. til þál. um útreikning framfærsluvísitölu í hverju kjördæmi á Íslandi. Till. er svo hljóðandi með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að ríkisstj. feli Hagstofunni að sjá um útreikninga á framfærsluvísitölunni í hverju kjördæmi á Íslandi. Skulu útreikningar þessir gerðir á sama tíma og jafnoft að staðaldri og framfærsluvísitalan er reiknuð út í Reykjavík. Gerð verði ný neyslukönnun og grundvöllur framfærsluvísitölunnar byggður á henni.

Greinargerð:

Till. þessi til þál. er flutt til að bæta úr ástandi deilna um mismun á framfærslukostnaði eftir landshlutum. Hliðstæð kjör innan sömu starfstétta eru forsenda þess, að viðkomandi stétt dreifist eðlilega um landið. Geri hlutlaus aðili útreikninga á þessum veigamikla þætti búsetuþróunar er hægt að beita fleiri aðgerðum en áður til aðstöðujöfnunar. Þær eru m. a. þessar:

a) tekjuskattur,
b) félagsmálapakkar,
c) gjaldskrá opinberra fyrirtækja,
d) almannatryggingar,
e) söluskattur.

Ég mun reyna að gera þetta ljóst, en verð að gera grein fyrir þeirri merkingu, sem ég legg í hugtakið „rauntekjur.“ Með því á ég við þann hluta tekna sem fer ekki sem greiðslur til opinberra aðila, en notast sem neyslutekjur til lífsframfæris.

Tekjuskattur:

Tekjuskattur er lagður á í þeim tvíþætta tilgangi að afla ríkinu tekna og einnig hugsaður sem tæki til tekjujöfnunar. Í mínum hugleiðingum verður staldrað við seinni þáttinn. Að mati almennings er skattur þessi fyrst og fremst lagður á almenna launamenn og aðallega þann hluta þeirra, sem enga sjálfstæða atvinnu stundar. Frá þessu eru þó margar heiðarlegar undantekningar. Hitt blasir jafnframt við, að innan sömu stétta verður um mikinn ójöfnuð að ræða vegna hins ójafna framfærslukostnaðar í landinu. Þessar staðreyndir gera það að verkum, að opinberir starfsmenn eru m. a. tregir til búsetu úti á landi af þessum sökum. Hinn almenni maður leysir þessi mál aftur á móti með mikilli eftir- og næturvinnu. Það getur ekki talist réttlátt. Hér er einnig um alkunna staðreynd að ræða. Með því að reikna út framfærsluvísitöluna fyrir fleiri svæði en Reykjavík eina er hægt að taka inn hugtakið rauntekjur þegar skattstiginn er settur fram. Þá væri hægt að stefna að því, að allir hafi möguleika til hliðstæðra lífskjara innan hliðstæðra stétta, án þess að um óheyrilega yfirvinnu þurfi að vera að ræða.

Félagsmálapakkar:

Sá siður hefur verið upp tekinn að auðvelda lausn kjarasamninga með félagsmálapökkum. Stundum hafa þessir félagsmálapakkar orðið til jöfnunar úti um allt land, en þeim hefur líka verið beitt til hagsbóta fyrir ákveðin svæði, svo sem til framkvæmda í húsnæðismálum. Breiðholtsframkvæmdirnar eru gott dæmi um það. Ekki er óeðlilegt að verkalýðsfélög utan höfuðborgarsvæðisins gefi meiri gaum að þessum atriðum en áður.

Gjaldskrá opinberra fyrirtækja:

Gjaldskrá opinberra fyrirtækja hefur orðið fyrir barðinu á því vísitölukerfi sem nú er notað. Það hefur stuðlað að því að halda niðri gjaldskrám hjá fyrirtækjum hér á Reykjavíkursvæðinu, svo sem hitaveitunni, sem verður að telja fráleitt, og hefur þannig neitt hana til hallarekstrar. Gjaldskrár opinberra fyrirtækja, svo sem Pósts og síma, hafa um árabil borið þess merki, að í lagi var t. d. að halda háum greiðslum fyrir langlínusamtöl á sama tíma og inntökugjald fyrir síma, sem kom í vísitöluna, var ekki látið fylgja almennu verðlagi. Það verður tvímælalaust að haga gjaldskrám opinberra fyrirtækja á þann veg, að ekki leiði til lífskjaramunar eftir landshlutum, og hitt er jafn fráleitt, að vísitölukerfi stuðli að því, að þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki séu neydd til hallarekstrar.

Almannatryggingar:

Útreiknuð framfærsluvísitala fyrir hvert kjördæmi ætti að auðvelda ákvarðanatöku um tryggingabætur. Þetta er eðlileg upplýsingaöflun fyrir almannatryggingarnar.

Ef horft er til fjárlaga og aðgætt, hve stór hluti þeirra fer í almannatryggingar og er ætlaður til jöfnunar lífs-

kjara, hlýtur framfærslukostnaður að koma inn í það dæmi.

Söluskattur:

Söluskattur er, eins og allir vita, lagður á vöru eða þjónustu á lokastigi. Þess vegna leiðir hátt verðlag á vörum eða þjónustu jafnframt til hærri skattheimtu. Það verður að teljast hæpið, að ekki sé meira sagt, og mikil afturför hvað réttlæti varðar frá þeim tímum er tollatekjur voru afgerandi, en enginn söluskattur. Hugsanlegt er að leysa þetta með mishárri söluskattsprósentu er leiddi til jafnari skattheimtu.

Höfuðtilgangurinn með þessari till. er að leggja því máli lið, að í þessu landi megi búa ein þjóð með sambærileg lífskjör, sem finni að stjórnvöld vilja vinna að því markmiði."

Ég vil geta þess hér alveg sérstaklega, að það hefur einu sinni verið framkvæmd athugun á framfærslukostnaði á fjórum stöðum utan Reykjavíkur. Ég tel eðlilegt að þm. kynni sér það rit, þegar þeir leiða hugann að því máli sem hér er fram sett. Þetta rit var gefið út í nóv. 1976. Helstu niðurstöður um mismun á framfærslukostnaði þá voru á þann veg, að miðað við Reykjavík var þá talið að framfærslukostnaður á Ísafirði væri 4.8% meiri, á Akureyri 3.4%, í Neskaupstað 5.4 og á Hvolsvelli 4.6. Aftur á móti kemur í ljós ef þetta plagg er skoðað, að sá liður, sem mestu réð um mismun á framfærslukostnaði, var upphitunarkostnaður. Nú hefur gífurleg breyting orðið á. Sá liður vegur miklu meira í dag en hann gerði þá. En það voru fleiri liðir sem komu þarna mjög sterkt inn, t. d. Póstur og sími og rafmagnsverð á hinum ýmsu svæðum.

Ég held að það dyljist engum manni, sem horfir á þá byggðaþróun, sem orðið hefur á Íslandi, og er ófullur, að byggðaröskun í þessu landi hefur orðið gífurleg frá því að innlend stjórnvöld tóku hér við málum. Sú byggðaröskun hefur orðið svo afgerandi, að það er hægt að tala um hlutina úr frá því sjónarmiði, að það virðist eins og viss svæði hafi verið gerð að nýlendum fyrir hin. Það vita trúlega fáir t. d., að einu sinni var höfuðstaður Vestfjarða, Ísafjörður, næstfjölmennasti bær í þessu landi. En það er hægt að halda áfram að haga þannig aðgerðum á þessum stað, Alþingi Íslendinga, að búsetuþróun fari ekki eftir landsgæðum, heldur eftir því, hvernig lögum er skipað á hinu háa Alþingi. Samkv. þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir, er búið að sjá til þess, að sumar vörur eru seldar á sama verði hvar sem er á Íslandi, m. a. olíuvörur. Hví skyldi ekki vera hægt að selja rafmagn á sama verði? Hvaða rök eru fyrir því réttlætanleg, að á bökkum Bolafljóts þurfi menn að borga miklu hærra verð fyrir raforku en hér í Reykjavík? Hvaða rök eru fyrir slíkri verðlagningu? Og hve lengi halda menn að slíkt óréttlæti fái staðist? Hvaða rök eru fyrir því, að á sama tíma og við borgum sama verð fyrir hljóðvarp og sjónvarp í þessu landi er enn verið að reikna út gjaldskrá Pósts og síma eftir fjarlægðarkerfi, þrátt fyrir það að farið er að senda þetta þráðlaust á milli staða? Hvaða rök eru fyrir því, að t. d. hefur gjaldskráin verið þannig, að sá einstaklingur, sem hefur fengið símatæki og aldrei borgað umframskref til Landsímans, hann hefur aldrei borgað inntökugjaldið fyrir þennan síma eins og það kostar raunverulega? Hvaða rök eru fyrir svona uppsetningu á gjaldskrá?

Hvaða rök voru fyrir því hjá íslenskri verkalýðshreyfingu að semja um það alveg sérstaklega í allsherjarkjarasamningum, að á einum stað á Íslandi ætti að byggja íbúðir fyrir verkamenn, þ. e. í Breiðholtinu? Hvers vegna mátti ekki dreifa þessum íbúum um landið á sínum tíma og sjá til þess, að þessi ákvörðun yrði ekki til að valda byggðaröskun? Þúsund íbúðir, hvað þýðir það mikinn mannfjölda? Ég sé að sumir fulltrúar eru farnir að ókyrrast í sætum sínum.

Það er nefnilega fróðlegt að fá úr því skorið, hvort hið háa Alþingi vill hafa það sem algert leyniplagg, sem Íslendingar fái ekki að vita, hver framfærslukostnaðurinn er á hinum ýmsum stöðum í þessu landi, eða hvort menn eru reiðubúnir að láta reikna þetta út. Það er nefnilega fróðlegt að fá það alveg á hreint, hverjir það eru, sem vilja vinna að byggðastefnu eftir því leiðarljósi að það verði sem jöfnust lífskjör í þessu landi, og hverjir vilja áfram styðja það kerfi sem hér hefur verið og stuðlað að því, að Íslendingar hafa safnast saman á örlítið svæði á suðvesturhorni landsins.

Ég veit ekki hvort hv. Alþ. er það ljóst, að þegar verið er að samþykkja skattstiga, þá er ekki verið að samþykkja það, að t. d. þeir lægst launuðu hafi sama fjármagn eftir til ráðstöfunar alls staðar í landinu. Á sumum stöðum hafa þeir, vegna þess mikla munar sem er á framfærslu, miklu minna eftir. Það blasir við. Er réttlæti í þessu? Gera menn sér grein fyrir því, að eins og söluskatturinn er uppbyggður eru sum svæði á landinu látin borga mun meira í söluskatt en önnur?

Ég held að það sé tími til kominn að við gerum okkur grein fyrir því, að við erum að splundra þessari þjóð í tvær stríðandi fylkingar, annars vegar landsbyggðina og hins vegar stór-Reykjavíkursvæðið, ef við ekki snúum okkur að því verkefni að jafna lífskjörin í þessu landi. Og ég vænti þess, að hið háa Alþingi telji að það þurfi ekki að vera neitt leyniskjal í framtíðinni, hvernig þessum málum er fyrir komið, að það fallist á að Hagstofan hafi það sem verkefni á sinni könnu að reikna þetta út, þannig að menn geti metið það eftir tölum hlutlausra aðila hvernig ástandið er.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um útreikning framfærsluvísitölu í hverju kjördæmi á Íslandi. Flm. er hv. þm. Ólafur Þórðarson. Vissulega hafa fleiri en Ólafur Þórðarson komið auga á nytsemi þess, að framfærsluvísitala væri vituð á fleiri stöðum en í Reykjavík. Hann gat þess, að þetta hefði verið framkvæmt áður.Og það er vitað, að það er ekkert vandamál að reikna vísitölu út á fleiri stöðum. Ef það er hægt á einum stað, þá hlýtur það að vera hægt á fleiri stöðum. Og mér finnst að þessar upplýsingar gætu verið gagnlegar við ýmsa ákvörðunartöku í þessu þjóðfélagi.

Hv. flm. nefnir hér til nokkra liði, stafliði a — e, og hefur reyndar gert nokkra grein fyrir þessum liðum. Þess vegna ber það, sem ég segi nú, nokkurn keim af því sem hann var að segja áðan. En mig langaði sérstaklega að gera hv. þm. nokkra grein fyrir einum þætti þessa máls, þ. e. símkostnaðinum.

Ég held ég fari rétt með það — þó skulu menn taka það með fyrirvara, en það hefur ekki svo mikið að segja — að hvert teljaraskref í síma kosti nú 23.10 kr. Lítið þorp í minni sýslu heitir Laugarbakki, 8 km frá Hvammstanga. Hvammstangi er þjónustumiðstöð fyrir þetta litla þorp. Þorpið er nýlega búið að fá sjálfvirkan síma, og þessa 8 km er teljaraskrefið 60 sek. Sem sagt, 23.10 kr. kostar það að ná í verslun, í lækni, dýralækni, í hvers konar þjónustu sem þarf að fá. Ef fólk í þessu litla þorpi ætlar að tala til Blönduóss, þar sem sýslumaður er staðsettur, þá

mun teljaraskrefið vera um 12 sek. Sem sagt, ef það ætlar að ná í sýslumanninn eða bifreiðaeftirlitið eða ýmsa þjónustu þar ellegar í Reykjavík, ef það ætlar að ná hér í ráðuneyti eða annað, þá kostar mínútan 115.50 kr. Og ef einhver á Blönduósi ætlar að ná til Reykjavíkur, þá eru ekki nema 10 sek. í skrefinu og þá kostar mínútan 138.60 kr. Fyrir þetta sama teljaraskref, sem ég er að tala um, gæti einstaklingur, sem býr hér á stór-Reykjavíkursvæðinu sem er Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær, Reykjavík og öll Mosfellssveit, talað við helming af íbúum þessarar þjóðar fyrir sama verð og maðurinn á Siglufirði getur talað til Reykjavíkur fyrir í 8 sek. Munurinn er þessi, að Siglfirðingurinn getur talað í 8 sek. fyrir sama gjald og sérhver hér í Reykjavík getur talað við helmingi þjóðarinnar eða einhvern af helmingi þjóðarinnar. Og til þess að bíta höfuðið af skömminni leggur ríkið 22% söluskatt ofan á allt saman.

Mér detta í hug orð sem hv. 3. þm. Reykv. sagði bæði í fjh.- og viðskn. og eins þegar hann hefur rætt mál hér. Hann hefur tvívegis sagt: „Það er eins og ríkið geri sér óhamingju annarra að féþúfu.“ En ég spyr þingheim: Finnst mönnum sanngjarnt að lífskjörum sé deilt svona misjafnt niður? Og finnst mönnum þá ekki sanngjarnt að það sé alla vega vitað, hver er munur á lífskjörum fólks úti á landi á hinum ýmsu stöðum og hér í Reykjavík, þar sem vísitölufjölskyldan býr? Það væri þó allavega hagnýtt að vita þetta, hvernig sem það yrði notað. Ég hef þá trú, að þessar upplýsingar gætu verið gagnlegar þegar talað er um tekjuskatt eða félagsmálapakka. Við landsbyggðarmenn höldum því fram, að innihald pakkanna hafi farið fyrst og fremst í þéttbýlið, en umbúðirnar kannske í dreifbýlið. Ég er að tala um gjaldskrá opinberra fyrirtækja. Það væri kannske gagnlegt að vita þetta betur þegar verið er að jafna lífskjörin með almannatryggingum. Og það væri kannske gagnlegt að vita þetta þegar við erum að leggja söluskatt á flutningsgjald t. d. Þar er ríkið að skattleggja óhamingju dreifbýlisins. Ef við þurfum að fá einhverja vöru úr Reykjavík, þar sem innflutningsverslun er nú eða svo til alveg öll, þá þurfum við að fá þetta annaðhvort með skipi eða bíl til okkar heima, hvort sem það er fyrir vestan eða austan eða norðan. Og síðan verður ríkið að fá sín 22% í söluskatt af þessari upphæð. Ég spyr: Finnst mönnum þetta sanngjarnt? Finnst mönnum þetta ekki hrópleg mismunum á kjörum manna? Ég vildi aðeins skjóta þessu hér fram og gera þessi fáu atriði að umtalsefni, vegna þess að mér finnst að þingheimur mundi komast miklu nær því margumtalaða réttlæti með því að sú till. til þál., sem hér er til umræðu, væri samþykkt — og ekki bara samþykkt, heldur — eins og till. gerir ráð fyrir — verði framkvæmd.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hér er vissulega hreyft þörfu máli. Og vegna þess, sem sagt var um símann, langar mig til að segja nokkur orð.

Hinn mikli mismunur á langlínusamtölum og innanbæjarsamtölum er mjög gamall. Hann er allar götur frá því að það þurfti tvær stúlkur og langan vír á milli þeirra til þess að afgreiða eitt samtal, milli Norður- og Suðurlands eða vestur á firði eða hvert það nú var. Síðan er þetta allt saman breytt, þannig að núna er það líklega fyrir símann sjálfan ekki nema helmingi dýrara í tækjabúnaði að tala frá Reykjavík til Akureyrar heldur en innanbæjar í Reykjavík. Tækjabúnaður til þess að tala innanbæjar í Reykjavík kostar einhvers staðar á þriðju milljón kr. á hvert númer og líklega helmingi meira eða kannske þrisvar sinnum meira ef talað er til Akureyrar.

Þessi mikli mismunur, sem allir eru sammála um að sé rangur, afskaplega rangur, því það kostar þrjátíu til fimmtíu sinnum meira að tala norður í land heldur en hér innan bæjar, ætti að vera tvisvar, þrisvar sinnum meira — stafar eingöngu af fyrirkomulagi á vísitöluútreikningi. Það er alveg sama hvernig reynt er að jafna þetta, það vilja allir jafna þetta, en það rekst allt á vísitöluna. Það er verið að taka 2% af hverri hækkun símans til þess að jafna þetta út, en þetta gengur afskaplega hægt, sorglega hægt, og alltaf er þetta það sama, það er alveg sama hvað gert er, það er alltaf innanbæjarskrefið í Reykjavík sem gildir. Það eina, sem gildir til þess að halda vísitölunni niðri, er að halda því niðri. Ég vildi koma inn á þetta, skýra þetta betur. Það er ekki vegna þess að það sjái ekki hver einasti maður að þetta er rangt.

Þegar þetta bætist svo við gífurlega mikinn mismun á hitakostnaði, þá er mælirinn að verða fullur, eins og hér hefur komið fram. Ég svara spurningu hv. 5. þm. Norðurl. v. um það, hvort þetta sé sanngjarnt, hiklaust neitandi. Það er engin sanngirni í þessu, sér í lagi þegar þetta er heimatilbúið. Það er ekki áfall sem við verðum fyrir að utan, eins og olíuverðshækkanirnar, heldur er þetta hreinlega heimatilbúið vandamál varðandi símann.

Það kom fram hjá hv. flm. þessarar þáltill., að hægt væri að laga þetta á margan hátt. Það er einn máti sem mér finnst vera girnilegur til fróðleiks, og það er að hafa mismunandi persónuafslátt til tekjuskatts. Því persónuafslátturinn er að hluta, eins og tekjuskatturinn, til þess að jafna kjör fólks. Hann á ekki bara að vera til þess að ná í peninga fyrir ríkið, heldur líka til þess að jafna kjör fólks. Og það að nýta hann í þessum tilgangi væri vissulega af hinu góða.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hér er vissulega hreyft merkilegu máli og það vill svo til að ég hef áður hreyft því á öðrum stöðum. Ég hef hreyft þessu máli innan samtaka launþegahreyfingarinnar, að nauðsynlegt væri að slík vinna væri framkvæmd. Að vísu fylgdu í mínum till. fleiri þættir en hér er getið um, enda geri ég ráð fyrir að hv. flm. sé ekki endilega, eins og reyndar kom fram í hans máli, að binda sig við þá þætti sem hann hefur talið upp í þáltill., heldur komi margir fleiri til greina.

En það, sem mig undrar í sambandi við ræður þeirra tveggja fyrstu ræðumanna sem hér töluðu um þetta mál, er að þeir vilja, eins og reyndar allt of oft heyrist hér á Alþ., láta í það skína, að vegna þess að einhverjir búi við óréttlæti og verri kjör einhvers staðar á landinu, þá sé það endilega að kenna ákveðnum hópi manna og þá sérstaklega okkur sem búum á Reykjavíkursvæðinu. Þessu vil ég mótmæla. Ég vil undirstrika að engir hafa frekar sýnt vilja til þess að bæta og jafna hag t. d. launamanna í landinu en hin stóru og sterku samtök sem launþegasamtökin einmitt eru hér á Reykjavíkursvæðinu.

Þegar við erum spurðir hvort þetta eða hitt sé ekki sanngjarnt, sem á sér stað víðs vegar úti um land, þar sem önnur lífsskilyrði eru en á landssvæðinu hér við Faxaflóa, sem er eitt byggilegasta svæði þessa lands, má benda á að enginn er neyddur til að búa hér eða flytja héðan frekar en öðrum stöðum á þessu landi. Það er ferðafrelsi og

valfrelsi um íbúðarsetu, guði sé lof, á okkar landi enn þá. Það hefur best sést á hv. flm. þessarar till. Hann flutti nýlega úr kuldanum á Vestfjörðum og að Snorralaug, hvar hann yljar sér nú um þessar mundir.

Ég geri mér fulla grein fyrir því, að það er á margan hátt auðveldara að búa í þéttbýli eins og í Reykjavík og nágrenni. Menn hafa bent hér réttilega á ýmis vandamál sem fylgja því að búa úti um hinar dreifðu byggðir, sem eru íslensku þjóðarheildinni vissulega mjög nauðsynlegar. En ég held að þessir sömu menn megi ekki gleyma því, að það eru líka margs konar vandamál, sem fylgja þéttbýlinu, sem þeir í dreifbýlinu þekkja ekki. Þótt Reykjavíkurborg sé ekki nema smáborg á heimsmælikvarða, þá búum við hér samt sem áður við mörg vandamál stórborganna. Vandamálin safnast hingað alls staðar að af landinu. Og það hefur æ of an í æ og frekast hin síðasti ár orðið einmitt hlutskipti okkar Reykvíkinga að axla ýmsar þær byrðar sem ekki hefur verið hægt að axla annars staðar og kannske ekki ástæða til, enda eitt og annað sem kallar þessi vandamál hingað í þéttbýlið, sem hefur upp á ýmsan stórborgarbrag að bjóða og um leið stórborgarvandamál.

Inn í svona kjara- og aðstöðuvísitölu, sem kannske ætti að kalla þetta, á að sjálfsögðu að taka miklu fleira en hv. flm. gat um. Það á að sjálfsögðu að taka þar með atvinnuöryggi og atvinnutekjur manna. Það á að taka t. d. hvað er fært til og á milli staða hér á Íslandi úr sjóðum almennings, sem ekki verða síst til í hinum þéttbýlu byggðum vegna margmennisins. Bendi ég þar t. d. á þá sjóði sem hafa safnast upp af fjölda þeirra sem eru í launþegasamtökunum og hafa verið ekki síst nýttir til þess að dreifa til annarra félagsmanna í þeirri hreyfingu og fjölskyldna þeirra víðs vegar um land.

Það er oft talað um innflutningsverslunina hér í Reykjavík, að hún sé hér öll og það sé hinn versti skaði fyrir fólk úti um land, að hún skuli vera hér, vegna flutningskostnaðar á vöru sem hér kemur á og að landi. Þetta er vissulega rétt. En ég bendi á það, að enginn er skyldugur til þess að vera með innflutningsverslun staðsetta hér í Reykjavík. Það er öllum frjálst að setja á stofn innflutningsverslun hvar sem er á landinu. Og mér er ekki betur kunnugt en að einmitt nú sé í vaxandi mæli verið að stofna til innflutningsfyrirtækja víðs vegar um land, m. a. þar sem eru hafnir og aðstaða til þess að taka við þessari vöru, hafnir sem hafa m. a. verið byggðar fyrir skattfé allra Íslendinga, sem við Reykvíkingar höfum aldrei fengið krónu af til þess að byggja fyrir eða utan um okkar skip hér í Reykjavík.

Svona mætti sjálfsagt áfram telja lengur ef við færum að togast á og tína til. Við skulum taka það líka með í reikninginn, að hér í Reykjavík búum við við fjarlægðarvandamál vinnandi fólks, sem kannske þekkjast ekki nema á örfáum stöðum öðrum á landinu, en eru verulega þýðingarmikil fyrir láglaunafólk, sem hvergi er meira um en hér í Reykjavík. Vissulega eigum við marga menn sem eru á góðum launum og hafa miklar tekjur, en það er hvergi meira á landinu hlutfallslega af fátæku fólki, láglaunafólki, öldruðu fólki, sjúku fólki en einmitt hér. Þetta er á margan hátt eðlilegt. Vegna fátæktar og smæðar þjóðarinnar hefur verið safnað saman hér á einn stað þeirri þjónustu sem við höfum ekki haft efni á að dreifa um landið. Það hefur ekki vantað vilja til þess að flytja sérfræðiþjónustu, heilsugæslu og sjúkraþjónustu út um landið sem víðast. Það hefur ekki vantað viljann til þess, okkur hefur vantað getuna til þess. Þess vegna hefur þetta sjúka og aldraða fólk leitað í æ ríkara mæli hingað á höfuðborgarsvæðið vegna þess öryggis sem slík þjónusta er þar fyrir þetta fólk. Það vill ekki og telur sig ekki geta, þótt það vildi, snúið aftur heim í sína heimahaga þar sem þessi þjónusta er ekki til.

Ég bendi ykkur á það líka, góðir hv. þm., sem talið á þann veg sem þið gerið stundum, — þegar þið viljið halda því fram, að við Reykvíkingar séum af hinu illa og viljum allt illt þeim sem úti um land búa, — ég bendi ykkur á það, að þið hafið margfaldan meiri hluta hér á hv. Alþ. fram yfir þann helming þjóðarinnar sem býr hér á þessu svæði. Og ef þetta vandamál er okkur að kenna, þá auðvitað getið þið ráðið fram úr því í krafti ykkar atkvæða hér á Alþ. Það þarf ekki alltaf að vísa þessum vanda beint til okkar, eins og það sé okkur að kenna í Reykjavík þótt einhvers staðar bjáti eitthvað á. Ég hef aldrei nokkurn tíma á þeim 20 árum sem ég hef átt sæti á Alþ. vitað annað en að reykvískir þingmenn væru fúsir til að taka höndum saman við þm. annarra kjördæma til þess að rétta hag einstakra landshluta og landsbyggðarinnar allrar þegar þörf hefur verið talin á.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í þessu landi á vitaskuld að búa ein þjóð og ekki tvær. Og allar tilraunir til þess að etja til misklíðar á milli þeirra, sem búa í þéttari byggðum þessa lands, og hinna, sem búa í hinum dreifðari, — allar slíkar tilraunir eru af hinu illa. Það er auðvitað svo, við vitum það, að um margt eru mismunandi sjónarmið og mismunandi aðstæður. Ég vil trúa því, að þáltill., sem hér er til umr., sé góð og heiðarleg tilraun til þess að bæta þar úr. Og ég vil segja það, að ég er allur af vilja gerður til þess að styðja þessa till., en verð þó að segja að ég skil hana ekki fyllilega.

Ef hér er fyrst og fremst verið að leggja til að hjá Hagstofu Íslands eigi á hverjum tíma með einhverju gefnu millibili að liggja upplýsingar um framfærslukostnað í hverju kjördæmi, upplýsingar sem við síðan getum tekið mið af, — ef þetta er ósk um slíkar upplýsingar, þá er þetta vitaskuld af hinu góða. En ef við jafnframt eigum að fara að skuldbinda okkur með hliðsjón af þeim útreikningum sem Hagstofan kann að reikna, þá er ég hræddur um að fljótlega versni í því og það af mörgum ástæðum. Hér erum við auðvitað að tala um gríðarlega flókið mál, t. a. m. það, að við erum ekki búin að leysa nema hluta af vandanum þegar við erum búin að finna framfærsluvísitölu í kjördæmum. Tökum stærstu — og þá á ég við landfræðilega — kjördæmi þessa lands. Það eru gríðarlega mismunandi aðstæður og lífskjör innan þessara sömu kjördæma, svo eitt af því, sem flækir þetta mál, sé tínt til.

Ég hygg að það sé spor í rétta átt að hjá tiltekinni stofnun liggi fyrir slíkar upplýsingar um framfærslukostnað í kjördæmum. Og ég hygg einnig að Hagstofan væri vel til þess fallin. En á þessu stigi málsins tel ég þó að eingöngu ætti að hafa þær upplýsingar til viðmiðunar og til að byggja á frekari hugmyndir.

Ég vil taka undir flest eða allt sem hv. 1. landsk. þm., Pétur Sigurðsson, sagði um þau vandamál sem við Reykvíkingar stöndum frammi fyrir að því er þetta varðar. Í grg. fyrir þessari till. er t. a. m. nefnt í sambandi við svokallaðan félagsmálapakka Breiðholtshverfi í Reykjavík. Það er rétt, að hér var gerð félagsleg tilraun, sem auðvitað hafði mikið og mest af kostum, en einnig

fjölmarga galla. Einn af stærstu göllunum er sá, að það fólk, sem þar býr, þarf nærfellt allt að fara gríðarlega langt til vinnu, hefur af því feikilegan kostnað, — kostnað sem er svo mikill að sambærilegt fyrirfinnst hvergi í hinum dreifðari byggðum af ástæðum sem auðvitað blasa við. Þetta mundi einnig koma fram í framfærsluvísitölu sem væri svæðabundin, og ég hygg að þetta sé ekki hugsað eingöngu með þarfir hinna dreifðari byggða fyrir augum. Þetta er væntanlega og áreiðanlega hugsað með þarfir landsins alls fyrir augum og þar með hinna þéttari byggða einnig. Og auðvitað hljótum við sem upplýst fólk að fagna slíkri tilraun.

Það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. 1. landsk. þm., Pétri Sigurðssyni, að það er mikið vandamál hér í Reykjavík, að hér eru raunveruleg og stór láglaunasvæði. Og þar sem fólk býr við hvort tveggja, svo lág laun að mannsæmandi geta ekki talist og þar að auki skerta félagslega þjónustu, m. a. vegna þess hvað þarf langt að sækja vinnu, eru þetta vandamál, eins og hv. 1. landsk. sagði réttilega, sem eru farin að líkjast vandamálum stórborga. Þetta er eðli málsins samkvæmt, en þetta tilheyrir auðvitað kjarna þessa máls.

Loks vil ég taka undir með hv. 1. landsk. um það, að framfærsla og framfærslukostnaður er vitaskuld stórt mál sem við bæði eigum að hafa um skoðanir og svo traustar upplýsingar sem kosið verður. En náskylt þessu og mál af sama meiði er hinn ójafni atkvæðisréttur. Ég held að það sé vel til fallið að undirstrika rækilega, að auðvitað er atkvæðisréttur til þess fallinn að búa fólki betri lífskjör. Til þess eru þingmenn m. a. Skekkjurnar í landinu eru orðnar afar miklar að því er þetta varðar, og þessi mál má gjarnan skoða saman.

Hins vegar versnar nú eiginlega í því þegar kemur að grg. þessarar till. til þál. Ég verð að segja, að mér koma fremur í hug bókmenntir eins og Basil fursti en Heimskringla Snorra þegar þessi texti er lesinn.

Hér er t. d. sagt í grg., — og ég játa að skilning minn brast, — hér er sagt: „Að mati almennings er skattur þessi fyrst og fremst lagður á almenna launamenn og aðallega þann hluta þeirra sem enga sjálfstæða atvinnu stundar.“ — Ég vona að ég sé með rétt handrit af þessu. Hvaða hluti launamanna er það sem enga sjálfstæða atvinnu stundar? — Og síðan er bætt við: „Frá þessu eru því til margar heiðarlegar undantekningar.“ Þessar heiðarlegu undantekningar, — ætli hér sé átt við skattsvikara? Og síðan heldur þessi texti áfram. Talað er um „opinbera starfsmenn sem eru tregir til búsetu úti á landi“. Já, það er það. Og síðan kemur: „hinn almenni maður“, sem virðist vera eitthvað annað en opinber starfsmaður. Ég verð að játa það, að ég vissi aldrei, það var aldrei gefið upp, hver þýddi Basil fursta, en það var afskaplega misjafnt að gæðum, málið á þeim texta á sínum tíma, og þykir mér Reykholti hafa farið aftur.

Hér eru fleiri atriðisrósir. Það er kafli um gjaldskrá opinberra fyrirtækja. Þar segir: „Það verður tvímælalaust að haga gjaldskrám opinberra fyrirtækja á þann veg, að ekki leiði til lífskjaramunar eftir landshlutum, og hitt er jafnfráleitt“ o. s. frv. Já, það stendur hér „prentað upp“ framan á þessari tillögu og ég er sennilega með vitlaust handrit af þessu.

En það er nú svo, að tímarnir breytast. Einu sinni bjuggu í Reykholti menn sem skrifuðu bækur. Þeir skrifa enn í Reykholti. Eitt get ég aðeins sagt: Það var illa ódrukkinn maður sem þennan texta skrifaði.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það þarf ekki mörg orð um þetta mál og síst af öllu skal ég efna til mikillar umræðu um það, ef það mætti verða til þess, eins og tillagan segir „að bæta úr ástandi deilna“, eins og þar stendur. Deilur eru miklar um þessi mál óneitanlega, og það hlýtur að vera eðli málsins samkvæmt, að menn eru ekki á eitt sáttir um hvernig jafna skuli lífskjör í þessu landi sem allra mest. Það er sama á hvaða þætti er litið.

Jafnréttismál landsbyggðarinnar hér á Alþ. hafa átt undarlega örðugt uppdráttar, það er rétt, miðað við þann meiri hl. sem við höfum þar, landsbyggðarmenn. Það bendir til þess, að við höfum ekki alltaf verið nægilega samstiga. Það bendir til þess, sem ég sagði í umræðu um ágætt frv. hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur um daginn í Ed., að við séum kannske öllu duglegri við að reka á eftir þessum málum þegar við erum í stjórnarandstöðu, en ekki alveg nógu dugleg þegar við höfum stjórnaraðstöðuna til þess. Þó hefur þetta verið misjafnt og öll reynum við nú eflaust að þoka þessu eitthvað til vegar, í hvernig aðstöðu sem við erum.

Ég held að eitt merkasta átakið, sem í þessu hefur þó verið gert, sem sagt skipulegt átak til þess að gera tilraun til jöfnunar á þeim þáttum sem minnt er á í þessari till., hafi verið þau störf sem svokölluð byggðanefnd stóð að á sínum tíma. Sá galli var aðeins á þeim störfum, að þau gufuðu upp af einhverjum óskiljanlegum ástæðum á árinu 1974—1978. En meðan þessi nefnd var og hét og var skipuð ágætum þm. allra flokka var töluvert að gert, m. a. að hennar frumkvæði framkvæmd sú neyslukönnun sem hv. flm. þessarar þáltill. minntist á, — neyslukönnun sem var að vísu miklu takmarkaðri og náði miklu skemmra en við höfðum ætlað okkur, sem stóðum að þeirri till., en átti að byggja á að nokkru leyti þann grunn sem verið er að ræða um í þessari till. En þegar þessari neyslukönnun var lokið var ekkert með hana gert, því miður, því vissulega hefði verið hægt að byggja nokkuð á henni, þó hún væri það takmörkuð að hún væri aðeins miðuð við fjóra þéttbýlisstaði, sinn í hverjum landshluta, og tæki aðeins til takmarkaðra þátta í neyslu fólks almennt.

Það var minnst sérstaklega á símann hérna og það mál tók byggðanefndin alveg sérstaklega fyrir, enda er, eins og hv. þm. Ingólfur Guðnason vék að, óréttlætið í þessum efnum kannske hvergi verra en þar. Hér á Alþ. var þá samþykkt till. um að unnið skyldi að þeirri jöfnun símgjalda sem hefur hægt og bítandi verið að gerast, en svo óskaplega hægt að helst minnir á ferðalag snigilsins. Og þegar við fórum að ræða þessi mál, símamálin sérstaklega, þá strandaði fyrst og fremst á okkar margfræga kerfi. Þetta var talið óframkvæmanlegt, það var talið útilokað vegna tæknilegra örðugleika ýmiss konar að koma þessari jöfnun á og á því strandaði beinn frumvarpsflutningur byggðanefndar. Menn treystu sér hreinlega ekki allir til þess að ganga þannig á móti tæknimönnunum og sérfræðingunum í þessu efni. Við vorum þó sumir á því, að þarna ætti að láta til skarar skríða, því að annars yrði ekki um jöfnuð að ræða.

Misréttið, sem við landsbyggðarmenn búum við, er vissulega á mörgum sviðum og margvíslegt og skal ekkert úr því dregið. Ég held að það bitni ansi miklu sárar á okkur en hinn skerti kosningarréttur bitnar á íbúum þéttbýlisins. Ég held sem sagt að við finnum miklu meira fyrir því. Bæði finnur landsbyggðarfólkið meira fyrir því efnahagslega og svo gagnvart ýmsu félagslegu réttlæti líka. Ég er hins vegar ekkert að draga úr því, að mönnum

líði illa í sambandi við atkvæðisréttinn sinn. Það er góðra gjalda vert að hugsa um hann líka, en ég ætla ekki að líkja þessu tvennu saman engu að síður.

En ef menn vilja þarna koma til móts við okkur, þá höfum við nú stundum, landsbyggðarmenn, sagt: Við skulum jafna þennan margfræga kosningarrétt og þið jafnið svo öll lífskjörin á móti, gjörið þið svo vel. — En við höfum aldrei fengið bein svör á þá leið, að menn væru fullkomlega reiðubúnir til þess arna, enda vissulega við nokkra erfiðleika að etja á báðum sviðum.

Hitt hefur mér aldrei dottið í hug, að kenna Reykvíkingum um hvernig hér er komið. Ég vorkenni Reykvíkingum á margan hátt, og þeim sem búa hér á þessu þéttbýlissvæði, m. a. vegna þess að ég sé mætavel ýmsa kosti þess að búa úti á landsbyggðinni, félagslega og menningarlega t. d. fyrir einstaklinginn. Ég dreg ekkert úr því. Og ég er alveg sannfærður um að fólk hér á þessu svæði býr við miklu meiri menningarlega og félagslega mötun heldur en við gerum þó úti á landsbyggðinni. Fólk tekur þar almennt miklu meiri þátt í ýmsu, sem gefur lífinu gildi, heldur en fólk hér á þessu svæði, því miður. Ég dreg ekkert úr þessu. Þess vegna búum við líka m. a. úti á landi, að við tökum þessa kosti inn í dæmið. Hitt er svo annað mál, að við lítum á það sem þjóðfélagslega skyldu, ekki skyldu Reykvíkinga eða annarra þéttbýlisbúa, heldur skyldu þjóðfélagsins í heild, að jafna lífskjör þegna sinna sem allra mest og þá alveg sérstaklega hvað snertir alla opinbera þjónustu. Þar hljótum við að gera til samfélagsins alveg sérstakar kröfur. Það er ekki svo að skilja, að margt hafi ekki áunnist, að ýmsu hafi ekki þokað til betri vegar. En þau dæmi, sem hér hafa verið rakin, sýna að við eigum auðvitað óralangt enn eftir til þess að ná þar fullkomnu jafnrétti. Og án þess að ég sé að efna til deilna við þéttbýlisbúa og kenna þeim um þessa hluti, þá verða menn auðvitað að gera sér það ljóst, að nákvæmlega eins og menn hér á þéttbýlissvæðinu ætla að jafna kosningarréttinn með því að fækka þm. af landsbyggðinni og fjölga þm. hér í þéttbýlinu, þá þýðir jöfnun lífskjara og jöfnun hinnar ýmsu opinberu þjónustu það vitanlega, að hún kemur niður að einhverju leyti á þeim sem við betri hag búa í þeim efnum. Þetta verða menn að gera sér ljóst og ættu að geta talað um það æsingalaust.

Síðast en ekki síst skulum við hafa það í huga, að þjóðfélaginu sem heild ber mikil skylda til þess að lífskjör þegnanna séu sem jöfnust, hvar sem þeir búa á landinu. Auðvitað dreg ég ekkert úr hinu heldur, sem t. d. launþegahreyfingin hefur í þessu efni gert, síður en svo, til þess að jafna lífskjör sinna þegna, þótt þar hafi oft tekist miður en skyldi einnig að jafna lífskjör innan þeirrar hreyfingar. Þetta skulu vera mín lokaorð hér, því að hér á ekki að vera um deiluefni að ræða, heldur skyldu okkar allra til að ná sem mestum jöfnuði. Um það ættum við öll að geta orðið sammála. En það hlýtur að koma við einhverja sem hafa betri aðstöðu og búa við betri kjör en hinir.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Þetta verða nú aðeins örfá orð. Það er út af því sem hv. 1. landsk. þm. sagði hér áðan, mér fannst hann beina orðum sínum til mín, að ég væri að kenna þéttbýlisbúum um þetta. Ég á von á því, að ekki sé sanngjarnt að skilja orð mín þannig. Ég er ekki að kenna neinum þéttbýlisbúa um þetta, engu byggðarlagi. En þetta er svona, og að sjálfsögðu er það okkar sameiginlega þjóðskipulag, sameiginlega þjóðfélag, sem hefur unnið svona að málum. Ég skil vandamál Reykjavíkur. Hér hef ég notið gestrisni ævinlega og hér þykir mér gott að vera. Og ýmsir vinir mínir hafa í vandræðum sínum flúið á náðir Reykvíkinga og þess skipulags sem hér hefur þróast. Vandamálin hér hafa e. t. v. skapast m. a. af þeim lífskjaramismun, sem kynni að vera hér og í þeirra heimahögum. Það er ekki það sem ég er að gera hér, að kenna einum eða neinum um, nema þá þjóðfélaginu öllu. En ég spurði hvort mönnum fyndist það sanngjarnt, að þessi mismunur væri milli þéttbýlissvæða hér við Faxaflóa og svo á Hornafirði, Raufarhöfn, Ísafirði, Siglufirði eða hvar sem það er. Ég ætlaði fyrst og fremst að leiðrétta þennan misskilning hv. þm.

Mér sýnist að samþykkt þessarar till. gæti að ýmsu leyti orðið til hagsbóta fyrir Reykjavík og þéttbýlissvæðin hér syðra. Það hefur oft verið imprað á því hér á Alþ., að það væri ekki eðlilegt og ekki sjálfsagt, að ágætum fyrirtækjum, eins og t. d. Strætisvögnum Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur o. fl., þessum ágætu fyrirtækjum væri haldið í dauðamörkunum vegna þess að maður norður á Hvammstanga eða norður á Raufarhöfn eða vestur á Súgandafirði fengi kauphækkun út á það, ef strætisvagnafargjöld hækkuðu hér í Reykjavík, eða ef því ágæta fyrirtæki Hitaveitu Reykjavíkur yrði gert kleift, skulum við segja, að lifa. Við þurfum að vita um þennan mun þannig að við getum tekið mið af þeirri vitneskju í ýmsum tilfellum. Ég er ekki reiðubúinn að segja hvenær á að taka til hans eða hvernig á að vinna úr slíkum upplýsingum, en fyrst af öllu verður að fá þær.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Ég held að sú þáltill., sem hér liggur fyrir, hafi ýmsa kosti. Sannleikurinn er sá, að á undanförnum mánuðum og árum hafa menn haldið uppi miklum umr. og deilum um ójöfn lífskjör í þessu landi. Og menn hafa beitt ýmsum aðgerðum og inngripum í efnahagslíf þjóðarinnar til jöfnunar án þess að þekkja þessa stöðu til hlítar eða hafa nein tæki til þess að bera hér nægilega vel saman. En fleira kemur til. Eins og allir, sem hér eru inni, vita vel, býr hin títtumrædda vísitölufjölskylda í Reykjavík. Afleiðingin af því er auðvitað sú sem allir þekkja, að fyrirtæki Reykjavíkurborgar fá ekki þá hækkun á gjaldskrám sem þeim er nauðsynleg.

Hitaveita Reykjavíkur stendur þannig í ár, að hún þarf að taka um 1600 millj. kr. erlend lán, fyrirtæki, sem er eitthvert mesta þjóðþrifafyrirtæki Íslendinga, fyrirtæki, sem selur orkuna á nálægt 1/8 af því verði sem kostar að kynda með olíu, er þannig statt að nánast má líkja við bónbjargafyrirtæki. Enn þá alvarlegra verður þetta mál þegar horft er til þess, að vatnsöflun Hitaveitunnar er nú með þeim hætti, að líklega þegar árið 1985 verðum við að hafa náð heitu vatni frá Nesjavöllum við Þingvallavatn. Þar er um gífurlega fjárfestingu að ræða og Hitaveitan algerlega vanbúin að ráðast í þá framkvæmd eins og nú er háttað. Allir, sem hér eru inni, þekkja hvernig statt er með Strætisvagna Reykjavíkur, sem Reykjavíkurborg verður líklega að leggja með um 2 000 millj. á þessu ári. En hver er ástæðan? Jú, ef við hækkum gjaldskrá strætisvagnanna í Reykjavík, þá fá allir á Fáskrúðsfirði launahækkun. Ef við hækkun hitaveitugjöldin í Reykjavík, þá fá menn á Patreksfirði launahækkun. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta, því að þessa sögu þekkja allir og hún er

Reykvíkingum til mikils óhagræðis og beinlínis háska þegar sérstaklega er litið til hitaveitunnar.

Þegar jöfnun lífskjara er rædd hefur hún venjulega og ævinlega verið miðuð við það sem dýrara er úti um land. Menn horfa þá síður til þess sem dýrara er hér í Reykjavík, en þar er um marga hluti að ræða. Stærð borgarinnar og dreifð byggð hefur það í för með sér, að það er bæði tímafrekt og kostar oft mikið bensín að komast á vinnustað, jafnvel að komast í verslanir eða komast um borgina. Slíkt er ekki metið þegar menn tala um jöfnun lífskjara. Tryggingar á bílum eru dýrari hér en úti um land. Sjálfsagt mætti þannig lengi telja. Ég held að það sé ólíkt dýrara á aflaeiningu að gera togara Bæjarútgerðarinnar út hér í Reykjavík heldur en togarana frá Ísafirði eða Vestfjarðatogarana, heima hjá flm. þessarar þáltill. Þar er ólíku saman að jafna og mikill aðstöðumunur. Og þó að hitaveitan sé ágæt hér í Reykjavík, þá gerum við ekki togarana út með hitaveitunni.

Ef framkvæmd þessarar þáltill. gæti gefið okkur nokkuð raunsanna mynd af því, hvað raunverulega kostar að lifa í þessu landi á hinum ýmsu stöðum, þá væri til nokkurs unnið. Og væntanlega gæti það orðið vísir að því, að breyting yrði gerð á framfærsluvísitölu, sem kaupgjaldsvísitala er síðan miðuð við. Ef slíkt yrði gert, þá mundi það vera hagur fyrir Reykvíkinga og fyrirtæki þeirra.

Flm. ræðir nokkuð um rauntekjur, sem hann vill reyndar skilgreina nokkuð þrengra eða ítarlegar en almennt er gert nú, og hygg ég að hann hafi nokkuð til síns máls í því. Ef menn athuga tekjudreifingu yfir landið, hygg ég að Reykvíkingar standi ekki orðið mjög ofarlega í því dæmi. Ég er hræddur um að það sé rétt, sem hefur komið fram hjá nokkrum ræðumönnum áður, að hér búi orðið margt lágtekjufólk. Og annað er það sem ég óttast í þessu dæmi líka, að atvinnulífið hér í Reykjavík, ef til samdráttar kæmi, muni reynast veikara en nánast nokkurs staðar úti um land. Því miður óttast ég að þannig standi. Það má kannske segja, að sem betur fer hafi Byggðasjóði tekist víðast hvar að treysta atvinnulíf svo úti um land að það standi nú sterkt. Ef menn vilja meta alla þætti málsins og kannske nokkuð víðar en till. segir beint til um og í þeim anda, sem mér virðist flm. ætlast til, þá hygg ég að það sé öllum til góðs að fá till. samþykkta og framkvæmda.

Einu vil ég þó við þetta bæta. Auðvitað hlýtur það að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir okkur, hversu víðtækt bákn menn eru hér að hugsa um. Ekki undir neinum kringumstæðum get ég léð því eyra, að menn ætli að setja upp einhvers konar hagstofur úti um allt land. Þessa framfærsluvísitölu hlýtur að vera hægt að reikna á tiltölulega ódýran hátt, þannig að sæmilega megi við una. En vara verður við því, að stefnt sé að einhverri útþenslu Hagstofunnar eða ríkisbákns með þessu. Að öðru leyti vil ég segja það, að ég hygg að þegar allt kemur saman og er saman lagt sé þessi till. til bóta.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég get ekki deilt þeim meiningum, sem hér hafa komið fram, um að ástæða sé til þess að framkvæma útreikninga á vísitölu framfærslukostnaðar í hverju einasta kjördæmi í landinu. Ég sé t. d. ekki að nein rök séu fyrir því að greina framfærslukostnað hér í Reykjavík frá framfærslukostnaði í Kópavogi, sem er í Reykjaneskjördæmi. Mér finnst að í þessari till. beri nokkuð á því, sem heyrist mjög oft í málflutningi hér á hv. Alþ., að gerð sé tilraun til þess að greina landsmenn í sundur eftir því, hvar þeir búa fyrst og fremst, en ekki eftir því, hvernig þeir lifa, sem er auðvitað höfuðatriðið þegar allt kemur til alls.

Lífskjör eru vafalaust mismunandi hér eftir landsvæðum og landshlutum, en þau verða aldrei jöfnuð nákvæmlega alls staðar, ekki einu sinni í Reykjavík sjálfri. Hér í Reykjavík er um að ræða ákaflega mismunandi lífskjör. Hér er um að ræða fólk sem er með verulega lágar tekjur. Hér er líka um að ræða fólk sem hefur geysilega háar tekjur. Reykvíkingar eru ekki eitt að þessu leytinu til. Þess vegna leysir það í sjálfu sér ekki vanda nokkurs manns að deila vísitölu framfærslukostnaðar niður eftir landfræðilegum forsendum, eins og hér eru gerðar till. um.

Ég vildi í rauninni helst vera á móti svona till. Ég tel ekki að hún leysi nokkurn skapaðan hlut, að fara að reikna út vísitölu framfærslukostnaðar eftir hverju kjördæmi á þriggja mánaða fresti. Ég spyr: Af hverju ganga menn ekki lengra? Af hverju reikna menn ekki út vísitölu framfærslukostnaðar í Breiðholtinu? Hún er nefnilega há. Af hverju reikna menn ekki út vísitölu framfærslukostnaðar t. d. á Fáskrúðsfirði eða á einstökum slíkum stöðum úti á landi? Þar er vafalaust um að ræða mismunandi kostnað hjá hverjum einstaklingi miðað við það sem er kannske í næsta byggðarlagi.

Ég tel að í rauninni sé enginn vandi leystur fyrir það fólk, sem á að lifa við þau kjör sem mæld eru eftir vísitölu framfærslukostnaðar, með því að fara að skipta henni niður eftir landssvæðum, eftir því hvað þau heita hér í þessu landi. Hins vegar er sjálfsagt að athuga vandlega hvernig landsfólkið býr í heild. Við Reykvíkingar höfum aldrei verið neitt sérstaklega ánægðir með það, að margumtöluð vísitölufjölskylda skuli búa hér í Reykjavík, vegna þess að það hefur valdið okkur margvíslegum óþægindum í sambandi við borgarmálefni hér í Reykjavík. Við getum vel hugsað okkur að vísitölufjölskyldan flyttist a. m. k. að hluta til út fyrir borgarmörkin.

Nú vill þannig til, að fyrir nokkrum mánuðum hófst undirbúningur að neyslukönnun fyrir nýjan grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Ég kvaddi mér aðallega hljóðs nú til að vekja athygli á því, að þessi neyslukönnun hefur staðið yfir um nokkurra mánaða skeið og hún er á ábyrgð Hagstofu Íslands. Þar er reynt að kanna tilkostnað manna við framfærslu á ýmsum stöðum á landinu. Það er síðan allt saman sett í einn pott og reynt að reikna út eina vísitölu fyrir allt Ísland, en ekki fyrir hvert kjördæmi út af fyrir sig. (**Gripið fram í:** Það er mjög ótrúlega gert.) Íslendingar eru ein þjóð í einu landi og eiga að vera. Það á ekki að gera tilraun til þess að kljúfa menn niður með mælikvörðum sem eru jafnmisvísandi og vísitölur framfærslukostnaðar.

Það er rétt, að á undanförnum árum hefur það verið að gerast, að framfarir hafa orðið verulegar til jöfnunar lífskjara hér í landinu milli landshluta. Verulegar framfarir hafa átt sér stað í atvinnumálum úti á landi á síðasta áratug, síðustu 10, 12, 15 árum. Verulegar framfarir hafa þrátt fyrir allt átt sér stað á þessu sviði úti á landi, einnig í sambandi við heilsugæsluna, eins og þeir þekkja sem eru utan af landi. Og enginn er að sjá ofsjónum yfir þessu. En þarna hafa átt sér stað framfarir, þannig að raddir eins og þær, að landsbyggðin hafi orðið afskipt vegna þess að við þm. Reykv. höfum verið á móti fólkinu sem býr úti á landi, slíkar raddir eru fráleitar. Ég held að á Alþ. hafi komið fram fullur vilji til þess frá þm. í öllum flokkum, úr

hvaða kjördæmi sem þeir hafa verið, að reyna að jafna lífskjörin í landinu. En það má ekki ganga svo langt í þessum efnum að það verði til þess að höfuðstaður landsins hætti að vera höfuðstaður, að framkvæmdir í Reykjavík séu þannig vanræktar í atvinnumálum og félagsmálum að Reykjavík sitji á hakanum og verði að sumu leyti félagslega séð eitt veikasta byggðarlag í landinu. Þá er vitlaust að verki staðið. Það má ekki gerast, vegna þess að ein okkar meginskylda er að hafa vit á því að virða þann skilning, að við eigum myndarlega höfuðborg í þessu landi, hvað sem öllu öðru líður.

Ég minni á það, að á mörgum sviðum hefur okkur tekist allvel að búa í hinum dreifðu byggðum þessa lands að mínu mati. Ég tel hins vegar að á mörgum sviðum hafi okkur ekki tekist nægilega vel í þéttbýli, að við höfum ekki lært nægilega vel að búa í þéttbýli. Við kunnum það ekki nægilega vel. T. d. að taka að því er varðar heilsugæslu hér á þéttbýlissvæðinu, þar standa mál afar slaklega. Og ég vil einnig minna í þessum efnum á atvinnumálin. Ég held að við höfum ekki verið nægilega ötul við að byggja upp grundvallaratvinnuvegi hér í Reykjavík á undanförnum árum og áratugum. Ég er þá ekki að kasta rýrð á neinn. Ég er ekki að ráðast á þá menn sem borið hafa ábyrgð á málum hér á undanförnum árum. En þannig blasir við í dag. Og ef við vanrækjum lágmarks félagslega þjónustu í höfuðstað landsins, látum atvinnuvegi höfuðstaðarins grotna niður, þá flýr fólkið höfuðstaðinn og þá er hann enginn höfuðstaður þessa lands lengur. Þannig vill ábyggilega enginn, ekki heldur þeir þm. sem eru utan af landi, búa að Reykjavík.

Ég gat ekki látið hjá líða að láta þessi orð falla í framhaldi af þeirri umr. sem hér hefur farið fram. Ég geri mér grein fyrir því, að menn eru orðnir þreyttir og lúnir og hér hefur verið lengur þingdagur þegar og langur fram undan. En umr. eins og þær, sem ég hef heyrt hér í kvöld, hef ég oft heyrt áður á hv. Alþ. Ég var þingfréttaritari fyrir Þjóðviljann í þrjú eða fjögur ár og hlýddi á umr. af þessu tagi æðioft. Mér leiddust þær dálítið vegna þess að mér fannst þær horfa fram hjá þeim kjarna málsins, að þrátt fyrir allt og allt þurfum við auðvitað að stuðla að jöfnuði milli byggða í landinu, sem jöfnustum lífskjörum, en við þurfum líka að muna það, að við þurfum að eiga myndarlegan höfuðstað í þessu landi.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Undir þeim umr., sem hér hafa orðið um till. til þál. um útreikning framfærsluvísitölu í hverju kjördæmi, komu upp í huga minn ýmsar fyrri umr. um þessi mál, og ég vildi af því tilefni segja hér nokkur orð.

Ég get ekki, eftir að vera búinn að kynna mér till. og hlusta á umr. um hana hér, tekið undir hana sem neina lausn í því máli sem hér er til umr. Það hefur oft hér á Alþ. verið rætt um misjöfn lífskjör meðal manna og það eftir landshlutum. M. a. út af þeim umr. á undanförnum mörgum árum hygg ég að skipuð hafi verið sérstök nefnd, byggðanefnd, 1972 eða um það leyti. Þeir menn, sem í þeirri nefnd störfuðu, lögðu sig áreiðanlega fram um það, með hverjum hætti þeir gætu jafnað lífskjörin best. Samt hefur úrlausnarefni þeirra orðið það erfitt, að ég minnist þess ekki að komið hafi frá þeim nefndarálit. Þó held ég að í nefndinni hafi verið hinir röskustu menn. Ég man ekki um þá nærri alla, en mig minnir að formaðurinn væri núv. hæstv. sjútvrh. Þeir komu ekki fram með þá hugmynd, að reiknuð yrði út vísitala fyrir hvert kjördæmi. Og mér liggur við að segja að hafi verið afrek út af fyrir sig að losna við slíka uppástungu, því að ég fæ með engu móti séð að það leysi neinn vanda í kjörum manna að reiknaðar séu út margar vísitölur í jafnlitlu landi og Ísland er.

Ég er mjög ánægður yfir því, að ég varð þess var í máli hæstv. félmrh. að hann er um þetta efni nákvæmlega sömu skoðunar og ég, að það, sem þarna gildir, sé að finna út rétta vísitölu fyrir landið allt, byggja hana ekki upp á allt of þröngu svæði, allt of óraunverulega, eins og hér er gert. Það, sem mér sýnist að þurfi að gera í þessum efnum, er í fyrsta lagi að gera nýjan grundvöll að vísitölunni og í öðru lagi að styrkja hana með því að kanna framfærsluna hvarvetna í landinu. Ef það er gert af nægilegri gaumgæfni og inn í hana teknir þeir þættir sem máli skipta í sambandi við framfærsluna, þá er ég viss um að það verður miklu vænlegra til þess að fá út nokkuð það, sem stefnir lífskjörunum í rétta og eina átt í landinu, heldur en sú leið sem hér er stungið upp á að fara í þessu efni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið, hafa oft farið fram hér umr. um þessi mál á svipuðum grundvelli og orðið hafa í kvöld. Menn líta misjöfnum augum á það, hvernig eigi að standa að því að reyna að jafna aðstöðumuninn í landinu. En ég skil ekki að það sé auðvelt að jafna þennan mun nema kannað sé til hlítar hvað hann er mikill. Og hvað er á móti því að slík úttekt sé gerð?

Þessi þáltill. er að mínu viti kannske of þröng, vegna þess að ef á að athuga þennan aðstöðumun í raun og veru, þá er t. d. ekki nóg að taka höfuðstað Norðurlands, ef ég hugsa til míns kjördæmis. Það mundi allt annað koma út úr þeirri athugun heldur en ef tekið væri t. d. strjálbýlið, sem mest er í N-Þingeyjarsýslu. Það er hægt að taka sýsluna í einu lagi, jafnvel suðursýsluna líka. Þetta stafar af því að það eru, betri kjör sem fólk á Akureyri býr við, miðað við t. d. raforkuverð o. fl., sem hefur ekkert lítið að segja eins og þau mál standa í dag.

Ég skil það ekki, að menn skuli vera á móti því að þessi könnun fari fram, svo að menn standi þá frammi fyrir því hver þessi munur er. Menn verða að athuga það, að ekki verður til frambúðar búið í þessu landi nema þessi munur sé minnkaður frá því sem hann er.

Hv. þm. tala um símakostnaðinn. Hvað halda menn að kosti margfalt meira að reka fyrirtæki norður á Húsavík eða norður á Akureyri eða austur á Egilsstöðum en að reka fyrirtæki og hafa samband við opinberar stofnanir á þessu svæði hér. Þetta er svo stór liður, — ég hef horft á þennan lið hjá mörgum fyrirtækjum, — að það er ofboðslegt. Það er auðvitað líka ýmis annar kostnaður og aðstöðumunur.

Það er ekki verið að tala um að jafna allt. Það er verið að tala um framfærslukostnaðinn. Mér fannst það vera dálítill misskilningur sem kom fram hjá hæstv. félmrh. Við vitum að það er mikill launamunur í landinu. Í þessu tilviki er aðeins verið að ræða um einn þátt þessara mála, þ. e. hvað framfærslan kostar í sjálfu sér á hverjum stað á landinu, og reyna að jafna hana eða gera okkur grein fyrir því hver hún er a. m. k.

Tveir hv. þm., hæstv. félmrh. og hv. þm. Vilmundur Gylfason, sögðu að það væri ein þjóð sem byggi í landinu. Það er það sem við höfum álitið. Og við höfum álitið að þeir, sem stjórna landinu, ættu að gera svipað við sín

börn. En réttlætið nær ekki svo langt. Þegar á að fara að jafna þennan mun, þá stendur í mönnum. Þetta er nú jafnaðarmennska í lagi. Nei, menn verða að gera sér fulla grein fyrir því, að borgríki stenst ekki í þessu landi. Ég er alveg klár á því, að við þurfum að viðhalda höfuðborginni. Hún þarf auðvitað að þróast á eðlilegan hátt. En hún má ekki verða risi, allt of mikill risi á þjóðarlíkamanum, vegna þess að ég held að við munum ekki hafa góð lífskjör í þessu landi þegar fram líða stundir nema við getum nytjað gögn þess og gæði til lands og sjávar. Það hlýtur að vera hagur fólksins úti á landi, að mannlíf þróist hér á eðlilegan hátt og með góð lífskjör. Á sama hátt er það hagur Reykvíkinga að það sé t. d. ekki of ör flutningur fólks til Reykjavíkur. Það hefur komið fram hjá sumum hv. þm., að atvinnuuppbyggingin hér sé ekki nógu góð. Ég er alveg á sama máli. Ég hef bent á það oft, að á undanförnum árum hafi einkaframtakið hér í Reykjavík ekki beitt áhrifum sínum og afli nógu mikið til þess einmitt að undirbyggja hér atvinnulífið. Við höfum unnið að því úti á landi, yfirleitt á félagslegum grundvelli, eftir því sem hægt hefur verið. Ég held að það væri ekkert gott fyrir það fólk, sem býr hér, ef nýr straumur kæmi utan af landsbyggðinni hingað. Það væri ekki heldur gott fyrir þjóðina í heild.

Ég held að með því að breyta þessari þáltill. þannig, að gerð yrði úttekt á svæðunum, ekki beinlínis í kjördæmunum, heldur á svæðunum, þannig að menn geti gert sér grein fyrir því, hver þessi aðstöðumunur er í raun og veru, þá sé frekar hægt að vonast til að samstaða náist á Alþ. til þess að minnka þennan mun a. m. k. Og ég er alveg sammála hv. þm. Helga Seljan um það, að við erum *tilbúnir að ræða jöfnun atkvæðaréttarins samtímis* því að önnur aðstaða er jöfnuð í þessu landi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki ástæða til að hafa langt mál um þá till. sem hér er til umr. Efnisatriði hennar eru að mínu viti svo sjálfsögð að í raun og veru þyrfti ekki að deila um það hér, að rétt væri og réttlætanlegt er að slík könnun sem þar er um talað verði gerð.

Það er út af fyrir sig rétt, sem menn hafa komið inn á sumir hverjir, að það eru vandamál hér í Reykjavík eins og eru úti á landsbyggðinni, þó þau séu annars eðlis. Ég hef ekki heyrt neinn þm. kenna Reykvíkingum um þau vandamál sem við er að stríða víðs vegar á landsbyggðinni. Auðvitað hafa ráðið ferðinni óheillavænleg áhrif stjórnarstefnu margra ríkisstj. langt aftur í tímann. Ég skal ekki fara að rifja það upp, en ég held m. a. s., og það hygg ég að þm. Reykv. gætu verið mér sammála um að a. m. k. megi segja að þessi þróun hafi skapað Reykjavík mörg vandamál sem ella hefðu ekki komið upp, ef það hefði verið meiri jöfnuður milli landshluta en raun ber vitni.

Ég var nokkuð hissa á ræðu hæstv. félmrh. áðan, ekki síst með tilliti til ræðu flokksbróður hans rétt áður, hv. þm. Hega Seljan. Ég sé ekki hvað er því til fyrirstöðu að Hagstofan reikni út vísitölu eins og hér er um talað, þannig að menn sjái í reynd hver mismunurinn er. Menn hafa deilt og deila enn um hver sá mismunur er. Ég held að það væri æskilegt allra hluta vegna að hann yrði fundinn. Þá fengju menn það svart á hvítu sæju hvaða munur er.

Hæstv. félmrh. sagði áðan, að hann væri sammála því að það þyrfti að jafna mun sem væri milli annars vegar þéttbýlissvæðanna hér og hins vegar hinna dreifðu byggða. En auðvitað verður sá munur ekki jafnaður nema því aðeins að talað verði um hann og fundið verði út hver munurinn er og síðan bót á honum ráðin. Öðruvísi verður ekkert gert.

Það er út af fyrir sig rétt, sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði áðan, að dreifbýlisþingmenn í þeirri merkingu, sem ég hef það orð í, eru í meiri hluta á Alþ., og þeir gætu og hefðu getað haft meiri áhrif á að þessi mismunur væri minni en hann er ef þeir væru betur samstiga í málum. En það verður að viðurkennast að þar hefur á skort. Ég vil því biðja hv. þm. Pétur Sigurðsson að taka það ekki svo að það sé verið að kenna honum eða öðrum Reykvíkingum um hvernig þessi mál hafa verið og eru. Þar eiga a. m. k. *aðrir líka hlut að máli, ekki síður.*

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði áðan að það væri ólíkt hagstæðara að gera út togara — ja, hann sagði: frá heimabyggð flm. Í Reykholti? Ég hygg að hann hafi meint Vestfirði, en hann sagði: frá heimabyggð hv. flm. Ég tók það svo að hann ætti við Vestfirði. Taldi hann hagkvæmara að gera út t. d. togarana þaðan en frá Reykjavík. Ég dreg mjög í efa að hér sé rétt fram haldið. Ætli allur tilkostnaður útgerðarfyrirtækis t. d. vestur á fjörðum eða norður í landi sé ekki miklum mun hærri en hann er á Reykjavíkursvæðinu? Ég hygg að það sé heldur á hinn veginn, að miklu óhagstæðara sé bæði að gera út togara úti á landsbyggðinni og reka atvinnufyrirtæki þar vegna þess tilkostnaðar sem í kringum það er, því að slík fyrirtæki verða að fá alla sína þjónustu eða svo til alla frá Reykjavíkursvæðinu, og menn vita hvað það kostar úti á landi. Kannske hafði þetta verið rétt hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni hefði hann verið að tala um Reykholt. Það væri nær sanni að hagstæðara væri að gera út togara hér en þar.

Blessuð byggðanefndin hefur komið hér inn í umræður. Það er rétt, sem hv. þm. Steinþór Gestsson sagði áðan, að sú nefnd skilaði aldrei áliti eins og hún átti að gera í raun og veru og leggja fyrir þingið. Eigi að síður held ég að margt gagnlegt hafi komið fram í starfi þeirrar nefndar. Eins og var vitnað til áðan af hv. þm. Helga Seljan var það fyrir hennar tilstilli að vísir var gerður að útreikningi á framfærslukostnaði víðar en hér í Reykjavík. Sá útreikningur sýndi að það er að verulegu leyti óhagstæðara gagnvart framfærslukostnaðinum að búa á hinum ýmsu stöðum út á landi.

Það má vera rétt, sem hæstv. félmrh. sagði áðan, að lífskjör verði aldrei jöfnuð algerlega. En fyrr má nú vera. Nú er svo komið ójöfnuðinum að mikið má gera til að þau verði jöfnuð algerlega. Það er t. d. alveg augljós einn þáttur í sambandi við hinn mikla ójöfnuð, en það er upphitunarkostnaðurinn. Ég hygg að ekki sé fjarri sanni að launamaður t. d. á Vestfjörðum þurfi að þéna sem svarar 1.5 millj. kr. meira bara vegna þess þáttar en t. d. launamaður sem býr á Reykjavíkursvæðinu og nýtur hitaveitu. Það er ekki svo lítið. Þessi eini þáttur kostar þetta eins og málin standa. Vonandi lagast það áður en langt um líður. En nóg er eftir samt.

Ég tek undir það sem menn hafa sagt hér, — það er verst að Vilmundur er farinn, — en það er komið aftur að því máli sem hann hóf umræður um í dag. Þá voru menn að tala *um jöfnun atkvæðisréttar. Ég hygg að það mundi* ekki standa á þm. landsbyggðarinnar eða dreifbýliskjördæmanna að bjóða að jafna atkvæðisrétt á sama tíma og annar ójöfnuður í landinu milli dreifbýlisins og þéttbýl-

ísins yrði úr sögunni. Ef hvort tveggja yrði gert samtímis hygg ég að ekki muni standa á dreifbýlisfólki að fallast á slíkt. En meðan menn tala um misvægi atkvæðanna sem mesta óréttlætið í landinu og sjá ekki annað er eðlilega ekki til umræðu af hálfu dreifbýlisfólks að skera upp herör til að minnka áhrif dreifbýlisins í löggjafarsamkomunni.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að segja að það er heldur óþægilegt, að mér finnst, að vera barinn augum í hvert skipti sem hv. 6. landsk. þm. kemur í ræðustól, og má segja að það sé alveg sama hvar ég sit í salnum. En ég verð víst að þola það.

Ég vil taka undir með honum, að að sjálfsögðu ber að leiðrétta allt það misræmi sem er í þjóðfélaginu á þann hátt sem heildinni er fyrir bestu. Ég býst við að það sé það sem hv. þm. hafði í huga.

Hvað varðar þáltill., sem hér liggur fyrir, vil ég taka undir með þeim hv. þm. sem telja rétt að verða við þeim tilmælum sem hv. flm. hefur þar sett á blað, þó ég skilji hann ekki nógu vel. Það stendur t. d. í grg., með leyfi forseta:

„Till. þessi til þál. er flutt til að bæta úr ástandi deilna um mismun á framfærslukostnaði eftir landshlutum."

Ég skil það þannig, að hv. flm. vilji komast að þeirri niðurstöðu, hvort þessar deilur séu réttlætanlegar eða ekki. Á þeim forsendum er ég sammála og mun styðja þáltill. En síðan heldur áfram í grg.:

„Hliðstæð kjör innan sömu starfsstétta eru forsenda þess, að viðkomandi stétt dreifist eðlilega um landið."

Nú vill svo til að það eru margar stéttir í Reykjavík og í þéttbýliskjörnum eins og Reykjavík sem ekki finnast annars staðar á landinu. Þetta er ekki hártogun af minni hálfu, heldur aðeins ábending.

Breiðholtshverfi og ég vil bæta við Árbæjarhverfi eru orðin það fjölmenn að nær helmingur borgarbúa, má segja, býr þar nú, á milli 30 og 40 þús. manns. Það segir sig sjálft að lífskjörin milli borgarhluta verða aldrei jöfnuð. Það er gersamlega útilokað. Ég vil geta þess, að þeir, sem stunda atvinnu í borginni, því stærsti vinnumarkaðurinn er í kringum Reykjavíkurhöfn eða annars staðar innan gömlu borgarmarkanna, eru aldrei undir 1/4 af þeim sem búa í Breiðholtinu, við skulum segja upp undir 10 þús. manns. Þessi 10 þús. manns þurfa að ferðast a. m. k. klukkutíma á dag með strætisvögnum ef umferðin er skapleg á þeim tíma sem þeir fara í vinnu. Það fer því gríðarlega mikill vinnustundafjöldi í að ferðast á milli. Það eitt er ójöfnuður t. d. miðað við okkur sem búum við hjarta borgarinnar og erum í göngufæri við vinnustaði og hins vegar þá sem verða að fara hingað í borgina ofan úr Breiðholti.

Því til viðbótar er hægt að segja að þessi stærri helmingur borgarbúa hafi svo til enga þjónustu, heilsugæslustöðvar að vísu, en enga þjónustu aðra, hvorki löggæslu, sjúkraflutninga né sjúkrahús. Á sumum tímum sólarhrings, t. d. þegar fólk er að fara í eða úr vinnu í stórum hópum, komast þjónustutæki alls ekki á milli með þeim hraða sem nauðsynlegt er. Oft getur munað mannslífum. Það hefur komið fyrir að kviknað hefur í í Breiðholtinu og slökkvibíla hefur tekið óvenjulangan tíma að komast á staðina. Sama er uppi á teningnum ef slys eiga sér stað á þessum tíma o. fl.

Það er margt sem verður aldrei jafnað að fullu innan borgarinnar. Og það gerir ekkert til þó að það komi hér fram, að þjónustugjöld stofnana í Reykjavík, sem hafa komið hér á dagskrá, hafa ekki hækkað í hlutfalli við aukinn rekstrarkostnað. Ég held að slíkt eigi sér stað í öllum þjónustustofnunum borgarinnar. Hækkanabeiðnir borgarstjórnar hafa venjulega ekki verið samþykktar, vegna þess að þær fara inn í vísitölureikning. Hvað þýðir þetta fyrir Reykjavíkurborg? Tökum dæmi um eitt fyrirtæki sem hér hefur líka verið talað um, þ. e. Strætisvagna Reykjavíkur, vegna þess að fargjöldin hafa ekki hækkað reglulega. Niðurgreiðsla borgarsjóðs á s. l. ári er um 1 milljarður kr. Hefðum við fengið þessi þjónustugjöld hækkuð hefðu þau komið inn í vísitöluna. Það er m. a. sá hluti sem kemur eingöngu niður á borgarsjóði, en dreifist ekki á þjóðfélagið í heild. Það var talað um það einhvern tíma, ég man ekki hvað langt er síðan, að á líkan hátt hvíldu milli 4 og 5 milljarðar á borgarsjóði vegna þess að ýmis gjöld stofnana borgarinnar hefðu ekki fengið að hækka reglulega og eðlilega.

Það hefur komið fram í umr. hér, að ýmsar aðrar þjónustustofnanir á vegum einstaklinga, eins og t. d. heildverslanir, væru hér á Reykjavíkursvæðinu og það væri ákveðinn aukakostnaður við að ná sambandi við þann vörumarkað, sem er á stór-Reykjavíkursvæðinu, og svo aukakostnaður af sendingu til annarra landshluta. Þetta er alveg rétt. En það er langt síðan gerðar voru tilraunir, sem eru því miður enn þá á tilraunastigi í þeim landshlutum það sem mætti kannske halda að skilningur væri meiri vegna fenginnar reynslu, til að lækka vöruverð og lækka allan tilkostnað. Á ég þar við tollvörugeymslu á Reykjavíkursvæðinu sem var reist til að hafa vörur á lager í Reykjavík og geta dreift þeim með litlum tilkostnaði til neytenda og þá í tiltölulega litlu magni hverju sinni þótt vörubirgðir í tollvörugeymslu væru miklar. Oft eru þessar vörubirgðir á kostnað erlendra aðila. Tollvörugeymslan í Reykjavík hafði forgöngu um að stofna tollvörugeymslu á Norðurlandi. Með því að flytja vörur í stórum síl beint í tollvörugeymslu á Norðurlandi átti að minnka allan flutningskostnað til neytenda frá þeirri miðstöð og þar með létta á landsbyggðinni, þ. e. á Norðurlandi. Hún átti líka að vera fyrir Austurland, en kostnaðurinn við að dreifa vörum frá Norðurlandi til Austurlands var ekki miklu minni en að dreifa vörunni beint frá Reykjavík til Austurlands. Þá var gerð tilraun til að stofna tollvörugeymslu á Austurlandi. Sú tilraun er að sjálfsögðu ekki enn komin í framkvæmd.

Við hér í Reykjavík höfum boðið öðrum landshlutum alla þá aðstoð við að ná sömu hagkvæmni í innkaupum og þar með minnka dreifikostnaðinn og Reykvíkingum er boðið. En skilningurinn er ekki enn þá þannig í viðkomandi landshlutum að því boði hafi verið tekið, a. m. k. ekki enn þá á Austurlandi. Þegar skilningurinn verður fyrir hendi geta Austfirðingar, eins og Norðlendingar eru byrjaðir að gera, sameinast um miklu særri innkaup, miklu hagkvæmari innkaup, látið erlenda framleiðendur eiga vöruna á staðnum og þar með stórminnkað allan tilkostnað. Þannig eru það ekki bara vondir Reykvíkingar sem reyna að hafa af landsbyggðarmönnum, við erum líka að reyna að hjálpa til. — Þetta er meira til að svara því, sem komið hefur fram í umr. um þessa till., en um till. sjálfa.

Þá vil ég segja að það tók þá aðila, sem standa að tollvörugeymsluhugmyndinni sem er alveg nýr viðskiptamáti hér á landi, tvö ár að fá ráðamenn, sem voru ekki sú ríkisstj. sem nú situr, til að skilja hugmyndina.

Það tók annað ár að koma reglugerð í gegn vegna tortryggni um að hér væri um nýja viðskiptahætti að ræða. En eftir að öll pappírsvinna var fullunnin hefur ekkert fyrirtæki verið eins traust í tollgæslu og meðhöndlun á vöru og tollvörugeymslurnar eru, ekki einu sinni tollþjónustan sjálf. Þetta sýnir að við erum oft fastir í gömlum vinnubrögðum. Við erum í viðjum gamalla vinnubragða. Það er kominn tími til þess að við hættum að reka stórfyrirtæki — við skulum jafna þjóðinni við stórfyrirtæki — með úreltum aðferðum. Ég held að við getum allir verið sammála um að þjóðfélagið verður best rekið með því að taka upp nýtískulegri vinnubrögð á flestum og helst öllum sviðum en hingað til hafa verið tíðkuð og stórhuga vinnubrögð, breyttar aðferðir sem allir landshlutar og þá öll landsins börn njóti góðs af.

Ég tel ekki að Reykvíkingar standi að því að skapa hér einhvers konar borgríki. Það er langt frá því. Það er alveg rétt, að höfuðborgin má ekki verða neinn risi innan samfélagsins. Það er engum til góðs, ekki höfuðborginni sjálfri og síst af öllu Reykvíkingum, því viss kvöð og fjárhagsleg byrði, sem hefur verið reiknuð út og ég gat um fyrir einum tveimur árum úr þessum ræðustól, hvílir á höfuðborgum almennt og er höfuðborgarskylda. Það kostar peninga að vera höfuðborg, en auðvitað kemur annað á móti, það segir sig sjálft.

Ég vil benda á og taka sem dæmi tvær till. sem ég flutti á síðasta þingi og varða Póst og síma. Þær voru í þá átt, að símaskólinn og öll viðgerð á símatækjum, allur innflutningur á símatækjum og öll fjárfesting í varahlutum í slík tæki verði lagt niður. Sú gríðarlega mikla upphæð, sem fer í að fjárfesta í varahlutalager sem verður kannske úreltur og tapast, er gjaldeyrir sem fer í súginn. Fjárfesting í símatækjunum sjálfum verði lögð niður sú gríðarlega stóra upphæð, sem fer í þann þátt starfrækslu Pósts og síma, verði notuð til að símvæða landið. 200 þús. manna borg er ekkert voðalega stór borg erlendis. Við erum ekki miklu fleiri. Við skulum reikna með að við séum 250 þús. Við þurfum kannske um tvisvar, þrisvar sinnum fleiri símatæki, en ekki miklu fleiri númer í langan tíma. Það er engin risaframkvæmd, en það eru miklar fjarlægðir. Ég hef þá trú, að ef við símvæðum landið með sjálfvirkum síma ættum við að geta haft mjög lítinn mun á langlínusamtölum og innanbæjarsæmtölum og sama mun á langlínusamtölum hvort sem þau eru til eða frá höfuðborginni eða ekki.

En hvað vildi ég fá í staðinn? Ég vildi fá sjálfstætt fólk. Ég vildi að rafvirkjar lærðu að gera við síma, lærðu að setja upp síma, að sjálf aðveitan ætti sér stað á nákvæmlega sama hátt og er með vatnsveitur, hvort sem það er heitt eða kalt vatn, eða rafmagn, að Póstur og sími legði að og inn í hús, en allt sem færi fram innan dyra væri á vegum hins frjálsa fagmanns, innflutningsfyrirtæki flyttu inn símatækin á nákvæmlega sama hátt. Það væri alveg óhugsandi hér að hafa einokun á eldavélum eða einokun á útvarpstækjum — það hefur verið reynt — eða einokun á rafmagnskaffikönnum. Það er gjörsamlega útilokað að breyta til og gera slíkan innflutning að einokunarfyrirbæri. Það á að aflétta einokun. (**Gripið fram í:** Það er ekkert útilokað.) Það er hreint útilokað að það sé hægt.

Það er hægt að lækka hinn gríðarlega mikla stofnkostnað sem Póstur og sími hefur. Það fé, sem lagt er í tæki og varahluti og skólahald, á að myndast á hinum frjálsa markaði, en nota þá peninga, sem nú eru notaðir í þennan þátt rekstrar póst og símaþjónustunnar, til að símvæða landið og þar með jafna aðstöðu landsmanna allra.

Ég vil ljúka máli mínu með því að taka undir þessa till. svo sem margir aðrir hafa gert. Ég hef fengið á merkjamáli staðfestingu frá flm. á því, að ég skilji hana rétt. En ég er ekkert viss um að útkoman úr könnun eins og till. gerir ráð fyrir verði þéttbýliskjörnum óhagstæð. Það verður þá bara að koma fram.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Hér hafa farið fram mjög fróðlegar umræður og að mínu mati mikill munur að sitja yfir slíkum umræðum sem hér hafa farið fram nú, miðað við þær umr. sem fóru fram hér á þinginu fyrr í dag.

Það mætti að sjálfsögðu tala mjög lengi um það sem hér er til umræðu og snertir jöfnun lífskjara um landsbyggðina og hinn mikla aðstöðumun o. s. frv., en ég ætla ekki að eyða tíma þingsins nú í það sérstaklega. Ég vil þó taka undir það, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að það má e. t. v. segja það varðandi ýmis mál, sem horfa til bóta eða framfaramál fyrir landið í heild, sem hann var að nefna hér, svo sem tollvörugeymslu og margt fleira, að við erum e. t. v. lengi að taka við okkur í slíku. Það má færa mörg rök fyrir því, að það sé eðlilegt í ekki stærra þjóðfélagi en okkar þjóðfélag er, sem hefur byggst upp til framfara á miklu styttri tíma en mörg þjóðfélög í kringum okkur.

Þá þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 178, tel ég um margt athyglisverða og það sé góður hugur á bak við hana. En ég get tekið undir það, sem hefur komið fram áður, að hún er helst til þröng. Ég efast um að hún nái þeim tilgangi sem hv. flm. stefnir að með flutningi hennar. En mér finnst ástæða til að vekja athygli á því að fyrrv. vinstri stjórn undir forsæti Ólafs Jóhannessonar tók þetta mál sérstaklega upp og fól Hagstofu Íslands að láta reikna út nýjan vísitölugrundvöll sem tæki mið af fleiri atriðum en sá vísitölugrundvöllur, sem við höfum búið við og búum við í þessu landi og miðaður er við vísitölufjölskyldu í Reykjavík, ber með sér. Eftir því sem ég hef fregnað mun hinn nýi vísitölugrundvöllur nú að mestu tilbúinn. Það verður forvitnilegt að kynnast því, hvaða breytingar hann kann að hafa í för með sér í sambandi við viðmiðun þá sem vísitalan er hér á landi. Ég vonast fastlega til þess, að miðað við það, sem að er stefnt með þeirri breytingu, hafi útkoman mjög bætandi áhrif.

Ég get ekki stillt mig um að gera aths. við ræðu hv. 1. landsk. þm. Hann var að tala um eitt atriði, þ. e. hafnauppbyggingu í landinu. Hann minntist á Reykjavíkurhöfn sem hefði engan aðgang að opinberu fjármagni til uppbyggingar hafnarinnar eins og aðrar hafnir í landinu. Ég vil benda hv. þm. á það, sem ég tel að vísu að hann hljóti að vera sér meðvitandi um, að Reykjavíkurhöfn hefur alla tíð haft þá sérstöðu hér á landi, að hún hefur tekjur af svo til öllum innflutningi til landsins, ekki aðeins einu sinni, heldur að verulegu leyti tvisvar sinnum. Þetta hefur haft það að segja fyrir Reykjavíkurhöfn að hún hefur, sem betur fer, á undanförnum áratugum verið þess megnug að byggja sig upp af eigin tekjum. Þegar við lítum í opinberar skýrslur frá t. d. árunum 1978—1979, kemur í ljós að Reykjavíkurhöfn hefur haft meiri tekjur en hún hefur þurft að nota í uppbyggingu sína. Þetta er góðra gjalda vert og alls ekki sagt til að gera lítið úr því eða telja það óeðlilegt. Ég er ekki þar með að segja að

Reykjavíkurborg eða Reykjavíkurhöfn eigi ekki að fá sama aðgang að opinberu fjármagni og aðrir, en það getur þurft að taka mið af því sem ég hef hér sagt.

Ég vil taka undir margt sem hér hefur komið fram. Ég ætla ekki, eins og ég sagði í upphafi, að fara að tíunda þann mun sem er á landsbyggðinni og þéttbýlinu, en ég get ekki stillt mig um að segja ykkur frá bréfi sem mér barst í hendur í dag. Þetta bréf er undirritað af flestöllum oddvitum í Dalasýslu. Þessir oddvitar skrifa póst- og símamálastjóra og fara vinsamlegast fram á að á símstöðinni í Búðardal verði tekin upp vakt þannig að fólk, sem býr í Dalasýslu, hafi möguleika til að komast í sambandi við þessa símstöð, einu sjálfvirku símstöðina á svæðinu, í neyðartilfellum allan sólarhringinn. Eins og hv. alþm. vita er Landssíminn víða búinn að leggja niður litlu símstöðvarnar, sem gerir það að verkum að fólkið, sem býr á þeim svæðum, er algjörlega einangrað frá umheiminum hvað síma snertir meiri hluta sólarhringsins. Þetta er eitt af þeim málum sem er aðkallandi að leysa úr fyrir þjóðarheildina. Öryggisleysið, sem fólk býr við að þessu leyti, er vart skiljanlegt fólki sem þekkir ekki slíkar aðstæður. Þetta er vandamál sem við hljótum að vera sammála um að reyna að leysa.

Mitt mat er það, og ég get tekið undir með hv. 9. þm. Reykv., að auðvitað erum við ein þjóð í þessu landi. Við Íslendingar erum ekki svo fjölmennir að við höfum raunverulega efni á að vera í návígi hver við annan og heyja deilur. Þess vegna hef ég þá skoðun, að þéttbýli og dreifbýli eigi að vinna saman. Hvorugt getur án hins verið. Ég tel að það væri uppbyggjandi í raun og veru og fræðandi mjög ef hægt væri að koma því á að fólk í mesta þéttbýli landsins hefði tækifæri til að ferðast um landsbyggðina og taka á slagæð þjóðarinnar, fylgjast með framleiðslugreinum til lands og sjávar og skilja þar með mikilvægi dreifbýlisins fyrir þéttbýlið og fyrir landið í heild. Þetta held ég að væri mjög nauðsynlegt. Ég vil heils hugar taka undir allt, sem stuðlar að því að eyða ágreiningi milli þéttbýlis og dreifbýlis, og vinna að því að hægt sé í fullu samkomulagi að gera ráðstafanir, eftir því sem þjóðfélagið hefur möguleika til, til að jafna lífskjörin og aðstöðumuninn í landinu.

Umr. frestað.

Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 118). — Ein umr.

Flm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Á næstsíðasta þingi lagði flm. fram samhljóða till. til þál. um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum. Umræður um till. voru mjög jákvæðar, en hins vegar hlaut till. ekki endanlega afgreiðslu. Í grg. þeirrar till., sem lögð var fram í fyrra og hér er endurflutt, segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

Fyrir ári lauk skipulagðri kynningu og upplýsingastarfsemi um íslenskan iðnað undir nafninu „Íslensk iðnkynning". Tilgangur hennar var að efla sölu á íslenskum iðnaðarvörum, glæða almennan skilning á mikilvægi iðnaðarins, á þeirri miklu atvinnu sem hann veitir, gjaldeyrisöflun og þeim gjaldeyrissparnaði sem hann hefur í för með sér. Frá því að kynning þessi hófst hafa málefni iðnaðarins verið mjög til umræðu og skoðanakannanir, sem fram fóru af hálfu aðstandenda kynningar þessarar, þóttu leiða í ljós að innkaupavenjur almennings hefðu breyst íslenskum iðnaði í hag.

Staðreynd er, að það er á ýmsum öðrum sviðum sem mögulegt ætti að vera að hafa áhrif á innkaup er varða hag íslensks iðnaðar. Umsvif fjármála ríkis og sveitarfélaga eru mikil í þjóðarbúinu. Auk þess sem útgjöld opinberra aðila hafa bein áhrif á heildareftirspurn í þjóðarbúskapnum getur markviss beiting þeirra reynst mikilvægt tæki til áhrifa á einstakar atvinnugreinar, ekki síst á hagræna og tæknilega framþróun íslensks iðnaðar.

Innkaupum opinberra aðila má einkum skipta í eftirfarandi flokka eftir eðli þeirra: rekstrarvörur, þjónustu og fjárfestingarvörur.

Verulegum fjárhæðum er varið á vegum ríkis og sveitarfélaga til kaupa á hinum margvíslegu rekstrarvörum. Má í því sambandi nefna innanstokksmuni, hreinlætisvörur, pappírsvörur og margvíslegar aðrar rekstrarvörur til skóla, sjúkrahúsa og annarra stofnana. Sama gildir um margvíslega viðhalds- og viðgerðarþjónustu þessara stofnana, svo sem Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslu, Skipaútgerðar ríkisins og fjölmargra annarra.

Þeim aðferðum, sem beitt er í opinberum innkaupum, má skipta í bein innkaup, innkaup eftir að fram hefur farið sérstök verðkönnun og loks útboð. Varðandi útboð skal sérstaklega bent á nauðsyn þess, að lengd skilafrests og stærð útboðseininga sé hagað þannig að innlendir framleiðendur geti boðið í verk.

Flm. till. þessarar vill minna á samþykkt sem gerð var fyrir nokkrum árum í borgarstjórn Reykjavíkur um innlend innkaup, þar sem sú stefna er mörkuð í innkaupum, að heimilt sé að taka tilboð innlendra aðila fram yfir erlenda, þótt verð hinnar innlendu vöru sé allt að 15% hærra, en gæði sambærileg. Flm. telur nauðsynlegt að slík regla eða svipuð verði tekin upp fyrir öll opinber fyrirtæki, og er eðlilegt að slíkt mál verði metið í tengslum við þá athugun sem hér er lagt til að fram fari.

Það er ljóst, að þjóðarbúskapur okkar verður um ófyrirsjáanlega framtíð háður viðskiptum við önnur lönd. Benda má þó á, að í auknum mæli ber að athuga vandlega, þegar um meiri háttar viðskipti hins opinbera er að ræða við erlenda aðila, sem innlendir framleiðendur ráða ekki við sem heild vegna umfangs verksins og tæknilegra atriða, að farið sé inn á þá braut að semja um að hluti framleiðslunnar fari fram hér innanlands. Auk þess sem slíkt eykur hlut innlendra aðila í innkaupum gæti slíkt stuðlað mjög að flutningi nýrrar tækniþekkingar inn í landið.

Loks skal bent á þau tækifæri sem opinber innkaup bjóða varðandi nýjungar í framleiðslu og ný iðnaðartækifæri. Íslensk framleiðslufyrirtæki eiga oft erfitt með að takast á við meiri háttar vöruþróunarverkefni, þar sem áhætta er mikil. Víða erlendis hafa stjórnvöld gert sér grein fyrir því, hversu mikilvægu hlutverki opinberir aðilar hafa gegnt á þessu sviði, með því að fela fyrirtækjum að leysa ákveðin tæknivandamál varðandi framleiðslunýjungar á þann hátt að greiða fyrir verkefnið samkvæmt samningi eða tryggja lágmarkssölu framleiðsluafurða. Slíkur stuðningur við nýsköpun er fjarri því að vera eingöngu hagsmunamál fyrirtækjanna sjálfra, heldur þjóðarinnar í heild. Það er nauðsynlegt að hið opinbera stuðli að slíkri starfsemi og geri hana eftirsóknarverða.

Árið 1977 skipaði þáv. iðnrh. starfshóp, sem í voru fulltrúar frá iðnrn., fjmrn. og viðskrn., til að gera tillögur

um hvernig haga megi innkaupum ríkisins og stofnana þess, þannig að þau miði að því að efla íslenskan iðnað. Starfshópur þessi skilaði áliti fyrir ári og gerir ýmsar athyglisverðar tillögur um hvernig vinna megi að því að auka innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum. Ekki er vitað hvað gerst hefur síðan starfshópurinn lauk störfum. En frá því að þessi till. varð lögð fram í vetur hefur verið mynduð ný ríkisstj. og í málefnasamningi hennar segir að mörkuð verði ákveðin stefna í innkaupum hins opinbera. Er vonandi að skriður fari að komast á þetta mál, sem svo lengi er búið að tala um, en ekki er komið til framkvæmda nema að hluta hjá Reykjavíkurbæ.

Ég vil að lokum vitna til hluta af framsöguræðu er ég flutti fyrir þessu máli fyrir ári, með leyfi hæstv. forseta:

„Flm. vill minna á þá staðreynd, að þrátt fyrir alla fríverslun virðist sem opinberum framkvæmdum í Vestur-Evrópu sé meira og minna stýrt til innlendra aðila og sú skoðun ríki, að sem mest af opinberum innkaupum fari fram á heimamarkaði. Allur tölulegur samanburður milli landa er erfiður í þessu sambandi þar sem um mjög mismunandi vöruframboð er um að ræða. Iðnaður okkar er í samanburði við margar þjóðir Vestur-Evrópu einhæfur og vöruframboð minna. Þessi staðreynd sýnir hins vegar fram á nauðsyn þess að efla vöruþróun og fjölga innlendum vörutegundum, sem vissulega er hægt að gera með ákveðinni stýringu opinberra innkaupa.

Þá vill flm. einnig minna á finnska rannsókn á opinberum innkaupum sem leiddi til þeirrar niðurstöðu, að mjög algengt væri að innkaup hins opinbera á þarlendri framleiðslu hefðu í för með sér að 40% af virði framleiðslunnar skiluðu sér aftur í ríkissjóð í formi skatttekna. Þetta hefur haft þau áhrif á afstöðu finnskra yfirvalda, að þau stuðla sem mest þau mega að opinberum innkaupum innanlands þótt borga þurfi hærra verð fyrir innlenda framleiðslu. Það er skoðun flm., að með bættu skipulagi á opinberum innkaupum, m. a. með samantekt á hinum margvíslegu rekstrarvörum sem ríkið notar, megi ná mun hagkvæmari samningum fyrir ríkið við innlenda framleiðendur. Gæti þannig endurskoðun þessara mála haft í för með sér lækkun ýmissa útgjalda ríkisins fyrir rekstrarvörur.

Við Íslendingar verðum oft að sæta því vegna markaðsaðstæðna erlendis að flytja út stóran hluta útflutningsvöru okkar lítt unninn eða hálfunninn. Þannig glata íslenskar hendur tækifærum til arðbærrar vinnu. Þess vegna er ekki óeðlilegt, um leið og við keppum að því markmiði að flytja sem minnst út óunnið, að við á okkar litla markaði hyggjum að því sama í sambandi við innfluttar vörur, án þess að þurfa að tala um að við séum að brjóta nokkra fríverslunarsamninga. Aðrar þjóðir vinna markvisst að þessu á sínum heimamarkaði, eins og áður er sagt. Það er því knýjandi nauðsyn að frumkvæði stjórnvalda í þessum efnum komi til, en það mun stórefla íslenskan iðnað og gera hann færan um að framleiða betri vörur, sem aftur leiðir af sér aukin innkaup almennings á íslenskri framleiðslu."

Að síðustu þetta: Í úrvinnslu og iðnaði almennt felst höfuðvaxtarbroddur atvinnumála Íslands í dag. Innlendi markaðurinn er sá vettvangur sem við getum ráðið við, og hinn opinberi þáttur hans er sá þáttur sem Alþ. og ríkisstj. geta fyrst og fremst haft áhrif á. Það er því meginatriði að á máli þessu sé tekið og mörkuð sé ákveðin stefna í innkaupum hins opinbera.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. atvmn. til umfjöllunar.

Sigrún Magnúsdóttir: Herra forseti. Ég get með ánægju tekið undir þessa till. til þál. um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum með hv. 6. þm. Suðurl. Annars er það dæmigert um umræður um málefni íslensks iðnaðar sem segir í 1. mgr. grg., en þar segir flm., með leyfi forseta:

„Á næstsíðasta þingi lagði flm. fram samhljóða till. til þál. um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum. Umræður um till. voru mjög jákvæðar, en hins vegar hlaut till. ekki endanlega afgreiðslu."

Þetta finnst mér einkennandi um þá umræðu sem hefur farið fram mörg s. l. ár um íslenskan iðnað. Það er mikið rætt, en árangurinn er lítill.

Það er algjör nauðsyn að þessi atvinnugrein, sem á að vera vaxtarbroddur atvinnulífsins í framtíðinni, fái að njóta sömu skatta- og lánakjara og samkeppnisatvinnugreinarnar landbúnaður og sjávarútvegur. Við skulum einnig vera minnug þess, að atvinnuleysi eða skulum við segja landflótti er oft fylgifiskur þjóða sem búa við einhæft atvinnulíf. Það gætir oft mikillar vantrúar á getu íslensks iðnaðar hjá ráðamönnum og þá ekki hvað síst hjá stjórnendum lánastofnana. Hefur jafnvel komið fyrir að stofnendum nýs iðnfyrirtækis, er leita til lánastofnana hér á landi, er góðfúslega bent á að auðveldari lausn sé til, sem sé að flytja vöruna inn. Því miður hef ég sem verslunarmaður einnig orðið vör við að sífellt fleiri fyrirtæki eru farin að fara inn á þessa braut. Ég verð að segja það, að ég er á þeirri línu, að það, sem við getum framleitt hér í landinu sjálf, eigum við skilyrðislaust að reyna að framleiða. Eða telja hv. þm. annað fyrirkomulag vera heppilegt fyrir þjóðarbúið? Það getur ekki verið eðlilegt, að það sé betra fyrir framleiðslufyrirtæki, sem hafa starfað í mörg ár og eru búin að koma sér upp vélum og tækjum, að fara frekar út í innflutning á samskonar vörum og láta tækjabúnað standa ónotaðan. Þetta er vegna þess að það er erfitt að fá að verðleggja vörur okkar innanlands á meðan innflutningur rennur í gegn.

Við framsóknarmenn höfum oft lagt á það áherslu, að leitað yrði eftir hentugum iðnaði fyrir landbúnaðarbyggðir landsins, m. a. til að koma í veg fyrir byggðaröskun. E. t. v. er ástandið þannig núna, að réttara sé að segja: til þess að landið sé byggt.

Þar sem efling framleiðsluiðnaðar er eitt brýnasta úrlausnarefni Íslendinga á sviði atvinnumála er gleðilegt að nokkrir framtakssamir einstaklingar skuli vera að stofna hér fyrirtæki er nefnist Fiskeldi. Ég vil benda hv. þm. á sérstöðu Íslands varðandi aðstöðu til fiskeldis. Náttúruskilyrði eru mjög góð víða um land og henta slíkri framleiðslu. Þá höfum við einnig gnægð af vatni, bæði heitu og köldu. Engin framleiðslugrein á Íslandi hefur möguleika á jafnmiklu framleiðsluverðmæti miðað við stofnkostnað. Enn fremur þurfum við ekki að óttast mengun né náttúruröskun frá slíku fyrirtæki. Einnig mundi hér skapast atvinna fyrir fjölda fólks við að fullvinna vöruna til útflutnings. Sem dæmi má taka að á síðasta ári kostaði kg af ferskum laxi 3000 kr., en af reyktum og vacuumpökkuðum ca. 30 000 kr. Það er því sorgleg staðreynd að frumkvöðlum að stofnun þessa fyrirtækis hefur gengið erfiðlega að fá hjá sumum ríkisstofnunum okkar ýmsar nauðsynlegar upplýsingar. Hér erum við að tala um að

hið opinbera stuðli að iðnaðaruppbyggingu, en setji ekki stólinn fyrir dyrnar þegar einstaklingar leita til þess. Það er ekki nóg að tala fallega um að efla íslenskt framtak á sviði atvinnumála, við verðum líka að gera eitthvað.

Í Dagblaðinu í gær birtist grein um laxeldi hjá Norðmönnum. Í greininni er rætt um hvað laxeldi er arðbær atvinnugrein hjá Norðmönnum, tvisvar til þrisvar sinnum arðbærari en iðnaður. Norsk stjórnvöld vilja nú takmarka stærð og fjölda fyrirtækja á þessu sviði og hefur því komið fram áhugi á samstarfi við Íslendinga. Norðmenn telja hér enn betri aðstæður fyrir slíkan iðnað en hjá þeim, sérstaklega þó vegna heita vatnsins. En engin ástæða er til þess að við förum að hleypa norskum auðhringum inn í þessi mál hjá okkur. Við verðum að treysta því, að íslensk stjórnvöld sýni þessu máli áhuga, þannig að til slíks þurfi ekki að koma.

Þá vil ég einnig láta það koma hér fram, að þeir einstaklingar, sem hafa tekið sig saman um þetta fyrirtæki, eru þegar búnir að safna um 400—500 millj. kr. í hlutafé. Ég endurtek, að ég treysti því, að stjórnvöld okkar og við hér reynum að hlúa þannig að þessu máli að þeir geti sýnt og sannað hvað þeir geta gert. Ég tel að þarna sé stórmál á ferðinni.

Margar þjóðir styrkja iðnað sinn með ýmsu móti. Þær hafa skilið að óbeinn hagnaður iðnaðar er oft mikill fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Íslendingar hafa líka í gegnum aldirnar sannað að þeir eru hagir menn. T. d. sýnir ullariðnaður okkar síðustu árin að við eigum frábæra hönnuði. Þess vegna þurfum við ekki að vera hrædd við að fara út í vandasaman smáiðnað.

Hið opinbera getur stuðlað að því að efla ýmsar greinar iðnaðar með því að beina innkaupum sínum til þeirra. Og það verðum við að skilja, að það hjálpar okkur enginn ef við gerum það ekki sjálf.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef áður hér á hv. Alþ. lýst fylgi við þá till. til þál. sem hv. 6. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, flytur hér. Ég hygg að það hafi verið snemma á þingi haustið 1978 sem hann lagði fram þessa till., hún kom hér til umr. nokkru síðar og hlaut, eins og hann gat um, góðar undirtektir, en ekki afgreiðslu.

Ég tel það mjög góðra gjalda vert að þessu máli sé haldið vakandi með þeim hætti sem gert er með endurflutningi þessarar þáltill., og ég er því mjög meðmæltur að hún hljóti eðlilega afgreiðslu og samþykki á hv. Alþ. Ég tel að með því væri undirstrikað gildi þess að stuðla að ákveðinni opinberri innkaupastefnu til stuðnings íslenskum iðnaði og íslenskri iðnþróun, sem þetta getur verið liður í ef vel tekst til.

Ég tel rétt að ég greini í stuttu máli frá þeirri meðferð sem þessi mál hafa fengið, þó í litlu sé, hjá opinberum aðilum að undanförnu og nefndum á þeirra vegum.

Í grg. með þáltill. kemur það fram, að starfshópur var settur á fót 1977 og skilaði áliti á fyrsta ársfjórðungi 1979 eða fyrir nokkurn veginn réttu ári. Það var að vísu bráðabirgðaálit sem ýtt var á eftir að fá fram um þetta efni, en þó betra en ekki. Eftir að þetta álit lá fyrir lét ég fara yfir það í iðnrn. og kanna möguleika á að taka á þeim tillögum sem þar var að finna. Það er rétt að fram komi, að það varð niðurstaðan að þarna kæmu fram nokkrar gagnlegar ábendingar, en flest af því þyrfti þó frekari athugunar við og nauðsynlegt væri að tekið væri á málinu milli rn. og í samvinnu við samtök iðnaðarins og fleiri aðila. Þannig var komið sögu þegar ríkisstj. fór frá völdum s. l. haust, að ákveðið var milli fjmrn. og iðnrn. að taka þetta mál til meðferðar, og voru til kvaddir aðilar á vegum þessara rn. sem áttu að fjalla um málið og gera tillögur til viðkomandi ráðh. og ríkisstj. um málsmeðferð í einstökum tilvikum.

Framhald varð ekki á þessu eftir stjórnarskiptin. Verður hafa nú verið heldur ókyrr í íslenskum stjórnmálum og haft sín áhrif í stjórnarstofnunum og rn., svo að það kannske undrar menn ekki þó að ekki hafi mikið hreyfst í málaflokki sem þessum, og eru það raunar ýmsir stærri málaflokkarnir sem hafa legið hjá garði og lítið hreyfst á undanförnum mánuðum vegna þeirra sviptivinda sem gengið hafa yfir í stjórnmálalífi okkar. En við myndun nýrrar ríkisstj. var þetta mál til umr., eins og hér hefur verið getið um og endurspeglast í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., og það er ásetningur hennar og ásetningur minn sem iðnrh. sérstaklega að stuðla að því að á þessu máli verðir tekið fyrr en seinna. Ég tel það svo þýðingarmikið að skyldugt sé að freista að ná þar fram árangri eins fljótt og kostur er.

Þetta mál er hins vegar ekki einfalt í rauninni og það eru ekki nein töfraráð sem við höfum til eflingar iðnaði eftir þessum leiðum einum saman. En hér er þáttur á ferðinni, einn af mjög mörgum, sem við þurfum að horfa til til að efla iðnað okkar á heimamarkaði og getur jafnframt í vissum tilvikum verið til stuðnings útflutningsiðnaði okkar.

Eðli sínu samkv. lúta opinber innkaup að því, að opinberir aðilar beini viðskiptum sínum til innlendra framleiðenda fremur en til innflytjenda og þar með til erlendra framleiðenda. En til þess að það megi takast þarf ákveðna samræmingu, upplýsingar að liggja fyrir og jafnvel þarf að laga framleiðsluna að þörfum hinna opinberu aðila í vissum tilvikum. Það á að vera unnt þegar um verulegt magn er að ræða, og einmitt að því leyti getur opinber innkaupastefna verið liður í iðnþróun og nýiðnaði.

Nefnd, sem starfar á vegum iðnrn., svokölluð Samstarfsnefnd um iðnþróun, fjallaði um þetta mál á liðnum vetri, þ. e. veturinn 1978—1979, og ályktaði um það í nefndaráliti sem lagt var fram á hv. Alþ. vorið 1979. Ég held að það geti verið til glöggvunar í þessu máli að ég vitni í grg. þessarar nefndar, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Það er löngu viðurkennt erlendis að það er þjóðhagslega hagkvæmt að hið opinbera kaupi þær vörur og þjónustu, sem það þarf, frá fyrirtækjum síns heimalands. Hér er um mikilvægan efnahagslegan hvata í formi sérstakrar eftirspurnar að ræða, sem valdið getur miklu um vöxt og afkomu einstakra fyrirtækja og um efnahagsleg margfeldisáhrif, sem af starfsemi þeirra leiðir. Þá hefur verið sýnt fram á, að vegna skatttekna og efnahagslegra hliðaráhrifa geti verið hagstætt fyrir ríkið að kaupa af innlendum fyrirtækjum, jafnvel þótt verðið frá þeim sé allt að 20—30% hærra en verð erlendra samkeppnisvara.

Að vísu er gert ráð fyrir því í EFTA- og EBE-samningum, að almennt sé ekki beinlínis mismunað milli innlendra og erlendra fyrirtækja. En bæði eru margar mikilvægar undanþágur frá þeirri reglu og jafnframt eru innkaupareglur svo og margs konar ívilnanir víða með þeim hætti að í reynd er um verulega mismunun að ræða. Í Bandaríkjunum er þó gengið hvað lengst og er mjög

erfitt fyrir erlend fyrirtæki að selja opinberum aðilum í Bandaríkjunum vörur og þjónustu.

Lagt er til" — þ. e. af nefndinni — „að tekin verði upp virk opinber innkaupastefna, sem styðji við iðnþróun. Sú stefna getur falist í mjög margvíslegum aðgerðum og er hér drepið á nokkrar hinar helstu:

1. Ráðinn verði sérstakur starfskraftur til Innkaupastofnunar ríkisins, sem starfi samkv. sérstöku umboði og starfsreglum, sem miði að því að koma á virku upplýsingastreymi milli stofnana og fyrirtækja ríkisins og innlendra framleiðslufyrirtækja um ríkiskaupin. Enn fremur fái hann það hlutverk að hafa áhrif á hönnun og útboðsgerð, þannig að hún verði við hæfi íslenskrar iðnaðarframleiðslu að því er varðar stærð, greiningu verkþátta, tryggingarskilmála og skilafresti. Hefði hann t. d. forgöngu um fundi með innlendum fyrirtækjum og skýrði fyrir þeim væntanlegar framkvæmdir og innkaup og gæfi aðrar almennar upplýsingar um opinber innkaup.

2. Á móti þessu þarf að koma virkt upplýsingastreymi af hálfu samtaka iðnaðarins til opinberra aðila um getu og möguleika íslensks iðanaðar. Bent er á útgáfu lausblaðabókar um fyrirtæki og vöruúrval þeirra. Jafnframt verði mikil áhersla á það lögð við íslensk fyrirtæki, að kröfum um gæði og afhendingartíma sé fullnægt.

3. Tekin verði upp sérstök skráning á öllum innkaupum ríkisins á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum, þannig að fyrir liggi hver stærð og samsetning ríkismarkaðarins er. Skráning verði í því formi sem hentað geti sem leiðbeining fyrir vöruþróun og nýframleiðslu. Reynist þetta of viðamikið mætti hafa forgangsáherslu á þeim vörutegundum, sem hægt væri að framleiða hér og þegar eru framleiddar.

4. Settar verði fastari reglur um innkaup á vegum ríkisstofnana, m. a. með því að samræma þau og nota meira en hingað til lokuð útboð til innlendra aðila svo og með því að sameina mörg smærri samkynja innkaup í stærri og færri innkaup. Mótuð verði stefna um vissan forgang innlendra fyrirtækja á grundvelli þjóðfélagslegrar arðsemi auk beins samanburðar á útboðsupphæð.

5. Reynt verði að staðla innkaup og þarfir hins opinbera (vöru- og þjónustukaupastaðall), þannig að hægt sé að bjóða út mörg smærri innkaup í einu og að með þessu verði stuðlað að vöruþróun sem komið geti að notum víðar en hjá því opinbera og þannig skapað stærri markað.

6. Lögð verði áhersla á það af hálfu ríkisins að styðja við nýframleiðslu með því að kaupa hana og prófa í notkun eiginleika og notagildi slíkrar framleiðslu framleiðendum að kostnaðarlausu. Í sama skyni verði tekin upp sá háttur að fela einstökum fyrirtækjum eða fyrirtækjahópum í samvinnu við rannsókna- og þróunarstofnanir að hanna nýjar vörur eða reyna nýjar aðferðir við framleiðslu og framkvæmdir. Í tengslum við þetta starf væri gagnlegt að setja niður sérstakar tækniþróunarnefndir í þeim tilgangi að skilgreina raunhæf og æskileg tækniþróunarmarkmið á breiðum grundvelli, sem síðan yrði unnið að á rannsókna- og tæknistofnunum og ríkisinnkaupum beint að því að styðja það starf síðan."

Ég vil svo bæta því við, að samstarfsnefndin hefur á fundum sínum nýverið haft þessi mál til meðferðar samkv. beiðni iðnrn. og þá bæði efnislega, efnisþætti þess í framhaldi af tillögum sínum, svo og til að leggja á ráðin um hvernig best verði náð árangri í einstökum atriðum og hvaða tökum málið verði tekið á vegum opinberra aðila til þess að árangri megi ná fyrr en seinna.

Það hefur komið fram við þessa umr., að aðrir opinberir aðilar en ríkið hafa sinnt þessum málum, og þar hefur verið vitnað í stefnumörkun eða viljayfirlýsingu af hálfu Reykjavíkurborgar, sem ég tel að sé mjög lofsverð viðleitni til að styðja við innlendan iðnað. Sveitarfélögin eiga að sjálfsögðu að geta komið inn í þessi mál ekki síður en ríkið, og því er það alveg réttmætt, sem fram kemur í þessari þáltill., þar sem lagt er til að samstarf sé haft við Samband ísl. sveitarfélaga við athugun á þessum málum.

En það er vert að minna á það hér, að fleiri en opinberir aðilar geta hér komið að máli og stuðlað að eflingu innlends iðnaðar með innkaupastefnu. Einkaaðilar eiga að sjálfsögðu að geta átt hlut að máli með hliðstæðum hætti með því að sameinast um innkaup af sinni hálfu og beina þeim fremur til innlendrar framleiðslu en til innfluttrar, a. m. k. ef gæði eru sambærileg.

Ég vil aðeins nefna eitt dæmi, sem ég held að væri athugandi í þessu sambandi, en það er sá stóri viðskiptaaðili sem er sjávarútvegurinn í landinu og fiskiðnaðurinn í landinu með öllum þeim vörum sem þessir aðilar þurfa á að halda. Það hefur e. t. v. verið eitthvað hugað að þessum málum á vegum samtaka þessara aðila, þó að mér sé ekki kunnugt um það í einstökum atriðum, en ef þeir legðu saman og leituðust við að koma á innkaupaþjónustu á þeim vörum, sem þeir þurfa á að halda, er ég ekki í vafa um að með samstarfi við íslenska framleiðendur mætti ná þarna umtalsverðum árangri.

Svo er einnig á fleiri sviðum og aðrar atvinnugreinar þurfa á rekstrarvörum af ýmsu tagi að halda og þjónustu, þ. á m. landbúnaðurinn. Aðilar á vegum þessara atvinnugreina gætu hlúð að iðnaði okkar, bæði framleiðsluiðnaði og þjónustuiðnaði, með því að beina viðskiptum til þeirra. Og ekki má gleyma í þessu sambandi útgerðaraðilum í sambandi við viðhaldsþjónustu á skipakosti okkar, en þar er sem betur fer vaxandi skilningur á því að beina viðskiptum til innlendra aðila og raunar markvisst að því unnið að þeir séu samkeppnishæfir og geti boðið fyrirgreiðslu með eðlilegum hætti.

Herra forseti. Það hefur komið fram í máli manna hér, að þau efni, sem hér eru til umr. — opinber innkaup, séu í mun betra horfi erlendis en hér. Ég hef ekki þekkingu til að dæma það í einstökum atriðum, en ég hef þó orðið var við að það er til umræðu í nágrannalöndum okkar að bæta verulega um í þessum efnum, að auka innkaup á vegum opinberra aðila þar, svo að við þurfum sannarlega að hyggja að þessum málum á okkar vettvangi til að hagnýta okkur það tækifæri sem þarna er um að ræða til að styðja við innlendan iðnað.

Ég minnist þess, að á nýafstöðnu Norðurlandaráðsþingi var gerð samþykkt um að safna upplýsingum á vegum norrænna aðila, tilkvaddra aðila, um opinbera innkaupastefnu á Norðurlöndum. Ég geri ráð fyrir að við getum haft nokkurt gagn af þeirri könnun.

Það mætti af tilefni þessarar till. margt segja um iðnaðarmál okkar og nauðsynina á eflingu iðnaðar í landinu, eins og hér hefur komið fram í máli manna. En þar sem ástæður eru til að taka þau mál upp í öðru samhengi og þegar er liðið mjög á þennan dag og farið að nálgast miðnætti ætla ég ekki að lengja mál mitt með því að fara út fyrir það efni sem till. raunverulega býður heim að rætt sé.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 38. fundur.

Miðvikudaginn 26. mars, kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1980, frv. (Þskj. 193, n. 228 og 233, 218, 229, 230, 232, 234). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það væri sannarlega að bera í bakkafullan læk ef ég færi að flytja langan pistil um aðdraganda þess fjárlagafrv. sem nú er hér til 2. umr. Á örfáum mánuðum hafa þm. fengið í hendur þrjú frv., hvert með sínu lagi, öll fyrir árið 1980. Um þetta ætla ég ekki að hafa fleiri orð, þótt e. t. v. þætti ýmsum svo sem ástæða væri til þess.

Fjvn. var kjörin áður en mynduð hafði verið ríkisstj. að loknum desemberkosningunum. Formannskjör, kjör varaformanns og kjör ritara fór einnig fram áður en meirihlutastjórn hafði verið mynduð. Því er það svo nú, að bæði formaður n. og varaformaður eru í raun í minni hl. í n., en standa þó, svo sem venja er til, að þeim till. sem ég mæli fyrir á eftir, en að þeim stendur n. öll.

Nm., að undanskildum þeim Lárusi Jónssyni, Friðrik Sophussyni og Guðmundi Karlssyni, standa einnig að þeim till. sem eru á sérstöku þskj., 229, og fjalla um nokkra aukningu fjármagns sem beinist til einstakra framkvæmdaliða, svo sem til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þeir þrír hv. þm., sem hér voru áður nefndir, tóku ekki afstöðu til þessara till. Að auki flyt ég einn brtt. á sérstöku þskj. og mun sérstaklega gera grein fyrir þeim í lok þessarar ræðu, þegar ég hef gert grein fyrir þeim till. sem n. öll stendur að.

En áður en vikið er að einstökum till. til breytinga, sem n. flytur, þykir mér rétt að gera í fáeinum orðum grein fyrir starfi fjvn., svo sem venja hefur verið við 2. umr. fjárlaga.

Þegar fyrrv. formaður n., hv. þm. Geir Gunnarsson, mælti fyrir áliti fjvn. í desember 1978, við 2. umr. þá sagði hann m. a., með leyfi forseta:

„Mikill tími hefur farið í það hjá fjvn. að ræða við forstöðumenn ríkisstofnana og sveitarfélaga og ýmsa aðila aðra um beiðnir þeirra um fjárveitingar. Óskum um slík viðtöl virðist fjölga með ári hverju og ávallt er sú hætta fyrir hendi, að of lítill tími verði til þess að sinna öðrum nauðsynlegum störfum: athugunum, mati og afgreiðslum, og oft hefur svo farið að tími til þeirra verka hefur orðið æði lítill."

Og síðar í ræðu sinni sagði hann einnig, með leyfi forseta:

„Því er það skoðun mín, að að því beri að stefna að fjvn. hefji viðtöl áður en þing er sett og hafi a. m. k. lokið öllum viðtölum við sveitarstjórnarmenn þegar þing hefst."

Því var það, að sú fjvn., er starfaði á undan þeirri er nú situr, tók til starfa skömmu áður en þing hófst 10. okt. N. hóf fundi 1. okt. og hélt fundi fram til 9. okt. Á þeim dögum ræddi n. alls við forstöðumenn og fulltrúa 56 sveitarfélaga, stórra og smárra, og hlýddi á óskir þeirra og greinargerðir og forvitnaðist um framkvæmdir og fjárhagsstöðu. N. ræddi við forustumenn allra þeirra sveitarfélaga sem þess óskuðu. Þetta held ég að tvímælalaust hafi verið rétt og skynsamleg vinnubrögð, og hefði vissulega verið sýnu þrengra og erfiðara um vik hjá n. að starfa nú á síðustu vikum ef ekki hefði verið búið að ljúka þessu af. Þessari reglu ber tvímælalaust að fylgja í framtíðinni.

Þá er þess og að geta, að tillögur ýmissa rn. og ríkisstofnana hafa borist seint og verið raunar að berast alveg fram á síðustu daga. Þessu er brýnt að breyta og setja um það ákveðin tímamörk hvenær tillögur skuli berast, ella verði ekki unnt að taka þær til greina, sem sagt setja skilafrest fyrir beiðnir til fjvn.

Það var í desembermánuði að sú n., sem nú skilar till., var kjörin, en hún tók formlega til starfa strax í byrjun jan., um leið og þing kom saman. Þótt þá væri ekki fjárlagafrv. formlega til meðferðar tók n. til starfa með eðlilegum hætti. Hún vann þau verk og hefur unnið sem unnt var að vinna án þess að hafa formlega frv. til meðferðar.

Að venju var rætt við fulltrúa margra ríkisstofnana, félagasamtaka svo og einstaklinga sem koma vildu málum á framfæri við n. Undanfarin ár hefur þróunin verið sú, að sívaxandi hluti af tíma fjvn. hefur farið til slíkra viðtala. Það er auðvitað nauðsynlegt að marki og borgararnir hljóta að eiga rétt til að flytja og kynna mál sín fyrir fjárveitingavaldinu. Þó er það svo með þetta sem annað, að hér verður hóf að hafa á, og ég held að brýna nauðsyn beri til að setja um það fastar reglur, hvernig og hvenær þessi viðtöl eigi sér stað, þannig að þau teygist ekki um of inn á þann tíma, sem n. hefur til starfa, og sú hætta skapist ekki, að of lítill tími verði til ráðstöfunar fyrir hin raunverulegu störf n., gagnrýna skoðun á fjármálum ríkisins og tillögur til úrbóta. Þetta held ég að beri að hafa til hliðsjónar í störfum fjvn. nú og ævinlega.

Eins og ég minntist á áðan hefur svo farið sem oftar, að n. skilar ekki sameiginlegu áliti um allar greinar. Engu að síður er rétt og skylt að taka fram, að samstarfið í fjvn. hefur vissulega verið með miklum ágætum. Vil ég nota tækifærið til að þakka meðnm. mínum samstarfið og fyrir að hafa umborið reynsluskort formanns og hafa unnið af heilindum og drengskap í hvívetna. Þá vil ég enn fremur þakka Magnúsi Ólafssyni starfsmanni n. fyrir hans ágætu störf og þá aðstoð sem hann hefur veitt nefndinni. Það fyrirkomulag er tvímælalaust til mikilla bóta að ritari fjvn. sé jafnframt að hluta starfsmaður fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Þarna skapast rétt og eðlileg tengsl á milli. — Sömuleiðis er rétt og skylt að þakka hagsýslustjóra og öllum starfsmönnum hans sem lagt hafa hönd á plóginn við þessi störf.

Sitthvað mætti fleira segja almennt um fjárlagagerðina og vinnu fjvn. Ýmsum þykir sem svo, að tími sé kominn til að taka upp breytt vinnubrögð í sambandi við gerð fjárlaga. M. a. hefur þar verið bent á svokallaða „núllgrunnsáætlanagerð" sem víða hefur rutt sér til rúms og er í sem stystu máli fólgin í því að byrjað er á núlli eða jafnsléttu með hverja einustu stofnun og þarfir hennar metnar að nýju í hvert skipti sem til greina kemur að úthluta henni fjármagni.

Taka ber undir þá skoðun, sem oft hefur verið haldið fram, að æskilegt væri að fjvn. eða undirnefnd hennar gæfist meiri tími til að sinna eftirlits- og aðhaldsstörfum. Skylt er að geta þess, að af hálfu ýmissa ríkisstofnana hefur verið farið út á þessa braut, bæði af hálfu ríkisendurskoðunar og fjárlaga- og hagsýslustofnunar, og er það rétt og því ber að halda áfram. Það er þó ekki nóg að settar séu fram í prentuðu máli og glöggum skýrslum tillögur til úrbóta sem síðan er ekki komið í framkvæmd. Þarna virðist mér og hefur lengi virst að vantaði hlekk á

milli. Skýrslurnar um úrbætur og tillögurnar til bóta fá að rykfalla í stofnanahillum, en ekkert er gert. Þarna held ég að fjvn. hafi nokkru hlutverki að gegna.

Auðvitað fer ekki hjá því, að rekstrarörðugleikar fjölmargra ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana komi í einni eða annarri mynd til fjvn. eðli máls samkv. Það vekur mér þó æ meiri furðu hvernig það gerist með hverja ríkisstofnun og ríkisfyrirtæki á eftir öðru, að þeim virðist synjað um eðlilegar gjaldskrárhækkanir til jafns við aðrar hækkanir sem eiga sér stað. Þetta veldur því oft og tíðum að þessi fyrirtæki ýmist safna skuldum eða eignir þeirra drabbast niður eða dregið er úr rekstri og þjónustu. Þetta á sér ærið oft þá skýringu, sem öllum er hér kunn, að gjöld ýmissa stofnana koma inn í margnefnda vísitölu og horfa þar til hækkunar og þar með til launahækkana. Þetta er eitt af því sem bendir enn til þess, hve brýnt er að breyta þessu kerfi.

Mun ég nú í tiltölulega stuttu máli gera grein fyrir þeim breytingum sem n. leggur til að gerðar verði á einstökum liðum frv., en n. hefur að venju gert till. um skiptingu fjár til framkvæmdaliða, við þessa umr., nema að því er B-hlutafyrirtækin svonefndu varðar svo og nokkra aðra liði, ásamt með 6. gr. fjárl., en það verk bíður 3. umr. Mun ég nú skýra brtt. n. við einstaka liði.

Er þá fyrst að telja, að framlag vegna Húss Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn er lagt til að hækki um 8 millj. og verði 26.5 millj. Þetta framlag er til komið vegna lagfæringa á húsinu, sem taldar eru brýnar og nauðsynlegar þar sem húsið mun að hluta til liggja undir skemmdum, en þetta hús er, svo sem þingheimur veit, í vörslu Alþingis og þar fer fram mikil og vaxandi starfsemi á vegum Íslendinga í Danmörku.

Náttúrufræðistofnun Íslands: Þar er liðurinn „Sértekjur" að upphæð 3 millj. kr. felldur niður einfaldlega vegna þess að þetta mun á sínum tíma hafa komið til vegna misskilnings. Ekki er um að ræða að þessi stofnun hafi sértekjur.

Menntaskólinn á Laugarvatni: Þar er gert ráð fyrir að gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 4 millj. og verði 12 millj. Þetta er vegna ýmiss konar framkvæmda, m. a. við frágang lóða og bílastæða.

Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans: Þar er gert ráð fyrir að gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 3.6 millj. og verði 12 millj: Er þar sömuleiðis um að ræða lagfæringu á lóð og umhverfi, sem vart verður sagt að til þessa hafi verið hinu opinbera til sóma, svo sem víðar mun því miður raunin í kringum opinberar byggingar.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: Þar hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 58.8 millj. og verður 200 millj. kr. M. a. er það ætlað til áframhaldandi hönnunar og undirbúnings vegna svonefndrar E-álmu.

Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar þar um 8 millj. í 40 millj.

Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar úr 7.5 millj. í 10 millj:

Framhaldsskóli á Selfossi er nýr liður, þar sem kemur inn stofnkostnaðarframlag að upphæð 5 millj. kr.

Liðurinn Húsmæðraskólar. Þar er hækkun lögð til um 10 millj. vegna Húsmæðraskólans á Laugarvatni. Þar er m. a. um að ræða endurbætur og viðgerð á nýju húsi, sem raunar mun ekki fullokið við, en þessar endurbætur er nauðsyn að framkvæma, m. a. vegna leka á húsinu, sem ekki er einstætt fyrirbæri í íslenskum nýbyggingum.

Liðurinn Iðnskólar er óbreyttur að upphæð frá því sem er í frv. Í því sambandi er þess að geta, að fjölbrautaskólar og framhaldsskólar taka nú í vaxandi mæli við þeim hlutverkum sem iðnskólar áður gegndu, en sundurliðun á framlögum til fimm iðnskóla er á þskj. 218.

Tónlistarfræðsla: Þar er nýr liður: Tónlistarskólar, stofnkostnaðarstyrkir, samtals að upphæð 8.5 millj. kr. Þar er einnig að finna sundurliðun í till. n. Eru hæstu framlögin m. a. til Söngskólans í Reykjavík vegna húsnæðiskaupa, svo og til Tónlistarskólans á Akureyri, einnig vegna húsnæðiskaupa.

Þá er í brtt. fjvn. á þskj. 218 að finna sundurliðun á fjárveitingu til héraðsskóla.

Gjaldfærður stofnkostnaður við Skálholtsskóla er hækkaður um 3 millj. kr. og verður þá samtals 7 millj. Þetta er ætlað til að ljúka að hluta ýmsum frágangi og lagfæringum sem eftir eru í því húsi.

Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækka um 278 millj. kr. Verða þetta þá 2 milljarðar 778 millj. kr. Skipting þessara liða er sýnd í sérstöku yfirliti sem þegar hefur verið dreift hér. Þessi liður hækkaði nokkuð í meðförum fjvn. og alls mun hækkunin frá síðustu fjárlögum um 41.4%. En líklega eru allir hv. þm. sammála um að hér hefði betur mátt gera ef unnt hefði verið.

Þá er komið að lið sem heitir: Stofnanir afbrigðilegra barna. Þar er gert ráð fyrir að laun hækki um 1.5 millj. vegna launa sérfræðings í hálfu stöðugildi hálft árið 1980 við Öskjuhlíðarskóla, þ. e. þá starfsemi á vegum skólans sem fram fer í Kjarvalshúsi, en þar er rekin greiningarstöð.

Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Till. fjvn. gera ráð fyrir að sá liður hækki um 50 millj. og verði samtals 550 millj. 40 þús. kr. Er það tæplega 53% hækkun frá fyrra ári. Skipting á einstakar framkvæmdir er sundurliðuð og sýnd í brtt. n. Eru þar talin upp þau verk og þær framkvæmdir sem þegar eru hafin svo og nýframkvæmdir.

Á liðnum Náms- og fræðimenn hækkar framlag til *Menntastofnunar Bandaríkjanna á Íslandi* um 400 þús. og verður samtals 1 millj. Hér er um að ræða stofnun sem áður nefndist Fulbright-stofnunin og hefur milligöngu um úthlutun námsstyrkja og ferðastyrkja til íslenskra stúdenta er nám stunda í Bandaríkjunum. Á móti þessu framlagi kemur verulegt framlag frá Bandaríkjastjórn. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa í Bretlandi þegar skólagjöld hafa verið stórhækkuð við breska háskóla að stefnu bresku ríkisstj., sækja nú æ fleiri íslenskir stúdentar vestur um haf til náms.

Liðnum Styrkir til útgáfustarfa mun samkv. venju verða skipt í fjvn.

Fullorðinsfræðsla, félagsmálanámskeið: Þar er um nýjan lið að ræða og til þess eru veittar 2 millj. kr. Hér er um að ræða félagsmálanámskeið á vegum samvinnuhreyfingarinnar.

Þjóðminjasafn Íslands, liðurinn Til sveitarfélaga: Lagt er til að hann hækki um 17.5 millj. og verður þá að till. n. 38 millj. samtals. Þessum lið hefur n. skipt nánar til einstakra aðila í samráði við þjóðminjavörð og skal nú gerð grein fyrir þeirri skiptingu: Byggðasafn Akraness og nærsveita 800 þús. kr. „Til viðgerðar á kútter Sigurfara 1 millj. Byggðasafn Snæfellsness til viðgerða á Norska húsinu í Stykkishólmi 800 þús. Byggðasafnið á Hnjóti 700 þús. Minjasafnið á Akureyri 3 millj. Byggðasafn Austur-Skaftfellinga, Höfn, 1 millj.

Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga 300 þús. Byggðasafn Vestmanneyinga 1 millj., Byggðasafn Árnessýslu vegna Farsæls 400 þús., Byggðasafn Suðurnesja 300 þús. Sjóminjafélag, Hafnarfirði, 400 þús., Sjóminjasafn, Hafnarfirði, 5 millj. Þingeyrakirkja, viðgerðarstyrkur, 600 þús., Vallakirkja, Svarfaðardal, viðgerðarstyrkur, 400 þús., Mosfellskirkja, Grímsnesi, 500 þús. Gamla búð, Eskifirði, viðgerðarstyrkur, 600 þús. Saurbæjarkirkja á Rauðasandi 400 þús. Gæslukostnaður við byggðasöfn, sem greiddur er að hálfu af ríkinu, 16 millj. Flateyri, viðgerð á gömlu verslunarhúsi, 600 þús. Strandgata 50, Hafnarfirði, gamalt hús, sem bjarga þarf frá skemmdum, 600 þús., Staðarbakkakirkja 500 þús. Byggðasafn Dalamanna 500 þús. Ísafjörður, faktorshús o. fl., 1 millj., Ólafsvík, Norska húsið, 600 þús. Óráðstafað 1 millj. Samtals eru þetta 38 millj.

Gjaldfærður stofnkostnaður vegna Þjóðminjasafns er lagt til að hækki um 3 millj. kr. vegna endurbóta á byggingu safnsins og verði 24 millj. Rétt er að vekja athygli á því að villa leyndist a. m. k. í fyrstu prentun till. á þessum lið og á ég von á því að hún hafi verið leiðrétt. Af gjaldfærðum stofnkostnaði til Þjóðminjasafns eru 18 millj. kr. sérstaklega ætlaðar til þess að unnt verði að koma fyrir lyftu þar í húsinu, þannig að fatlaðir og hreyfihamlaðir eigi auðveldara með að notfæra sér þau söfn sem þar eru. Þetta er til viðbótar geymdu framlagi að upphæð 12 millj. kr. frá árinu 1979.

Liðurinn Listasafn Einars Jónssonar hækkar um 3 millj. kr. samkv. till., en sú hækkun er til þess að unnt verði að ráða í fullt starf að safninu listfræðing sem jafnframt verði forstöðumaður safnsins. Mun enda mörgum þykja tími til kominn að safni þessa merka listamanns verði sýndur sá sómi sem flestir eru áreiðanlega sammála um að eðlilegt megi teljast.

Náttúruverndarráð: Þar lækka sértekjur um 21 millj. kr. og verða 5 millj. Hér er raunar um leiðréttingu að ræða þar sem framlag til Náttúruverndarráðs úr Þjóðhátíðarsjóði hafði verið fært Náttúruverndarráði til tekna og sértekjur hækkaðar sem því nam, en í skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð segir orðrétt, með leyfi forseta: „Við það skal miðað að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi við þau."

Því þótti eðlilegt að breyta þessu.

Framlag til Menningarsjóðs hækkar í till. n. í B-hlutanum um 5 millj. og verði 50 millj., en þessi upphæð er ætluð sem byrjunarframlag til að standa straum af útgáfukostnaði við Kortabók Íslands, en um það hefur Alþingi ályktað, svo sem hv. þm. ætti að vera kunnugt.

Liðurinn Listir, framlög hækka samtals um 15.8 millj. og skiptist það sem hér segir: Bandalag ísl. leikfélaga 800 þús. Nýtt viðfangsefni kemur síðan, þ. e. Önnur leiklistarstarfsemi og leiklistarráð, 10 millj. og myndlistarskólar, styrkir, 5 millj.

Framlag til Norræna félagsins er hækkað um 1 millj. kr. í 2 millj.

Þá er komið að málefnum Íþróttasjóðs, en þar hækka rekstarstyrkir o. fl. um 10 millj., úr 25 millj. í 35.

Liðurinn Bygging íþróttamannvirkja hækkar um 75 millj. og verður 497 millj. 640 þús. Er það rúmlega 54% hækkun frá fjárlögum í fyrra. Er þetta nánar sundurliðað í ítarlegu yfirliti yfir íþróttamannvirki sem samþykkt hafa verið í fjárlögum einstök ár að undanförnu, og er það að finna í till. n. svo og lista yfir þau ný íþróttamannvirki, sem heimilað hefur verið að hefja framkvæmdir við. Er þar einnig um að ræða allmörg íþróttamannvirki sem að hluta til eru skólamannvirki og nú fá framlög úr Íþróttasjóði fyrsta sinni. Allt er þetta talið upp á bls. 4—9 í brtt. fjvn. og ekki ástæða til að fara nánar út í þá skiptingu hér.

Verður þá næst fyrir liðurinn Viðeyjarstofa. Heiti þess liðar breytist og verður nú: Viðeyjarstofa og Nesstofa, og hækkar um 3 millj. Er sú hækkun m. a. tilkomin vegna Nesstofu til lagfæringar á því húsi, m. a. til hitalagna.

Liðurinn Æskulýðsmál: Þar er ráðgerð hækkun alls um 20 millj. 20 þús. og skiptist hún sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins hækki um 3 millj., Æskulýðssamband Íslands um 1 millj., Ungmennafélag Íslands um 10.8 millj., Bandalag ísl. skáta um 2.4 millj., Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns um 600 þús., Bandalag ísl. farfugla um 80 þús., og framlag til Íslenskra ungtemplara hækki um 880 þús.

Þá leggur n. til að nafnbreyting verði á viðfangsefni sem merkt er 0117 og verði það eftirleiðis Landssamband KFUM og KFUK, en þetta Landssamband er tiltölulega nýstofnað, og fjárveiting til þess verði hækkuð um 600 þús. frá því sem áður var veitt til KFUM og KFUK.

Liðurinn KFUM, starfsemi í Vatnaskógi, hækki um 360 þús. og KFUK, starfsemi í Vindáshlíð, um 300 þús.

Þá er komið að liðnum Ýmislegt, sem n. leggur til að hækki um 32.9 millj. Þar af eru 4 millj. vegna nýs liðar. Hljóðbókasafn heitir hann, en það bókasafn er starfrækt á vegum Blindrafélagsins og Borgarbókasafns Reykjavíkur. Þetta er starfsemi sem fer vaxandi og hennar er vissulega mikil þörf. Rétt er að það komi fram í þessu sambandi, að þeir, sem lesa inn bækur á hljóðsnældur fyrir Hljóðbókasafn blindra, gera það í sjálfboðavinnu.

Þá er gert ráð fyrir 1.5 millj. kr., og er það einnig nýr liður, vegna íslenskukennslu við Cornell-háskólann í Bandaríkjunum, en þar er eitt besta safn íslenskra bóka sem til er utan Íslands og hefur lengi verið í Íþöku. Veruleg hætta er talin á að íslenskukennsla þarna muni leggjast niður vegna fjárhagsörðugleika og því taldi n. rétt að þarna kæmi til lítið framlag af hálfu ríkisins ef verða mætti til að viðhalda þessari kennslu.

Nafnbreyting verður á lið sem merktur er 0225. Hann heitir hér eftir Nemendaskipti. Þessi liður var áður merktur AFS. Þetta eru nemendaskipti sem áður einskorðuðust við Vesturheim, en starfsemin hefur nú verið færð út þannig að hér er um að ræða nemendaskipti við fjölmörg lönd í ýmsum álfum, sem byggjast á því að íslenskir nemendur fá þar námsdvöl gegn því að við veitum nemendum hinna sömu landa námsdvöl og húsaskjól hér, en talsvert mun þó skorta á að þar sé jafnvægi.

Um aðrar breytingar á liðnum Ýmislegt er vísað til till. n. sem taldar eru upp sérstaklega á bls. 10 og 11 í till. nefndarinnar. Þó er þar einn liður sem rétt er að geta sérstaklega og er nr. 60 á bls. 11. Það er liðurinn Forseti FIDE, en sá liður hækkar úr 8 millj. kr. í 19.2 millj. eða um 11.2 millj. Ætti með því, ef samþ. verður, að vera tryggt að unnt sé að sú starfsemi, sem fylgir embætti forseta Alþjóðaskáksambandsins, geti flust hingað heim og verið með eðlilegum hætti, en þetta mál hefur töluvert borið á góma að undanförnu og fjölmiðlum hefur óspart verið beitt til kynningar þessu máli, svo að ekki sé sterkar til orða tekið.

Þá er komið að lið er varðar aðalskrifstofu utanrrn., en þar er gert ráð fyrir hækkun á launalið um 4 millj. vegna launa sérfræðings í sex mánuði, einkum til að vinna að rannsóknum og þó sérstaklega að útgáfustörfum vegna þegar gerðra rannsókna er varða landgrunnið norður af Íslandi og Jan Mayen.

Þá eru næst fyrir liðir er varða landbrn.

Launaliður hjá Búnaðarfélagi Íslands hækkar um 2 millj. vegna launa ráðunautar í hálft stöðugildi hálft þetta ár, en honum er einkum ætlað að sýsla um alifugla- og svínarækt, en það eru sem kunnugt er mjög vaxandi búgreinar nú.

Á Rannsóknastofnun landbúnaðarins er gert ráð fyrir að laun hækki um sömu upphæð, eða 2 millj. kr., vegna launa rannsóknamanns í hálfu stöðugildi hálft þetta ár, þ. e. frá miðju ári, við ylrækt og garðrækt. Þetta eru sömuleiðis búgreinar sem leggja ber vaxandi áherslu á og hlúa betur að en gert hefur verið.

Það má geta þess hér, að fram kom í viðtölum fjvn. við forstöðumann Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, að útsæðismálum í kartöflurækt hér á landi væri nú illa komið, það útsæði, sem væri notað, væri, eins og það var orðað á fundinum, orðið „meira og minna fullt af alls konar gerlum og sveppum", áburðarnotkun varðandi kartöflurækt væri oft röng og fyrir kæmi að í íslenskum kartöflum væri of mikið af nítrati, sem nú á dögum er víst ekki talið sérstaklega heilsusamlegt. Þarna bæri því brýna nauðsyn til úrbóta. Til þess er þetta m. a. ætlað.

Landnám ríkisins: Þar hækkar framlag til grænfóðurverksmiðja um 40 millj. Ýmsar af þessum verksmiðjum hafa átt við örðugleika að etja í rekstri og því er tekinn upp nýr liður vegna fjármagnskostnaðar.

Sauðfjárveikivarnir: Ráðgert er að sá liður hækki um 8 millj. í 34. Er það einkum vegna viðhalds og viðgerða á sauðfjárveikivarnargirðingum, sem óhjákvæmilegt er talið að halda við og fámennum sveitahreppum er oft um megn að ráða við.

Framlag til Landgræðslusjóðs hækkar úr 19.3 millj. í 27.1 eða um 7.8.

Þá er hér næst að telja framlög til liðarins Fyrirhleðslur, en þau hækka um 25 millj. Liðurinn Landþurrkun hækkar um 5 millj. Skiptingu þessa fjármagns að því er fyrirhleðslur varðar, sem greiddar eru að fullu af ríkinu og þar sem hluti kostnaðar kemur annars staðar frá, er að finna á bls. 11 í till. n. og tel ég það ekki sérstaklega upp hér. Sömuleiðis er þar sundurgreining á liðnum Landþurrkun sem ég læt hér nægja að vísa til.

Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Þar hækkar liðurinn Gróðurvernd í Búðahrauni um 80 þús., en þar var áður 20 þús. kr. framlag.

Liðurinn Búnaðarsamband Suðurlands vegna tilraunastöðvar hækkar um 3 millj. og verður 6 millj.

Liðurinn Landvernd, félagssamtök, hækkar um 500 þús., verður 1.7 millj.

Þá leggur n. til að þarna komi til nýr liður sem er til kominn vegna þess að yfirstandandi ár er tileinkað skógrækt og trjágróðri: Ár trésins, og nemi hann 3 millj. kr.

Þá er komið að liðum er varða sjútvrn.

Þar er fyrst liður er varðar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Gert er ráð fyrir að sértekjur lækki um 16 millj. kr. og verði 30 millj. Hér er aðeins um leiðréttingu að ræða, nánar tiltekið leiðréttingu á færsluvillu. Réttur er liðurinn 30 millj.

Önnur rekstrargjöld hækka um 1.8 millj. vegna húsaleigu fyrir rannsóknastofur á vegum þessarar stofnunar sem starfar í Vestmannaeyjum, en fyrir þessu hefur ekki verið áætlað áður.

Gert er ráð fyrir að liðurinn Framleiðslueftirlit sjávarafurða hækki að launum til um 6.5 millj. vegna launa eftirlitsmanns að því er varðar lagmetisiðnað. Af þessum sökum hækka rekstrargjöld einnig um 1.5 millj., sem er bein afleiðing af þessari stöðufjölgun. Það þarf líklega ekki að fara um það mörgum orðum hver nauðsyn það er að eftirlit sé með eðlilegum hætti og gaumgæfilegt í lagmetisiðnaði. Fréttir af mistökum í þeim efnum hafa verið tíðar í fjölmiðlum og ættu að vera mönnum býsna vel kunnar. Hins vegar er þess að geta, að öll starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða er nú í skoðun og þegar hefur verið skilað um það áfangaskýrslu sem fjvn. hefur fengið og raunar var fyrst sagt frá í blöðum. En ég held að mönnum sé ljóst að á starfsemi þessarar stofnunar hljóti að verða breytingar í náinni framtíð.

Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna: Þar hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 15 millj. Þar af eru 3 millj. vegna kaupa á ljósritunarvél og 12 millj. vegna kaupa á bifreið sem fjárlaga- og hagsýslustofnun mælti með vegna samrekstrar þessara stofnana að Keldnaholti, en þetta er m. a. til flutninga starfsfólks.

Eru þá næst fyrir till. n. er varða dómsm.- og kirkjumrn.

N. leggur til að laun hækki um 2.4 millj. hjá yfirstjórn vegna ráðningar löglærðs fulltrúa í hálfa stöðu við embætti sýslumannsins á Höfn í Hornafirði á miðju þessu ári.

Liðurinn Vinnuhælið að Litlahrauni. Þar hækkar launaliður verulega eða um 15.2 millj. kr. Þetta er vegna nauðsynlegrar fjölgunar fangavarða með tilkomu nýrrar einangrunardeildar, en þessi breyting er talin afar brýn og mat þeirra, sem til þekkja, að hún muni hafa í för með sér verulegar úrbætur.

Sjómælingar Íslands, önnur rekstrargjöld: Þar er lagt til að komi 3 millj. kr. hækkun vegna prentunar fiskikorta, og er það í samræmi við ályktun Alþingis frá 1977.

Á liðnum Þjóðkirkjan hækka Sumarbúðir um 1 millj., Hjálparstofnun kirkjunnar um 150 þús. Sérstakur launaliður vegna embættis dómprófasts í Reykjavík, þar sem um er að ræða að hluta sameiginlegt skrifstofuhald fyrir embættið vegna ýmissar þjónustu við presta hér í höfuðborginni, hækkar um 300 þús. Nýr liður: Tónskóli þjóðkirkjunnar, hækkar um 3 millj. kr. Liðurinn Byggingar á prestssetrum hækkar um 6 millj. Heiti viðfangsefnis, sem merkt er 0306, er breytt og er þar um leiðréttingu að ræða sem er nánast landfræðilegs eðlis.

Þegar rætt er um dómsmrn. langar mig til að víkja örfáum orðum að Bifreiðaeftirliti ríkisins sem heyrir undir það rn. Á s. l. ári var, að ég hygg, fyrir frumkvæði þáv. dómsmrh., Steingríms Hermannssonar, sett á stofn nefnd til að skoða rekstur Bifreiðaeftirlits ríkisins. Í þeirri nefnd átti sæti fulltrúi fjvn. Skemmst er frá því að segja, að sú nefnd skilaði ítarlegum tillögum s. l. haust. Þar er að finna rökstuddar tillögur til breytinga á rekstri Bifreiðaeftirlitsins sem í skemmstu máli miða að því að afnumið verði núverandi skráningarfyrirkomulag, tekið upp einfaldara og ódýrara kerfi og sömuleiðis að bifreiðaskoðunin verði að hluta til framkvæmd á verkstæðum. Rök eru að því leidd í skýrslum þessarar nefndar og niðurstöðum, að þetta geti haft í för með sér verulegan

sparnað og ekki hvað síst þægindi fyrir borgarana sem þurfa að nota þessa þjónustu. Nú vil ég bera þá von og ósk fram, að það fari ekki svo um tillögur þessarar nefndar að þær haldi áfram að rykfalla, heldur verði samdar. Og ég hef vissa von og vissu fyrir því, að að því sé verið að vinna, og lagðar fram á Alþingi þær tillögur til lagabreytinga sem leiðir af þessari kerfisbreytingu, sem ég hygg að muni hafa í för með sér tvímælalausan sparnað í ríkiskerfinu. Þessu vildi ég koma hér að.

Næst eru breytingar er varða félmrn.

Gjaldfærður stofnkostnaður aðalskrifstofu hækkar um 12 millj. vegna stofnbúnaðar og innréttingabreytinga.

Að því er varðar Húsnæðismálastofnun ríkisins hækka framlög til heilsuspillandi húsnæðis um 35 millj. kr. Að sjálfsögðu er fjvn.-mönnum mætavel ljóst að hér er um of lága upphæð að ræða, en gildandi lög eru þannig, að ekki er heimilt að veita lán til þessa nema sérstaklega sé veitt til þess fé á fjárlögum, en lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins eru nú öll í endurskoðun og raunar frv. hér til athugunar og er þess þá að vænta að þar verði breyting á.

Landakaup kaupstaða og kauptúna: Sá liður hækkar um 8 millj. og verður 10 millj. og verður samkv. því í samræmi við lög nr. 35 frá 1973.

Liðurinn Vatnsveitur hækkar um 20 millj. og verður 105 millj.

Liðurinn Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra hækkar um 40 millj., og verður þá 1 milljarður og 60 millj. Málefni þessa sjóðs hafa töluvert verið rædd á fundum fjvn., og ég held að ég megi fullyrða að það sé sameiginleg skoðun allra nm. að til þurfi að koma sem allra fyrst sú breyting á lögum um þennan sjóð að undir hann falli einnig ýmsar sjálfseignarstofnanir svo og raunar ríkisstofnanir sem sérstök framlög ná ekki lengur til, en ættu af eðlilegum ástæðum og eðli máls samkvæmt að heyra undir þennan sjóð.

Á liðnum Vinnumál er gert ráð fyrir að tekið verði upp nýtt viðfangsefni, en það er þátttaka í starfi ILO eða Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem er ein elsta sérstofnun Sameinuðu þjóðanna og fjallar um vinnu- og verkalýðsmál, m. a. vinnuvernd og starfsumhverfi.

Þá er liðurinn Ýmis framlög vegna félmrn. Gert er ráð fyrir að sá liður hækki um 50 millj. 350 þús. og þar verði tekið upp nýtt viðfangsefni sem heitir í till. nefndarinnar Aðstoð við þroskahefta og nemur 20 millj. kr. Rétt er að skýra þetta nokkru nánar.

Það er algengt að foreldrar eða aðstandendur þroskaheftra barna eða einstaklinga, sem búsettir eru úti á landi, þurfa að komast hingað til höfuðborgarsvæðisins og jafnvel dveljast hér langdvölum eða a. m. k. um nokkurn tíma vegna læknismeðferðar eða rannsóknar barnanna. Þetta er þessu fólki afar dýrt og engin leið hefur verið fær til að rétta því hjálparhönd vegna slíkrar dvalar, sem í senn er nauðsynleg og óhjákvæmileg. Þessi liður er hugsaður í þá veru, að með þessu fé megi veita nokkra fyrirgreiðslu þeim einstaklingum utan af landi sem hingað koma og þurfa að dveljast hér af þeim sökum sem ég áður greindi.

Um aðrar brtt. á þessum lið, er varða framlög til einstakra félaga og samtaka, leyfi ég mér að vísa til till. n. á bls. 14 á þskj. 218, en þar er um nokkrar hækkanir að ræða.

Þá er komið að till. er varða heilbr.- og trmrn.

Launaliður hjá Matvælarannsóknum ríkisins hækkar um 15 millj. kr. og er það vegna fjölgunar um 2½ stöðugildi við þá stofnun. Sannleikurinn er sá, að um langt skeið hefur verið fólk í þessum stöðum og hér er því í rauninni um að ræða viðurkenningu á staðreynd sem þó er tiltölulega nýtilkomin. Raunar, eins og kannske víðar, þyrfti stöðum við þessa stofnun að fjölga enn að mati þeirra sem þar ráða húsum. — Önnur rekstrargjöld: Þar er gert ráð fyrir hækkun um 10 millj. kr. vegna aukningar á húsnæði, en þar er gert ráð fyrir að fram fari einnig nokkur starfsemi önnur en á vegum Matvælarannsókna, m. a. á vegum eiturefnanefndar.

Næst er liðurinn Heilbrigðiseftirlit ríkisins, en þar hækka laun um rúmar 5 millj. vegna fjölgunar um einn ritara. Önnur rekstrargjöld hækka um 14.9 millj., m. a. vegna aðkeyptrar þjónustu.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands: Þar hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 10 millj. Það er vegna kaupa á ýmsum stofnbúnaði, húsgögnum og fleira fyrir þessa stofnun sem nýlega hefur flust í nýtt húsnæði.

Þá er komið að liðnum Landspítali. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar þar um 200 millj. kr. eða 58% og verður samkv. till. fjvn. 993 millj. 700 þús. Skipting á einstaka liði er sýnd í brtt. á þskj. 218 og leyfi ég mér að vísa til þeirra á bls. 15, en bendi jafnframt á og vek sérstaka athygli á að þar er gert ráð fyrir 250 millj. kr. til geðdeildar og þar er með talin taugadeild sem nýta mun hluta af húsnæði geðdeildar samkv. samkomulagi milli aðila á spítalanum. Þá er einnig rétt að vekja athygli á því, að til undirbúnings svonefndrar K-byggingar eru veittar 100 millj. kr., en ekki er þó gert ráð fyrir að á þessu ári verði hafnar framkvæmdir við þessa byggingu, sem rísa mun á Landspítalalóðinni, heldur er þetta 100 millj. kr. framlag veitt til hönnunar, jarðvegsathugana og lagnakönnunar á því svæði þar sem þessu húsi er ætlað að rísa. Í þessari K-byggingu verða m. a. til húsa rannsóknastofur spítalans, sem mjög eru nú aðkrepptar með húsnæði, og valda húsnæðisþrensli þar raunar því að vinnuhraði á spítalanum er kannske ekki sá sem gæti orðið ef rannsóknadeildir væru afkastameiri og byggju við betri starfsaðstöðu. Í þessari byggingu er einnig gert ráð fyrir að krabbameinslækningar verði til húsa. Hér er sem sagt um að ræða framlag til hönnunar og athugana.

Liðurinn Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa hækkar um 880 millj. og verður 3 milljarðar og 80 millj., en það er 68% hækkun frá síðustu fjárlögum. Innbyrðis skipting þar er eins og sýnt er í sérstöku yfirliti í brtt. n. á þskj. 218.

Þótt í till. fjvn. sé gert ráð fyrir allverulegri hækkun á þessum lið frá því sem er í fjárlagafrv. og raunar meiri en flestum öðrum veit ég að allir fjvn.- menn og alþm. geta undir það tekið, að þessi hækkun hefði þurft að vera meiri. Hér vantar vissulega á að unnt sé að verða við jafnvel brýnustu þörfum, og hefði þessi liður því þurft að hækka meira.

Framlag til Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, Hrafnistu, Hafnarfirði er hækkað um 25 millj. í 75.

Gert er ráð fyrir að upp verði tekinn nýr liður: Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi, og til hans ætlaðar 15 millj.

Í þessu sambandi er líka rétt að geta þess, að í yfirlitinu kemur fram að töluverðu fjármagni á að verja til B-álmu Borgarspítala í Reykjavík eða 420 millj. kr., en þar á

að rísa deild fyrir öldrunarsjúklinga, langlegudeild, en satt best að segja hefur ekki verið vansalaust hvernig þjóðfélagið hefur búið að þeirri hlið málefna aldraðra.

Rétt er að geta eins í sambandi við þennan lið, en þar er um að ræða fjárveitingu til sjúkrahússins á Akureyri. Sterkar óskir komu fram um verulega hækkun á þessum lið, m. a. vegna tengibyggingar, sem ekki reyndist kleift að gera till. um á þessu stigi. Það er hins vegar skoðun fjvn., að telji Akureyrarbær unnt að ráðast í byggingu þessarar tengibyggingar milli kjarnabyggingar og sjúkrahúss og þó ekki sé fé sérstaklega til þess veitt telur fjvn. ekkert því til fyrirstöðu, að öllum réttum leyfum fengnum, að hafist verði handa um byggingu þessarar tengiálmu.

Um aðra liði vísast til sundurliðunar í yfirliti nefndarinnar.

Liðurinn Ýmis heilbrigðismál er gert ráð fyrir að hækki alls um 69.5 millj. kr. Þar hækkar framlag til Hjartaverndar um 10 millj. og til Krabbameinsfélags Íslands um 22.5 millj.

Kostnaður samkv. farsótta- og sóttvarnarlögum og lögum um ónæmisaðgerðir hækki um 25 millj., en til nánari skýringar má geta þess, að hér er um að ræða aðgerðir vegna þess sjúkdóms er kallast rauðir hundar og valdið getur fósturskemmdum. Þær aðgerðir, sem hér um ræðir, beinast að því að öllum konum á barneignarskeiði verði gefið ónæmisefni gegn þessum sjúkdómi og er þessu verki langt komið.

Liðurinn Sjúkraflug hækkar um 7 millj. og verður 19 millj. Mun fjvn. síðar gera till. um skiptingu á þessu fé.

Ný liður bætist inn: Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar læknis, 3 millj. Þessi liður var í fjárlögum 1979, en féll niður við fjárlagagerðina og er vegna rannsókna- og fyrirlestrahalds Ófeigs J. Ófeigssonar.

Liðurinn Rannsóknir á útbreiðslu atvinnusjúkdóma hefur hækkað um 2 millj. í till. n. Er það sérstaklega hugsað til rannsókna á heymæði og útbreiðslu hennar hér á landi, en þær rannsóknir eru þegar hafnar.

Næst er til að taka að framlag til Gæsluvistarsjóðs, Bláa bandið, hækkar um 500 þús., félagasamtökin Vernd hækki um 500 þús. og styrkur til Samtaka áhugamanna um áfengisbölið hækkar um 2 millj.

Styrkir til Stórstúku Íslands hækka um 1.8 millj.

Eru þá næst liðir er varða fjmrn.

Uppbætur á lífeyri á lið nr. 381: Gert er ráð fyrir að þær hækki um 5 millj. Styrktarfé og ýmis eftirlaun hækki um 11.8 millj. og styrktarfé og ýmis eftirlaun, liður nr. 384, hækki um 7.2 millj., en nánar um þessa liði er að finna í sérstökum yfirlitum.

Þá eru næst mál er varða samgrn.

Vegagerð ríkisins: Liðurinn til einstaklinga og samtaka hækki um 2.5 millj. og verði 8.5, en samkv. venju hefur fjvn. skipt þessum lið til aðila sem reka gististaði á stöðum þar sem slíkur rekstur er erfiður, en engu að síður nauðsynlegur talinn.

Vita- og hafnamál: Þar mælir n. með að nýr liður verði upp tekinn: Til fyrirtækja í B-hluta 40 millj. Hér er um að ræða framlag til byggingar áhaldahúss fyrir vitamálastjórn við Fossvog og endurbætur á aðstöðu starfsmanna í því sambandi. Rétt er að geta þess, að n. kom í áhaldahúsið og skoðaði hversu búið er að fólki og var það, held ég, samdóma niðurstaða nm. að þarna þyrfti úr að bæta. Því má skjóta að í þessu sambandi, að fjvn. gerði fleiri vettvangskannanir. — Ég hefði kannske átt að geta þess fyrr. Hún skoðaði einnig húsakynni Landspítalans og hin nýju húsakynni geðdeildarinnar á Landspítalalóð. Vegna þess, hvernig málum var háttað nú, gafst ekki tími til svo margra vettvangsskoðana sem fjvn.-menn hefðu kosið, en rétt er að hafa í huga í framtíðinni að slíkar heimsóknir eru ekki aðeins gagnlegar, heldur nauðsynlegur og óhjákvæmilegur þáttur í starfi nefndarinnar.

Hafnarmál. Þar hækkar liðurinn Ferjubryggjur um 3 millj. Sérstök yfirlit í brtt. n. sýna skiptingu á þessum lið. Framlög til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækka um 275.7 millj. og er till. um skiptingu þess fjármagns að finna á sérstöku yfirliti. Hækkun milli ára er þarna 43%.

Flugmálastjórn: Þar er gert ráð fyrir hækkun er nemur 3 millj., en hér er um að ræða framlög til áhugamannafélaga á sviði flugmála. Mælir fjvn. með að Flugsögufélag Íslands fái 2 millj. af þessari upphæð, en það er vegna máls sem skyndilega kom upp fyrir skömmu er félaginu gafst kostur á að kaupa gamla flugvél af sömu gerð og Waco-flugvélin sem hér var notuð fyrst til áætlunarflugs, TF-Örn. Þetta er sem sagt ætlað til þess.

Þá er gert ráð fyrir að ýmis framlög til flugbjörgunarsveita hækki um 900 þús. kr.

Veðurstofa Íslands: Gert er ráð fyrir að liðurinn Hafísrannsóknir hækki um 2.4 millj. kr. vegna ráðningar hafísrannsóknamanns í 2/3 úr stöðugildi á miðju þessu ári. Ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum um nauðsyn þess, að af hálfu Veðurstofu Íslands sé slíkum rannsóknum sinnt.

Framlög til sjóvarnargarða lækka úr 60 millj. kr. í 53 millj. og er sundurliðun þar að lútandi að finna á bls. 22 í till. n. Þar er einnig greint frá sundurliðun til framkvæmda við ferjubryggjur.

Þá er komið að liðum er varða iðnrn.

N. leggur til að liðurinn Iðja og iðnaður, orkusparnaður hækki um 10 millj. kr., verði 40 millj. Það er till. fjvn., að af þessari 10 millj. kr. hækkun fari 7 millj. til rannsókna og hagnýtra tilrauna á nýtingu vindorku til húshitunar í Grímsey, en slíkar framkvæmdir standa nú fyrir dyrum á vegum Verkfræðistofnunar háskólans og Raunvísindastofnunar háskólans. Er hér um hið merkasta mál að ræða, eins og menn hafa sjálfsagt séð í sjónvarpsfréttum fyrir nokkrum kvöldum þar sem sýnt var frá hliðstæðum tilraunum. Einnig leggur n. til að 3 millj. af þessum 10 verði varið til rannsókna á framleiðslu eldsneytis úr innlendum orkulindum og einkum er þar haft í huga vetni.

Lagt er til að liður nr. 0121 hækki um 2.5 millj., verði 8.5, jafnframt breytist þar heiti, verði eftirleiðis Byggingaþjónustan, hét áður Byggingaþjónusta arkitekta. Nú er þetta sjálfseignarstofnun, m. a. með aðild Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og gegnir því hlutverki að veita fólki, sem er að byggja, ýmiss konar upplýsingar og þjónustu.

Á liðum er varðar viðskrn. er gert ráð fyrir hækkunum að því er varðar Verðlagsstofnun, launahækkunum er nemi 24.7 millj. vegna fjölgunar starfsmanna um 3 1/2 stöðugildi auk annarra launahækkana. Þessi fjölgun starfsmanna er m. a. afleiðing af auknum verkefnum sem á stofnunina hafa verið lögð, m. a. með lögum. Önnur rekstrargjöld hækka um 5.2 millj. kr.

Skylt er að geta þess hér, að þrír fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn., þeir Lárus Jónsson, Friðrik Sophusson og Guðmundur Karlsson, tóku ekki afstöðu til þessarar sérstöku till. um hækkun á framlögum til Verðlagsstofnunar.

Þá er komið að því að gera grein fyrir brtt. sem fluttar eru af meiri hl. n. á sérstöku þskj., 229, og gera ráð fyrir ýmsum innbyrðis breytingum í frv., en að þeim stendur meiri hl. n. Finnst mér rétt að taka það fram sérstaklega, að ég styð þær till. einnig þar sem með þeim gefst 1800 millj. kr. svigrúm til að hækka ýmsar fjárveitingar til sjúkrahúsa, skóla og hafna, svo að nokkuð sé nefnt, sem n. átti öll aðild að því að skipta og hér hefur þegar verið gerð grein fyrir.

Í frv. var gert ráð fyrir að innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa yrði 5.6 milljarðar. Ákveðið hefur verið að auka þessa útgáfu um 800 millj. kr., þannig að fjárhæðin verði 6.4 milljarðar. Sala spariskírteina er háð ýmsum atriðum, eins og lánskjörum, atvinnuástandi og fleira, en talið er að möguleikar séu allgóðir til sölu á bréfum er þessari fjárhæð nemur.

Áhættugjald vegna ríkisábyrgða er hækkað um 100 millj. kr. Áhættugjaldið var talið varlega áætlað í frv., en miðað við lántökuáform er ljóst talið að þetta gjald verði a. m. k. 100 millj. kr. hærra en ráðgert var.

Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs kemur að fjórða hluta frá sveitarfélögum, fjórða hluta frá atvinnurekendum og helmingi til frá ríkissjóði. Hluti atvinnurekenda er innheimtur af ríkissjóði og færist til tekna til ríkissjóðs við innheimtu og til gjalda við skil. Í ljós hefur komið að áætlun fyrir árið 1979 var ofmetin miðað við raunverulega útkomu það ár. Miðað við nýjar upplýsingar þykir raunhæft að breyta áætlun fyrir árið 1980 þannig að lækka tekjur ríkissjóðs vegna iðgjalda atvinnurekenda um 300 millj. og lækka útgjöld ríkissjóðs á móti um 900 millj.

Óviss útgjöld eru lækkuð um 250 millj. kr. og verða 610 millj. Í fyrri frv. fyrir árið 1980 hefur þessi liður numið 110 millj. kr. og í fjárlögum fyrir árið 1979 var hann 160 millj.

Vextir eru lækkaðir um 150 millj., en sú breyting er rökstudd m. a. með því, að verðbótaþætti vaxta er ekki ætlað að hækka samkv. stefnu ríkisstj. í vaxtamálum, auk þess sem nokkuð var áætlað fyrir óvæntum vaxtaútgjöldum á þessum lið.

Þær breytingar, sem ég hef nú rakið á þskj. 229, gefa sem sé svigrúm til þeirra hækkana sem áður var getið.

Ég hef áður getið þeirra mála sem bíða munu 3. umr., svo sem venja er að nokkru til, og tíunda það ekki frekar hér.

Brtt. meiri hl. fjvn. og n. allrar við 4. gr. frv. hafa í för með sér, ef samþykktar verða, hækkun er nemur 1 milljarði 688 millj. 365 þús. kr. og samkv. þessum breytingum og breytingum á 3. gr. verður greiðslujöfnuður 1254 millj. 167 þús. kr. í stað rúmlega 2 milljarða, eða 2 milljarða 42 millj. 532 þús. kr.

Fskj. með nál. er yfirlit frá fjárlaga- og hagsýslustofnun yfir lækkun fjárveitinga í fjárlögum ársins 1979, svo sem heimild var til í 6. gr. fjárlaga fyrir það ár, og vísast hér með til þess. Þá er og fskj. með nál. yfirlit yfir breytingar á fjárlagafrv. 1980 samkv. till. og aths. við þær samkv. till. sem ég hef flutt á sérstöku þskj. til breytinga við fjárlagafrv. Mun ég nú gera sérstaka grein fyrir þeim till. sem ég stend einn að af hálfu Alþfl. og horfa til breytinga á frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Eðlilegast hefði verið við fjárlagagerðina nú að byggja á fjárlagafrv. ríkisstj. Alþfl. Núv. ríkisstj. valdi hins vegar þann kost að víkja í veigamiklum atriðum frá því frv., en það gerði ráð fyrir verulegri lækkun tekjuskatts á almennum launum svo og framlagi til jöfnunar hitakostnaðar. Till. Alþfl., sem ég mæli hér fyrir til breytinga á fyrirliggjandi fjárlagafrv., miða einungis að því að sníða af frv. verstu agnúana. Till. Alþfl. fela það í sér, að leitast sé við að gæta aðhalds af hálfu ríkisins bæði að því er varðar rekstrargjöld og framlög til einstakra sjóða og skyldra verkefna. Jafnframt miða þær till. að því að fjárlögin taki til allra meginþátta í ríkisbúskapnum, en ekki séu undanskildar viðbótarálögur af ýmsu tagi, svo sem vegna jöfnunar hitakostnaðar og félagslegra aðgerða á sviði húsnæðismála, eins og fjmrh. hefur boðað. Þessi vinnubrögð fjmrh. tel ég ekki til fyrirmyndar og einungis til þess fallin að skekkja þá heildarmynd sem fjárlög eiga að gefa. Þær till., sem Alþfl. gerir til breytinga á fyrirliggjandi frv. til fjárlaga fyrir árið 1980, eru þessari:

Álagður tekjuskattur einstaklinga lækki sem nemur 7.2 milljörðum kr. Nauðsynlegt er að ríkið dragi úr skattheimtu ef vænta á aðhalds af öðrum aðilum til viðnáms gegn verðbólgu. Fjmrh. hefur látið svo um mælt, að á þessu ári sé ekki svigrúm til grunnkaupshækkana, og samkv. forsendum fjárlagafrv. er kaupmáttarskerðing 4.5%. Fjárlagafrv. boðar í raun stórhækkun tekjuskatts. Vegna kaupmáttarskerðingarinnar er því brýnt að draga úr skattbyrði eftir því sem svigrúm er til, einkanlega á lægstu tekjum, og vernda með því lífskjör launafólks í landinu.

Þá gera till. Alþfl. ráð fyrir að 4 milljörðum kr. verði varið til jöfnunar á hitakostnaði. Í fjárlagafrv. ríkisstj. Alþfl. var gert ráð fyrir 2.3 milljörðum kr. til þessa viðfangsefnis, en jafnframt var bent á að afla þyrfti viðbótarfjármagns til að hækka þá upphæð. Þessa 2.3 milljarða er hins vegar hvergi að finna í frv. núv. ríkisstj. og hefur fjmrh. notað þá upphæð til annars. En til að standa við þau loforð, sem gefin voru við olíuverðshækkunina á s. l. ári, mun alls þurfa um 4 milljarða kr.

Til umræðu hafa verið hugmyndir um sérstakan orkuskatt til að greiða fyrir jöfnun hitakostnaðar. Við nánari athugun þess máls hygg ég að æ fleiri hafi orðið ljóst að hér er í senn um mjög flókið og vandasamt mál að ræða ef tryggja á að hugsanleg skattheimta af þessu tagi skili þeim árangri, sem til er ætlast, án þess að hafa óæskileg hliðaráhrif. Slík umfjöllun og athugun hlýtur óhjákvæmilega að taka verulegan tíma. Alla vega er alveg ljóst að henni getur ekki lokið fyrir afgreiðslu fjárlaga. Þetta mál er hins vegar brýnt og þolir ekki bið. Því er í till. Alþfl. gert ráð fyrir að málið verði þegar leyst með þessum hætti, það verði gert innan ramma fjárlaga, en málinu ekki vísað út í óvissuna, eins og nú virðist ætlun ríkisstj. að gera.

Í fjárlagafrv. ríkisstj. er gert ráð fyrir verulegum niðurskurði á framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins. Vitaskuld er ljóst að fjárhagsvanda þess sjóðs verður að leysa, svo að hann geti undanbragðalaust staðið við skuldbindingar sínar, og verður að vænta þess að ríkisstj. beiti sér fyrir því. Hins vegar er ljóst að íbúðabyggjendur búa við sérstakan vanda vegna hinnar öru verðbólguþróunar. Einkum á þetta við um það unga fólk sem er að eignast sína fyrstu íbúð. Til að mæta þeim vanda þarf sérstakt átak, sem ekki má dragast, og í því skyni gera till. Alþfl. ráð fyrir að 1 milljarði kr. verði varið til félagslegra aðgerða á sviði húsnæðis- og dagvistunarmála.

Til að mæta þessum útgjöldum, sem ég hef nú gert grein fyrir og samtals nema 12.2 milljörðum kr., eru

gerðar till. um ýmsar breytingar án þess að til nýrrar skattlagningar komi á launafólk. Þær breytingar eru helstar sem hér segir:

Framlög til Byggðasjóðs, jarðræktar og framræslu eru lækkuð um 20% til samræmis við lækkun fjárfestingarsjóða. Nemur lækkun útgjalda af þessum sökum samtals 976 millj. kr. Þá er gerð till. um að niðurgreiðslur af landbúnaðarvörum og bætur vegna útflutnings landbúnaðarafurða lækki og verði í samræmi við þær till. sem gerðar voru í fjárlagafrv. ríkisstj. Alþfl., en lækkun þessara tveggja liða nemur samtals 4.2 milljörðum kr. og er þar stærri hlutinn niðurgreiðslur.

Fjárlagafrv. ríkisstj. gerir ráð fyrir hækkun til Lánasjóðs ísl. námsmanna er nemur 3.1 milljarði kr. miðað við síðustu fjárlög. Ljóst er að hækkun framlagsins til Lánasjóðs ísl. námsmanna er ekki í neinu samræmi við aðrar breytingar milli ára og að endurgreiðslur lána til sjóðsins hafa skilað sér seint og illa. Ég held að ef þm. skoða fjárlagafrv. og hvað þar er gert ráð fyrir að greiðist af eldri lánum til sjóðsins muni þeir horfa a. m. k. tvisvar, þrisvar ef ekki fjórum sinnum á þá tölu, sem þar stendur, til þess að trúa henni, en hún er víst engu að síður rétt. Hér ber brýna nauðsyn til að framfylgja reglum um eðlilega endurgreiðslu þessara lána á raunvirði, og með hliðsjón af því er lagt til að framlag til Lánasjóðsins hækki, en hækki ekki meir en nemur verðhækkunum milli áranna 1979 og 1980 eða um 46.5%. Lækkun á framlagi til Lánasjóðs ísl. námsmanna verður því rúmlega 2.1 milljarður kr.

Mér er ljóst að hér er áreiðanlega ekki um vinsælt mál að ræða, en ég held að hér sé um að ræða mál sem þm. verði að tala um og verði að taka afstöðu til. Ef menn skoða þá gífurlegu hækkun, sem verða á samkv. frv. á framlögum til Lánasjóðs ísl. námsmanna, hygg ég að menn muni sjá að sú hækkun er út úr hlutföllum við allar aðrar breytingar sem á þessu frv. verða. Ég er ekki að draga úr því að veita beri námsfólki aðstoð, margt námsfólk þarf á slíkri aðstoð að halda, en ég hygg hins vegar að ekki þurfi allt námsfólk á allri þeirri aðstoð að halda, sem hér er gert ráð fyrir, og ég held að ef menn skoða þetta frv. og þær breytingar, sem hér eru gerðar, hljóti þessi breyting að stinga töluvert í augu.

Þetta mál er komið úr böndum. Það hlýtur að verða að endurskoða allar reglur um endurgreiðslu og fylgja þessu eftir þannig að hér verði um lán að ræða sem verði endurgreitt þegar námsmenn hefja vinnu að námi loknu. Það hefur jafnvel verið orðað svo, að þessi sjóður væri orðinn eins konar skrímsli í kerfinu sem enginn réði við. Víst er að það er ekki þrautalaust að ná sambandi við þennan sjóð til að ná í upplýsingar, því að það virðist vera alveg sama hvenær dagsins er hringt þangað eða hve oft, það næst aldrei samband. Hér held ég að hljóti að þurfa að koma til breytingar og bið menn um að taka það til alvarlegrar athugunar.

Þá er í till. Alþfl. um nokkra lækkun að ræða á framlagi til heimildargreiðslna samkv. 6. gr. fjárlaga og vegna óvissra útgjalda fjmrn., samtals 800 millj. kr., sem þýðir í raun að fjmrh. hefur nokkru minna ráðstöfunarfé til frjálsra nota.

Í till. Alþfl. er enn fremur gert ráð fyrir nokkurri tekjuhækkun hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Verði hagnaðaraukning fyrirtækisins í samræmi við launahækkanir á árinu samkv. forsendum fjárlagafrv. má gera ráð fyrir að hagnaðurinn verði 26 milljarðar kr., en ekki 24 milljarðar eins og frv. gerir ráð fyrir.

Lagt er til í samræmi við þá aðhalds- og sparnaðarstefnu, sem skylt er að fylgja í rekstri og umsvifum ríkisins, að útgjöld vegna launa og almennra rekstrargjalda lækki sem svarar 1% frá frv. ríkisstj. eða um 1130 millj. kr., og er þar, að ég hygg, ekki til mjög mikils mælst.

Þá er gerð till. um að fjárveitingar til Hólaskóla verði lækkaðar nokkuð, en þar fer nú engin kennsla fram sem kunnugt er. Hins vegar er gert ráð fyrir að þar verði áfram að sjálfsögðu fjármagn til vörslu mannvirkja og eðlilegs viðhalds.

Þá er þess að geta, að í frv. núv. ríkisstj. er gert ráð fyrir að tekjuskattur félaga nemi 10 milljörðum kr. Í frv. ríkisstj. Alþfl. var hins vegar gert ráð fyrir að tekjuskattur félaga næmi 10 milljörðum 850 millj. kr. Engin rök sýnast hníga að því að draga úr skattbyrði félaga og er því þessi upphæð lækkuð til fyrra forms, nema því aðeins að hér sé um að ræða nýja stefnu Alþb. að lækka skatta á fyrirtækjum í landinu.

Í till. Alþfl. er enn fremur lagt til að 1700 millj. kr. verði varið til að lækka skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands og að greiðsluafgangur lækki sem því nemur.

Þessar till., sem ég hef í síðasta hluta ræðu minnar gert grein fyrir, fela í sér markvissa stefnumótun til að draga úr verðbólgu og vernda kjör láglaunafólks, jafnframt því sem ríkið gæti aðhalds hjá sér, svo sem það ætlast til af öðrum.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Það má með sanni segja að fjárlagaafgreiðsla fari fram við óvenjulegar aðstæður nú á hinu háa Alþingi. Þrjú frv. til fjárlaga hafa í raun legið fyrir hv. fjvn. til athugunar og einungis rúmar tvær vikur síðan frv. það, sem hér er til umr. og afgreiðslu við 2. umr., var lagt fram. Fjvn. hefur því haft ærinn starfa. Er raunar útilokað að hún hefði geta búið þetta frv. undir 2. umr. með svo skjótum hætti ef ekki hefði þannig staðið á að n. hafði áður en hið stutta 101. löggjafarþing byrjaði rætt við alla sveitarstjórnarmenn í landinu sem vildu fá viðtalstíma við hana. Ég hygg að þetta sé mettími frá því að fjárlagafrv. er lagt fram og þar til efnt er til 2. umr.

Ég vil fyrir hönd okkar, sem erum í minni hl. n., þakka ágætt samstarf við formann og nm. við þessar óvenjulegu og erfiðu aðstæður. Við flytjum að venju með meiri hl. ýmsar till. á þskj., sem hér hafa komið fram, með venjulegum fyrirvara um að fylgja eða flytja brtt. Í því sambandi vil ég þó taka fram, að við flytjum ekki með meiri hl. till. til hækkunar á framlagi til Verðlagsstofnunar og tökum ekki ábyrgð á því hvernig ríkisstj. fór að því að finna 1800 millj. kr. til að bæta við framkvæmdaframlög á ýmsum sviðum, þar sem að okkar mati var um mjög svo undarlega „fjáröflun“ að ræða. Við unnum hins vegar að venju með meiri hl. að því að skipta þessum fjárhæðum sem gengu til ýmissa gagnmerkra mála, svo sem skólabygginga, hafna, sjúkrahúsa o. s. frv. Ég vil einnig fyrir hönd okkar í minni hl. þakka ritara n. og hagsýslustjóra fyrir umburðarlyndi í okkar garð og góða fyrirgreiðslu.

Það má með sanni segja, að í þessu frv. sé sami rauði þráðurinn og var í fyrsta fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar 1978. Þessi rauði þráður er stóraukin rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs. Munurinn er einvörðungu sá, að

í þessu frv. er gengið mörgum skrefum lengra í útþenslu á ríkisfjármálunum og álagningu skatta en með fjárlagafrumvarpi vinstri stjórnarinnar 1979. Færa má rök að því að rekstrar- og millifærsluútgjöld í þessu frv. séu 40—50 milljörðum kr. hærri en verið hefði ef svipaðri stefnu væri fylgt og gert var með fjárlagafrv. 1978, og það hefur ekki staðið á afleiðingunum. Sú stefna að blása út rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs hefur haft í för með sér eftirfarandi:

1. Hallarekstur á ríkissjóði og vaxandi verðbólgu.
2. Skattahækkun ár frá ári og oft á ári.
3. Skerðingu markaðra tekjustofna og upptöku þeirra til almennra þarfa ríkissjóðs.
4. Niðurskurð á framlögum til sjóða atvinnuveganna og sjóða sem sinna eiga ýmsum félagslegum verkefnum.
5. Niðurskurð á raungildi framlaga ríkissjóðs til verklegra framkvæmda í höfnum, skólum, sjúkrahúsum, vegagerð o. s. frv.

Öllu þessu er fórnað vegna þess að gegndarlaust er bætt við nýjum útgjöldum á ríkissjóð, bæði með löggjöf og stjórnvaldsákvörðunum.

Um þverbak keyrði þegar vinstri stjórnin tók við 1978, *en nú er gengið enn þá lengra og enn þá stærra skref* í sömu átt fyrir þessa gegndarlausu útþenslustefnu í ríkisfjármálunum á rekstrar- og millifærsluútgjöldum ríkissjóðs er því fórnað að ríkissjóður er rekinn með halla ár eftir ár og magnar þannig verðbólguna. Því er fórnað að ráðstöfunarfé heimilanna er skert með aukinni skattheimtu. Því er fórnað að dregið er úr ráðstöfunarfé sjóða sem sinna eiga félagslegum viðfangsefnum. Því er fórnað að ráðstöfunarfé ríkissjóðs sjálfs til þess að ráðast í ýmsar framkvæmdir er skert og ráðstöfunarfé sjóða atvinnuveganna og sjóða, sem sinna eiga félagslegum verkefnum, minnkar í stórum stíl miðað við það sem lög segja fyrir um og þau framlög sem áður hafa verið lögð úr ríkissjóði af skatttekjum til þess að styðja þessa sjóði.

Ég held að það verði ekki nægjanlega undirstrikað hver undirrótin er að því að skattahækkun eftir skattahækkun dugir ekki til að reka ríkissjóð hallalaust. Það dugir ekki að skerða markaða tekjustofna, það dugir ekki að skera sífellt niður framlög til sjóða og það dugir ekki að skera niður framlög til ýmissa verklegra framkvæmda. Ég held að það verði aldrei of sterklega undirstrikað, að undirrótin að þessu er sú, að það er sífellt verið að þenja út rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs, sífellt verið að bæta nýjum pinklum á ríkiskassann, sífellt verið að fá honum ný verkefni með löggjöf og með stjórnvaldsákvörðunum.

Þó oft hafi sjálfsagt eitthvað bjátað á í ríkisfjármálunum á árum áður varð grundvallarstefnubreyting að þessu leyti þegar vinstri stjórnin tók við 1978. Þá var tekinn upp þráðurinn frá fyrri vinstristjórnarárum — sami rauði þráðurinn og ég hef rakið að framan. Gerðar voru margvíslegar ráðstafanir, m. a. margfaldaðar niðurgreiðslur á búvörum og rekstrarútgjöld ríkissjóðs þanin svo út að beinlínins var viðurkennt að stefnt yrði í verulegan greiðsluhalla á árinu 1978 þrátt fyrir geysilega auknar skattálögur sem þá var gripið til, m. a. afturvirka skatta.

Haldið var áfram á sömu braut með fjárlagafrv. 1979 og vinstri stjórnin hafði gert með efnahagsráðstöfunum um haustið. Frv. gerði ráð fyrir stórauknum ríkisumsvifum og gífurlegri hækkun rekstrar- og millifærsluútgjalda ríkissjóðs, svo að augljóst var að endar mundu ekki nást saman þrátt fyrir skattahækkun sem þá var ákveðin. Hæstv. þáv. fjmrh., Tómas Árnason, sagði, þegar hann mælti fyrir þessu frv. með útblásin ríkis- og millifærsluútgjöld, orðrétt:

„Í fyrsta lagi, og það er höfuðeinkenni þeirrar stefnu sem fjárlagafrv. boðar, er gert ráð fyrir tekjuafgangi að upphæð 8.2 milljarðar kr. eða rúmlega 4% af útgjöldum fjárlaganna.

Í öðru lagi er reiknað með að úr ríkissjóði verði greiddir 4.3 milljarðar kr. upp í skuldir umfram það sem tekið kann að verða að láni. Skuldasöfnun ríkissjóðs verður að stöðva og hefja verður endurgreiðslu samningsbundinna lána.

Í þriðja lagi er það keppikefli ríkisstj. að ríkissjóður verði rekinn hallalaust fyrstu 16 mánuði starfsferils hennar. Það þýðir að sú skuld, sem stofnað var til vegna fyrstu efnahagsaðgerða á þessu hausti, verði greidd upp á næsta ári og ríkissjóður að auki í greiðslujafnvægi."

En hvað gerðist? Útgjaldahlið fjárlaga reyndist stórlega vanáætluð vegna skefjalausrar útþenslustefnu í rekstrar- og millifærsluútgjöldum ríkissjóðs. Hæstv. fyrrv. fjmrh., Tómas Árnason, reyndi vissulega að klóra í bakkann. *Hann tók markaða tekjustofna í ríkissjóð í fyrsta sinn*, hann skerti framlög til atvinnuvegasjóða og sjóða sem hafa ýmis félagsleg verkefni á sinni könnu og framkvæmdaframlög, og hann lagði nýja skatta ofan á þá skatta, sem áður höfðu verið á lagðir, og skatta, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. En allt kom fyrir ekki. Ríkissjóður var rekinn með halla, skuldin frá fyrra ári var ekki greidd og staða ríkissjóðs við Seðlabankann og helstu lánardrottna varð 13—14 milljörðum kr. verri en fjárlög hans höfðu gert ráð fyrir samkv. skýrslu sem ríkisendurskoðun hefur nýlega gefið út.

En áfram skal halda út í sömu ófæruna, lengra út í fen aukinna ríkisumsvifa, skattahækkana, hallarekstrar á ríkissjóði og vaxandi verðbólgu. Þetta frv. núv. hæstv. ríkisstj., fyrsta frv. til fjárlaga, felur slíkt því miður í sér. Það felur í sér alla skattbyrði vinstri stjórnarinnar og 20—25 milljarða skattauka til viðbótar. Það felur í sér tvöfalda skerðingu markaðra tekjustofna frá því, sem vinstri stjórnin ákvað, og miklu meiri skerðingu á framlögum til sjóða atvinnuveganna og sjóða, sem sinna ýmsum félagslegum viðfangsefnum, og til verklegra framkvæmda en nokkru sinni fyrr.

Hallareksturinn á ríkissjóði undanfarin tvö ár stafar ekki af því, að ekki væri bætt sköttum á þjóðina. Sama má segja um árið í ár. Eins og ég sagði áðan bætti þetta fjárlagafrv. við alla skattbyrði vinstri stjórnarinnar yfir 20 milljörðum kr. Í fyrrahaust var söluskattur hækkaður um 2% og vörugjald hækkað. Þessar hækkanir voru þá í gildi í nokkra mánuði og gáfu ríkissjóði 2.7 milljarða kr. í tekjur. En á þessu ári munu þessar skattahækkanir leggja 18 milljarða kr. skattbyrði á þjóðina samkv. tekjuáætlun frv. og bæta því við skattbyrðina frá fyrra ári 15 milljörðum kr. Boðaður er orkuskattur, sem leggur á almenning 4—5 milljarða kr., og auðsætt er á frv. um skattstiga, sem lagt hefur verið fram, að tekju- og eignarskattar muni verða hærri en tekjuáætlun frv. segir til um.

Með þessu er þó ekki öll sagan sögð. Eins og kunnugt er er ákveðið í raun að leyfa sveitarfélögum að leggja 10% ofan á útsvar. Heildarskattbyrði beinna skatta: tekju- og eignarskatta, útsvara, sjúkratryggingagjalds og fasteignaskatta, mun því aukast verulega á þessu ári.

Þjóðhagsstofnun hefur látið okkur fjvn.-mönnum í té töflu yfir álagningu þessara skatta og sýnir hún athyglisverða þróun á undanförnum árum. Ef miðað er við hlutfall af bruttótekjum greiðsluárs hefur þessi skattbyrði aukist um nálægt 4% af öllum bruttótekjum í landinu frá árinu 1977. Þjóðhagsstofnun áætlar bruttótekjur framteljenda á árinu 1980 800 milljarða kr., og hún áætlar að álagðir beinir skattar á þessar bruttótekjur verði 113.7 milljarðar kr., og er þá miðað við að einungis helmingurinn af útsvarsheimildinni verði notaður. Ef íslenskir skattborgarar hefðu greitt sama hlutfall af þeim bruttótekjum, sem þeir hafa í ár, og þeir gerðu 1977 mundu þeir greiða í þessa skatta: tekjuskatt, útsvar, fasteignaskatta og sjúkratryggingagjald, 83 milljarða kr. eða rúmlega 30 milljörðum kr. minna en þeir gera miðað við áætlun Þjóðhagsstofnunar í ár. Samkv. þessum upplýsingum hafa sem sagt beinir skattar þyngst á þjóðinni frá 1977 um 30 milljarða kr. miðað við verðlag ársins í ár. Þessir beinu skattar voru þyngstir á vinstristjórnarárunum 1972. Þá komst hlutfall þeirra af bruttótekjum á greiðsluári upp í 15.4%. Hér er því sama stefnan á ferðinni og var þá.

Nákvæmlega sama þróun hefur átt sér stað á sviði óbeinna skatta í ríkissjóð. Söluskattur hefur verið hækkaður um 2%. Það leggur 10.3 milljarða kr. á almenning. Hækkun vörugjalds leggur 7.7 milljarða kr. á skattborgarana. Gjald á ferðalög til útlanda leggur í ár 1.7 milljarða kr. á almenning, nýbyggingargjald 250 millj. kr., skattur á verslunarhúsnæði 1700 millj., aðlögunargjald 1840 millj., hækkun á verðjöfnunargjaldi raforku 1220 millj., hækkun skatta á bensín umfram verðlagshækkanir 10.1 milljarð kr. og boðaður orkuskattur 4—5 milljarða kr. Samtals nálgast þetta að vera 40 milljarðar kr. Á móti þessu vegur að söluskattur af matvörum var felldur niður haustið 1978 og helst sú ráðstöfun enn og tollar hafa verið lækkaðir vegna aðildar að EFTA. En þótt þessar upphæðir séu dregnar frá er byrði af óbeinum sköttum 25 milljörðum kr. meiri á þessu ári en verið hefði að óbreyttri álagningu fyrir hækkanir 1978.

Í þessu skattafargani er orkuskatturinn kapítuli út af fyrir sig.

Úr þessu frv. eru máðar þrjár stórar tölur sem áður hafa verið í fjárlögum. Hér er um að ræða styrk til að kynda hús manna með olíu, olíustyrkurinn svonefndi, beint framlag úr ríkissjóði sem verið hefur notað til að hraða hitaveituframkvæmdum og beint framlag úr ríkissjóði til að styrkja dreifikerfi raforku í sveitum. Hér er um bein framlög að ræða úr ríkissjóði sem numið hefðu 4—5 milljörðum kr. á verðlagi ársins í ár. Þessum fjármunum hefur verið varið til ýmissa rekstrar- og millifærsluútgjalda ríkissjóðs. Í stað þeirra á að leggja á nýjan orkuskatt og hann tekinn úr fjárlögum og varið utan fjárlaga til að styrkja fólk sem kyndir hús sín með olíu.

Ég hygg að ekki sé um það neinn ágreiningur á hinu háa Alþingi, að þetta fólk þurfum við að styrkja, það þurfi að jafna kyndikostnaðinn í landinu. Fólk, sem notar olíukyndingu, hefur orðið fyrir sérstöku áfalli vegna orkukreppunnar í heiminum. Það er því í alla staði sanngjarnt og eðlilegt að koma til móts við það fólk þótt best sé að hraða framkvæmdum í hitaveitum og hraða uppbyggingu dreifikerfa í sveitum til þess að það geti sem fyrst notað innlendan orkugjafa til upphitunar.

Þessi aðferð núv. hæstv. ríkisstj. er forkastanleg. Það eru í fyrsta lagi mörg skref stigin aftur á bak í stjórn ríkisfjármála með því að taka slíkan skatt út úr ríkisfjármálum og ráðstafa honum utan fjárlaga. Nóg er nú samt um óstjórnina í ríkisfjármálunum þó Alþ. geti haft heildaryfirsýn yfir þau með gerð fjárlaga og lánsfjáráætlunar hverju sinni.

Orkuskatturinn sjálfur hlýtur í eðli sínu að koma niður á öllum neytendum, allri þjóðinni, vegna þess að hann fer með einum eða öðrum hætti út í verðlagið og leggst því sárast og þyngst á þá sem minnst mega sín.

Það er athyglisvert, að samkv. svonefndum Ólafslögum, lögum um stjórn efnahagsmála, mun hæstv. ríkisstj. geta lagt þennan skatt á a. m. k. að hluta án þess að hann komi fram í verðbótavísitölu, án þess að hann mælist þar sem kjaraskerðing og verði bættur í kaupi. Ég efast ekkert um vilja hæstv. núv. ríkisstj. til að taka mark á Ólafslögum þegar svona stendur á, þó hún geri það yfirleitt ekki. T. d. segir svo í nefndum Ólafslögum að lánsfjáráætlun skuli lögð fram með fjárlagafrv. Það ákvæði hefur núv. hæstv. ríkisstj. virt algerlega að vettugi eins og fleira í þeim lögum.

Það er mín skoðun að það sé fullkomið ábyrgðarleysi — og mætti gjarnan nota það fræga orð siðleysi, að núv. hæstv. ríkisstj. mái þau útgjöld úr fjárlagafrv. sem ég nefndi áðan, sem áttu að ganga m. a. til að styrkja þá sem kynda hús sín með olíu, en ætla síðan að leggja á almennan skatt til að sinna þessu réttlætismáli. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að endurskoða afstöðu sína, og ég skora á hana að falla frá því að leggja á orkuskatt og ganga heldur í að lækka ríkisútgjöldin þannig að greiðsla olíustyrks geti rúmast innan þess ramma sem fjárlagafrv. setur. Við, sem skipum minni hl. fjvn., erum reiðubúnir til að ganga til samstarfs við stjórnarflokkana, við meiri hl. fjvn., um að finna leið til að draga þannig úr útgjöldum ríkissjóðs að eðlilegur olíustyrkur geti rúmast innan þess fjárlagaramma sem settur hefur verið.

Sú skattstefna, sem ég hef lýst hér að framan, hefur að sjálfsögðu skert ráðstöfunartekjur heimilanna feiknalega. Ráðstöfunartekjur heimilanna eru teknar í æ stærri stíl til þess að standa straum af útþenslu ríkisútgjaldanna, rekstrar- og millifærsluútgjalda ríkissjóðs. En það er fleira sem kemur til. Ríkisstj. tók upp á því 1978 að skerða ýmsa markaða tekjustofna ríkissjóðs — tekjustofna sem ganga áttu til ýmissa þarfa samkv. lögum. Sú skerðing var þó hreinn barnaleikur hjá því sem gerst hefur með þessu fjárlagafrv. Við 1. umr. gerði ég grein fyrir þessum áformum ríkisstj. og að þau væri í raun miklu stórfelldari en kemur fram í grg. frv. Ég skal ekki fjölyrða mikið um það frekar. Þó vil ég í þessu sambandi minna á þrennt.

Frv. gerir ráð fyrir að taka af launaskatti og öðrum mörkuðum tekjum, sem ganga eiga í Byggingarsjóð ríkisins, 3.8 milljarða. Það gerir ráð fyrir að taka til almennra þarfa ríkissjóðs 372 millj. af erfðafjárskatti. Og það gerir ráð fyrir að taka til almennra þarfa ríkissjóðs 518 millj. af bifreiðaskatti. Eins og kunnugt er gengur launaskattur og ýmsir markaðir tekjustofnar til Byggingarsjóðs ríkisins til að lána í íbúðabyggingar o. fl., og Byggingarsjóði ríkisins er ætlað samkv. málefnasamningi ríkisstj. aukið hlutverk. Út af þessari skerðingu hefur húsnæðismálastjórn gert sérstaka ályktun og vil ég lesa hana hér, með leyfi forseta:

„Samkv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1980, sem nú er til meðferðar í hv. Alþingi, er gert ráð fyrir verulegri skerðingu á lögbundnum tekjustofnum til húsnæðis-

mála, sem markaðir eru í lögum Húsnæðismálastofnunar ríkisnins frá 1970. Þarna er m. a. um að ræða tekjustofna sem ákveðnir voru í samráði við aðila vinnumarkaðarins til eflingar íbúðarhúsabyggingum, m. a. á félagslegum grundvelli. Sú skerðing á mörkuðum tekjustofnum, sem fram kemur í fjárlagafrv., nemur um 35% eða 3.8 milljörðum kr. Ljóst er að ef af þessari skerðingu verður getur það haft mjög alvarleg áhrif á stöðu Byggingarsjóðs ríkisins því að þessir tekjustofnar hafa stóraukið eigið fé sjóðsins og gert honum mögulegt að halda uppi lögbundinni lánastarfsemi til hinna ýmsu þarfa húsnæðismála. Húsnæðismálastjórn væntir þess, að hæstv. ríkisstj. og Alþ. íhugi vandlega þetta mál áður en endanleg ákvörðun verður tekin um stórfelldan niðurskurð á mörkuðum tekjustofnum Byggingarsjóðs, sérstaklega þegar til þess er litið að stöðugt er verið að bæta nýjum verkefnum á sjóðinn á sviði lánveitinga."

Í málefnasamningi ríkisstj. er, eins og kunnugt er, gert ráð fyrir að bæta því verkefni á Byggingarsjóð ríkisins að hann veiti aukin lán til leiguíbúðabygginga og til byggginga verkamannabústaða m. a., þannig að það sýnist vera full ástæða fyrir samþykkt húsnæðismálastjórnar.

Erfðafjárskatturinn, sem er skertur svo harkalega að tekinn er meira en helmingurinn af honum í ríkissjóð, hefur áður runnið til uppbyggingar endurhæfingarstöðva fyrir öryrkja og hann hefur lánað til elliheimila.

Bifreiðaskatturinn á að ganga til Vegasjóðs. Hann hefur aldrei áður verið skertur og var ekki skertur — og það er athyglisvert — í frv. hæstv. ráðh. Tómasar Árnasonar, en hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds, fyrrum hæstv. samgrh., telur sér fært að skerða þennan tekjustofn Vegasjóðs í fyrsta sinn um hvorki meira né minna en 518 millj. kr.

Eitt þeirra fangaráða, sem vinstri stjórnin og núv. hæstv. ríkisstj. hafa gripið til til að standa undir gegndarlausri útþenslustefnu á ríkisútgjöldunum, er að skerða lögbundin framlög til ýmissa sjóða. Ég gerði einnig grein fyrir þessu í ræðu minni við 1. umr. fjárlaga og skal ekki fjölyrða um þetta mál í heild sinni, en hér er um hvorki meira nér minna en 5.7 milljarða kr. að ræða. En ég vil gera að umtalsefni nokkur atriði í þessu sambandi.

Fyrir Alþ. liggur frv. um Bjargráðasjóð og þar er Bjargráðasjóði ætlað nærri 200 milljónum kr. meira en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að fari í framlög til hans. Nú vita flestir hv. þm. að Bjargráðasjóður hefur mjög erfið vandamál á sinni könnu um þessar mundir, ekki síst í kjölfar þess mikla harðæris, sem orðið hefur í landbúnaði, og einnig vegna tjóna, sem urðu af völdum hafíss. Vandséð er því hvernig sú stefna, sem fram kemur í þessu frv. gagnvart Bjargráðasjóði, fær staðist.

Þá er Framkvæmdasjóður öryrkja, sem er nýstofnaður sjóður, skertur í frv. frá því, sem lög gera ráð fyrir, um 445 millj. kr. Ofan í kaupið er ekkert framlag til Styrktarsjóðs vangefinna, sem var í fyrra 150 millj. kr. og er ætlast til að starfi áfram þrátt fyrir lögin um Framkvæmdasjóð. Þótt fjvn. hafi hækkað örlítið framlag til Framkvæmdasjóðs öryrkja er augljóslega um stefnubreytingu að ræða í málum þess fólks sem þarna um ræðir.

Síðast en ekki síst má minna á Byggingarsjóð verkamanna af öllum sjóðum. Framlag hans er skert um 67 millj. kr. miðað við það sem lög gera ráð fyrir, en þó er ætlunin að gera sérstakt átak í byggingu verkamannabústaða samkv. málefnasamningi ríkisstj. Það er athyglisvert að síðustu ár hefur það orðið svo, að framlög til framkvæmda í landinu hafa orðið að afgangsstærð í fjárlagagerðinni. T. d. var það svo, að 1977 voru fjárframlög til framkvæmda 23.4% af fjárlögum, en samkv. þessu frv. eru þau einungis 16.5%. Þetta segir einnig sína sögu í sambandi við það sem ég hef hér talið áður.

Þá vil ég gera að umtalsefni nokkur atriði, eftir að hafa farið orðum um meginstefnu frv.

Fjvn. var mikill vandi á höndum þegar skipta átti þeirri upphæð sem ætluð var til sjúkrahúsa og heilsugæslubygginga í landinu. Hún fékk í hendur lista frá fjárlaga- og hagsýslustofnun og heilbrrn. sem sýndi að þeim 2.2 milljörðum, sem þar voru til ráðstöfunar, var í raun búið að ráðstafa með verksamningum og bindandi ákvörðunum frá fyrra ári. Í þennan lið kom nokkurt viðbótarfjármagn, en ég hygg að það sé víða svo, að verk gangi seint og illa fram og húsin standi hálfköruð í þessum málaflokki. Ástæðan fyrir þessu er sú, að það hefur verið byrjað á allt of mörgum verkefnum í einu til að hægt sé að sinna þeim innan þess ramma sem hverju sinni hefur verið markaður í þessum málaflokki. Það tókst ekki nú frekar en fyrri daginn að fá fram þá stefnu, að ekki yrðu settar af stað nýjar framkvæmdir á þessu sviði meðan verið væri að ljúka því sem komið væri á stað og væri í raun víða svo að nálgaðist neyðarástand að ekki kæmist í gagnið.

Ég vil nefna eitt mál, sem hefur verið mikið brennandi mál fyrir okkur þm. Norðurl. e. í þessu efni, en það er sjúkrahúsið á Akureyri. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir að taka vel í það að tengibyggingu þá, sem um ræddi í máli frsm. n., megi bjóða út á þessu ári. Hún er forsenda þess að hægt sé að nýta þær miklu framkvæmdir sem þar hefur verið ráðist í síðustu árin, en á Akureyri hefur í raun sáralítið verið gert á 25 ára tímabili í því að laga aðstöðuna í Fjórðungssjúkrahúsinu, og má segja að þar sé að skapast algert neyðarástand. Ég þakka fjvn. fyrir góðar undirtektir í þessu máli. Er það nú heimamanna að útvega fé til þess að þetta verkefni geti gengið eðlilega fram, en það skortir á 160—200 millj., miðað við fjárveitingu, að hægt sé að vinna þannig að unnt verði að taka allt húsnæðið í notkun á árinu 1981.

Í framhaldi af þessu vil ég minna svolítið á nokkur önnur einstök mál og byrja á málefnum iðnaðarins.

Í frv. er sérstaklega talað um að málefni iðnaðarins séu tekin föstum tökum og þar sé mörkuð iðnaðarstefna. Eins og hv. þm. er kunnugt var lagt á í fyrra sérstakt tímabundið aðlögunargjald sem átti að ganga til iðnaðarins. Hæstv. fjmrh., sem mælti fyrir því frv., sagði orðrétt, hann var þá hæstv. ráðh. Tómas Árnason: „En tekjum af gjaldinu á árinu 1980 verði hins vegar ráðstafað sérstaklega á fjárlögum til eflingar iðnþróun." — Nú er það svo, að þetta fjárlagafrv. ber með sér að einungis 850 millj. kr. af þessu fé á að verja til iðnþróunar á þessu ári. Hitt ætlar ríkissjóður að taka í hítina, og það kemur ekkert fram um hvort ríkissjóður hyggst inna það fé af hendi síðar. Hér er í raun um að ræða að ríkissjóður ætlar að taka til almennra þarfa tæpan milljarð kr. af tekjum af þessu gjaldi í ár og ráðstafa því ekki til iðnaðarins. Við höfum því, þremenningar í fjvn., flutt till. um breytingu á 4. gr., sem kemur fram í sérstakri brtt. á þskj. 236, og sú brtt. er einfaldlega að ríkisstj. standi við loforð ráðh. um að þessi sérstaka skattlagning verði notuð til eflingar iðnaðinum.

Ég get í viðbót við þetta upplýst að þetta gjald var lagt

á í nokkra mánuði í fyrra og af því var um áramót óráðstafað 386 millj. kr., þannig að í raun mundi ríkissjóður halda af fé, sem lofað var að nota til iðnþróunar, 1376 millj. kr. ef frv. verður samþ. óbreytt og till. okkar ekki sinnt í þessum efnum.

Ég held að flestir hv. þm. þekki aðstöðu iðnaðarins og alveg sérstaklega ýmissa útflutningsgreina hans og þeirra greina sem búa við að þetta gjald veitir þeim ekki vernd. Fyrrv. hæstv. ríkisstj., ríkisstj. Alþfl., greiddi þessum iðngreinum fé til að bæta upp svo kallað „uppsafnað óhagræði", sem nefnt hefur verið af hálfu forráðamanna iðnaðarins, en því miður hefur núv. hæstv. ríkisstj. ekki séð sér fært að halda áfram þeirri stefnu. Þessi till. er flutt til þess að ríkisstj. standi við það sem ráðh. hafa áður lofað, að þetta fé renni til iðnaðarins. Við lítum svo til, að með þessu séum við ekki að gera annað í raun en benda á að það er algerlega útilokað að forráðamenn ríkissjóðs hagi sér eins og gert er ráð fyrir í þessu fjárlagafrv. að þessu leyti. Ég minnist þess ekki að ég hafi áður, síðan ég kom í fjvn., flutt brtt. við fjárlög, en nauðsyn brýtur lög og ég flyt þessa till. ásamt félögum mínum.

Þá vil ég koma að vegamálunum. Það er í raun svo, að mörgum málum er ýtt til lánsfjáráætlunar samkv. grg. í frv. Það er svo um vegamál, orkumál og ýmis fleiri atriði. En ég tel mig knúinn til að ræða hér um vegamálin eins og þau birtast í frv., því að svo er brugðið út af markaðri stefnu í vegáætlun með þessu frv. að það gegnir nánast furðu að hæstv. fjmrh. skuli þannig bregðast við þeirri stefnu sem hann sjálfur markaði á Alþ. með vegáætlun fyrir nokkrum mánuðum. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að sama krónutala sé til vegamála og gert er ráð fyrir í vegáætlun. Vegagerðarmenn segja okkur í fjvn. að það skorti á 56% til þess að fé til nýbygginga haldi raungildi sínu og 6½ milljarð kr. vanti upp á til þess að hægt sé að framkvæma þá vegáætlun sem hæstv. fjmrh., þáv. samgrh., fékk samþykkta hér á Alþingi.

Þetta kemur fram með ýmsum hætti. Það er t. d. svo, að skerðing bifreiðaskatts er 518 millj. kr., en hann á að ganga í Vegasjóð, og síðan er ákveðið með þessu fjárlagafrv., sem aldrei hefur gerst áður, að ekki verði lögð króna úr ríkissjóði til Vegasjóðs. Framlag ríkissjóðs til Vegasjóðs 1978 var 1500 millj. kr. Miðað við verðlag í dag ætti það að vera 3.1 milljarður kr. En það er fleira við þetta að athuga. Á sama tíma sem þetta er gert er ætlunin að hækka bensínskatt, eins og fram hefur komið í umr. á Alþ. og kom fram í gær. Álögur á bensín eru áætlaðar 29 milljarðar kr. í þessu frv. samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar, en þessar álögur námu rúmum 9 milljörðum 1978 og nemur þetta 10 milljörðum kr. umfram verðbreytingar á þessu tímabili. Þessar tölur eru mjög athyglisverðar ef það er skoðað að á árinu 1978 fóru 49% af álögum á bensín í Vegasjóð, en núna fara 62% í ríkissjóð og aðeins 38% í Vegasjóð. Þannig er nú staðið að því að framkvæma það sem Alþ. samþykkti að till. hæstv. samgrh. fyrir aðeins nokkrum mánuðum. Það er sem sagt stórlega þyngd skattbyrðin á umferðina, en á sama tíma gert ráð fyrir að skerða framlög til veganna eins og ég hef hér rakið.

Ég held að við Íslendingar séum að því leyti til komnir út í ófæru í vegamálum, að það er margsannað mál að við getum sparað hundruð millj. ef ekki milljarða með því að gera átak í vegamálum, t. d. að leggja á bundið slitlag þar sem umferð er mest. Við spörum þar bæði fyrir bifreiðaeigendur og líka í vegaviðhaldi. Við verðum því með einhverjum hætti að koma okkur út úr þessum vítahring. Það verður ekki gert með því að standa þannig að þessum málaflokki eins og ég hef tíundað. En þetta er ein afleiðingin af því, sem ég hef verið að ræða aðallega, hvernig menn hafa staðið að því að þenja út rekstrarútgjöld ríkissjóðs að undanförnu. Þá kemur þetta jafnvel niður á málum eins og vegamálunum.

Herra forseti. Þetta fjárlagafrv. mun reynast frv. að verðbólgufjárlögum, ekki síður en frv. fyrir 1979. Í fjárlagafrv., sem Tómas Árnason lagði fyrir Alþ. í haust, var gert ráð fyrir að raunverulegur greiðsluafgangur yrði 8.6 milljarðar kr. Var ætlunin að sú upphæð yrði greidd í Seðlabankann sem afborgun af yfirdráttarskuld þar, sem nú er orðin nálægt 30 milljörðum kr. Þetta var talið höfuðatriði fjárlagastefnunnar. Í þessu frv. er einvörðungu gert ráð fyrir að greiða 3.6 milljarða í Seðlabankann, 5 milljörðum hefur verið ráðstafað í útþenslu ríkisbáknsins og greiðsluafgangurinn á pappírnum samkv. frv. því 3.6 milljarðar. Þessi ráðstöfun ein út af fyrir sig mundi gera ríkisfjármálin að bitlausu vopni gegn verðbólgu, þótt frv. væri raunsætt að öðru leyti, og er því óafsakanleg við þær aðstæður sem við búum nú við í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Það er fjöldamargt í þessu frv. sem er vanáætlað í útgjöldum og tekjuáætlunin er teygð að ýmsu leyti. T. d. er gert ráð fyrir því í forsendum tekjuáætlunarinnar að áfengi og tóbak hækki á ákveðnum dögum á árinu 1980. Sem dæmi um hversu útgjaldahlið frv. er óraunsæ má minna á að víða í grg. er sagt að frestað sé að taka á málum þar til lánsfjáráætlun verður gerð. Þar má m. a. minnast á ýmis útgjöld til orkumála og vegamála. Í frv. vantar upphæðir til að greiða útgjöld vegna stjfrv., sem þegar liggja fyrir Alþ., um fæðingarorlof t. d. og Bjargráðasjóð. Gert er ráð fyrir að frv. um fæðingarorlof kosti ríkissjóð 1 milljarð á árinu, ef samþ. verður. Menntmrn. álítur að í frv. vanti 1550 millj. kr. til rekstrarkostnaðar ýmissa skóla, og stjórn ríkisspítalanna telur að 700—800 millj. skorti á útgjaldaáætlun frv. til relstrar ríkisspítalanna á árinu. Þessu til viðbótar ákvað ríkisstj. fyrir skömmu að hækka útgjöld frá frv. til ýmissa framkvæmda um 1800 millj. kr. og í því skyni að auka spariskírteinaútgáfu um 800 millj. og lækka óviss útgjöld um 200 og aðra fjárlagaliði um 800 millj. kr. Allt er þetta á sömu bókina lært og eykur þenslu í ríkisfjármálum. Því er ljóst að ríkissjóður mun á árinu 1980 verða rekinn með miklum greiðsluhalla og verka sem olía á eld verðbólgunnar.

Í þessu frv. er t. d. ekkert tekið á því, að samkv. skýrslu ríkisendurskoðunar skuldaði ríkissjóður um áramót ýmsum aðilum verulegar upphæðir, samtals 4 milljarða 179 millj. kr. Þar voru t. d. ógreidd framlög til menntaog kennaraskóla 203 millj., Aflatryggingasjóðs 280 millj., Fiskveiðasjóðs 513 millj., Byggingarsjóðs ríkisins 2023 millj., rekstrar sjúkrahúsa 353 millj. og olíustyrkur ógreiddur úr ríkissjóði um áramót var 262 millj. kr. Ótalið er að ríkissjóður mun skulda Tryggingastofnun ríkisins 7 milljarða kr.

Þannig er því miður um þetta frv., að það er algerlega óraunsætt eins og fyrra frv. vinstri stjórnarinnar fyrir 1979, og eru allar líkur á að það fari eins og í þeirri sjóferð.

Við fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. munum ekki gera einstakar till. til breytinga á frv. til lækkunar, enda kæmi ekki annað til greina að okkar mati en grundvallar-

stefnubreyting. Frv. gengur þvert á stefnumið Sjálfstfl. í veigamiklum atriðum og er því allri ábyrgð á gerð fjárlaga lýst á hendur ríkisstj. og stuðningsmanna hennar. Við vörum eindregið við þeim vinnubrögðum sem nú hafa verið tekin upp og lýsa sér í því að veigamiklir útgjaldaliðir eru afgreiddir utan fjárlaga. Eitt af meginmarkmiðum fjárlaganna er einmitt að hafa á einum stað yfirsýn yfir öll svið ríkisfjármálanna.

Þá er þess að geta, að við munum fyrir okkar leyti greiða fyrir því að fjárlög verði afgreidd fyrir páska. Það er þó því skilyrði bundið að lánsfjáráætlun liggi fyrir í tæka tíð. Ég hef áður vitnað til þess, að lög mæla svo fyrir að lánsfjáráætlun skuli lögð fram með fjárlagafrv. Lánsfjáráætlun var fyrst gerð 1976 fyrir tilstuðlan þáv. fjmrh. Matthíasar Á. Mathiesen. Þá var lánsfjáráætlun lögð fram fyrir 3. umr. um fjárlagafrv. 1977 var svo einnig og 1978, en þetta var hins vegar þannig framkvæmt, eftir að vinstri stjórnin tók við, að lánsfjáráætlun var ekki samþykkt fyrr en 16. maí 1979 eða nærri hálfu ári eftir að fjárlög höfðu verið samþykkt. Við teljum að það sé óforsvaranlegt að standa að afgreiðslu fjárlaga öðrum kosti en fá að sjá þá mikilvægu þætti sem felast í lánsfjáráætluninni. Hæstv. fyrrv. fjmrh. Tómas Árnason kallaði frv. að lánsfjáráætlun frv. að lánsfjárlögum og er það réttnefni hjá honum. Við teljum að það verði ekki hægt að standa eðlilega að afgreiðslu fjárlaga öðruvísi en lánsfjáráætlun liggi fyrir. Það skulu vera mín lokaorð.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hv. þm. Lárus Jónsson, frsm. minni hl. fjvn., lýsti í ræðu sinni þeirri ófugþróun sem átt hefur sér stað í ríkisfjármálunum á undanförnum árum. Hann hefur hér á Alþingi, m. a. við 1. umr. fjárlaga, rifjað upp gagnrýni sjálfstæðismanna í fjvn. á fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar haustið 1978, en sú gagnrýni á jafnframt við um fyrirliggjandi frv. Í ítarlegu nál. minni hl. fjvn. er því rækilega lýst, hvernig heildarskattbyrðin hefur vaxið jafnt og þétt. Enn fremur er á það bent, hvernig markaðir tekjustofnar eru teknir til almennra nota í ríkisbúskapnum, og þrátt fyrir stórauknar tekjur er frv. langt frá því að vera raunhæft ef ríkisstj. ætlar sér að standa við gefnar yfirlýsingar og loforð. Eitt er þó alveg ljóst og það er að fjárlögin eru verðbólguhvetjandi og þjóna fyrst og fremst þeim tilgangi að þenja út ríkisbáknið.

Í ræðu minni mun ég fyrst fara nokkrum orðum um forsendur fjárlagafrv., síðan fjalla nokkuð um gerð fjárlaga almennt og ýmis viðhorf í þeim efnum, en loks minnast á nokkur einstök atriði frv., sérstaklega þó þau sem snerta fjárveitingar til Reykjavíkur.

Eins og margoft hefur komið fram byggjast verðlags- og kaupgjaldsforsendur frv. á þeirri stefnu ríkisstj. að telja niður verðlag í landinu í áföngum og á því að engar grunnkaupshækkanir eigi sér stað á árinu. Að gefnum þessum forsendum reiknar þjóðhagsstofnun út, að verðbreytingar verði 46.5% milli meðaltala áranna 1979 og 1980, en launahækkanir verði 42.5% á sama bili. Þessar forsendur eru ljóslega rangar þegar litið er til þeirra atburða sem átt hafa sér stað síðan stjórnin tók við völdum.

Í fyrsta lagi hefur Alþýðusamband Íslands lýst því yfir, að láglaunafólk verði að fá grunnkaupshækkanir og ekki komi til greina að verðbætur verði greiddar með sama hlutfalli upp allan launastigann. Þessi sjónarmið hafa nú þegar beðið skipbrot með dómi í kjaradeilu BHM, þar sem viðurkenndur var skýlaus réttur þeirra til fullra verðbóta. Verðbætur verða því varla notaðar til tekjujöfnunar án sérstakrar lagasetningar.

Ríkisstj. hefur í málefnasamningi sínum lýst því yfir, að hún sé tilbúin til að leggja fram 3—5 milljarða á þessu ári til að koma til móts við kröfu launþegasamtaka ef þau sýna hógværð í kröfugerðinni. Þessir fjármunir fyrirfinnast ekki í fjárlagafrv. og verða því að innheimtast með nýjum álögum ef ekki á að koma til verulegur halli á ríkissjóði. Reyndar er hugsanlegt að upplýsingar finnist í lánsfjáráætlun um þetta atriði og er þá verið að ýta vandanum til næstu ára.

Í öðru lagi má leiða getum að því, að forsendur frv. séu rangar, með því að vitna til þeirra umr. sem áttu sér stað á hv. Alþ. fyrir skömmu um væntanlegt fiskverð. Yfirlýsingar ráðh. um hraðara gengissig en frv. gerir ráð fyrir skekkja að sjálfsögðu þann grundvöll sem það hvílir á, og af því leiðir enn meiri verðbólgu en spáð er í frv.

Í þriðja lagi er það algerlega ljóst að niðurtalningarleiðin er ófær nema að nafninu til, enda hafa ráðh. æ ofan í æ ítrekað að frá þeirri reglu séu að sjálfsögðu undantekningar. Verðstöðvunaraðgerðir með þessum hætti eru vonlaus fyrirbrigði, og má benda á að verðbólgan hefur aldrei vaxið meira en þegar verðstöðvunarlög hafa verið í gildi.

Fyrir síðustu kosningar var barist um hvort ráðast ætti að rótum verðbólgunnar með föstum og hörðum hætti eða hvort áfram skyldi reyna smáskammtalækningaaðferðina. Þeir, sem nú sitja í ríkisstj., völdu seinni kostinn. Sá kostur kann að virðast hagfræðilega álitlegur, en er stjórnmálalega vonlaus. Sérhver ríkisstj., sem hyggst ná tökum á efnahagsmálunum, verður að láta til skarar skríða meðan hún hefur tiltrú fólks. Sú ríkisstj., sem nú situr, hefur notað fyrstu vikurnar til að herða skattheimtuna, en hefur engan vilja sýnt til að koma til móts við þá sem vilja endurskoða ríkisreksturinn og beita ríkisfjármálunum sem lið í samræmdum aðgerðum gegn verðbólgunni. Þvert á móti hefur hún valið þá leið sem síðasta ríkisstj. fylgdi dyggilega til dauðadags. Þeir, sem í raun stjórna ferðinni, hafa ekkert lært og engu gleymt.

Ég vil nú víkja fáeinum orðum að fjárlagagerðinni sem slíkri. Eins og hv. frsm. minni hl., Lárus Jónsson, gat um var á sínum tíma mörkuð sú stefna að við gerð fjárlaga og ríkisreiknings skyldi kappkostað að halda öllum liðum inni til að heildaryfirlit fengist yfir fjármál ríkisins í fjárlögum. Núv. ríkisstj. hefur horfið frá þessari stefnu í mikilvægum atriðum. Með þessum orðum á ég t. d. við það athæfi að taka olíustyrkinn út úr frv. Hér er ekki aðeins verið að gagnrýna þau ósköp að taka þá peninga og láta í aðrar óskyldar framkvæmdir og aðgerðir, heldur er aðeins verið að benda á að með því að kippa þessum lið út úr frv. án nokkurrar haldbærrar réttlætingar er verið að koma í veg fyrir að fjárlög sýni ríkisumsvifin í raun. Í þessu sambandi er ástæða til að rifja upp þau rök sem voru fyrir því að áliti hæstv. fjmrh. að þessi liður var tekinn út úr frv., en þau voru á þann veg, að þar sem ekki lægi fyrir nákvæmlega hvað þessi liður yrði stór yrði hann að bíða til betri tíma. Þetta eru auðvitað falsrök hin mestu þegar haft er í huga að allar tekjur í frv. og mikill hluti útgjaldanna er að sjálfsögðu byggt á áætlunum, en ekki á nákvæmum niðurstöðum.

Það kann að þykja sem eggið sé að kenna hænunni þegar ég fjalla um aðferðir við fjárlagagerð. Ég hef þó mér til afsökunar að stundum sér auga nýgræðingsins

glöggt, rétt eins og gests augað. Ekki fer á milli mála að fjárlagagerð hefur stórbatnað tæknilega á undanförnum árum. Koma þar einkum til umbótastörf ráðh., hagsýslustjóra, embættismanna og formanna fjvn., sem vinna mikið og óeigingjarnt starf. En það er ekki alltaf nóg að gera hlutina rétt ef við erum ekki að gera réttu hlutina, eins og frægur stjórnunarfræðingur komst einu sinni svo snilldarlega að orði. Ef menn vilja ná árangri verða þeir fyrst að setja sér markmið og síðan að velja leiðir af því. Í fyrirliggjandi fjárlagafrv. finnst ekkert markmið. Bíða, fresta, skulda og vona, virðast vera einkunnarorð frv. Engin alvörutilraun er gerð til að fara ofan í vandamálin og leysa þau. Eina lausn stjórnarinnar felst í aukinni skattheimtu. Hvergi er spurt: Getur ekki verið að aðrir en ríkisvaldið geti þjónað betur því hlutverki sem það hefur hingað til gegnt.

Við sjálfstæðismenn teljum að meginmarkmiðið við gerð fjárlaganna sé að draga úr ríkisútgjöldunum og nota eigi fjárlög sem hagstjórnartæki með því að taka tillit til aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar hverju sinni. Til að ná þessum markmiðum þarf að gera róttækar breytingar á undirbúningi fjárlaga og aðferðum við gerð þeirra. Ég vil nefna nokkur atriði sem fram hafa komið af hálfu sjálfstæðismanna og reyndar annarra á ýmsum tímum.

Í fyrsta lagi þarf að losa um skuldbindandi útgjaldaákvæði í lögum, reglugerðum og samningum. Vegna hins sjálfvirka vaxtar útgjaldanna, sem er afleiðing skuldbindandi útgjaldaákvæða, verða verklegar framkvæmdir afgangsstærð og hún lendir oftast undir hnífnum þegar reynt er að hnýta fyrir hallalaus fjárlög. Þess þarf að gæta að reyna sem oftast að stofna aðeins til tímabundinna útgjalda. Slíkt er vel þekkt víða erlendis við fjárlagagerð að nefna ákveðinn árafjölda í þessu sambandi. Falla þá viðkomandi fjárframlög út af fjárlögum af sjálfu sér að þeim tíma liðnum. Þessi háttur, sem stundum er kallaður sólsetursaðferðin, er mikilvægt tæki fyrir stjórnmálamenn, sem venjulega eru settir í þá stöðu að þurfa að réttlæta sparnaðar- og niðurskurðaráform, í stað þess að þiggjendum fjármagns sé gert að sýna fram á gildi áframhaldandi fjárveitinga. Segja má að sönnunarbyrðinni sé eiginlega snúið við í þessu sambandi.

Í Bandaríkjunum þekkist enn fremur sú regla, að fjárveitingar falli niður til ríkisstofnana sem ekki hafa farið í gegnum úttektarskoðun hagsýslunnar að ákveðnum tíma liðnum frá síðustu skoðun. Þá er mikilvægt að stefnt sé að því að fjárlög séu fremur á verkefnagrundvelli en stofnanagrundvelli. Ég vitna til ummæla formanns fjvn., hv. þm. Eiðs Guðnasonar, þegar hann fjallaði um „núllgrunnsáætlun“ í ræðu sinni fyrr á þessum fundi.

Fjórir þm. Sjálfstfl., eða allir þeir sem kjörnir voru í fjvn. af hálfu flokksins í des. s. l., þ. e. Friðrik Sophusson, hv. þm. Lárus Jónsson, hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson, eru flm. þáltill. á þskj. 131 um þetta mál, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar, að fjárveitingar hins opinbera verði óbundnar af fyrri fjárveitingum, þannig að verkefni komi til endurskoðunar frá grunni við fjárlagagerð. Því skorar Alþ. á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að „rekstrar- og fjárhagsáætlanir“ verði svo sem við verður komið reistar á svokölluðum „núllgrunni“.

Í umr. um sparnað og hagræðingu í ríkisrekstrinum hefur margoft verið bent á vanmátt stjórnmálamanna við forgangsröðun verkefna. Þetta stafar öðrum þræði af því að útgjöld ríkisins eru oftast til stofnana og deilda, en sjaldnast til verkefna. Árangur er þá yfirleitt mældur í útgjaldaupphæðum. Í fjárhagsáætlunum og bókhaldi ríkisfyrirtækja og stofnana og reyndar einnig hjá einkafyrirtækjum er meira lagt upp úr því að sýna hve mikið er notað í ýmsa kostnaðarþætti, svo sem laun, launatengd gjöld, símakostnað, rafmagn, ræstingu, aðkeyptan akstur o. s. frv., o. s. frv., en að einangra alla kostnaðarþætti hvers verkefnis sem unnið er að hverju sinni. Stjórnendur einkafyrirtækja og stjórnmálamenn erlendis, sem trúað er fyrir fjármunum almennings, hafa leitað nýrra leiða við fjárlaga- eða fjárhagsáætlunargerð og er núllgrunnsáætlunargerðin ein sú þekktasta þeirra. Ég fagna því þess vegna þegar hv. frsm. meiri hl. n. lýsti yfir stuðningi við þessa aðferð, því að þá er hún með tryggan meiri hl. í fjvn.

Á þessa aðferð er minnst hér því að hún er merkilegt framlag til þeirrar viðleitni að ná betri tökum á fjárlagagerð og koma í veg fyrir það tregðulögmál sem oft ríkir í þeim efnum.

Í nál. minni hl. fjvn. er einnig minnst á nauðsyn þess, að ráðningartími og kjör opinberra starfsmanna verði sveigjanlegri. Hefur reyndar talsvert áunnist í þeim efnum á undanförnum árum. Til þess að ná fram þeim meginmarkmiðum, sem ég lýsti fyrr í ræðu minni, þarf — auk þess að útrýma skuldbindandi ákvæðum — að reyna að hámarksnýta fjármagnið sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma. Of mikil dreifing fjármagns veldur oftast því að það festist í hálfköruðum byggingum í allt of langan tíma. Nútímatækni hefur einnig gerbreytt viðhorfum til ráðstöfunar fjármagnsins. Í því sambandi má geta þess, að sífellt vex fasti kostnaðurinn við ýmsar vegaframkvæmdir. Tíður tilflutningur á mönnum og tækjum milli staða getur þýtt að ekkert fé verði eftir til sjálfs vegaviðhaldsins. Á þetta minnist ég hér að gefnu tilefni og beini þessum ummælum mínum sérstaklega til þeirra hv. þm. sem skipta vegafénu innan kjördæma.

Í þriðja lagi er afar nauðsynlegt, ef bæta á fjárlagagerðina, að endurskoða verka- og tekjuskiptingargrundvöll ríkis og sveitarfélaga þannig að ábyrgð og fjármögnun verði meira á sömu hendi en nú er. Í nokkrum þáttum rekstrar, en þó fleiri á sviði verklegra framkvæmda, er sameiginleg fjármögnun ríkis og sveitarfélaga. Vegna þessarar sameiginlegu kostnaðarþátttöku verður oft uppi á teningnum skipulagsleysi í framkvæmdum. Sveitarfélög hneigjast stundum til að byggja stærra en nauðsyn krefur, forgangsröðun verkefna getur ráðist af fjármagnsgetu sveitarfélaganna, en alvarlegast er að frumkvæði, ábyrgð og framkvæmd haldast ekki í hendur við fjármögnunina.

Í fjórða lagi vil ég benda á þá leið að fyrrgreindu marki, að þjónustustofnanir ríkisins verði sem mest reknar hallalausar. Það er bókstaflega grátlegt að horfa upp á að sértekjur og þjónustugjöld fái ekki að hækka eingöngu vegna vísitöluáhrifa hækkunarinnar. Nægir að nefna Þjóðleikhúsið í þessu sambandi. Hjá sumum stofnunum hafa þessi mál verið skoðuð og ákveðnar tillögur verið gerðar. Má nefna Rafmagnsveitur ríkisins, sem hafa reynt að flokka útgjöld sín þannig að ljóst sé hver séu af félagslegum toga. Því miður hefur sá galli verið á gjöf Njarðar, að flokkunin hefur nær eingöngu verið byggð á skiptingu í arðbærar framkvæmdir og óarðbærar og þær síðarnefndu síðan kallaðar félagslegar án nokkurs stjórnmálalegs mats á félagslegum tilgangi þeirra. Það stendur þó vonandi til bóta. Í heilbrigð-

iskerfinu, þar sem viðurkennt er að ríkið eigi að greiða bróðurpartinn af kostnaðinum, verður þess ekki krafist að um hallalausan rekstur sé að ræða, nema á mjög þröngum sviðum. Hitt er svo annað mál, að eflaust má með ýmsum hætti kalla fram kostnaðarvitund almennings og þá jafnframt aðhald að heilbrigðisstofnununum. Mér hefur t. d. verið sagt að í Kanada, þar sem heilbrigðiskostnaður hefur vaxið minna en annars staðar á Vesturlöndum, sé sú regla í gildi að allir neytendur heilbrigðiskerfisins fái sendan reikning fyrir úttekt á hverju ári, en á sama eyðublaði sé tíundað framlag ríkisins á móti. Slík aðferð skapar umræður og skilning á því, hvað verður um skattpeningana, og getur þar af leiðandi dregið úr kostnaði. Mér er ljóst að þessi aðferð getur verið varhugaverð á ýmsan hátt, en er þó athyglisverð engu að síður.

Ég mun nú fjalla um örfá atriði 4 gr. fjárlagafrv., en snúa mér síðan að málaflokkum sem snerta Reykjavíkurkjördæmi sérstaklega.

Óþarfi er að ítreka enn einu sinni öll þau gagnrýnisatriði sem fram hafa komið í umr. á Alþingi að undanförnu. Mun ég því sneiða hjá þeim sem mest ég get. Í grg. á bls. 195 um lið 02 872 Lánasjóð ísl. námsmanna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Framlag hækkar um 3 milljarða og 160 millj. kr. og verður tæpir 5.4 milljarðar í heild. Auk þessa framlags verður sjóðnum aflað heimildar til lántöku allt að 1200 millj. kr. Geta sjóðsins til lánveitinga er alls 5.6 milljarðar og styrkveitingar alls 315 millj. kr. og kemur þetta fram í B-hluta frv. Fjárveiting og lántökur eru við það miðaðar, að sjóðurinn geti staðið undir 85% af umframfjárþörf eins og hún er metin af sjóðsstjórn, og er það óbreytt frá gildandi reglu. Fjölgun lánveitinga á áætluninni er miðuð við 15% frá árinu 1979 og verðlagsbreyting milli ára miðast við 45% í samræmi við forsendur um innlent og erlent verðlag og gengisbreytingar. Ef ekki reynist unnt að standa við fyrrgreind skilyrði um lánveitingar er sá varnagli í 6. gr. frv., að heimiluð er lántaka vegna sjóðsins að upphæð 500 millj. kr. auk þeirra 1200 millj. sem fyrr er getið. Afborganir lána og vaxtagreiðslur sjóðsins hafa farið ört vaxandi á síðustu árum. Full ástæða er til þess, að fram fari athugun á fjármálum sjóðsins ekki síst með tilliti til lánsfjármögnunar sjóðsins og endurgreiðslu veittra lána."

Aðeins er gert ráð fyrir að 130 millj. kr, komi inn sem tekjur sjóðsins, 70 millj. kr. sem endurgreiðslur lána og 60 millj. í vexti. Í skýrslu frá stjórn sjóðsins er gert ráð fyrir að þegar fram í sækir og núgildandi endurgreiðslureglur fara að hafa áhrif muni um það bil 50—60% endurgreiðast. Þetta þýðir að Lánasjóðurinn er farinn að gegna þýðingarmiklu tekjujöfnunarhlutverki, án þess að það hafi í upphafi verið ætlunin, og er auk þess orðinn framfærsluuppspretta sem aðeins hluti borgaranna á aðgang að. Ég tel það augljóst verkefni næstu ára að markmið sjóðsins í lögum og reglur hans verði endurskoðaðar með tilliti til þess sem fram hefur komið. Ef sjóðurinn á að lána alla umframfjárþörf námsmanna verður að tryggja að endurgreiðsluhlutfall verði hærra en núgildandi reglur gera ráð fyrir. Það skal tekið fram, að að sjálfsögðu er vandi Lánasjóðs ísl. námsmanna m. a. til kominn vegna þess að á undanförnum árum hefur sýknt og heilagt verið gripið til þess ráðs að afla fremur fjár með lántökum en gera það beint af fjárlögum sjálfum. Þetta þýðir að stór hluti útgjalda sjóðsins fer til að standa straum af afborgunum og vöxtum af þessum lánum.

Þá er vert að vekja athygli á því, að í aths. á bls. 206 um lið 06 251 Landhelgisgæsluna er gert ráð fyrir sölu á Árvakri og annarri flugvél Landhelgisgæslunnar. Söluandvirðið er áætlað 395 millj. kr. samtals. Ástæða er til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort gert sé ráð fyrir staðgreiðslu, eins og helst má lesa úr frv. — Ég vil endurtaka það sem ég var að segja, því að ég sá að hæstv. fjmrh. var að huga að öðru, sem eðlilegt er. Ég var að spyrjast fyrir um liðinn um Landhelgisgæsluna, um þær 395 millj. sem er sagt í frv. að séu hugsanleg greiðsla eða söluandvirði, hvernig á því standi að þær komi inn í einu lagi í frv., hvort þar sé búist við staðgreiðslu. Enn fremur er rétt að hann geri grein fyrir sjónarmiðum samgrn. í þessu máli, þar sem Árvakur hefur verið gerður út á vegum Hafna- og vitamálaskrifstofunnar.

Ég minntist fyrr í ræðu minni á nauðsyn þess að fjárveitingar í framtíðinni yrðu sem mest gerðar á verkefnagrundvelli. Slíkt fyrirkomulag kostar að sjálfsögðu meiri tíma og samráð, en skilar einnig betri árangri. Ákveðin tilraunastarfsemi hefur farið fram í þessum efnum í sambandi við rannsóknastarfsemina að frumkvæði Rannsóknaráðs ríkisins. Í dag barst fjvn. bréf frá Rannsóknaráði, sem ég tel ástæðu til að lesa til að skýra sjónarmið framkvæmdanefndar ráðsins og varpa jafnframt ljósi á það sem ég hef fyrr í ræðu minni gert að umtalsefni. Þetta bréf hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi þessu vill framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins láta í ljós ánægju sína yfir því, að á s. l. ári við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1980 var tekið upp sérstakt samráð um meðferð fjárveitingabeiðna rannsóknastofnana atvinnuveganna. Var það gert með hliðsjón af langtímaáætlun ráðsins í þeim tilgangi að fjárveitingabeiðnir væru metnar meira út frá efnislegum forsendum og þörfum en áður hefur tíðkast. Tilgangur þessa samráðs er að gera starf stofnananna markvissara og tengja það betur þjóðhagslegum markmiðum, vandamálum og tækifærum atvinnulífsins og færa starf meira á verkefnagrundvöll. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs vill hér með fara þess á leit við fjvn., að fram komi í áliti n. til þingsins að ætlunin sé að halda áfram þessu samráði og þróa það frekar svo sem mögulegt er. Telur framkvæmdanefndin mikilvægt að slík staðfesting komi fram um vilja til að vinna áfram á þessum grunni sem lagður er, þannig að vinnubrögð og hugsunarháttur viðkomandi stofnana geti tekið mið af því.

Enda þótt ekki hafi fengist aukning á framlögum til rannsóknastarfsemi á fjárlögum þessa árs umfram kostnaðarhækkanir telur framkvæmdanefndin það nokkurn áfanga að aukinn sveigjanleiki fékkst í notkun sjálfsaflafjár stofnananna, þannig geti stofnanirnar notað tekjur sínar til að auka umsvif sín til að bæta þjónustu við atvinnulífið. Telur nefndin það til bóta að þannig sé hvatt til meiri samskipta stofnana við atvinnulífið sem hér á landi leggur óeðlilega lítið fjármagn til rannsóknastarfsemi. Með þessu móti verða opinberar rannsóknastofnanir jafnframt meira viðskiptalega sinnaðar og gæti það aukið árangur af starfi þeirra. Þá telur nefndin það mikilvægt að stofnanirnar fái sjálfar nokkurt vald á því, hvernig fjárveitingabeiðnir skuli skornar niður til að mæta kröfum fjárlagastefnunnar.

Í sambandi við frekari meðferð þessa máls vill framkvæmdanefndin benda á eftirfarandi:

1. Í grg. með frv. er þess getið, að í 25. gr. laga um stjórn efnahagsmála, nr. 13/1979, segir: „Til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknastarfsemi í þeirra þágu með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum.“ Síðan segir í grg.: „Langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna mun ekki enn hafa verið staðfest af stjórnvöldum. Verði það gert“ o. s. frv. Framkvæmdanefndin telur að með einróma ályktun Alþingis á s. l. vori um, að tekin skuli upp langtímaáætlunargerð fyrir rannsókna- og þróunarstarfsemi og langtímaáætlun Rannsóknaráðs lögð til grundvallar, sé komin raunhæf stefnumótun fyrir rannsóknir í landinu. Sýnist ekki ástæða til að staðfesta og rígbinda einstaka þætti áætlunarinnar með ákveðnari hætti en slíkri stefnuyfirlýsingu, enda verður að vera rúm til endurskoðunar og breytinga milli ára.

2. Vegna þeirrar áherslu, sem í grg. fjárlaga er lögð á orkurannsóknir, hefur framkvæmdanefndin ákveðið að láta gera sérstaka athugun á orkurannsóknaverkefnum í landinu sem unnið er að hjá hinum ýmsu stofnunum. Yrði það raunar þáttur í langtímaáætlanagerð fyrir orkurannsóknir og til leiðbeiningar um forgangsröðun og/eða vanrækt verkefni á því sviði.

3. Við undirbúning fjárlaga fyrir 1981 óskaði framkvæmdanefndin nú eftir samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun og undirnefnd fjvn. um að stofnunum verði falið að skila áætlunum á grundvelli verkefna með hliðsjón af því formi sem þróað var á s. l. ári í samvinnu Rannsóknaráðs og stofnananna. Verði þær áætlanir lagðar til grundvallar við samráð varðandi undirbúning fjárlagafrv. fyrir næsta ár.“

Þar með lýkur lestri bréfs frá framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins, sem er dags. í dag. Ég hef lesið þetta bréf vegna þess að það er gott dæmi um það annars vegar, að áhersla er lögð á verkefnabundna stjórnun á fjárveitingunum, og hins vegar kemur þar fram fróm ósk um sveigjanlegri samráð stofnunar og fjvn. við fjárveitingaákvarðanir en hingað til hafa tíðkast.

Ég vil nú leyfa mér í nokkrar mínútur í lok ræðu minnar að gera grein í fáum dráttum fyrir sjónarmiðum Reykjavíkurborgar, sem hefur þá sérstöðu að vera langstærsta sveitarfélagið í landinu.

Á fjórum sviðum stofnkostnaðarframkvæmda renna fjárveitingar úr ríkissjóði til borgarinnar: til grunnskóla, íþróttamannvirkja, dagvistarstofnana og sjúkrahúsa. Skuldir ríkissjóðs vegna sameiginlegra framkvæmda verða ekki lengur taldar í hundruðum millj., heldur milljörðum. Um áramót skuldaði ríkið borginni 167 millj. vegna byggingar dagvistarheimila og Íþróttasjóður skuldaði 162 millj. kr. Eru þá taldir þeir málaflokkar þar sem skuldin er minnst. Sé miðað við höfðatölu hefur Reykjavík minnst borið úr býtum vegna fjárframlaga til skóla. Er þó ekki verið að kvarta undan því að aðrir fái hlutfallslega meira. Til þess geta legið eðlilegar ástæður. Engin ástæða er til þess heldur að kvarta undan fjárveitingum til grunnskólanna. — En vegna fjárveitinga til E-álmu Fjölbrautaskólans í Breiðholti er rétt að taka fram, að það er skilningur hv. fjvn. að Reykjavíkurborg sé heimilt að fara af stað með framkvæmdir á eigin ábyrgð þrátt fyrir að slíkt sé ekki orðað með berum hætti á bls. 192 í aths. frv.

Sá málaflokkur sameiginlegra framkvæmda, sem án efa er í mestum ólestri, er bygging sjúkrahúsa. Áætluð skuld ríkissjóðs vegna byggingar heilbrigðisstofnana Reykjavíkurborgar einnar er u. þ. b. 850 millj. kr., sem mætti ugglaust þrefalda ef verðbætur væru reiknaðar í öllum tilfellum. Það er því alger nauðsyn að borg og ríki geri með sér samning um greiðslu á ógreiddum hluta ríkissjóðs ásamt einhverjum verðbótum vegna framkvæmda við sjúkrastofnanir Reykjavíkurborgar. Þess vegna er nú unnið að tillögum að texta sem mundi koma í 6. gr. frv., en nánari grein verður gerð fyrir því máli við 3. umr. þar sem fjvn. hefur enn ekki gert brtt. við heimildagreinina.

Ég hef verið í sambandi við heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs. Undir það falla, auk sjúkrastofnana borgarinnar: Landspítalinn, Landaskotsspítali, Kleppsspítali, Grund, DAS, Rauði krossinn og stöð SÁÁ. Ég tel eðlilegt að skýra nokkuð stöðu ráðsins og viðhorf varðandi fjárveitingar, enda snertir það einnig aðferð við gerð fjárlaga.

Fjárveitingar ríkissjóðs til stofnkostnaðar á sviði heilbrigðismála í Reykjavíkurhéraði hafa á undanförnum árum verið óeðlilega lágar og í engu samræmi við umfang þeirrar þjónustu sem hér er veitt. Hefur þetta leitt til stöðnunar í þróun sjúkrastofnana og til neyðarástands á sviði hjúkrunar og langlegu aldraðra. Hlutur Reykjavíkurlæknishéraðs í heildarfjárveitingu ríkisins til heilsugæslustöðva frá 1974 nemur einungis um 4% eða tífalt lægri upphæð en vera ætti ef miðað væri við íbúafjölda. Mig langar til að lesa hér smákafla úr skýrslu sem Skúli Johnsen borgarlæknir sendi fjvn. og gerir í örstuttu máli grein fyrir því, að hve miklu leyti sjúkrastofnanir Reykjavíkurborgar og í Reykjavíkurlæknishéraði þjóna einnig sjúklingum sem búsettir eru í öðrum kjördæmum. Með leyfi forseta hljóðar sá kafli úr skýrslunni á þessa leið:

„Í héraðinu starfa eingöngu deildaskipt sjúkrahús og hjúkrunarstofnanir, en ekki almenn sjúkrahús. Fjölmennið á stór-Reykjavíkursvæðinu gerir mögulegt að reka þá sérhæfðu sjúkrahúsþjónustu ásamt stoðdeildum og fjölmörgum rannsóknastofum sem landinu öllu er nauðsynleg og er m. a. grundvöllur læknakennslu.“ — Þess má geta, að Landspítalinn er einmitt háskólasjúkrahús.

„Sjúkrahúsin í Reykjavík þjóna öllu landinu og utanhéraðssjúklingar nota 40% af legurými þeirra. Íbúar héraðsins nota afar lítið legurými í öðrum héruðum. Íbúar annarra héraða nýta sjúkrahúsin í Reykjavík í mismunandi mæli. 3/4 af sjúkrarúmaþörf íbúa Reykjaneshéraðs er fullnægt í Reykjavík, 2/3 af sjúkrarúmaþörf Suðurlandshéraðs og fimmtungi af sjúkrarúmaþörf íbúa Norðurlands eystra og Austurlands er fullnægt hér. Hlutur utanhéraðssjúklinga á sjúkrahúsum héraðsins hefur farið hægt vaxandi undanfarin ár. Heildarfjöldi sjúklinga, sem nutu meðhöndlunar á deildaskiptum sjúkrahúsum á landinu 1975, var 25 900, þar af á sjúkrahúsum í Reykjavík 20 200 eða tæp 80%. Sjúkrahús héraðsins annast um það bil 70% af heildarsjúklingafjölda sem vistaður er á landinu í heild vegna líkamssjúkdóma á almennum og deildaskiptum sjúkrahúsum.“

Reykjavíkurborg hefur ekki setið við sama borð og

önnur sveitarfélög varðandi framkvæmd laga um opinberar framkvæmdir. Að áliti formanns heilbrigðismálaráðs hefur Reykjavík beinlínis verið hegnt fyrir að vilja hafa útboð og framkvæmdir á eigin hendi, jafnvel þótt lögin geri skýlaust ráð fyrir að sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga séu í höndum sveitarfélags, sérstaklega þegar nægileg reynsla, aðstaða og mannafli er fyrir hendi í sveitarfélaginu. Reykjavík stendur að þessu leyti síst að baki viðkomandi ríkisstofnun.

Með lögum nr. 57/1978 voru stofnuð heilbrigðismálaráð er skyldu fara með stjórn heilbrigðismála í læknishéruðum. Ráðin skulu gera tillögur um forgang og framkvæmd verkefna í héraðinu og annast gerð árlegra fjárhags- og framkvæmdaáætlana vegna undirbúnings fjárlaga. Ætlunin mun vera í framtíðinni að þessir aðilar taki við hlutverki sjúkrasamlags og sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins að þessu leyti. Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurhéraðs lagði fyrir fjvn. rökstuðning þess efnis, að samkv. viðurkenndum viðmiðunarþáttum ætti hlutur Reykjavíkurhéraðs í heildarfjárveitingum til stofnkostnaðar á sviði heilbrigðismála að vera 55—60%, en ekki 38% eins og verið hefur að meðaltali undanfarin ár. Lagður var fram listi yfir óskir stofnana í Reykjavíkurhéraði um fjárveitingar á sviði heilbrigðismála, sem námu um það bil 4 milljörðum kr. Þetta er dæmi um hve mikið þarf að skera niður í sjálfri fjvn.

Samkomulag varð um það í fjvn. á s. l. hausti, að tillögur ráðsins um forgang og framkvæmdir kæmu fram þegar umfjöllun fjvn. um þennan fjárlagalið væri það langt á veg komin að séð væri hver hlutur héraðsins í fjárveitingum yrði á næstu fjárlögum. Heilbrigðismálaráð taldi ekki mögulegt að gera tillögur um forgang og framkvæmd verkefna fyrr en þessar upplýsingar lægju fyrir. Þær eru breytilegar eftir því hver upphæðin er. Því miður gafst ekki tækifæri til að standa að fjárveitingum til Reykjavíkurlæknishéraðs með þessum hætti nú, en finna verður leið til að koma í veg fyrir misræmi í fjárveitingum innan héraðsins. Virðast tvíverknaður og skortur á samstarfi sjúkrahúsanna vera nokkur þrándur í götu.

Samkv. fjárl. eru fjárveitingar til stofnkostnaðar heilbrigðismála í Reykjavíkurhéraði í tveimur liðum. Annars vegar eru fjárveitingar vegna Landspítala og Kleppsspítala, þ. e. ríkisspítalanna, sem ríkissjóður greiðir að fullu, og hins vegar heildarfjárlagaliðurinn til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á vegum sveitarfélaga sem ríkissjóður greiðir 85% af. Þessi skipting veldur erfiðleikum í sambandi við niðurröðun verkefna af hálfu heilbrigðismálaráðs, þar sem fjárveitingavaldið hefur þegar ákveðið hlut stofnana ríkisins innahéraðs.

Þessum viðhorfum vildi ég koma á framfæri vegna sérstöðu Reykjavíkurlæknishéraðs.

Mér er ljóst að fjárlagafrv. gerir engan veginn ráð fyrir að hægt sé að standa í skilum fyrir ýmsar heilbrigðisstofnanir í Reykjavík, og ég vil einkum nefna Landakotsspítala í því sambandi, en vonandi verður það leyst við 3. umr.

Ég hef aðeins rætt um stofnkostnað og framkvæmdir við sjúkrahús í Reykjavík. Ástæða hefði verið að ræða reksturinn, en það verður ekki gert að sinni.

Herra forseti. Ég hef gert nokkra grein fyrir viðhorfum minni hl. fjvn. til viðbótar þeim sem komu fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni. Enn fremur hef ég gert Reykjavíkursjónarmið að umtalsefni, ekki til að kvarta yfir slæmri meðferð, heldur til að skýra þá erfiðleika sem upp koma í samskiptum ríkisins og þess sveitarfélags sem er langstærst í landinu. Ég vil að öðru leyti vísa til nál. minni hl. n., sem við stöndum að sjálfstæðismennirnir sem erum í stjórnarandstöðu í n. Það eru auk mín þeir hv. þm. Lárus Jónsson og Guðmundur Karlsson.

Ég vil sérstaklega benda á í því nál., sem við höfum lagt fram á þskj. 233, þá þætti sem nefndir eru á bls. 7, en þar koma fram þau atriði sem við viljum leggja sérstaka áherslu á í sambandi við fjármál ríkisins. Þar kemur m. a. fram, svo að ég nefni eitt af fimm atriðunum, að við teljum að Alþ. eigi að vera sköpuð skilyrði til að hafa eftirlit með fjármálum ríkisins á þann veg að færa ríkisendurskoðun til Alþ. og fjvn. starfi meira að undirbúningi fjárlagafrv. og eftirliti með framkvæmd fjárlaganna.

Að síðustu vil ég leggja áherslu á það, sem jafnframt kom fram í ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar, að við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir að afgreiða þetta mál frá þinginu fyrir páska með því skilyrði að fram sé lögð lánsfjáráætlun sem skylda er að leggja fram samkv. IV. kafla í lögum nr. 13 frá 1979, en í þeim kafla svokallaðra Ólafslaga er fjallað ítarlega um þetta atriði og sagt nákvæmlega hvaða atriði eiga að koma fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni. Það er óhugsandi að standa að lokaafgreiðslu fjárlaga hér á hv. Alþ. án þess að fá verulegar upplýsingar um það sem hlýtur að koma fram í lánsfjáráætlun, vegna þess að í henni koma fram þau atriði sem marka að verulegu leyti fjárlagagerð næstu ára. Í þeirri von, að eftir þessum skilyrðum verði farið, legg ég áherslu enn frekar á þau atriði sem koma fram í nál.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 234, 236, 237, 239, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 39 shlj. atkv.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá að benda á atriði sem vakið hefur furðu mína í aths. með frv. því til fjárlaga sem hér liggur fyrir. Er það í aths. við lið 976 Framkvæmdasjóð öryrkja, sem stofnaður var með lögum nr. 47/1979, en í aths. segir svo, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta“ — þ. e. um Framkvæmdasjóðinn — „miðast við það að nokkur framlög falli niður sem hafa verið færð undir félmrn. og menntmrn., þ. e. til Styrktarsjóðs fatlaðra 07 974, til Styrktarsjóðs vangefinna 07 975, til byggingar skóla fyrir þroskahömluð börn 02 973, byggingarstyrkur til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra 07 999 og stofnkostnaður á liðnum Stofnanir afbrigðilegra barna 02 797.“

Í aths. er ekki rétt farið með staðreyndir í þessu máli, vegna þess að þegar frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja var til meðferðar á hv. Alþ. var það ekki miðað við að t. a. m. framlag til Styrktarsjóðs vangefinna félli niður. Hér er um að ræða fjárhæðir, sem voru á fjárlögum 1979, að upphæð 281 millj. kr. og vegur þar þyngst Styrktarsjóður vangefinna sem var á síðustu fjárlögum 150 millj. og tillögur voru gerðar um nú af félmrn. að hækkaði í 210 millj. Í tillögum félmrn., sem gerðar voru til fjárveitinga fyrir fjárlagaárið 1980, kemur einnig fram að gerðar eru

tillögur um hækkun til Styrktarsjóðs fatlaðra úr 10 millj. í 14 millj. og til Sjálfsbjargar, byggingarstyrkur, úr 10.5 millj. í 15 millj., eða samtals til þessara þriggja sjóða 239 millj., enda er ljóst, og er það í samræmi við lögin um aðstoð við þroskahefta, að félmrn. hefur litið á þessa sjóði á sama hátt og ég, að þeir ættu ekki að falla niður með tilkomu laga um Framkvæmdasjóð öryrkja. Því er ekki rétt farið með í aths. með frv. Er aðalatriðið að Alþ. hefur aldrei fellt úr gildi þá sjóði, sem um getur í aths., með samþykkt frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja á hv. Alþingi vorið 1979.

Í meðferð frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja á hv. Alþingi fjölgaði verulega þeim verkefnum sem honum var upphaflega ætlað að sinna. Framkvæmdasjóðnum var í þeirri mynd, sem frv. var lagt fram í, ætlað að fjármagna ýmis verkefni vegna sérkennslu, sem ekki hafði verið veitt fjármagn til þrátt fyrir skýr ákvæði grunnskólalaganna þar að lútandi, auk þess sem hann átti að fjármagna ýmis verkefni í lögum um endurhæfingu, svo sem verndaða vinnustaði, endurhæfingarstöðvar og dvalarheimili öryrkja. Í meðferð þingsins var Framkvæmdasjóðurinn með 1000 millj. kr. árlegt verðtryggt fjármagn svo felldur inn í frv. um aðstoð við þroskahefta, sem samþ. var á Alþ. vorið 1979, og bættust þá við hann fjölmörg verkefni vegna framkvæmdar þeirrar laga umfram það sem honum var upphaflega ætlað að sinna þegar frv. um hann var lagt fram.

Í lögum um aðstoð við þroskahefta, 17. gr., kemur fram að sjóðnum er ekki ætlað að fjármagna heimili sjálfseignarstofnana eða vistheimili, enda voru þau verkefni og höfðu verið um langt árabil fjármögnuð úr Styrktarsjóði vangefinna og kom hvergi fram í meðferð Alþ. á frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja að ætlunin væri að breyta þeirri skipan. Má segja að hafi það verið vilji Alþ. með samþykkt 1000 millj. kr. verðtryggðs framlags í Framkvæmdasjóð öryrkja og ef það hefur verið ætlunin að sá sjóður yrði lyftistöng í málefnum örykja og þroskahefta og viðurkenning á því að verkefni þeirra hafi verið afskipt lengi, þá er borin von að ætla slíkt ef tekið er mið af þeim geysimörgu verkefnum sem hann á nú þegar að fjármagna, þó að ekki sé endalaust verið að hlaða á hann verkefnum sem tilheyra öðrum sjóðum, nema þá til komi aukið framlag til Framkvæmdasjóðsins. Því frekar ætti að reyna að komast hjá því að hlaða á hann auknum verkefnum á viðbótarfjármagns, þegar hann er, auk þess að bæta á hann verkefnum sjóða sem felldir eru niður nú á fjárlögum, skertur um 400 millj. kr. frá því sem hann ætti að vera samkv. verðtryggingarákvæði laga um Framkvæmdasjóð öryrkja.

Sú tilhneiging virðist ríkjandi, að með tilkomu þessa sjóðs sé endalaust hægt að vísa á hann öllu er tilheyrir sjálfsagðri þjónustu við öryrkja og þroskahefta og allt sé hægt að framkvæma er því við kemur fyrir það 1020 millj. kr. framlag sem nú er á fjárlögum. Þó framlagið hafi verið hækkað um 40 millj. í meðförum fjvn. milli 1. og 2. umr. vegur það lítið miðað við það fjármagn sem þeim sjóðum ætti að vera ætlað sem nú á að fella niður. Það er hægt að upplýsa fjárveitingavaldið um það, sem telur greinilega að hægt sé að halda uppi góðri þjónustu við öryrkja og þroskahefta fyrir rúmlega 1000 millj. kr. framlag og endalaust sé hægt að bæta á það verkefnum, að þegar hafa borist beiðnir um 1800—1850 millj. kr. framlag úr sjóðnum, sem færi allt í mjög brýn verkefni sem afskipt hafa verið lengi og því er nauðsynlegt að veita fjármagn til. Því gefur auga leið að ef bæta á þeim verkefnum á Framkvæmdasjóð öryrkja sem sjóðirnir, sem nú á að fella niður samkv. fjárlagafrv., hafa haft á hendi og ég endurtek að var ekki ætlun Alþ., þegar samþykkt var frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja, að fella þá niður, þá er nauðsynlegt að auka verulega fjármagn til Framkvæmdasjóðsins á fjárlögum, en ekki sé gerð tilraun til að skerða fjármagn til hans á þann hátt sem ráð er fyrir gert til þeirra verkefna sem honum er ætlað að sinna samkv. gildandi lögum.

Auðvitað geri ég mér ljóst að heimili sjálfseignarstofnana eru mjög illa sett ef þessir sjóðir falla niður og þeir aðrir aðilar sem hlut eiga að máli og fengið hafa fé úr þeim sjóðum sem nú eiga að falla úr gildi. Því er mjög brýnt að á því máli finnist lausn sem allir aðilar geta sætt sig við. En það má ekki gerast á þann hátt að greiðsluþol Framkvæmdasjóðsins sé svo skert að hann geti ekki staðið undir þeim verkefnum sem honum er ætlað að veita fjármagn til samkv. lögunum um aðstoð við þroskahefta, en allir geta séð, sem lögin lesa, að þar eru verkefnin ærin. Ég vil því beina þeirri eindregnu ósk til hæstv. fjmrh. og einnig hæstv. félmrh., að hlutast verði til um milli 2. og 3. umr. að gerðar verði ráðstafanir til þess að hlutur sjóðanna, sem nú eiga að falla úr gildi, verði leiðréttur á annan hátt en að leggja þau verkefni á Framkvæmdasjóð öryrkja án þess að til komi aukið fjármagn til sjóðsins á móti.

Fram kom hjá formanni fjvn. áðan, að sú skoðun væri uppi hjá fjvn., að það fyrirkomulag væri best að verkefni þessara sjóða væri færð yfir á Framkvæmdasjóð öryrkja. Þessi sjónarmið eiga rétt á sér og get ég vel fallist á þau. En fjvn.-menn verða þá að skilja að aukin verkefni til framkvæmda krefjast aukins fjármagns. Á það eins við um þennan Framkvæmdasjóð og aðra sjóði sem bætt er á verkefnum. Verður því annað tveggja að koma til, að þessir sjóðir verði settir inn á fjárlög að nýju eða leggja Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra til aukið fjármagn til að standa undir verkefnum sjóðanna.

Verði ekki gerð hér breyting á, sem viðunandi er fyrir alla aðila, mun ég við 3. umr. flytja brtt. þess efnis, að þessir sjóðir verði að nýju teknir inn á fjárlög, og vísa enn og aftur til þess að Alþ. hefur ekki fallist á við samþykkt frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja, sem fellt var inn í lögin um aðstoð við þroskahefta, að þessir sjóðir yrðu felldir úr gildi. Sami skilningur er líka uppi í félmrn., sem gerði tillögur um að þessir sjóðir fengju áfram fjármagn á fjárlögum. Vænti ég fastlega a. m. k. skilnings hæstv. félmrh. á því að hér verði fundin lausn sem sættanleg er fyrir alla aðila.

Herra forseti. Ég sé að hæstv. félmrh. hefur ekki haft tíma til að sitja undir þessari umr. minni hér, og ég sé ekki heldur að hæstv. fjmrh. hafi gert það, en ég sé að hér í salnum er hv. þm. Alexander Stefánsson, sem er í fjvn. og ég veit að er mikill áhugamaður um málefni öryrkja. Ég vænti þess, að hann komi þessum skilaboðum áleiðis til hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 237 við frv. til fjárlaga ásamt fjórum öðrum þm. Vestfirðinga. Það var ætlun mín að rökstyðja þessar till., af hverju þær eru fluttar. Hins vegar held ég að það verði erfitt fyrir meginþorra þm., þegar atkvgr. fer fram á morgun, að gera sér grein fyrir bæði þessum till. og öðrum þegar vantar um 3/4 hluta þm. við þessar

mikilvægu umr. og 1/10 er hér af ríkisstj. En það er bót í máli að það er sjálfur hæstv. fjmrh., svo að ekki leggja hinir níu mikið á sig í þessum efnum að sitja fundi, nema þeir hafi lögleg forföll, þá er ekkert við því að segja. (**StJ:** Það er bara fámennt og góðmennt.) Já, þetta er ágætt lið sem hér er inni, það er rétt hjá hv. þm.

Ég var, að mig minnir, 12 ár í fjvn., svo að ég ætti að þekkja töluvert vel til vinnubragða þar og jafnframt til þeirra miklu erfiðleika sem fjvn. stendur jafnan frammi fyrir í sambandi við skiptingu fjárframlaga. Ég minnist þess, að einn dag fyrir allmörgum árum höfðum við tekið á móti æðimörgum framámönnum í þjóðfélaginu og forstöðumönnum hinna ýmsu ríkisstofnana, og allir sögðu að sitt mál væri það mikilvægasta af öllu og þyldi enga bið. Sumir gerðu kröfu allt upp í 15—20 liði, sem var ekki nokkur leið að verða við nema á mörgum árum, og voru hinir fúlustu ef þeir fengu ekki allt. En ég man eftir einum manni sem bar fram allmargar óskir fyrir sína stofnun, en sagði svo að lokum, að hann legði áherslu sérstaklega á einn lið, en helst tvo, því að hann vissi að fjvn. þyrfti að strengja húðina um stóran skrokk. Og ég held að allir fjvn.-menn á þeim tíma hafi sagt upphátt eftir að hann var farinn: Ég held að það sé ekki hægt annað en verða við þessari hógværu beiðni. — Og við henni var orðið.

Ég skal í upphafi láta það í ljós, að ég er óánægður með skiptingu í mörgum greinum í fjárlagafrv., en mér er líka ljóst að fjvn. hefur eins og jafnan áður þurft að strengja húðina um stóran skrokk. Hann hefur nú heldur vaxið frá því að ég var í nefndinni, en húðin sennilega ekki, svo að þetta er enn erfiðara. Því ætla ég ekki að flytja brtt. við aðra liði en þennan eina sem ég mun koma að.

Ég vil líka taka það fram, að það kjördæmi, sem kaus mig á þing, á engan fulltrúa í fjvn., og sama má segja um Austfirði, þessir tveir útkjálkar landsins eiga engan fulltrúa í þeirri virðulegu nefnd. Mér fannst bera nokkuð mikið á því í dag í umr., að menn fóru að tala um eigið kjördæmi, þegar þeir voru að tala almennt um fjárl., og lýsa þá hvernig ástandið væri eða flytja þakkarávarp fyrir kjördæmi sitt. Það er auðvitað alltaf gott og blessað þegar þakkarávörp eru flutt, því að hv. fjvn. hefur fengið lítið af þakkarávörpum um dagana, eins og við vitum sem höfum verið í nefndinni áður, og eins þeir, sem eru í henni núna.

Þessar till. eru fluttar í sambandi við liðinn um byggingu sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða annarra en ríkissjúkrahúsa. Ég vissi ekki um þessa skiptingu fyrr en í gær, hvernig hún væri, og ég undraðist það mjög. Ég vil minna á að á árinu 1978 voru á þessum lið fjárl. veittar 1187 millj. Þá fékk það kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir, 234 millj. af þeirri upphæð. Á árinu 1979 voru veittar 1760.4 millj. og þá fékk þetta sama kjördæmi 340 millj. Núna er þessi liður hækkaður frá því í fyrra að krónutölu um 1213 millj., þannig að hann er nú 2973 millj., og samkv. till. fjvn. eru þessu kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, ætlaðar 260 millj., m. ö. o. framlagið er lækkað að krónutölu um 80 millj. á milli ára á sama tíma og liðurinn í heild hækkar um 1213 millj. (**StJ:** Var ekki búið að hygla Vestfjörðum svo mikið í ráðherratíð þm.?) Ég var að lesa upp áðan þessar tölur, en við skulum koma að því betur síðar. Ég ætla ekkert að flýta mér núna.

Stærsta upphæðin, sem veitt er til Vestfjarða, er í sjúkrahúsbyggingu á Ísafirði. Þar er ástandið þannig, að þetta er 55 ára gamalt sjúkrahús, var fyrirmyndarsjúkrahús og það allra fullkomnasta þegar það tók til starfa á árinu 1925, svo að ríkisvaldið hefur ekki lagt til þessa staðar framlög í sjúkrahúsbyggar eftir að það fór að taka það upp. Og á fyrstu árum mínum á þingi var þetta kjördæmi léttast, a. m. k. fyrstu 8 eða 9 árin, þó við miðuðum við íbúatölu eða kjósendatölu, eins og fleiri vilja nú miða við, ef menn vilja skoða fjárlög aftur í tímann. Hitt er svo annað mál, að þegar búið er að framkvæma stóra og mikilvæga áfanga, þá getur ekkert eitt kjördæmi ætlast til þess, að það haldi alltaf áfram að vera með sama hlutfall. Það verður eðlilega þá að lækka, eftir því sem búið er að vinna og ná settu marki.

Ástandið er þannig á Ísafirði, að þar er framkvæmdin komin eitthvað á tíunda hundrað millj. á verðlagi hvers árs fyrir sig. Húsið var orðið fokhelt á árinu 1978 og hafði borið uppi verulegar framkvæmdir þar, og ætlunin var á næstu tveimur árum að taka heilsugæslustöðina í notkun. En fjárveitingin 1979 upp á 190 millj. liggur ónotuð og ekkert gert í framkvæmdum fyrr en farið er að bjóða út verk í okt. í haust. Peningarnir brenna upp í báli verðbólgunnar og verða því mjög litlir þegar til framkvæmda kemur. Þar er ég ekki að sakast við heilbrmrn., heldur er ég þar að bera sök á fjmrn. — en ekki á núv. hæstv. fjmrh. því hann tók ekki við embætti fyrr en 8. febr. Kerfið, m. ö. o., samstarfsnefndin með opinberum framkvæmdum, lá á þessum framkvæmdum, lét féð brenna upp í báli verðbólgunnar. Og til þess að bíta höfuðið af skömminni er eingöngu talað við samstarfsnefnd með opinberum framkvæmdum, og nm. segja: Við erum búnir að bjóða út verk, það þarf bara ekki meira í það en þetta, — af því að þeir hafa tekið þá ákvörðun og tekið fram fyrir hendurnar á Alþ. og haga sér eftir sínum geðþótta. Alþ. er einskis virði, það virðist ekki koma máli við hvað Alþ. er að samþykkja, því að þegar kemur til framkvæmda er lagst á þær og reynt að gera eins lítið úr þeim og hægt er og skaða bæði ríkissjóð og viðkomandi sveitarfélög sem mest.

Ef við ætluðum að fylgja byggingarvísitölu ætti framlagið, sem var 150 millj. á árinu 1978, að vera 225 millj. 1979 og 345 millj. 1980 — og þá tek ég ekki með aukafjárveitingu sem fékkst á árinu 1978 upp á 70 millj., — þá mundi þetta hlutfall vera miklu hærra, enda væri ekki sanngjarnt af mér að taka þá aukafjárveitingu með, því að hún ver gerð til þess að ljúka ákveðnum byggingaráfanga.

Svo að ég svari framígripi hv. 4. þm. Norðurl. e., þá má segja að ég hafi beitt áhrifum mínum sem ráðh. fyrir þann bæ sem ég hef átt heima í frá því að ég fæddist, og það má hver lá mér það sem vill. En ég beitti líka áhrifum mínum til þess að aðrir gætu haldið áfram og byggt upp heilbrigðisþjónustuna í öðrum fjórðungum landsins. Og þegar við lítum á árin 1974—1978, þegar verið var að rýra — þó að það væri ekki eins mikið og árin eftir 1978 — framkvæmdamátt á hinum ýmsu sviðum þjóðarbúskaparins, þá varð, miðað við verðlag ársins 1978, 26.9% hækkun til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva í landinu. En það kostaði oft æðimikil átök. Skýringin á því var ekki sú, að ég vildi vera það harður bæði við fjmrh., sem þá var, og aðra samstarfsmenn mína í ríkisstj., heldur hitt, að framkvæmdir voru komnar af stað áður en heilsugæslulögin tóku gildi, en þau tóku gildi 1. jan. 1974. Þá eru komnar af stað milljarðaframkvæmdir á verðlagi þess tíma, bæði hér í nágrenni við

þéttbýlið og annars staðar. Þá á ég við hér í Reykjavík, á Selfossi, Akureyri, Akranesi og fleiri stöðum sem voru með langstærstu framkvæmdirnar.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu, sem þá voru sett, voru sérstök ákvæði sem Alþ. lagði ríkisstj. og framkvæmdavaldinu á herðar, og þessi ákvæði er enn þá í gildi. Þessi ákvæði eru í 33. gr. laganna um heilbrigðisþjónustu og hún hljóðar þannig, með leyfi forserta:

„Ráðh. lætur gera áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana í samræmi við 14. og 24. gr. Áætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi heilbrigðismálaráð, landlækni og í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þau umdæmi eða svæði, sem verst eru sett að því er varðar heilsugæslu og læknisþjónustu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva. Áætlun skal gera til 5 ára og endurskoðast árlega og færast fram við gerð fjárlaga.“

Sú áætlun var aldrei gerð og hefur ekki verið gerð síðan, enda erfitt að gera slíkar áætlanir í verðbólguþjóðfélagi eins og okkar. Og það má hver álasa mér sem vill, fyrir að hafa ekki gert það, en ég álasa ekki heldur eftirmönnum mínum í starfinu fyrir að hafa ekki gert það. En hitt ákvæðið stendur óhaggað, að þau umdæmi eða svæði, sem verst eru sett að því er varðar heilsugæslu og læknisþjónustu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva.

Ég held að mínir ágætu vinir í hv. fjvn. hafi gleymt þessu ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Við þm. Vestf. lögðum hart að fjvn. að taka upp framlag til heilsugæslustöðvar á Hólmavík. Fyrir tveimur árum var veitt undirbúningsframlag til þessarar heilsugæslustöðvar. Það féll niður á árinu 1979 og rann þá til sjúkraskýlisins á Hólmavík. En þá flutti ég í fyrsta skipti brtt. við fjárlög fyrir mitt kjördæmi, því ég hef alltaf látið mér nægja að vera í góðu samstarfi og samvinnu við fjvn. Þetta er nú 19. þingið sem ég sit og það er því í annað skipti sem ég flyt brtt. sem varða mitt kjördæmi, vegna þess að mér hefur verið það ljóst að það er erfitt að skipta fjármunum. En þegar mér finnst ranglega skipt, eins og í þessum málalið, þá get ég ekki þagað.

Ég virði það, að fjvn. skuli hafa tekið upp 10 millj. til heilsugæslustöðvar á Hólmavík, en hún bætti við: Til undirbúnings. En undirbúningurinn var búinn að vera á fjárlögum 1978. Ég þakka þessar 10 millj. Þær hafa bara ekkert að segja, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það, sem gagn er að, er að geta byrjað framkvæmdir, að það sé hægt a. m. k. að steypa sökkla.

Mér er mjög óljúft að bera saman við önnur byggðarlög. Öll byggðarlög eiga rétt á framkvæmdum. En ef við ætlum að starfa í þeim anda sem Alþ. samþykkti 1973 og samþykkti að nýju með lögum frá 6. maí 1978, — ég er ánægður yfir að hæstv. heilbrmrh. er kominn í salinn, — þá eigum við að fara eftir þessum lögum, en ekki virða þau að vettugi. Ég spyr alla sanngjarna menn: Er frekar hægt að setja Hólmavík í Strandasýslu, einn afskekktasta stað á landinu, út úr, láta hana bíða eftir heilsugæslustöð árum saman, en taka aftur inn — við skulum segja Hvolsvöll? Það þarf ekki að fara í mikinn lífsháska að Hellu. Og ekki er vegalengdin mjög mikil. Nú má enginn taka orð mín á þann veg, að ég vilji standa á móti því að Hvolsvöllur fái heilsugæslustöð. En samkvæmt anda þessara laga er Strandasýsla tvímælaust langt á undan, svo ég nefni þetta dæmi. (Gripið fram í.) Já, það er erfiður fjallgarður.

Við leyfum okkur því allra náðarsamlegast að fara þess á leit við þingbræður okkar og systur að styðja 20 millj. kr. hækkunartillögu til þess að hægt sé að byrja á þessari langþráðu framkvæmd í einu mesta útkjálkahéraði landsins með erfiðar samgöngur. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að allur sá fjöldi rausnarmanna og höfðingja, sem hér á sæti, láti sig muna um að greiða atkvæði með þessari tillögu, af því það er ekki farið fram á meira. En því förum við ekki fram á meira að við viljum fyrst og fremst fá þessar framkvæmdir af stað, og að niður falli orðið: undirbúningur, því þá vitum við að áfram verður haldið. Þá þokast það þó eitthvað. En annars er engin trygging fyrir því, að á næsta ári verði ekki gengið fram hjá því.

Þá leyfum við okkur að flytja till. um 10 millj. kr. fjárveitingu til Flateyrar. Það eru endurbætur og áhaldakaup. Heilbrmn. lagði til að 25 millj. yrði varið í þessu skyni. Ein upphæðin er upp á 3½ millj., endurbótakostnaður, sem þetta litla hreppsfélag varð að snara út. Þetta erindi fór í heilbrmrn., það sendi það til fjárveitingavaldsins. Það eru endurbætur á næstum því 40 ára gömlu sjúkraskýli sem þeir fara fram á. En í staðinn fyrir að fara fram á 25 millj., þá förum við fram á 10 millj. þannig að eitthvað sé hægt að gera, a. m. k. borga hreppsfélaginu það sem það er búið að leggja út, í raun og veru fyrir ríkið. Fjvn. sá sér ekki fært að taka inn þessa upphæð. Hvernig á því stóð veit ég ekki.

Í till. fjvn. eru 10 millj. til Bolungarvíkur, heilsugæslustöðvarinnar þar, en bæjarstjórnin hafði farið fram á endurbætur á gamla sjúkraskýlinu þar sem dveljast ellisjúklingar svo að segja eingöngu. Þetta er ódýrt sjúkraskýli með lágu daggjaldi og það mun ekki vera hagkvæmt að flytja þá á sjúkrahús með 60—70 þús. kr. daggjaldi, kannske 7—8 sinnum hærra daggjaldi. Ég held að það sé ódýrara fyrir ríkið að standa undir sínum hluta af þessum endurbótum. En fram hjá þessu er gengið. Þetta eru ekki háar tölur. Mér finnst þetta ekki vera tölur sem séu þess virði að Alþ. hafni þeim.

Fjórða till. okkar er allmiklu hærri, að framlagið til sjúkrahússins á Ísafirði hækki um 110 millj. Samkvæmt því, sem ég sagði áðan, hefðum við átt að fá samkvæmt byggingarvísitölu 345 millj., þó að ég taki aukafjárveitinguna 1978 ekki með, vegna þess að ég tel það ekki sanngjarnt og ekki heiðarlegan samanburð, og því sleppi ég henni. En nú er ekki full byggingarvísitala á það sem hér er um að ræða, og því flytjum við, þessir sömu þm., till. um að þessi upphæð fari í sjúkrahúsið.

Ísafjörður er ekki stór bær. Hann hefur aðeins nokkuð á fjórða þús. íbúa. En að þessu sjúkrahúsi standa allmörg sveitarfélög þar vestra. Þarna varð að fylla upp til þess að fá land til að byggja heilsugæslustöð og sjúkrahús á. Það varð einnig að rýma þar lóðir í kring, bæði vegna sjúkrahúsbyggingarinnar og Menntaskólans á Ísafirði. Ég hygg að þetta bæjarfélag sé á verðlagi ársins í ár búið að leggja fram á annan milljarð kr. til þess að búa til land fyrir þessar tvær stofnanir. Mér þætti gaman að vita hvort nokkur hv. þm. veit um nokkuð nálægt því hjá öðru bæjarfélagi á landinu. Hér er inni varaþm. sem til skamms tíma sat í bæjarstjórn Ísafjarðar, er nú hér sem 4. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson. Hann þekkir þetta mál eins vel og betur en ég, hverju þessi kaupstaður hefur orðið að fórna í þessu skyni.

Svo kem ég að því sem er kannske mest virði. Einn ágætur vinur minn hér á þingi, sá þm. sem ég hef átt fyrir vin eiginlega frá því að ég kom á þing og ég hef miklar

mætur á, sagði við mig í gær að þetta sjúkrahús væri allt of stórt. Það þyrfti þá sennilega að brjóta af því, eftir að það er komið upp. Það er alveg rétt hjá honum, þetta sjúkrahús er allt of stórt, og sennilega engin ástæða til að byggja það. Ef það á að vera stefna stjórnvalda í þessu landi að flytja alla sjúklinga til Reykjavíkur þarf ekkert sjúkrahús þarna. Og meðan, sem var í einum þm. Reykv. áðan yfir fjárframlögum hingað til Reykjavíkur, getur stafað einmitt af því, hvernig er ástatt enn úti á landi. Ásóknin hingað suður er svo gífurleg og það eru margir biðlistarnir þess vegna. Það mun létta af Reykjavík og nágrannabyggðum Reykjavíkur eftir því sem betur er byggt upp annars staðar. Akureyri er í þeirri sérstöðu, að hún þarf sannarlega á miklu fjármagni að halda, og þó að það sé u. þ. b. fjórföld upphæðin til Ísafjarðar, þá veitir sannarlega ekki af því.

Ef við ætlum að bera saman og vera með meting á milli kjördæma, þá dugar ekki að taka þrjú, fjögur, fimm eða sex ár, eins og einn yfirlæknir gerði sem minntist afmælis síns sjúkrahúss. Þá tók hann framlag til sjúkrahúsa fyrir 70 eða 80 árum og bar það saman við heildarútgjöld ríkisins það ár. En svo liðu 12 eða 14 eða 15 ár, og það var ekkert veitt til sjúkrahúsbygginga. Hann tók bara þetta eina ár. Við skulum bara taka upp hvað hefur verið gert á þessum stað eða hinum. Við skulum fagna því þegar áfangar hafa náðst. Og það var ekkert lítið gert hér á Reykjavíkursvæðinu í aukningu og í nýjum byggingum, bæði á vegum ríkis og borgar. Það var heldur ekkert lítið átak að kaupa Sankti Jósefsspítala, sem var stórhætta á að yrði lagður niður sem sjúkrahús ef ríkissjóður hefði ekki keypt hann.

Ég vona að ég hafi skýrt hér fyrir viðstöddum þm. hvað hér er farið fram á, m. ö. o. að við flytjum hér till. um það, að framlagið verði aukið miðað við árið í fyrra um heilar 68 millj. Ef einhverjum þm. finnst þetta vera frekja af þm. úr einu kjördæmi og algjörlega ástæðulaust að kvarta, þá eðlilega greiða þeir atkv. á móti þessum till. En ef þeir vilja sýna sanngirni og skilja hvað mikið er í húfi fyrir þessi byggðarlög, þá efast ég ekki um að till. þessar verða samþykktar. Og ef þeir vilja fara eftir lögum (Gripið fram í.) Ég gleymdi að spyrja hv. þm. hvernig ég mætti stilla því upp, en ég kannske heyri það á eftir. Við skulum ekki tala saman hérna tveir. (Gripið fram í.) Ég hef aldrei tekið mark á þrýstihópum, jafnvel ekki þó að það sé bara einn maður í honum.

Varðandi framlög til hafnarmála og skiptingu á þeim framlögum, þá álít ég að fjvn. hafi haft allt of lítið fjármagn úr að spila. En ekki get ég leyft mér, sem vil skera frekar niður en að bæta við, að krefjast þess að það sé aukið. Eftir atvikum tel ég menn geta sætt sig við þessa skiptingu. En eitt langar mig að spyrja hæstv. ríkisstj. um. Það hefur verið látið í veðri vaka af ríkisstj. sálugu, þeirri sem sálaðist í haust, að það ætti að verja sérstöku framlagi utan við fjárlög til dráttarbrauta og skapa aðstöðu þar sem væri brýn þörf á. Nefnd hefur starfað í málinu og er búin að skila áliti, og ég hygg að þessi mál heyri sérstaklega undir tvö rn., iðnrn. og samgrn. Ekki er mér grunlaust um að fjmrn. vilji einnig hafa þar hönd í bagga. Því langar mig að spyrja hvort endanleg ákvörðun hafi verið tekin á grundvelli till. þessarar nefndar, því að þar hefur komið fram að það eigi að aðstoða, — þó eftir hafnarlögum — við kaup á bátalyftu til Ísafjarðar, ásamt fleiri stöðum á landinu sem fjallað er um í þessu nál. En ástandið þar er nú þannig, að ekki er hægt að taka upp smábát, eins og hina svonefndu rækjubáta, hvað þá stærri skip. Skipaskoðunin neitar að veita þessum bátum haffærisskírteini nema þeir fari til næsta staðar þar sem slippur er, annaðhvort hingað til Reykjavíkur eða norður á Akureyri eða Siglufjörð, svo að þarna er ástandið orðið gífurlega slæmt.

Mér er líka ákaflega sárt um einn stað sem fer alveg hörmulega út úr þessum fjárveitingum. Það er Tálknafjörður. Hann var með framlag til undirbúnings skóla í nokkur ár, en er með 2 millj. og ég held að það sé skammt á veg farið. Í öðrum fjárveitingum er hann, held ég, ekki með neitt. Samt ætla ég ekki að flytja brtt. um skiptingu á skólaframlögum. Ég ætla eingöngu að halda mér ásamt meðflm. mínum við þær till. sem ég hef þegar skýrt frá.

Ýmislegt er eftir hjá fjvn. að fara yfir, en ég sé enga ástæðu til að vera að tala um það nú. En lítum á fjárlagafrv., 3. bindi, eins og menn eru nú farnir að kalla það. Þetta er sérstæð fjárlagagerð, að leggja fram þrjú fjárlagafrv. frá hausti og fram í febr. Ég vil gagnrýna alveg sérstaklega eitt atriði fjárlagafrv. sem nú er lagt til grundvallar sem stefna núv. hæstv. ríkisstj. Það er að taka út úr fyrra fjárlagafrv., úr orkumálaliðnum eða til niðurgreiðslu olíu, 2.3 milljarða til þess að hafa frjálsara spil að koma þessum fjárlögum áfram og koma með skatta utan við fjárlögin, miklu hærri en hér var lagt til. Ég tel að þetta hafi verið mjög alverlegt skref aftur á bak.

Hæstv. fjmrh. sagði um þetta afkvæmi sitt, þetta fjárlagafrv., að það væri raunhæfara fjárlagafrv. en flest önnur á undanförnum árum. Það mátti kannske byggja frekar á raunhæfu fjárlagafrv. þegar liðið var á annan mánuð af því fjárlagaári sem frv. á að gilda. Og nú eru senn liðnir þrír mánuðir af árinu áður en þetta fjárlagafrv. er afgreitt. Þó vantar í þetta fjárlagafrv. milljarða. Það vita allir, hæstv. fjmrh. ekki síður en aðrir, jafnvel frekar. Það fer ekki á milli mála, að ef engar lagabreytingar verða gerðar og ekkert verður gert t. d. til þess að draga frekar úr útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins, þá vantar sennilega um 7 milljarða í tryggingadæmið. Það vantar 6 — 8 hundruð millj. til ríkisspítalanna. Nú er sagt að fæðingarorlofið eigi að koma inn í almannatryggingakerfið. Og ef menn halda áfram svipaðri framleiðslu og verið hefur, þá mun það nema allt að því 1 milljarði. Þannig má lengi telja.

Ég get ekki sagt að slíkt frv. sem þetta sé byggt á raunveruleika. Við viljum allir vera góðir og helst við alla. En við verðum að draga úr og geta sagt líka nei við marga. Ég tel ekki eftir framlag eins og til Lánasjóðs ísl. námsmanna, en ég sé ekki að þjóðin hafi efni á því að hækka það um 141.3% á milli fjárlaga á sama tíma og verið er að stýfa ráðstöfunartekjur heimilanna í landinu, svo ég nefni þetta viðkvæma dæmi. Og að vissu leyti tek ég undir það sem kom fram hjá form. fjvn. hér í dag.

Ég tek t. d. eftir öðru, að vinstri stjórnin lagði stórauknar kvaðir á Aflatryggingasjóð og fyrir jólin lagði starfsstjórn Alþfl. — með samþykki Alþingis auðvitað — enn nýjar kvaðir á Aflatryggingasjóð. En hækkun til Aflatryggingasjóðs er ekki nema 4.3% í þessari verðbólgu. Ég skil ekki hvernig þetta fær staðist, nema eigi að éta með öllu upp Aflatryggingasjóðinn. Hér er verið að fremja stóra synd gagnvart þessum mikilvæga sjóði. Annaðhvort verður að breyta þar bótareglum eða draga aftur úr þeim skyldum sem tvær fyrrv. stjórnir lögðu á Aflatryggingasjóð.

Það verður mörgum á að benda alltaf á Byggðasjóð.

Mönnum verður mjög tíðrætt um að ávísa á Byggðasjóð. Ríkisstj., sem sat á árunum 1974 — 1978, lagði fram til Byggðasjóðs 2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs öll þau ár. Hún setti sér upprunalega þetta markmið. En eftir að vinstri stjórnin sálaða kom til sögunnar lagði hún sérstaka kvöð á Byggðasjóð að standa undir nýjum útgjöldum. Og form. Framsfl. ætlaði alveg að rifna yfir því, þegar vextir Byggðasjóðs voru hækkaðir úr 14% í 19%, og taldi þetta hræðilegan glæp sem væri verið að fremja. Nú er í þessu fjárlagafrv. sagt að framlag til Byggðasjóðs nemi 2 635 millj. Auk þess er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki lán að upphæð 2 500 millj. Síðan er áætlað að eigið fé Byggðasjóðs sé 783 millj. Því verður heildarráðstöfunarfé hans 5 918 millj., sem er 1.78% af heildarútgjöldum ríkisins. Þetta er nú fín rökfræði! Þarna komast þeir sem sagt nærri því — en knapplega þó — að geta uppfyllt lög með því að segja einum sjóði, sem ríkissjóður átti að leggja til framlag: Takið þið, piltar, lán upp á 2 500 millj.

Nú ætla ég að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hann viti um einhverja lánastofnun sem vilji lána Byggðasjóði þetta með 19% vöxtum eða jafnvel ekki nema 14% eins og form. Framsfl. vildi að vextir Byggðasjóðs yrðu. Ég yrði mjög glaður ef hæstv. fjmrh. gæti nefnt mér þá lánastofnun sem gæti útvegað Byggðasjóði fjármagn með þessum vaxtakjörum. (**Fjmrh.:** Svissneskir bankar lána með 8%.) Þá skulum við fá lán í svissneskum bönkum. En megum við treysta því að fjmrh. sjái um þetta? Þá skal ég reglulega bukka mig fyrir honum. En það má ekki vera gengistryggt því að þá versna kjörin. Og svo verður aftur lánað út helst með 14%. Ekki vildi ég vera hluthafi í banka þar sem Steingrímur Hermannsson væri bankastjóri. Það er verst að hann er ekki viðstaddur.

Hvernig verður svo með ráðstöfunarfé sjóða eins og Byggðasjóðs, sem á útistandandi lán í vanskilum upp á 1309 millj. miðað við síðustu áramót? Hvernig ætli gangi að hala það inn, auk vaxtanna sem bara í sjárvarútvegi nema 600 millj. þarna til viðbótar? Þar eru komnir þegar 2 milljarðar, svo að það er nokkuð á þriðja milljarð sem þessi sjóður á útistandandi í vanskilaafborgunum og vöxtum og eru þá dráttarvextir ekki reiknaðir. En heildarhöfuðstóll útlána þessa sjóðs er rúmir 16 milljarðar. Ekkert liggur fyrir um það hjá þessari hæstv. ríkisstj., hvernig hún ætlar að leysa þennan risavaxna vanda. Og svo er sagt þegar menn eru að bera upp vandræði sín: Ja, reynið að tala við þennan og þennan, talið þið við Byggðasjóð, talið þið við Fiskveiðasjóð. Ég tala nú ekki um Stofnlánadeild landbúnaðarins og aðra fleiri stofnlánasjóði. Það er lengi hægt að vísa á tóm tékkhefti.

Í lögum um stjórn efnahagsmála, sem samþ. voru hér snemma á s. l. ári, segir alveg fortakslaust í 14. gr:

„Ríkisstj. skal leggja fyrir Alþ. fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrv. Áætlununum skal fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin, eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrv. tekur til. Markmið áætlananna er að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum."

Þetta segir í þessum lögum sem þáv. stjórnarflokkar settu og eru enn í gildi. Fjárlagafrv. er nú til 2. umr. hér í hv. Alþ., en ekkert bólar á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, ekki fyrir eitt ár, hvað þá heldur stefnumótun fyrir þrjú ár. Ég skil mætavel og við þm. ættum ekki að álasa hæstv. forsrh. fyrir það, þó að hann færist algerlega undan því að flytja stefnuræðu þessarar ríkisstj., vegna þess að hann á enga stefnu til að flytja. Hann las hér upp óskalista sem saminn var af Framsókn og Alþb. og hann mun eiga tvö atriði í sjálfur. Lengra er sköpunarverk og snilligáfa þessarar ríkisstj. ekki komin. (**ÓRG:** Hvaða atriði eru það?) Ég ætla nú að biðja formann þingflokks Alþb. að snúa sér að sér sjálfum og fulltrúum Alþb. til þess að fá þau atriði upplýst, því að þau eru kunnug í þeim herbúðum, enda höfðu þeir gaman af, hvað lítið kom af óskum frá forsrh., og hafa haft það í flimtingum síðan.

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Á hún ekki að sjást, þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj.? Það er ekki nóg að hún sjáist daginn sem 3. umr. á að fara fram. Hún verður að vera komin a. m. k. tveimur til þremur dögum áður í hendur Alþingis. Ég tel það lagabrot að afgreiða fjárlögin endanlega nema lánsfjáráætlun liggi fyrir. Og þá er ekki nóg að lánsfjáráætlun liggi fyrir sem nær aðeins til A- og B-hluta fjárlagafrv. Það verður líka að liggja fyrir lánsfjáráætlun sem nær til stofnlánasjóðanna og heildarlánsfjáráætlun.

Eins og fram kom hér í dag í umr. um fjárlagafrv., þá er hér um verðbólgufrv. að ræða. Við höldum áfram að elta skottið á verðbólgunni. Hér er einn hringdans ár eftir ár. Á meðan haldið er áfram á þeirri braut verður ekkert stöðvað. Að vísu verður þessari ríkisstj. eitthvað til happs. Það er t. d. mikil gæfa hennar, ástandið á alþjóðamarkaði, hvað bensínið hækkar, því eftir því sem bensínið hækkar fær herra Arnalds meira í ríkiskassann. Hann notar sér þessa dásamlegu aðstöðu sem er í veröldinni núna, hvað bensínið hækkar. Það liggur við að það fari að verða ódýrara að hella úr brennivínsflösku á tankana. (Gripið fram í.) Á meðan haldið er áfram á þessari braut. Hvað er orðið um niðurtalningaraðferðina? Það er hrúgað inn auknum skattafrv. 60% hækkun á flugvallagjaldi kom hér á borðið í gær. En þetta er allt fyrir utan niðurtalningarleiðina. Hún er bara á óskalistanum sem Thoroddsen las upp þegar „lukkan" var mynduð. Og allir vita að það er von á stórfelldum sköttum. Ríkisstj. grípur í það hálmstrá að strika 2 300 millj. út úr fjárlagafrv. til þess að ráðstafa í annað og ætlar sér svo að leggja á algerlega nýja skatta. Ég segi bara: Mikið leggja menn á sig til að setjast í ráðherrastól eftir að vera búnir að lýsa yfir að það verði að vinna bug á verðbólgunni. Ég sé ekki annað en að gamla framsóknarpólitíkin ráði öllu. Framsóknarmenn hafa verið mestu verðbólgubraskararnir í þessu landi og vilja halda áfram á þeirri braut. Alþb. hefur alltaf sagt að það vilji fyrst og fremst auka kaupmátt launa launþeganna. Nú má ekki á milli sjá hvor fer fram fyrir hinn, Ragnar Arnalds eða Steingrímur Hermannsson, í verðbólgukapphlaupinu. Og svo tölta þeir á eftir, þessir þrír sem hingað til hafa kennt sig við Sjálfstfl. og hafa staðið að samþykkt um að leggja ekki nýja skatta á þjóðina, en rétta svo upp hendurnar með þessum verðbólgubröskurum í Framsfl. og Alþb.

Það er ekki verið að tala núna um rauntekjur verkalýðsins og launþega í landinu. Nú er vandlega þagað um það. Málgagn Alþb. er næstum því mállaust þessar vikurnar. Það er ekki furða þó að marx-leninistum sé farið að blöskra hvað þetta er mikill afturhaldsflokkur. Þegar þessir menn eru í stjórnarandstöðu er alltaf sagt: Það er

aldrei gert nógu mikið, það verður alltaf að auka framkvæmdir í þessu landi. — Og þá er verið á móti öllum sköttum. Nú er stjórnarandstaða sem er alls ekki að biðja um auknar framkvæmdir eða krefjast þeirra. Við skiljum mætavel niðurskurð til ýmissa stofnlánasjóða. Við vitum að það er erfitt að skera niður Byggingarsjóðinn, sérstaklega fyrir það hvað þetta er seint. Og það er ekki hægt að álasa hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa ekki tekið ákvarðanir fyrr þar sem hún kemur ekki til valda fyrr en 8. febr. Við vitum að þetta er ekkert gaman, en þetta verður að gerast. Dettur nokkrum manni í hug hérna, ef ríkisstj., sem Sjálfstfl. hefði átt aðild að eða Alþfl. eða Framsfl., að Alþb.-menn hefðu ekki verið með hann opinn upp á gátt dag eftir dag yfir slíkum vinnubrögðum? En nú er eins og það sé búið að setja lás fyrir hann á þeim öllum.

Nei, það fer ekki á milli mála, að þetta fjárlagafrv. verður ekki til þess að draga úr verðbólgunni í þessu landi. Hitt óttast ég meira, að með nýjum álögum ríkisvaldsins, með sífelldu gengissigi, versnandi hag útflutningsatvinnuveganna aukist hraði verðbólgunnar. Hann verður ekki læknaður, verðbólgan verður ekki læknuð nema með samtakamætti alvörustjórnmálamanna í landinu. (**StJ:** Leiftursókn.) Já, leiftursókn. Það er það sem gildir, Stefán Jónsson. Það þarf leiftursókn gegn þessari ófreskju, ef við ætlum ekki að minnka ráðstöfunartekjur heimilanna svo að lægst launaða fólkið getur ekki lifað. (Gripið fram í.) Það er dýrtíðin sem fer verst með þetta fólk. Hvað sagði farandverkamaðurinn? (Gripið fram í.) Nú, var það hann, fyrirgefið. Var það sjálfur höfðinginn úr Framsfl.? (**Gripið fram í:** Já, ég sagði að hún hefði lyppast niður.) Það kemur að því, þegar framsóknarsóknin í verðbólguna er búin að tröllríða öllu, sem hún er á góðri leið með að gera með því að bjóða öllum upp í dans og standa aldrei við neitt, — bjóða öllum upp í dans og lofa öllu fögru og svíkja allt. Þá kemur að því, að ekki er hægt að halda áfram lengra. Ég býst við að forseti leyfi Stefáni Valgeirssyni að tala, en ég hef orðið núna. Sú stefna, sem ég aðhyllist, er ekki verðbólgustefna Framsfl. Ef Alþb. heldur áfram að styðja hana og þessir þremenningar, sem komnir eru í ríkisstj. til viðbótar, þá sjáum við að framundan verður algert öngþveiti í atvinnulífinu. Ríkið getur ekki haldið áfram að taka sífellt meira frá atvinnulífinu að það líklega stöðvast og ríkisstj. gerir ekkert viku eftir viku.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú búið að segja æðimikið um það mál, sem hér er á dagskrá, og kannske ekki miklu þar við að bæta, enda skal ég ekki vera langorður að þessu sinni. En mig langar til þess að fara hér fáum orðum um nokkur atriði.

Það hefur komið fram í umr. í dag um þetta mál, og hefur raunar komið fram áður í umr., hversu óvenjulegt ástand er ríkjandi hér á Alþ. eftir að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Allt er það rétt sem um þetta hefur verið sagt. En það er fleira óvenjulegt hér á Alþ. núna, miðað við það sem áður hefur verið, og örugglega langt að leita eftir fordæmi, ef nokkurt slíkt fordæmi fyndist. Og það hlýtur að vekja athygli. Þar á ég við að það er óvenjulegt að stjórnarandstöðuflokkur á Alþ. sýni jafnmikla ábyrgðatilfinningu, t. d. við afgreiðslu fjárlaga, eins og Alþfl. sýnir að þessu sinni við afgreiðslu þessara fjárlaga. Að þessu sinni, já, ég sagði það. Hann hefur verið misjafnlega ábyrgðarmikill eins og aðrir flokkar. En ég hygg að menn taki eftir því, að það er óvenjulegt við afgreiðslu fjárlaga hér á Alþ. að stjórnarandstöðuflokkur leggi til niðurskurð í heildarfjárveitingum í sambandi við fjárlögin til móts við þær tillögur sem hann gerir um hækkun. Og spyrji nú hver sig í hinum stjórnmálaflokkunum, sem fulltrúa eiga hér á Alþ., hvort þeir minnist þess, að þeirra flokkar hafi í heild sýnt slíka ábyrgðartilfinningu eins og Alþfl. gerir að þessu sinni. (**Gripið fram í:** Þetta hefur oft verið gert, hv. þm.) Það er rangt hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni, að hann geti bent á mörg dæmi þess, jafnvel ekki eitt, enda gengur hv. þm. úr salnum, hann vill ekki heyra meira. Ég hygg að leita þurfi langt til þess að finna svona ábyrgð hjá stjórnarandstöðuflokki. Þetta er eitt af því óvenjulega við störf Alþingis að þessu sinni. Og þetta er í þeim anda sem Alþfl. hefur lofað að starfa og ætlar að standa við, að breyta þjóðmálabaráttunni frá því, sem hún hefur verið, til hins betra, að hún verði ábyrgðarmeiri en hún hefur verið, því að æðimörgum er farið að þykja nóg um hversu ótrúlega lítil ábyrgð hefur fylgt þjóðmálabaráttu á Íslandi á mörgum undanförnum árum og áratugum. Ég hygg, hvað sem líður framígripi hv. þm. Péturs Sigurðssonar áðan, að almennt verði tekið eftir þessu, sem er óvenjulegt við meðferð fjárlaga á Alþingi.

Eins og ég sagði áðan, þá hefur mikið verið rætt um það fjárlagafrv. núv. hæstv. ríkisstj. sem nú er til 2. umr. Ég hygg að það séu einkum þrjú eða fjögur atriði sem mesta athygli vekja. Það er í fyrsta lagi, að með þessu fjárlagafrv. er stórkostlega aukin skattheimta af almenningi í landinu. Það er augljóst mál, að mikil hækkun á að verða á tekjuskatti launafólks almennt samkv. þeirri stefnu sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur boðað með því fjárlagafrv., sem nú er til umr., og með því frv., sem hér var dreift í gær, um skattstiga sem eiga að gilda. Þetta vekur því meiri eftirtekt þegar sama fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. boðar 4.5% kjaraskerðingu hjá launafólki í landinu á sama tíma og skattheimta á þessu sama fólki er stórkostlega aukin.

Það hlýtur líka að vekja athygli, að á sama tíma og hæstv. ríkisstj. boðar aðhald hjá launafólki og almenningi í landinu skuli ekki mega eygja neins staðar aðhald í ríkisrekstrinum sjálfum. Það væri ekki til mikils mælst á tímum sem þeim sem við lifum í dag, að hæstv. ríkisstj. gengi á undan með aðhaldsstefnu, þó ekki væri nema að mjög litlu og takmörkuðu leyti, í þeim anda sem hún ætlast til að almenningur í landinu geri.

Miðað við það, sem hér hefur verið sagt að sé rauður þráður í gegnum fjárlagafrv., þ. e. aukin skattbyrði, þá hlýtur það líka að vekja athygli launafólks, að þar er gert ráð fyrir að engar grunnkaupshækkanir eigi sér stað á þessu ári. Slíkt viðhorf væri út af fyrir sig skiljanlegt hjá hæstv. ríkisstj., ef hún á móti sýndi fram á að hún ætlaði sjálf að draga saman seglin í ríkisrekstrinum, minnka skattbyrði í stað þess að auka hana og draga saman seglin í ríkisrekstrinum. En því miður er ekki hægt að sjá á því fjárlagafrv., sem hér er til umr., að neitt slíkt sé í vændum hjá hæstv. ríkisstj.

Það hlýtur líka að hafa vakið óskipta athygli þess fólks, sem býr við ofurþunga af kyndingu híbýla sinna með olíu, að horfa upp á það, að hæstv. ríkisstj. hefur kippt út úr fjárlagafrv. framlagi sem nam á þriðja milljarð kr. og ætlað var til þess að létta á þeim aðilum sem við þessi örðugu kjör verða að búa. Það skal hins vegar viðurkennt, að sú upphæð hefði dugað að litlu leyti til þess arna. Þar hefði þurft að koma mikið fé til viðbótar. En

hæstv. ríkisstj. hefur tekið þetta fjármagn til annarra hluta í eyðslunni og boðar síðan aukna skattheimtu til þess að ná þessu upp.

Auðvitað mætti fara mörgum fleiri orðum um marga þætti fjárlagafrv., en ég skal ekki eyða löngu máli í það. Það hefur verið rækilega undirstrikað af fulltrúa Alþfl. í umr. hér í dag, hver afstaða flokksins er til frv., eins og það liggur fyrir, og hvaða breytingar Alþfl. leggur til að gerðar verði á frv. — og taki menn eftir því: ekki til hækkunar heildarniðurstöðutalna, heldur með millifærslu og niðurskurði á liðum á móti því sem flokkurinn leggur til að gert verði í hækkunartillögum.

Þó er kannske eitt atriði sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á í sambandi við till. Alþfl. um niðurskurð. Það þykir sjálfsagt ekki henta þeim, sem fyrst og fremst hugsa um atkvæðisveiðar í nútímaþjóðfélagi, að leggja til jafnstórkostlegan niðurskurð — ég kalla það stórkostlegan niðurskurð miðað við kringumstæður — og Alþfl. leggur til á framlögum til Lánasjóðs ísl. námsmanna. En þrátt fyrir þann niðurskurð, sem þar er lagður til, hækkar framlag fjárlagafrv. samkv. till. Alþfl. til Lánasjóðs ísl. námsmanna að sama skapi og verðlagsbreytingar hafa orðið á milli ára. Þetta er örugglega ekkert vinsælt, en eigi að síður gert, einmitt vegna þess að Alþfl. viðurkennir þann vanda í efnahagsmálum, sem þjóðin á við að búa, og vill standa við þau gefnu fyrirheit að breyta þeim vinnubrögðum og viðhorfum sem ríkt hafa í þjóðfélaginu í sambandi við stefnuna í efnahagsmálum.

Það er ástæða til þess að taka undir það, sem bæði síðasti hv. ræðumaður vék að og raunar fleiri hafa gert hér í dag, að það er nánast móðgun við Alþ. af hálfu hæstv. ríkisstj., að svo mörg göt, óuppfyllt, eru í því fjárlagafrv. sem hér er til umr., að það er raunar ekki hægt að sjá neina niðurstöðu í málinu með því að afgreiða frv. eins og lagt er til að hér verði gert. Lögum samkv. á að leggja fram lánsfjáráætlun samhliða fjárlagafrv. hér á Alþ. Þetta hefur enn ekki verið gert. Og a. m. k. veit stjórnarandstaðan ekki hvort lánsfjáráætlunin verður lögð fram áður en fjárlög verða afgreidd frá Alþ. En það er auðvitað nauðsynlegt til þess að menn geti gert sér grein fyrir heildarmálinu, að lánsfjáráætlun sé sýnd og rædd jafnhliða því sem fjárlög eru afgreidd.

Það er líka augljóst mál, ef marka má ummæli einstakra hæstv. ráðh., að stórkostleg skattlagning á eftir að eiga sér stað eftir afgreiðslu fjárlaga ef fram heldur sem horfir. Það er því ekki enn séð fyrir endann á því, hversu mikið verður aukin skattbyrði á launafólki eða almenningi í landinu, miðað við þá stefnu sem hæstv. ríkisstj. virðist ætla að hafa í efnahagsmálum.

Ég vil líka minna á það, að í núv. fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir því, eða a. m. k. sést það ekki, að standa við gefin fyrirheit gagnvart sjómannastéttinni um framlög vegna félagsmálapakka sjómanna sem lofað var á sínum tíma. (**GS:** Þú segir ekki eitt í dag og annað á morgun, Karvel?) Þú veist ekkert hvað ég kann að segja á morgun. En ég er ekkert hissa á því, þó að þetta sjáist ekki í fjárlagafrv. núv. hæstv. fjmrh., því það var einmitt þessi sami hæstv. ráðh. sem kom því aldrei í verk í fyrrv. ríkisstj., sem var þó á hans valdi og átti að framkvæma, að standa við gefin fyrirheit í garð sjómannastéttarinnar um félagsmálapakkann. Það var svikið þá af þeim hæstv. ráðh., og það er greinilegt að þessi hinn sami hæstv. ráðh. ætlar að svíkja það líka núna. Og það er hæstv. ráðh. Alþb., núverandi og fyrrverandi.

Eins og hv. þm. Matthías Bjarnason vék hér að áðan, þá stöndum við nokkrir þingmenn Vestf. að brtt. varðandi einn málaflokk, heilbrigðismálin, og varða fjárveitingar í Vestfjarðakjördæmi. Ég þarf ekki að bæta miklu við það sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði um þau mál áðan, en ég vil þó aðeins ítreka og gera grein fyrir því, að t. d. varðandi það sem hann sagði um Bolungarvík, um endurbætur þar á sjúkraskýlinu, þá er því verki að verða lokið. Það verk er unnið í fullu samráði og með samþykki heilbrmrn. — Í von og raunar með loforði um að fjárveiting yrði til þeirrar framkvæmdar á árinu 1980. Og það er augljóst mál, að þegar slíkt er framkvæmt með samþykki og í fullu samráði við viðkomandi rn., þá er óeðlilegt af Alþ. að standa þannig að málum, að ekki sé tekið tillit til þess þegar lokið er eða að verða lokið framkvæmd í viðkomandi flokki sem viðkomandi sveitarfélag er búið að leggja út fjármagn fyrir.

Sama má raunar segja varðandi heilbrigðismálin á Flateyri. Þar er um að ræða að allverulegu leyti fjárhæð sem það sveitarfélag er búið að leggja út vegna tækjakaupa, og gerði það í trausti þess að fjárveiting fengist á fjárlögum 1980 til þess að standa við hluta ríkissjóðs af því. Það verður því að teljast mjög óeðlilegt af fjárveitingavaldinu að taka ekki tillit til slíkra hluta, enda er hér ekki um að ræða fjárhæðir sem skipta sköpum varðandi fjárlögin eða stöðu ríkissjóðs. En þetta skiptir miklu fyrir þessi tilteknu litlu sveitarfélög sem hafa úr mjög takmörkuðu fjármagni að spila til þess að leggja út fyrir ríkissjóð og standa undir.

Hv. þm. Matthías Bjarnason vakti athygli á því, að á sama tíma og heildarframlög til heilbrigðisþjónustu hækka frá fjárlögum ársins 1979 til þess frv. sem hér liggur nú fyrir til umræðu um 1200 millj. kr. rúmlega, þá er heilbrigðisþátturinn á Vestfjörðum skorinn niður um rúmar 80 millj. kr., þó að viðurkennt hljóti að vera af öllum, að sumir staðir, sem þar um ræðir, séu ákaflega afskekktir, eins og réttilega var bent á af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni. T. d. er Hólmavík einhver afskekktasti staðurinn og á samkvæmt lögum að njóta forgangs í fjárveitingum í þessum málaflokki. Þrátt fyrir það er þessi landshluti skorinn niður í fjárveitingum um rúmar 80 millj. kr. frá fjárlögum ársins 1979, miðað við það sem hér er lagt til, á sama tíma og heildarupphæðin til málaflokksins er hækkuð um 1200 millj. kr.

Auðvitað er slíkt ranglæti hér á ferðinni, að Vestfirðingar geta alls ekki við það unað. Og ég trúi því satt að segja ekki fyrr en á reynir, að almennt séu þm. ekki svo réttsýnir að þeir sjái að hér hafa orðið á mistök.

Okkur er ljóst að það er nánast óframkvæmanlegt að taka fjárveitingar frá öðrum kjördæmum til þess að bæta þetta upp, enda dettur okkur ekki í hug að fara fram á það. En það er ekki til of mikils mælst, miðað við ríkjandi kringumstæður á Vestfjörðum í þessum veigamikla þætti, sem er heilbrigðisþjónustan, þó að við ætlumst til þess að við séum meðhöndlaðir á svipaðan hátt og aðrir landsmenn. Við erum ekki að fara fram á meira.

Ég vænti þess því, að hv. þm. — og auðvitað er þá fyrst og fremst höfðað til stjórnarliða hér á Alþ. — viðurkenni þetta sjónarmið okkar, að hér er ekki nægilega réttlátlega skipt til þess að hægt sé að ætlast til þess að við getum unað þessari skiptingu. Ég vænti þess því að þetta mál verði af hálfu fjvn. og hæstv. ríkisstj. skoðað í ljósi

þess og menn komist að þeirri niðurstöðu, að við þingmenn Vestf. séum ekki með óeðlilega miklar óskir eða kröfur. Við gerum okkur ljóst, að það vantar víða fjármagn, en við ætlumst til þess, að því fjármagni, sem er til skipta, sé skipt nokkuð réttlátlega, a. m. k. þannig að ekki sé mjög á hlut annars gengið, eins og er greinilega um að ræða í sambandi við fjárveitingar til Vestfjarða til heilbrigðismála eins og till. liggja nú fyrir. Vonandi fæst á því breyting. Ég treysti því að svo verði. Ég veit að þm. almennt eru réttsýnir, og ef þeir sjá og sannfærast um það, að hér hafi orðið óæskileg mistök, þá treysti ég því, að menn séu reiðubúnir til að bæta úr því.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hv. 6. landsk. þm. þurfti auðvitað að hafa eitthvað til að miklast af í ræðustól, og nú var það ábyrgðartilfinning krata á Alþingi Íslendinga sem var aðaltilefnið. Ekki skal ég lasta þá fyrir að hafa ekki komið með fleiri óábyrgar brtt. hér en vænta mátti. En ég verð að segja það hér í upphafi, að það kom mér dálítið einkennilega fyrir sjónir þegar hv. form. fjvn., Eiður Guðnason, mælti með töluverðum sannfæringarþunga fyrir áliti meira hl. fjvn., með fyrirvara þó skrifaði hann undir, en gerir síðan brtt. upp á fjóra milljarða, svo að fyrirvarinn var nú í vænna lagi. Ég ætla ekki að fjölyrða um það, og ég ætla ekki að fjölyrða um fjárlagafrv. sem heild, til þess skortir mig yfirsýn, ég hef komið hér inn í miðja fjárlagaumræðu og margt er mjög á huldu og óljóst fyrir mönnum. En það eru aðeins fá atriði sem ég vil drepa á.

Þá vil ég byrja á því að taka heils hugar undir mál hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem talaði hér um málefni Framkvæmdasjóðs öryrkja og í því sambandi um málefni vangefins fólks og þroskaheftra. Þar hefur farið ákaflega illa fyrir góðu máli, og ég þarf ekki að skýra það frekar, hún rökstuddi sitt mál mjög vel. En að skorið skuli vera niður fé þessa nýstofnaða sjóðs um 50%, það er sannarlega dapurlegt. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. finni einhver ráð til að bæta hér úr því sem miður hefur farið og mjög miður nú í gerð fjárlaga.

Varðandi brtt. þá, sem ég stend að með öðrum þm. Vestf., þarf ég ekki heldur að hafa mörg orð. Ég vil sérstaklega vekja athygli á málum Hólmavíkur. Það er enginn vafi á því, að þarna er eitt hið afskekktasta byggðarlag og mest þurfi fyrir að eftir því sé munað af samfélaginu. Ég á hér við Hólmavík, þar sem farið er fram á 20 millj. til viðbótar við 10, sem áttu að ganga til undirbúnings að heilsugæslustöð. Þessi fjárveiting til viðbótar, 20 millj., mundi verða til þess að í framkvæmdir yrði ráðist. Það er lengi búið að bíða þarna nyrðra eftir þessari viðbótarbyggingu við sjúkraskýlið sem þarna er nú.

Á þessu sama þskj., 237, er brtt. frá Pétri Sigurðssyni o. fl. þar sem lagt er til að samtök áhugamanna um áfengisbölið fái 10 millj. í stað 8. Ég hygg að þessi áhugamannasamtök hafi sannað, svo ekki verði um villst, að þau hafa unnið stórkostlega gott hugsjónastarf á þeim stutta tíma síðan þau voru stofnuð. Því treysti ég að þm. sjái sér fært að styðja þessa till., þessa 2 millj. kr. hækkun til Samtaka áhugamanna um áfengisbölið.

Þá er ég komin að því máli sem mér lá nú einna þyngst á hjarta, og það er mál sem virðist hafa gleymst á hinu háa Alþingi nú að undanförnu. Þetta eru sjónvarpsmálin. Fyrir nokkrum árum urðu miklar umræður um það, að afla þyrfti tekna fyrir Ríkisútvarpið til þess að reyna að bæta dreifikerfi sjónvarps. Voru þá sérstaklega höfð í huga þau sveitabýli á landinu sem ekki njóta enn þess menningartækis sem sjónvarpið óneitanlega er. Þessi býli munu vera um 300 talsins. Á sínum tíma hér á Alþ. var ég andsnúin því að hafinn yrði innflutningur litasjónvarpstækja með töluverðum kostnaði sem til þess þurfti. Mér snerist þó hugur þegar málið lá þannig fyrir, að aðflutningsgjöld öll og tollar af litsjónvarpstækjum skyldu renna til þess að bæta dreifikerfið og til að gera átak til að koma þessu tæki, sjónvarpinu, inn á hvern sveitabæ, þar sem möguleikar voru á annað borð fyrir hendi.

Tekjur af innflutningi litsjónvarpstækja urðu meiri en bjartsýnustu menn höfðu þorað að vona, og þetta fór allt mjög vel af stað árið 1977. Þá fékk sjónvarpið til framkvæmda 250 millj. af 318 sem inn komu sem aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum og þá að yfirgnæfandi meiri hluta litsjónvarpstækjum. Síðan hefur hallað á ógæfuhlið. Árið 1978 fékk sjónvarpið til ráðstöfunar 340 millj. af 1175 sem komu inn í ríkissjóð sem tollar og aðflutningsgjöld. Árið 1979 fékk Ríkisútvarpið sömu upphæð, 340 millj. af 1057 millj. sem ríkissjóður fékk í tolla. Á þessu ári er áætlaður 1 milljarður í tekjur til ríkissjóðs af þessum sama lið, af tollum og aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum, en það fer ekkert af því til Ríkisútvarpsins til þess að standa straum af öllum þeim framkvæmdum sm aðkallandi eru og ráðgert hafði verið að ráðast í, með tilliti til fyrirheita sem gefin höfðu verið á Alþ. þegar stofnað var til litasjónvarps á Íslandi.

Þetta er hörmuleg framvinda í þessu máli. Ég þarf ekki að fjasa um það hér, það hljóta allir að vera sammála um það, að hvergi á sjónvarpið meiri rétt á sér og er nauðsynlegra heldur en í mesta fámenninu, þar sem tækifæri til félagslífs og menningarlífs eru af hvað skornustum skammti.

Ég mun ekki flytja brtt. í þá átt að fá þetta leiðrétt, af því að ég veit einfaldlega að það mundi ekkert þýða. En ég neita því ekki, að sá liður, sem mér helst mundi koma til hugar að höggva í, eru framlögin í Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er alveg rétt, það er ekki vinsælt mál, ég veit það, að setja sig upp á móti ríflegri hækkun til námsmanna. Það er margt sem námsmenn benda á sem rökstuðning í sínu máli, m. a. það illu heilli, að stúdentar við Háskóla Íslands eiga æ erfiðara með að afla sér tekna á sumrin margir hverjir, vegna þess að námið í Háskólanum er orðið þannig að þeir neyðast til að stunda nám um sumarið líka. En það er hér eins og annars staðar í okkar þjóðfélagskerfi, það er þessi óheillavænlega þróun að láta lög og reglur allar ganga alltaf jafnt yfir alla línuna án þess að taka tillit til raunverulegra þarfa. Þetta á líka við um almannatryggingakerfið okkar, sem ég hygg að mætti spara stórlega í án þess að skerða aðstoð til þeirra sem raunverulega þurfa samfélagslegrar aðstoðar með.

Ég vil benda á það, og mér finnst það sláandi og dálítið óhugnanleg tala, að á sama tíma og framlög ríkissjóðs til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækkar nú milli ára um 141.3% — sem er náttúrlega hækkun sem er ekkert sambærileg við neitt annað í þessum fjárlögum — þá eru gefin fyrirheit um að í júní n. k. muni tryggingabætur til ellilífeyrisþega og öryrkja hækka um 5%. Ég læt hv. alþm. um að dæma hvort þetta getur talist eðlilegt. Eins og það snýr að mér sem tölur á blaði, þá finnst mér það fráleitt. En þetta stendur skýrum stöfum í fjárlagafrv., í athugasemdum á bls. 173.

Það er annar málaflokkur hér sem hér hefur löngum legið þungt á hjarta, og það eru vegamálin. Ég sé að tveir þm., Steinþór Gestsson og Sverrir Hermannsson, gera till. um að 1500 millj. af upphæð, sem ætluð er lánasjóðnum, renni til vegamála. Það er engin furða þó að þeir, sem best þekkja til þess ófremdarástands sem ríkir í vegamálum víða úti um landið, líti dálítið hnuggnir til þess að vegafé til nýbyggingar vega skuli skerðast um 56% að raungildi. Það verða einhverjir fyrir vonbrigðum með vegabætur hjá sér ef við þetta verður látið sitja.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En erindi mitt hingað upp í ræðustólinn var ekki síst að benda þm. á þetta misræmi í hækkunum liða, að því er varðar Lánasjóð ísl. námsmanna og svo aftur hækkunina til þeirra þjóðfélagsþegna sem við erum sammála um að eigi það helst skilið að samfélagið muni eftir þeim. Ég vænti þess, að þó að ýmsum þm. verði hugsað til þessarar stóru hækkunar til þessa eina liðar, þá verði það ekki lagt út sem óvild í garð námsmanna. En það er nú svo, við höfum takmarkað fjármagn úr að spila, og það varðar miklu, að tekið sé tillit til allra aðstæðna og réttlætisins gætt eftir því sem kostur er.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa brtt. sem ég er 1. flm. að og hefur verið útbýtt hér í Sþ. Ég vil jafnframt nota tækifærið til þess að hafa orð á nokkrum málum sem ég tel fulla ástæðu til að hv. fjvn. athugi á milli umræðna. Ég hef ekki séð ástæðu til þess að sinni að flytja sérstaka brtt. um það. Flest af því, sem ég hef aðallega í huga, má að öllum líkindum afgreiða með heimildarákvæðum, og þrátt fyrir andstöðu mína við hæstv. ríkisstj. og stefnu hæstv. ráðh. hef ég ekki trú á að þeir muni ekki reyna að koma þar á móti. Alla vega veit ég að hæstv. fjmrh. mun gera það ef það kostar ríkissjóð ekki neitt. En jafnvel þótt það kosti einhverja upphæð, þá veit ég að ef um væri að ræða að leysa vandamál eða að bæta úr agnúum, þá muni þeir reyna að gera það. En ég minnist á þessi atriði hér til þess einmitt að hv. nefnd geti athugað þau mál á milli umr., eins og ég sagði áðan.

Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir þau orð sem hún lét falla um þá brtt. sem ég flyt á þskj. 237 ásamt þeim hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Albert Guðmundssyni, um hækkun til Samtaka áhugamanna um áfengisbölið. Ég vil líka nota tækifærið til að þakka fjvn. fyrir að hafa lagt til í brtt. sínum hækkun á þessum lið sem nemur 2 millj. kr., úr 6 millj. í 8 millj. Ég hef ásamt þeim hv. þm., sem flytja þessa brtt. með mér, leitast við að fá þetta enn hækkað, meðfram vegna þess sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns um þá þýðingu og þau miklu áhrif sem þessi samtök hafa haft á liðnum misserum sem þau hafa starfað til mótunar til hins betra á afstöðu fólks til þessa vandamáls sem okkar þjóð óneitanlega býr við. Ég held því að það muni verða til hins betra, þegar litið er lengra fram í tímann, ef þessi félagsskapur og reyndar aðrir skyldir, sem vinna að úrbótum á þessu vandamáli, eru styrktir á þann veg. Ég vil undirstrika að þeir menn, sem slíkar till. leggja fram, og þeir hv. þm., sem það styðja, hafa trú á að það sé til bóta. Og það er sannast sagna eftirtektarvert og til mikillar umhugsunar, að til fjvn. mun hafa komið í dag — og reyndar til sumra þm. — bréf og áskorun til Alþingis um að hækka allverulega lið til áfengisfræðslu, eins og það er kallað í þeirra erindi, og það er undirritað sameiginlega af aðilum sem hafa barist fyrir þessum málum árum saman, en helst að mati almennings viljað stefna hvor í sína áttina. En þeir hafa þó í þetta sinn loksins tekið höndum saman um að ráðast að þessu vandamáli strax á byrjunarstigi þar sem er fræðslan, að þeirra mati sem þessi mál hafa kynnt sér bæði af raun og á annan hátt, að byrja fræðsluna strax í skólunum. Og það er einmitt slíkt átak sem er stefnt að gera. Það mál er ekki komið hingað enn inn og ég mun ekki ræða það frekar, þótt ég sjái ástæðu til að fanga því, að þessi samstaða hefur tekist.

Önnur till., sem ég flyt á þskj. 239 ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni, er um markaða fjárupphæð til ákveðins verkefnis, þ. e. til athugunar á hagkvæmni rafknúinna samgöngutækja. Í mörg ár flutti ég hér á hv. Alþ. þáltill. þessa efnis, og ég flutti hana ásamt hv. þm., sem flytur þessa brtt. með mér nú, og fleiri þm. á þessum árum. En því miður náði hún aldrei fram að ganga. Ég varð því nokkuð undrandi þegar ég sá það fyrir ekki ýkjalöngu, að prófessor einum við Háskóla Íslands hafði tekist að fá milljónatug a. m. k. úr pússi þáv. hæstv. iðnrh., sem enginn vissi reyndar, þegar úr pússi var dregið, hvaðan kom. Mér þótti þetta því furðulegra þegar þess var gætt, að hér var búið að berjast fyrir þessu máli árum saman á Alþ., innan veggja þeirrar stofnunar sem hefur með slíkar fjárveitingar að gera og á að marka stefnu í þessum málum sem öðrum sem fjárveitingar þurfa að renna til af almannafé.

Að sjálfsögðu fagnaði ég því, að það skyldu vera til fjármunir til þess að fara þó út í þessa smávægilegu tilraun sem gerð var, — og hefði jafnvel ekki þurft að fara að á þann veg sem gert var, heldur hefði mátt lesa sér til um þær niðurstöður sem verið er að leita að hér á götum borgarinnar um þessar mundir. Ég tel þetta samt sem áður ekki rétta leið. Ég tel að ef Alþingi Íslendinga og íslenska þjóðin hefur áhuga á að nýta þá orku, sem við eigum að vísu mikið til óvirkjaða enn þá, en þá orku sem þessi þjóð okkar á eftir að byggja á sína lífsafkomu í náinni framtíð, þá verðum við að athuga gaumgæfilega, hvort í henni sé ekki hluti þeirrar lausnar sem við verðum að finna á dýrum samgöngum hér á landi og flutningskostnaði.

Eins og kom fram í þeirri grg. sem fylgdi mínum þáltill., var ekki eingöngu miðað við smábíla. Það var líka miðað við almenningsvagna, við strætisvagna og jafnvel við einbrautalestir og fleira og fleira sem á var bent. Þessi samgöngutækni hefur tekið gífurlegum framförum árlega víðast hvar um heim, sérstaklega þó í þeim löndum sem hafa yfir vatnsafli að ráða og raforku frá því.

Þetta eru þær tvær brtt. sem ég hef flutt við frv. fram til þessa. En að sjálfsögðu væri ástæða til þess að ræða þetta frv. miklu ítarlegar. Það hefur verið drepið hér á nokkur atriði sem ég vildi aðeins fara nokkrum orðum um. Það hefur verið drepið á að fjárveiting til Lánasjóð ísl. námsmanna á að hækka um 141%. En það hefur komið mér mjög á óvart — og má vera að það sé framhald af því sem kom fram í dag hjá frsm. fjvn., hv. þm. Eiði Guðnasyni, að næstum ómögulegt væri að ná sambandi við þá aðila sem ættu að hafa með að gera úrvinnslu og úthlutun úr sjóði þessum, — það sem kom mér sérstaklega á óvart var að það virðist vera búið að afnema það sem vakti hvað mestan fögnuð hjá mér á sínum tíma og hv. þm., sem nú er látinn, Jóni Árnasyni, — ég er á vissan hátt að

hrósa mér nokkuð fyrir minn þátt í því, — að við komum inn undir ákvæði þessa lánasjóðs nemendum sem stunduðu nám í öðrum skólum en Háskóla Íslands. Þar á meðal voru þeir menn sem stunduðu nám í sjómannaskólunum, Stýrimannaskólanum og Vélskólanum, og skyldum skólum. Og þetta gerðist þrátt fyrir það og meðfram vegna þess að við bentum á það, að þó að þessir menn hefðu sumir hverjir miklar sumartekjur, þá væru þeir í sínu sumarstarfi vegna þess að það væri hluti af þeirra námstíma. Auk þess er t. d. í Stýrimannaskólanum alþekkt sú staðreynd, að þangað fara mjög margir fullorðnir menn sem eru komnir með þungt heimili og veitir að sjálfsögðu ekkert af þeim tekjum sem þeir fá á þessum tíma.

Ég fór að spyrjast fyrir um mál þetta að gefnu tilefni, , vegna þess að einn fullorðinn maður, sem stundar nám í farmannadeild Stýrimannaskólans, sótti um lán og þá kemur í ljós að hann fær neitun við sinni lánsumsókn. Og þá kemur í ljós við frekari könnun, hæstv. fjmrh. tjáir mér það í samtali, að þessu muni hafa verið breytt með reglugerð, þetta ákvæði hafi verið fellt niður, — þegar sumartekjur færu upp fyrir ákveðið mark, sem var ekki ýkjahátt, mundu þessi menn ekki vera gjaldgengir til lána úr þessum milljarða ofan á milljarða lánasjóði.

Ég óska mjög eindregið eftir að fá skýringu á því hér á hv. Alþ., áður en endanlega verður gengið frá samþykkt þessa frv., hvaða reglur gilda um lán úr þessum sjóði, t. d. hvort lánastefna hans sé sú að fyrirbjóða þeim, sem nám stunda, að leita sér atvinnu á milli námsanna og vinna sér inn peninga. Á ég að trúa því, að verið sé beinlínis að gera ráðstafanir til þess að draga úr athafnavilja þessara manna, einmitt þeirra manna sem vinna að þeirri framleiðslu sem við þurfum helst að fá vana menn til, þar sem eru okkar fiskveiðar? (**Gripið fram í:** Svo mun það vera.) Svo mun það vera, því miður, hv. þm. Nú eigum við horugur þátt í þessum ósköpum. (**Gripið fram í:** Nei, sem betur fer.) En við skulum vera sammála um að knýja fram lagfæringu á þessu.

Það hefur líka verið bent á það í þessum umræðum, að þrátt fyrir skýr ákvæði laga, svokallaðra Ólafslaga, IV. kafla, um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj., eigi að liggja hér fyrir lánsfjáráætlun með meiru þegar við ræðum fjárlög. Nú væri það út af fyrir sig sérstakt tilefni fyrir mig að ræða feril núv. hæstv. ríkisstj., en þó frekast stjórnarferil sumra þeirra ráðh. sem þar eiga sæti nú og áttu sæti í fyrri ríkisstj., — ráðh. sem leyfðu sér að koma fram fyrir heilar stéttir og hópa þegna og lofa, en skrökva, lofa og svíkja og brjóta íslensk lög, þ. á m. lög sem þeir sjálfir höfðu sett — þ. á m. brbl. sem þeir höfðu sett til þess að leysa úr verkfalli sem þeir m. a. höfðu með ógætilegu hjali sínu æst og ýft til. Það er ekki í fyrsta skipti sem þessir menn eru að brjóta íslensk lög með því að leggja ekki lánsfjáráætlunina fyrir, því miður. Og mér sýnist á öllu, að á sama hátt og talið er að hæstv. forsrh. þurfi ekki að flytja sína stefnuræðu vegna þess að nokkur tími var um liðinn þegar ríkisstj. hans tók við völdum frá því að þing hafði komið saman, þá megi alveg eins segja og leggja að líku að það megi draga að leggja lánsfjáráætlunina fram, síðan verði staðið upp einn góðan veðurdag og hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh. segi: Ja, það er svo langur tími liðinn síðan fjárlögin voru samþykkt að við þurfum ekkert að ræða lánsfjáráætlunina. Hana átti að vísu að ræða með fjárlögunum, en það er svo langur tími liðinn síðan að við þurfum ekkert að eiga við hana frekar. — Þetta er sambærileg skýring að mínu mati við það sem hefur verið látið liggja að um stefnuræðu forsrh.

Það hefur líka verið bent ítarlega á það, og það er sjálfsagt að geta um það einu sinni enn — og því vil ég gjarnan að það komi fram frá mér eins og öðrum þm. sem hér hafa talað, að það vantar marga milljarða í ríkissjóð til þess að standa undir þeim kvöðum sem við vitum að eru nú þegar komnar á ríkissjóð og eru ókomnar, skuldbindingum, uppfyllingu á loforðum sem hafa verið gefin. Þetta vantar. Og okkur hefur ekki verið sýnt hvernig eigi að afla þessara fjármuna. Samt vitum við og höfum fyrir framan okkur nú þegar þá staðreynd, að skattheimtan, heildarskattheimtan á þegnana hefur stóraukist frá því sem var í tíð vinstri stjórnarinnar, og þótti mörgum nóg um þá.

Hv. 10. þm. Reykv. drap hér í dag á rekstur sjúkrastofnana. Það er rétt sem hann sagði, að full ástæða hefði verið til þess að tala langt mál um rekstur þeirra og meðferð þeirra embættismanna og ráðh., sem hafa haft með þau mál að gera að undanförnu, og þá misbeitingu valds, sem þeir hafa beitt sumar stofnanir í þessu landi meðan þeir hafa vísvitandi hyglað öðrum. Og kannske er síðasta dæmið eitt það átakanlegasta, þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. síðustu stjórnar, stjórnar Alþfl., gefur út reglugerð fyrir daggjaldanefnd sjúkrahúsa skömmu áður en hann fer frá völdum, reglugerð sem hefur stórkostleg áhrif á rekstur ákveðinna stofnana, sem daggjaldanefnd á að fjalla um. Þetta er gert án þess að tala eitt einasta orð við forráðamenn sumra af stærstu stofnunum sem undir þessi ákvæði falla, að ég ekki tali um að neitt sé gert til þess að bæta þann miska sem þessar stofnanir óhjákvæmilega verða fyrir vegna þessara breytinga. — Sjálfsagt mun gefast tækifæri til að ræða þetta mál ítarlegar einhvern tíma á næstunni, en á þetta er bent sem einn lið í fjármálum ríkisins vegna ákvæða um sjúkratryggingar o. fl. En meðfram vegna þess að ég hef haft þessa gagnrýni uppi, þá vil ég nota tækifærið til þess núna að þakka fjvn. fyrir að hafa viðurkennt — og það gerir fjvn. — þá miklu neyð sem ríkir hér á suðvesturhorni landsins í hjúkrunarmálum aldraða. Á þessa staðreynd neyðarinnar var einmitt bent af heilbrmrh. þeim sem ég var nú að enda við að gagnrýna, en hann benti réttilega á — og hafði þá tekið þeim rökum sem sumir fyrirrennarar hans tóku ekki — að það væri neyðarástand í þessum málum á þessu svæði.

Það, sem fjvn. gerir nú, er að ýta undir vilja þeirra sem reyna að leysa þennan vanda sjálfir án þess að fara beint í sjóði viðkomandi bæjarfélaga eða ríkissjóð, að styðja við bak þeirra til þess að efla þeirra starf svo að þeir vinni enn betur en ella. Og það er fyrsta fjárveiting sem er veitt til dæmis til hjúkrunarheimilis í Kópavogi. Stjórn kaupstaðarins á nefnilega enga aðild þar að aðra en að úthluta lóðinni. Hún var vanhæf til þess að standa fyrir þessari framkvæmd. Það voru borgararnir sjálfir sem tóku málið í sínar hendur, félög, frjáls félög, einstaklingar þar í bænum, sem hafa staðið fyrir þessari framkvæmd til þessa og safnað stórfé. Og það er bæði rétt og verðugt, að Alþingi Íslendinga komi nokkuð á móti þeim nú þegar og verðlauni þá fyrir þessa framtakssemi sína.

Þá kem ég að þeirri fyrstu athugasemd sem ég vildi beina til fjvn.-manna, hvort þeir vildu ekki gjöra svo vel að athuga milli umr. að flytja brtt. við 6. gr., við eitt heimildarákvæðið sem þar er. Það er gamalt heimildarákvæði þar, sem hefur staðið lengi, um að heimilt sé að

gefa eftir skemmtanaskatt af skemmtunum sem eru haldnar til þess að efla slysavarnir. Og nú undirstrika ég mjög rækilega að úr þessu er ég ekki að draga. En ég hefði gjarnan talið, og vil þó ekki að svo stöddu flytja brtt. um það sjálfur, en ég tel rétt að þarna væri bætt við: „og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra". Ég veit að til þess að fá í gang frjálst framtak til söfnunar til þessara mála, sem þurfa gífurlega mikilla fjármuna við á næstu árum, þá er enginn vafi á því, að við mundum leysa úr læðingi mikið starfsþrek hjá ýmsum aðilum ef þessir aðilar hefðu vissu fyrir að velviljuð ríkisstj. gæfi eftir skemmtanaskattinn hefði hún heimild til þess. Ég efa ekki að núv. hæstv. ríkisstj. hafi velvilja til þessara mála. Nógu er það vel undirstrikað í málefnasamningi hennar, sem ég les kvölds og morgna, eins og ráðh. sjálfir, að þeir vilji mikið gera í sambandi við dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra.

Svo fer kannske ekkert illa á því, að ég minnist aðeins á eitt atriði, sem reyndar hefur ekki enn þá verið flutt till. um, þó að í aths. við fjárlagafrv. sé getið um að fyrirhugað sé að selja vitaskipið Árvakur. En ég tel að það þurfi að leita heimildar til þess og leggja till. um það fram fyrir 3. umr.

Nú vil ég taka skýrt fram, að ég er algjörlega á móti því, að þetta skip sé selt. Þetta er sérbyggt skip, eitt með bestu skipum sem íslenska ríkið á. Það er sérbyggt til ákveðinna verkefna. Þetta er öruggasta og besta skipið til sinna verkefna sem við eigum, og reyndar eigum við ekkert annað skip sem getur annast þau verkefni sem þetta skip á að sjá um. Ég sé enga ástæðu til að fara að selja þetta skip úr landi, til olíuleitar fyrir aðrar þjóðir, ekki síst ef það er haft í huga, að svo gæti farið, að þetta skip gæti orðið mikil tekjulind fyrir íslenska ríkið á næstu árum, ef farið verður í olíuleit einhvers staðar á íslenska landgrunninu eða í grennd við það. Ég fæ ekki séð hvernig við eigum að halda uppi, svo vel sé, góðri öryggisþjónustu við vitakerfið og við annað það kerfi sem skip nota hér á siglingaleiðum — þar á ég við baujur og sjómerki bæði til sjós og lands, — hvernig á að halda uppi góðri þjónustu á þessu sviði öðruvísi en að hafa þetta sérbyggða skip til þess, enda hef ég engan mann heyrt, sem starfar að þessum málum, mæla með þessari sölu. T. d. veit ég að vita- og hafnamálastjóri sjálfur er mjög á móti þeirri hugmynd, að þetta skip verði selt. Ég vona hreinlega að till. um það sjái ekki dagsins ljós.

Hér var af síðasta ræðumanni minnst á vandamál strjálbýlis, og var minnst á þau í sambandi við sjónvarpsmálin. Ég verð síðasti maður til þess að gera lítið úr skoðunum manna á vandamálum strjálbýlisins. En ég minni á að allt sem sagt er um strjálbýli og vandamál þeirra sem þar búa og það sem á skortir að þeir geti fylgst með og notið menningarlífs, sem nú er talið nauðsynlegt — og þar með telst sjónvarpið, það á einnig við um íslenska sjómenn og þótt meira væri.

Ég flutti hér ár eftir ár till. við afgreiðslu fjárlaga um að felld yrðu niður öll aðflutningsgjöld af myndsegulbandstækjum sem væru notuð um borð í skipum. Þetta mátti ekki gera. Það voru bæði sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, sem stóðu gegn þessu í stjórnartíð Geirs Hallgrímssonar — og reyndar nokkrir aðrir líka. En ég ætla ekki að láta reyna á það núna, hvort þetta yrði samþykkt nú, ekki að sinni. Ég ætla að sjá til hvort fjvn. vill ekki taka þetta mál upp, því að ég tel þetta svo sjálfsagt, ekki síst vegna þess, að nú í vetur, skömmu fyrir Norðurlandaráðsþing, bað ég tvo af fulltrúum okkar þar, hv. þm. Sverri Hermannsson og Matthías Á. Mathiesen, að taka það upp við viðkomandi ráðherra á Norðurlöndum, hvort íslenski verslunarflotinn gæti ekki fengið aðgang að þeirri þjónustu sem það an er veitt þessum flota öllum, hvar sem menn eru í heiminum, að hann fái til sinna nota bæði myndsegulbandsefni og eins kvikmyndir. Þetta er látið til skipanna gjaldfrítt, en viðkomandi stjórnvöld verða að taka þátt í þessari samvinnu og borga lítils háttar þjónustugjald. Mig minnir að það sé miðað við brúttórúmlestatölu þess flota sem undir þetta fellur.

Bæði þetta og svo sú tíðni, sem er orðin á myndsegulbandsefninu, gerir það auðvitað að verkum að íslenskir sjómenn, sem eru fjarri þeim stöðvum sem sjónvarpað er frá og úti á hafi, geta notið efnis sem tekið er upp, þótt það sé jafnvel ekki skoðað um leið og það er sent út. — Ég vona að fjvn. geti fallist á að taka þetta upp og veita heimild til þessa í 6. gr.

Af því að ég var að tala um þetta mál í sambandi við starf sjómanna, þá hefur komið upp — ekki að vísu í ræðum í dag við 2. umr. fjárlaga, heldur undir öðrum kringumstæðum, að talað hefur verið um strjálbýli og hin misjöfnu menntunarskilyrði, sem fólk þar býr við, og þó sérstaklega þann mismun, sem er á aðstöðu þess og aðstöðu manna í þéttbýlinu. Í sambandi við þetta hafa komið upp umr. um fullorðinsfræðsluna og öldungadeildirnar, sem hafa verið settar á stofn, og þá staðreynd, að það er útilokað fyrir mjög stóran hóp þegnanna að taka þátt í þessu námi. Þetta er að sjálfsögðu hægt að leysa — bæði fyrir strjálbýli og fyrir þá sem fjarri heimili sínu dveljast atvinnu sinnar vegna, bæði inni í miðhálendi og eins á skipum úti — ekki aðeins með gamla forminu, sem hét og heitir bréfaskóli, heldur einnig núna með segulbandsupptökum sem hægt væri að útvega þeim sem vildu stunda slíkt nám. Það mundi hjálpa þeim mikið. Þeir gætu haldið áfram sínu starfi með námi þótt fjarri væru frá kennurum.

Hann kemur fram á furðulegan hátt ýmis svokallaður sparnaður sem nú er ástundaður af stjórnvöldum, og helst er honum beitt gegn þeim sem hafa ekkert tækifæri til þess að láta í sér heyra eða mótmæla. Það má líka vera vegna þess að stjórnvöld — fyrrv. ráðh. og kannske núv. ráðh. líka — séu orðin svo vön að geta fótum troðið þessar stéttir, og ég tala þá í fleirtölu þegar ég tala um sjómenn, — þau séu orðin svo vön því að geta fótum troðið þá og svikið loforð sín við þá og brotið lög á þeim að það muni ekkert um þótt aðeins sé bætt í posann sem þeir eru búnir að leggja á þá. Eitt dæmi er það, að nú fyrir skömmu var lokað fyrir litla þjónustu til þeirra, sem var í því fólgin að svokallað Nesradíó, sem er ein af strandstöðvunum svokölluðu, sendi út til skipa á 1640 kílóriðum og skip tóku þar að sjálfsögðu einnig á móti. Þetta radíó sendi út kvöldfréttir útvarpsins á þessari bylgju. Skip heyrðu þessa sendingu mjög vel, og ekki aðeins skip, heldur Íslendingar búsettir víðs vegar á Norðurlöndum, skip suður í Ermarsundi, í Norðursjó og inni í Eystrasalti heyrðu þessar ítarlegu kvöldfréttir, sem nú eru hjá Ríkisútvarpinu og vekja athygli sérstaklega þeirra sem hafa ekki tækifæri til þess að fylgjast með öðrum daglegum fjölmiðlum, eins og sjónvarpsfréttum hér heima og dagblöðunum. En allt í einu kemur eitthvert æðra bann sem lokar fyrir þessar sendingar til sjómanna á hafi úti. Það var búið ekki alls fyrir löngu að leggja niður svokallaðar morsfréttir til skipa, sem þannig

voru sendar út, og má segja að það hafi verið nokkur ástæða til, því að loftskeytamönnum hefur farið mjög fækkandi á íslenska flotanum. Samt sem áður er sendur út kl. 12 miðdegis á stuttbylgju stuttur fréttaútdráttur, er mér sagt. En ég skil ekki svona sparnað, sérstaklega ekki þegar við höfum það í huga, að Íslendingar hafa eflt þessa atvinnugrein mjög mikið á síðustu árum. Siglingarnar eru orðnar snar þáttur í okkar sjómennsku og okkar útgerð. Við eigum nokkurn flota sem kemur ekki heim mánuðum saman, en aflar gjaldeyris með siglingum á milli landa, milli erlendra hafna.

Það má vel vera að það sé angi af þessum viðhorfum opinberra aðila til þessara stétta, sem nú er að koma fram hjá þeim, ekki aðeins á Vestfjörðum, heldur líka hér í aðalstöðvum yfirmanna á farskipum, sem voru beittir því valdinu sem margir, sem nú sitja á Alþingi Íslendinga, telja eitt hið mesta óþurftarverk sem hægt sé að beita íslenska launþegahreyfingu. Það má vel vera, að það séu einhverjar þakkir sem verið sé að færa fyrri stjórnendum þessa lands og reyndar núverandi líka, ég skal ekki fullyrða það. En hitt veit ég, að þessara litlu atriða, sem kosta lítið sem ekkert fyrir þjóðarheildina, á þetta fólk alveg sömu kröfu og aðrir til þess að njóta. Þetta eru menn sem flestir eru heimilismenn og borga sína skatta og skyldur hér á fastalandinu og eiga þess vegna rétt á að njóta einhvers lítils af gæðunum um borð í skipum sínum og á sínum vinnustað. Ég tel að allt, sem gert er til þess að rýra þessi litlu hlunnindi, séu til þess að egna þessa menn, sem ég tel einmitt nú á tímum að lítil ástæða sé til, allra síst fyrir þá sem sitja í hæstv. ríkisstj. og sátu í fyrri vinstri stjórn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ekki veit ég hvað hv. 1. landsk. þm. átti við þegar hann ræddi um minnkaða þjónustu fyrir farskipin. Ef hann hefur átt við afskipti mín af þessu máli, þegar hann talaði um fyrrv. ráðh., þá voru þau þau ein, að ég beitti mér fyrir því að hádegisfréttirnar væru færðar yfir á kvöldið samkvæmt eindregnum og margítrekuðum óskum farmanna. Um aðrar tilfærslur á þessu veit ég ekki.

Að mínu mati má margt að fyrirliggjandi fjárlagafrv. finna, en ég mun þó aðeins drepa á örfá atriði.

Samkvæmt frv. er framlag til Gæsluvistarsjóðs 94 millj. kr., sem er allt of lágt miðað við þau mörgu brýnu verkefni sem sjóðnum er ætlað að sinna. En eins og hv. þm. er kunnugt er honum ætlað að styrkja hvers konar starfsemi til hjálpar áfengissjúklingum. Sem dæmi má nefna að mjög hefur verið óskað eftir því af Norðlendingum, að ónotað skólahúsnæði að Laugalandi í Eyjafirði verði tekið til afnota fyrir áfengissjúklinga með svipuðum hætti og nú er um Sogn í Ölfusi. Gæsluvistarsjóður hefur ekki haft bolmagn til að sinna þessu verkefni og húsið, sem er eign ríkissjóðs og Eyjafjarðarsýslu, stendur ónotað og í niðurníðslu, öllum til vansa. Mörg önnur dæmi mætti nefna.

Svipað er að segja um Erfðafjársjóð. Samkvæmt fjárlagafrv. eru honum ætlaðar 327.3 millj. kr. þó að markaðir tekjustofnar hans séu áætlaðir 700 millj. Sá sjóður á að standa undir stofnkostnaði endurhæfingarstöðva fyrir öryrkja vítt um landið. Einnig er honum ætlað að styðja byggingu dvalar- og hjúkrunarheimila fyrir aldraða. Hans verkefnum verður afar illa sinnt með 327 millj. kr. framlagi.

En það er ekki aðeins í þessu fjárlagafrv. sem umræddir sjóðir eru sveltir, þróunin undanfarin ár hefur gengið í þá átt.

Það, sem ég hef þó mestar áhyggjur af í sambandi við fjárlagafrv., er að það gerir ráð fyrir að skerða markaða tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna um hvorki meira né minna en 3866 millj. kr., eða meira en 34%. Á fjárlögum s. l. árs voru þessir mörkuðu tekjustofnar skertir um 10%, eins og var um flestalla lánasjóði þá, og átti þó ekki að vera, a. m. k. ekki varðandi þessa sjóði, nema til bráðabirgða.

Í fjárlagafrv. því, sem hæstv. fyrrv. fjmrh., Tómas Árnason, lagði fram, var reiknað með 15% skerðingu á þessum sjóðum og sú skerðing var áframhaldandi í fjárlagafrv. hæstv. fyrrv. ráðh. Sighvats Björgvinssonar. En nú er sem sagt reiknað með að þessi skerðing verði 34%. Ég mótmæli mjög eindregið skerðingunum í fyrri frumvörpum, 15% skerðingunum, bæði munnlega og skriflega. En með þessari skerðingu, þessari 34% skerðingu, er verið að eyðileggja alla möguleika til uppbyggingar öflugs veðlánakerfis í næstu framtíð og þar með allar meiri háttar umbætur á sviði húsnæðislána. Auk þess eru þetta svik við áður gert samkomulag við launþegasamtökin um þessa sömu mörkuðu tekjustofna.

Sagt er að úr þessu eigi að bæta í lánsfjáráætlun. Það er auðvitað hægt að bjargast eitt og eitt ár með auknum lántökum til veðlánakerfisins. En það er ólíku saman að jafna: lántökum annars vegar og tekjum af mörkuðum tekjustofnum hins vegar. Við byggjum aldrei upp öfluga lánasjóði með lántökum einum saman, með því að taka lán hjá lífeyrissjóðunum með 5% vöxtum og fullri verðtryggingu til 15 ára, eins og nú er gert, og endurlána féð með 2% vöxtum til 26 ára, eins og líka er gert í dag. Það liggur í augum uppi, að við tæmum sjóðina með því móti, ef langt verður gengið á þessari braut.

Það er algjört grundvallaratriði fyrir meiri háttar umbætur í húsnæðislánakerfinu, að núverandi tekjustofnar byggingarsjóðanna verði óskertir næstu 10—12 árin. Eftir það geta sjóðirnir staðið á eigin fótum að mestu og veitt margfalda þjónustu, miðað við það sem þeir gera í dag, án verulegra framlaga frá ríkissjóði. En til þess að svo megi verða verður fyrst að byggja sjóðina upp. Það verður aldrei gert ef stefna fjárlagafrv. í þessum efnum verður ráðandi. Ég vara eindregið við þessari þróun.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt Sverri Hermannssyni, hv. 4. þm. Austurl., brtt. á þskj. 239, sem ég vil mæla fyrir og skýra nokkuð fyrir hv. alþm.

Á undangengnum dögum hafa orðið háværar umræður um verðlag innfluttra orkugjafa og það hversu ríkissjóður tekur í vaxandi mæli til sín skatta og aðflutningsgjöld, t. d. af bensíni og olíum, og verður sú skattheimta því meiri sem innkaupsverðið verður hærra. Nú er svo komið, að því er mér er tjáð, að áætlað er að á árinu 1980 taki ríkið til sín af bensíni einu 29 milljarða kr., en á árinu 1978 voru tekjur ríkisins af bensíninnflutningnum ekki nema 9 milljarðar kr. Þarna hefur orðið geysileg breyting á stuttum tíma. Árið 1978 fékk Vegasjóður í sinn hlut 51% þessara tekna. Eftir till. ríkisstj. í fjárlagafrv. er Vegasjóði gert að fá af áætluðum tekjum af bensínsköttum aðeins 11 milljarða kr., eða 38%, þegar ríkissjóður tekur til almennra nota 18 milljarða kr., eða 62% skattteknanna.

Þegar litið er til þess, hversu risavaxin verkefni bíða í

vegagerð, og það er jafnframt haft í huga, að hvarvetna í landinu beinist áhugi fólks fyrst og fremst að bættum vegum og öruggari samgöngum á landi, þá er þessi skipting vægast sagt óeðlileg. Bílaeigendur leggja að sjálfsögðu á það áherslu, að lagt verði bundið slitlag á vegi jafnóðum og þeir eru byggðir upp úr snjó, eins og það hefur verið kallað, og verður það að teljast eðlileg krafa þegar svo tilfinnanlega háir skattar falla til ríkisins af ökutækjum, bæði í stofnverði þeirra og rekstri. Um það má deila, hvernig haga skuli skattheimtu, hversu mikil hún skuli vera í hverju tilviki, en mestum ágreiningi veldur þó ráðstöfun skatta sem þeirra sem hér er rætt um.

Það er glöggt af þeim samanburði, sem ég hef lýst, á fjárlögum fyrir árið 1978, þegar Vegasjóður hafði til ráðstöfunar 50%, þ. e. helming þeirra álaga sem lögð eru á sem bensínskattar, og þeim till., sem nú eru í frv. til fjárlaga, sem eru um 38% álagðra bensíngjalda, að hlutur Vegasjóðs liggur illilega eftir. Það er till. okkar flm. að fá þessu hlutfalli breytt, en við göngum þó ekki lengra en svo að jafnast við árið 1978. Við leggjum til að til Vegasjóðs gangi 14½ milljarður kr. í stað 11 milljarða, sem till. er um í frv.

Vitaskuld er þetta miklu lægri upphæð en þarf til þess að halda þeim framkvæmdamætti Vegasjóðs sem Alþ. ætlaðist til að ná þegar vegáætlun var samþykkt 23. maí 1979, eða fyrir ellefu mánuðum. Til þess að halda þeim framkvæmdamætti í vegagerð skortir 6½ milljarð kr., að því er mér er tjáð af starfsmönnum Vegagerðar ríkisins. Það er því augljóst mál, að ekki er vanþörf á að ráða hér bót á. En hér er aðeins lagt til að koma til móts við viljayfirlýsingu Alþingis að hluta til að því er vegaframkvæmdir varðar. Og við flm. gerum till. um að viðbótarfénu verði ráðstafað til nýbyggingar vega. Ef annað fé, sem ætlað var til nýbyggingar í vegáætlun, verður ekki skert, þá heldur þó fyrri ákvörðun um framkvæmdamagn nýbygginga gildi sínu. Vísitala vegagerðarkostnaðar er að mati Vegagerðarinnar um 30% hærri 1980 en hún var fyrir ellefu mánuðum, þannig að nýbyggingar ættu að ganga fram í því magni sem Alþ. ákvað á sínum tíma. Ef sú till., sem ég mæli hér fyrir, verður samþykkt, verða til ráðstöfunar í þessu skyni 13 531 millj. kr. í stað 10 031 millj. kr. sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Við gerum ekki till. um þetta aukna fjármagn til vegamála með það í huga að auka álögur á skattborgarana í landinu. Okkur þykir það ekki vera hrósvert, þó við stöndum þannig að tillögugerð. Mér kom það því dálítið spánskt fyrir sjónir þegar gert var veður út af því, að einn og einn maður tæki ábyrga afstöðu í fjármálapólitík, eins og hv. þm. Karvel Pálmason hrósaði sér af áðan að hann og hans flokksmenn gerðu. Ég tel ekki nema sjálfsagðan hlut að þannig sé staðið að málum hverju sinni, að menn geti forsvarað gerðir sínar og staðið við þau fyrirheit sem þeir hafa haft uppi. Og þegar svo stutt er liðið frá kosningum eins og hún er, þá ætti mönnum ekki að hafa gleymst það sem þeir hafa sagt. (**Gripið fram í:** Það er nú heilmörg gleymska samt.) Það er einn og einn maður, sem gleymir því sem hann sagði kjósendum fyrir kosningarnar, en sumir eru líka fljótir að skipta um skoðun þegar þeir eru komnir hér inn í salinn. (**Gripið fram í:** Þessir menn eru fjarstaddir.) — Þess vegna gerum við einnig till. um sparnað á fjárlögum og aðhald í ríkisrekstri til jafns við það aukna fjárframlag til Vegasjóðs, en það er 3½ milljarður kr.

Vinstri stjórnin, sem sprakk, ákvað að framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna skyldi vera 2235 millj. kr. og var sú fjárhæð til ráðstöfunar á árinu 1979. Í fjárlagafrv. fyrir 1980 er þetta framlag hækkað um 141.3%, á sama tíma og útgjöld vegna lífeyristrygginga hækka um 71.5%. Ef hækkun framlags til Lánasjóðsins er miðuð við svipaðan hundraðshluta og lífeyristryggingarnar, eða 70%, þá sparast á þeim lið fjárlaga um 1½ milljarður kr. Við leggjum til að framlagið verði lækkað um þá upphæð, eins og till. ber með sér.

Þá telja tillögumenn ríka ástæðu til, á slíkum verðbólgutímum sem nú ganga yfir land og lýð, að gera að því gangskör að beita aðhaldi í rekstri ríkisbáknsins. Í fjárlagafrv. kemur fram að launaliður ríkisins nemur 95 milljörðum 525 millj. kr. og er þá 77.3% hærri en sá liður var á fjárlögum 1979. Þetta er allt of mikil hækkun milli ára, þegar mið er tekið af almennri þróun launamála og þeim áætlunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur í launamálum, og ef ekki á að halda áfram þeirri verðþenslu sem ríkt hefur hér um skeið. Tillögumenn gera ráð fyrir því, að launaliður frv. verði lækkaður um 1600 millj. kr., og benda á þá leið til að ná því marki, að hverju sinni sem ríkisstarfsmaður hverfur frá starfi af einhverjum sökum, þá verði þess gætt að ráða ekki að nýju í starfið næstu tvo mánuði, nema sérstakar ástæður banni slíka ráðstöfun. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér um hreyfingu á starfsliði ríkisins, má gera ráð fyrir að með þessum hætti yrði sparnaður fyrir ríkissjóð sem nemur 1600 millj. kr. Um leið og þessum árangri væri náð má ætla að aðferðin hefði leitt í ljós í einhverjum — vonandi mörgum tilvikum að fækka mætti starfsfólki hér og þar í ríkiskerfinu og ekki yrði ráðið í störfin að nýju. Slíkum árangri er vert að leitast við að ná, og því er lagt til að fara þessa leið til aðhalds og sparnaðar í ríkiskerfinu.

Að síðustu leggjum við til að gengið sé á jafnaðartölu fjárlaganna og óviss útgjöld verði lækkuð um 400 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þessa till. öllu fleiri orð. Hún er mjög vel skiljanleg og ég þykist hafa dregið fram í dagsljósið þau helstu rök sem eru fyrir því, að hún er flutt, og þeim ráðstöfunum, sem gera þyrfti í sambandi við hana.

En ég get ekki látið hjá líða að koma hér aðeins inn á einn þátt fjárlagaumræðunnar, sem nokkuð hefur verið vikið að á undan mér af ýmsum aðilum, en það eru lánsfjáráætlanir sem eiga samkv. lögum að fylgja fjárlagafrv. Ég held að það sé rétt með farið hjá mér, að ekki var skyldugt að leggja fyrir Alþ. lánsfjáráætlanir lengi fram eftir árum. Og ég hygg að það hafi ekki verið gert fram til ársins 1975, það hafi verið samdar framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir, en ekki lagðar fyrir Alþ. Ég hygg að fyrsta áætlun, sem lögð var fyrir Alþ., hafi verið fyrir árið 1976 og lögð fyrir Alþ. við 3. umr. fjárlaga 19. des. 1975. Og hún er ekki lögð fyrir þingið af því að það hafi verið lagaskylda, að svo skyldi gert heldur var þarna verið að gera tilraun til þess að styrkja fjárlagagerðina. Og þetta var fyrsta tilraunin. Áætlunin var lögð fram af þáv. fjmrh., Matthíasi Á. Mathiesen. Hún var kynnt á Alþ., eins og ég sagði áðan, við 3. umr., en frv. varðandi lánsfjáráætlunina hafði áður verið lagt fram, og var það samþykkt með fjárlögunum að þessu sinni.

Lánsfjáráætlun var aftur lögð fyrir Alþ. 1977. Hún var lögð fram og kynnt þar við 3. umr. fjárlaga 20. des. 1976. Það var alveg á sama hátt og áður, að það var ekki lagaskylda að leggja slíka lánsfjáráætlun fram. Hins veg-

ar hafði frv. varðandi lánsfjáráætlun verið lagt fram áður og var samþykkt með fjárlögunum 21. des. 1976, og það held ég að sé rétt að rifja upp líka, að sá seinagangur, sem þá var kallaður svo, var mjög gagnrýndur af stjórnarandstæðingum og þó sérstaklega Alþb.-mönnum.

Lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 tókst að leggja fram og kynna við 2. umr. 13. des. 1977, og þá var hún afhent fjvn.-mönnum svo og formönnum þingflokkanna nokkrum dögum áður. Lög varðandi lánsfjáráætlunina 1978 voru samþykkt 21. des. 1977 með fjárlögum 1978. Og þetta var harðlega gagnrýnt af stjórnarandstæðingum þá. Sérstaklega var það gagnrýnt af Alþb.-mönnum, þrátt fyrir það að ekki voru fyrirmæli um það í lögum, að lánsfjáráætlun skyldi lögð fram.

Lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 var lögð fram, eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið, 21. febr. 1979. Lög um lánsfjáráætlun voru samþykkt 16. maí 1979, nærri hálfu ári eftir samþykkt fjárlaga 1979. Þarna hefur heldur sigið á ógæfuhliðina og hefði verið ástæða til að gagnrýna það, hefðu menn verið þess sinnis á þeim tíma. En þá gerist það, nokkru áður en lögin um lánsfjáráætlun voru samþykkt, að samþykkt voru lög um stjórn efnahagsmála. Þau voru samþ. 7. apríl 1979, og þar er sett í lög, að ríkisstj. skal leggja fyrir Alþ. fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrv. Nú heyri ég ekki að neinn af stuðningsmönnum stjórnarinnar gagnrýni þann hátt sem nú hefur verið tekinn upp, og er það þó í fyrsta skipti sem það má heita ámælisvert, fyrir það að nú er það skyldugt samkv. lögum og þetta því lögbrot, en hefur ekki verið það áður.

Herra forseti. Ég vildi aðeins láta þessar upplýsingar koma hér fram til þess að undirstrika þá gagnrýni sem með réttu hefur verið höfð hér uppi í sambandi við það, að lánsfjáráætlun hefur ekki verið lögð fram enn. Ég get þá látið máli mínu lokið og legg áherslu á það að síðustu, að alþm. líti á þá till., sem við hv. þm. Sverrir Hemannsson höfum flutt og ég hef skýrt, og samþykki hana með okkur.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þessari 2. umr. fjárlaganna er senn lokið, þar sem ekki eru fleiri á mælendaskrá, Ég vil ljúka umræðunni með því að bæta hér nokkrum orðum við.

Fyrst og fremst vil ég þakka fjvn.-mönnum fyrir ágæt vinnubrögð. Ríkisstj. sú, sem nú er við völd, var mynduð 8. febr. s. l., en nýtt fjárlagafrv. var lagt fram 10. mars. Að vísu hafði efni þess verið kynnt nokkrum dögum áður, viku áður, 4. mars, fyrir fjvn.-mönnum til þess að auðvelda þeim störf þeirra. En nú fer sem sagt fram 2. umr. þrem vikum síðar. Hér er tvímælalaust mjög vel að verki staðið og nokkuð ljóst að þetta hefði ekki tekist á svo skömmum tíma ef ekki hefði verið óvenjulega góð samstaða meðal nm. um að afgreiða fjárlagafrv. fyrir páska. Ég vil sem sagt ítreka þakkir mínar til fjvn.-manna og þá ekki síst til form. nefndarinnar, hv. þm. Eiðs Guðnasonar.

En úr því ég nefndi nafn hans er kannske eðlilegast að víkja þar næst að þeim ágreiningi sem hann setur fram í séráliti sínu, þar sem hann gerir því skóna að raunhæft sé og skynsamlegt að standa að stórfelldum niðurskurði fjárlagafrv. með ýmsum tilfæringum sem hann gerir þar till. um. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar till., en vil segja það eitt almennt um þessar till., að ég tel að þetta séu hreinar málamyndatillögur. Ég get nefnt ýmis dæmi því til sönnunar, að hér er ekki verið að gera till. um raunverulega lækkun fjárlaga eða raunverulegan sparnað í ríkisrekstri.

Við skulum taka hér sem dæmi till. þm. um það, að tekjur af Áfengisverslun ríkisins verði áætlaðar með öðrum hætti en gert er í frv. Í frv. er við það miðað, að skil Áfengisverslunar ríkisins til ríkissjóðs verði 24 milljarðar kr., en það er 40% hækkun skila hennar í ríkissjóð miðað við liðið ár. Þá voru skilin 17.2 milljarðar. Þessi hækkun í frv. er bersýnilega talsvert umfram áætlaðar verðlagsbreytingar á komandi ári, því eins og mönnum er kunnugt eru verðlagsbreytingar í frv. miðaðar við u. þ. b. 31%. En í tekjuáætlun, sem ég tel að sé í raun og veru fulldjörf, er gert ráð fyrir að hækkunin verði 40%, eins og ég hef þegar sagt. Hv. þm. kemur einfaldlega með till. um að bæta þarna við 2 milljörðum, hækka skil Áfengisverslunarinnar úr 24 milljörðum í 26, og er þar kominn með 51% hækkun, 20% umfram almennar verðlagshækkanir.

Eins og ég hef sagt er fremur ástæða til að óttast að frumvarpstalan, eins og hún er nú, sé ofáætluð. Og ég hef ekki neina ástæðu til að ætla það, fremur en hv. þm., að landsmenn verði drykkfelldari á þessu ári en þeir voru á því síðasta. Ég held að æðimiklar líkur séu á því, ef áfengisverð er hækkað í svo miklum mæli sem hér er gerð till. um, að þá yrðu landsmenn eitthvað að spara við sig drykkjuna. Það munu vera ákveðin lögmál þar á milli og enginn vafi að þessi till. er meira eða minna út í bláinn.

Annað dæmi um þessa tillögugerð þm., sem hann flytur hér fyrir hönd Alþfl., er till. hans um hækkun á tekjuskatti félaga. Hann hafði mörg stór orð um það áðan, að við Alþb.-menn vildum greinilega hlífa félögunum, en þeir Alþfl.-menn vildu bæta þar 850 millj. kr. við. Það vantar ekki að þeir eru róttækir í stjórnarandstöðunni, Alþfl.-menn. En auðvitað er það ekki aðalspurningin í þessu sambandi, hvaða áætlunartala er sett inn í fjárlagafrv. Auðvitað er það aðalatriðið, hvernig menn ætla að ná þessum auknu tekjum. Talan í fjárlagafrv. er ósköp einfaldlega fengin frá Þjóðhagsstofnun sem áætlar að fyrirliggjandi frv., sem miðað er við 65% tekjuskatt félaga, skili þessum 10 þús. millj. Ef Alþfl. ætlar að ná þarna 850 millj. kr. til viðbótar, þá verður hann að sjálfsögðu að gera till. um að hækka tekjuskatt félaganna eða með einhverjum hætti að ná þessum viðbótartekjum í ríkissjóð. En ég hef ekki orðið var við að þeir kratar flyttu till. af því tagi. Þvert á móti hafa þeir flutt hér till. um talsverða tekjuskattslækkun. Ég á varla von á að hv. þm. hugsi sér það, að þeir, sem reka fyrirtæki sín í eigin nafni, borgi lægri tekjuskatt en hinir, sem reka fyrirtæki í félagsformi. Að sjálfsögðu er náið samræmi milli þeirrar tillögugerðar sem við höfum haft uppi um tekjuskatt einstaklinga í rekstri annars vegar og tekjuskatt félaga hins vegar. Með þessari tillögugerð Alþfl. yrði þarna bersýnilega mikið bil, þar sem talsvert miklu óhagstæðara yrði að reka fyrirtæki í félagsformi. Ég held að útilokað sé að ætla þeim Alþfl.-mönnum að valda hér slíku ósamræmi sem hlyti að vera fólgið í því, að félagsprósentan væri miklu hærri en einstaklingsprósentan. Og ég held að þetta sýni það, að hér er Alþfl. ekki að koma með till. um raunverulega útgjaldalækkun eða tekjuhækkun. Hann er bara einfaldlega að búa til gat, hann er að búa til óraunsæja áætlun sem ekki mundi standast í raun, heldur koma fram sem rekstrarhalli í árslok. Það gildir sem sagt nákvæmlega

það sama í báðum þessum tilvikum. Þarna er verið að búa til gat í frv., vísvitandi gat.

Nokkuð svipað stendur á um till. þeirra Alþfl.-manna um að óviss útgjöld frv. verði verulega lækkuð, eða um 500 milljarða kr. Það er nákvæmlega sama till., að stefna í meiri óvissu með tekjuafganginn, því að það segir sig nokkuð sjálft að þessi tala, óviss útgjöld, er einmitt ætluð til þess að koma í veg fyrir það að verulegur rekstrarhalli myndist. Þetta er að vísu ekki eina aðferðin sem beitt er í því skyni, eins og kunnugt er, en með því að lækka tölur af þessu tagi er bersýnilega verið að gera frv. óraunhæfara en ella þyrfti að vera.

Ég vil nú ekki láta sömu orð fylgja þeirri till. krata að lækka útflutningsbætur, því að það hefur verið hugsjónamál þeirra um margra ára skeið að útflutningsbætur verði verulega lækkaðar. Hér er gerð till. um að útflutningsbætur verði lækkaðar úr 10% í 9% af söluverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. En ég minni bara á það, að ekki er nóg með að þetta sé harla köld kveðja í garð bændastéttarinnar í kjölfar þeirra harðinda sem hún hefur orðið að þola á seinasta ári, heldur er þetta einfaldlega till. sem enginn annar flokkur er reiðubúinn til að standa að með þeim Alþfl.-mönnum. Þeir geta veifað till. af þessu tagi í fullu trausti þess, að hún verður aldrei framkvæmd. Þeir munu ekki fá nokkurn annan aðila til að styðja sig í að framkvæma slíka tillögu.

Í tillögugerð hv. þm. Eiðs Guðnasonar er gert ráð fyrir því, að framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna verði verulega lækkuð, eða um rúma 2 milljarða kr., 2 milljarða 120 millj. kr. Ég held að það sé út af fyrir sig vel skiljanlegt, að menn láti sér detta í hug að Lánasjóður ísl. námsmanna geti komist af með minni fjármuni en sjóðnum eru ætlaðir í þessu frv., því að óneitanlega hafa framlög til þessa sjóðs hækkað gífurlega á seinustu tveimur árum. Í aths. við fjárlagafrv. hef ég einmitt vakið athygli á því, að þessi framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna hafa vaxið úr 2235 millj. kr. í fjárlögum seinasta árs í 5395 millj., og þó á eftir að telja lántökuna, sem vex úr 1100 millj. í 1700 millj. Þetta eru ískyggilegar upphæðir og ótrúlegar í augum þeirra sem lítið þekkja til. En þó ber þess að gæta, að vonandi gera sér flestir grein fyrir því, að lán til einstakra námsmanna eru ekki fyrirhuguð hærri en þau hafa áður verið. Gert er ráð fyrir að lán til námsmanna verði hlutfallslega nákvæmlega þau sömu og þau hafa verið um mörg undanfarin ár og miðist við 85% af áætlaðri umframfjárþörf, þegar fullt tillit hefur verið tekið til tekna námsmannsins. Tekjurnar eru allar dregnar frá og námsmanninum ekki ætluð meiri þurftarlaun en verkamanni á lægsta taxta.

Skýringin á því, að upphæðin hefur vaxið svo gífurlega, er hins vegar einfaldlega sú, að verðbólga hefur verið mikil, gengisbreytingar talsverðar og fjárlagaupphæðin fyrir 1979 er áætluð á haustmánuðum 1978, en við erum núna komin fram á vormánuði 1980, og enginn vafi er á því, að hér er um miklu raunhæfari tölu að ræða en áætluð var í fjárlögum 1979, enda kom í ljós að þá þurfti að bæta talsverðu fé við.

Það er illt að þurfa að bæta við fé til slíkra hluta sem þessara í árslok vegna vanáætlunar, vegna þess að slíkt veldur rekstrarhalla eða á sinn þátt í að rekstrarhalli skapist. Það, sem gert hefur verið í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna, er ósköp einfaldlega það, að reynt hefur verið að áætla af fyllsta raunsæi, kannske í fyrsta sinn í mörg ár, hvað sjóðurinn raunverulega þarf, þannig að ekki þurfi að bæta við síðar á árinu.

Önnur skýring á því, að þessi upphæð hefur vaxið svo gífurlega sem raun ber vitni, er greinilega sú, að þegar lánin frá Lánasjóði ísl. námsmanna voru fyrst verðtryggð, sem gerðist fyrir fjórum árum, þóttu þessi lán frekar óhagstæð. Þau voru óhagstæðari en mörg önnur lán sem fáanleg voru á lánamarkaðnum, t. d. bankalán. Þessi lán eru að vísu ekki með vöxtum, en þau eru verðtryggð. Og það var greinilegt, að námsmenn voru frekar hikandi og tregir að taka þessi lán. En eftir að vextir hafa hækkað svo feiknarlega sem raun ber vitni og vaxtaaukalán eru nú þau lán sem menn eiga kannske einna helst aðgang að, þá virðast viðhorf námsmanna gagnvart þessum sjóði og gagnvart þessum lánum hafa breyst mjög verulega og þeir eru farnir að taka þessi lán í miklu, miklu ríkari mæli en áður var. Það verður feiknarleg fjölgun lántakenda á hverju misseri. Og það er fyrst og fremst þetta, sem veldur þessari gífurlegu aukningu á lánsfjárþörf sjóðsins. Þetta eru hins vegar verðtryggð lán. Það má velta því fyrir sér, hvort ekki sé þörf á því að hraða endurgreiðslum til sjóðsins, og í till., sem ég flutti hér á Alþ. í fyrravor í frv.-formi um þennan sjóð, var einmitt gert ráð fyrir því, að endurgreiðslum til sjóðsins yrði verulega hraðað og að þeir, sem hafa miklar tekjur að námi loknu, greiði meira og örar til sjóðsins en verið hefur. Það er afar brýnt að þetta mál verði afgreitt með einum eða öðrum hætti af Alþ., að endurgreiðslur til sjóðsins verði endurskoðaðar. En ég tel ekkert tilefni til þess, eins og nú stendur á, að lækka lánaprósentuna verulega frá því sem verið hefur um mörg undanfarin ár.

Ég get upplýst það hér, að fljótt á litið virðist Alþfl. gera till. um það nú við 2. umr. fjárlaga, að lánaprósentan til íslenskra námsmanna verði lækkuð úr 85% niður í 58%. Ég held ég megi segja að hún hafi ekki á þessum áratug verið svo lág sem Alþfl. gerir nú till. um. Þetta er hressileg kveðja í garð námsmanna og ég vænti þess sannarlega að þeir taki vel eftir henni.

Ég er sannfærður um það, að ef Alþfl. væru nú í stjórn og væri að setja fram till. sem væru alvörutillögur, þá hefði hann ekki sett fram þessa till., hvorki þessa né hinar sem ég hef nú nefnt, því þær eru allar óraunhæfar og verða að flokkast undir sýndarmennsku.

Friðrik Sophusson vék að því hér áðan, að lítt væri skiljanlegt að áformað væri að selja flugvél hjá Landhelgisgæslunni og gert ráð fyrir að andvirði flugvélarinnar kæmi inn sem reiðufé í ríkissjóð í kjörfar þess að vélin væri seld. Ég vil upplýsa þennan leyndardóm fyrir hv. þm. Það er einfaldlega gert ráð fyrir að þessi vél verði seld fyrir allnokkuð hærri fjárhæð en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þær upplýsingar, sem við höfum fengið í hendur, eru þær, að hugsanlegt sé að það verð, sem fáist fyrir vélina, sé milli 500 og 600 millj. og sé því fullkomlega raunhæft að gera ráð fyrir að 350 millj. verði greiddar út.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurði hvernig á því stæði, að skipið Árvakur væri á rekstrarfjármagnslista Landhelgisgæslunnar. Það er rétt, sem greinilega fólst í orðum þm., að þetta skip var á sínum tíma keypt fyrir vita- og hafnamálastjórn. Ríkissjóður á hins vegar skipið og hefur látið Landhelgisgæsluna reka það. Það hefur því verið skráð í þessu frv. og fyrri frv. á reikningi Landhelgisgæslunnar, því að það er hún sem rekur skipið. Þegar skipið

verður selt er gert ráð fyrir að andvirðið renni í Landhelgissjóð, sem er auðvitað í reynd fyrst og fremst angi af ríkissjóði.

Það hefur verið nokkuð kvartað yfir því hér í kvöld, að lánsfjáráætlun skuli ekki liggja fyrir. Vissulega hefði verið heppilegra að lánsfjáráætlun hefði legið fyrir um leið og fjárlagafrv. var lagt fram. En því er til að svara, að það hefur einfaldlega ekki gefist tóm til þess að vinna að hvoru tveggja á sama tíma, fjárlagafrv. og lánsfjáráætluninni. Þegar ég kom í fjmrn. voru þar fyrir hendi ákaflega ófullkomin drög að lánsfjáráætlun. Bersýnilegt var, að efni hennar þurfti að endurskoða frá grunni, og allar tölur í henni algjörlega óraunhæfar. Undanfarnar vikur hefur farið fram efnissöfnun, en það verður að segjast alveg eins og er, að nægar upplýsingar eru enn ekki fyrir hendi til þess að unnt sé að setja lánsfjáráætlun saman og leggja hana fyrir þingið. Hins vegar höfum við stefnt að því seinustu dagana að reyna að leggja fram upplýsingar um þann hluta lánsfjáráætlunar, sem snertir A- og B-hluta fjárlaga, strax eftir næstu helgi. Ég vænti þess, að þá verði jafnframt hægt að veita upplýsingar um áform fjárfestingarlánasjóða og um fyrirhugaða útvegun lánsfjár til þeirra. En því er alls ekki að leyna, að það skortir upplýsingar um marga þætti lánsfjáráætlunar, t. d. um fyrirtæki sem rekin eru með eignaraðild ríkisins. Þar á ég t. d. við Landsvirkjun, Áburðarverksmiðjuna, Þörungavinnsluna og önnur slík fyrirtæki. Það skortir enn upplýsingar til þess að hægt sé að taka endanlegar ákvarðanir um hve miklar framkvæmdir þessi fyrirtæki ráðist í og hve mikils lánsfjár verði aflað til þeirra. Það skortir líka upplýsingar um það, hver verði fyrirhuguð lántaka atvinnufyrirtækja, þ. á m. eins mjög stórs fyrirtækis, þar sem er Járnblendiverksmiðjan. Staðreyndin er sú, að framkvæmdaáform þessara aðila eru mjög mikil að vöxtum. Framkvæmdaáform Landsvirkjunar eru upp á 32 milljarða, og af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að taka þurfi að láni 30 milljarða. Framkvæmdaáform Járnblendiverksmiðjunnar eru upp á 10 milljarða og gert ráð fyrir að það verði allt tekið að láni. Aðrar raforkuframkvæmdir og framkvæmdir sveitarfélaga eru áætlaðar í kringum 24 milljarða, og eru það að verulegu leyti raforkuframkvæmdir. Hitaveituframkvæmdir eða áform á því sviði eru upp á 25 milljarða. Hér stefnir greinilega í of miklar erlendar lántökur, og það er talsvert verk sem liggur því að baki að átta sig á hvað sé hægt að takmarka af þessu og hvað sé óhjákvæmileg nauðsyn og verði að hafa forgang. Ég tel að ef framkvæmdaáform Landsvirkjunar og Járnblendiverksmiðjunnar — sem samanlagt eru með erlendar lántökur upp á 40 milljarða, bara þessi tvö fyrirtæki — verða óbreytt, þá horfi nokkuð ískyggilega með erlendar lántökur á þessu ári, það geti ekki farið hjá því. En auðvitað er óhjákvæmilegt að skoða það vandlega, hvort ekki er hægt að fresta einhverjum af þessum áformum til næsta árs, þannig að erlend lántaka á þessu ári fari ekki úr hófi fram.

Ég hef sagt hér og ítreka það, að við erum að vinna að lánsfjáráætlun af fullum krafti og gerum ráð fyrir að geta gefið upplýsingar um þann hluta hennar sem snýr að A- og B-hluta fjárlaganna, strax eftir næstu helgi. En ég geri mér ekki vonir um það, að nægilega ljóst liggi fyrir um þessar miklu orkuframkvæmdir, áður en Alþ. fer í páskaleyfi, til þess að hægt sé að taka þar endanlegar ákvarðanir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða hér frekar um fjárlagafrv. að sinni, en ítreka þakkir mínar til fjvn.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég átti ekki von á því að hæstv. fjmrh. hagaði orðum sínum á þann veg, að það gæfi tilefni til andsvara, en ýmislegt af því, sem hann sagði, verður þess valdandi að ég finn mig knúinn til að segja fáein orð. Og vilji hann halda þessum umræðum áfram eitthvað fram eftir, þá er sjálfsagt að verða við því.

Hæstv. fjmrh. sagði að þær till. Alþfl. til breytinga á fjárlagafrv., sem ég gerði grein fyrir í dag, væru hreinar málamyndatillögur. Það fór reyndar, að mér fannst, ekki afar mikið fyrir rökstuðningi við þá fullyrðingu. Jú, hann minntist á tekjur Áfengisverslunarinnar og áætlun um hvernig hagnaður þess fyrirtækis mundi þróast. Í þessum till. er gert ráð fyrir að menn verji svipuðum hluta af launum sínum til viðskipta við þetta fyrirtæki og verið hefur fram til þessa.

Ráðh. ræddi sérstaklega um tekjuskatta af félögum. Ég benti á í dag, að frv. hans gerir ráð fyrir að tekjuskattur félaga nemi 10 milljörðum kr., en í fjárlagafrv. Alþfl. var reiknað með 10.8 milljörðum kr. Það getur svo sem verið afsakanlegt, að ráðh. hafi ekki lesið eigið frv. nægilega vel. A. m. k. benti ýmislegt af því, sem hann sagði áðan, til þess að hann hafi ekki lesið það sem stendur á bls. 176 í aths. við þetta frv. og ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að hafa hér yfir, það eru fáar línur. Það stendur:

„Er hér reiknað með að álagður tekjuskattur félaga 1980 verði 10.8 milljarðar og að innheimta skattsins nemi 10 milljörðum kr. að innheimtu eftirstöðva meðtalinni."

Síðar segir hér:

„Áhersla skal á það lögð, að þær áætlanir, sem hér hefur verið getið um tekju- og eignarskatta, eru ekki reistar á grunni nýju skattalaganna; hér er um að ræða viðmiðunartölur gerðar á grundvelli eldri laga og í þeim felst því ekki mat á álagningarreglum hinna nýju laga."

Ég hygg að ráðh. hefði hagað orðum sínum svolítið á annan veg áðan ef hann hefði verið búinn að kynna sér þetta. (**Fjmrh.:** Það held ég ekki.) Nei, það er þá mál ráðh. hvort hann tekur tillit til þess sem stendur í eigin frv. hans eða ekki.

Hæstv. fjmrh. vék að Lánasjóði ísl. námsmanna og þeim miklu hækkunum sem þar eru ráðgerðar. Till. Alþfl. gera ráð fyrir að ráðstöfunarfé þessa sjóðs aukist jafnt og verðlag hækkar milli ára. Hins vegar skil ég vel erfiða aðstöðu hæstv. núv. fjmrh., sem í sínu fyrra embætti sem menntmrh. lofaði námsmönnum heldur miklu og er nú að standa við það sem fjmrh. Það er að sínu leyti virðingarvert. Hins vegar held ég að flestir hljóti að vera um það sammála, að þessi hækkun er úr böndum, er úr samræmi við allar aðrar tölur í þessu frv., og ég hygg að þetta séu hlutir sem verði að segja og verði að viðurkenna. Það verður að hafa það, þótt sumum námsmönnum falli það miður. Eins og ég sagði í dag og endurtek gjarnan þurfa námsmenn vissulega stuðning. En ég held að það þurfi ekki allir námsmenn allan þann stuðning sem þarna er gert ráð fyrir. Þar að auki verður að gera þá kröfu, að þessi lán séu innheimt og þau séu greidd, og að þau séu greidd til baka í jafnstórum krónum og krónurnar voru sem fengnar voru að láni.

Í þessum till., sem hæstv. ráðh. kallaði málamyndatil-

lögur, sýndartillögur og sitthvað fleira, er till. um 4 milljarða kr. til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Einhverra hluta vegna valdi ráðh. þann kostinn að minnast ekki á hana. Þó var í þeim fjárlagafrv., sem lágu fyrir þegar hann settist í stól fjmrh., ætlað að verja til þessara hluta 2.3 milljörðum kr., en sú upphæð hefur verið tekin og til annars notuð. Það er ekkert um það vitað enn, hver afstaða hæstv. ráðh. og ríkisstj. er í rauninni til þessa máls, þar sem því hefur verið vísað út í óvissuna — til óvissrar framtíðar þegar einhvern tíma á að ákveða einhvers konar orkuskatt. En um það er allt óljóst.

Auðvitað er það svo, að við Alþfl.-menn getum verið til viðræðu um ýmsar lagfæringar á þessum till. Það er alveg sjálfsagt að ræða það. En í heild stefna þær í rétta átt. Þær stefna til þess að lækka tekjuskatt á almennum launatekjum. Þær stefna til sparnaðar á landbúnaðarliðunum. Þær stefna til lækkunar á þessum lánasjóðslið, sem ég tel of háan og fleiri hafa orðið til að taka undir hér. Og þær stefna til aðhalds í ríkisbúskapnum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð hér öllu fleiri, en minni á — og vona að við því verði orðið, eins og ráðh. gaf raunar nokkurt fyrirheit um — að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að meginatriði lánsfjáráætlunar liggi ljós fyrir, ekki aðeins að því er varðar A-hluta og B-hluta fjárlaga, heldur og fleira, því þar er miklu fleira sem kemur til. Nauðsyn er að þetta liggi ljóst fyrir, ef takast á að afgreiða hér fjárlög fyrir páska.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 53. fundur.

Fimmtudaginn 27. mars, kl. 2 miðdegis.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 231). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Lög nr. 8 frá 27. febr. 1976, upphaflega nr. 11/1975, veita ríkisstj. heimild til að leggja á sérstakt gjald, flugvallagjald, sem runnið hefur í ríkissjóð. Á seinasta ári var sú breyting gerð á lögunum, að gjald þetta rennur til flugvallaframkvæmda. Gjaldið er ákveðin krónutala og hefur því þurft að hækka það til samræmis við almenna verðlagsþróun á hverju ári. Með þessu frv. er lagt til að gjaldið hækki til samræmis við verðlagsþróun og þá fyrst og fremst þróun framfærsluvísitölu frá 1. jan. 1979 til 1. jan. 1980. Hækkunin er nærfellt 60%. Samkvæmt því yrði gjaldið 8800 kr. fyrir farþega í millilandaflugi, en 650 kr. fyrir farþega í innanlandsflugi.

Rétt er að hafa það í huga, að á árinu 1979 urðu tekjur af gjaldinu minni en áætlað hafði verið eða einungis 692 millj. af þeim 770 sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögunum. Nú eru liðnir þrír mánuðir af þessu ári án þess að gjaldtakan hafi í nokkru breyst og þess vegna er óhjákvæmilegt að hækkunin sé a. m. k. sú sem hér er gerð tillaga um.

Í 2. mgr. 2. gr. frv. er lagt til að ráðh. verði veitt heimild til að hækka flugvallagjald til samræmis við verðlagsbreytingar. Eðlilegt er að sú heimild sé bundin við hækkun byggingarvísitölu þar sem ætlunin er að nota þetta fé til flugvallagerðar, enda er það til samræmis við ákvæði um fjáröflun til vegagerðar, bensíngjaldið. Með þessu móti ætti að vera óþarft að koma með þetta mál inn í sali Alþingis á hverju ári til að breyta upphæðum til samræmis við verðbólguþróun.

Herra forseti. Ég vænti þess, að báðar deildir þingsins sjái sér fært að afgreiða þetta mál fyrir páska, sem þýðir að sjálfsögðu að hv. Ed. verður að hraða afgreiðslu málsins. Ég vil þess vegna mælast til þess við þá n., sem fær málið til meðferðar, að hún reyni að skila áliti hið allra fyrsta.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér höfum við til meðferðar eitt af skattahækkunarfrv. hæstv. ríkisstj. sem drífa nú að eins og skæðadrífa. Í dag höfum við flugvallagjald. Það er að vísu fleira að ske en stöðugar hækkanir á gjaldheimtu til ríkisins, hvort sem það er á einstökum sérmörkuðum gjöldum, eins og flugvallagjaldi, eða hækkun skatta. Jafnframt þessu eru svo boðaðar og hafnar aðgerðir sem þeir kalla „niðurtalningu á verðlagi."

Það eru þess vegna einkennilegir tímar sem við lifum á. Ég hygg að flestum muni þykja svo, því að það þarf sérstaka kunnáttu og leikni til að skýra hvernig þetta má fara saman, enda höfum við ekki heyrt neinar skýringar á því enn sem komið er. En því miður er að óttast í þessu efni að reynslan verði ólygnust og út úr þessu komi ekki annað en aukið öngþveiti í efnahagsmálunum. Það er eðlilegt, vegna þess að hæstv. núv. ríkisstj. hefur enga stefnu í efnahagsmálunum. Og það er eins með flugvallagjaldið og aðra gjaldheimtu ríkisins, að hún þarf, ef vel á að vera, að vera markviss og hafa ákveðinn tilgang í sjálfri sér. Þarf þá skattheimtan hverju sinni og á hverju sviði að vera í samræmi við einhverja heildarstefnu.

Það var líka svo þegar flugvallagjaldið var tekið upp 1975. Þá var flugvallagjaldið liður í víðtækum ráðstöfunum sem þáv. ríkisstj. gerði í efnahagsmálunum. Í byrjun febr. það ár var framkvæmd gengislækkun. Í kjölfar þeirrar gengislækkunar og í beinu sambandi við gengislækkunina voru gerðar víðtækar ráðstafanir til að hamla gegn verðbólgu og stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. M. a. voru þá gerðar skattalækkanir. Var þá lækkaður tekjuskattur, lækkaður söluskattur og lækkaðir tollar. Þarna var um víðtæka skerðingu á tekjum ríkissjóðs að ræða. En þessar skattalækkanir voru miðaðar við að bæta þeim, sem verst voru settir, verðhækkunaráhrif gengislækkunarinnar. En til þess að gæta hags ríkissjóðs var óhjákvæmilegt að gera fleiri ráðstafanir. Það var í því sambandi og af þeim ástæðum sem flugvallagjaldið var tekið upp 1975, sem hæstv. fjmrh. vitnaði til í ræðu sinni áðan. Enn fremur var gerð sú ráðstöfun, að komið var á sérstökum skyldusparnaði til að mæta þeim skattalækkunum sem hins vegar voru gerðar. Þannig var flugvallagjaldið í upphafi einn liður í víðtækum ráðstöfunum sem voru gerðar um þær mundir í efnahagsmálunum í heild. Þetta bið ég menn að hafa í huga.

Það var aldrei gert ráð fyrir að þetta flugvallagjald þyrfti að vera um alla framtíð þó að það hefði verið talið eftir atvikum fær leið til að mæta sérstökum þörfum árið 1975. M. a. voru ekki ákvæði um það í lögunum, sem þá voru sett, að flugvallagjaldið hækkaði sjálfkrafa samkv. vísitöluákvæði í lögunum sjálfum. Hvenær gerðist það? Auðvitað gerðist það ekki fyrr en vinstri stjórn kom, og

hæstv. fjmrh. minnti á það í orðum sínum áðan. Það var 1978. Þá voru sýndir tilburðir til þess að gera þetta gjald varanlegt. Nú er lögð áhersla á það af hæstv. fjmrh. — Herra forseti. Ég kann betur við að hæstv. ráðh. sýni d. þá virðingu að vera viðstaddur 1. umr. um stjfrv. sem hann stendur að. (**Forseti:** Hann hlýtur að vera nálægur, ég skal láta athuga það.)

Já, hæstv. fjmrh. gengur á ný í salinn. Ég vildi vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. lagði í máli sínu áðan áherslu á að hér væri um ráðstafanir að ræða til að efla flugmálin eða auka framkvæmdafé til þeirra. Nú getum við öll verið sammála um að það er nauðsynlegt að veita meira fé til flugmála en gert hefur verið á undanförnum árum og ekki síst heldur en gert er ráð fyrir að verði gert á þessu ári. Í raun og veru er það svo, að það er furðuleg skammsýni af fjárveitingavaldinu að hafa ekki gert miklu betur við þennan mikilvæga þátt samgöngumálanna en hefur verið gert. Þess vegna hlýtur það að falla í góðan jarðveg þegar sagt er að eitthvað eigi að gera til að gera bragarbót í þessum efnum. Til þess að undirstrika þetta sjónarmið var 1978 gerð sú breyting á lögunum, að það var beint tekið fram að þetta fé skyldi ganga til flugmála.

En það er einnkennileg árátta, sem oft er á þeim vinstri mönnum, að þegar þeir mæla sem fegurst eru framkvæmdirnar vestar. Og það er svo í þessu efni, því að fá dæmi eru skýrari um þetta en einmitt flugvallagjaldið og frv. það sem hér er lagt fram.

Hæstv. ráðh. sagði að þetta skyldi ganga til flugmála. Ég vil víkja örlítið nánar að þessu. við skulum athuga hvað það er sem hæstv. ráðh. á við þegar hann segir þetta. Við skulum hafa í huga að í fjárlagafrv. því, sem hæstv. ráðh. hefur lagt fram og er til afgreiðslu í þinginu, er gert ráð fyrir að framkvæmdafé til flugmála nemi 900 millj. kr., en í fjárlögum 1978 var sami liður 800 millj. kr., þannig að fjármagn það, sem veitt er til þessa mikilvæga samgönguþáttar, hækkar á þessum miklu hækkunartímum um 100 millj. eða 12.5%. Þetta er aukningin sem á að koma til framkvæmda í flugmálum, 100 millj., og það gerir 12.5% hækkun frá árinu 1979. Þetta er framkvæmdafé samkv. fjárlögum 1979 og fjárlagafrv. fyrir 1980. En hvað er þá um gjaldið á sama tíma, hvað er þá um fjármagnið sem flugvallagjaldið gefur á sama tíma?

Eins og hæstv. ráðh. tók fram voru tekjur af gjaldinu 1979 692 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því og tekið fram í grg. með þessu frv., að tekjur af gjaldinu séu áætlaðar á árinu 1980 1050 millj. kr. Tekjurnar af gjaldinu hækka því um 358 millj. Samkv. yfirlýsingum hæstv. ráðh., þeim upplýsingum sem við höfum úr fjárlögum fyrir síðasta ár og grg. með fjárlagafrv. fyrir árið 1980 eiga 258 millj. af þessari upphæð að fara í almenna eyðslu ríkissjóðs, en aðeins 100 millj. til flugmálanna, sem er hinn yfirlýsti tilgangur þessa frv. og hæstv. ráðh. leggur sérstaka áherslu á þegar hann mælir fyrir því hér. (**Fjmrh.:** Þetta er misskilningur.) Hæstv. ráðh. segir að þetta sé misskilningur. Við fáum að heyra í hverju sá misskilningur er fólginn. Ég legg áherslu á þetta atriði þangað til við heyrum þann misskilning.

Eitt af því, sem frv. gerir ráð fyrir, er að festa þennan skatt þannig að það þurfi ekki öðru hverju að leita til Alþ. um hækkanir eftir því sem verðlag hækkar í landinu. Það er tilraun til að gera þennan skatt varanlegan — skatt sem nú er lagður á undir því yfirskini að hann sé til að efla flugmálin í landinu, en er raunverulega í hina almennu eyðsluhít ríkissjóðs.

Ég vil enn fremur taka það fram, að ef við eigum að halda okkur við það að flugvallaskatt þurfi til að efla þennan samgönguþátt, flugmálin í landinu, er þessi skattur allt of lítill, ef menn standa í þeirri trú að það fjármagn, sem hann gefur, nægi sem framkvæmdafé í þennan þýðingarmikla samgönguþátt landsmanna. Þær tekjur, sem þessi skattur gefur, hefðu að sjálfsögðu þurft að koma ofan á eðlilegar fjárveitingar beint úr ríkissjóði til þessara mikilvægu mála. En með framferði hæstv. ríkisstj. má segja að þessi skattheimta sé frekar skálkaskjól fyrir undanbrögð stjórnvalda til að leggja nægilegt fé beint úr ríkissjóði til þessara mála.

Það ræður af því sem ég hef hér sagt, að við sjálfstæðismenn teljum óhafandi slíkt framferði sem lýsir sér í framlagningu þessa frv. og allri meðferð þessara mála. Við getum ekki verið með slíkri skattlagningu sem hér er um að ræða, sem er ekki í neinu samhengi við markvissar og ákveðnar aðgerðir til að bæta stöðu okkar í þeim mikilvæga þætti samgöngumálanna sem flugmálin eru. Hér er einungis um að ræða eitt af þessum skattheimtufrv. sem ríkisstj. kastar inn á borð okkar þm., ekki í samræmi við neina heildarstefnu í ríkisfjármálunum eða í efnahagsmálunum yfirleitt, enda ekki von þar sem slíkri stefnu er ekki fyrir að fara.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er bara til að leiðrétta misskilning.

Í fjárveitingum í fjárlögum seinasta árs var gert ráð fyrir 600 millj. kr. til flugmála, en síðan voru í lánsfjáráætlun þess árs veittar 200 millj. kr. til vörukaupalána. Þannig fæst út samanlögð upphæðin 800 millj., en í fjárlögum voru 600. Nú eru í fjárlögum 900 millj. kr. til flugvallaframkvæmda og gert ráð fyrir að við það verði hugsanlega einhverju bætt á lánsfjáráætlun, eins og gert hefur verið á mörgum undanförnum árum, með vörukaupalánum, hugsanlega 200 millj. Þó hefur mönnum fundist að þessi upphæð væri í raun og veru fulllág og væri eðlilegt að hún hækkaði eitthvað.

Nú þegar gerð er tillaga um að hækka þennan skatt verða tekjur af honum 1050 millj. í staðinn fyrir 700 millj., eins og hv. þm. tók réttilega fram. Af því mun leiða að ef frv. verður samþykkt verður að sjálfsögðu að hækka tölur í fjárlagafrv. Mér er nær að halda að fjvn. hafi þegar gert ráðstafanir til að breyta þeim tölum og hafi raunar þegar fjallað að nokkru um hvernig þessari upphæð verði úthlutað allri, 1050 millj., en ekki 900 millj. eins og menn kynnu kannske að halda ef þeir horfðu á fjárlagatöluna óbreytta.

Það er gert ráð fyrir að flugvallagjaldið hækki upp í 1050 millj. og því verði öllu varið til framkvæmda í flugmálum. Ef gjaldið væri aftur á móti óbreytt væri nokkurt gat í tekjuöflun ríkissjóðs, þar sem ríkissjóður fengi aðeins 700 millj., en ætlaði sér að verja til flugmála milli 900 og 1000 millj.

Ég vildi láta þetta koma fram vegna þess að það er síður en svo að ríkissjóður fái einhvern eyðslueyri með samþykkt frv., heldur gengur féð allt til flugvallaframkvæmda. Hins vegar var það áður þannig, að flugvallagjaldið var ekki tengt flugvallaframkvæmdum sérstaklega, en það er það nú.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Í því frv., sem hér er lagt fram, er gert ráð fyrir að hækka flugvallagjald um 60% frá 1. jan. 1979 eða frá því sem í gildi var þá, en þar að auki er ákvæði um að ráðh. geti hækkað gjaldið í hlutfalli við hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunntaxta 1. jan. 1980. Samkv. því og þeirri verðlagsþróun, sem fram undan er, gæti þetta gjald hækkað í heild um 100% eða svo. Hugmyndin er að bæta þessu ofan á stórkostleg áform um tekjuskattshækkanir og aðrar hækkanir sem birst hafa í boðskap ríkisstj. Ég verð því að segja, að a. m. k. við þessar aðstæður sýnist okkur nokkuð djúpt seilst í vasa skattborgaranna og þetta ekki vera líklegt til að verða liður í þeim aðhaldsaðgerðum sem nauðsynlegar eru.

Í stuttu máli sagt líst Alþfl.-mönnum heldur illa á frv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. stóð upp og sagðist ætla að leiðrétta misskilning sem hefði komið fram í máli mínu. Það var fólgið í því, að hann sagði að á árinu 1979 hefði ekki farið meira en 600 millj. kr. til framkvæmda í flugmálum, en ég hefði sagt að það hefði verið varið 800 millj. kr. til þeirra. Þessi munur, 200 millj. kr., liggur í því, að ég taldi með það sem veitt var til framkvæmda í flugmálum á lánsfjáráætlun. Þannig höfum við báðir rétt fyrir okkur. Ég var að tala um heildarfjárveitinguna til þessara mála, en ekki sérstaklega um það sem hefði verið lagt fram á fjárlögum. Þetta er nú ekki mikið atriði.

En hæstv. ráðh. sagði jafnframt að það væri misskilningur hjá mér, að ekki væri gert ráð fyrir að allt það fé, sem inn kæmi af flugvallagjaldi, færi til flugmála. Hann sagði að öll upphæðin mundi fara til flugmála. Sú fullyrðing er ekki heldur í samræmi við það sem segir í grg. með fjárlagafrv., og hún er ekki heldur í samræmi við það sem enn hefur komið fram í afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni. Ef það verður ekki staðfest með breytingu á fjárlagafrv. og komið fram við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1980 verð ég að líta svo á að það sé misskilningur sem hæstv. ráðh. er að segja. Ég vil ekki endanlega fullyrða um það fyrr en við sjáum fjárlagaafgreiðsluna. En það bólar ekki enn þá á því að það sé rétt sem hann segir í þessu efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 50. fundur.

Fimmtudaginn 27. mars, kl. 2 miðdegis.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 222). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sönnun fyrir dauða manna, frv. (þskj. 207). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég flutti mál þetta á 99. löggjafarþingi og hef leyft mér að endurflytja það nú ásamt hv. varaþm. sem hér sat um tíma, Tryggva Gunnarssyni skipstjóra.

Ástæða þess, að ég flyt þetta nú, er m. a. sú, að ekki alls fyrir löngu hlustaði ég á það í einum af fjölmiðlum okkar, að einn virðulegur lagaprófessor hafði orð á því, að nokkurt seinlæti ríkti í störfum Alþingis. Þegar ég flutti þetta mál upphaflega, á árinu 1978, var mér tjáð að einn úr þeirri stétt, einn af lagaprófessorum landsins, væri með mál þetta í endurskoðun á lokastigi. Og þar sem mér sýnist nokkuð hafa dregið úr afköstum hans við að koma þessu máli frá sér, þá endurflyt ég mál þetta nú, þó að ekki væri til annars en að reka á eftir því frá þeim sem að málinu vinna.

Í þeirri stuttu grg., sem nú er flutt með frv., bendi ég m. a. á tækniframfarirnar, sem eru ævintýri líkar á liðnum árum. Ég bendi á þróun véla- og öryggisbúnaðar skipa, á tæknibyltingu fjarskipta. Ég bendi á sams konar búnað í landi, sem hefur tekið sömu þróun. Ég bendi á að á þeim tíma, þegar þessi lög voru samþykkt — það eru nær 60 ár síðan — var ekki ótítt að vélarbilanir yrðu í skipum í hafi og að skip festust í ís dögum og jafnvel vikum saman, að þau strönduðu og færust án þess að um það fréttist langtímum saman. Ég bendi í þessari stuttu grg. jafnframt á ferðalög á landi, þegar menn lögðu upp í langar ferðir ríðandi eða gangandi, bæði í hópum og einir sér, án þess að til þeirra fréttist, kannske langtímum saman.

Nú er þetta gjörbreytt. Það er undantekning ef farið er í ferð án þess að vitað sé um ferðaleiðir og greint sé frá áætluðum komutíma viðkomandi aðila. Ef ferðamanna eða flugfars er saknað á landi uppi eru með stuttum fyrirvara komnar til starfa þrautþjálfaðar leitarsveitir á landi og flugvélar í lofti. Þessar leitarsveitir eru vel búnar til ferða um fjöll og óbyggðir í verstu veðrum og geta haft samband sín á milli og við stjórnstöð leitar með fullkomnasta fjarskiptabúnaði sem völ er á. Sama gildir um skipin. Minnstu skipin eiga að tilkynna um brottför og áætlaðan komutíma. Öðrum skipum, sem eru utan hafnar, ber að tilkynna sig til næstu strandstöðvar á ákveðnum tímum sólarhringsins. Þetta er lagaskylda nú. Auk þessa eru mörg þeirra í afmörkuðum hóp með fast fjarskiptasamband innbyrðis. Má þar til nefna þann góða og gamla sið, að fiskiskip frá sömu verstöð hafi reglulegt samband sín á milli. Ef minnsti ótti kemur upp um að skipi hafi hlekkst á eru þegar gerðar ráðstafanir til leitar af sjó og úr lofti og á landi eru fjörur gegnar.

Í ljósi þessa, með slík viðbrögð í huga og vitneskjuna um hve lengi menn geta hugsanlega haldið lífi, þótt í björgunarbát hafi komist, virðist með öllu óþarft að halda lengur í úrelt ákvæði laga nr. 23 frá 1922 um allt of langan tíma sem þarf að líða uns lögformlegur úrskurður er gefinn um að menn séu látnir hafi farist af slysum. Með því er ekki aðeins verið að ýfa upp sár aðstandenda, heldur er einnig um fjárhagslegt tjón erfingja að ræða.

Frv. þetta var á sínum tíma flutt að gefnum tilefnum og þau tilefni gefast því miður enn í dag. Eftir að hafa tilkynnt um áætlaðan komutíma í höfn hafa bátar horfið á heimsiglingu og aldrei komið fram. Stundum hefur fundist úr þeim brak, stundum ekki. Allir, sem skynbragð bera á, vita að skipin hafa farist og að áhöfn er látin. Þetta vita aðstandendur ekki síst.

Þegar ég flutti frv. þetta í fyrra sinnið var nýlegt dæmi um að haldin var kirkjuleg minningarathöfn um skipshöfn sem farist hafði á heimsiglingu með skipi sínu. Ekkert lík hafði fundist. Sýslumaður gat þó eigi úrskurðað að mennirnir væru látnir fyrr en fimm mánuðum síðar vegna ákvæða gildandi laga. Þá fyrst er skylt að greiða lögbætur, og gildir hið sama um samningsbundnar tryggingabætur. Oft þarf að gera ýmsar fjármálalegar skuldbindingar fyrir aðstandendur þegar fyrirvinna fellur skyndilega frá, og þá er bóta- og tryggingafé bundið.

Hjá Tryggingastofnun ríkisins er sá háttur hafður á, að bætur eru greiddar þegar skiptaráðandi gefur fyrirmæli þar um. Skiptaráðandi getur hins vegar ekki gefið slík fyrirmæli fyrr en að sýslumaður eða bæjarfógeti hefur fellt úrskurð um dánardægur. Tryggingastofnunin greiðir þá bætur aftur í tímann eða frá úrskurðuðum dánardegi, en enga vexti.

Verið getur að um stærri upphæðir sé að ræða en hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna annarra lög- og samningsbundinna líf- og örorkutrygginga, sem eru þá á vegum einstakra tryggingafélaga. Óhætt er að fullyrða, að þar gilda ekki rýmri reglur um greiðslu bóta en hjá Tryggingastofnun ríkisins. Má því segja að um sé að ræða bæði fjárhagslegt tjón aðstandenda vegna vaxtataps, vegna fjárskorts, t. d. til íbúðakaupa vegna ekkna og barna en hvað frekast þó vegna rýrnunar þessara fjármuna í verðbólguþjóðfélagi okkar.

Í 4. og 5. gr. frv. er lagt til að bætt verði við lögin nýjum ákvæðum svo sem þar segir. Efni 4. gr. á að sjálfsögðu að skoða í ljósi þeirra atburða, sem skeð höfðu hér á landi þegar frv. var flutt, þegar menn hverfa af völdum annarra manna.

5. gr. skýrir sig sjálf, þótt finna megi sambærileg rök og við fyrri greinar frv. um að þar skuli tímamörkin einnig vera einn mánuður. Á móti kemur sú röksemd, að undir slíkum kringumstæðum sé hvað auðveldast fyrir mann að láta sig hverfa. En flm. telja samt sem áður að þriggja mánaða mörkin séu réttlætanleg, sérstaklega ef um fyrirvinnu maka og barna er að ræða, og eins vegna tækniþróunar í lögregluranns óknum.

Ég veit að hæstv. núv. dómsmrh. þekkir til vandamála sem stafa af því, að þessi gömlu, úreltu lög eru enn í gildi og þeim hefur eigi verið breytt. Og ég treysti því, að hann ýti á eftir því, að þessari löggjöf verði breytt.

Ég legg til, herra forseti, að þegar umr. um málið er lokið verði því vísað til hv. allshn.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta er um breyt. á lögum nr. 23 frá 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysum. Þessi lög eru komin til ára sinna, eins og hv. 1. landsk. þm. gat um. Það er því nauðsynlegt að breyta þeim á ýmsan hátt miðað við núverandi aðstæður.

Við höfum, ég og hv. 1. landsk. þm., rætt þetta mál nokkrum sinnum á undanförnum mánuðum eða árum. Okkur er báðum fullljóst að þessum lögum þarf að breyta. Við þekkjum dæmi, sem gerst hafa, sem sanna það áþreifanlega, eins og hv. frsm. vék að.

Ég fagna því þessu frv. og tel það allra góðra gjalda vert og raunar alveg nauðsynlegt. En hins vil ég geta jafnframt, að á vegum dómsmrn. hefur um alllangt skeið verið í undirbúningi frv. af þessu tagi. Ég hygg að það sé nú komið á lokastig undirbúnings og væntanlega verður málið athugað þar allra næstu daga. Vonandi tekst að leggja það fram hér á þinginu — við skulum segja eftir páska. Mun þá verða talað fyrir því við fyrsta tækifæri, þannig að það komist til nefndar. Mætti þá væntanlega, miðað við þann gang mála, skoða þessi frv. bæði samtímis í sömu nefnd. Er þá vel farið og von um góðar úrbætur á þessu sviði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 205). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 39. fundur.

Fimmtudaginn 27. mars, kl. 3 síðdegis.

Fjárlög 1980, frv. (þskj. 193, n. 228 og 233, 218, 229, 230, 232, 234, 236, 237, 239). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 229, 1 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 230, 1 felld með 31:9 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 230,2 a felld með 31:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, JBH, BÍG, EgJ, EG, SigurlB, FrS, GeirH.

nei: GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, JH.

GK, AG greiddu ekki atkv.

2. þm (PP, ÁG) fjarstaddir.

Brtt. 230,2.b felld með 49:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, KJ, MHM, SighB, VG, JBH, EG, JS, KSG.

nei: LJ, MB, MÁM, ÓE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PJ, PS, RA, SalÞ, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SteinG, SvG, SvH, TÁ, ÞK, ÞS, AG, AS, BÍG, DA, EH,EgJ, SigurlB, FÞ, FrS, GS, GeirG, GeirH, GB, GJG, GK, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ HBl, HS, HG IGuðn, IGísl, JE, JÞ, JH.

2 þm. (PP, ÁG) fjarstaddir.

Brtt. 230,2.c felld með 32:12 atkv.

— 229,2 samþ. með 36 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 218,1 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 230,3 felld með 33:9 atkv.
— 218,2—14 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 239,I felld með 30:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, KP, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SteinG, SvH, ÞK, AG, BÍG, EgJ, SigurlB, FrS, GeirH, GK, HBl.

nei: HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, Sv, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, JH.

JS, KSG, KJ, SighB, VG, JBH, EG, FÞ greiddu ekki atkv.

2. þm. (PP, ÁG) fjarstaddir.

Brtt. 232,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 218,15—16 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 230,4 felld með 34:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, KSG, KP, KJ, MHM, SighB, SvH, VG, JBH, EG.

nei: GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HBl, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, FrS, GS, GeirG, GB, GJG, JH.

GK, JÞ, LJ, MB, MÁM, ÓE, PS, SteinG, ÞK, AG, BÍG, EgJ, SigurlB, GeirH greiddu ekki atkv.

2 þm. (PP, ÁG) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.sínu:

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Við afgreiðslu þessa fjárlagafrv., svo sem fyrr, reyna þm. að koma málefnum sinna kjördæma fram svo sem unnt er, en gera sér samt jafnframt far um að taka fullt tillit til þjótarheildarinnar. Þegar einungis er unnt að veita um 2.2 milljarða til hafnarframkvæmda og tæpum 3.1 milljarði kr. til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, tæpum 2.8 milljörðum kr. til grunnskóla og íþróttahúsa, um 550 millj. kr. til dagvistarstofnana, er ljóst, að eigi er unnt að verða nema að litlu leyti við þeim beiðnum sem fyrir liggja og mikil þörf er á. Mætti þó nefna mörg fleiri dæmi um nauðsynleg verkefni sem ekki er hægt að verða við nema að litlu leyti eða jafnvel engu. Þess vegna verð ég að undrast, að unnt sé á sama tíma að veita um 5.4 milljarða kr. til Lánasjóðs ísl. námsmanna og jafnframt að heimila lántöku að fjárhæð um það bil 1.2 milljarða kr. til sama sjóðs. Ég vil með þessu á engan hátt gera lítið úr fjárþörf íslenskra námsmanna, en tel að þeir eins og aðrir verði að bíða um sinn með að fá óskum sínum framgengt uns tekist hefur að leysa úr þeim brýnu verkefnum, sem ég minntist á fyrr í máli mínu. En í trausti þess, að lánamál íslenskra námsmanna verði tekin til ítarlegrar endurskoðunar, sem verði lokið fyrir gerð næstu fjárlaga, segi ég nei við þessari till.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Með vísun til grg. hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar segir Sverrir Hermannsson já.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Í aths. við fjárlagafrv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Full ástæða er til þess að fram fari athugun á fjármálum sjóðsins, ekki síst með tilliti til lánsfjármögnunar sjóðsins og endurgreiðslu veittra lána."

Með tilliti til þessa segi ég nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka undir hvert orð sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vesturl., Eiði Guðnasyni, þegar hann bæði í dag og í gærkvöld gerði grein fyrir þessari tillögu. Alþfl. hefur birt stefnu sína í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna sem byggist á því, að kerfi raunvaxta verði beitt við þennan sjóð og ávöxtun þessara lána verði rétt. Í framhaldi af þeim umr., sem hér hafa orðið, og í framhaldi af þessari till. mun þingflokkur Alþfl. leggja fram á næstu dögum frv. til l. um þessi efni og í þessa veru. Ég segi já.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Í þeirri miklu fjárþörf, sem nú er á öllum sviðum til ýmissa framkvæmda á vegum ríkisins, t. d. í vegamálum, hefði ég talið að þetta stóra stökk til hækkunar í fjárl. á fjárveitingum til Lánasjóðs ísl. námsmanna til að leiðrétta vanrækslusyndir fyrri ríkissjórna sé of stórt. Á hinn bóginn styð ég eindregið það, að allir hafi jafna aðstöðu til að afla sér þeirrar menntunar sem hugur stendur til og er til góðs fyrir framtíðarvelferð þjóðfélagsins. Lánareglur þurfa að sjálfsögðu að vera þannig, að þeir sem fyrst og fremst eru í þörf gangi fyrir og reglurnar hvetji til þess að námsmenn taki virkan þátt í atvinnulífi þjóðarinnar, eftir því sem tími og aðstæður við nám leyfa. Í trausti þess, að við næstu fjárlagagerð verði betur hugað að fleiri þjóðþrifamálum sem nú eru í svelti, segi ég nei.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Í pósthólfi mínu lá, þegar ég kom á þennan fund, bréf heldur óhrjálegt frá Einari Steinþórssyni, Pétri Reimarssyni og Þorgeiri Pálssyni. Í þessu bréfi er vikið að Sjálfstfl. með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Það kemur alls ekki á óvart, að sjálfstæðismenn séu á móti því sem gert hefur verið til að auka jafnrétti í þjóðfélaginu, og er það raunar í rökréttu samhengi við leiftursókn þeirra gegn lífskjörum í landinu."

Þetta bréf á að vinna fylgi við till. fjárlagafrv. um fjárveitingar til námsmanna. Ég sé ekki ástæðu til annars þrátt fyrir þessa sendingu, sem ég leyfi mér að kalla heimskulega sendingu, en að taka efnislega á þessu máli. Mér er það ljóst, að vandi lánasjóðsins er mikill og hann verður að leysa. Ég sagði í ræðu minni, sem ég flutti fyrr við þessa umr., að það væri nauðsynlegt að endurgreiðslureglum yrði breytt þannig að meira fengist inn í afborgunum. Í trausti þess, að að því verði unnið, segi ég nei.

Brtt.239,II.1 felld með 31:24 atkv.
— 218,17—39 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 234 tekin aftur.
— 218,40—70 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 230,5—6 felld með 30:9 atkv.

Brtt. 230,7 felld með 43:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MHM, SighB, VG, JBH, EG, JS, KSG, KP, KJ.

nei: LJ, MÁM, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SteinG, SVG, TÁ, ÞK, ÞS, AG, AS, DA, EH, EgJ, SigurlB, FÞ, FrS, GS, GeirG, GeirH, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HBl, HS, HG IGuðn, IGísl, JE, JÞ, JH.

MB, ÓE, PS, SvH, BÍG, GK greiddu ekki atkv.

2 þm. (PP, ÁG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Með því að mér er ekki gjarnt að brjóta lög og það allra síst á starfsbræðrum mínum, þá segi ég nei.

Brtt. 218,71—74 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 230,8 felld með 30:11 atkv.
— 218,75—85 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 230,9 felld með 31:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, KSG, KP, KJ, MHM, PS, SighB, VG, JBH, EG.

nei: GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, JH.

GK, HBl, JÞ, LJ, MB, MÁM, ÓE, SalÞ, SteinG, SvH, ÞK, AG, BÍG, EgJ, SigurlB, FrS, GeirH greiddu ekki atkv.

2 þm. (PP, ÁG) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er ákvæði um að verja 5000—7000 millj. kr. til félagslegra aðgerða og verður verulegum hluta þeirrar upphæðar varið til félagslegra íbúðabygginga. Nýlega eru hafnar viðræður milli ríkisstj. og Alþýðusambands Íslands um þessar aðgerðir og með tilliti til áforma stjórnvalda um stórátak í félagslegum íbúðabyggingum í samvinnu við samtök launafólks hefur þingflokkur Alþb. ákveðið að hafna nú þeirri till. sem hér er á dagskrá. Ég segi því nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem ég hef mjög takmarkaða trú á þeim loforðum, sem koma fram í málefnasamningi hæstv. ríkisstj., segi ég já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þegar ríkisstj. afgreiðir fjárlög á hún að láta fram koma í þeim fjárlögum þau viðfangsefni sem hún er staðráðin í að vinna. Sú afstaða ríkisstj. að greiða atkv. gegn till. eins og hér er á ferðinni er yfirlýsing viðkomandi ráðh. um það, að á þessu stigi málsins hefur ríkisstj. ekki hugsað sér að standa við svo mikið sem 1/5 af loforði sínu í málefnasamningi ríkisstj. um félagslega aðstoð við launafólk. Ég segi já.

Brtt. 218,86—111 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 229,3 samþ. með 38:1 atkv.
— 218,112—116 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 237,I.a felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, JBH, BÍG, EgJ, SigurlB, FrS, GeirH, GK, HBl.

nei: IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, JH.

EG greiddi ekki atkv.
2 þm. (PP, ÁG) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þó að ég sé heldur íhaldssamur maður í ríkisfjármálum og þó svo að Alþfl. hafi almennt nú farið þá leið sem stjórnmálaflokkar hafa til þessa ekki farið, þ. e. að leggja fram við afgreiðslu fjárlaga rökstuddar till. um að skorið verði niður og skattar að hluta til lækkaðir og að hluta renni þessir fjármunir til félagslegrar þjónustu, og þó að við höfum sem stjórnarandstöðuflokkur hagað okkur, að ég held, á svo ábyrgan hátt að slíks eru ekki dæmi fyrr í þingsögunni, þá tel ég samt að þessar till. — og þá á ég við alla stafliðina þrjá, a, b og c — fjalli í fyrsta lagi um svo litlar upphæðir og í öðru lagi að sérhvert þessara mála sé svo sjálfsagt framfaramál, að ég tel það á engan hátt brjóta í bága við þá afstöðu sem hér hefur verið lýst að segja já. Ég segi já.

Brtt. 237,I.b felld með 31:26 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, VG, ÞK, AG, JBH, BÍG, EgJ, SigurlB, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG.

nei: TÁ ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, JH.

EG greiddi ekki atkv.
2 þm. (ÁG, PP) fjarstaddir.
Brtt. 237,I.c tekin aftur.
— 232,2 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 218,117 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 218,118 tekin aftur.
— 218,119—126 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 237,II tekin aftur.
— 218,127—129 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 218,130—131 samþ. með 47:1 atkv.
— 230,10 felld með 31:9 atkv.
— 239,II.2 felld með 31:23 atkv.
— 230,11—12 felld með 31:10 atkv.
— 239,II.3 felld með 31:24 atkv.
— 229,4 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 239,II.4 felld með 31:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SteinG, SvH, ÞK, AG, JBH, BÍG, EgJ, SigurlB, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, LJ, MB.

nei: ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

SighB, VG, EG, JS, KSG, KP, KJ, MHM greiddu ekki atkv.
2 þm. (PP, ÁG) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þm. Alþfl. hafa haft þá afstöðu við fjárlagaafgreiðsluna nú að flytja ekki till. um útgjaldaaukningu nema flytja jafnharðan till. um annaðhvort sparnað eða tekjuöflun á móti. Þar sem hér er búið, þegar að þessari atkvgr. kemur, að fella allar tekjuöflunartillögur sem flm. þessarar till. voru áður búnir að flytja til þess að afla fjár til þeirra framkvæmda sem till. fjallar um, er ógerlegt annað fyrir þm. Alþfl. en að sitja hjá í þessari atkvgr., þar sem ekki hefur verið séð fyrir fjáröflun til umræddra þarfa. Ég greiði því ekki atkv.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Enda þótt hv. þm. hafi orðið á það slys að hafna þeim sparnaðartillögum sem hér eru lagðar fram ásamt þessari till. um aukið fé til vegagerðar, þá lít ég svo á, að hér sé um svo brýnt málefni að ræða, að samþykkja beri þessa auknu fjárveitingu og leiðrétta þetta við 3. umr. fjárl. Því segi ég já.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Í trausti þess, að stjórnarliðið manni sig upp og útvegi fé á milli umr. í þennan lífsnauðsynlega framkvæmdaþátt, segi ég að sjálfsögðu já.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Sú vegáætlun fyrir árið 1980, sem samþ. var í fyrra, er að sjálfsögðu marklítið plagg, ef ekki á að standa við raungildi hennar. Til þess er talið vanta 6.5 milljarða sem verða að koma á lánsfjáráætlun. Ekki liggur enn fyrir af ríkisstj. hálfu hve miklu verður varið til vegamála í lánsfjáráætlun eða hvort við raungildi verði staðið, en þeirrar ákvörðunar er að vænta. Að mínum dómi kemur fyrirhuguð bensínhækkun ekki til greina nema þeim hluta hennar, sem gengur beint til ríkisins, verði varið til vegamála. Í trausti þess, að við afgreiðslu lánsfjáráætlunar eða á annan hátt verði a. m. k. staðið við raungildi núverandi vegáætlunar, segi ég nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir, að ríkisstj. stefni að því að minnka framkvæmdamátt vegáætlunar frá því sem Alþ. hafði áður ákveðið. Enginn vafi leikur á því, að bættar samgöngur hafa hvort tveggja í för með sér fjárhagslegan ávinning fyrir þjóðina í heild og færa saman byggðina, auka þannig réttlæti í þjóðfélaginu og eru eitt hið mesta hagsmunamál þjóðarinnar allrar. Jafnframt liggur fyrir að hæstv. forsrh. barðist undir því merki fyrir síðustu kosningar að gera mikið átak í vegamálum. Til þess að hjálpa honum til að koma þessu fyrirheiti fram segi ég já.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Stjórnarliðar hafa sýnt það í dag, að þrátt fyrir fögur orð í málefnasamningi er núv. ríkisstj. ekki tamt eða auðvelt að framfylgja því að vera með aðhald í ríkisbúskapnum. Ég held því að það væri glópska að ætla stjórnarliðum að taka sinnaskiptum milli umr. Ég treysti mér ekki til að fylgja þessum till. og greiði því ekki atkv.

Brtt.218,132 — 133 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt.232,3 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt.218,134 — 138 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt.236 tekin aftur.
Brtt.218,139 — 140 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt.239,III felld með 31:24 atkv.
Brtt.230,13 felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, SigurlB, FrS, GeirH, GK, HBl, HS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, JBH, BÍG, EgJ.
nei: FP, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, JH.
2 þm. (PP, ÁG) fjarstaddir.

Brtt. 230,14 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SteinG, SvH, VG, ÞK, JBH, BÍG, EgJ, EG, SigurlB, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB.
nei: SvG, TÁ, ÞS, AG, AS, DA, EH, FP, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, JH.
2 þm. (ÁG, PP) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur mikið borið á því hjá þeim ágætu Alþfl.-mönnum, sem komið hafa hér upp í ræðustólinn í dag, að þeir væru allt í einu orðinn ábyrgur flokkur og kannske hefði aldrei fyrr verið á Alþ. jafnábyrgur flokkur, þeir bæru jafnan fram till. um tekjuliði á móti gjöldum. En þar sem það er ekki rétt í þessu tilfelli segi ég nei.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um að unnið verði að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar. Við undirbúning fjárl. fyrir 1980 var um það samstaða í ríkisstj. og hjá stuðningsaðilum ríkisstj. að afla tekna utan fjárl. til jöfnunaraðgerða á sviði húshitunarkostnaðar og á öðrum sviðum orkumála, sem nemur a. m. k. 4 — 5 þús. millj. kr. á þessu ári. Er sú tekjuöflun nú í undirbúningi. Í trausti þess, að við þetta verði staðið og málinu komið í höfn hið fyrsta í samræmi við annan góðan samstarfsanda innan þessarar nýju ríkisstj., hefur þingflokkur Alþb. ákveðið að greiða atkv. gegn þessari brtt. Þar að auki virðist þörf á því að aðstoða Alþfl. við að vera samkvæmur sjálfum sér. Þess vegna segjum við nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það hefur nokkrum sinnum í dag verið vitnað til hinnar bláu bókar Ólafs Ragnars Grímssonar, stjórnarsáttmálans, og reynt að telja þm. trú um að þar sé allan sannleik að finna í því loforðafári sem þar er saman sett á 15 þéttrituðum síðum. Ég endurtek mín fyrri orð um það, að ég hef afskaplega litla trú á að þessi loforð verði nokkurn tíma efnd frekar en önnur slík í fyrri vinstri stjórn sem lofað var að framkvæma. Mér þykir einnig nokkuð hafa brugðið í baklás með hina einstæðu ábyrgð Alþfl.-manna á fjármálum ríkisins, því að þar eru þeir ekki samkvæmir sjálfum sér. Ég tel hins vegar persónulega að það sé nauðsynlegt, að þessi þýðingarmikli liður, niðurgreiðsla á olíu til húshitunar, sé inni á fjárl. og segi því já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vænti þess, að mér leyfist að gera grein fyrir atkv. mínu þó að ég hafi týnt stjórnarsáttmálanum. Það hefur oft komið fram í umr. hér á Alþ. að eitthvert mesta ójöfnunarmál á Íslandi er mismunur kyndikostnaðar. Það veldur lágtekjufólki og gömlu fólki slíkum búsifjum að það hefur varla í sig og á, þegar það þarf að borga margfaldan kyndikostnað á við aðra þegna í þessu þjóðfélagi. Hingað til höfum við aldrei afgreitt fjárlög eftir að þessi vandi skapaðist án þess að ríkissjóður tæki á sig einhvern kostnað í sambandi við lausn þessa vanda.

Það fjárlagafrv., sem núv. hæstv. ríkisstj. byggir fjárlagafrv. sitt á, fjárlagafrv. fyrrv. fjmrh. Tómasar Árnasonar, gerði ráð fyrir því, að ríkissjóður legði fram 2.3 milljarða í þessu skyni. Nú hefur hæstv. núv. ríkisstj. eytt þessu fé í annað og skilar frá sér fjárlagafrv. án þess að

þar sé gert ráð fyrir að ríkissjóður verji svo mikið sem einni krónu af sinni hálfu til lausnar þessum mikla vanda. Í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. Gunnars Thoroddsens er vandi olíuhitunarsvæðanna ekki lengur til. Hæstv. ríkisstj. lokar augunum fyrir honum eins og fjölmörgum öðrum vandamálum. Það er Alþ. til vansa, eins og málum er háttað úti í hinum dreifðu byggðum, að ætla sér að afgreiða fjárlög án þess að á þetta mál sé minnst. Ég segi því já.

Brtt. 218,141 samþ. með 34:10 atkv.
Brtt. 229,5 samþ. með 32 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 31 hlj. atkv.
5. — 6. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Neðri deild, 51. fundur.

Föstudaginn 28. mars, kl. 2 miðdegis.

Landflutningasjóður, frv. (Þskj. 205). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 145). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv. sem hér er á dagskrá, 96. mál Nd., á þskj. 145, fjallar um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frv. þetta var lagt fram af fyrrv. ríkisstj. og kemur nú til 1. umr. Í frv. er um að ræða breytingu á 19. gr. almannatryggingalaga og er breytingin fólgin í því, að sérstaklega sé tekið fram að við ákvörðun bótahækkunar vegna uppbótar á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk megi taka sérstaklega tillit til afgerandi sérþarfa bótaþega, t. d. bifreiðaeignar og bifreiðarekstrar þeirra sem hreyfihamlaðir eru. Þessi breyting er gerð vegna þess að ekki þótti ótvírætt, að 19. gr. laganna, eins og hún er nú orðuð, feli í sér heimild til svo viðamikilla lífeyrisuppbóta sem þörf er á, ef taka á tillit til þeirra miklu breytinga á eldsneytiskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði bifreiða sem orðið hafa á síðustu árum. Gert er ráð fyrir að breyta lögunum í samræmi við þetta. Einnig er gert ráð fyrir að ráðh. setji reglugerð, að fengnum tillögum tryggingaráðs, um framkvæmd þessara bótahækkana.

Í grg. með frv. er gerð tilraun til þess að meta kostnaðaráhrif frv. þessa, ef það verður að lögum. Ég tel að eins og sakir standa sé þó erfitt að slá því föstu að sú tala, sem í grg. kemur fram, sé rétt. Það er því skoðun mín að komið gæti til álita að breyta frvgr. á þann veg, að um væri að ræða fasta upphæð mánaðarlega sem heimilt væri að veita í þessu skyni, eftir ákvörðun á fjárlögum hverju sinni.

Ég vil með þessum aths. leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína með að hæstv. félmrh. skuli nú flytja það frv. sem hér er á dagskrá. Mér finnst sú hugmynd, sem kom fram í máli hans um fasta mánaðarlega greiðslu, mjög vel koma til greina. Yrði það þá að koma í reglugerð.

Þó að sú breyting, sem í frv. felst, sé mjög til bóta fyrir þá sem verst eru settir í þessum efnum, þá er að mínu áliti sjálfsagt að athuga þessi mál enn betur í þeirri allsherjarendurskoðun sem nú fer fram á lögum um almannatryggingar. En nú er, eins og hv. þm. er kunnugt, starfandi nefnd allra þingflokka sem vinnur að allsherjarendurskoðun þeirra laga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 146). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér kemur nú til umr., er einnig flutt af fráfarandi ríkisstj. Þetta frv. felur í sér veigamiklar breytingar á lögum um almannatryggingar, þar sem tekinn er inn nýr bótaþáttur almannatrygginga í lífeyristryggingu, svokallað fæðingarorlof.

Svo sem kunnugt er hefur verið greitt fæðingarorlof í ákveðnum tilvikum um skeið, en kostnaður við þetta fæðingarorlof hefur verið greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Í sambandi við setningu laga um eftirlaun til aldraðra nú á þessu þingi er gert ráð fyrir að þessari greiðslubyrði verði létt af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Svo sem fyrr sagði er þetta lagaákvæði nýmæli í lögum um almannatryggingar. Hér er gert ráð fyrir að hverju foreldri með lögheimili á Íslandi verði tryggð laun í fæðingarorlofi sem að aðalreglu skal vera þrír mánuðir eða 90 dagar samfellt.

Tilgangur með fæðingarorlofi er að kona fái tækifæri til að ná sér eftir þá áreynslu sem barnsburður óneitanlega er. En þó má minna á að sá þáttur er ekki álitinn síður mikilvægur, að foreldri geti annast barn sitt á fyrsta æviskeiði þess. Með tilliti til þessa er fæðingarorlofsrétti skipt milli fæðandi móður og uppeldisforeldris sé ekki um sömu aðila að ræða.

Sú breyting, sem hér er lög til, gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingu á réttarstöðu fæðandi kvenna og viðkomandi feðra:

1) Allar konur, sem forfallast frá vinnuráðningu vegna barnsburðar, skulu halda dagvinnulaunum sínum í a. m. k. þriggja mánaða fæðingarorlofi.
2) Konur utan vinnumarkaðarins og konur, sem hafa mánaðarlaun undir mánaðarupphæð sjúkradagpeninga, eiga rétt á fæðingardagpeningum í þrjá mánuði sem svarar til sömu upphæðar og nemur fullum sjúkradagpeningum þann tíma.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að kostnaði við fæðingarorlof þetta verði skipt milli atvinnurekenda og

ríkissjóðs. Er í fylgiskjali rakið hvernig kostnaður skiptist og hver útgjaldaauki ríkissjóðs annars vegar og atvinnurekenda hins vegar er talinn vera á ársgrundvelli af þessu frv. En í stuttu máli er talið að útgjaldaauki ríkissjóðs að óbreyttu frv. væri um 900 millj. kr. á ári og er útgjaldaauki atvinnurekenda svipaður.

Í því fjárlagafrv., sem nú er til meðferðar á hv. Alþ., er ekki gert ráð fyrir viðbótargreiðslum í þessu skyni, enda er í frv. gert ráð fyrir að lögin, ef samþykkt verða, taki gildi frá 1. jan. 1981.

Eftir að frv. þetta var lagt fram á hv. Alþ. hafa mér borist aths. við frv. frá ýmsum aðilum. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna bréf frá Jafnréttisráði sem er dagsett 28. febr. 1980. Þar eru gerð að umtalsefni nokkur atriði frv. og þau gagnrýnd. Einkum er það greiðsluform fæðingarorlofsins sem er gagnrýnt. En í bréfi Jafnréttisráðs segir svo orðrétt:

„Það er álit Jafnréttisráðs, að verði sú greiðslutilhögun, sem gert er ráð fyrir í frv. að lögum, skerðist samkeppnishæfni kvenna á vinnumarkaðinum verulega, bæði hvað varðar atvinnutækifæri og laun."

Þá hefur mér borist bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands, dagsett 19. mars 1980, þar sem sömu aths. eru gerðar.

Loks vil ég láta þess getið, að í þeim viðræðum, sem nú eru nýlega hafnar milli ríkisstj. og Alþýðusambands Íslands, hefur m. a. verið fjallað um þetta málefni sérstaklega, þ. e. fæðingarorlof og hvernig að því yrði staðið.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég verð í sambandi við þetta frv., eins og hið fyrra sem var á dagskrá, að láta í ljós ánægju mína með að hæstv. félmrh. skuli flytja það hér og nú.

Hæstv. ráðh. lýsti frv. ágætlega, eins og hans er von og vísa. En mig langar aðeins til að minnast á þá gagnrýni sem hann gat um frá Jafnréttisráði og reyndar frá fleiri aðilum. Sú gagnrýni beinist einkum að því, að sumir vilja — þessir aðilar og kannske fleiri — að almannatryggingar greiði allt fæðingarorlofið, en atvinnurekendur endurgreiði það að einhverju eða öllu leyti í formi iðgjaldagreiðslna til tryggingakerfisins. Forsenda þessa sjónarmiðs er einkum sú, að núverandi fyrirkomulag, t. d. varðandi konur í opinberri þjónustu og það sem lagt er til í frv., leiði til þess að atvinnurekendur ráði síður kvenfólk á barneignaraldri til starfa en aðra. Þetta eru vissulega rök út af fyrir sig. En margt mælir þó á móti þessu sjónarmiði, t. d. það, að til þyrftu að koma upplýsingar frá atvinnurekendum um laun sérhverrar móður og/eða föður í hverju tilviki. Það mundi kosta feikimikla skriffinnsku og leiða til mjög mismunandi greiðslna tryggingakerfisins, sem út af fyrir sig er að mínum dómi afleitt.

Sú leið, sem farin er í frv., er einföld í framkvæmd. Það fá allir jafnt úr tryggingakerfinu og engum koma laun hvers og eins við.

Hæstv. félmrh. kom inn á áætlaðan kostnaðarauka. Ég vil bæta því við, að frá kostnaðarauka ríkissjóðs, sem er áætlaður 950 millj. kr., má draga hátt í 500 millj. sem ríkissjóður greiðir núna sem hluta af eftirlaunum aldraðra, en Atvinnuleysistryggingasjóður á að taka við jafnframt því að hann sleppur við kvaðir af fæðingarorlofi, sem eru líklega á núvirði um það bil 1.5 milljarðar á ári. Nettóaukning hjá ríkissjóði yrði því ekki nema 450—500 millj. Og nettóaukning hjá atvinnurekendum yrði ekki nema 650—700 millj. vegna þess að frá þeirri tölu, sem hæstv. félmrh. minntist á, er eftir að draga það sem atvinnurekendur greiða í dag, sem að vísu er ekki nákvæmlega vitað um, en er áætlað að sé 25—30% af þeirri upphæð sem þarna er fundin út.

Í frv. er gert ráð fyrir, eins og hæstv. félmrh. kom inn á, gildistöku 1. jan. n. k. Bæði er, að það var ekki búið að áætla og hefur enn ekki verið áætlað fyrir þessum útgjaldaauka í fjárlögum, og einnig var haft í huga að þetta gæti hugsanlega verið samningsatriði við launþegasamtökin, um gildistökutíma og annað því um líkt.

Herra forseti. Ég mæli eindregið með því, að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Lögréttulög, frv. (þskj. 155). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. til lögréttulaga hefur þrívegis legið fyrir Alþ. á s. l. fjórum árum, og á 99. löggjafarþingi 1977—1978 komst málið til síðari deildar. Nú var málið lagt fram skömmu fyrir stjórnarskipti í febrúarmánuði.

Málið hefur hlotið nokkra umræðu í þinginu. Fyrir því hefur verið mælt mjög ítarlega í janúar 1977 og í mars 1978 af þáv. dómsmrh. og tel ég ekki ástæðu til að endurtaka þá framsögu. En til fyrri umræðna er vísað í upphafi grg. frv. nú.

Eftir umfjöllun málsins á þinginu 1978 óskaði þáv. dómsmrh. þess, að réttarfarsnefnd, sem samið hafði frv., tæki það til endurskoðunar. Skilaði nefndin því til dómsmrn. síðast í september. Voru síðan gerðar á því nokkrar breytingar á vegum rn. í janúar s. l. og í því formi var málið lagt fyrir Alþ. Ég tel á þessu stigi aðeins ástæðu til að gera stuttlega grein fyrir þeim breytingum, sem réttarfarsnefnd gerði á fyrra frv., og síðan þeim breytingum, sem gerðar voru af rn. hálfu.

Svo sem kunnugt er má lýsa höfuðtilgangi þess að stofna til nýs millidómsstigs, lögréttu, sem tvíþættum: að stíga enn eitt skref og það mikilvægt í þá átt að skilja að dómgæslu og stjórnsýslu og í öðru lagi að stuðla að auknum möguleikum á vandaðri málsmeðferð og þó fremur að hraðari meðferð dómsmálanna heldur en hitt.

Svo sem kunnugt er stefnir frv. að því, sem er óbreytt frá fyrri gerðum, að í framkvæmd verði dómsstig að mestu leyti tvö, þannig að minni háttar mál fái fyrri meðferð í héraðsdómi og verði aðeins áfrýjað til lögréttu, en meiri háttar mál fari fyrir lögréttu sem fyrsta dómsstig og megi áfrýja þeim til Hæstaréttar.

Breytingarnar, sem réttarfarsnefnd gerði á frv. 1979, voru þær veigamestar, að lögrétta skyldi vera ein, en ekki tvær, en haldið yrði ákvæðum um að þinga mætti hvar sem er á landinu, eftir nánari ákvæðum, þannig að sú breyting yrði ekki eins veigamikil fyrir landsbyggðina og ætla mætti. Er með þessu ætlað að draga úr þeim auknu embættisstofnunum sem hafa gert menn hikandi við að fallast á þessa nýskipun. Enn fremur er í tillögum réttarfarsnefndar gert ráð fyrir nokkuð breyttu fyrirkomulagi

við ákvörðun dómarafjölda við meðferð hvers máls. Hins vegar takmarkar nefndin meira en í annari gerð frv. heimildir til að einn dómari dæmi í lögréttu sem fyrsta dómsstigi. Þá er loks að geta hyggilegra ákvæða um heimild til upphafsmeðferðar lögréttumála til þingfestingar og annarra upphafsaðgerða í héraði, þótt lögréttan fái síðan málið til meðferðar. Er þetta nokkru auðveldari meðferð málanna úti um landsbyggðina.

Ekki er hægt að segja að breytingar þær, sem í rn. voru gerðar á frv. í janúar, séu mjög veigamiklar. En réttarfarsnefnd mun ekki vera þeim fyllilega samþykk. Ákvæðum um dómarafjölda er breytt og hámarkstala felld burt. Önnur skipan er ráðgerð á vali forseta lögréttunnar og varaforseta, þ. e. að dómurinn kjósi þá sjálfur úr sínum hópi. Þá er loks með breytingu rn. aftur aukið á heimildir til að einn dómari fari með mál ef lögréttan er fyrsta dómsstigið.

Ég vil, um leið og ég óska þess, að málið fái vinsamlega athugun, minna á að frv. um breyt. á lögum um meðferð einkamála í héraði, sem tengt er þessu frv. og lagt var fram í janúarmánuði, getur nú efnislega fengið sjálfstæða afgreiðslu, án tillits til þess hvort afgreiðslu á lögréttufrv. kunni að seinka. Er það á ýmsan hátt mikilvægt til aukins hraða á meðferð einkamála.

Eg vil svo óska þess, að lögréttufrv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Frv. það, sem hæstv. dómsmrh. hefur hér lagt fyrir, var fyrst undirbúið í dómsmálaráðherratíð hæstv. núv. utanrrh., Ólafs Jóhannessonar, og var þá lagt fyrir Alþingi. Hefur það síðan notið stuðnings þeirra dómsmrh. sem setið hafa, þ. e. núv. hæstv. ráðh. og Steingríms Hermannssonar auk mín.

Ég hygg að um þetta frv. þurfi ekki að verða pólitískar deilur. Ég vil segja það sem formaður hv. allshn. þessarar hv. d., um leið og ég lýsi yfir stuðningi við frv., að allt skal verða gert sem í okkar valdi stendur til þess að hraða afgreiðslu þess. Ég vænti góðrar samvinnu við núv. hæstv. dómsmrh. um það.

Það er alveg ljóst hver eru tildrög þessa máls. Þegar gagnrýnin umræða hófst um dómsmálakerfið um miðjan þennan áratug, þá beindist gagnrýnin m. a. að því, hvern óratíma það tæki að koma málum í gegnum dómskerfið. Gagnrýnin beindist að því, að mál, smá og stór, voru að þvælast í þessu kerfi jafnvel árum saman, — minni háttar mál sem borgararnir þurftu annaðhvort að gera upp við ríkisvaldið eða sín á milli þvældust árum og jafnvel áratugum saman í þessu kerfi. Þessa gagnrýni þekkja menn og um margt skilaði hún árangri, m. a. í breyttum viðhorfum þessa kerfis sjálfs, að því sjálfu óbreyttu. Og það má hæstv. þáv. dómsmrh., Ólafur Jóhannesson, eiga, að jafnvel þótt hann mótmælti stundum harkalega þessari gagnrýni, þá skynjaði hann engu að síður hversu mikill sannleikur var í henni fólginn. Þetta frv. til lögréttulaga, sem hann lagði fram á sínum tíma, er einmitt árangur af því. Það má auðvitað segja að þetta séu bæði rétt og skynsamleg viðbrögð hjá yfirvöldum, að hlusta á gagnrýni, viðurkenna að hún sé rétt og svara henni með umbótafrv., m. a. af þessu tagi.

Hæstv. dómsmrh. hefur lýst inntaki frv. Höfuðtilgangur þess er að gera dómsstigin þannig, að einkum smærri mál fari, ef svo má að orði komast, með hraðferð í gegnum kerfið. Það eina, sem vafist hefur fyrir mönnum í þessu tilliti, er kostnaðarhliðin, hvort við séum að bæta við báknið að óþörfu. Ég hygg að svo sé ekki.

Annað mál er rétt að ræða í tengslum við þetta. Þetta frv. er viðurkenning kerfisins á því, að mál — stærri og einkum smærri — hafa þvælst árum saman í þessu kerfi og borgarar hafa lent í leiðindum þess vegna. Þetta þarf ekki að vera svona.

Þetta frv. felur í sér umbætur. Þetta er mikið umbótamál sem hér hefur verið lagt fram. En þetta mál er auðvitað nátengt öðru. Það er nátengt því, að fjárkröfur hafa ekki verið rauntryggðar í dómskerfinu og vextir meira að segja svívirðilega lágir. Hvað þýðir það? Það þýðir það einfaldlega, að ef einhver einstaklingur hefur brotið af sér í fjármálalegu tilliti og ef sá, sem brotið hefur verið á, hefur sótt mál sitt fyrir dómstólum, þá er það hagur þess, sem braut lögin, að meðferð málsins dragist árum saman í kerfinu. Svo hefur verið árum saman og jafnvel áratugum. Þetta er eitt af því sem gersamlega fór úr böndum hér á árunum 1972—1973 þegar verðbólgustigið varð óviðráðanlegt, að það hefur verið hagur þess, sem lögin braut, að þvæla málum árum og upp í áratugum saman í þessu kerfi.

Ég vil þess vegna lýsa því, að náskylt þessu viðamikla umbótamáli, sem hæstv. dómsmrh. hefur lagt fyrir, er annað mál, verðtrygging dómkrafna. Reynt var að ráða bót á því á 101. löggjafarþingi, en því miður klúðraðist það þannig, að það, sem Alþ. endanlega samþykkti, ég held fyrir mistök, var ekki rauntrygging dómkrafna, heldur að miða sekt við tiltekna innlánsvexti. En við vitum að vaxtastefnan í landinu er oft á fullri ferð í allar áttir. Ég minni t. d. á aðgerðir núv. hæstv. ríkisstj. nýverið í vaxtamálum. Og eins og kerfið er núna var t. d. hæstv. núv. ríkisstj. 1. mars — með því að heykjast á þeirri vaxtahækkun sem henni þó bar að framkvæma — ekki einasta að færa fjármuni frá sparifjáreigendum til skuldara, heldur var hún að taka afstöðu í málum deiluaðila í dómskerfinu, vegna þess að dómvaxtastefnan í landinu er tengd almennri innlánsvaxtastefnu.

Ég vil geta þess hér, að á þeim fáu mánuðum sem ég sat í embætti dómsmrh. létum við undirbúa vandað frv. um verðtryggingu dómkrafna. Það gerðu tveir ágætir lögfræðingar. Mér er kunnugt um að þeir höfðu samband við sérfróða menn í því lýðræðisríki sem einna best þekkir af eigin raun þetta vandamál, þessa miklu verðbólgu, og hefur auðvitað verið að reyna að svara henni með ýmsum hætti. Þetta ríki er Ísrael. Mér er kunnugt um að þessari frumvarpssmíði er lokið og annaðhvort hafa þeir þegar rætt við hæstv. dómsmrh. eða eiga pantaðan tíma hjá honum á föstudag, þar sem þetta frv. verður kynnt. (Gripið fram í.) Já, það mun hafa verið á föstudaginn var sem við hæstv. ráðh. var rætt. (**MB:** Það verður sennilega ekki á föstudaginn langa). Já, það er aldrei að vita. Þetta er svo kappsmikil ríkisstjórn, hv. þm. Matthías Bjarnason. Þetta er svo kappsmikil og starfsöm ríkisstj. það gæti því vel farið svo.

En allt um það, þá vænti ég þess, að þetta sé skynsamleg úrbót. Við hæstv. núv. dómsmrh. erum sammála um lögréttumál, og ég vænti þess, að við getum verið jafnsammála um dómvaxtastefnuna, að hafa fullkomna verðtryggingu, þannig að það sé ekki hagur þess, sem brýtur lög, að draga mál á langinn. Þó að lögréttuumbæturnar eða lögréttulögin séu vitaskuld af hinu góða, þá getum við því miður ekki tryggt í eitt skipti fyrir öll að mál dragist ekki á langinn í þessu kerfi. Auðvitað eigum

við eftir að sjá hvernig framkvæmdin á þessu verður. Og auðvitað kann svo að fara að enn haldi þetta vandamál áfram. Enn eitt er það, að lögréttan út af fyrir sig leysir ekki það sem hefur verið lykilvandamál í þessu kerfi, fjármálabrotin, hin stóru fjármálaafbrot. En þar spilar einmitt saman annars vegar hægagangurinn í kerfinu og hins vegar sú staðreynd, að raunverulegir dómvextir hafa verið langt undir verðbólgustigi. Það hefur verið hagur þess, sem lögin braut, að draga mál á langinn. Það hefur verið tap þess, sem skaðabæturnar átti, að málin drógust á langinn. Í þessu hygg ég að felist inntak þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á dómskerfið, þann hluta þeirrar gagnrýni sem ekki fjallaði um pólitíska misbeitingu, heldur um dómskerfið sjálft og gangverk þess. Ég hygg að hér sé dreginn saman kjarni þessa máls.

Ég fagna mjög þessu frv. Ég fagna því, að hæstv. dómsmrh. skuli hafa lagt það fram. Ég vona að hann sýni sömu lipurð að því er varðar verðtryggingarstefnuna í dómskerfinu. Og sem formaður allshn. þessarar virðulegu d. vil ég gjarnan eiga við hann gott samstarf svo að þessum málum verði flýtt eins og mögulegt er.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Út af orðum hv. 9. þm. Reykv., hæstv. fyrrv. dómsmrh., vil ég aðeins taka fram, að frv. það um verðtryggingu dómkrafna, sem hann minntist á og valdi tvo ágæta lögmenn til að semja, var lagt á borðið hjá mér kl. rúmlega eitt í dag. Mér líst þannig á að þetta sé viðamikið og vandlega samið frv. og víða leitað fanga. Ég mun að sjálfsögðu láta skoða það vandlega og kryfja það til mergjar við fyrsta tækifæri.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Mér er kunnugt um það, að hæstv. dómsmrh. er snarpur maður og fljótur. M. a. vegna þess þakka ég honum þau vinsamlegu orð, að þetta mál verði skoðað, en í leiðinni bið ég hann þess, að sú skoðun standi ekki til eilífðarnóns, því að hér erum við að tala um svo brennandi vandamál í dómskerfinu. Ég viðurkenni það, að mér þótti hart — af pólitískum metnaðarástæðum — að geta ekki sjálfur lagt þetta frv. fram á sínum tíma. En ég áleit það svo mikils virði að smíði frv. væri vönduð, að ég kaus heldur að vinnan að því tæki lengri tíma og frv. yrði síðan tæknilega óaðfinnanlegt. En nú eru að koma páskar og þá er tími til að skoða það, eða þannig förum a. m. k. við hv. þm. Matthías Bjarnason að. Við vinnum gjarnan á föstudaginn langa eða aðra daga ef við þurfum á því að halda. Og ég vil nú biðja hæstv. ráðh., þótt upptekinn sé, að taka t. d. þann virðulega dag í að athuga þetta frv., þannig að hægt verði að leggja það fyrir þingið þegar eftir páska. Við skulum athuga vel hvort ekki er mögulegt, ef þingmeirihluti er fyrir því, að lögfesta þessa almennu hugmynd — ég hef ekki séð frv. sjálft — að lögfesta hana nú fyrir þinglok, því að því fyrr sem þessi almenna hugmynd er lögfest, því fyrr fáum við a. m. k. snefil af réttlæti í það dómskerfi sem við höfum verið að tala um. Og hinu vil ég heita enn sem formaður í hv. allshn., að ég mun gera mitt til þess að hraða þessu frv. hér í gegn.

Ég tala um þetta hér af svona mikilli vissu vegna þess, að frv. á þinginu í fyrra um dómvexti var samþ. hér í báðum deildum einróma. Vandinn var sá, að það kom upp misskilningur í Ed. Þannig var, að fyrst var lagt til af þáv. flm., hv. þm. Ellert Schram, að binda þetta við tiltekið vaxtastig. Því var svo breytt í allshn. þannig, að það var bundið við byggingarvísitölu til bráðabirgða og síðan lánskjaravísitölu, sem þá var í fæðingu, og þar með var tryggt að um rauntryggingu yrði að ræða. Síðan gerðist það, að einhverjir dómarar, eins og ég kallaði þá í þingræðu, menn úti í bæ, sumir hverjir landskunnir kverúlantar, fóru að hafa afskipti af málinu og plötuðu hér nokkra hv. þm. í Ed. til að breyta frv. aftur í átt að innlánsvöxtum, með þeim afleiðingum að frv. fór aftur til Nd. Þetta var á síðustu dögum þingsins, þegar mörg mál voru til afgreiðslu og hraði var mikill í afgreiðslu mála, og þetta var eitt af þeim málum sem svo var ástatt um, að menn voru ekki alveg vissir um hvað þeir voru að afgreiða. Til sannindamerkis um það segi ég að sú breyting, sem allshn. gerði hér í Nd., var gerð í nánu samstarfi við hv. 1. flm. þessa máls upphaflega, hv. þm. Ellert Schram. Því er ljóst að á því þingi — hvað sem kann hafa gerst núna í kosningunum í des. — var ekki aðeins þingvilji, heldur einróma þingvilji fyrir því að fara þessa leið. Af því dreg ég þá ályktun, að hafi ekki nýtt þing skipt um skoðun, þá geti þetta mál runnið hér í gegnum þingið svo fremi sem hæstv. dómsmrh. verður röskur. Og ég er viss um það, því mér er sagt að hann sé röskleikamaður. Og það þýðir það, að ég vænti þess að þetta frv. verði lagt fram hið fyrsta eftir páska. Ég vil gera mitt. Og ég er viss um að hinir 58 hv. þm. eru líka tilbúnir til að gera sitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 54. fundur.

Mánudaginn 31. mars, kl. 2 miðdegis.

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 205). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 16 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 222). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 17 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 212, n. 244, 245, 246, 247, 250). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið til meðferðar það frv. sem hér er til umr. Nefndin hefur haldið nokkra fundi, rætt málið ítarlega og fengið til viðtals við sig m. a. fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands, Verslunarráði og ríkisskattstjóra. Það er niðurstaða nefndarinnar af þessari athugun allri að mæla með því að frv. verði samþ. Fjórir nm., Guðmundur Karlsson, Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir og Þorv. Garðar Kristjánsson, hafa þann fyrirvara á meðmælum sínum að samþ. verði brtt. frá þeim um að felld verði niður úr frv. heimild sveitarstjórna til að hækka útsvör um 10%. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Þetta frv., sem við nú fjöllum um, felur fyrst og fremst í sér ákvæði sem eru til þess að aðlaga lög um tekjustofna sveitarfélaga lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 40 frá 1978. Það hefur ekki verið neinn ágreiningur um að það væri nauðsynlegt og rétt að slík aðlögun færi fram og enginn ágreiningur um með hverjum hætti það er gert. Þetta kom m. a. fram þegar málið var í Nd. Þá héldu félmn. beggja d. sameiginlega fundi og þar varð samstaða um þetta meginefni frv. og þannig var það afgreitt með verulegum breytingum úr félmn. Nd. En í Nd. tók það þó einni breytingu sem hefur valdið miklum ágreiningi, og það er enn þá ágreiningur um það atriði. Það er einmitt það atriði sem ég ásamt þremur öðrum félögum mínum í hv. félmn. Ed. hef gert að fyrirvara fyrir því að mæla með að frv. verði samþ.

Hér er um að ræða 10% álagið á útsvarið. Ég skal ekki fara að hefja langar umr. um það ágreiningsefni, en ég get ekki látið hjá líða að víkja nokkrum orðum að ræðu sem hæstv. félmrh. hélt við 1. umr. um þetta mál. Ég svaraði því ekki þá og gat þess að ég vænti þess, að þegar málið kæmi aftur fyrir deildina værum við búnir að ná samkomulagi um þetta atriði. Nú fór svo, að ekki varð samkomulag. Ég vil því með fáeinum orðum víkja að því sem hæstv. félmrh. sagði um þetta mál.

Mér virtist kjarni málsins vera sá, að hann lagði áherslu á kosti ákvæðisins um 10% álag fyrir skattþegnana í landinu, þ. e. að útsvarið er hækkað úr 11% í 12.1%. Hæstv. félmrh., sem nú gengur í salinn, talaði um þetta við 1. umr. málsins sem hér væri um að ræða hagnað eða ávinning fyrir suma skattþegna og átti hann við þá sem minnstar tekjur hafa. Þetta átti að vera vegna þess að ónýttur persónufrádráttur af tekjuskatti mundi greiða fyrir þá lægst launuðu útsvarið að öllu eða miklu leyti.

Um þetta er það að segja, að alls ekki er hægt að alhæfa þetta sjónarmið eins og hæstv. ráðh. gerði. Í fyrsta lagi er það svo, að ekki er búið að ákveða persónufrádráttinn enn. Í öðru lagi er ekki búið að ákveða skattstigana enn. Og það, að hve miklu leyti persónufrádrátturinn nýtist hinum einstaka gjaldþegni, fer að sjálfsögðu líka eftir því hver skattstiginn er. Nú er það hins vegar, að í útreikningum eða í málflutningi hæstv. ráðh. leggur hann að vísu til grundvallar, að því er mér skilst, þann skattstiga og þann persónuafslátt sem lagður er til í frv. til l. um breytingar á tekju- og eignarskatti, mál nr. 127. En þó að slíkt sé gert segir það ekki mikla sögu vegna þess að ekkert er ákveðið um þetta. Það eru m. a. s. uppi ýmsar hugmyndir um hver persónuafslátturinn eigi að vera eða skattstigarnir. Fyrir helgina, þegar fjh.- og viðskn. beggja d. héldu sameiginlega fundi, komu upp hvorki meira né minna en fjórar tillögur frá stjórnarliðinu um mismunandi skattstiga og mismunandi persónuafslátt. Af þessu sést hve mikið er hægt að leggja upp úr því þó að ákveðnar tölur séu á þessu stigi lagðar til grundvallar hjá hæstv. félmrh.

Við skulum halda okkur við þær tölur sem hæstv. ráðh. byggir fullyrðingar sínar á. Þá er það svo, ef skattstiginn verður óbreyttur, persónuafslátturinn óbreyttur frá því sem gert er ráð fyrir í frv. til l. um breytingar á tekju- og eignarskattslögunum, að útsvarshækkunin frá 11% upp í 12.1% kemur ekki til þyngingar fyrir útsvarsgreiðendur fyrr en útsvarstekjurnar hafa náð 1.5 millj. En ef útsvarstekjurnar eru lægri en 1.5 millj. er það ekki til þyngingar, eins og hæstv. ráðh. segir. Þetta held ég að sé rétt að taka hér fram, því að mér fannst nokkurs — ja, ég vil ekki segja yfirlætis gæta hjá hæstv. ráðh., en vissra dýrginda þegar hann vildi meina að allir aðrir en hann, eða þeir sem ekki væru honum sammála í þessu efni, væru haldnir einhverjum misskilningi um þetta. (**Félmrh.:** Vill ekki hv. þm. endurtaka þessa tölu?) 1.5, þegar útsvarstekjurnar hefðu náð 1.5. En ég legg satt að segja ekki sjálfur of mikið upp úr þessari umr. og síst ákveðnum tölum — mér liggur við að segja hvorki frá mér né hæstv. ráðh. — meðan óvissa ríkir enn um hver persónuafslátturinn verður og hverjir skattstigarnir verða.

Í samræmi við þá skoðun, sem ég lýsti við 1. umr. þessa máls og einnig þegar á sameiginlegum fundum félmn. beggja deilda, legg ég til, og ber fram brtt. á þskj. 246 ásamt Karli Steinari Guðnasyni, Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur um það, að 4. mgr. 5. gr. frv. falli niður, en þar er ákvæði að finna sem heimila sveitarstjórnum að hækka útsvörin um allt að 10% að fengnu

samþykki ráðh. Ástæðan til þess, að brtt. er fram borin, er að sjálfsögðu sú, að við flm. hennar teljum að nú sé nóg komið af skattbyrðum, sem lagðar eru á almenning, þó að þær séu ekki auknar eða heimild veitt til hækkunar um þau 10% sem þetta ákvæði frv. felur í sér.

En í því trausti, að þessi till. verði nú samþ., viljum við, sem erum á þeirri skoðun að nú sé nóg að gert í skattahækkun á almenning, gera ráðstafanir til að aðstoða þau sveitarfélög sem sérstaklega eru illa á vegi stödd og hafa þá ekki möguleika á 10% álaginu á útsvarið. Samkv. þessu ber ég ásamt Salome Þorkelsdóttur og Guðmundi Karlssyni fram till. á þskj. 247. Í till. felst það, að á undan 1. gr. frv. komi ný grein, sem orðist svo sem þar er greint frá. Efni þessarar brtt. er fólgið í því, að heimilt er að greiða aukaframlag úr ríkissjóði sem nemur 2% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð á árinu 1980, og skal þetta aukaframlag þá renna til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaganna.

Þessi till. felur ekki í sér neinar auknar skattbyrðar á fólkið í landinu, en samt er hér gert ráð fyrir að líta til þeirra sveitarfélaga sem kunna að standa í einhverjum erfiðleikum. Við teljum að það ætti að vera nægilegt eða a. m. k. mikil bót að því að heimila að það megi greiða sveitarfélögunum samkv. þessu ákvæði sem svarar 2% af söluskatti. Í hv. Nd. kom fram till. þessa eðlis, en þá var m. a. gert ráð fyrir 4%. Og hér hefur verið lögð fram af hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni till. um 4%. Við, sem stöndum að till. sem ég er nú að lýsa og nemur aðeins 2%, gerum það í von um að enn megi takast að ná samstöðu um þetta mál á þann veg sem ég greindi og vék sérstaklega að við 1. umr. málsins.

Þá leyfi ég mér að víkja að brtt. á þskj. 246, þ. e. brtt. frá fjórum nm. í hv. félmn., þeim Karli Steinari Guðnasyni, Guðmundi Karlssyni, Salome Þorkelsdóttur og mér. Það er brtt. við 9. gr. frv. og er um að 6. mgr. falli niður. En í 6. mgr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldandans fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið."

Þetta þýðir, að ef gjaldþegn getur ekki greitt eina afborgun af útsvari sínu er öll útsvarsupphæðin, sem eftir stendur, fallin í gjalddaga. Þetta er í samræmi við gildandi lög. En það er ekki nóg með að svo hafi verið ákveðið um gjalddaga, heldur hefur samkv. gildandi lögum verið heimilt að leggja á dráttarvexti þegar um vanskil hefur verið að ræða, ekki einungis á vanskil þeirrar afborgunar, sem um er að ræða, heldur allra eftirstöðva útsvarsins.

Þegar frv. þetta var lagt fram var engin breyting í þessu efni frá gildandi lögum. En í hv. Nd. sáu menn að hér var nauðsynlegt að gera á breytingu, og það var líka gert. Ég hygg að það hafi verið ætlun hv. Nd. að breyta báðum þessum ákvæðum, hinu beina ákvæði um dráttarvextina og hinu beina ákvæði um hvenær útsvarið væri allt gjaldfallið. Með tilliti til þessa var gerð sú breyting í hv. Nd. á 1. mgr. 19. gr. frv., að greiða skyldi sveitarfélagi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Í frv. stóð upphaflega: „af því sem ógreitt er", þ. e. dráttarvexti mátti leggja á alla útsvarpsupphæðina, en samkv. breytingu, sem gerð var í Nd., er nú ekki heimilt að leggja dráttarvextina á aðra upphæð en þá sem er gjaldfallin. En hv. Nd. varð það á í messunni að ekki var stigið skrefið til fulls. Það láðist að fella niður 6. mgr. 9. gr., sem kveður á um hvenær skuld er gjaldfallin. Ef það er ekki gert er breytingin, sem Nd. gerði á 19. gr., sama og ógerð. Það er sama þótt þá sé miðað við gjaldfallna skuld ef á hinum staðnum er búið að segja að allt útsvarið, allar eftirstöðvarnar séu gjaldfallnar. Þetta er nánast, finnst mér, til þess að leiðrétta mistök sem hafa orðið í hv. Nd. Ég vænti þess að það verði enginn ágreiningur um að leiðrétta þau mistök hér.

Þá vil ég víkja að brtt. sem ég flyt ásamt Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur og er á þskj. 245. Hér er um að ræða brtt. við 14. gr. frv. Ég vek athygli á að í 1. mgr. 14. gr. frv. er fjallað um aðstöðugjaldsstofn, kveðið á um hver hann skuli vera, en aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 40 frá 1978. Í framhaldi af þessu segir nú í frv.:

„Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla samkv. 53. gr. laga nr. 40/1978, en frá honum dregst tekjufærsla samkv. sömu grein."

Þetta ákvæði var sett inn í frv. í hv. Nd. Það var ekkert í frv. um hvaða áhrif gjald- eða tekjufærsla samkv. 53. gr. tekju- og eignarskattslaganna ætti að hafa á aðstöðugjaldsstofninn. M. ö. o. varð að líta svo á, að tekjufærslan og gjaldfærslan kæmu fram með fullum áhrifum þegar væri ákvarðaður aðstöðugjaldsstofninn og til skattaþyngingar. En Nd. breytti þessu og kvað svo á, eins og stendur í frv. núna, að frá rekstrarkostnaði skyldi dragast tekjufærsla samkv. 53. gr. skattalaganna, þ. e. tekjufærslan átti ekki að hafa áhrif. Jafnframt er beinlínis tekið fram, að gjaldfærslan skuli hafa áhrif. Þannig gekk hv. Nd. frá þessu ákvæði. Upphaflega, þegar frv. er lagt fram, er enginn greinarmunur gerður á gjaldfærslu og tekjufærslu í þessu sambandi og hvorugt látið hafa áhrif á ákvörðun aðstöðugjaldsstofnsins. Í Nd. er þessu breytt þannig að tekjufærslan er ekki látin hafa áhrif, en gjaldfærslan látin hafa áhrif.

Till. sú, sem við þremenningarnir berum fram á þskj. 245, fjallar um að láta gilda það sama um gjaldfærslu og tekjufærslu í þessu efni. En sá er munur á því, hvernig frv. var lagt fram upphaflega og hvernig það yrði ef brtt. okkar yrði samþykkt, að upphaflega komu áhrifin fram bæði hvað varðar gjaldfærsluna og tekjufærsluna, en ef okkar till. verður samþ. koma hvorug áhrifin fram.

Það má að sjálfsögðu ræða miklu frekar um þetta mál og fara út í þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar ákvæðum 53. gr. tekjuskattslaganna, og fara út í skýringar á þeim grundvallarsjónarmiðum sem gjaldfærslan annars vegar byggist á og tekjufærslan hins vegar, en ég skal ekki gera það nema að gefnu tilefni og skal nú stytta mál mitt. Eg vænti þess, að þetta atriði sé augljóst og nánast, eins og það atriði sem ég vék að áðan, væri þetta til leiðréttingar og til að koma frv. í það horf sem við ættum öll að geta verið sammála um.

Herra forseti. Ég hef þá rætt frv. og gert grein fyrir nál. hv. félmn. og þeim brtt. sem ég ásamt fleiri hef flutt á þskj. 245, 246 og 247. Ég skal því ekki hafa þessi orð fleiri.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Félmn. kallaði til sín ýmsa aðila og ræddi um tekjustofnafrv. við þá. Meðal þeirra, er rætt var við, voru fulltrúar Alþýðusambands Íslands. Kom fram hjá þeim að þeir töldu að hinar auknu skattálögur yrðu til að þyngja mjög alla samningagerð, þær yrðu til þess að verkalýðssamtökin

yrðu að reisa kröfur sínar hærra vegna þess að nú væri skattbyrðin meiri en nokkru sinni fyrr.

Eins og ég hef áður minnst á hefur Alþfl. samúð með sveitarfélögunum og skilur fjárhagsvanda þeirra. Hins vegar höfum við líka áhyggjur af greiðsluþoli almennings. Líka verðum við að hafa í huga að nú stendur verkalýðshreyfingin í miðri samningagerð og því ástæða til að taka tillit til þess.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. við tekjustofnafrv. eins og það kom frá Nd. og reikna þá með að felld verði niður heimildin til að hækka útsvörin um 10%. Brtt. mín er þannig:

„Á undan 1. gr. frv. komi ný grein sem orðist svo:

Við a-lið 9. gr. laganna bætist:

Aukaframlag úr ríkissjóði sem nemur 4% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð á árinu 1980 samkv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, sem renni til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. b-lið 8. gr."

Það má búast við, ef þetta verður að veruleika og þetta verður samþ., að það gefi 4 milljarða og 470 millj. til viðbótar þeim 8.9 milljörðum sem nú renna af söluskattstekjum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Þetta mundi sem sagt verka þannig, að sveitarfélögin fengju þá fjármuni sem þau þyrftu og fjárhagsvandi þeirra væri þá leystur að mestu leyti.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, sem var frsm. n., er innan n. samstaða um afgreiðslu frv. að meginhluta og n. hefur unnið vel og dyggilega að framgangi málsins. Vil ég þakka samnm. mínum fyrir það samstarf.

Þegar hliðstætt frv. var til umr. á sínum tíma um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt var skýrt tekið fram af hálfu fjmrh. og tekið undir það af öðrum stuðningsmönnum ríkisstj. að seinni partinn á þessu ári, þegar álagning lægi fyrir og menn hefðu heildarsýn yfir hvernig hin einstöku ákvæði hinna nýju skattalaga yrðu í framkvæmd, færi fram endurskoðun, bæði tæknileg endurskoðun á lögunum um tekju- og eignarskatt og endurskoðun á álagningunni sjálfri. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn hafi í huga að við erum að ganga inn í nýtt kerfi og það eru eðlilega mjög skiptar skoðanir um það kerfi. Fjmrh. lýsti því yfir hér fyrr í vetur, að hann hefði hugleitt það, eftir að hann tók við, að fresta þessari kerfisbreytingu um eitt ár, en það var samdóma álit allra þeirra sérfræðinga, sem hann leitaði til, að slíkt væri óframkvæmanlegt, fyrirtæki og einstaklingar hefðu miðað aðgerðir sínar á þessu ári við það að hin nýju skattalög, sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen beitti sér fyrir á sínum tíma, tækju gildi.

Það hafa komið fram, bæði varðandi frv. um tekju- og eignarskatt og eins það frv., sem nú er til umr., fjölmargar breytingar um nauðsynlega tæknilega endurskoðun á frv. Niðurstaðan hefur þó orðið sú með allan þorra slíkra breytinga, að mjög skiptar skoðanir hafa verið meðal þeirra sérfræðinga, sem um málið hafa fjallað, um hvort þær væru æskilegar eða réttar. Þess vegna hefur það verið afstaða margra okkar að geyma tæknilega endurskoðun á báðum þessum frv., þ. e. á frv. um tekju- og eignarskatt, sem nú er reyndar orðið að lögum, og eins þessu frv., þar til álagning lægi fyrir um mitt sumar. Það er sú afstaða sem ég hef til þeirra brtt. sem hér eru fluttar og snerta það sem kalla má tæknilega hlið frv. Ég treysti mér þess vegna ekki á þessu stigi til að greiða atkv. með brtt. og teldi æskilegast að þær væru annaðhvort dregnar til baka eða þá að d. samþykki þær ekki, bæði vegna þess, að hin tæknilega endurskoðun mun fara fram og mjög skiptar skoðanir eru um þessi atriði, og eins vegna þess, að málið hefur nú þegar orðið fyrir miklum töfum í þinginu og getur orðið hættulegt vegna hins mikla tímaskorts sem er hér vegna páskanna að fara að hleypa því aftur niður í Nd. Við vitum af slæmri reynslu að Nd. tekur sér ætíð langan tíma til að afgreiða flestöll mál og gæti hæglega orðið til þess að málið yrði ekki afgreitt úr þinginu fyrir páska, einkum og sér í lagi ef inn í það kynnu að blandast deilur um önnur frv. sem liggja óafgreidd í þinginu. — Í þessu sambandi er rétt að minna á að formenn þingflokkanna hafa fyrir sitt leyti gert samkomulag um það, og það var tilkynnt á fundi sem þeir héldu fyrir kl. tvö í dag, að flokkarnir mundu stuðla allir að afgreiðslu málsins fyrir páska.

Varðandi þær brtt., sem snerta verulegan efnisþátt, þ. e. afstöðuna til þeirrar 10% viðbótar sem samþ. var í Nd. á útsvarið, er það eindregin afstaða mín, eins og ég lýsti yfir í d. snemma í vetur, að það hafi verið gengið svo nálægt fjárhagsstöðu sveitarfélaga á síðasta áratug af öllum þeim ríkisstj. sem hér sátu, að á sama tíma og hlutfall ríkisútgjalda af þjóðartekjum hefur aukist um, að ég held, fjórðung eða tæpan fjórðung hefur hlutfall tekna sveitarfélaganna staðið í stað. Samt sem áður hafa þau orðið að taka á sig verulega aukin útgjöld. Ég sagði jafnframt þá, að mér fyndist koma til greina að gengið væri lengra í átt að kerfisbreytingu sem ríkjandi er í nágrannalöndum okkar, eins og t. d. Danmörku, og sveitarfélögunum veitt miklu meira svigrúm til að breyta álagningu sinni upp á við — og þá náttúrlega niður á við — vegna þess að fjárþarfir sveitarfélaganna eru mjög mismunandi, bæði vegna mismunandi atvinnulífs og annarra tekjumöguleika sem þar eru og eins vegna mismunandi þarfa á ólíkum aldursskeiðum sveitarfélaganna. Þess vegna ætti að skapa miklu meiri sveigjanleika við álagninguna en gert hefur verið til þessa og láta þá, sem stjórna sveitarfélögunum, bera alla pólitíska ábyrgð á því, hvort þeir hagnýta sér slíkan sveigjanleika eða ekki.

Ég held að á Alþ. eigum við ekki að reyna að axla einnig pólitíska ábyrgð sveitarstjórnarmanna. Lýðræðiskerfi okkar er grundvallað á því, að á þessum tveimur stjórnstigum eru sérstakar kosningar. Það eru ólíkir hópar manna sem deila hinni lýðræðislegu ábyrgð. Alþ. ætti að vera hætt að veita fulltrúum sveitarfélaganna möguleika á að axla slíka ábyrgð.

Í þessu sambandi vil ég minna á að Samband ísl. sveitarfélaga hefur hvað eftir annað óskað eftir að fá heimild til hækkunar útsvara. Mér finnst þess vegna sjálfsagt að við verðum við þeirri beiðni og auðveldum þannig sveitarfélögum að standa undir þeim verkefnum sem á þau hafa verið lögð. Hvort slíkt leiðir til aukinnar skattbyrði í heild í landinu verður að koma í ljós á sínum tíma. Það liggur ekkert fyrir endanlega um það enn vegna þess að skattstigi tekju- og eignarskattsfrv. hefur ekki enn þá verið ákveðinn. Mín afstaða er sú, eins og ég lýsti fyrr í vetur, bæði áður og eftir að flokkur minn tók við ábyrgð ríkisfjármálanna, að við ættum í þetta sinn að fara öðruvísi í þetta mál en áður, lofa sveitarfélögunum að hafa forgang og knýja síðan ríkisvaldið til að taka tillit til þess með aðgerðum sínum, en ekki fylgja gömlu reglunni, að

fyrst skuli ríkisvaldið hafa forgang og sveitarfélögin mæti afgangi.

Þetta mál hefur verið mikið rætt í þinginu og í þjóðfélaginu almennt. Ég veit að það, sem ég er hér að segja, er ekki neitt nýtt. Ég vildi hins vegar í tilefni þessarar umr. láta þessi meginsjónarmið koma fram og mun þess vegna greiða atkv. gegn brtt., sem hér hafa verið lagðar fram, þótt af mismunandi ástæðum sé. Varðandi tvær brtt. byggist það á því, að tæknileg endurskoðun um frv. fari fram í sumar og hæpið sé að fara að senda frv. aftur til Nd. eingöngu vegna tæknilegra atriða. Varðandi brtt. um tekjustofna sveitarfélaganna helgast afstaða mín af þeim meginsjónarmiðum sem ég lýsti í seinni hluta ræðu minnar.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. félmn. fyrir röskleg störf við afgreiðslu þessa máls. Ég tek undir þau orð að öllu leyti sem hv. 11. þm. Reykv. lét falla áðan um þessi mál og endurskoðun þeirra í heild. En ég vil aðeins víkja að brtt. í sambandi við 9. gr., vegna þess að þar gæti verið um að ræða hlut sem menn hafi ekki velt fyrir sér áður og ég vil koma á framfæri. Ég vil ekki gera mönnum í hv. d. upp misskilning, vegna þess að ég finn að það finnst mönnum ekki viðeigandi að ráðh. geri.

Í 6. mgr. þessara greinar stendur svo:

„Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldandans fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið."

Hér er einfaldlega verið að kveða á um hvenær útsvar gjaldandans fellur í gjalddaga. Nú kann að vera að eðlilegt væri að segja að útsvar gjaldandans falli að hluta í gjalddaga þegar komið er að þessari dagsetningu, og ég geri ráð fyrir að það sé það sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson á við, en ekki í sjálfu sér allt útsvarið, sem ógreitt er, falli þá í gjalddaga. Vandinn í þessum efnum snýr þó ekki bara að lögunum um tekjustofna sveitarfélaga, heldur snýr hann líka að lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Það verður að gilda sama regla bæði í sambandi við innheimtu tekjuskattsins og útsvarsins í þessum efnum. Ég held því að ekki sé hægt að breyta greininni án þess að breyta um leið tekjuskattslögunum. Þess vegna er það sem þetta helst enn þéttar í hendur við endurskoðun tekjuskattslaganna en ella væri, með svipuðum hætti og hv. 1. þm. Reykv. gerði grein fyrir áðan. — Ég vil koma því sjónarmiði á framfæri að dálítið erfitt er að greina þarna í sundur og alveg sérstaklega þegar um er að ræða sameiginlega innheimtu, eins og t. d. er um að ræða hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Aftur á móti afnemur þetta hvorki né heldur samþykkir ákvæði 1. mgr. 19. gr., en þar er verið að fjalla um dráttarvextina einvörðungu. Þessar tvær mgr., annars vegar 6. mgr. 9. gr. og hins vegar 1. mgr. 19. gr., stangast ekki á að mínu mati, að svo miklu leyti sem ég hef forsendur til að meta það á þessum stað og þessari stund. Ég held því að það sé í rauninni ekkert að gera annað en láta greinina fara með þessum hætti í gegn núna, taka hana síðan til endurskoðunar um leið og tekjuskattslögin yrðu tekin til endurskoðunar, en ríkisstj. mun oft hafa lýst því yfir að þau hljóti að verða skoðuð eftir að reynsla kemur í ljós á miðju sumri af þeirri framkvæmd sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 1 frá 1980.

Þessum almennu aths. vildi ég leyfa mér að koma á framfæri, en þakka að öðru leyti aftur félmn. d. fyrir hennar góðu störf að afgreiðslu þessa máls.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 11. þm. Reykv. sagði um ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga. Það var allt vel og skynsamlega mælt og ég get tekið undir það. Eins og kom fram hjá honum og hefur komið áður fram í umr. um þetta mál eru þessi mál öll til endurskoðunar, verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, og hefur svo verið um nokkur ár. Við sjálfstæðismenn höfum haft bæði frumkvæði og mikinn áhuga á þessum málum og skal ég ekki fara að rekja það. Það er líka ánægjulegt að heyra þennan áhuga hjá hv. 11. þm. Reykv., og reyndar kom hann líka fram hjá hæstv. félmrh. við 1. umr. þessa máls. Þetta er ekki deiluefni.

Hins vegar varð ég fyrir nokkrum vonbrigðum út af því, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði um brtt. sem hér hafa verið lagðar fram, og með þá afstöðu hans að standa gegn þeim. Hv. þm. sagði að það væri samkomulag um það milli þingflokkanna að ljúka þessu máli fyrir páska. Það er samkomulag og auðvitað stendur það samkomulag þó að þetta frv. færi til Nd. til smávegis lagfæringar. Samkomulagið er einmitt rök fyrir því að við getum án þess að tefla málinu í neina tvísýnu, gert hér breytingar og þá yrði verkið fullkomnað í hv. Nd. Það samkomulag er ekki rök gegn brtt. af þessum ástæðum.

Hv. 11. þm. Reykv. talaði um að það þyrfti að breyta ýmsum tæknilegum atriðum í þessari löggjöf þegar reynsla væri komin á. Ég er alveg samþykkur honum um að það þurfi. En ég held að ekki sé hægt að kalla tæknileg atriði það sem hér er um að ræða, eins og hvort það á að vera heimilt að leggja dráttarvexti á allar eftirstöðvar útsvars eða ekki. Ég hygg að þeir, sem verða fyrir því, telji þetta annað og meira en tæknilegt mál. Auðvitað er þetta ákaflega óeðlilegt og ósanngjarnt, þó að ekki sé annað sagt, og veldur skattþegnum byrðum sem er ekki hægt að ætlast til að þeir beri.

Hæstv. félmrh. vék sérstaklega að einni brtt. sem ég lýsti. Það var brtt. um að fella skyldi niður 6. mgr. 9. gr. Mér skildist á honum að sú breyting á 19. gr. frv., sem gerð var í Nd. og ég vék að í fyrri ræðu minni, gæti staðist þó að við hefðum 6. mgr. 9. gr. Og mér skildist að ef kannske væri bætt þarna inn í og sagt: Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldandans að hluta o. s. frv., gæti þetta verið í lagi frá hans sjónarmiði, ef ég hef skilið hann rétt. (Gripið fram í.) Já, en ég held að þetta um gjalddaga geti í þessu sambandi ekki átt við annað en útsvarið allt, alla skuldina. Það þarf ekki að taka fram að vangreiðsla sé komin í gjalddaga því að hún er þegar komin í gjalddaga. Þess vegna held ég að það orki ekki tvímælis að ef ekki á að koma einkennilegt út úr þessu þurfi að leiðrétta það. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um það.

Það var verið að tala um tæknileg atriði. Hv. 11. þm. Reykv. ræddi þau og ég skildi hann svo að brtt. mín, sem gerð er við 14. gr., flokkaðist að hans mati undir tæknileg atriði, þ. e. hvort ætti að láta gæta áhrifa gjaldfærslu og tekjufærslu samkv. 53. gr. skattalaganna þegar ákveðinn er aðstöðugjaldsstofn. Ég held að þetta sé miklu meira en tæknilegt atriði. Ég held að eins og frv. stendur núna sé það versti kosturinn. Ef væri ástæða til þess að gera upp á milli gjaldfærslu og tekjufærslu ætti að gera það þveröfugt við það sem gert er núna samkv. frv. Það er vegna þess að gjaldfærsla samkv. 53. gr. er í reynd ætluð

til að bæta skattþegnum tap sem þeir hafa orðið fyrir á verðbólgunni, m. a. vegna skynsamlegrar fjárfestingar og notkunar eigin fjármagns í stað þess að byggja atvinnurekstur upp með lántökum, en tekjufærslan samkv. 53. gr. er í reynd ætluð til að vega upp á móti þeim hagsbótum sem skattþegnar hafa haft af því að fjárfesta með lánsfé í stað eigin fjár, m. a. til þess að hagnast á verðbólgunni. Ég skal ekki halda áfram þessari röksemdafærslu, en niðurstaðan af henni er sú, að við erum, eins og frv. er nú, að gera það sem síst skyldi. Við erum að verðlauna verðbólgubraskarana, en við erum að leggja byrðar á þá sem fjárfesta skynsamlega og leggja ekki upp úr því að hagnýta sér verðbólguna til hagsbóta.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Félmn. hefur á nokkrum fundum fjallað um þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaga og er í aðalatriðum sammála um það, eins og fram kemur í nál., að samþykkja frv. Þó hafa einstakir nm. gert fyrirvara um að þeir muni fylgja brtt. Þessar brtt. höfum við líka að sjálfsögðu rætt nokkuð ítarlega í n. Ég hef lýst því yfir þar fyrir mína hönd, að ég geti ekki staðið að þeim, utan þó að ég er meðmæltur einum liðnum í brtt. á þskj. 246, 2. liðnum sem fjallar um að 6. mgr. 9. gr. falli niður. Eins og síðasti ræðumaður gat um tel ég að þarna orki nokkuð tvímælis og þarna stangist á annars vegar ákvæði í 19. gr. og hins vegar ákvæði í 9. gr. En ég legg líka mikla áherslu á að við reynum að hraða afgreiðslu þessa frv. og það verði reynt að koma því í gegnum þessa d. án þess að það tefjist lengur. Ég vil því vonast til þess og mælast til þess að þetta atriði verði tekið aftur til skoðunar síðar.

Ég tel að það sama þurfi að gera við lög um tekju- og eignarskatt. Þar sýnist mér að ákvæði um dráttarvaxtatöku af gjaldfallinni skuld eða ógreiddri skuld sé hliðstætt og hér virðist vera, að þegar ein greiðsla fellur í gjaddaga megi taka dráttarvexti af öllum ógreiddum eftirstöðvum. Ég tel ekki eðlilegt að haga innheimtu þannig. Mér sýnist að það þurfi að taka hana til skoðunar í báðum tilvikum, bæði hvað varðar tekjustofna sveitarfélaganna og lög um tekju- og eignarskatt, og ég vonast til þess að það verði gert síðar. En til að tefja ekki afgreiðslu málsins treysti ég mér ekki á þessu stigi málsins að fylgja brtt. á þskj. 246.

ATKVGR.

Brtt. 250 felld með 11:8 atkv.
— 247 felld með 11:8 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 246,1 felld með 11:8 atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 246,2 felld með 11:7 atkv.
9. gr. samþ. með 11:2 atkv.
10.—13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 245 felld með 13:5 atkv.
14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
15.—21. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 55. fundur.

Mánudaginn 31. mars, kl. 4.35 síðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 212). —3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 261).

Efri deild, 56. fundur.

Mánudaginn 31. mars, kl. 6 síðdegis.

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 205, n. 258). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 205 er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 31. maí 1979, um landflutningasjóð. Þetta frv. er flutt af samgn. Nd. og efni þess er að kveða skýrt á um gjaldstofn þann sem gjaldið til landflutningasjóðsins leggst á, en það þótti ekki koma nógu vel fram eins og lögin eru nú.

Samgn. Ed. hefur fjallað um þetta mál og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 257). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 257 er hin breytta gerð frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar. Þetta frv. fjallar um svokallað sjúkratryggingagjald, sem fyrst var lagt á með lögum nr. 115 1978 og hefur síðan verið lagt á til árs í senn, trúi ég. Málið hefur hlotið meðferð hv. Nd. Alþ., en í meðferð Nd. var frv. breytt nokkuð til samræmis við hin nýju skattalög sem Alþingi hefur nú afgreitt.

Frv. gerir ráð fyrir að á árinu 1980 skuli skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds verði hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara

árið 1980, þó að frádregnum:

Bótum samkv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, öðrum en elli- og örorkulífeyri.

650 þús. kr. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyris, sem frá eru dregnar samkv. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum, hjá þeim mönnum sem orðnir eru 67 ára fyrir 1. jan. 1980 eða nutu örorkulífeyris á árinu 1979.

Í 3. tölul. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að gjaldið verði 1.5% af fyrstu 4.5 millj. kr. af gjaldstofni, en 2% af því sem umfram er hjá hverjum gjaldanda. Þá segir að sjúkratryggingagjald skuli lagt á í heilum hundruðum króna, en gjald sem ekki nær 4 þús. kr., skuli fellt niður við álagningu.

Í 4. tölul. er kveðið á um að um álagningu og innheimtu þessa gjalds skuli gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 5. tölul. segir: „Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs."

Staðreyndin er vitaskuld sú, að hér er um beina tekjuöflun fyrir ríkissjóð að ræða. Þannig hafa þessi lög í rauninni alltaf verið, enda þótt þau beri nafnið sjúkratryggingagjald, og þannig eru tekjur af sjúkratryggingagjaldinu líka ævinlega færðar í fjárlögum hvers árs.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af sjúkratryggingagjaldi nemi 7.2 milljörðum kr.

Ég vænti þess að ekki þurfi frekari útskýringa við frv. Hv. þm. þekkja þetta mál. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 238). — 1. umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 238 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1976, um skipulag ferðamála. Sú breyting, sem hér er lögð til, felur það í sér að Stéttarsamband bænda tilnefni einn fulltrúa í Ferðamálaráð.

Eins og kunnugt er voru lög um skipulag ferðamála sett í þeim tilgangi að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk með hliðsjón af íslensku atvinnu- og félagslífi og umhverfisvernd. Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgrn. Samgrh. skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn. Skulu þrír skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður. Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðh. samkv. tilnefningu eftirgreindra aðila, en hver um sig tilnefnir einn. Þessir aðilar eru, með leyfi forseta: Félag hópferðamanna, Félag ísl. ferðaskrifstofa, Félag leiðsögumanna, Félag sérleyfishafa, Ferðafélag Íslands, Flugleiðir hf., Náttúruverndarráð, Samband ísl. sveitarfélaga, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda og önnur flugfélög en Flugleiðir hf., samtals 10. Með því, sem hér er lagt til, að Stéttarsamband bænda tilnefni einn fulltrúa yrðu þessir aðilar 11 talsins.

Eins og að líkum lætur eru verkefni Ferðamálaráðs fjölþætt. Gert er ráð fyrir að Ferðamálaráð hafi á hendi skipulagningu og áætlanagerð um íslensk ferðamál sem og landkynningu og þátttöku í fjölþjóðlegu starfi um ferðamál. Hlutverk Ferðamálaráðs er einnig að aðstoða einstök ferðamálafélög við starfsemi þeirra svo og að hafa forgöngu um hvers konar þjónustu og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn. Ætlast er til frumkvæðis um fegrun umhverfis og snyrtilega umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks. Gert er ráð fyrir samstarfi við Náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúra og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri sem lög um ferðamál ná til. Fleira mætti nefna, en ég sé ekki ástæðu til þess, svo augljóslega sem ofangreind atriði tíunda meginhlutverk Ferðamálaráðs.

Hér verður ekki lagður dómur á það út af fyrir sig hvernig Ferðamálaráð hefur skilað sínu hlutverki á undanförnum árum. Því verður þó ekki neitað að ferðamannaþjónusta er orðin umfangsmikil atvinnugrein hér á landi. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum voru árið 1978 um 10 milljarðar og á síðasta ári voru gjaldeyristekjur hátt í 16 milljarða kr. Þar er augljóslega um mikinn búhnykk að ræða.

Fjöldi erlendra ferðamanna hefur farið heldur vaxandi síðustu ár. Árið 1976 voru þeir rúmlega 70 þús., árið 1977 72 690, árið 1978 75 700 og á síðasta ári voru erlendir ferðamenn rúmlega 76 900. Vafalaust mætti auka þann fjölda verulega frá því sem nú er ásamt tilsvarandi aukningu gjaldeyristekna. Til þess að svo megi verða þarf m. a. að lengja ferðamannatímann bæði vor og haust. Nú má enginn skilja orð mín svo, að ég sé talsmaður þess að fylla land okkar af erlendu ferðafólki. En ég vil halda því fram, að við eigum í þessu efni mikla möguleika sem við þurfum að nýta okkur.

Að sjálfsögðu eigum við að vernda íslenska náttúru og umhverfi fyrir átroðningi ferðamanna, jafnt innlendra sem erlendra. Því miður heyrist stundum að við sjálfir göngum verr um eigið land en þeir erlendu gestir sem sækja okkur heim. Hvað sem því líður þarf öllum, sem um landið fara, að vera ljóst að íslensk náttúra er viðkvæm og lítið þarf til að koma svo að jafnvægi hennar raskist.

Með landkynningu og ferðamannaþjónustu almennt er ekki eingöngu verið að laða fólk til landsins, heldur er einnig verið að kynna þjóðhætti og menningu okkar og framleiðslu að ógleymdum kostum landsins að öðru leyti. Hér er því um starfsemi að ræða sem er fjölþætt og vekur áhuga á landi og þjóð, en um leið á söluvarningi okkar erlendis.

Það er ekki síður mikilvægt að við Íslendingar ferðumst um eigið land og lærum að njóta útivistar og umgengni við landið. Með auknum frítíma gefst meira tóm til þess en áður var. En við þurfum að sjá til þess að fólkið hafi eðlilegan aðgang að landinu, að það fái notið náttúruskoðunar, að fólkið komi heim til sín með ljúfar minningar úr vel heppnaðri ferð. Og það þarf líka að veita sem allra besta fyrirgreiðslu og þjónustu sem víðast um landið.

Íslensk gestrisni á vafalaust rætur í íslenskri bændamenningu, enda þótt ég ætli ekki að fara að guma af því hér. Í seinni tíð hefur maður þó heyrt um að kastast hafi í kekki milli einstakra bænda og ferðafólks. Þar hefur e. t. v. á skort gagnkvæman skilning og tillitssemi. Hagsmunir íslenskra bænda hafa lengi verið samofnir ferðamálum í

landinu. Bændur eru víða eigendur áningarstaða ferðafólks að ógleymdum hagsmunum þeirra hvað varðar veiðiskap í ám og vötnum. Algengt er að bændur leigi land eða selji undir sumarbústaði. Ekki má gleyma því að sala landbúnaðarafurða er mikilvægur þáttur í ferðamannaþjónustunni. Það er brýnt hagsmunamál bænda að landbúnaðarafurða sé neytt í vaxandi mæli í landinu sjálfu. Þær landbúnaðarafurðir, sem erlendir gestir neyta hér, jafngilda útflutningi án þess að til útflutningsbóta komi.

Ferðamannaverslun fer sífellt vaxandi víða um land, m. a. þar sem verslunarmiðstöðvar eru í höndum samvinnufélaga. Eins og allir vita hafa bændur um árabil verið í tengslum við hótelrekstur í þessu landi, og má í því sambandi minna á Hótel Sögu og Hótel KEA á Akureyri. Ótalmörg fleiri dæmi mætti rekja sem bera vitni um aðild bænda að þjónustu við ferðafólk.

Síðustu ár hefur mikið verið rætt um fjölbreyttara atvinnulíf til sveita. Sú umræða hefur vissulega farið fram í tengslum við þann vanda sem menn standa frammi fyrir hvað varðar hinar hefðbundnu búgreinar. Eitt þeirra atriða, sem þarf að hyggja að, er einmitt þjónusta við ferðamenn. Sú atvinna er stunduð sem búgrein með góðum árangri víða á hinum Norðurlöndunum. Ég held að menn ættu ekki síður að hyggja að eflingu slíkrar starfsemi sem búgreinar hér. Ég vil þó minna á að á Húsafelli í Borgarfirði er þessi atvinnugrein stunduð með góðum árangri, svo að dæmi sé nefnt. Á stöku stað hefur ferðamannaþjónusta í tengslum við félagsheimilin veitt atvinnu fólki úr næsta nágrenni.

Framtíðarmöguleika þessarar atvinnugreinar þyrfti því að athuga hið allra fyrsta í samvinnu við yfirvöld ferðamála. Þó má segja að allnokkur hreyfing sé komin á þessi mál. Í vetur var stofnaður félagsskapur undir heitinu Landssamtök ferðamannabænda. Tilgangur þeirra samtaka er að vinna að sameiginlegum hagsmunum bænda og annarra eigenda lögbýla, sem inna af hendi hvers konar þjónustu við sumarbústaðaeigendur og ferðamenn. Mér þykir hlýða að lesa hér upp, með leyfi forseta, úr samþykktum Landssamtaka ferðamannabænda:

„Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná með eftirgreindum atriðum:

1. Að stuðla að góðri samvinnu á milli bænda og þéttbýlisbúa varðandi aðstöðu fyrir fólk til byggingar eða afnota af sumarbústöðum og greiða fyrir því, að allir hafi aðgang að landinu til útivistar.
2. Að tryggja ferðamönnum og orlofsgestum góða þjónustu á ferðum sínum um landið eftir því sem kostur er, bæði varðandi gistingu, skipulagningu, hvers konar þjónustu og aðgang að ýmsum gæðum landsins.
3. Að hafa samráð og samvinnu við Stéttarsamband bænda, Ferðamálaráð, Náttúruverndarráð og Félag eigenda sumardvalarsvæða.
4. Að aðstoða bændur við útvegun tæknilegra upplýsinga og veita ráðgjöf við uppbyggingu ferðamannaþjónustu í sveitum.
5. Að vinna að því, að í stað þess að bændur selji skákir *úr löndum sínum fyrir sumarbústaði skipuleggi* þeir aðstöðu og leigi landið. Stefnt verði að því, að sem flestir sumarbústaðir verði í eigu bænda og reknir af þeim í samvinnu við samtök bænda og Ferðamálaráð.
6. Að finna sanngjarnt árlegt, verðtryggt leigu- og afnotagjald fyrir þjónustu og aðgang að hlunnindum í samráði við Stéttarsamband bænda.
7. Að vinna að því, eftir því sem við á, að ofangreind þjónusta verði talin til landbúnaðar og njóti hliðstæðrar fyrirgreiðslu og aðrar búgreinar varðandi lánskjör og framlög á þeim jörðum sem eru í ábúð."

Í sambandi við 7. gr. má geta þess, að Landssamtök ferðamannabænda sendu síðasta Búnaðarþingi erindi hvað varðar lánskjör og framlög. Ég tel eðlilegt að ég lesi ályktun Búnaðarþings upp, með leyfi forseta:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að taka upp viðræður við stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins í samráði við stjórn Landssamtaka ferðamannabænda um að Stofnlánadeildin hefji lánveitingar til mannvirkjagerðar varðandi ferðamannaþjónustu í sveitum. Njóti þessi atvinna hliðstæðrar lánafyrirgreiðslu og hinar hefðbundnu búgreinar, enda greiði bændur sjóðagjöld af þessari atvinnugrein eins og búvöruframleiðendur greiða."

Þessari ályktun fylgir greinargerð:

„Ferðamannaþjónusta er eitt þeirra mála sem jafnan er rætt um þegar minnst er á fjölbreyttari atvinnumöguleika í sveitum. Nú þegar hefur nokkur hópur bænda atvinnu og búdrýgindi af þessum störfum og öðrum sem þeim tengjast, svo sem leigu sumarbústaða og sumarbústaðalanda. Telja verður líklegt að þessi starfsemi eigi góða vaxtarmöguleika og verði þar með einn þáttur er bætir afkomu og styður búsetu víða í sveitum. Kemur því mjög til greina að líta á þessi störf sem hverja aðra búgrein sem veita beri eðlilega fjármagnsfyrirgreiðslu."

Herra forseti. Bændur eiga meginhluta þessa lands og einmitt þess vegna er góð samvinna milli þeirra og þéttbýlisbúa forsenda þess að unnt sé að tryggja öllum landsmönnum og þeim, sem sækja land okkar heim, aðgang að landinu með þeim hætti að sem flestir geti vel við unað. Með vísan til þess, sem fram hefur komið í máli mínu, tel ég eðlilegt að bændur fái aðild að Ferðamálaráði og verði þannig virkir þátttakendur með fullri ábyrgð í mótun þeirrar heildarstefnu sem fylgja þarf í ferðamálum.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn. þessarar deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 52. fundur.

Mánudaginn 31. mars, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 54, frhn. 220, 221). — Frh. 3. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur fjallað öðru sinni um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 30. des. 1978, sbr. lagasetningar um sjúkratryggingagjald frá árinu 1977 og 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971. Frv. var fyrst lagt fram í des. s. l. og hlaut þá umfjöllun í n. og samþykkt hennar, en fjórir nm. skrifuðu undir nál. með fyrirvara. Nefndin hefur nú orðið

sammála um að mæla með frv. með brtt. sem lagðar eru fram á þskj. 221. Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri var kallaður til fundar við n. og tók hún til greina ábendingar hans, sem nær allar voru leiðréttingar með hliðsjón af frv. til l. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga á þskj. 212.

Gera má grein fyrir umræddum brtt. á þskj. 221 í örstuttu máli:

1. Lagt er til að 1. gr. laganna taki breytingum sem fyrir liggja á þskj. 221. Fyrsta breytingin þar er komin til af því að samkv. 3. gr. frv. á þskj. 212 hefur elli- og örorkulífeyrir verið tekinn út úr útsvarsstofni svo að orðalagið á ekki lengur við.

2. Þar er um það að ræða að námsfrádráttur og lækkaðar skattgjaldstekjur eru jafnframt farnar út úr útsvarsstofni og liðirnir b og c í 2. tölul. 1. gr. því óþarfir.

3. Með þessari breytingu er lögfest sú framkvæmd, sem við hefur gengist, að nægilegt sé að framteljandi hafi náð 67 ára aldri, en ekki sé skilyrði að taka ellilífeyris sé hafin. En eins og kunnugt er er mönnum í sjálfsvald sett hvort þeir taka lífeyri við 67 ára aldur eða ekki.

4. Þessi breyting tryggir að þegar við álagningu falli niður gjald, sem ekki nær 4 þús. kr., í stað þess að setja þá niðurfellingu í verkahring innheimtuaðila. — Á þetta lagði ríkisskattstjóri nokkra áherslu.

5. Brtt. er aðeins um orðalagsbreytingu, sem frekast er til að skýra ákvæði betur þar sem um alla greinina er að ræða.

6. Brtt. er augljóslega komin til vegna þess hversu liðið er á árið og talið eðlilegra að 2. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979. — Ég held að hv. þm. sjái í hendi sér að þetta er eðlilegra orðalag.

Um þetta er raunverulega ekki meira að segja. Eins og ég sagði áðan hefur hv. heilbr.- og trn. orðið sammála um að mæla með þessum breytingum.

ATKVGR.

Brtt. 221,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 221,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 221,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 221,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 221,5 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 221,6 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Neðri deild, 53. fundur.

Mánudaginn 31. mars, að loknum 52. fundi.

Orkujöfnunargjald, frv. (þskj. 252). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25:2 atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til l. um orkujöfnunargjald. Í frv. er gert ráð fyrir að lagt verði sérstakt 2% gjald á söluskattstofn allra sömu aðila og lög nr. 1960, um söluskatt, gera ráð fyrir, með þeim síðari breytingum sem orðið hafa á þeim lögum. Hins vegar er sá munurinn á að gjald þetta rennur óskipt til ríkissjóðs.

Á fjárlögum ársins 1979 var gert ráð fyrir rúmum 900 millj. til greiðslu olíustyrks til þeirra sem kynda hús sín með olíu, en í kjölfar olíukreppu á seinasta ári og gífurlegra hækkana á olíuverði hefur óhjákvæmilegt að hækka þennan styrk mjög verulega. Var hann seinast hækkaður nú í ársbyrjun í hlutfalli við þá breytingu á olíuverði sem þá hafði orðið. Olíustyrkur á fyrsta ársfjórðungi þessa árs er áætlaður rúmar 900 millj. kr. Ef sá styrkur er nokkuð hækkaður í hlutfalli við þær hækkanir, sem orðið hafa, og að sjálfsögðu í samræmi við þær hugsanlegu breytingar, sem kynnu að verða á gengi íslenskrar krónu á næstu mánuðum, má ætla að olíustyrkur verði á árinu 1980 ekki undir 4000 millj. kr. Olíustyrkur er greiddur til fleiri aðila en heimila og ekki ólíklegt að þær greiðslur séu heldur vanáætlaðar en ofáætlaðar. Auk þess hlýtur að vera nauðsynlegt að verja auknu fé til ýmiss konar orkusparandi aðgerða. Áætlað er að heildarútgjöld vegna greiðslu olíustyrks og orkusparandi aðgerða á árinu 1980 geti orðið um 4500 millj. kr.

Ég held ég geti leyft mér að fullyrða að allir stjórnmálaflokkar séu sammála um að óhjákvæmilegt sé að greiða þennan olíustyrk, sem hækkað hefur svo gífurlega frá því sem var á s. l. ári, og auðvitað eru þá allir jafnframt sammála um að afla verði tekna í því skyni. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um hvernig þeirra tekna verði best aflað og með mestri skynsemi. Vil ég sérstaklega nefna í því sambandi frv. sem iðnrh. ríkisstj. Alþfl. flutti á þessu þingi, en þar er um að ræða 100. mál Ed. Þar er gert ráð fyrir að lagt sé á sérstakt orkugjald frá 1. júlí til 31. des. á þessu ári og verði greidd 1 kr. af hverri kwst. seldrar raforku, 30 kr. af hverjum rúmmetra heits vatns sem er yfir 75 stiga heitt, 15 kr. af hverjum rúmmetra vatns sem er undir því hitamarki, eða milli 55 stig og 75 stig, og 10 kr. af hverjum bensínlítra, 10 kr. af hverjum gasolíulítra og 10 þús. kr. af hverju svartolíutonni.

Ég er ekkert að leyna því, að ég tel að þarna hafi verið skynsamlega að tillögugerð staðið og að Alþfl. hafi markað stefnuna í þessu máli á óvenjulega skynsamlegan hátt miðað við margar aðrar tillögur sem sá flokkur hefur staðið að. Það er heldur ekkert launungarmál, að í þeirri ríkisstj., sem kom til valda eftir að ríkisstj. Alþfl. fór frá, hefur mjög verið rætt um að taka upp þessa tillögu Alþfl. og flytja hana, kannske í eitthvað breyttu formi að nánar athuguðu máli, en styðjast við sömu tekjuöflun í grófum dráttum.

Í grg. frv. Alþfl. var gert ráð fyrir því, að á árinu 1980 yrðu tekjur af þessu orkugjaldi u. þ. b. 4.5 milljarðar kr., ef ekki væri gert ráð fyrir gjaldi af orkusölu til stóriðjufyrirtækja. Þar sem hér var um hálft ár að ræða má reikna með að sá skattur, sem Alþfl. gerði tillögu um, hefði skilað u. þ. b. 9 milljörðum kr. á ársgrundvelli, eins og það heitir nú orðið á máli okkar ágætu hagfræðingar.

Því er hins vegar ekki að leyna, að þessi tekjuöflunarleið er umdeild og sumum hefur fundist að skatturinn legðist með of miklum þunga á innlent eldsneyti og þá alveg sérstaklega á heita vatnið, meðan öðrum hefur fundist að skatturinn legðist of þungt á innflutta eldsneytið og ekki mætti útgerðin við því að greiða t. d. 10 kr. af hverjum gasolíulítra þegar svo illa gengi að ná saman endum á sviði sjávarútvegs. Þannig hefur ekki ríkt einhugur um að þessi leið yrði farin. Nú hefur orðið niðurstaðan hjá þeim aðilum, sem að þessari ríkisstj. standa,

og hjá ríkisstj. að fara aðra leið og leggja á sérstakt 2% orkujöfnunargjald í þessu skyni.

Eins og þegar hefur komið fram er gert ráð fyrir að framlög til greiðslu olíustyrks og kostnaður af orkusparandi aðgerðum verði um 4 500 millj. kr., eins og Alþfl. hafði áður gert ráð fyrir. Hins vegar er það svo, að úr því að farin er sú leið að leggja ákveðið gjald á vörusölu varð að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að miða annaðhvort við 1% eða 2%. Og með tilliti til þess, að fjárhagsstaða ríkissjóðs er mjög tæp að allra áliti og allir stjórnmálaflokkar sammála um að mjög mikilvægt sé að tryggja að ekki verði um að ræða rekstrarhalla ríkissjóðs á þessu ári, hefur orðið niðurstaðan að hér verði um að ræða tvö söluskattsstig í formi þessa sérstaka orkujöfnunargjalds, og gert er þá ráð fyrir að það skili um 7 milljörðum kr. það sem eftir er ársins 1980.

Það er rétt að taka fram í þessu sambandi, að upphæðin 7 milljarðar kr. er miðuð við u. þ. b. 7½ innheimtumánuð. Gert er ráð fyrir að gjaldtakan hefjist strax að loknum páskum, þriðjudaginn 8. apríl. Gjaldið er sem sagt miðað við liðlega sjö og hálfan mánuð, þar sem ekki innheimtist á þessu ári seinasti gjaldtökumánuðurinn.

Gjaldið er ekki miðað við aukna verðbólgu frá því sem miðað er við í fjárlagafrv. Að sjálfsögðu er miðað við hliðstæðar forsendur og þar er gert, en ef svo illa tækist til að verðbólgan yrði meiri kemur hitt á móti að olíustyrkurinn mun að sjálfsögðu hljóta að hækka. Ég hef heyrt menn vefengja þessa útreikninga og nefna miklu hærri tölur í því sambandi, en ég hygg að þá hljóti útreikningurinn í fyrsta lagi að miðast við 8½ mánuð, en ekki 7½, sem er auðvitað eðlilegra, og í öðru lagi hljóti menn að miða við aðrar forsendur en við gerum í fjárlagafrv.

Eins og ég hef hér tekið fram er aflað meira fjár en beinlínis þarf í því skyni að greiða olíustyrk og til orkusparandi aðgerða. Nemur það u. þ. b. 2500 millj. og mun styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Í því sambandi er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að hafa í huga að orkukreppan hefur með ýmsum öðrum hætti orðið til að veikja stöðu ríkissjóðs og hefur orðið til að kalla á aukin útgjöld úr ríkissjóði, m. a. til Rafmagnsveitna ríkisins og til ýmiss konar verkefna á sviði orkumála. Það má til sanns vegar færa, að þegar lagt er á gjald, sem nemur 7 milljörðum, renni það í raun til orkuviðfangsefna, enda þótt þau viðfangsefni séu að nokkrum hluta þegar komin inn í fjárlagafrv. og hér sé ekki um viðbótaraðgerðir að ræða nema sem nemur 4500 millj. kr.

Ég held að öll þjóðin þekki að um þessar mundir hafa stjórnarandstæðingar hvað mestar áhyggjur af því, að ýmiss konar göt kunni að vera í fjárlagagerðinni, að tekjurnar skili sér ekki í þeim mæli, sem áætlað er, eða útgjöldin verði meiri. Ég treysti því þá að hv. stjórnarandstæðingar hjálpi til við að koma í veg fyrir að hugsanlegur rekstrarhalli verði, en ævinlega verður að gera ráð fyrir nokkrum óvæntum útgjöldum.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa einnig gagnrýnt fjárlagagerðina af þeim sökum og með þeim rökum að ekki liggi fyrir frv. um hvernig aflað verði tekna til greiðslu olíustyrks, olíustyrkurinn sé tekinn út úr fjárlagafrv. Menn hafa verið að tala um fjáraukalög í þessu sambandi, það sé ætlunin að leggja á skatta á síðara stigi, eftir að fjárlög hafa verið afgreidd, í stað þess að sjá alveg til botns nú þegar, um leið og fjárlögin eru afgreidd, og geta afgreitt málin endanlega og samtímis. Ég held að þessi gagnrýni hv. stjórnarandstæðinga hafi verið borin fram með fyllstu rökum og átt fullan rétt á sér. Skýringin á þessu er einfaldlega sú, eins og menn þekkja, að ríkisstj. hafði ekki unnist tími til að taka afstöðu til þessara mála og vegna þess að ekki er hægt að gera allt í einu varð hún að taka þessar ákvarðanir í áföngum og var ekki reiðubúin til að leggja fram tillögur sínar um þessi efni. Á tímabili var óljóst hvort það tækist áður en fjárlagafrv. væri afgreitt. Þess vegna veit ég að stjórnarandstæðingar fagna því, að þetta frv. skuli vera fram komið og að það liggi nú fyrir á hvern hátt ríkisstj. hyggst afla þessara tekna og hvernig hún hyggst standa að greiðslu olíustyrks á þessu ári.

Stjórnarandstæðingar hafa einnig gagnrýnt að ekki skuli liggja fyrir upplýsingar um lánsfjáráætlun og lánsfjáröflun til verkefna af ýmsu tagi. Þessi gagnrýni er í sjálfu sér einnig réttmæt þó að dráttur á framlagningu lánsfjáráætlunar eigi mjög einfalda skýringu þar sem er það stjórnleysisástand, sem hefur verið ríkjandi, og sá skammi tími, sem núv. ríkisstj. hefur haft til að undirbúa mál.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að á fundi með fjvn. fyrir rúmum hálftíma lagði ég fram grg. af hálfu ríkisstj. um lánsfjáröflun til verkefna sem nefnd eru í B-hluta fjárlaga. Ekkert á því að vera því til fyrirstöðu að unnt sé að afgreiða fjárlögin, þar sem gerð hefur verið grein fyrir öllum þáttum sem snerta fjárlagaafgreiðsluna. Hitt skal viðurkennt, að önnur lánsfjáröflun á sér stað í þjóðfélagi okkar en sú sem snertir A- og B-hluta fjárlaga. Þar er um að ræða lánsfjáröflun til fjárfestingarsjóða og þar er um að ræða lánsfjáröflun til bæjar- og sveitarfélaga og til stofnana sem ríkissjóður á aðild að, eins og Landsvirkjunar og fleiri stofnana. Þessi mál eru enn í athugun og er því ekki hægt að leggja fram upplýsingar um þann þátt málsins, enda snertir hann ekki beint afgreiðslu A- og B-hluta fjárlaga. Ég tel að eftir að þessar upplýsingar hafa verið lagðar fram ásamt því frv., sem hér liggur fyrir, eigi ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að Alþ. geti afgreitt fjárlögin fyrir páska.

Ég vil bæta því við, að ég tel óhjákvæmilegt að það frv. sem hér er lagt fram, sé einnig afgreitt fyrir páska. Ég verð hins vegar að játa að þá er afgreiðsluhraði á málinu nokkuð mikill. Þar sem vitað er að annríki er á Alþ. er bersýnilegt að stjórnarandstaða hefur það í hendi sér, ef hún vildi og kysi það, að stöðva framgang málsins. Hún þyrfti ekki annað en neita um afbrigði og þá væri ekki hægt að afgreiða þetta frv. Ég tel hins vegar að öllum þm. sé ljóst að afgreiðsla frv. á þremur dögum er ekkert einsdæmi hér í þinginu, síst af öllu þegar mál hefur verið kynnt deginum áður en það er lagt fram í þinginu eins og er um þetta mál. Frv. var kynnt fyrir formönnum allra þingflokka í gær og flokkunum á því að hafa gefist tóm til að undirbúa afstöðu sína til þessa máls.

Ég get auðvitað ekkert um það sagt, hvort stjórnarandstaðan reynist samþykk þessu máli eða ekki, hvort hún snýst til andstöðu við það eða styður það, en ég legg á það áherslu hér að þetta er tiltölulega einfalt mál. Það er ekki og á ekki að vera þörf á því að flækja það á einn eða annan hátt og á ekki að vera þörf á því að afla margra viðbótarupplýsinga við það sem liggur þegar fyrir. Þm. standa að sjálfsögðu fyrst og fremst frammi fyrir því, hvort þeir eru með málinu eða á móti því og hvort þeir eru reiðubúnir að samþykkja það eða ekki.

Ég þarf ekki að segja það neinum hér, að að sjálfsögðu

er mjög óheppilegt að draga afgreiðslu frv. af þessu tagi lengi eftir að það hefur verið lagt fram. Það segir sig sjálft að það hlýtur að kalla á ýmiss konar spákaupmennsku úti í þjóðfélaginu ef lengi dregst að mál af þessu tagi sé afgreitt. Því hljóta þm. að hafa þá ábyrgðartilfinningu að þeir sjái að óhjákvæmilegt er að taka afstöðu til málsins með eða á móti á hæfilega löngum tíma og afgreiða það frá þinginu. Ég hygg líka að það hafi ávallt verið gert þegar líkt hefur staðið á og nú og að stjórnarandstaða hafi yfirleitt ekki lagt í vana sinn að tefja mál af þessu tagi. T. d. minnist ég þess oft að frv. um gengisbreytingar hafa verið afgreidd á einum eða tveimur dögum á Alþ., og ég hygg að það séu æðimörg dæmi þess að skattlagningarfrv. hafi verið afgreidd á einum eða tveimur dögum, einfaldlega vegna þess að þar er um að ræða þess háttar mál sem ekki þola neina bið eðli mála samkv. (**Gripið fram í:** Hvað gerðuð þið á fundinum fyrir hádegi?) Fyrirgefið, ég heyrði ekki í hv. þm. (**Gripið fram í:** Hvað gerðuð þið fyrir hádegið í morgun?) Mér þykir leitt að ég skil ekki spurninguna og verð því að bíða með að svara henni.

Ég vil segja að lokum, að ég treysti á að stjórnarandstæðingar sýni þá ábyrgðartilfinningu að þeir geri sér grein fyrir að hér er um að ræða mál sem er þess eðlis að það hlýtur að fá hraða meðferð í þinginu, hvort sem menn eru út af fyrir sig með málinu eða á móti. Ég vil ítreka það, sem hér hefur þegar komið fram, að full nauðsyn er að þetta mál verði afgreitt áður en þingið fer í páskaleyfi.

Ég vil taka það fram til viðbótar, að að sjálfsögðu er þetta ekki nema önnur hliðin á málinu. Hér er fjallað um tekjuöflunina. Hin hliðin er hvernig þessum 4000—4500 millj. verður varið, hvernig háttað verði greiðslu olíustyrks. Frv. um það efni hefur verið í smíðum og verður lagt fram fyrir páskaleyfi. Ég tel að fátt eigi að vera því til fyrirstöðu að nefndir, sem um þetta fjalla, geti jafnvel áður en frv. er tekið til afgreiðslu í nefndum fengið upplýsingar um hvað menn hugsa sér í sambandi við greiðslu olíustyrksins og hvernig honum yrði hagað. Þar liggja fyrir ákveðnar tillögur, sem ekki eru að vísu endanlega frágengnar, en gert ráð fyrir að þær verði afgreiddar í ríkisstj. á morgun.

Eins og ég hef þegar tekið fram er við það miðað að beinar greiðslur í olíustyrk verði um 400 millj. kr. Því er gert ráð fyrir að fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, verði breytt á þann veg að tekjur af söluskatti verði hækkaðar um 7000 millj., inn verði tekinn nýr liður, olíustyrkir, sem nemi 2000 millj., óviss útgjöld verði hækkuð um 2500 millj. kr. og rekstrarafgangur aukinn sem nemur 500 millj. kr.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en legg til að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Að gefnu tilefni vil ég geta þess, að þegar í hlut eiga stjfrv. eða frv., sem eru flutt fyrir hönd ríkisstj., nægir einfaldur meiri hl. til þess að afbrigði nái samþykki samkv. 70. gr. þingskapanna.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Að gefnu tilefni þykir mér rétt að víkja fyrst að málsmeðferð.

Hæstv. fjmrh. gat þess að stjórnarandstaðan hefði fengið vitneskju um þetta frv. í gær. Það er rétt, að formenn þingflokka voru kvaddir á fund klukkan hálfsjö í gærkvöld til að tilkynna þeim, að þetta frv. yrði flutt í dag, og ég fékk það sent heim í handriti seinna í gærkvöld. Ég hygg samt að hér sé um að ræða mikilvægara mál en svo að unnt sé að ætlast til af stjórnarandstöðu eða raunar þm. almennt að hafa einhverja fljótaskrift á afgreiðslu þess. Ég vil eindregið mótmæla þeim starfsaðferðum að ætla sér að sýna þm. þá lítilsvirðingu að setja þá upp að vegg með því að velja tímann tveim dögum fyrir páskahlé og segja: annaðhvort eða. Slíkar starfsaðferðir kunna ekki góðri lukku að stýra, en eru í raun dæmigerðar um vinnubrögð ríkisstj. svo og forvera hennar, vinstri stjórnarinnar.

Ástæða er til í þessu sambandi einnig að geta um það ráðleysi, fum og fát sem einkennir flutning þessa frv. sem og meðferð fjárlagafrv. og ákvörðun fiskverðs. Við þm. höfum orðið vitni að því, að klukkan tvö óskaði einn stjórnarflokkurinn eftir fundarhléi til klukkan þrjú til að halda þingflokksfund, væntanlega vegna þess að stjórnarliðar höfðu ekki gengið frá flutningi þessa máls eins og skyldi. Við þm. urðum vitni þess, að þegar máli, sem var á dagskrá, var lokið tíu mínútur yfir þrjú óskaði hæstv. fjmrh. eftir fundarhlé til klukkan hálfþjögur til að fullnægja því fyrirheiti sínu að sýna hv. fjvn. A- og B-hluta lánsfjár- og fjárfestingaráætlunar. Að vísu hafði þessu verið lofað fyrir hádegi í dag, og var ekki seinna vænna þar sem 3. umr. fjárlagafrv. fer fram á morgun, en tafðist þangað til nú svo að gera þurfti hlé á þingstörfum. Og ekki var langur tími ætlaður til þessarar yfirferðar. 20 mínútur áttu að nægja.

Ég held að þessi vinnubrögð stjórnarliðsins sýni það og sanni, að ekki er sanngjarnt að ætlast til þess að stjórnarandstaðan segi já og amen við hverju því sem að henni er rétt, sérstaklega þar sem á ferðinni er frv. til l. sem leggja auknar skattbyrðar á þjóðina er nema um 11 milljörðum kr. á ári.

Ég nefndi fiskverðið. Nú er 31. mars, síðasti dagur marsmánaðar. Fiskverðsákvörðun hefur dregist allan marsmánuð og sjómenn og útvegsmenn hafa ekki vitað allan mánuðinn hvaða tekjur þeir bera úr býtum. Við höfum frétt að í hádeginu hafi verið ákveðin gengislækkun. Menn tala um gengislækkun, menn tala um gengissig, en það gegnir auðvitað sama máli: erlendur gjaldeyrir hækkar í verði. Með þessum hætti er reynt að ýta vandanum á undan sér. Síðast þegar ég vissi var fiskverð ekki ákveðið. Það kann að hafa verið ákveðið eftir hádegið. En hvað um það, það er ljóst að gengislækkun um 3 eða 4.5%, ef miðað er við dollara, er auðvitað ákveðin af hæstv. ríkisstj. í tengslum við fiskverðsákvörðun.

Ráðh. hafa að vísu sagt að fiskverðsákvörðun sé alfarið á vegum Verðlagsráðs sjávarútvegsins eða yfirnefndar. En það er alkunna að yfirnefnd hefur ekki getað kveðið upp úrskurð vegna þess að á hefur skort ákvarðanir um mikilvægustu mál af hálfu ríkisstj. sjálfrar. Þar hefur gætt sama ráðleysis og í fyrri vinstri stjórnum. Þar hefur hver höndin verið uppi á móti annarri, eins og í fyrri vinstri stjórnum. Þar hafa yfirlýsingar hvers ráðh. um sig gengið á víxl, eins og í fyrri vinstri stjórnum. Hæstv. sjútvrh. hefur spáð gengisfalli eða hröðu gengissigi. Hæstv. forsrh. hefur afneitað hvoru tveggja. Hæstv. forsrh. hefur m. a. s. gengið svo langt að gefa forverum sínum, fyrrv. ríkisstj., algera syndakvittun með því að lýsa því yfir að afkoma atvinnuveganna, t. d. sjávarútvegsins, væri með albesta móti og ekki væri þörf neinna sérstakra ráðstafana. En reynslan afsannar orð hans. Í dag er gengislækkun og ég hef það fyrir satt að hér sé

aðeins um byrjun að ræða, ef koma eigi fiskverði saman liggi fyrir loforð um að gengið skuli látið síga a. m. k. um 5% til viðbótar næstu tvo mánuði. Um leið er spá manna, sem ég vona að rætist ekki, að það nægi engan veginn til að sjá afkomu þessa höfuðatvinnuvegar landsmanna borgið, hvað þá afkomu útflutningsiðnaðarins sem berst í bökkum.

Allt er á eina bókina lært, hvort sem litið er á flutning þessa frv. til l. um orkujöfnunargjald, afgreiðslu fjárlagafrv. eða ákvörðun fiskverðs: ráðleysi, fum og fát. Hér hafa stjórnarsinnar ætlað sér tíma til að ráða málum sínum, flækt þessi vandamál á milli sín nær tvo mánuði sem stjórnin hefur starfað, en eru svo sanngjarnir eða hitt þó heldur — að ætla stjórnarandstöðunni tvo daga til að afgreiða þetta síðasta frv.

Ef stjórnarliðar ætla sér að koma frá ýmsum öðrum málum hér í þinginu væru það rétt vinnubrögð e. t. v. að leggja áherslu á meðferð þess frv. sem nú sér dagsins ljós, frv. til l. um orkujöfnunargjald, en er auðvitað réttnefndara frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt, eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur gert að tillögu sinni. Það væri réttara af stjórnarsinnum að leggja áherslu á afgreiðslu þessa frv. og láta fjárlagafrv. bíða. Ef það kynni að vera ákvörðun hæstv. ríkisstj. mun ekki standa á okkur sjálfstæðismönnum að framlengja heimild til greiðslu úr ríkissjóði meðan gengið er sómasamlega frá fjárlagafrv. sjálfu. Auðvitað er frv. til l. um orkujöfnunargjald eða breyt. á lögum um söluskatt forsenda þess að gengið sé frá fjárlagafrv. En þarna er ekki um eina gatið að ræða í fjárlagafrv. Það eru fleiri eyður, fleiri vandamál sem ekki er sagt hvernig leysa skuli. Það er ekki getið um það í fjárlagfrv., hvernig leysa skuli vanda landbúnaðarins eða útvega framlög til að standa undir fyrirsjáanlegum greiðslum hans vegna. Í fjárlagafrv. er ekki getið um, hvernig standa skuli að efndum loforðs ríkisstj. um svokallaðan félagsmálapakka til að greiða fyrir kjarasamningum. Í fjárlagafrv. er ekki greint frá því, hvernig staðið skuli að fjármögnun ýmissa framkvæmda sem markaðir tekjustofnar áttu að standa undir, en þeir hafa, eins og kunnugt er, verið notaðir í almenna eyðslu ríkissjóðs. Ekkert af þessu er í fjárlagafrv. Það væri sæmra fyrir hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild að gera grein fyrir því, hvernig að lausn slíkra mála eigi að standa.

Herra forseti. Ég sé ekki hæstv. fjmrh. (**MÁM:** Það er sjónvarpsviðtal úti í garði.) Ég óska eftir frestun á fundi d. meðan hæstv. fjmrh. er bundinn við önnur störf. — [Stutt hlé.]

Herra forseti. Ég vil bjóða hæstv. fjmrh. velkominn til fundar að nýju og vænti þess nú að allt sé þá brennt er og ekki þurfi að fresta fundi aftur vegna anna hæstv. ráðh. eða fundarhalda hv. stjórnarsinna umfram það sem raunar var fyrir fram ákveðið.

Ég var að ræða um að það væru fleiri eyður í fjárlagafrv. en hvernig snúast ætti við greiðslu olíustyrkja eða tekjuöflun til að standa undir þeim. Það mætti nefna í því sambandi hvernig á að standa undir þeim. Það mætti nefna í því sambandi hvernig á að standa að útgjöldum vegna efnda í loforðum ríkisstj. vegna svokallaðs félagsmálapakka til lausnar yfirstandandi kjaradeilum. Ég nefndi einnig það gat sem í fjárlagafrv. væri vegna þess að ekki væri þar greint frá hvernig undir útgjöldum skyldi standa til ýmissa þeirra verkefna sem markaðir tekjustofnar hafa hingað til fjármagnað, en eins og kunnugt er hafa þeir í stórum stíl verið notaðir í eyðsluhít ríkissjóðs. Ég nefndi sömuleiðis að í fjárlagafrv. væru ekki gerð skil fyrirsjáanlegum útgjöldum vegna landbúnaðarins. Þess vegna er nauðsynlegt m. a., nauðsynlegra en oftast áður, að fyrir liggi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun með fjárlagafrv., eins og lög gera ráð fyrir, vegna þess að það er bersýnilega ætlun ríkisstj. að skjóta vandanum á undan sér og láta lánsfjáráætlun sjá um fjármögnun til þeirra verkefna sem ríkisstj. ætlar sér að standa að, að svo miklu leyti sem efndir verða á loforðum ríkisstj. í stjórnarsamningi.

Það er ástæða til þess í þessu sambandi að rifja upp lög um stjórn efnahagsmála, sem samþykkt voru á Alþ. 7. apríl fyrir tæpu ári. Þar er sagt berum orðum eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta, í 14. gr. laganna:

„Ríkisstj. skal leggja fyrir Alþ. fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn, og skulu þær fylgja fjárlagafrv.“

Í 15. gr. laganna er beinlínis getið um hvernig slíkum fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skuli háttað, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu m. a. eftirtalin atriði koma fram:

1. Heildaráætlun um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra með framlögum á fjárlögum, eigin fjármögnun opinberra fyrirtækja og lánsfé, enn fremur um framkvæmdir annarra aðila.
2. Framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga.
3. Framlög til fjárfestingarlánasjóða.
4. Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða og fjármögnun þeirra.
5. Útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða.
6. Áætlun um erlendar lántökur opinberra aðila.

Enn fremur skal gera grein fyrir þróun og horfum um fjárfestingu í einstökum atvinnuvegum. Þá skal greina frá áætlunum um lánamarkaðinn í heild, þar með áætlun um erlendar lántökur og markmið í peningamálum, og þeim tækjum, sem beita skal til þess að þeim verði náð, sbr. ákvæði 28. og 29. gr.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal jafnan fylgja mat á mannaflaþörf áætlaðar framkvæmda í heild og þar með mat á atvinnuástandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sérstaklega.“

Svo mörg eru þau orð sem standa í 15. gr. laga um stjórn efnahagsmála, sem hæstv. fjmrh. samþykkti á Alþ. fyrir tæpu ári.

Hæstv. fjmrh. bar það fyrir sig að hann hefði ekki haft tíma og ríkisstj. sem slík hefði ekki haft tíma til að undirbúa slíka lánsfjár- og fjárfestingaráætlun. Ég vil mótmæla þeirri ástæðu sem hæstv. fjmrh. ber fyrir sig, vegna þess að í höfuðatriðum áttu aðstandendur stjórnarinnar að gera sér grein fyrir umfangi fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar þegar áður en ríkisstj. var mynduð.

Því hefur verið haldið á loft að skamman tíma hafi tekið að mynda þessa ríkisstj. En sannleikurinn er sá, að þeir tveir mánuðir, sem fóru í stjórnarmyndunartilraunir, voru auðvitað notaðir til að glöggva sig á úrlausnum þeirra vandamála sem við blöstu. Og hafi skamman tíma tekið að mynda núv. ríkisstj. er skýringin eingöngu sú, að aðstandendur núv. ríkisstj. hafa alls ekki tekið á vandamálunum, alls ekki gert sér grein fyrir hvernig ætti að leysa vandamálin, og þess vegna er ríkisstj. á sandi byggð og fyrir henni mun fara sem húsi sem byggt er á slíkri undirstöðu.

Hæstv. fjmrh. sagði að fjárhagsstaða ríkissjóðs væri mjög tæp og um það væru allir sammála. Ég hef ekki orðið var við að hæstv. fjmrh. væri sammála þeirri gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga fyrr en þá í dag.

Hæstv. fjmrh. sagði að orkukreppan hefði kallað á aukin útgjöld ríkissjóðs. En það er einnig kunnugt að hækkandi bensín- og olíuverð hefur fært ríkissjóði allmiklar og auknar tekjur. Hæstv. ríkisstj. hefur nú til meðferðar ákvörðun bensínverðs. Um það efni fóru fram umræður fyrir helgi og fengust engar yfirlýsingar um efndir á þeim loforðum eða yfirlýsingum hæstv. fjmrh. meðan hann var samgrh. að breyta nú uppbyggingu bensínverðs, svo dæmi sé nefnt.

Hæstv. fjmrh. sagði í síðustu viku að frá og með 1. apríl væri heimild til að hækka bensínið enn þá meira en fram að þeim tíma. Mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort ætlunin sé að nýta þá heimild og hvort ástæðan fyrir þeim drætti, sem er á afgreiðslu ríkisstj. á ákvörðun bensínverðs, sé fólgin í því að hún ætli sér að nýta þá heimild og þá með hvaða hætti.

Ég vil láta það koma alveg skýrt fram í framhaldi af því sem ég hef rakið hér um skyldu ríkisstj. að leggja fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun með fjárlagafrv. að við sjálfstæðismenn teljum þeirri skyldu ekki fullnægt með því að sýna fjvn. drög að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun að því er snertir A- og B-hluta fjárlaga. Í fjárlagafrv. er, eins og kunnugt er, dregið úr framlögum til ýmiss konar fjárfestingarlánasjóða og þess vega er nauðsynlegt að sjá, hvernig fjárfestingar- og lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir að leysa vanda þessara sjóða, áður en fjárlagafrv. er endanlega frágengið og samþykkt á Alþ. Þó ekki væri til að dreifa nema þessari einu ástæðu væri hún nægileg til að sýna hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild fram á að það er ábyrgðarleysi að ganga frá fjárlögum án þess að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun liggi fyrir jafnhliða, auk þess sem um hreint lagabrot er að ræða að standa svo að málum sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér bersýnilega.

Varðandi það frv. til l., sem hér liggur fyrir, vil ég láta koma skýrt og greinilega fram að við sjálfstæðismenn teljum það sanngirnismál að jöfnun á kyndingarkostnaði eigi sér stað milli þeirra, sem búa á heitavatnssvæðum, og hinna, sem verða að búa við olíukyndingu. Við teljum æskilegra, að jöfnun kyndingarkostnaðar fari fram með því að leggja ekki sérstakan skatt á orkuna sjálfa, og teljum því út af fyrir sig til bóta að ekki sé farið í spor fyrrv. hæstv. iðnrh. Braga Sigurjónssonar að leggja á sérstakt orkugjald. Hins vegar er það kunnugt og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að um þetta efni hefur verið deilt innan hæstv. ríkisstj. svo mjög að framlagning þessa frv. hefur tafist eins og raun ber vitni. Um þá töf er ekki hægt að kenna stjórnarandstöðunni, og náist þetta frv. þess vegna ekki fram sem lög fyrir páskaleyfi er það alfarið sök hæstv. ríkisst. og þeirra deilna sem innan hennar hafa staðið um þetta mál.

Hér er ekki fyrst og fremst verið að afla tekna til að jafna niður orkukostnaði, heldur almennt verið að auka skattlagninguna í landinu og frá því sjónarmiði verðum við að líta þetta mál. Hér er verið að leggja á alla landsmenn 11 milljarða kr. viðbótarskatt á hverju ári. Þegar sú viðbótarskattlagning kemur í kjölfar þeirrar skattaherferðar, sem fyrrv. vinstri stjórn og núv. hefur haft forgöngu um, er það skylda alþm. að nema staðar og vekja athygli á þeirri öfugþróun. Það hefur verið upplýst á Alþ. að viðbótarskattar ríkisstj. hafa leitt til þess að beinir skattar eru nú 25 milljörðum kr. hærri en þeir mundu vera á yfirstandandi ári ef skattalög ríkisstj. 1974—1978, er giltu 1977, væru óbreytt. 25 milljarðar kr. eru þó allmikið fé. Hér er eingöngu um aukningu beinna skatta að ræða frá reglum, er giltu 1977, til reglna, sem munu gilda á yfirstandandi ári. Hér er um að ræða að beinir skattar sem hlutfall af tekjum greiðsluársins munu aukast um nær 40%. Og ekki er þróunin heillavænlegri hvað snertir óbeina skatta. Í þeim efnum er einnig um a. m. k. 25 milljarða kr. auknar skattálögur að ræða frá því sem hefði verið eftir skattálagningarreglum 1977. Samtals er hér um 50 milljarða kr. aukna skattbyrði að ræða, og tilefni er því til að kanna hvort unnt er að leysa kyndingarvandamál og misrétti í því sambandi með öðrum hætti en hækkunsöluskatts.

Við sjálfstæðismenn höfum varað við vaxandi tilhneigingu til að auka alls konar millifærslur í þjóðfélaginu og teljum að afla eigi fjármagns til að standa undir niðurgreiðslu kyndingarkostnaðar með því að lækka nokkuð niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum. Félagar okkar hafa flutt till. um 5 milljarða kr. tilfærslu í þessu sambandi í tengslum við 3. umr. fjárlaga. Væri það mun heilbrigðari lausn þessa máls en sú lausn sem lögð er til í frv. til l. um orkujöfnunargjald. Þar að auki er ekki varið til niðurgreiðslu orkukostnaðar nema rúmlega helmingi af þeirri tekjuöflun sem verður við samþykkt frv. á þessu ári. Því er það ekki rétt nafn sem á frv. er, eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur bent á með flutningi brtt. sinnar. Og einmitt vegna þessa er ástæða til þess að varpa fram þeirri fyrirspurn, hvernig ætlunin sé að framkvæma þessar skattálögur í tengslum við útreikning framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu eða verðbótavísitölu.

Í 50. gr. laga þeirra er ég vitnaði til áðan, laganna um stjórn efnahagsmála o. fl., segir með leyfi hæstv. forseta:

„Við útreikning verðbótavísitölu samkv. 49. gr. skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun hennar eða lækkun, er leiðir af eftirtöldum breytingum milli útreikningsdaga verðbótavísitölu.“

Í 2. tölul. er svo sagt: „Breytingar á sköttum eða gjöldum eða álagning sérstakra skatta í því skyni að afla fjár til þess að draga úr áhrifum hækkunar olíuverðs á árunum 1979 og 1980 á framfærslukostnað þeirra heimila, sem hita hús sín með olíu. Verði fé varið úr ríkissjóði umfram áætlun fjárlaga 1979 til þessara þarfa án þess að skattar eða gjöld séu hækkuð af þeim sökum eða á lagður sérstakur skattur, skal einnig draga jafngildi slíkrar fjárveitingar frá hækkun framfærsluvísitölu við útreikning verðbótavísitölu. Kauplagsnefnd skal meta þennan frádráttarlið sérstaklega hverju sinni, í fyrsta sinn við útreikning verðbótavísitölu frá 1. júní 1979.“

Það er nauðsynlegt, að fram komi hvernig slíkir útreikningar muni líta út, og því er fsp. mín fram komin.

Herra forseti. Ég skal nú fara að stytta mál mitt. Ég vil leggja áherslu á að sífellt nýjar skattálögur, sem hæstv. ríkisstj. gerir hér tillögur um, hljóta að valda mönnum áhyggjum og ekki síst þegar hugsað er til þeirra kjarasamninga sem nú eiga sér stað. Það er erfitt að halda því fram gagnvart launþegum að tekjur þeirra megi ekki hækka þegar hið opinbera gengur á undan og hækkar tekjur sínar á kostnað launþega í landinu. Ég hef þegar rakið hinar auknu skattálögur sem orðið hafa frá því lagt var á samkvæmt reglum 1977 og til þess sem verða mun samkvæmt þeim reglum er væntanlega munu gilda á þessu ári.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur einkum og sér í lagi staðið fyrir þeim skattálögum sem vinstri stjórnin áður setti á 13 mánaða valdatíma sínum, haldið þeim öllum við, endurnýjað alla þessa skatta og framlengt, en þeim til viðbótar hefur núv. ríkisstj. staðið fyrir heimild til hækkunar útsvars um 10%. Ríkisstj. hefur staðið fyrir 11 milljarða kr. auknum skattálögum með hækkun söluskatts úr 22 í 24%, sem felst í þessu frv., og hún hefur með því að halda áfram í gildi allt þetta ár hækkun söluskatts í 22% og hækkun vörugjalds úr 18% í 24%, sem fyrri vinstri stjórn ætlaði jafnvel ekki nema tímabundið gildi, aukið skattálögur um 15 milljarða frá síðasta ári. Hún hefur með þessum auknu skattálögum og framlengingu skatta, sem ekki giltu nema hluta af síðasta ári, staðið alls fyrir um 30 milljarða kr. auknum skattálögum á þessu ári miðað við síðasta ár.

Það hefur verið sagt að það væri stefna núv. hæstv. ríkisstj. að beita niðurtalningaraðferðinni. Ég held að hún hafi fremur beitt upptalningaraðferðinni þegar um skattálögur og tekjuöflun í ríkissjóð er að ræða, og niðurtalningaraðferðin hafi fyrst og fremst átt við að hennar mati þegar um hag einstaklinga, heimila og atvinnuvega hefur verið að ræða. Hún hefur beitt upptalningaraðferðinni til þess að stækka ríkiskerfið og auka ríkisbáknið, en um leið niðurtalið hagsmuni einstaklinga, heimila og atvinnuvega.

Ég vonast til þess, að hæstv. ríkisstj. endurskoði þá afstöðu sína að knýja á um samþykkt þessa frv. á skömmum tíma jafnhliða afgreiðslu fjárlaga. Slíkt væri ábyrgðarleysi, en e. t. v. ekki meira ábyrgðarleysi en hæstv. ríkisstj. hefur nú þegar sýnt á skömmum starfsferli.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Á sjöunda tímanum í gær, á sunnudegi, voru forustumenn þingflokka stjórnarandstöðunnar boðaðir á fund tveggja hæstv. ráðh. til að ræða við þá um þau mál sem ríkisstj. óskaði að fá afgreidd fyrir páskaleyti. M. a. var þessum mönnum þá afhent frv. það sem nú er verið að ræða, á þskj. 252. Til þess að geta orðið við tilmælum hæstv. ríkisstj. um að afstaða gæti legið fyrir þegar umr. hæfust kl. tvö í dag héldum við Alþfl.-menn þingflokksfund í morgun kl. ellefu og sama munu sjálfstæðismenn hafa gert. Það furðulega gerist hins vegar þegar þingfundur hefst kl. tvö, að einn stjórnarflokkurinn biður um frest. Hann hefur ekki haft tíma til að fjalla um það mál sem við vorum beðnir að fjalla um kl. hálfsjö í gærkvöld. Síðan hafa þingstörfin í þessari hv. d. öll gengið á afturfótunum. Þegar búið var að taka þinghlé vegna óska eins stjórnarflokkssins, sem ekki var reiðubúinn með afstöðu þegar þingfundur hófst, þurfti hæstv. fjmrh. að bregða sér frá. Þegar hann var kominn í salinn aftur hafði hæstv. ráðh. stuttan stans, því hann þurfti að skjótast út í garð til að ræða við blaðamenn og varð að fresta fundi á meðan. Þessi vinnubrögð bera ekki vott um að það sé mikil og góð verkstjórn á stjórnarliðinu. Þessi vinnubrögð bera ekki vott um að hæstv. ríkisstj. leggi mikið kapp á að fá þessi mál afgreidd.

Fyrir nokkrum dögum var haldinn í Reykjavík ársfundur Rannsóknaráðs ríkisins. Þessi fundur var haldinn í Háskólabíói og voru flutt mörg athyglisverð erindi. Meðal þeirra, sem fluttu þar erindi, var Sveinbjörn Björnsson jarðeðlisfræðingur. Erindi hans fjallaði um jarðgufuvirkjanir. Í erindi sínu sýndi Sveinbjörn fram á annars vegar hvernig ætti að standa að undirbúningi slíkra virkjana, miðað við þá þekkingu og þá reynslu sem vísindamenn hafa yfir að ráða, og hins vegar hvernig ekki ætti að standa að slíkum framkvæmdum. Sveinbjörn Björnsson tók Kröfluvirkjun sérstaklega sem dæmi um, hvernig ekki ætti að standa að slíkri framkvæmd, og tók raunar fram að hann og samkennarar hans við Háskóla Íslands gætu ekki svarað nemendum sínum þegar þeir spyrðu þá út í framkvæmdaatriði þeirrar virkjunar. Sveinbjörn Björnsson tók fram, að það væri ekki aðeins að virkjunin kostaði Íslendinga nú á bókfærðu verði 17 milljarða, sem er ígildi þess sem það kostar að malbika hringveginn kringum landið, hann tók fram að það væri ekki aðeins vegna þess, hvernig á málum hefði verið haldið, að Íslendingar hafa glatað þeirri fjárhæð í ekki neitt, hann skýrði líka frá því að íslenskir skattborgarar þyrftu á hverju ári að borga í fjármagnskostnað af þessari virkjun, sem engum er að gangi, hærri fjárhæð en kostar að reka Háskóla Íslands. Þetta er það sem íslenskir skattborgarar þurfa að greiða á hverju einasta ári fyrir þau mistök sem unnin voru við gerð Kröfluvirkjunar.

Þetta kemur alþm. ekkert á óvart. Þetta vita þeir. En hafa menn nokkurn tíma hugleitt hver urðu örlög þeirra manna sem standa þarna ábyrgir? Hverjir voru ábyrgir fyrir þessum stórkostlegu fjármálamistökum sem kosta íslenska skattborgara nú á hverju einasta ári ígildi þess sem kostar að reka Háskóla Íslands? Sá, sem höfuðábyrgðina bar, var að sjálfsögðu sá maður sem valinn var til að hafa forsjá og vera yfirstjórnandi iðnaðar- og orkumála í þessu landi. Hvar er sá maður nú? Hann situr í sæti hæstv. forsrh. Íslands. Maðurinn, sem bar höfuðábyrgðina á einhverju mesta fjármálahneyksli í sögu íslenskra framkvæmda, er forsrh. Íslands. Í umboði hans fór sérstök nefnd með framkvæmdina, svokölluð Kröflunefnd. Tveir nefndarmenn voru kjörnir á Alþingi Íslendinga í síðustu kosningum. Hverjir skyldu þetta vera og hvar eru þeir? Varaformaður Kröflunefndar bar þó ekki alveg eins mikla ábyrgð og þáv. iðnrh., núv. hæstv. forsrh. Hvaða verk skyldi hann nú hafa með höndum í íslensku þjóðfélagi? Jú, hann er hvorki meira né minna en æðsti yfirmaður allra vísindarannsókna í þjóðfélaginu, hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason. Varaformaður Kröflunefndar er orðinn æðsti yfirmaður allra vísindarannsókna á Íslandi, og annar af þeim tveimur Kröflunefndarmönnum sem náðu kjöri á Alþ. er orðinn æðsti yfirmaður fjármála íslenska ríkisins.

Hafa menn nokkurn tíma hugleitt hvað þetta þýðir? Hafa menn nokkurn tíma leitt hugann að því, í hvers konar revíuþjóðfélagi við Íslendingar erum farnir að lifa? Ef leitað verður að þeim mönnum, sem báru hvað mesta ábyrgð á einhverju stærsta fjármálaævintýri í framkvæmdasögu Íslands, og leitt í ljós, hvar þessir menn eru nú, er sá sem höfuðábyrgðina bar í sæti forsrh. Íslands, sá sem kom næstur honum er æðsti yfirmaður rannsókna meðal íslensku þjóðarinnar og þriðji Kröflunefndarmaðurinn er sá sem stjórnar fjármálum íslenska ríkisins. Hvernig geta menn átt von á að ríkisstj., sem þannig er saman sett, nái tökum á verðbólguvandanum á Íslandi eða geti rétt af ríkisskútuna? Hver á að gera það? Fyrrv. orkumálaráðherra, varaformaður Kröflunefndar eða Kröflunefndarmaðurinn Ragnar Arnalds?

Árið 1971 komust tveir flokkar til valda á Íslandi sem

áður höfðu setið í stjórnarandstöðu í 12 ár. Þá varð sú breyting á stjórnarstörfum á Íslandi, að segja má að stjórnarandstaðan hafi gerst ríkisstj. án þess að henni hefði dottið í hug að það þyrfti annað og meira til að stjórna landinu en málflutning stjórnarandstöðu, sem vissulega getur oft verið yfirborðskenndur og í formi yfirboða. Það má auðvitað sitt hvað segja misjafnt um viðreisnarárin. Þeirri ríkisstj. voru mislagðar hendur eins og mörgum ríkisstj. á Íslandi. En eitt einkenndi þó viðleitni þeirrar ríkisstj., hvort sem hún var meira eða minna góð þegar á heildina er litið, en það var að sú ríkisstj. reyndi að fylgja jafnvægisbúskap í efnahagsmálum, hún reyndi að sýna varkárni og aðgæslu, sérstaklega í sambandi við meðferð ríkisfjármála, og hún ásetti sér að það væri viðfangsefni ríkisstj., Alþ. og annarra stjórnenda landsins að mæta óhjákvæmilegum ytri áföllum þannig að þjóðin fengi að njóta góðs af þegar um búhnykk væri að ræða, en þyrfti að taka á sig byrðar þegar þjóðarbúið yrði fyrir áfalli. Þessi sjónarmið eru ekki vinsæl. Það er ekki vinsælt, ef olíuverð stórhækkar á heimsmarkaði þannig að lífskjör íslensku þjóðarinnar rýrna, að stjórnvöld reyni að vera sjálfum sér samkvæm og halda þannig á málum að almenningur í landinu finni þess merki að þjóðarbúið hefur orðið fyrir áfalli. Slíkt var ekki vinsælt. Þessi afstaða hafði það í för með sér, að sú ríkisstj. missti þingmeirihl. sinn. En slík afstaða stjórnvalda er engu að síður nauðsynleg, því ef ríkisstj. fylgir ekki slíkri stefnu, hver á þá að gera það fyrir landsmenn alla?

Þegar Framsfl. og Alþb. komu til valda árið 1971 fylgdu þeir og hafa fylgt síðan stjórnarandstöðupólitík í ríkisstj. Sú pólitík hefur verið á þá lund, að það hefur aldrei verið spurt um aðstöðu eða getu þjóðarinnar til að gera eða framkvæma, heldur aðeins um vilja. Hverjum degi hefur verið látin nægja sín þjáning og stjórnvöld landsins hafa hagað sér, eins og segir í þeirri góðu bók Biblíunni að fuglar himinsins geri: safna ekki í kornhlöður, heldur láta hverjum degi nægja sína þjáningu í þeirri von að drottinn sjái um að endar nái saman.

Dæmi um þessa afstöðu eru fjölmörg. Eitt af fyrstu viðfangsefnum þeirrar ríkisstj. var t. d. að hraða gildistöku laga um almannatryggingar, sem kváðu á um tekjutryggingu til eldra fólksins, um fjóra mánuði. Hins vegar var ekkert fé til í almannatryggingum til að greiða þetta. Þannig myndaðist skuld hjá ríkissjóði við almannatryggingarnar, því almannatryggingar tóku þessa upphæð úr sjóðakerfi, svo sem eins og lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, sem stofnunin átti að varðveita. Skuldin, sem stofnað var til árið 1971, er ógreidd enn. Sá víxill, sem þáv. hæstv. ríkisstj. gaf út, hefur stöðugt verið framlengdur. Um s. l. áramót nam þessi skuld ríkissjóðs við Tryggingastofnun ríkisins um 7 milljörðum og er allar götur síðan ákvörðunin var tekin sumarið 1971.

Við skulum taka annað dæmi. Það hefur verið mikið talað um að á árum fyrri ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hafi orðið mikil olíuverðshækkun sem hafi kostað íslenska þjóðarbúið mjög mikið og orðið til að rýra lífskjör landsmanna. Ég býst við að minna sé vitað um að allur sá reikningur, sem þá féll í gjalddaga við hækkun olíuverðs á heimsmarkaði, var tekinn að láni hjá Alþjóðabankanum. Sá reikningur er ógreiddur enn. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég veit satt að segja ekki hvort við stjórnarandstæðingar eigum að vera að halda þessu máli svo mjög til streitu, því maður verður þess áþreifanlega var að stjórnarsinnar gera allt sem þeir geta til að tefja málið. En það er kannske rétt að halda áfram engu að síður og gera þá fjórðu tilraunina í dag, en ef þetta ætlar að ganga svona held ég að langbest sé að láta að vilja stjórnarsinna og sleppa frekari umr. um þetta mál, láta það detta. Ætli það sé ekki affarasælast fyrir alla?

Ég mun hafa verið kominn þar máli mínu að ég var að taka dæmi um þá búskaparhætti sem teknir voru upp hér á landi þegar Framsfl. og Alþb. komust til valda eftir 12 ára útlegð á árinu 1971. Síðara dæmið, sem ég ætlaði að taka, var á þá lund, að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, sú fyrri og verri, ræddi mikið um það á sínum tíma hversu olíuáfallið, sem þá kom, hefði orðið ríkisstj. erfitt og valdið Íslendingum miklum búsifjum. Ég ætlaði að veita þær upplýsingar að tekinn var víxill upp á framtíðina vegna olíuverðshækkunarinnar. Þá var tekið lán hjá erlendri lánastofnun og það lán gjaldféll ekki fyrr en í fyrra og hefur ekki verið greitt af því með öðrum hætti en nýrri erlendri lántöku. Fyrsta olíuáfallið, sem þjóðin varð fyrir, er þjóðin raunverulega ekki byrjuð að borga enn.

Þetta er dæmigert um þá stjórnarstefnu sem verið hefur í landinu undanfarinn áratug, þar sem reynt hefur verið að lifa frá degi til dags, stjórnvöld hafa starfað eftir þeirri reglu að hugsa ekki fyrir morgundeginum, en slá öllum vanda á frest. Þetta er eins fjarlægt jafnvægisbúskap og hugsast getur, enda er niðurstaðan orðin sú eftir um það bil einn áratug, að íslenskt þjóðfélag og íslenskt efnahagslíf stendur mjög völtum fótum. Kaupmáttur launafólks er nú, 10 árum síðar, um það bil 10% minni en hann hefði verið ef jafnvægisstefnu viðreisnaráranna hefði verið fram haldið með öllum hennar göllum. Allir sjóðir eru uppurnir í landinu. Verðbólgan hefur aldrei í sögu landsins verið meiri. Lánstraust þjóðarinnar hjá erlendum lánastofnunum er á þrotum o. s. frv.

Svo virtist vera á s. l. hausti að það mundi bresta þingmeirihluta til að halda þessari stjórnarstefnu áfram. Eftir langvinnt stjórnarmyndunarþóf kom þó í ljós að svo var ekki, þegar nokkrir þm. úr Sjálfstfl. tóku sig upp og fluttust búferlum til að geta haldið áfram að viðhalda þeirri óheilla- og ójafnaðarstefnu sem innleidd var hér með stjórnarskiptunum 1971. Ég hef þá trú, að sú tilraun standi ekki mjög lengi. Getur þá svo farið að það verði lengra en 12 ár í það að slíkt búskaparlag verði reynt að nýju. En hitt er svo annað mál, hvernig það verður fyrir þá sem koma til með að taka við af hæstv. ríkisstj., því einhvern tíma kemur að því að hún skilar af sér, hvort sem það verður fyrr eða síðar. Ég er hræddur um að það verði erfitt fyrir þau stjórnvöld að rétta þjóðarbúið af eftir þá hallasiglingu sem á því mun verða þau árin eða þá mánuðina, hvort sem þeir verða margir eða fáir, sem núv. hæstv. ríkisstj. lafir við stjórnvöl.

Herra forseti. Ég hefur áður vakið athygli á því, að þau vinnubrögð, sem beitt hefur verið við stjórn lands okkar undanfarinn áratug, séu ekki aðeins hefðbundin stjórnarandstöðuvinnubrögð þar sem ekki er reynt að horfast í augu við nokkurn vanda, en öllum málum slegið á frest, gengið í alla sjóði, allt eigi að gera fyrir alla, — það séu ekki aðeins hefðbundin stjórnarandstöðuvinnubrögð sem íslensku þjóðfélagi hefur verið stýrt eftir s. l. 10 ár, heldur sé annar af þeim tveimur flokkum, sem ferðinni hafa ráðið, Alþb., þess eðlis, að hann sýni í efnahagsmálum nokkurs konar hefðbundin viðbrögð við ytri áreitni, það sé eins og með hundana hans Pavlovs, sem ávallt brugðust við með tilteknum

hætti ef þeir heyrðu tiltekið hljóð eða urðu fyrir tilteknum þrýstingi. Eins er það með þá ágætu kollega mína hér sem tilheyra Alþb. Efnahagsstefna þeirra er ekki tekin með tilliti til ríkjandi aðstæðna, heldur nokkurs konar ósjálfráð viðbrögð í „pavlovskum" stíl við ytri áreitni í efnahagsmálum.

Sá ágæti maður Hannibal Valdimarsson sagði einu sinni um Alþýðubandalagsmann, að hans stóri kostur væri að honum dytti aldrei neitt í hug. Það má segja það sama um þá ágætu Alþýðubandalagsmenn nú í þinginu, sérstaklega með tilliti til efnahagsmála, að þeim dettur aldrei neitt í hug, og ekki nóg með að þeim detti ekki neitt nýtt í hug, heldur geta menn ávallt gert sér nokkurn veginn í hugarlund hvað þeir muni gera, miðað við þá ytri áreitni sem þeir verða fyrir í efnahagsmálum. Svo „pavlovsk" eru þau viðbrögð.

Laugardaginn 1. mars s. l., nokkru áður en fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. kom fram, gerði ég mér það til gamans að skrifa grein í Morgunblaðið. Þar reyndi ég, miðað við hin hefðbundnu „pavlovsku" viðbrögð Alþb. í efnahagsmálum, að spá, bæði í gamni og alvöru, hvað mundi gerast af hálfu hæstv. ríkisstj. í efnahags- og fjármálum á næstu vikum. Og það er einkar athyglisvert og ánægjulegt, fyrir sjálfan mig a. m. k., að hvert einasta atriði í þessari spásögn hefur náð fram að ganga. Viðbrögð Alþb. eru orðin svo „pavlovsk" að hægt er að spá um þau marga mánuði fram í tímann, miðað við þá ytri áreitni sem menn vita með nokkurri vissu að þeir muni verða fyrir á þeim tíma.

Ég sagði að mér þætti einkar líklegt að ríkisstj. mundi gera þrennt: Í fyrsta lagi stórauka erlendar lántökur. Í öðru lagi taka upp þau nýju vinnubrögð að leysa útgjaldavanda utan fjárlaga með nokkurs konar viðbótarfjárlögum eða fjárlagakálfi. Og í þriðja lagi afla sérstakra viðbótartekna með afbrigðilegum hætti.

Ég sagði í spádómi mínum frá 1. mars s. l., sem ég ítreka að var gerður í gamni, en einnig nokkurri alvöru, að mér fyndist harla ólíklegt að hæstv. ríkisstj. treysti sér til að hækka beina skatta til að koma endum saman öllu *meira en um 4—6 milljarða kr., enda hefur sú orðið* raunin. Hún hefur ekki treyst sér til að hækka áætlun um tekjuskatta á einstaklingum öllu meira, þó svo að hún hafi treyst sér til að lækka áætlun fjárlaga um tekjuskatt af fyrirtækjum í landinu um 850 millj. kr. Að vísu hefur heyrst upp á síðkastið að e. t. v. sé á leiðinni frá ríkisstj. hugmynd um breytingar á skattstigum einstaklinga til hækkunar í sambandi við álagningu tekjuskatts. Engu að síður stendur dæmið þó þannig, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki treyst sér til að hækka tekjuskatta á einstaklingum um öllu meira í einni svipan en um 4—6 milljarða. Sú spásögn er því rétt.

Ég gat mér þess til, að miðað við að ríkisstj. hækkaði tekjuskatta um 4—6 milljarða kr. mundi hana vanta um tvo tugi milljarða til þess að endar næðu saman í útgjaldaáformum ríkisstj. Það virðist líka hafa verið nokkuð rétt, vegna þess að miðað við þau áform, sem hæstv. ríkisstj. hefur þegar tilkynnt og ekki eru inni í fjárlögum og verið er m. a. að ræða nú, virðist ríkisstj. vanta umfram það, sem ákveðið er í fjárlögum, 16—20 milljarða kr. í skattheimtu.

Ég gat mér þess til, að e. t. v. væri það nærtækasta ráðið fyrir ríkisstj., a. m. k. miðað við viðbrögð Alþb., sem menn þekkja frá fyrri tíma, að afla hluta þessa fjár með svo sem eins og 1% söluskattshækkun. Frv. um 1% söluskattshækkun er til meðferðar hér. Hæstv. fjmrh. lýsti því nefnilega yfir, þegar hann fylgdi frv. því úr hlaði *sem hér er til umr. um hækkun á söluskatti um 2 prósentustig*, að annað prósentustigið væri vegna verðjöfnunarvandans af kyndikostnaði, en hitt prósentustigið væri almenn tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Þannig hefur ágiskun mín reynst mjög nærri lagi. M. ö. o. hefur verið flutt hér frv. um 1% almenna hækkun á söluskatti til að standa undir viðbótarútgjöldum ríkissjóðs umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir.

Þá gat ég mér þess til líka, að ríkisstj. mundi hugsa sem svo, að e. t. v. væri ekki ýkjagott að þessi hækkun á söluskatti kæmi fram í hækkaðri vísitölu, einhverjum ráðstöfunum mundi ríkisstj. sennilega beita til þess að komast hjá því að launafólk í landinu, sem á að bera þessa skattahækkun í formi hækkaðs vöruverðs, fengi hana bætta í kaupi. Og ég heyrði ekki betur, að vísu voru orð hæstv. fjmrh. um það áðan mjög loðin, en hæstv. ríkisstj. væri einmitt að athuga með hvaða hætti hún gæti komist fram hjá þeim vísitöluákvæðum sem gera aðilum skylt að bæta slíka hækkun á óbeinum sköttum í kaupgjaldi. Einnig þarna virðist spásögn mín hafa gengið nokkuð eftir.

Til viðbótar þessu gat ég mér þess til og benti á, að ein merkasta nýja uppfinningin á sviði þeirrar stjórnarstefnu í efnahagsmálum, sem við Alþfl.-menn köllum „Lúðvíksku", hafi verið fundin upp nú á dögunum, þ. e. að taka fyrirsjáanlegt viðfangsefni fjárlaga út úr fjárlagaafgreiðslunni og láta eins og það væri ekki til, en afgreiða málið með sérstökum tekjuöflunarlögum tengdum útgjaldaáformunum í nokkurs konar fjárlagakálfi. Eins og menn vita, er „kálfur" viðbótarútgáfa af blaði, og fylgir viðkomandi blaði sem nokkurs konar aukablað. Þá uppfinningu gerðu Alþb.-menn á þessum vetri með frv. um ábyrgðar- og greiðsluheimild vegna lántöku að upphæð 3 milljarðar kr. vegna útflutningsvanda landbúnaðarins, og slíka uppfinningu, sem er svo „lúðvíksk" eins og þessi uppfinning er, geta Alþb.-menn að sjálfsögðu ekki látið ónotaða. Þegar málið var loks afgreitt, eftir að fjárlagafrv. var komið fram, var það gert nákvæmlega með þeim hætti, að bæði tekjuöflunin og útgjöldin voru afgreidd með sérstakri lagasetningu utan fjárlaga með tilbúningu nokkurs konar fjárlagakálfs.

Með nákvæmlega sama hætti átti að leysa olíuupphitunarvandann. Það átti að gefa út sérstakan fjárlagakálf hans vegna. Svona hefði verið hægt að taka bókstaflega öll viðfangsefni fjárlagagerðar, sem með einhverjum hætti eru þess eðlis að erfitt er að andæfa gegn slíkum útgjöldum. Með þeim hætti getur hvaða ríkisstj. sem er leyst vandmeðfarin og viðkvæm mál, með þeim einfalda hætti að taka þau út fyrir fjárlagaafgreiðslu, búa til úr þeim sérstaka fjárlagakálfa og leggja þannig fram og afgreiða ófullburða fjárlög sem ekki verða heildstæð nema búið sé að samþ. og afgreiða slíkan fjárlagakálf.

Auðvitað er hægt að taka fjölmörg slík atriði úr fyrir fjárlagaafgreiðslu. Við skulum t. d. segja sem svo, að til þess að endar nái saman í ríkisfjármálunum vanti 5 milljarða kr. tekjuöflun. Það væri hægt að afgreiða það mál með sama hætti og hér er vitnað til, með þeim einfalda hætti að taka t. d. öll útgjöld til sjúkrahúsa út úr fjárlagafrv. og afgreiða fjárlögin með þeim hætti, en leggja síðar fram frv. um fjáröflun til rekstrar sjúkrahúsa, þar sem bæði væri um að ræða ákvæði um útgjöldin til sjúkrahúsarekstrarins og um sérstaka skattheimtu til að

afla fjár fyrir útgjöldum til sjúkrahúsa og láta menn svo standa frammi fyrir því hér á Alþ. að afgreiða slíka skattheimtu samfara útgjaldaáformunum. Mér er sem ég sæi hv. þm. fella slíkt frv. um skattahækkun, ef sú skattahækkun væri tengd einhverju vinsælu máli og einhverju máli sem illmögulegt væri að vera á móti, eins og þessu.

Að lokum vil ég aðeins geta þess, að hæstv. ríkisstj. virðist líka ætla að fara eftir þeirri spásögn minni að gera upp efnahagsdæmi þjóðarskútunnar með því móti að stórhækka erlendar lántökur þegar þrotnir eru þeir möguleikar sem hún telur sig hafa til að hækka beina skatta, sem hafa verið hækkaðir á síðustu dögum um 40%, og þegar hún er búin að afgreiða tveggja stiga söluskattshækkun og hækka óbeina skatta með því móti um a. m. k. 11 milljarða. Þegar ekki nægja þessir tæpir 2 tugir milljarða, sem ríkisstj. ætlar nú í einu vetfangi að hækka beina og óbeina skatta um, verður nauðvörnin að hækka erlendar lántökur til að standa undir afganginum. Mér er nær að halda að ég hafi verið í lægri kantinum þegar ég leyfði mér að spá því, að erlendar lántökur í endanlegri útgáfu lánsfjáráætlunar hjá ríkisstj. mundu stefna á 100 milljarða kr. Mér er nær að halda að niðurstaðan verði nær 110 milljörðum þegar öll kurl eru til grafar komin.

Ég vil aðeins geta þess, að ég hef bréf frá Seðlabanka Íslands, frá því í haust að vísu, þar sem Seðlabankinn áætlar lántökuþörfina vegna gjaldeyrisþarfar um 65—69 milljarða kr. og varar mjög við því að farið verði yfir 70 milljarða kr. í erlendum lántökum á árinu 1980 þar sem með svo háum erlendum lántökum væri stefnt í hættulega greiðslu- og skuldabyrði á árinu 1980. Hæstv. fjmrh. hefur haldið því fram að þessar tölur væru úreltar, þ. e. þær væru frá því í haust. Ég hringdi í Seðlabankann í morgun til þess að spyrjast fyrir um hvaða breytingar hefðu orðið á gengisforsendum í þessu sambandi frá því að bréfið frá Seðlabanka Íslands kom í mínar hendur í desember, þar sem varað var við að fara yfir 70 milljarða kr. í erlendum lántökum, og fékk það svar, að engar breytingar hafi orðið á þeim gengisforsendum sem þarna er miðað við. Hins vegar er mér kunnugt um að á fyrstu vikum á valdaferli þessarar hæstv. ríkisstj. hefur ein mjög mikilvæg forsenda breyst, og hún er sú, að í upphafi þessa árs var því spáð að ekki yrði halli á viðskiptum okkar við útlönd, en eftir nokkurra vikna valdasetu núv. hæstv. ríkisstj. er því spáð, að viðskiptahalli við útlönd á árinu 1980 verði um 20 milljarðar kr. Þetta er eina breytingin sem orðið hefur á þeim forsendum sem Seðlabanki Íslands gaf sér í janúar og febrúar, þegar hann miðaði viðvaranir sínar til ríkisstj. við að fara ekki fram yfir 70 milljarða í erlendum lántökum. Að sjálfsögðu mun hæstv. ríkisstj. jafna þann viðskiptahalla með erlendum lántökum ef ég þekki Alþb. rétt.

Aðeins á fyrstu vikum stjórnarbúskaparins hefur myndast halli í spám Seðlabanka Íslands vegna viðskipta landsins við útlönd upp á 20 milljarða kr., sem ég er sannfærður um að ríkisstj. ætlar sér að mæta með erlendri lántöku. Þess vegna þori ég að fullyrða um þá spá mína, að lántökuáform ríkisstj. yrðu hækkuð úr 70 milljöðrum í 100 milljarða, færu sem sé 30 milljörðum kr. fram yfir það sem Seðlabanki Íslands telur óhætt. Sú spá mín er kannske allt of lág. Ætli endanleg lántökuáform ríkisstj. í lánsfjáráætlun verði ekki nær 110 milljörðum en 100 milljörðum? Og ætli lántökurnar sjálfar, þegar upp verður staðið í haust og reikningurinn gerður upp, verði ekki komnar nær 120 milljörðum en 110 milljörðum? Ef fimm vikur á ferli ríkisstj. breyta viðskiptajöfnuði í 20 milljarða viðskiptahalla, hverju megna þá 40 vikur hjá svona ríkisstj. að breyta í því sambandi?

Við Alþfl.-menn höfum látið í ljós, eins og fulltrúar allra annarra þingflokka í vetur, nauðsyn þess að undinn verði bráður bugur að því að jafna kyndikostnað í þessu landi. Ég tel að það ríki mikill skilningur á því í þinginu hjá öllum þingflokkum og mikill stuðningur við slíkar aðgerðir hjá öllum flokkum. Við Alþfl.-menn höfum lagt fram tillögur á Alþ. um að þetta skuli gert. Í fyrsta lagi gerðum við ráð fyrir því í fjárlagafrv., sem við lögðum fram í desembermánuði s. l., að úr ríkissjóði yrði varið í þessu skyni 2.3 milljörðum kr., sem yrði framlag ríkisins til jöfnunar á kyndikostnaði, og auk þess höfum við lagt fram til kynningar á Alþ. frv. um orkuskatt og höfðum látið hefja sérstaka rannsókn og athugun á og samningu á frv. um verðjöfnunargjald, ef slík framkvæmd kynni að vera affarasælli og hentugri en orkuskattur. Tillögur höfum við þannig þegar gert um fjáröflun í þessu skyni sem nema meira fé en því sem hæstv. ríkisstj. er nú að biðja um að aflað verði til jöfnunar á húshitunarkostnaði.

En við Alþfl.-menn létum ekki sitja við þessar tillögur því að við 2. umr. fjárlagafrv. lögðum við einnig fram sérstaka tillögu um, að 4 milljörðum kr. skyldi varið úr ríkissjóði til að jafna húshitunarkostnað, og fluttum jafnframt till. um lækkun á öðrum útgjöldum ríkissjóðs til að standa undir þessari framkvæmd. Till. okkar voru hins vegar felldar.

Ég vek athygli á að við höfum lagt fram á Alþ. tvenns konar tillögur í vetur um jöfnun kyndikostnaðar, fyrst með fjárlagafrv., sem við lögðum fram í desember, og frv. um orkuskatt, sem kom fram skömmu seinna, og síðan fyrir nokkrum dögum, þegar við gerðum till. við 2. umr. fjárlaga um 4 milljarða kr. útgjöld ríkissjóðs til jöfnunar á kyndikostnaði og lækkun útgjalda ríkissjóðs að sama skapi.

Fjárlagafrv., sem hæstv. ríkisstj. segist byggja fjárlagafrv. sitt á, fjárlagafrv. hæstv. fyrrv. fjmrh. Tómasar Árnasonar, var líka með tillögur um að ríkissjóður legði ákveðið fé af mörkum í þessu skyni. Það fjárlagafrv. gekk einnig út frá því, að ríkissjóður legði fram til verðjöfnunar á húshitun 2.3 milljarða kr. Það, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar gert við þetta frv. Tómasar Árnasonar, sem hún sagðist leggja til grundvallar sínu fjárlagafrv., er einfaldlega að hæstv. ríkisstj. hefur tekið þá 2.3 milljarða, sem bæði Tómas Árnason og ríkisstj. Alþfl. gerðu tillögur um að ríkissjóður legði fram til að jafna húshitunarkostnaðinn, og eytt í annað. Hún skilar fjárlagafrv. með gati hvað varðar framlag ríkissjóðs til að leysa húshitunarvandann. Hún er eina ríkisstj. á síðustu árum sem hefur lagt fram fjárlagafrv. þar sem ekki verður séð að svo mikið sem einni einustu krónu eigi að verja úr ríkissjóði til að leysa vandamál þess fólks sem þarf að búa við margfaldan kyndikostnað á við íbúa þéttbýlisins á Suðvesturlandi. Þessi hæstv. ríkisstj. sá þvert á móti ástæðu til að eyða öllu því fé, sem tvær ríkisstj. þar á undan höfðu gert tillögur um að ríkissjóður innti af hendi í þessu skyni, og skilaði fjárlagafrv. til Alþ. án þess að gera ráð fyrir að ríkissjóður legði fram svo mikið sem eina krónur í því skyni að létta byrðar fólksins sem þarf að búa við margfaldan kyndikostnað á við okkur hin.

Hins vegar lýsti ríkisstj. því yfir, að hún mundi útvega þetta fé með sérstökum hætti fram hjá fjárlagagerð og sú tekjuöflun mundi nema 4—5 milljörðum kr. Þessu marglýsti t. d. hæstv. fjmrh. yfir á Alþ., að hann og ríkisstj. mundu leggja fram einhvers konar tekjuöflunarfrv. til að standa undir jöfnun kyndikostnaðar, sem ætti að skila 4—5 milljörðum kr. Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt fram slíkt frv. En því er ekki ætlað að skila 4—5 milljörðum kr., því er ætlað að skila tvöfalt hærri upphæð eða a. m. k. 11 milljörðum. Og sú upphæð á ekki að renna til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Aðeins rúmur 1/3 hluti af þessu fé, eða 4 milljarðar kr., á að fara til að jafna kyndikostnaðinn í landinu. Næstum því 2/3 af fjármagninu eiga að renna í aðrar þarfir, bróðurparturinn af því til að standa undir öðrum útgjöldum ríkisins, því að hæstv. fjmrh. virðist hafa séð á síðustu dögum að fjárlagafrv. ríkisstj. stendur vægast sagt völtum fótum.

Ferillinn er ekki glæsilegur. Í fyrsta lagi eyðir ríkisstj. öllu því fé sem bæði þau fjárlagafrv., sem hún tók við, gerðu ráð fyrir að ríkissjóður legði fram af sinni hálfu til að jafna kyndikostnaðinn í landinu. Ríkisstj. eyðir öllu því fé í annað, sennilega í hæstv. landbrh., en hans sál tekur lengi við. Þegar hún er búin að því leggur hún fram frv. um orkujöfnunargjald, að því er hún segir, sem á að útvega ríkissjóði og leggja þá á landsbyðinn um 11 milljarða kr. í nýjum sköttum. Hún, segist verða að gera þetta til að jafna húshitunarkostnað í landinu. En hvað ætlar hún að nota mikinn hluta af þessari fjáröflun til þess verkefnis? Rúman 1/3. 2/3 hluta ætlar ríkisstj. að nota í annað. Svo leyfir hæstv. ríkisstj. sér að kalla slíkt frv. frv. til l. um orkujöfnunargjald!

Eins og ég hef minnt á í umr., voru samþ. á s. l. vori lög sem við stóðum að, alþm. úr þrem þingflokkum. Þau lög voru mjög umdeild á margan hátt, mörg atriði sem menn voru ekki sammála um. En eitt atriði greindi menn þó ekki á um sem samþykktu frv. Það var ákvæði II. kafla þessara laga, ef ég man rétt, sem lögðu stjórnvöldum ákveðnar skyldur á herðar um samráð við aðila vinnumarkaðarins. Er sérstaklega tekið fram í þessum lögum, sem okkur ber öllum að starfa eftir, að samráð skuli sérstaklega haft við mörkun stefnu ríkisstj. um tekjuöflun til ríkissjóðs. Nú spurði ég hæstv. fjmrh. að því í síma í gær, hvort þessari sjálfsögðu reglu hefði ekki verið beitt af hæstv. ríkisstj., og léki hugur á að fá að vita hverjar væru umsagnir Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Bandalags starfmanna ríkis og bæja, bændasamtakanna og annarra slíkra um hina miklu hækkun á söluskatti sem hér er lögð til. Hæstv. fjmrh. sagði mér að ríkisstj. hefði að sjálfsögðu ekki haft tíma til að hafa samráð við þessa aðila. — Eini samráðsaðili ríkisstj. nú virðist vera hv. þm. Eggert Haukdal. Hann kemur í staðinn fyrir þá samráðsaðila sem mælt er fyrir um í Ólafslögum að ríkisstj. skuli hafa samráð við. Er það ekki lítill atgervisflótti að hverfa frá aðilum vinnumarkaðarins yfir til þessa hv. þm. Látum það nú vera. — Hitt tók hæstv. ráðh. fram, að að sjálfsögðu mundi ríkisstj. sjá til þess að umsagnir aðila vinnumarkaðarins yrðu fengnar um þetta mál í meðferð þess á Alþingi. Vænti ég þess, að á málinu verði þannig haldið af þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar að lokinni þessari umr., að hún óski eftir því að fá viðbrögð samráðsaðilanna, annarra en hv. þm. Eggerts Haukdals, við þessu frv. Og ég sé ekki annað en Alþýðusambandið og aðrir aðilar vinnumarkaðarins þurfi a. m. k. lengri tíma en einn sólarhring til að tjá sig um þetta mál.

Afstaða okkar Alþfl.-manna til málsins er að sjálfsögðu sú, að við munum ekkert gera til að tefja fyrir því að málið gangi rétta boðleið um þingið. Við munum þvert á móti reyna að sjá til þess, að öllum vinnubrögðum og öllum þeim reglum, sem lög leggja okkur og stjórnvöldum á herðar, sé fylgt. Við munum óska eftir því, að aðilar vinnumarkaðarins skili umsögn um þetta frv. Okkur finnst það beinlínis móðgun við þessa aðila ef á að taka málið til 2. umr. þessarar hv. d. án þess að aðilar vinnumarkaðarins, og þá sérstaklega samtök launafólks, hafi fengið að tjá sig um málið. Og ég trúi því ekki, að hæstv. fjmrh. ætli að fylgja málinu svo fast fram að fá það afgreitt á þingi án þess að samtök vinnumarkaðarins hafi fengið tíma til að tjá sig um það. Slíkt væri ótvírætt lögbrot. Þá væri hæstv. ráðh. ótvírætt að brjóta lög sem hann átti sjálfur þátt í að setja fyrir örfáum mánuðum.

Í öðru lagi höfum við þm. Alþfl. áhuga á að sjá hvað ríkisstj. hyggst fyrir um ráðstöfun á þessu fé. Það kemur fram í aths. frv., að ráð sé fyrir því gert að á þessu ári verði 4 milljörðum kr. af þeim tekjum, sem frv. á að gefa, varið til að jafna kyndikostnað. En áður en þetta frv. er afgreitt er nauðsynlegt að fá að vita hvernig á að halda á því máli, hvernig á að ráðstafa þessum 4 millj. kr. til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Við óskum eindregið eftir því, hæstv. fjmrh., að áður en frv. verður afgreitt verði lagt fram á Alþ. það frv. sem boðað hefur verið að muni fylgja þessu frv. og fjalla um ráðstöfun á þeim 4 milljörðum af orkujöfnunargjaldinu sem eiga að ganga til jöfnunar húshitunarkostnaðar.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli á því, að engin grein í þessu frv. kveður á um hversu lengi orkujöfnunargjaldið skuli innheimt. Eins og frv. er úr garði gert yrði innheimta á þessum 2% til viðbótar í söluskatti sjálfvirk áfram ár frá ári þangað til slík lög yrðu felld úr gildi. Menn skulu líka gæta að því, að í frv. sjálfu segir ekkert um að einhver hluti af þessu gjaldi skuli áfram renna til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Það kæmi þá til ákvörðunar aftur á næsta ári. Þá væru líkur til þess, miðað við núverandi verðlag, að ríkissjóður mundi hafa í tekjur af þessu orkujöfnunargjaldi 11 milljarða kr., en samkv. orðanna hljóðan ættu þá aðeins að núvirði 4 milljarðar af þeim 11 að fara í jöfnun hitakostnaðar. Þá er bróðurparturinn af gjaldinu orðin almenn hækkun á söluskatti til tekjuauka fyrir ríkissjóð. Við hljótum því að kalla eftir upplýsingum um það frá hæstv. ríkisstj., hvort virkilega sé ætlun hennar að lögfesta slíkt frv. um orkujöfnunargjald til frambúðar, og þá í öðru lagi, ef svo er, hvort ríkisstj. sjái enga ástæðu til að setja jafnframt inn í lögin ákvæði um að einhver tiltekinn hluti þessa orkujöfnunargjalds skuli ávallt ganga til jöfnunar á húshitunarkostnaði og til annarra framkvæmda á sviði innlendra orkumála.

Í fjórða lagi vil ég einnig vekja athygli á því, að hér er ekki gert ráð fyrir að sveitarfélög fái í sinn hlut neitt af þeim tveimur viðbótarsöluskattsstigum sem verið er að leggja fram tillögur um að samþ. verði. Í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á að ef sveitarfélögin fengju sinn hlut af þessum tveimur söluskattsstigum með sama hætti og af hinum almenna söluskatti, yrði tekjustofnafrv., sem er nú til meðferðar í Ed., að mestu óþarft vegna þess að þá þyrftu sveitarfélögin ekki á 10% aukaútsvarsheimildinni að halda. Ef þau fengju sinn hluta af

þeim tveimur söluskattsstigum, sem hér er verið að bæta við, er 10% aukaútsvarsheimildin óþörf. Menn skyldu hugleiða það líka.

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta mál, en bendi á að að sjálfsögðu hafa tveggja prósentustiga söluskattshækkun í för með sér stórhækkað vöruverð og enn meiri verðbólgu. Þetta mundi ég, eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði áðan, kalla að telja verðbólguna upp, en ekki niður, og gæti vel verið að aðrar tekjuöflunarleiðir en söluskattshækkun væru hentugri til fjáröflunar í jöfnun kyndikostnaðar en hér er sýnt fram á.

Hitt vil ég enn taka fram, að í fyrsta lagi erum við Alþfl.-menn þess mjög hvetjandi, að sem allra fyrst verði ráðin bót á því misrétti sem landsmenn búa við í húshitunarmálum. Í öðru lagi vil ég benda á, að við höfum á þessu þingi tvívegis flutt um það tillögur að afla fjár í þessu skyni, fyrst í fjárlagafrv., sem við lögðum fram í des., þar sem við gerðum ráð fyrir að ríkissjóður legði fram 2.3 milljarða kr. í þessu skyni og síðan yrði viðbótarfjár aflað með orkuskatti, og svo aftur fyrir nokkrum dögum þegar við gerðum tillögur um 4 milljarða kr. framlag úr ríkissjóði í þessu sambandi og fluttum jafnframt tillögur um lækkun útgjalda ríkisins að sama skapi. Ég tel að þetta sýni ljóslega að við Alþfl.-menn styðjum eindregið að fjár verði aflað til jöfnunar á húshitunarkostnaði.

Það kemur að sjálfsögðu til skoðunar, ef ekki er nokkur lifandi leið að fá meiri hl. þingheims til að samþykkja ríkisframlag í þessu skyni, en önnur útgjöld ríkisins séu skorin niður, til að hægt sé að jafna kyndikostnað, að afla til þess fjár með sérstökum hætti. Þetta er vandamál sem verður að leysa. En ég tel mjög varhugavert, þegar um svona mikið hagsmunamál er að ræða, að gera sér leik að því að vera í skjóli slíks máls að sækja þrefalda slíka fjáröflun fyrir ríkissjóð. Hér er um að ræða, ef frv. verður samþ., að heimta 11 milljarða í nýjum sköttum í ríkissjóð. Af þeim á aðeins að nota 4 milljarða í jöfnun á húshitunarkostnaði, en aðgerðinni er gefið heitið orkujöfnunargjald, sem er nokkurs konar skálkaskjól fyrir aukna skattheimtu ríkisins.

Ég vil svo að endingu ítreka það, að við þm. Alþfl. viljum, áður en frv. verður afgreitt úr þinginu, fá að sjá það fylgifrv. sem hæstv. fjmrh. hefur boðað og fjallar um hvernig eigi að verja þeim 4 milljörðum, sem um er rætt, til jöfnunar húshitunarkostnaði. Við teljum einnig í hæsta máta óeðlilegt að þetta mál verði tekið til 2. umr. í þessari hv. d. án þess að fyrir liggi afstaða aðila vinnumarkaðarins og þá fyrst og fremst verkalýðshreyfingarinnar til málsins.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hér mun vera til umr. frv. til l. um orkujöfnunargjald og mun ég halda mig við það, þótt þeir, sem hér hafa talað af stjórnarandstöðunnar hálfu, hafi ekki gert það. Ég vil gera grein fyrir afstöðu Framsfl. til þessa gjalds.

Ég vil leggja á það ríka áherslu, að Framsfl. styður eindregið að leitað sé leiða til að jafna meira en gert hefur verið þann gífurlega ójöfnuð sem í því felst að hita upp annars vegar með olíu og hins vegar með hitaveitu, einkum á þéttbýlissvæðinu hér suðvestanlands. Við höfum í því sambandi litið mjög á orkuskatt, sem tillaga hefur verið gerð um, og m. a. liggur hér fyrir frv. frá hv. Alþfl.-mönnum um slíkan orkuskatt sem felur í sér verulega skattlagningu á þjóðina, eins og fram kom í orðum hv. síðasta ræðumanns, þótt hann telji Alþfl. í hinu orðinu ekki skattlagningarflokk. Við höfum skoðað þennan orkuskatt mjög vandlega, og ég verð að segja að við höfum horfið frá honum við nánari athugun. Skal ég nefna örfá atriði sem einkum hafa ráðið því.

Í orkuskatti er gert ráð fyrir að leggja á olíu, bæði gasolíu og svartolíu til útgerðar, 7—10 kr. á hvern lítra gasolíu og 7—10 þús. á hvert tonn svartolíu. Þetta samsvarar um það bil 2% hækkun á fiskverði, ef bæta á útgerðinni þennan gjaldaauka. Ég held að menn geti flestir verið sammála um að það er vægast sagt undarleg ráðstöfun að leggja slíkt á útgerðina til að greiða niður upphitunarkostnað í landi, þótt gott sé það málefni út af fyrir sig, á sama tíma og olía til útgerðar er seld á mjög svo miklu lægra verði víða um lönd og orðið keppikefli, þó að það sé ekki nema af þeirri ástæðu, að sigla og geta náð í ódýrari olíu. Ég hygg, að slíkur skattur væri óþekktur nokkurs staðar. Þetta er ein meginástæðan fyrir því, að við lögðumst gegn slíkum skatti. Og ég get bætt því við, að ég hygg að mönnum muni jafnframt vera ljóst að hækkun fiskverðs um 2% yrði ekki borin bótalaust af fiskvinnslunni eins og nú er ástatt.

Þá sýnist okkur framsóknarmönnum einnig vafasamt að leggja gjald á bensín til niðurgreiðslu á upphitunarkostnaði á sama tíma og mjög er gagnrýnt, og vissulega að mörgu leyti með réttu, að aðeins hluti af opinberum gjöldum á bensíni rennur til vegagerðar þar sem þörfin er ákaflega mikil. Til að standa við þá vegáætlun að raungildi, sem samþykkt var hér fyrir ári, þarf hátt í 7 milljarða viðbótarfjárútvegun. Því hygg ég að það yrði gagnrýnisvert að leggja gjald á bensínið í þessu skyni, á sama tíma og Vegasjóður er sveltur eða a. m. k. þörf hans miklu meiri en fullnægt verður með þeim mörkuðu tekjustofnum sem til hans renna nú.

Þá vil ég segja að okkur hefur að sumu leyti sýnst umhugsunarvert að leggja á olíu, sem notuð er til upphitunar í húsum, til að endurgreiða það svo aftur. Eins og þessi hugmynd liggur fyrir í frv. Alþfl. hygg ég að hún feli í sér um 36 þús. kr. aukin útgjöld hjá meðalfjölskyldu í meðalhúsnæði vegna þess gjalds sem á olíuna er lagt. Svo á að endurgreiða þetta í mynd olíustyrks með um það bil 48—50 þús. kr. Er það ekki yfirleitt vafasöm aðferð að heimta þannig fé og láta renna í gegnum ríkissjóð og greiða svo út aftur?

Þannig eru það ýmis atriði sem urðu til þess að við hurfum frá því, sem margir okkar höfðu þó áður talið athyglisverða hugmynd, að taka upp þennan orkuskatt.

Ég viðurkenni að söluskattshækkun er vandamál, m. a. vegna innheimtu o. fl., og mætti skoða aðrar leiðir, eins og hækkun á vörugjaldi. En á því eru einnig vankantar og enginn vafi á því að það háa vörugjald, sem nú er, veldur mörgum erfiðleikum í samanburði á milli vöruflokka í verði. Niðurstaðan varð því söluskattur. Út af fyrir sig undirstrikar það þá nauðsyn, að við lítum sem fyrst á virðisaukaskatt í stað söluskatts. Ég vil láta það koma hér fram, að ég tel að því máli beri að hraða.

Hvaða aðrar leiðir koma til greina? Ég nefni þá skoðun mína hér og tek fram að hún er alls ekki samþykkt skoðun þingflokks Framsfl., en mér sýnist vel koma til greina að jafna framur í gegnum tekjuskattinn, t. d. með meiri persónuafslætti þar sem upphitunarkostnaður er mikill, og mér sýnist að það eigi að nota tímann til að kanna slíkar leiðir.

En aðalatriðið til frambúðar er þó vitanlega að ráð-

stafa fjármagni til varanlegra aðgerða, stórbæta einangrun þeirra húsa sem nota olíu. Hitaveita komi að sjálfsögðu alls staðar þar sem það er fært og varmaveitur sem sýna sig að vera ólíkt hagkvæmari en bein olíuhitun, ekki síst þar sem nýta má afgangsorku.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að að okkar mati er langt frá því að þetta vandræðamál, sá ójöfnuður sem hlýst af miklum olíukostnaði, sé til lykta leitt. Það þarf að halda áfram athugun á því hvernig verður ráðin bót á því þegar til lengri tíma er litið.

Umr. frestað.

Neðri deild, 54. fundur.

Mánudaginn 31. mars, kl. 9 síðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að vekja athygli á hvernig Ríkisútvarpið — hljóðvarp hagaði fréttaflutningi sínum í kvöld, — fréttaflutningi af því, sem helst er nú að gerast eða var að gerast í dag, bæði á hv. Alþ. og einnig hjá Verðlagsráði sjávarútvegsins að því er varðaði fiskverðsákvörðun.

Í kvöldfréttatíma útvarpsins voru viðtöl við þrjá ráðh., en afstaða stjórnarandstöðu komst lítt að í þessum fréttatíma. Fyrst er viðtal við hæstv. iðnrh., Hjörleif Guttormsson, um orkujöfnunargjaldið sem hér hefur verið til umr. í hv. d. í dag og verður áfram til umr. í kvöld. Þetta var langt og ítarlegt viðtal. Þá var viðtal við hæstv. sjútvrh., Steingrím Hermannsson, um fiskverðið svo og fulltrúa Sambandsins í Verðlagsráði sem manni virðist að sé sérstakur fulltrúi ríkisstj. í því ráði. Svo er klykkt út með viðtali við hæstv. viðskrh., Tómas Árnason, um gengisfellinguna sem framkvæmd var í dag.

Í þessu viðtali hélst hæstv. ráðh. uppi að segja að yfirlýsingar hans í dagblaðinu Vísi fyrr í dag um hvort gengisfelling yrði væru ekki í neinu ósamræmi við það sem svo varð um hádegisbilið. — Þetta er e. t. v. það alvarlegasta, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér slíkar skröksögur eins og hann viðhafði í dagblaðinu Vísi í morgun. Þar var hæstv. ráðh. spurður hvort hann sem yfirmaður bankamála mundi samþykkja ef Seðlabankinn ákvæði gengisfellingu, og var svar hans stutt og laggott: Nei. — Í viðtalinu hélt hann að vísu fram, að um þetta hefði ekki verið vitað fyrr en rétt fyrir hádegið. En það var viðtal við hæstv. ráðh. líka í sjónvarpinu þar sem hann sagði í lok viðtalsins að um þetta hefði verið vitað í gærkvöld.

Herra forseti. Ég veit að það er mikið annríki á Alþ. nú og ég skal því ekki hafa þessi orð mín miklu fleiri. En ég taldi nauðsynlegt að vekja athygli á þessum fréttaflutningi og lýsa óánægju minni með framkvæmd mála. Ég er í sjálfu sér ekki að finna að því að viðtöl, og þau mega vera löng og ítarleg, séu höfð við ráðh. En það er lágmarkskrafa til opinberra fjölmiðla að þeir sjái til þess, að sjónarmið stjórnarandstöðu komi jafnt fram sem sjónarmið ríkisstj.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir orð hv. 3. þm. Reykn. um fréttaflutning Ríkisútvarpsins — hljóðvarps í kvöld. Hann skipti fréttaflutningi þess í tvennt. Annars vegar var um að ræða fréttir frá Alþ. Ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að gera neinar aths. við fréttaflutning frá umr. héðan þó svo að hann væri heldur klaufalegur, en það er ekki ástæða til að gera aths. við fréttir þó klaufalega sé frá þeim gengið. Hitt tel ég vera miklu alvarlegri mistök, og vil ég telja það mistök hjá fréttastofu útvarpsins, að þegar um er að ræða jafnviðkvæm og umdeild mál og öllum hlýtur að vera ljóst að 2% hækkun á söluskatti og gengisfelling hljóta að vera skuli aðeins þrír ráðh. vera leiddir fram í viðtölum í fréttatíma útvarpsins. Ég tek það t. d. fram, að einn ráðh. fullyrti í fréttatíma útvarpsins í kvöld að frv. það, sem hér er nú á dagskrá um 2% hækkun á söluskatti, væri byggt á tillögum Alþfl. sem hann hefði flutt í þingi, sem er vitaskuld argasta fjarstæða og hreinn tilbúningur.

Mér finnst ástæða til að benda á að það er æskilegt, þegar viðtöl eru tekin um jafnmikil ágreiningsmál og hér er um að ræða, að þá fái stjórnarandstaðan að koma sínum viðhorfum fram í sama fréttatíma og viðtöl eru tekin við málsvara ríkisstj. Sjálfsagt er tilgangurinn hjá útvarpinu að bæta úr þessu síðar með því að gefa fulltrúum stjórnarandstöðunnar kost á að tjá sig um málin. En það er undir öllum kringumstæðum farsælast að rætt sé við stjórn og stjórnarandstöðu nokkurn veginn jafnharðan um slík mál.

Ég held að þetta sé því miður ekki í fyrsta sinn sem þurft hefur að gera aths. við svona mál, þó svo að ég vilji taka fram að það heyrir til hreinna undantekninga, til allrar hamingju vil ég segja, að fréttastofu útvarpsins verði slík mistök á. Ég er sannfærður um að þetta eru mistök sem ekki eru með vilja gerð. Hins vegar hlýtur það að sjálfsögðu að vera nokkuð erfitt hlutverk að vera í senn varaþingmaður fyrir einn af stjórnarflokkunum og í hlutverki spyrils við fréttastofu útvarpsins og spyrja sömu ráðh. og viðkomandi varaþingmaður hlýtur að styðja. Það má enginn skilja orð mín þannig, að ég telji að þessi tiltekni fréttamaður hafi farið neitt út fyrir sitt verksvið, en þetta hlýtur ótvírætt að vera nokkuð erfitt hlutverk.

Að lokum vil ég benda á, hæstv. forseti, að enda þótt menn séu saman í ríkisstj. gildir ekki sama um stjórnarandstöðu nema um tiltekin mál. Því er eðlilegt, ef á að kynna sjónarmið stjórnarandstöðu og ríkisstj. í einhverjum tilteknum málum þar sem stjórnarandstaða er ekki með sameiginlega afstöðu, að báðum eða öllum stjórnarandstöðuflokkum verði gefinn kostur á að kynna sjónarmið sín, svo fremi að stjórnarandstaðan sé ekki sammála um afstöðu til mála. Á þetta hefur því miður oft viljað skorta í ríkisfjölmiðlunum þegar leiddir hafa verið fram annars vegar málsvari ríkisstj., samsteypustjórnar þar sem flokkar standa saman um afstöðu, en hins vegar hefur verið látið nægja að taka sem málsvara stjórnarandstöðu fulltrúa eins flokks, þó kannske þrír flokkar hafi verið í stjórnarandstöðunni eða þá tveir og vitað sé að stjórnarandstöðuflokkarnir séu ekki samferða í skoðunum. Þetta er ábending sem ég vildi láta koma fram hér.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Vegna þeirrar umr., sem hér á sér stað utan dagskrár og er mjög réttmæt að mínu mati, vil ég láta það koma mjög skýrt fram, að í fréttareglum Ríkisútvarpsins, sem fréttastofu Ríkisútvarps ber að starfa eftir, er þess rækilega getið að þegar fjallað er um mál eins og var gert í fréttatíma útvarpsins í kvöld skuli leita álits allra aðila. Þetta hefur verið sú

gullvæga regla sem notuð hefur verið á fréttastofu útvarps og fréttastofu sjónvarps frá því að ég kynntist a. m. k. fréttastofu hljóðvarps fyrir u. þ. b. 17 árum.

Ég held að fréttastofa hljóðvarps hafi að undanförnu rækt sitt hlutverk mjög vel, og ég lít svo á að þetta atvik í fréttatímanum í kvöld hafi verið meira slys en hitt. Ég er nánast sannfærður um að það mun vera ætlun fréttastofu hljóðvarps að leita álits stjórnarandstöðunnar á þeim málum sem fjallað var um í fréttatímanum.

Hins vegar tel ég að raunverulega hafi átt sér stað nokkuð óvenjulegur atburður í fréttatíma útvarps í kvöld, þar sem rætt er við þrjá ráðh. um þrjú mjög veigamikil mál, einhver veigamestu mál sem komið hafa upp á þessu þingi í vetur, án þess að leitað væri álits stjórnarandstöðu að verulegu gagni. Og það sem ég tel alvarlegast, er að hæstv. viðskrh. skyldi komast upp með það í fréttatíma bæði hljóðvarps og sjónvarps og komast tiltölulega heilskinnaður frá fréttamönnum með að afneita því að um gengisfellingu hafi verið að ræða. Ég hef sjálfur sjaldan heyrt annan eins málflutning og hæstv. ráðh. í útvarpi og sjónvarpi í dag.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 254). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um tímabundið olíugjald til fiskiskipa. Frv. þetta er að sjálfsögðu flutt í tengslum við þá ákvörðun um fiskverð sem tekin var fyrir hádegi. Sú ákvörðun á sér nokkuð langan aðdraganda.

Í janúar náðust samningar um fiskverð sem fólu í sér lækkun olíugjalds úr 9% í 5%, hækkun fiskverðs um 7% til kaupanda og hækkun fiskverðs til skipta um 11%. Í því samkomulagi, sem þá var gert með öllum aðilum, var uppsagnarákvæði. Tveir aðilar notuðu sér uppsagnarákvæði eftir 1. mars s. l.: annars vegar fiskvinnslan, sem taldi að grundvöllur væri brostinn fyrir því fiskverði, sem ákveðið hafði verið, og lagði til verulega lækkun á fiskverði, og hins vegar sjómenn, sem töldu grundvöll brostinn vegna þeirra launahækkana sem orðið höfðu í landi 1. mars, sem voru 6.67%. Mjög hefur gengið erfiðlega að ná samkomulagi í þessari deilu, sem kannske má ljóst vera þegar svo mikið ber á milli. — Fulltrúi útgerðar sagði ekki upp samningnum. Má. e. t. v. draga þá ályktun af þessu, að hann hafi talið grundvöll til áframhaldandi rekstrar fiskiskipa.

Þrátt fyrir mjög margar tilraunir og miklar og viðræðufundi stóð málið svo allt fram á síðustu daga að ekki náðist samstaða. Til greina kom að oddamaður úrskurðaði, svo sem gerst hefur áður. Mér þótti það óráðlegt, enda lágu fyrir yfirlýsingar frá samningsaðilum að þeir mundu ganga af fundi, ef sá háttur yrði upp tekinn, og ekki taka þátt í verðákvörðun á vegum Verðlagsráðs. Mér sýnist það hið mesta óráð að brjóta þannig niður þennan vettvang verðákvörðunar, sem þó hefur haldist í 18 ár og ekki sjáanlegt að annar betri sé fyrir hendi. Ég tel hyggilegra að menn setjist niður og leiti að öðrum leiðum til breytinga.

Í morgun, eins og ég sagði, var fiskverð ákveðið. Í því felst í fyrsta lagi að fiskverð er hækkað um 1.5%, sem felur í sér u. þ. b. 1.7% hækkun til fiskkaupenda, olíugjald er lækkað um 2.5%, þ. e. úr 5% í 2.5%, og fiskverð jafnframt hækkað að sama skapi á móti. Út úr þessu kemur því samtals 4% hækkun á fiskverði til sjómanna til skipta, u. þ. b. 1.7% hækkun til fiskvinnslunnar og u. þ. b. 0.6% auknar tekjur til útgerðar. Að þessari ákvörðun stóðu oddamaður og annar fulltrúi fiskvinnslunnar, en atkvæði á móti greiddi fulltrúi útgerðar. Hjá sátu hinn fulltrúi fiskvinnslunnar og fulltrúi sjómanna. Ég vil leiðrétta það, sem er rangt í grg. með frv. og stendur á annarri síðu, að fulltrúar fiskkaupenda vilji samþykkja þessa niðurstöðu. Þar á að sjálfsögðu að standa: annar fulltrúi fiskkaupenda vill samþykkja þessa niðurstöðu.

Ég vil taka fram, þar sem komið hefur í fréttum að ákvörðun um lækkun olíugjalds hafi verið tekin að kröfu ríkisstj., að þetta er rangt. Ég lagði á það mjög mikla áherslu að leitað yrði allra ráða til að ná breiðari samstöðu um þessa verðákvörðun. Var það reynt allt fram eftir þessum morgni, en tókst ekki. Sjómenn stóðu mjög ákveðnir á þeirri kröfu sinni, að fiskverð hækkaði um 6.67%, og vísuðu frá allri viðleitni til þess að þeir létu aðra fiskverðsákvörðun afskiptalausa eða sætu hjá nema til kæmi veruleg lækkun á olíugjaldi. Ég vil einnig taka það fram að fiskkaupendur töldu að frekari hækkun á fiskverði væri útilokuð frá þeirra sjónarmiði, nema þá að meiri gengisbreyting væri þeim tryggð. Því var það svo, að þessi niðurstaða, sem ég hef nú lýst, virtist best, og ég er sannfærður um að hún var eina leiðin út úr þessari viðkvæmu deilu án þess að oddamaður úrskurðaði.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að undanfarnar vikur hafa farið fram ítarlegar athuganir á vegum Þjóðhagsstofnunar og einnig sjútvrn. á afkomu fiskvinnslunnar. Ég sagði áðan að fiskkaupendur sögðu upp samningi um fiskverð þar sem þeir töldu grundvöll brostinn fyrir því fiskverði sem ákveðið var í janúar. Ég hygg að þetta hafi komið ýmsum á óvart. Og ég verð að segja að þær athuganir, sem fram hafa farið, hafa bent til þess að fullyrðingar fiskkaupenda séu á töluverðum rökum reistar. E. t. v. er þeirri þróun, sem orðið hefur á síðasta ári, best lýst með því að á árinu 1979 hækkar hráefni um u. þ. b. 55% og laun svipað, á sama tíma og verð fyrir framleiðsluna hækkar aðeins um 30%. Ég hygg að í hnotskurn sé með þessum tölum lýst þeirri þróun sem orðið hefur. Hitt er þó jafnframt ljóst, að fleiri þættir eiga hlut að máli. Svo virðist sem töluvert óhagstæðari samsetning aflans hafi valdið fiskkaupendum verulegu óhagræði. Einnig kemur fram, að á fyrstu mánuðum þessa árs hefur framlegð í frystiiðnaðinum mjög fallið og er að mati Þjóðhagsstofnunar komin niður í að meðaltali í 12—15 bestu húsunum í kringum 14—15%. Ég hygg að allir geti verið sammála um að sú framlegð er of lág. — Ég get þess hér til skýringar fyrir þá sem ekki eru vanir því hugtaki, að í hugtakinu „framlegð" felst kostnaður hráefnis, umbúða og vinnulauna og gefur þá til kynna hve mikið er eftir fyrir öllum öðrum kostnaði fyrirtækisins.

Ég hygg að það liggi í hlutarins eðli, að framlegð án þess að lausaskuldir séu mjög miklar þarf að vera 18—20% að lágmarki. Þess vegna var jafnframt hafin athugun á því, hvort eitthvað væri unnt að gera til að rétta nokkuð hlut fiskvinnslunnar. Samkomulag náðist

um vissa slíka þætti sem kannske vega ekki mikið hver, en sýna þó viðleitni í þá átt.

Ákveðið hefur verið í fyrsta lagi að lækka vexti Fiskveiðasjóðs úr 5.5% í 4.5%. Fyrrv. sjútvrh. gaf fyrirheit um lækkun niður í 3%. En ég verð að segja eins og er, að ég sá enga leið til að ná vöxtum svo langt niður án þess að stofna eiginfjárstöðu Fiskveiðasjóðs í verulega hættu. Fiskveiðasjóður fær innlent fjármagn, fyrst og fremst frá lífeyrissjóðum. En við lífeyrissjóði er samningur nú um að þeir skuli fá hálfu prósenti hærri vexti greidda en eru almennt á verðbréfum ríkissjóðs. Vextir þar eru 3.5%, en lífeyrissjóðirnir fá greidda 4% vexti. Lán þessi hefur Framkvæmdasjóður tekið. Hann hefur fyrir sinn snúð tekið 1% og jafnframt í lántökugjald 2%, sem jafnar sig út með nokkurn veginn 0.2% á 15 árum. En ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að þessir vextir Framkvæmdasjóðs verði felldir brott, enda er hér um algerlega áhættulaus endurlán að ræða. Úr þessu má leysa á þann máta, að annaðhvort taki sjóður eins og Fiskveiðasjóður lánið beint eða Framkvæmdasjóður annist áfram þá milligöngu, en felli niður slíka vaxtainnheimtu, sem ég tel að vísu æskilegra. — Ég vil einnig taka það fram, að mér sýnist sjálfsagt að svipuð kjör gildi hjá öðrum meginstofnlánasjóðum þar sem ekki getur talist áhætta í endurláni Framkvæmdasjóðs.

Þá var gerð ítarleg athugun á sölugjaldi af ýmsum fjárfestingarvörum sem fiskvinnslan greiðir nú, en hefur verið fellt niður af ýmsum öðrum samkeppnisiðnaði og útflutningsiðnaði. Í ljós kom að þar er um nokkra liði að ræða, og varð samkomulag um að fella niður sölugjald af fjórum tollaflokkum þar sem um er að ræða vélar, sem eru 80% eða meira, til þarfa fiskvinnslunnar. Hér er um nokkuð mikilvæg tæki að ræða, m. a. í þeim endurbótum og framleiðniaukningu sem fiskvinnslunni er nauðsynlegt að ráðast í og reyndar hefur verið að unnið jafnt og þétt.

Þá leiddi þessi athugun í ljós að lausaskuldir eða vanskil fiskvinnslunnar og reyndar sjávarútvegs hafa vaxið gífurlega á undanförnum árum og mánuðum. Þetta hygg ég að megi ekki síst rekja til þess, að rekstrarfjárþörf fyrirtækja hefur langt frá því verið fullnægt í samræmi við verðbólgu, og hefur það leitt til verulegra vanskila. Í raun og veru er leiðrétting á þessu með skuldaskilum fyrst og fremst staðfesting á því að rekstrarfé hefur ekki verið aukið eins og þörf er á slíkum verðbólgutímum — bankarnir eflaust ekki haft til þess bolmagn. Því var ákveðið á fundi ríkisstj. að settir verði menn í að kanna þessi vanskil, og ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að eins miklu og frekast er unnt með tilliti til stöðu sjóða og banka og fyrirtækja verði breytt í skil á næstu vikum og mánuðum.

Jafnframt var ákveðið að setja á fót starfshóp til að gera samanburð á samkeppnisaðstöðu frystiiðnaðarins og annars útflutnings- og samkeppnisiðnaðar. Um það hefur lengi verið deilt, hvor býr betur. Ég held þó að ástæða sé til að efast um að frystiiðnaðurinn búi betur en annar samkeppnisiðnaður, og vek m. a. athygli á því, að uppsafnaður söluskattur hjá frystiiðnaðinum og fiskvinnslunni í heild er 3.8 milljarðar á ársgrundvelli og þar af 2 milljarðar hjá frystihúsunum. Þetta eru stórar upphæðir og ýtir sannarlega enn undir að virðisaukaskattur verði upp tekinn í þessu þjóðfélagi í staðinn fyrir söluskatt.

Þessir liðir allir hafa stuðlað að því, að þó fékkst hlutleysi annars fulltrúa fiskvinnslunnar og samþykki hins við þá ákvörðun sem hér var tekin. Fulltrúi útgerðar hefur mótmælt þessari ákvörðun og talið hana vera samningsbrot. Ég hef skoðað það vandlega og rætt við þá menn sem gerst eiga að þekkja. Ég held að það sé misskilningur.

Ég sagði áðan að sá samningur, sem gerður var í janúar, var á milli fjögurra aðila. Að honum stóðu fulltrúi útgerðar, fulltrúi sjómanna og fulltrúar fiskkaupenda ásamt oddamanni frá ríkinu. Þeir stóðu allir að þessum samningi. Ég gat þess einnig áðan, að samningur þessi var uppsegjanlegur og tveir aðilar sögðu honum upp. Tvímælalaust er samningurinn þar með úr gildi fallinn. Tveir aðilar af fjórum, sem að þessum samningi standa, segja honum upp og þá stendur hann vitanlega ekki á milli annarra aðila sem eftir eru. Svo er að sjálfsögðu ekki, að eitt atriði í samningnum standi óbreytt ef öðrum er sagt upp.

Ég vek athygli á að fulltrúi útgerðar stillti sér við hlið sjómanna í kröfu þeirra um 6.67% hækkun. Þetta breytir ekki því, að ég tel að hlutur útgerðarinnar sé einna lakastur í því dæmi sem úr þessari ákvörðun kemur. Sérstaklega mun það valda minni skuttogurunum og einkum þeim, sem eiga langa leið á mið, vandræðum. Hitt er þó staðreynd, sem fram kom og fram kemur í grg. með frv., að hlutur útgerðar hækkar um 0.6% með því fiskverði sem felst í þessari ákvörðun.

Annars vil ég segja það um olíugjaldið almennt og útgerðina, að ég hef miklar efasemdir um olíugjaldið. Til þess var gripið sem eins konar nauðvarnar vegna mjög hækkandi olíuverðs. Það leggst ofan á fiskverð. Misskilningur er víða að þessu leyti. Það er greitt beint af fiskkaupendum til að standa undir hluta af hækkandi olíukostnaði fiskiskipa. En það er greitt í hlutfalli við aflamagn. Það er svo og svo mikið á hvert kg af fiski sem veiðist. Vitanlega er olíueyðsla alls ekki í réttu hlutfalli við aflamagn. Þetta hefur því valdið mjög mikilli tortryggni víða, sem kemur m. a. fram í þeirri deilu sem nú er orðin á Ísafirði, þar sem olíugjaldið er á oddinum haft.

Það er vitanlega staðreynd að togarar á Vestfjörðum hafa stórum betri útkomu úr olíugjaldinu en þeir sem lengra þurfa að sigla. Þeir afla mikið og sigla stutt og fá greitt á hvert kg afla, eins og ég sagði áðan. Ég hygg að ýmsir hafi reyndar oft vakið athygli á því, að olíugjald mundi leiða til tortryggni og deilu. Ég neita því ekki, að það er von mín að þessi ákvörðun um lækkun olíugjalds stuðli að lausn deilunnar á Ísafirði. Ég vona það. A. m. k. er kröfum sjómanna að nokkrum hluta beint að olíugjaldinu, eins og ég sagði áðan.

Ég er á þeirri skoðun, að finna eigi aðrar leiðir í sambandi við þennan olíukostnað. Ég vísa til viðræðna, sem eru í gangi og hófust að tilstilli fyrrv. sjútvrh., um breytingu á þessu sviði. Þar munu vera hugmyndir um að olía verði greidd af óskiptu, en þó þannig að greitt verði fyrir ákveðinn lítrafjölda þannig að sveiflur í verði valdi ekki verulegri röskun á fiskverði til skipta. Sýnist mér mjög æskilegt að vinna frekar að samkomulagi eftir slíkum leiðum.

Ég vil jafnframt nefna það, eins og fram kemur í aths. við þetta lagafrv., að sem betur fer eru sumar forsendur fyrir háu olíugjaldi ekki fyrir hendi nú. Hækkun á gasolíu og svartolíu hefur ekki orðið eins og menn töldu að kynni að verða, og fram undan er væntanlega, eins og nú er spáð, fremur lækkun, a. m. k. er verð á Rotterdammarkaði töluvert lægra en það var þegar fiskverð var ákveðið í janúar. Við erum að vísu enn með dýrari olíu,

en ódýrari olían er komin til landsins og meira er væntanlegt. Mér sýnist því að ekki sé óeðlilegt að lækka olíugjald með tilliti til slíkra staðreynda.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mál frekar, þó margt mætti segja um ástand og horfur í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Mikill afli, sem nú berst á land, mun eiga þátt í því að tekjur sjómanna aukast, og ber að fagna því. Ráðstöfunartekjur sjómanna hafa vaxið á undanförnum árum meira en hjá stéttum sem vinna í landi. Væntanlega mun þessi afli verða til þess að hagur útgerðar verður betri og einnig fiskvinnslu. Mér sýnist þannig að með tilliti til þess, sem ég hef nú rakið, hafi náðst viðunandi lausn á þessari deilu.

Lausnin byggist á því, að frv. það, sem hér er lagt fram, fáist samþ. Mánuður er liðinn frá fiskverðsákvörðun. Þetta frv., ef að lögum verður, verkar því aftur fyrir sig. Ákaflega æskilegt er að sá tími lengist ekki umfram það sem orðið er, hann er orðinn allt of langur. Legg ég því ríka áherslu á, að mál þetta fái hraða meðferð á hinu háa Alþingi og leyfi mér að vona að menn, sem gleggstan skilning hafa á mikilvægi þess að ná samstöðu, stuðli allir að því að svo megi verða.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Áður en ég sný mér að því að ræða efni þessa frv. vil ég vekja athygli á því að í janúarmánuði var afgreitt hér á hv. Alþ. frv. um sérstakt olíugjald sem koma átti ofan á fiskverð til þess að bæta fiskiskipaflotanum sífellt hækkandi verðlag á olíu. Alþ. samþykkti þessar ráðstafanir mótatkvæðalaust í janúarmánuði, og þær voru liður í því að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs, sem mig minnir að hafi náðst 23. jan. Ég tel að breyting frá þessu sé brigðmæli frá hendi löggjafans á þann veg, að atvinnustéttirnar í þjóðfélaginu geti ekki treyst Alþingi Íslendinga deginum lengur. Ég get tekið undir það með hæstv. sjútvrh., að þetta olíugjald er mér í sjálfu sér ekkert heilagt mál, ég get vel gengið frá því og breytt því á ýmsa vegu. Það er ekki heldur heilagt mál fyrir útgerðina í landinu. Það er aðeins það sem er heilagt mál fyrir útgerðina og fyrir Alþ., að tekjurnar séu ekki rýrðar frá því sem lofað var í upphafi þessa árs. Þetta frv. gerir hins vegar ráð fyrir því, að verið sé að taka af það sem áður var búið að lofa og Alþ. að samþykkja með samhljóða atkvæðum.

Hvers vegna ætlar einn ráðh. að níðast helst á þeim sem segja ekki upp fiskverðinu, þar sem er útgerðin? Það eru sjómenn og fiskvinnslan sem segja fiskverðinu upp frá 1. mars. Hvernig tekur svo viðkomandi ráðh. þessu? Hvernig skilur hann það, að menn vilja standa við gerða samninga og þessir aðilar segja ekki upp? Þá segir hæstv. núv. ráðh. í ræðu rétt áðan, að þeir muni þá líkast til hafa séð grundvöll fyrir áframhaldandi rekstri fiskiskipa. Þar með hafa þeir það. Nú eiga flestir að hugsa sem svo, þegar eitthvað er að og eitthvað bjátar á, að segja öllu upp, annars geta þeir fengið svona þakklæti á eftir eins og útgerðin fær frá hæstv. sjútvrh.

Staða þessa máls og uppsögn sjómanna stafaði eingöngu af því, að þegar aðrar stéttir í þessu landi fengu launabætur frá 1. des., 6.67%, töldu sjómenn og telja enn að þeir eigi rétt á því sama, þó að fulltrúi þeirra í Verðlagsráði hafi brugðist samþykktum sinna manna með því að sitja hjá. Ef ríkisstj. hefði ætlað að stöðva kauphækkanir, þá átti hún að gera það fyrir 1. mars og þá hjá öllum, en ekki níðast á sjómönnum einum. Það er hér á bak við, að búið er að veita öðrum hækkanir, og það er auðvitað ósköp eðlilegt að allir vilji fá hækkanir fyrst niðurtalningarstefna núv. ríkisstj. er farin að stefna upp á við, enda er allt upp á við — allt verðlag og annað í samræmi við það — hjá þessari hæstv. ríkisstj.

Hæstv. forsrh. varð alvarlega á í messunni í sambandi við fiskverðið. Hann lýsti því yfir, að hann teldi að hraðfrystiiðnaðurinn hefði haft það svo gott í landinu á undanförnum árum að hann gæti vel þolað að fá ekki neinar frekari bætur, hann lifði á gömlum merg og menn þyrftu í þeirri grein að taka við óþægindum og færa mittisólina um eitt eða tvö göt. Þessi fljótfærnislega yfirlýsing forsrh. — af því að hann þekkir ekkert inn á rekstur frystiiðnaðarins og hefur ekki hugmynd um stöðu hans, þrátt fyrir það að fyrir lágu upplýsingar í öllum stjórnarmyndunarumræðum og viðræðum — varð til þess að núv. ríkisstj. stöðvaði með öllu gengissigið og vandinn varð enn meiri en áður. Og áfram er haldið af ráðh. þessarar ríkisstj. að segja að hvítt sé svart og svart sé hvítt. Og veslings viðskrh. er búinn að verða sér svo til stórskammar í dag í viðtalinu við Vísi, við útvarpið og sjónvarpið, jafnágætur maður og hann er, sem ég hef miklar mætur á, að ég kenni sárlega í brjósti um hann eftir daginn í dag, enda er hann aðhlátursefni þjóðarinnar eftir daginn sem eðlilegt er.

Það er mikið afrek sem hæstv. sjútvrh. er búinn að vinna í sambandi við fiskverðið. Það er búið að vera fiskverðslaust í næstum því 31 dag á valdatíma þessarar ríkisstj. Hann segir að nú sé loksins búið að ná samkomulagi. Og hvernig var það? Fulltrúi ríkisstj., oddamaðurinn — sem er auðvitað ekkert annað en verkfæri ríkisstj. á hverjum tíma, sem gerir eingöngu það sem ríkisstj. segir honum að gera, því annars er hann sviptur sínu umboði — hann ákveður fiskverðið. Þeir þorðu ekki, sem betur fer, að treysta á úrskurð oddamannsins, einhliða úrskurð um fiskverðið, og þá voru góð ráð dýr. Þar þurfti að fá annan til. Og sá, sem lét tilleiðast, var fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga, sá aðili sem er fulltrúi fyrir miklu minni hluta fiskvinnslunnar en fulltrúi SH og annarra vinnslugreina. Hann hefur hlýtt kallinu og greitt atkvæði með. Þessi fiskverðsákvörðun er tekin af minnihluta yfirnefndar. Og það er í fyrsta skipti, þegar frá er talinn einhliða úrskurður oddamanns, að fiskverð er ákveðið af minnihluta yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Sjómenn héldu ráðstefnu stjórna og formanna sambandsfélaga Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands miðvikudaginn 26. mars s. l. Sú ráðstefna ályktaði eftirfarandi:

„Sá dráttur, sem orðinn er á ákvörðun fiskverðs, sem gilda átti frá 1. mars um fiskverð, stafar af því, að stjórnvöld telja ekki grundvöll til frekari hækkana fiskverðs, sem þýðir að sjómenn fá ekki sambærilegar launahækkanir og aðrir launþegar í landinu fengu 1. mars. Ráðstefnan lýsir hverja þá ákvörðun, sem ekki tryggir sjómönnum réttmæta hækkun fiskverðs, lögleysu.“

Þrátt fyrir hjásetu fulltrúa sjómanna í Verðlagsráði, sem er, að mig minnir, formaður Vélstjórafélags Íslands og fyrrv. forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Þeir vara í þessari ályktun við einhliða ákvörðun oddamanns yfirnefndar og segja síðan í lok þessarar ályktunar:

„Fari svo, að fulltrúar sjómanna segi sig úr Verðlagsráði, verði þegar boðað til annarrar ráðstefnu með stjórnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og

Sjómannasambands Íslands og formönnum aðildarfélaga sambandanna, þar sem frekari aðgerðir af hálfu sjómanna og umbjóðenda þeirra verða til umræðu."

Hér var fyrst og fremst átt við það, að það yrði að vera meiri hluti yfirnefndar Verðlagsráðsins, og auðvitað mjög róttæk samþykkt gerð um einhliða úrskurð oddamanns. En hér hefur ekki tekist betur til en það, að minnihluti yfirnefndarinnar stendur að ákvörðun fiskverðsins. Í því felst viss hætta fyrir stjórnvöld, ef friður á að ríkja milli aðila í þessum efnum.

Margir tala mikið og fjálglega um þær miklu tekjur sem sjómenn hafa. En á sama tíma er ekki talað um þá vinnu og þá miklu áhættu fram yfir svo að segja öll önnur störf sem fylgja starfi sjómannsins. Fjölmiðlum verður tíðrætt um að sjómenn hafi þetta og þetta miklar tekjur yfir árið og þá ætla þeir sjómönnum að vinna, eins og á togurunum, í 365 daga á ári til þess að ná sínum tekjum. Ég fullyrði að það er enginn sjómaður til sem vinnur neitt nálægt þessu, því að menn, sem jafnmikið álag er á eins og í þessari stétt, verða að taka sér löng frí á milli. Og það er líka mikilvægt atriði, þegar talað er um störf manna, hvort það eru menn, sem vinna reglubundinn vinnudag og hætta á ákveðnum tíma, hvað þeir geta gert fyrir sín heimili og sitt hús, skapað sér á vissan hátt auknar tekjur fram yfir þá sem eru fjarverandi langtímum saman.

Mér fannst furðulegt hjá hæstv. sjútvrh. þegar hann sagði að með samþykkt þessa frv. teldi hann sig eygja lausn á deilu sjómanna á Ísafirði með niðurfellingu eða lækkun olíugjaldsins. Ég hreinlega skil ekki hæstv. ráðh. Hér er um minnkandi tekjur fyrir útgerð að ræða, hvorki meira né minna en það, að í stað 5% olíugjalds á olíugjaldið að vera 2½%. Telur hæstv. ráðh. virkilega, að þegar atvinnurekstur lækkar í tekjum skapist betri og meiri grundvöllur til hækkunar á skiptaprósentu eða öðrum kjörum fyrir sjómenn? Þetta fæ ég alls ekki skilið.

Um hitt er ég hæstv. ráðh. sammála, að þetta olíugjald, eins og það var á lagt á sínum tíma, var ekki allra meina bót. En hann var í þeirri ríkisstj. — þó að hann væri ekki sjútvrh. þá — sem lagði til á s. l. ári að sett yrði 2.5% olíugjald á í marsmánuði árið 1979. Síðan var það gjald hækkað í hvorki meira né minna en 7% frá 15. maí, því að rétt eftir mitt ár, frá 20. júlí, er olíugjaldið utan skipta enn hækkað með brbl. í 12%. Þá er það svo aðkallandi að ekki má bíða lengur að hækka það í 12%. Og ég veit ekki til þess, að núv. hæstv. sjútvrh. hafi haft neitt við það að athuga. En þá var olíuverðið að hækka verulega, því það hækkaði litlu síðar úr 68.90 í 137.05 kr. Að auki kom þá 3% olíugjald til skipta, enda höfðu laun launþega í landi almennt hækkað um 3% í júnímánuði það ár.

Í septemberlok í fyrrahaust varð samkomulag í yfirnefnd Verðlagsráðs um nýtt fiskverð sem átti að taka gildi frá 1. okt. Sú ákvörðun fól í sér að skiptaverð hækkaði um 9.2%, og forsendan fyrir þeirri ákvörðun var að olíugjald til fiskiskipa sem hafði verið 15%, yrði 9% frá 1. okt., og jafnframt var 3% olíugjaldið, sem komið var til skipta, fellt inn í skiptaverðið. Um þetta varð fullt samkomulag á milli aðila.

Hæstv. sjútvrh. talar hér um að nú sé gjörbreyting að verða á, og hann setur inn í grg. með þessu frv. að nú hafi mál hins vegar skipast svo, að „skráð gasolíuverð á Rotterdam-markaði hefur að undanförnu verið á bilinu 295 — 300 dollarar fob. hvert tonn, en viðmiðunarverð var tæplega 329 dollarar, þegar gasolíuverðið var ákveðið 155.25 kr. hver lítri í des. 1979." Þetta gasolíuverð er enn þá 155.25, og mér er kunnugt um að Verðlagsráð hefur samþykkt 10 kr. hækkun á gasolíu nú nýlega. Því spyr ég hæstv. ráðh.: Bendir það til að hér eigi að lækka olíuverðið? Eða ætlar ríkisstj. að lofa því, að þetta hækki ekki, og hvað á þá olían að lækka um?

Ég leyfi mér enn fremur að spyrja um innkaupajöfnunarreikninginn. Hvernig stendur hann? Hvað er tekið inn á hann af olíuverðinu, fyrst og fremst af gasolíuverði og svartolíuverði? Hvernig er með lánin sem olíufélögin tóku á s. l. ári til þess að lagfæra slæma stöðu innkaupajöfnunarreikningsins þá? Hvað líður langur tími þangað til þessar skuldir eru greiddar upp, þannig að olíuverð verður að haldast hærra vegna þess? Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hjá hæstv. ráðh.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. hækkar skiptaverð til sjómanna um 4%, en krafa þeirra eins og annarra launþega í þjóðfélaginu var 6.67%. Hlutur útgerðar í fiskverði hækkar um 0.6%, það er allt og sumt. Olíugjaldið lækkar um 2.5% og hlutur útgerðarinnar er sem sagt 0.6%. Nú spyr ég hæstv. sjútvrh.: Telur hann, ef hann lítur almennt á fiskiskipaflotann og rekstur hans, að fiskiskipaflotanum nægi þetta, miðað við allar þær hækkanir, sem orðið hafa og allar þær hækkanir, sem verða vegna gengislækkunar sem nú þykir fínt að kalla gengissig? Verður þetta til að styrkja stöðu útgerðarinnar í landinu? Telur hann loðnuflotann standa svo vel að vígi nú að hann geti staðið sig, ef hann ætti að fá svipaðar hækkanir og þetta þegar loðnuveiðar byrja? Telur hann að þær veiðitakmarkanir, sem fram undan eru og verið hafa, verði til þess að auka og treysta grundvöll fiskiskipanna í landinu? Dettur nokkrum manni í hug, miðað við það olíuverð, miðað við þá gífurlegu verðbólgu sem þessi ríkisstj. er að kynda undir, að það verði uppörvandi í sumar að fara á skranfiskirí á þessum dýru skipum, togurunum í landinu? Verður það til þess að auka tekjur sjómanna, sem menn öfundast nú mest yfir? Verður það til þess að auka framleiðni í þessu landi? Er það ekki eitt af stefnumálum núv. ríkisstj. að auka framleiðni? Hvar er nú óskalisti Alþb. um framleiðniaukningu? Hvar eru allir þeir milljarðar sem átti að auka framleiðni um í þessu landi? Ég held að fjmrh. sé sestur á þá milljarða sem átti að auka um, því það verður ekki um neina aukningu að ræða með slíkri vitleysisstefnu sem þessi ríkisstj. er að marka bæði í þessu máli og flestum öðrum.

Ég gleðst yfir því, sem hæstv. sjútvrh. sagði, að gera þurfi ýmsar breytingar og lagfæringar til lækkunar á rekstrarkostnaði fiskvinnslunnar. Ég er alveg sammála honum í þeim efnum. Og ég hefði haft af því gaman — og sennilega aðrir þm. líka — að vita hvað hann metur þær till. sínar til mikils fjár, hvað hátt hann metur það tekjutap ríkissjóðs og hvort fara eigi þá í einhverja aðra og nýja skattlagningu. Við erum nú að sjá alveg nóg í dag af því. Það er ekki hægt að lofa öllu í annarri ræðunni og taka það svo aftur í hinni. Það er ekki nóg að einn ráðh. lofi nokkrum milljörðum — og svo kemur veslings fjmrh. og flytur frv. um aukna skatta á þjóðina. Ég trúi því ekki, að þessir níu í ríkisstj. ætli að fara svona með einn mann. Það væri a. m. k. eitthvað sagt hjá Dýraverndunarfélaginu ef um skepnu væri að ræða.

Ég gleðst líka yfir lækkun vaxta Fiskveiðasjóðs, sem sjútvrh. lofar. En ég var ekki trúaður á fyrirheit fyrrv. hæstv. sjútvrh. um að nást mundi samkomulag við lífeyrirssjóðina um það sem hann stefndi að. Ég ætla samt að spara mér frekari þakkargjörð þangað til ég sé að

þetta er komið fram. En mig langar til að spyrja hæstv. sjútvrh. að því, hvernig hann telji stöðu Fiskveiðasjóðs eftir þessa breytingu, hvernig eiginfjárstaða Fiskveiðasjóðs muni þá líta út. Það á að heita svo, að ég sé í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég get mjög vel tekið undir það að lækka ómakslaun Framkvæmdasjóðs í sambandi við útvegun lána fyrir stofnlánasjóðina, og ég hef í raun og veru haft orð á því, að þarna væri um óþarflega háa álagningu að ræða. En þetta hefur viðgengist á undanförnum árum og þar hefur hæstv. núv. sjútvrh. ráðið töluvert ríkjum og hæstv. viðskrh., og það er ekki fyrr en nú að þeir eru farnir að sjá það, að eitthvað megi lækka álagninguna hjá Framkvæmdasjóði — og er það vel.

Hæstv. ráðh. minntist bæði á stöðu fiskvinnslu og fiskveiða. Ég gerði þetta nokkuð að umræðuefni hér um daginn. Hæstv. ráðh. segir að þessi vanskil hafi orðið vegna þess hvað rekstrarfjárhörgull hafi verið mikill hjá fyrirtækjunum. Ef fyrirtækin hefðu fengið aukið rekstrarfé, margfalt meira rekstrarfé og borgað upp vanskilaskuldir sínar hjá Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði og önnur vanskil á stofnlánum, þá stæðu þau ekkert betur, þau skulduðu bara öðrum aðila í dag, sem þá væru bankarnir. Staðan er sú, að heildarvanskil um áramót við Fiskveiðasjóð einan eru næstum því 7700 millj. kr., auk vaxta og dráttarvaxta. Heildarvanskilin við Byggðasjóð eru hvorki meira né minna en 1060 millj. Og vextir í vanskilum án dráttarvaxta eru um 600 millj. Þegar vanskil hjá Fiskveiðasjóði verða öll komin fram svo og vextir og dráttarvextir, og komið er fram á vorið eða sumarið, þá hugsa ég að það sé ekki fjarri sanni að segja að vanskilin verði komin í 14 milljarða. Ég hugsa að þar skakki ekki mjög miklu. En reynslan og nánari útreikningar munu auðvitað sanna hver þessi tala er í raun og veru.

Það er því sjáanlegt nú, að með þeim ákvörðunum, sem teknar hafa verið, er staða útgerðarinnar mun lakari en áður. Og það er furðulegt að þm. úr stjórnarliðinu, sem þekkja vel til stöðu útgerðar og sennilega sumir hverjir miklu betur en ríkisstj. öll saman, skuli láta bjóða sér frv. eins og þetta.

Hitt er svo annað mál, eins og ég sagði í upphafi, að olíugjaldið er ekki endilega það eina sanna og rétta. Aðalatriðið var það, að útgerðin fengi auknar tekjur til þess að mæta auknum útgjöldum í því verðbólgukapphlaupi sem ríkisstj. er að kynda undir.

Fulltrúi útgerðarinnar í Verðlagsráði sjávarútvegsins lét bóka við þessa verðákvörðun í dag: „Með þessari fiskverðsákvörðun er vandi fiskvinnslunnar fluttur yfir á útgerðina. Vegna launahækkana 1. mars og vegna áhrifa gengissigs á aðföng útgerðarinnar, sem nú er ráðgert 8% á næstu dögum, breytist afkoma útgerðarinnar frá því að vera 1% hagnaður í 4% tap.“ Þetta er hressilegt spor aftur á bak. Þarna á sér stað niðurtalning heldur betur. En hún á ekki að eiga sér stað í sambandi við öll ríkisfyrirtækin og öll þau áform sem þar eru um hækkanir á öllum sviðum. Og enn segir fulltrúi útgerðarinnar: „Þegar fiskverð var ákveðið 24. jan. s. l. varð samkomulag um að olíugjald yrði 5% allt árið 1980 og það staðfest með lagasetningu á Alþ. með samhljóða atkvæðum.“

Ég fyrir mitt leyti ætla að standa við mitt atkvæði í jan., ég ætla ekki að snúast eins og vindhani á hjallburst, hvorki í þessu máli né öðrum.

Og enn segir fulltrúi útgerðarinnar:

„Með þessari ákvörðun er því samkomulagi rift af oddamanni yfirnefndarinnar að kröfu ríkisstj. Virðast nú ekki halda samningar við ríkisstj. þótt bundnir séu með lögum. Lækkun á olíugjaldi úr 5% í 2.5% lækkar tekjur útgerðarinnar um 3000 millj. á ári í óðaverðbólgunni sem fram undan er út vertíðina, að ég tali nú ekki um framhaldið.“

Fulltrúi kaupenda, sem sat hjá við atkvæðagreiðsluna, segir: „Með tilliti til þess, að ekki liggja fyrir ákveðin fyrirheit um ráðstafanir til að tryggja hallalausan rekstur fiskvinnslunnar, þá get ég ekki samþykkt þessa tillögu. Á hinn bóginn er 1/3 verðtímabilsins liðinn og því óhjákvæmilegt að ákveða fiskverð. Þess vegna sit ég hjá við þessa atkvæðagreiðslu.“

Ég tel ekki þessa verðlagningu vera neinn sigur fyrir hæstv. ríkisstj. eða hæstv. sjútvrh., ekki einu sinni varnarsigur. Ég tel að hér hafi verið gengið á bak orða sinna í þessum efnum. Það, sem gert hefur verið, er að færa vanda, hluta af vanda frá fiskvinnslu yfir á fiskveiðarnar samhliða ströngum takmörkunum sem verða í sumar. Og þó að sumum mönnum sé kannske sama um það sem varðar bæði útgerðarmenn og sjómenn, þá hlýtur það að vera hagur ríkissjóðs ekki síður en einstaklinganna að halda uppi eðlilegri framleiðslu og vinnu í þessu landi, því að eftir því sem menn vinna meira og hafa hærri tekjur, því meira mjólkar ríkissjóður af þeim. Ef alvarlega verður dregið úr vinnu með slíkum ráðstöfunum sem þessari, þá verður ríkissjóður fyrir alvarlegu áfalli. Þetta held ég að hæstv. ríkisstj. þurfi að hafa í huga.

Ég tel útilokað að afgreiða þetta frv. fyrir páska. Þetta frv. verður eins og önnur að fara til n. Ég vænti þess, að það fari til sjútvn. Ég á sæti í þeirri n. Þar vil ég fá allítarlegar upplýsingar frá aðilum sem hér eiga hlut að máli. Og ég þykist vita og vona að fleiri nm. í sjútvn. geti tekið undir þau orð mín. Hins vegar vil ég ekki slá neinu föstu um afgreiðslu málsins. Ef hægt er að ganga á einhvern hátt frá þessu olíugjaldi með samkomulagi við báða aðila, þannig að útgerðin beri ekki jafnskarðan hlut frá borði og nú er gert, þá vil ég vera opinn fyrir þeirri breytingu. Að því leyti til get ég verið sammála hæstv. sjútvrh.

Allt bendir nú til þess, með þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð, að sett verði nýtt skattamet á Íslandi á þessu ári. Álögur bæði ríkis og sveitarfélaga á landsmenn verða nú örugglega meiri en nokkru sinni áður. Núv. ríkisstj. viðheldur þeirri hækkun bæði á vörugjaldi og söluskatti sem vinstri stjórnin lagði á seint á árinu 1979 svo að hún veldur aukinni skattbyrði nú í ár, þar sem hún er látin gilda allt árið 1980. Þessi hækkun mun hafa fært ríkissjóði 2.7 milljarða kr. á s. l. ári, og talið er að þessi hækkun ein muni færa ríkissjóði um 18 milljarða á þessu ári. Og nú er haldið áfram á fullri ferð.

Sjálfstfl. hét fólki því fyrir kosningar að afnema skatta vinstri stjórnarinnar. Sjálfstfl. stóð heill og óskiptur að því kosningaloforði. En nú eru þrír menn í Sjálfstfl. í ríkisstj. sem standa að því að viðhalda öllum sköttum vinstri stjórnarinnar og standa einnig að því að hækka þá frá því sem var. Það hefur því verið farið úr öskunni í eldinn. Þeir voru til sem glöddust yfir því, að það tókst að mynda ríkisstj. sem þessa með þessum hætti, en ég held að gleði þeirra fari dvínandi eftir því sem sólin hækkar á lofti. Og ég held að það verði lítil gleði hjá launþegum í þessu landi eins og atvinnurekstrinum þegar líður á þetta ár. Verðbólgan er bölvaldur alls og það ræður engin

ríkisstj. við neitt á meðan hún kyndir sjálf undir verðbólgunni. Og þeir, sem fara verst út úr verðbólgunni, eru þeir sem lægst hafa launin. Þeir geta ekki varist verðbólgunni á einn eða annan veg. Þeir, sem hafa talið sig og telja sig fyrst og fremst málsvara þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu, mega því fara að hugsa sig alvarlega um áður en þeir halda áfram á þessari braut. Þá eru þeir alvarlega að svíkja sína umbjóðendur og skapa hér fátækt og atvinnuleysi þegar líður á þetta ár.

Þessari ríkisstj. verður ekki treyst fyrir fjármálum þessarar þjóðar. Hún veður áfram í villu og svíma. Hún getur ekki sagt satt frá degi til dags, eins og vesalings viðskrh. hæstv., verð ég víst að segja, gerði í allan dag. Þetta frv., sem hæstv. sjútvrh. var að mæla hér fyrir, er eitt af svikunum við atvinnulífið, og það, sem hann sagði hér til varnar þessum málum, er rökleysa. Þetta fiskverð er ákveðið af minni hluta yfirnefndar Verðlagsráðsins og í fullri andstöðu við útgerðina almennt í landinu og sjómannastéttina og meginþorra fiskvinnslunnar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er auðvitað ekkert nýtt að heyra það, að olíugjaldið svokallað sé deiluefni manna í millum og flokka. Þetta gjald hefur verið litið misjöfnum augum alveg frá upphafi, og mín skoðun hefur verið sú alla tíð, að a. m. k. eins og olíugjaldið var á lagt og það hefur verið framkvæmt, þá væri það gert með óeðlilegum hætti.

Ég skal ekki við þessa 1. umr. eyða löngum tíma í málið.

Ég tek að sjálfsögðu undir það með hv. síðasta ræðumanni, að þetta mál eins og önnur hlýtur að fara til n. og fá þar eðlilega skoðun og allar þær upplýsingar sem nm. kunna að vilja fá fram.

Hitt er, að ég held, nokkuð ljóst að sjómannasamtökin í landinu hafa ekki verið hrifin af þessu gjaldi. Og það má raunar segja að sú deila, sem nú er uppi á Ísafirði í sambandi við kjaramál og hér var rætt um áðan, hún er einmitt í nánum tengslum við þetta gjald. Menn telja að með þessu gjaldi sé verið að stíga skref inn á eitthvert hugsanlegt sjóðafyrirkomulag, eins og hér var fyrir nokkrum árum. Það dæmi var gert upp og menn töldu að þar með væri búið að slá striki yfir það og ekkert slíkt sjóðakerfi yrði myndað áfram. Þetta er, ef ég má svo orða, kannske „prinsip"-afstaða sjómannasamtakanna um það, að ekki verði farið aftur inn á sjóðakerfisfarganið eins og það var á sínum tíma.

Það er út af fyrir sig alveg rétt og ég tek undir það, að eðlilega hafa sjómenn gert ráð fyrir því, að þeir fengju sambærilega hækkun í gegnum fiskverð eins og kaup í landinu hækkaði 1. mars s. l. Þar vantar nokkuð á með þeirri fiskverðsákvörðun sem nú liggur fyrir. Ég hygg þó að viðhorf sjómanna til þess að lækka olíugjaldið úr 5% niður í 2.5% sé jákvætt og þeir telji að það sé a. m. k. skref í rétta átt, til þess þá í næstu atrennu að afnema olíugjaldið.

Sjálfsagt geta verið um þetta deildar meiningar, ég geri mér það ljóst. Ég hygg þó að almennt hafi sjómannasamtökin talið æskilegt, að þetta gjald yrði afnumið og ekki tekið upp fyrra fyrirkomulag með sjóðakerfisfarganið.

Talið er — og raunar kemur það fram í grg. með þessu frv. — að frá því að olíugjaldið var í janúar ákveðið 5% hafi olía hækkað minna en menn höfðu reiknað með þegar olíugjaldið var sett í 5%. Ég sé ekki að það sé alfarið nauðsynlegt að halda olíugjaldinu í 5%, ef það er staðreynd að olíuverð hefur hækkað minna en gert var ráð fyrir þegar gjaldið var sett í þessi 5%. Mér finnst það ekki sjálfgefið að útgerðin haldi þessum hlut, ef það er sannanlegt að ekki hafi orðið þær hækkanir á olíuverðinu sem gert var ráð fyrir þegar þessi skipting var ákveðin.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem deilur eru uppi um ákvörðun fiskverðs. Ég tek að sjálfsögðu undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram, ekki bara núna, heldur og oft áður í þinginu, að auðvitað er ámælisvert að fiskverðsákvörðun skuli dragast úr hömlu núna í mánuð, fast í mánuð þar áður. Það er auðvitað óverjandi að ætlast til þess af sjómönnum, að þeir stundi þessa atvinnu án þess að hafa hugmynd um hvað þeir í raun og veru bera úr býtum, hver laun þeirra eru. Það er jafn ámælisvert fyrir núv. hæstv. ríkisstj. eins og þær sem áður hafa setið. Þær hafa fæstar, að ég hygg, hreinan skjöld í þeim málum. Ég hef ekki gert samanburð á því, hvort þessi er verst, en líklega er hún ekki best. Að sjálfsögðu fagna menn því almennt, að fiskverðsákvörðun er komin, en menn deila að sjálfsögðu um réttmæti þeirrar hækkunar sem hér er um að ræða.

Það var vikið í ræðu áðan að ráðstefnu sjómannasamtakanna, sem haldin var nú nýverið, og vikið að ályktun sem þar var gerð. Ég er sammála hæstv. sjútvrh. í því, að það hefði verið afskaplega óheppilegt, vægast sagt, ef nú hefði svo farið að oddamaður hefði úrskurðað fiskverðið. Það hefði að mínu viti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Ég er síður en svo með þessu að segja að sú ákvörðun, sem nú liggur fyrir, sé sú eina og rétta. En ég held að margra hluta vegna sé æskilegt að reyna að halda því formi sem verið hefur nú um nokkurra ára skeið. Það, sem þaðan kemur, verður eins og öll mannanna verk umdeilanlegt hverju sinni, en ég held að almennt séu menn nokkuð sammála um að þessi aðferð við fiskverðsákvörðun sé hin besta sem menn hafa fundið til þessa.

Það er auðvitað augljóst mál, fram hjá því þýðir ekkert að ganga og undan því kemst hæstv. sjútvrh. auðvitað ekki, að hér er það auðvitað ríkisstj. sem ræður ferðinni. Það er ljóst mál nú eins og áður.

Hér var sagt áðan að öll breyting á olíugjaldinu frá því, sem það var ákveðið í jan. s. l., væri brigðmæli af hálfu löggjafans. Vel má vera að svo sé. Og engin afsökun er auðvitað, ef svona er með þetta mál, að löggjafinn hefur sannarlega orðið uppvís að mörgum brigðmælum í tímans rás. Ég er nú ekki alveg viss um að þetta sé rétt afstaða. Ég held a. m. k., ef hægt er að sýna fram á að útgerðin þarf ekki að bera eins miklar byrðar vegna olíuverðsins og gert var ráð fyrir þegar gjaldið var ákvarðað 5%, að þá sé það ekki alfarið skylda að standa á þeirri prósentu. Ég held að í þessu sem öðru verði oft að taka mið af kringumstæðum eins og þær eru hverju sinni.

Eins og ég sagði áðan skal ég ekki eyða löngum tíma í að ræða þetta mál við þessa umr. Ég á sæti í þeirri n. sem málið fer væntanlega til. Að vísu hefur engin till. verið gerð um það enn, hvert vísa eigi málinu, en ég vænti þess, að það fari í sjútvn. (**Gripið fram í:** Í ríkisstj.) Eða ríkisstj. aftur, kannske það. Og ég tek undir það, að auðvitað verður að gefa þeirri n. og þinginu tækifæri og tíma til þess að athuga þetta mál eins og önnur. En það virðist nú ekki vera sá gállinn á hæstv. ríkisstj. eða ráðh., að þeir ætlist til þess að þm. almennt fái mikinn tíma til þess að kynna sér mál sem hér eru lögð fram, sbr. það sem hér var lagt á borð þm. í dag um annað olíugjald eða

orkuskatt. Það mál er búið að vera hér til umr. í þinginu allt frá því í des. að þing kom saman. Ríkisstj. hefur væflast með það mál frá því að hún settist á valdastóla, og meira að segja varð að gera hlé á þingfundum í dag vegna þess að a. m. k. einn stjórnarflokkurinn — eða hvort það á að segja annar stjórnarflokkurinn — þurfti tíma til þesss að bræða saman afstöðuna til þess frv. En öðrum þm. er ætlað að afgreiða það mál á kannske nokkrum klukkutímum.

Hér eru auðvitað vinnubrögð á ferðinni sem eru ekki sæmandi Alþingi. Og það er ámælisvert af hæstv. ríkisstj. og ráðh. að ætlast til þess, að þingið afgreiði hér mál á færibandi. Ekki síst er það ámælisvert þegar um er að ræða svo stór mál eins og hér hafa séð dagsins ljós í dag, þegar verið er að auka álögur á landsmönnum svo milljörðum eða jafnvel tugum skiptir frá degi til dags. Ég held nú að hinir hógværari menn í stjórnarliðinu — eða a. m. k. vona ég það — fari að stinga við fótum og stöðva slíka framleiðslu af skattaáþján eins og núv. hæstv. ríkisstj. virðist ætla að koma á hér í landinu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í sjálfu sér er óþarft fyrir mig að vera með ýkjalanga ræðu eftir hina ítarlegu ræðu fulltrúa okkar sjómanna og útgerðarmanna, hv. 1. þm. Vestfj., áðan. En það eru þó nokkur atriði sem ég vil drepa á vegna þess frv. sem hér er til umr.

Vil ég hefja mál mitt með því að taka undir með þeim tveim Vestfirðingum af þrem sem hér hafa talað í kvöld, að mál þetta fái eðlilega athugun í n., sem að sjálfsögðu hlýtur að vera sjútvn. þessarar d. og hv. Ed. (**KP:** Heldurðu að það sé öruggt?) Ja, ef ekki á að vísa málinu aftur til ríkisstj., þá tel ég eðlilegt að það fari til sjútvn. En ég tel að það þurfi ekki að pressa þetta mál fram með neinum sérstökum hraða, m. a. vegna þess að það hefur nú verið úrskurðað að fiskverð skuli vera eins og minni hluti nefndarinnar hefur ákveðið.

Það mun gefast og á að gefast tími fyrir aðila til þess að koma á fund þingnefndanna — þær geta vissulega haldið fundi sína sameiginlega — til þess að skýra afstöðu sína til þessa lagafrv. og til ákvörðunar yfirnefndarinnar, með hliðsjón af því sem hefur skeð á undanförnum vikum. Við skulum ekki gleyma því, að af þeim tæpu 90 dögum, sem eru liðnir af árinu, eru um 50 dagar sem ekkert fiskverð hefur verið til. Og þeir menn, sem stunda fiskveiðar, og reyndar aðrir, sem hagsmuna eiga þar að gæta, hafa ekki vitað með vissu upp á hvað þeir væru að róa. Nú vita þeir það. En þetta hefur borið þannig að, að það er auðvitað margra skýringa óskað og margra skýringa þörf. Ég bendi hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. sjútvrh. á það í allri vinsemd að það er betra að fara með nokkurri hægð að afgreiðslu þessa máls úr þessu, m. a. vegna þeirra óeðlilegheita sem hafa átt sér stað í sambandi við afgreiðslu málsins til þessa. Ég tel það miklu betra fyrir hæstv. ríkisstj. að vinna þannig að málinu heldur en t. d. að fá flotann í hafnir landsins og samkomu enn á ný, ekki aðeins forustumanna sjómannasamtakanna alls staðar að af landinu að þessu sinni, heldur kannske áhafnanna líka, sem komi marsérandi til þess að mótmæla vinnubrögðum hæstv. ríkisstj.

Ég bendi á þetta m. a. vegna þess og í framhaldi af því, að í Sjómannafélagi Reykjavíkur, stærsta sjómannafélagi landsins, var samþykkt 19. mars fordæming á þeim drætti sem hefur orðið á ákvörðun fiskverðs. Stjórn þessa félags skoraði þá á landssamtök sjómanna að boða þegar til fundar með forustumönnum sjómannafélaganna sem tæki ákvörðun um hröð viðbrögð gegn þessu gerræði. Tveir hv. þm. hafa hér í ræðum í kvöld vitnað til þeirrar ráðstefnu, sem kölluð var saman snarlega eftir þessa áskorun stjórnar Sjómannafélags Reykjavíkur, þar sem tekið var undir þessa fordæmingu svo skýrt sem verða má. Ráðstefna forustumanna þessara samtaka lýsir því yfir, að hver sú ákvörðun, sem ekki tryggi sjómönnum réttmæta hækkun fiskverðs, sé hrein lögleysa. Þá er illa komið ef íslensk sjómannastétt á enn einu sinni að fá það framan í sig, sem hún hefur fengið frá þeim, sem ráða ferðinni í núv. ríkisstj., og fyrrv. ríkisstj. *mótaði í viðskiptum sínum við þessa stétt* — sem hún gerði reyndar líka við aðrar launastéttir þjóðarinnar, að lýst sé algerri fyrirlitningu á öllu því sem hún gagnrýndi ríkisstj. *Geirs Hallgrímssonar hvað mest fyrir á sínum tíma*, algerri fyrirlitningu á samningsrétti, hvort sem hann var gerður með undirskrift aðilanna á vinnumarkaðinum eða þessir sömu *samningar væru jafnvel bundnir* í lögum. Ég vitna og bendi til svokallaðrar eftirgjafar, sem auðvitað var ekki nein eftirgjöf því hún var í sjálfu sér ólýðræðisleg og ólögleg þegar skoðað er niður í kjölinn, eftirgjafa á móti svokölluðum félagsmálapökkum. Ég skal viðurkenna að á árinu 1978 og fram eftir árinu 1979 má halda því fram með nokkrum rétti, að ákveðnar stéttir, sem áttu sterka aðila, pólitíska vini og flokksbræður, í ráðherraröðum þáv. ríkisstj., fengu nokkuð út úr þessum félagsmálapakka og fengu nokkuð fyrir sinn snúð þess vegna. En það, sem aftur á móti var lofað íslenskum fiskimönnum, það var bókstaflega allt svikið 1978. Það sem þá var af þeim tekið og fært öðrum aðilum í þessari atvinnugrein skiptir milljörðum — skipti milljörðum þá. Ekkert af þessu er komið til baka aftur. Þeir áttu að fá um síðustu áramót 13.1% í fiskverðshækkun í framhaldi af hækkun sem orðið hafði hjá öðrum stéttum í þjóðfélaginu. Þeir fengu 11%. Þeir áttu að fá núna — og því er ekki mótmælt — eftir sömu reglum og samningum 6.67%. Þeir fá 4%.

Ef svona á að halda áfram lengi enn, og ef á að knýja þetta frv. fram með offorsi án þess að rætt sé við fulltrúa þessara manna, þá endurtek ég þau orð mín, að ég held að það sé verr farið af stað en heima setið. *Ég er hvorki* með hótanir né neitt þess háttar í garð ráðamanna þjóðfélagsins í dag. Ég er bara að benda þeim á einfaldar staðreyndir, að svo má brýna deigt járn að það bíti. Og það er auðvitað ekkert réttlæti í því og það er ekkert lýðræði í því, að einn einstaklingur, sem hefur verið valinn af samtökum til þess að taka sæti í yfirdómi og er búinn að standa stífur á því um margra vikna skeið að fiskverðshækkun til sjómanna eigi að vera 6.67%, þegi allt í einu og dragi sig í hlé og segi ekki orð, en láti það lönd og leið að 4% fiskverðshækkun fari til sjómanna. Þetta er einn einstaklingur sem tekur þetta upp hjá sjálfum sér, að því er virðist, án þess að hafa samráð við nokkra aðra forustumenn í félögum sjómanna, hvað þá við félögin sjálf.

Ég talaði nú fyrir aðeins nokkrum klst. við formann stærsta sjómannafélags landsins, Sjómannafélags Reykjavíkur. Hann hafði þá átt símtal við formann Sjómannasambands Íslands, sem hafði þau orð að segja við þann sem spurði, að hann skildi ekkert í oddamanni sjómanna í yfirnefnd, hvað hann væri að fara eða af hverju hann tæki þessa afstöðu. Tekur hann þessa afstöðu vegna þess að hann er stuðningsmaður ríkisstj.?

Tekur hann þessa afstöðu vegna þess að hann var í framboði fyrir einn stærsta stjórnarflokkinn? Hvað er þarna á seyði? Eða er þetta eitthvað skylt því sem kemur fram hjá öðrum fulltrúa fiskkaupenda, sem var einn þeirra aðila sem harðastir voru í því að krefjast 12% fiskverðslækkunar, en samþykkir 4% fiskverðshækkun? Það er hvorki meira né minna en 16% fiskverðsmunur þarna á milli sem þessi fulltrúi ætlar líklega að meta á móti þeim fjórum atriðum sem hæstv. sjútvrh. rakti fyrir okkur áðan og ég fæ í fljótu bragði ekki séð að geti á nokkurn hátt komið á móti þeim mörgu milljörðum, sem þetta þýðir fyrir fiskvinnsluna.

Bent hefur verið á að þessi maður væri fulltrúi fyrir þau hraðfrystihús sem væru í eigu eða á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga, kannske er einhver skýring þar á milli. En ég er viss um það, að ef hæstv. ríkisstj. undir forustu hæstv. forsrh. Gunnars Thoroddsen ætlar sér að standa við hluta af því, sem stendur í málefnasamningi hennar, þar sem lofað er að hafa samráð við launþegasamtökin, full samráð við launþegasamtökin og taka tillit til vilja þeirra og óska að sjálfsögðu eins og hægt er, þá ber að gera það nú. Ég skal viðurkenna að það er ekki alltaf hægt að koma á móti öllu sem þessir hópar biðja um. En ég tel nauðsynlegt að ríkisstj. beiti sér a. m. k. fyrir því, að þessum mönnum sé ekki misboðið einu sinni enn á þann veg sem nú virðist eiga að gera.

Það vekur hins vegar furðu mína á hversu kaldrifjaðan hátt núv. stjórnarherrar, og ég tala nú ekki um þeir sem einnig áttu sæti í síðustu vinstri stjórn, — hversu kaldrifjað þeir ganga til verks í því að svíkja allt það sem þeir töldu helgast þegar þeir voru í stjórnarandstöðu við ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Samningana í gildi, — sei, sei, sei, aldrei að breyta samningum með lögum, — ja, svei. Öll þessi helgu loforð þessara helgislepjutúlkenda lýðræðisins eru svikin hvað eftir annað í kross og aftur í kross.

Hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um afstöðu útgerðarmanna til fiskverðsákvörðunarinnar nú. Hv. 1. þm. Vestf. hefur reyndar komið mjög inn á þeirra mál. Ég vil þó enn undirstrika það sem hann sagði og lýsa furðu minni á ummælum hæstv. sjútvrh. þegar hann lætur hafa eftir sér hér á hv. Alþ., að vegna þess að þeir hafi ekki sagt upp fiskverðssamningum hafi mátt telja að staða þeirra væri það góð að nokkuð mætti beygja þá í hnjáliðunum. Um leið heldur hann því fram, sem mér þykir enn þá furðulegra, að vegna þess að tveir aðrir aðilar hafi sagt upp fiskverðinu séu samningarnir auðvitað lausir, og um leið séum við lausir allra mála við útgerðarmenn. Þetta er svo herfilegur misskilningur hjá einum af ráðh. ríkisstj., að tveir aðilar að samkomulagi eða samningum um fiskverð, þótt þeir segi upp sínu samkomulagi, séu þeir um leið að segja upp lögum Alþingis. Hvernig dettur hæstv. ráðh. slík vitleysa í hug? Við samþykktum lög á Alþingi í byrjun þessa árs um 5% olíugjald, og þótt einhverjir aðilar úti í bæ segi upp samningum dettur þá nokkrum í hug að þeir séu um leið að segja upp íslenskum lögum? Það er margt undarlegt sem kemur fram í túlkun hæstv. ráðh. um þessar mundir, ekki aðeins í sambandi við þetta mál, heldur mörg önnur.

Það hefur verið bent á það réttilega í umr. hér í kvöld, að það er auðvitað minni hl. í yfirnefndinni sem tekur þá ákvörðun sem tekin var. Og ég tel sjálfur að það sé afskaplega lítill munur á hvort umboðsmaður ríkisstj. í Þjóðhagsstofnun, sem gengur erinda hennar í þessum málum og fer að vilja hennar, hefur tekið þessa ákvörðun einn eða hvort hann hefur fengið sér til aðstoðar þann fulltrúa sem fer með umboð fyrir hraðfrystihús á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga, aðeins lítinn hluta af fiskvinnslunni, t. d. hraðfrystiiðnaðinum í heild. Ég tel því að þarna sé um mikla minnihlutaákvörðun að ræða.

Til viðbótar því, sem ég sagði um útgerðarmennina, svo ég taki enn undir orð hv. 1. þm. Vestf., vil ég taka fram, að þegar þessi lög voru samþ. á Alþ. í janúar, lögin um hið sérstaka olíugjald, þá töldu menn auðvitað að þeir gætu reiknað með þessu sama olíugjaldi a. m. k. út þessa vertíð, að þetta væri skuldbinding sem ríkisstj. — með stuðningi ekki aðeins sinna stuðningsmanna, heldur og stjórnarandstöðunnar — mundi standa við. En þetta er hliðstætt við breytta afstöðu til launasamninga sem núv. stjórnarherrar hafa haldið við eða tekið upp að nýju eftir að fyrri vinstri stjórn upphóf þann leik.

Það hefur nokkuð verið komið inn á tekjur sjómanna eða ráðstöfunartekjur, eins og hæstv. sjútvrh. kallaði þær. Áður en ég kem að því væri gott að fá frekari skýringar hans á því, hvort það sé ekki nokkuð öndvert í röksemdafærslu hans þegar hann minnist á hið skráða gasolíuverð í Rotterdam, sem sé lægra en það viðmiðunarverð sem gilti þegar gasolíuverðið var ákveðið. Samrýmist þetta að öllu leyti þeim röksemdum sem bornar eru fram í málflutningi um frv., sem lagt var fram hér í dag, um hækkun á söluskatti? Ég held að það væri ástæða fyrir nefndir, sem fá þessi mál til meðferðar, að skoða þetta aðeins betur.

Hér hafa líka komið réttilega fram þær skoðanir hæstv. ráðh., sem ég tek undir, að það er auðvitað ákaflega misjafnt hvernig olíukostnaður leggst á útgerð í þessu landi. Því fyrirkomulagi, sem haft er á olíugjaldinu, er engan veginn hægt að hrósa. Það er að sjálfsögðu mjög hagkvæmt fyrir þá útgerð, sem á flota sem getur farið rétt út fyrir nesin, sem marka af innfirði og víkur í heimabyggðum, að fylla sig þar á stuttum tíma og halda heim aftur. Það er mikill munur á slíkri útgerð og þeirra, sem gera út skip sem þurfa að sigla hundruð mílna til þess að komast á mið og sömu leið að sjálfsögðu til baka til þess að geta landað í sinni heimahöfn. Þetta fyrirkomulag er þess vegna langt frá því að vera nógu gott. Auk þess eru vonbrigðin sem það veldur, að þetta gjald skyldi vera tekið upp svo skömmu eftir að lögð hafði verið í það ekki aðeins mikil vinna, heldur blóð, sviti og tár, að koma sjóðagjaldinu af á sínum tíma, að þá skyldi vera byrjað á þessu gjaldi aftur á þennan veg. Ég tek því undir þau orð hæstv. ráðh., — og ég veit að hann mun fá stuðning margra manna til þess úr öllum flokkum — að það má til að reyna að finna einhverja aðra lausn, eitthvert annað fyrirkomulag en hefur verið fundið með þessu sérstaka olíugjaldi. Það er rétt að minnast á það einnig, að það hefur aldrei nokkurn tíma verið borið undir samningsaðila, sem semja um kaup og kjör sjómanna, hvort þetta fyrirkomulag ætti að vera eða ekki. Einn af forustumönnum sjómanna lýsti því yfir, og ég býst við að hann hafi haft meginþorra sjómanna á bak við sig í því, að olíuhækkunin, hin snögga og mikla olíuhækkun sem varð, ætti ekki að verða sérstök gróðalind fyrir fiskimenn. Hins vegar lá það heldur aldrei í hans orðum, að hún ætti að leiða til sérstaks taps fyrir þá, að hana ætti að nota til þess að hafa af þeim aðra þætti í lögbundnu og samningsbundnu samkomulagi.

Hæstv. sjútvrh. viðhafði hér orð nú í sinni framsögu-

ræðu — og hefur reyndar gert það nýlega annars staðar opinberlega — sem eru í beinu framhaldi af því sem hæstv. viðskrh., sá sem hvað frægastur hefur orðið úr núv. hæstv. ríkisstj. fyrir yfirlýsingar sínar sem ganga þvert á hans eigin orð frá klukkutíma til klukkutíma, viðhafði hér í umr. utan dagskrár um daginn, en ég mótmælti. Hæstv. sjútvrh. hefur efnislega tekið skoðanir hans upp, því að hann sagði í viðtali við Morgunblaðið 28. mars, með leyfi forseta: „Við verðum hins vegar að líta til þess, að ráðstöfunartekjur sjómanna hafa aukist meira á undanförnum árum en hjá launþegum í landi og þótt aukinn afli hafi kallað á meiri vinnu, þá hafa einnig orðið róttækar breytingar um borð í skipunum til betri vinnuaðstöðu."

Svo mörg voru þau orð. Og eftir að hafa heyrt þessa hugvekju frá tveimur hæstv. ráðh. Framsfl., þetta viðtal og fyrri ummæli hæstv. viðskrh., fékk maður svo í þokkabót að hlusta á eitt af þeim undarlegu fyrirbrigðum, sem Háskóli Íslands hefur ungað út, tala í þætti í útvarpinu í kvöld, hvar hann hafði orð á því í sambandi við baráttu sjómanna til að halda sínum kjörum, sem þeir hafa samið um, að þeir yrðu að passa sig svo að þeir yrðu ekki af aurum apar. Auðvitað kallar þetta á að hér á Alþingi sé nokkuð farið inn á þetta mál, svo að fjölmiðlar fái að vita um skoðanir sjómanna á þessum málum héðan og að sjálfsögðu sé um leið skráð í þingtíðindi hið rétta í þessu máli. Það kom réttilega fram hjá hv. 1. þm. Vestf. í ræðu hans áðan, að þessi mikla aflaaukning og um leið *mikla tekjuaukning sjómanna — og útgerðarinnar* sem oft gleymist að geta um leið — verður vegna þess að mennirnir, sem við þetta vinna, bæta við sig svo gífurlegri vinnu að það tekur engu tali.

Þetta kemur fram í viðtali í Dagblaðinu í dag við skipstjóra á einu mesta aflaskipi flotans, sem lýsir yfir að það þurfi alltaf að vera frívaktir, því það væri ekki nokkur leið að gera slík skip út með 15 mönnum, ef ekki væri staðin frívakt. Og hann er spurður, þessi skipstjóri: Þarf þá ekki að fjölga mönnunum? Nei, það vilja þeir náttúrlega ekki, af því að þetta kemur í törnum, suma daga er rólegt og aðra daga ekki. En það kemur eiginlega ekki sá túr, að ekki sé frívakt í 18 — 20 tíma.

Nú veit ég að þegar fólk heyrir þetta, þá gerir það sér ekki grein fyrir því, hver vinnutími þessara manna er. *Hann er bundinn í lögum, sem varð að setja til þess að* firra menn því sem þeim var boðið hér fyrr á árum, lögum sem voru að vísu sett fyrir nokkrum áratugum til þess að gera þetta starf ekki eins ómanneskjulegt og það var þá, lögum sem hafa tekið tvisvar meginbreytingum síðan, annars vegar þegar breytt var úr 12 og 6, eins og kallað var á togurunum, að þeir unnu í 12 tíma og fengu 6 tíma hvíld, og hins vegar og með síðustu stórbreytingu sem gerð var, að menn vinna í 12 tíma og fá 12 tíma hvíld á sólarhring eða 6 og 6. Þetta er hinn lögboðni vinnutími um borð í þessum skipum og þetta gildir að sjálfsögðu alla daga ársins sem skipið er að veiðum.

Ég lét vinna fyrir mig smáyfirlit yfir þann togarann sem var aflahæstur togara á árinu 1979, Reykjavíkurtogarann Bjarna Benediktsson. Hann fiskaði 5722 tonn á árinu á 361 rekstrardegi sem hann var á siglingu og að veiðum. Dæmi var tekið af netamanni um borð í þessu skipi, manni sem er orðinn fagmaður í sínu starfi eftir sitt langa og mikla starf og þá miklu þekkingu sem hann hefur öðlast á veiðarfærum og öðrum störfum um borð. Þegar út var reiknað reyndust tekjur þessa netamanns vera 610 268 kr. á mánuði. Ef farið er í samanburð og miðað við almennt yfirvinnuálag og almennt vaktaálag skilar hann 494 dagvinnutímaeiningum í mánuði, sem gerir í laun á klst. 1235 kr. eða 214 125 kr. á mánuði með 40 st. vinnuviku. Á meðan þessi maður um borð í togaranum hefur rúm 214 þús. fyrir þennan vinnutíma hefur hafnarverkamaðurinn 287 967 kr. Og ef við gerum þennan samanburð aðeins einfaldari og reiknum dagvinnutímakaupið út frá sama grundvelli, þá var meðalkaup 4. taxta hafnarverkamanns eftir eitt ár, árið 1979, 1389 kr., en hjá netamanni á þessum stóra togara 1235 kr. Árið 1980 hefur hafnarverkamaðurinn 1868 kr. á klst., en netamaðurinn á togaranum 1660 kr. á klst.

Nú er mér spurn: Í hverju liggur þetta kjaftæði, utangarnakjaftæði fjölmiðlamanna, ráðherra og ráðamanna, sem tala um þessa menn sem hátekjumenn? Hverjir eru lágtekjumenn í þessu þjóðfélagi og hverjir eru hátekjumenn? Hefur þessi hæstv. ríkisstj., sem hefur m. a. ætlað sér að leysa öll vandamál vinnumarkaðarins, reynt að gera sér grein fyrir því, hverjir eru lágtekjumenn í þessu þjóðfélagi og hverjir eru hátekjumenn? Er maður hátekjumaður vegna þess að hann er á lágu tímakaupi en vinnur ómanneskjulega langan vinnutíma og kemst í hálaun, vinnur vinnu sem verður að vinna við, vegna þess að hann getur t. d. á skipunum alls ekki neitað vegna laga, sem þar gilda, svokallaðra sjólaga. Og alls staðar, í hverri einustu verstöð allt í kringum landið, er fólk sem vinnur í frystihúsum og í fiskvinnslu. Það hleypur ekki burt *þegar afli berst að landi. Það hleypur ekki burt úr* vinnu. Það stendur meðan stætt er til þess að bjarga verðmætum undan skemmdum. Það hefur það ekki t. d. eins og starfsmenn í skrifstofum og ýmsum stofnunum, sem koma til vinnu kannske kl. hálfníu til níu og fara heim upp úr fjögur á daginn, en bera sig í launum saman við þetta sama fólk.

Ég held að hv. þm. — að ég tali nú ekki um þá menn sem er falin sú ábyrgð að taka að sér að stjórna landinu og sitja í ríkisstj. — ættu að fara að hugleiða þetta mál og hugleiða það nokkru nánar áður en þeir láta hafa eftir sér svona sleggjudóma og fullyrðingar sem ekki standast. Það er sannleikur að þessir menn, fiskimenn okkar, þeir vinna og skila ekki aðeins meiri afköstum en flestar aðrar stéttir þessa þjóðfélags, heldur gera þeir það undir þeim kringumstæðum sem engin önnur stétt þarf að gera því að þeir búa ekki aðeins við vosbúð í starfi heldur eru og í stöðugri hættu. Og ég veit að þeir muna það — því miður þurfa þeir að muna þann allt of ferska atburð — þeir þrír þm. Vestf. *sem hér voru að tala áðan, að það eru fleiri* fórnir sem þessir menn þurfa að færa, heldur eingöngu langan vinnutíma. Það ætti því enginn að sjá ofsjónum yfir því, þegar veiðiferðinni er lokið eða árið er á enda eftir slíkan þrældóm, þótt þeir geti komist upp í það að hafa laun á við meðaliðnaðarmann með miklu styttri vinnutíma, eða bara álíka og aðrir sambærilegir verkamenn í landi hafa með áþekkum vinnutíma.

Ég hefði satt að segja fulla ástæðu til að tala langt mál um þetta atriði og mörg önnur í sambandi við þá ákvörðun, sem hefur verið tekin í yfirnefndinni svokölluðu um fiskverð að þessu sinni, og ákvarðanir um fiskverð sem hafa verið teknar á undanförnum misserum og jafnvel árum. Það má vel vera að tími gefist til þess síðar í þessum umr. því af miklu er að taka. En ég endurtek þau orð *mín, sem ég sagði áðan* við hæstv. ráðh. og þá aðra sem hér eru og eru stuðningsmenn stjórnarinnar, að ég

ráðlegg þeim í mestu vinsemd að halda áfram með þetta mál af fullri gát, láta skoða það vel, athuga, eins og á hefur verið bent hér, hvort eitthvað mætti koma á móti útgerðarmönnum vegna þeirra brigða sem þeir hafa orðið fyrir af löggjafanum ef þetta frv. verður samþ., og um leið að koma til móts við íslenska fiskimenn með því að láta þá njóta jafnréttis á við aðra þegna þjóðfélagsins. Ef við tökum t. d. bændur, þá eiga þeir nú um þessar mundir af 10 ráðherrum, 10 litlum negrastrákum í ríkisstj., a. m. k. 3 — 4 harða hagsmunabaráttumenn fyrir því, að samningar og lög um kaup þeirra og kjör séu haldin. Ég er satt að segja ekki með þessum orðum að öfundast yfir aðstöðu þeirra allflestra í dag. Það má ekki misskilja mín orð á þann veg. En gleymið því ekki, að þeir menn, sem hér hafa orðið fyrir barðinu á ólögmætri aðgerð að mínu mati, eiga betra skilið af Alþingi Íslendinga en að gangast undir slík ólög.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mörg orð hafa fallið og skal ég aðeins koma að fáeinum atriðum. Ég sé reyndar að hv. 1. þm. Vestf. er ekki í salnum, og ætlaði ég þó að svara örfáum atriðum sem hann var með í sinni ræðu, en ég get látið það bíða ef hann skyldi birtast.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði, að ríkisstj. ræður að hluta ferðinni í þessu máli. Það er rétt, að vitanlega getur svo farið og er æskilegast að samstaða náist án þess að afskipti þurfi af að verða. Svo var ekki í þetta skipti. Og hvaða kostir voru þá fyrir hendi?

Ég sagði áðan að ég hafnaði þeirri hugmynd, að oddamaður úrskurðaði, og taldi það vera hættulegt stöðunni. Hver hefði sá úrskurður orðið? Hann hefði, hygg ég, tvímælalaust orðið óbreytt fiskverð. Segja má að það hefði verið nokkurn veginn á milli deiluaðila, óbreytt fiskverð. Með óbreyttu fiskverði hefði útgerðin haft 0.6% minna í sinn hlut heldur en þó með því sem nú er ákveðið.

Ég hafnaði sem sagt þeirri leið. Hvað annað kom til greina sem unnt hefði verið að ná nægilegri samstöðu um? Að hækka fiskverð um 6.67% og halda olíugjaldi óbreyttu? Það lá á borðinu, að þá hefðu bæði sjómenn og útgerðarmenn greitt því atkvæði. Þá hefðu útgjöld fiskvinnslunnar hækkað um 2.5 — 3% meira en það sem nú verður og það hefði orðið að bæta. Og ég segi það einu sinni enn, að það hefði orðið að bæta með gengissigi. Um annað var ekki að ræða. Hér sagði hv. 1. þm. Vestf. áðan að ríkisstj. kynti undir verðbólgu. Það hefði líka kynt undir verðbólgu. Hér er vitanlega verið að reyna að forðast að kynda undir verðbólgu, en finna þó leið sem aðilar geti búið við.

Menn hafa sagt það hér, að um brigðmæli væri að ræða. Ég mótmæli því. Eins og ég sagði áðan, var um samning fjögurra aðila að ræða og þeim samningi var sagt upp. Lög Alþingis voru eingöngu til að staðfesta þann samning, og þegar samningurinn er fallinn, þá halda lög Alþingis honum ekki í gildi, þá er a. m. k. komin forsenda til þess að þeim megi breyta. Þessi lög Alþingis voru til eins árs, sem þýðir það að fulltrúi útgerðarinnar hefði ætíð getað haft neitunarvald gagnvart nokkurri breytingu á olíugjaldi, t. d. við meiri háttar ákvarðanir um fiskverð á miðju ári o. s. frv. Á að skilja þetta svo, að hann hefði með neitunarvaldi sínu getað komið í veg fyrir að þeim lögum yrði breytt? Ég held að þetta sé á misskilningi byggt. Ég hef borið þetta undir lögfróða menn, hvort þeir teldu að samningur stæðist þá að hluta, ef tveir af fjórum segja honum upp. Enginn hefur léð máls á því, að sá samningur stæði eftir, — ekki nokkur. Ég vísa því á bug að um brigðmæli sé að ræða.

Menn hafa rætt um það, sem ég sagði áðan, að útgerðarmenn sögðu ekki upp samningi og mætti þá meta það svo að þeir hefðu talið við hann búandi. Ég er ekki með því að segja að þar með eigi að knébeygja útgerðarmenn, eins og einhver sagði áðan, — alls ekki. En ég held að það hljóti að mega meta þessa afstöðu þeirra sem merki um skoðun þeirra á málinu.

Ég vakti athygli á því áðan, áður en sumir þm. komu inn, að hefði oddamaður úrskurðað, þá hefði tvímælalaust verið úrskurðað óbreytt fiskverð, sem hefði þýtt 0.6% lakari afkomu útgerðarinnar en hún fær með því sem hér er um að ræða. Mér finnst því að þann hlut megi einnig skoða.

Hér hafa menn verið að gefa í skyn undir rós að einhverjir menn í Verðlagsráði kunni af annarlegum ástæðum að hafa tekið þá ákvörðun sem þeir hafa tekið. Ég vísa því á bug. Ég er sannfærður um að allir menn í Verðlagsráði, hvort sem þeir fylgja þessari stjórn eða eru á móti henni, tóku afstöðu af sannfæringu sinni. Er furðulegt að hlusta á ábyrga menn bera slíkt á borð hér og þeim ekki sæmandi.

Hv. 1. þm. Vestf. spurði um gasolíuverð og innkaupajöfnunarreikning. Það er staðreynd, sem fram kemur í grg. með frv., að viðmiðunarverð gasolíunnar er lægra nú en þegar fiskverð var ákveðið í janúar. Það er staðreynd. Um innkaupajöfnunarreikning gasolíunnar hef ég því miður ekki upplýsingar, en hygg ekki fyrirsjáanleg vandræði með hann. Það er innkaupajöfnunarreikningur bensíns sem stendur illa. Allt bendir til þess — ef svo heldur fram sem nú horfir með gasolíuna, og nú er að koma vor og ekki fyrirsjáanlegur kaldur vetur það sem eftir er í Evrópu, sem ræður miklu þar um — að gasolíuverð muni fremur fara lækkandi. Þeir menn, sem fróðastir eru um það, telja þetta líklegasta þróun nú á næstunni. Ég get ekki sagt um það, hve hröð hún verður eða hvað innkaupajöfnunarreikningurinn jafnar sig fljótt, ef ég má kalla það svo.

Þá spurði hv. þm. hvort 0.6% væri nægilegt fyrir fiskiskipaflotann. Ég hef að nokkru leyti svarað því, en vil bæta því við, að það er ekki nægilegt. Ég er sannfærður um það, að útgerðin þyrfti að hafa meira, en ég hygg að afkoman sé þó viðunandi, eins og kemur fram í þeirri töflu, sem fylgir frv., en ég segi þó ekki nægjanleg, vegna þess að æskilegt er að fyrirtæki standi sterkt og geti þannig tekið á sig skelli eða byrðar sem á kunna að falla hverju sinni. Væntanlega tekst það, en ég óttast að seint takist að skapa slíkan grundvöll á meðan við búum við þá verðbólgu sem er hér nú. Vitanlega er hún böl valdurinn í þessu öllu saman.

Hér var nefnt af fleiri en einum, að þau atriði, sem ég taldi upp áðan, vægju ekki mikið í því sem hér er um að ræða. Ég get út af fyrir sig tekið undir það að sumu leyti. Hv. 1. þm. Vestf. spurði hvort niðurfelling sölugjalds þýddi nýja skattlagningu. Nei, þar er ekki um stóra tölu að ræða, u. þ. b. 250 — 300 millj. kr. á ársgrundvelli og líklega 200 — 250 það sem eftir er ársins. Ég lagði hins vegar jafnframt til að stimpilgjöld yrðu lækkuð aftur. Þau voru hækkuð 1978, í tíð hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar sem sjútvrh., hækkuð úr 0.48% í 1.2%. Ég

hef lagt til að þau yrðu lækkuð í það sem þau voru áður. Stimpilgjöld eru að mínu mati of há og eru tekin þannig að þau valda verulegum álögum fyrir t. d. fiskvinnsluna og aðra sem afurðalán þurfa að taka. Mér er jafnframt tjáð að þegar þetta var gert 1978 hafi verið yfirlýst af þáv. fjmrh., að hækkun ætti ekki að koma fram á afurðalánum, en svo hefur þó orðið. Þetta mundi kosta ríkissjóð um 300 millj. á ári og var talið nauðsynlegt að skoða það mál betur en unnt var á þessum tíma m. a. með tilliti til stöðu ríkissjóðs. Um það er því fullt samkomulag að athugað verði hvort ekki megi breyta þessu fyrir gerð nýrra fjárlaga á næsta ári.

Hv. þm. taldi að ekki væri mikið fyrir skuldbreytinguna gefandi. Ég held að það sé töluvert fyrir það gefandi að lækka vexti fyrirtækja úr 55%, sem eru refsivextir nú á ári, niður í skilavexti, sem geta verið, eftir því hvernig lánið er, frá 34% upp í kannske 40%. Ég held að það sé dálítið fyrir það gefandi. A. m. k. hefur mér heyrst það á þeim fyrirtækjum sem þurfa að greiða 55% refsivexti.

Ég hef því miður ekki séð það fjármagn, sem unnt er að grípa til til að létta þessum vanskilum af, á annan máta en að breyta þeim í skil.

Hv. þm. spurði um eiginfjárstöðu Fiskveiðasjóðs. Ég er ekki með þær tölur með mér, en hún batnaði verulega á síðasta ári í fyrsta sinn um langan tíma, er þó of veik, en ætti að gera Fiskveiðasjóði kleift að taka eitthvað á þessu máli um breytingu vanskila í föst lán. Og það er einmitt einn sá þáttur sem þarna verður skoðaður.

Langsamlega erfiðasta málið í þessu sambandi eru vanskil við Útvegsbankann. Það held ég að þm. hljóti að vera ljóst. Þau eru ákaflega mikil, því miður, hjá útgerðinni á mörgum erfiðum svæðum landsins, og Útvegsbankinn er ekki í stöðu til að breyta þeim án aðstoðar frá Seðlabanka eða öðrum aðilum.

Ég vil aðeins segja það út af þeim lokaorðum hv. 1. þm. Vestf., að menn væru að kalla þetta sigur, að ég kalla þetta ekki sigur í málinu, því fer svo víðs fjarri. Ég kalla þetta nánast neyðarúrræði. Ekki náðist viðtæk samstaða, eins og búið var að leita að vikum saman, og ég vona að hv. þm. geri sér grein fyrir því, hvað hér er um viðkvæmt mál að ræða. Sjómenn hafa réttilega kvartað mjög undan því að hafa ekkert fiskverð í 31 dag, eins og hér hefur verið sagt, og sannarlega kominn tími til að ákveða fiskverð. Engin lausn var sjáanleg önnur en þá sú að samþykkja 6.67% hækkun, sem hefði leitt til þess, að orðið hefði að bæta fiskvinnslunni það upp með 2.5 — 3% viðbótargengisbreytingu. Menn eru að tala hér um gengisbreytingu. Ég hef aldrei farið leynt með þá skoðun mína, að gengið hlýtur að breytast á meðan við búum við verðbólguþróun eins og verið hefur. Hins vegar mótmæli ég því, sem ég sá að hafði komið hér fram í umr. utan dagskrár, að ég hefði sagt að gengið ætti að breytast um 15%, og var vísað til viðtals í Dagblaðinu 10. mars. Ég sagði þar, að fiskvinnslan teldi að það þyrfti að breytast um 15%, en ég sagðist vonast til þess að svo yrði ekki, því að með ýmsum aðgerðum mætti draga úr því. Hv. þm. getur farið fram og lesið blaðið. Það gerði ég líka áðan.

Ég held að langtum hollara sé fyrir menn að gera sér grein fyrir því, að í þessari verðbólguþróun hættir ekki hringrásin þegar að útflutningsafurðum okkar kemur. Það verður að hækka til að standa undir hækkun útgjalda. Það er óhjákvæmilegt. Eitthvað næst niður með framleiðniaukningu á nokkrum tíma, því meira því betra, en án slíks og án hækkunar á erlendum mörkuðum stöðvast ekki þessi verðbólgudans við gengið. Það er alveg ljóst.

Ég verð að segja það, að satt að segja er kominn tími til að menn geri sér grein fyrir því, að launahækkun, sem krafist er og menn eiga rétt á, er ekki endilega auður í vasa fenginn. Hún er æðifljótt úr honum tekin með slíkum staðreyndum sem við okkur blasa.

Fram kom hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni að þessar lagfæringar vægju ekki gegn margra milljóna viðbótarútgjöldum. Þetta er alveg rétt. Það kom fram í viðtali við einn af nefndarmönnum Verðlagsráðs í útvarpi í dag, að þetta þýddi 8% gengisbreytingu. Ég skal ekkert um það segja, hvort það er rétt, en hann metur það svo. Og sú gengisbreyting, sem varð í dag, eða hratt gengissig eða hvað menn vilja kalla það, er vitanlega liður í því að rétta aðstöðu fiskvinnslunnar. Ég held að öllum hljóti að vera það ljóst. Og það eru fyrirheit um að þetta verði athugað af Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun í framtíðinni, eins og verið hefur undanfarin ár. Það hefur alltaf verið gert og reynt að meta það, hvernig gengið þarf að skrá til þess að rekstrarstaða sé þar fyrir hendi. Vitanlega er það alveg ljóst, að 3% gengisbreyting, eins og var í dag, þýðir 1% hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar. Og 3% gengisfelling til viðbótar, sem hefði verið nauðsynleg, leyfi ég mér að fullyrða, ef fiskverð yrði hækkað um 6.67%, hefði þýtt 1% í vísitölu til viðbótar. Það er þetta sem menn eru að stríða við. Ég veit ekki betur en allar ríkisstj. hafi verið að stríða við það. Setustjórnin, sem var hér á milli, tók af bændum til að reyna að draga úr því sem færi þar í vísitöluhækkun.

Menn hafa sagt það hér, að menn séu að gera mikið úr eða ég sé að gera mikið úr og sjái ofsjónum yfir tekjum sjómanna. Því fer víðs fjarri. Ég vísa því á bug. Ég vil láta það koma skýrt fram, að ég tel sjómenn alls ekki bera of mikið úr býtum, því fer víðs fjarri. Þeir vinna mikið, eins og hér hefur verið sagt, mjög þýðingarmikið starf fyrir okkar þjóðarbú. Þeir eru ekkert oflaunaðir. Hitt er þó staðreynd, sem er ómótmælt og hefur komið fram í allri viðleitni til að ná samstöðu um fiskverð, að ráðstöfunartekjur sjómanna frá 1974 hafa hækkað um 22 — 25% meira en iðnaðarmanna og verkamanna.

Vitanlega er það rétt, sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni m. a., að þessi hækkun ráðstöfunartekna stafar ekki síst af mjög mikilli vinnu sjómanna. En það er einnig viðurkennt, að orðið hefur mjög veruleg framleiðniaukning í útgerðinni. Það hefur aukið aflann verulega. Sjómenn hafa einnig notið þess, það er staðreynd og því hefur ekki heldur verið mótmælt. Ég hygg því að þegar launahækkun sjómanna er ákveðin sé ekki óréttmætt að líta einnig á þá hlið málsins. Og það er í raun og veru það sem gert var í janúar, þegar samkomulag náðist, og gert er nú.

Menn hafa lýst undrun sinni á því, að fulltrúi sjómanna í Verðlagsráði situr hjá. Fulltrúi sjómanna situr hjá vegna þess að hann metur mikils þá lækkun, sem verður á olíugjaldi, og undirstrikar, eins og ég sagði áðan, að olíugjaldið hefur verið ófriðarefni á milli sjómanna og útgerðarmanna. Ég er ekki frá því, að það sé útgerðarmönnum fyrir bestu — þrátt fyrir þessi lög sem áttu að gilda til eins árs — að horfið sé sem fyrst frá þessu olíugjaldi og eitthvað annað fundið í staðinn. Ég hef lýst því hér áður, hvað ég teldi eðlilegra í staðinn.

Hér hefur verið sagt að þetta mál ætti að knýja fram

með einhverju offorsi. Því vil ég vísa frá. Mér láðist að gera till. um nefnd. Ég geri till. um hv. sjútvn. Vitanlega mun sjútvn. skoða málið eins og hún telur nauðsynlegt. Ef hún treystir sér til að komast að öðru samkomulagi um fiskverð, þá skal henni hælt fyrir það og ekki standa á mér. En ég vil bara vekja athygli á því, að búið er að vinna að þessu máli gífurlega mikið. Þetta mál er ákaflega viðkvæmt og öll töf á svona máli getur orðið til þess, að það sem náðst hefur rennur út í sandinn, eins og mér heyrðist hálfpartinn koma fram hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni áðan. Hann sagði að sjómenn kynnu að sigla í land o. s. frv. og mótmæla þessu. Ég veit að hann vonar eflaust að svo verði ekki. Ég ætla honum ekki annað. En ég vil þó segja að veruleg töf mun auka á þann óróa, sem þegar er orðinn mikill, vegna þess dráttar sem orðinn er á ákvörðun fiskverðs. Ég veit að svo reyndur maður sem hv. 1. þm. Vestf., sem hefur staðið í því að ná samkomulagi um fiskverð, gerir sér grein fyrir því, hve mikilvægt er að frá málunum sé gengið þegar þó þessi áfangi hefur náðst, sem ég tek enn fram að er enginn sigur, heldur nánast nauðvörn í þeirri erfiðu stöðu sem við erum í.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að taka undir þau ummæli hæstv. sjútvrh., að þau mál, sem hér um ræðir, eru afskaplega viðkvæm, staðan er afskaplega viðkvæm í þjóðarbúinu núna, í þjóðfélaginu. Við erum að lifa það, að þær tekjur sem við höfum til skipta, þjóðin í heild, eru að minnka jafnt og þétt. Og ein höfuðástæðan fyrir því, að sú þróun er að verða æ hraðari, er sú, að það er nánast sama hvaða ráðstafanir þessi hæstv. ríkisstj. gerir, þær miða allar að því að veikja stöðu atvinnuveganna í landinu. Þetta er greinilegt af því fjárlagafrv., sem verður til 3. umr. á morgun. Það er greinilegt af því frv. sem hér um ræðir, og þeim ummælum sem hæstv. ráðh. hafa haft í þessu sambandi.

Hæstv. viðskrh. lét svo um mælt í útvarpinu í kvöld, ef ég man rétt að það hefði verið að hlaðast upp geymdur vandi í þjóðfélaginu. Og hann sagði að verið væri að gera ráðstafanir gegn þessum geymda vanda. Þetta er að vísu svolítið dularfullt orðalag og ekki beint auðvelt að átta sig á því, hvað hann á við með þessum orðum, fremur en hinu, þegar hann segir við fjölmiðla í morgun að engin gengisfelling sé í farvatninu hjá ríkisstj. Hann auglýsti nú í kvöldfréttunum hvað hann ætti við. Hann sagði að það skipti svo sem engu máli, hvort gengið væri látið síga 1% þessa vikuna og 1% næstu viku og 1% þá þriðju eða hvort það væri bara fellt um 3% í einu lagi, þetta skipti í sjálfu sér engu máli. Það var nú það sem hann hafði um það að segja og vildi með þessum hætti afsaka það, að hann hafði verið staðinn að því að segja í blaðaviðtali rangt til um þá þróun sem var að gerast í þjóðfélaginu. Hann var að reyna að leyna þeirri gengisfellingu, sem þó var fyrirsjáanlegt að hlaut að sjá dagsins ljós fyrr en varði.

Ég held að í sambandi við þá fiskverðsákvörðun, sem hér er um að ræða, verði menn fyrst og fremst að hafa það í huga, að þau sjávarútvegsfyrirtæki, sem traustust hafa verið hér í landinu, fyrirtæki sem eru með hvort tveggja í senn fiskvinnslu og útgerð, standa nú mjög höllum fæti. Mörg slík fyrirtæki, sem hafa haft mjög traustan fjárhag og ágæta lausafjárstöðu á undanförnum árum, standa nú frammi fyrir vanda sem þau sjá ekki fram úr, geta ekki gert sér grein fyrir hvernig þau ráða við. Og þessi sérstaki vandi, sem sjávarútvegurinn í heild á við að glíma, er einnig í öðrum greinum útflutningsatvinnuveganna, vegna þess að sú ríkisstj. sem nú situr, virðist síst af öllu hafa skilning á því, að það er eitt grundvallaratriðið í þjóðfélagi eins og okkar, sem byggir mikið á viðskiptum við önnur lönd, er háð útflutningi og innflutningi, að hjól útflutningsins nái að snúast með eðlilegum hætti.

Ég vil t. d. í þessu sambandi minna á það, að í beinni línu hjá Vísi var hæstv. forsrh. sérstaklega um það spurður, hvernig hann hygðist taka á vanda ullariðnaðarins. Hann hafði þá fögur orð um það, ef ég man rétt, að þessi mál væru í athugun hjá ríkisstj., ullariðnaðurinn væri sérstaklega þýðingarmikill fyrir okkur Íslendinga, það væru svo margir sem við hann ynnu. En samt sem áður, þrátt fyrir þessi fögru orð höfum við nú séð hver þróunin hefur orðið. Vandi hans hefur vaxið síðan þetta var sagt, og a. m. k. er mér ekki kunnugt um að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar eða fram farið nein alvöruathugun á því, hvernig eigi að snúast gegn þessum vanda. Hið sama á raunar við um sjávarútveginn í heild. Skýringin á þessu er að sjálfsögðu mjög einföld, sama skýringin og á því, hvað landbúnaðurinn stendur illa að vígi gagnvart heimsmarkaðsverði á sínum afurðum í samkeppni við önnur landbúnaðarlönd, sem sé sú, að kostnaðarhækkanirnar hér innanlands hafa orðið meiri en þær tekjur sem útflutningsatvinnuvegurinn getur vænst að fá í staðinn. Þessi þróun var mjög skýr á s. l. ári og hefur orðið enn þá skýrari nú á þessu ári, þar sem segja má að með hverjum mánuðinum sem líður hafi meir sigið á ógæfuhliðina.

Það er kannske ekkert undarlegt að dregist hefur svo vikum skiptir að ákveða fiskverð við þær aðstæður sem hafa verið í landinu upp á síðkastið. Við sjáum þess merki bæði í því frv., sem hér liggur fyrir, og með margvíslegum öðrum hætti, að hvorki launþegar né fulltrúar atvinnuveganna geta lengur treyst þeim loforðum sem þeim eru gefin af stjórnvöldum. Þetta frv. felur í sér að helminga skuli olíugjaldið sem samþ. var samhljóða í janúarmánuði. Við tökum einnig eftir því, að ríkisstj. leggur á það ofurkapp nú að halda sjómönnum niðri, að þeirra kjör batni verulega miklu minna en annarra stétta í þessu þjóðfélagi, á sama tíma og það tekjuskattsfrv., sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram, að ég tali nú ekki um tólftu útsvarsprósentuna, sem sjómannafrádrátturinn nær ekki til, þetta veldur náttúrlega því, að ráðstöfunartekjur sjómannanna verða miklu minni en ella. Og ef við hugleiðum það, hvernig sjómenn og launþegar almennt í þessu landi muni bregðast við í þeirri viðkvæmu stöðu sem nú er í þjóðfélaginu, þá er náttúrlega þeirra þolimæði, þeirra langlundargeð miklu minna en ella af því að þeir finna það, að við völd er ríkisstj. sem skirrist ekki við að leggja fram eitt og jafnvel tvö skattahækkunarfrv. á dag, á sama tíma og ætlast er til að launþegar láti sér nægja minna en áður. Það gefur náttúrlega auga leið, að við þvílíkar aðstæður hlýtur biðlundina fyrr eða síðar að þrjóta.

Það er alveg rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan, að það er auðvitað neyðarúrræði þegar grípa þarf til þess að fella gengið. En það hefur löngum verið svo í okkar landi, að gengið hefur ekki verið annað en verðskráning á okkar útflutningsafurðum. En ef þessi hæstv. ríkisstj. meinar það í alvöru, að henni hafi þótt það mikið óyndisúrræði að fella gengið, þá hafði náttúrlega ríkisstj. aðra leið, og

hún var sú að minnka kostnaðinn. Það var t. d. hugsanlegt að létta einhverjum sköttum af atvinnuvegunum.

Ég minnist þess, að á fyrstu árunum sem ég fylgdist með pólitík hafði viðreisnarstjórnin nýtekið við völdum í landinu. Og ég man vel eftir því, að í þeirri áætlun, sem þá var gerð, var lagt mjög mikið upp úr því einmitt, að frumkvæði einstaklingsins í atvinnurekstrinum yrði örvað, að ríkisvaldið réðist með sínum aðgerðum gegn vandanum með jákvæðum hætti og beitti öllum tiltækum ráðum til þess að hvetja fólk til að taka þátt í því, bæði með meiri vinnu og með sparnaði, að byggja upp atvinnutækin á hverjum stað. Og þetta var að sjálfsögðu hægt að gera á þeim tímum þegar fólk gat séð fram úr vandanum, þegar fólk gat átt von á því, að það mundi með einhverjum hætti njóta þess, ef það legði sig fram og ef það verði sparnaði sínum til þess að byggja upp atvinnureksturinn á staðnum. Síðan þetta var hefur mikið vatn runnið til sjávar. Sjöundi áratugurinn sýndi okkur að sú stefna var rétt að byggja fyrst og fremst upp með því að efla atvinnureksturinn í landinu, líka hinn smáa rekstur einstaklinganna, hvetja fólk til þess að mynda samtök um hin stærri átök og síðast en ekki síst að brjóta blað í atvinnusögunni vil ég segja, með því að gera *meira átak en áður hafði þekkst í virkjunarmálunum* og hefja stóriðju hér á landi með álverinu og treysta með þeim hætti undirstöður atvinnulífsins, sem ég satt að segja sakna að ekki skuli vera neinar áætlanir um hjá þeirri ríkisstj. sem nú situr.

Hæstv. sjútvrh. neitaði því nér áðan, að það væri lögbrot þegar meiri hl. Alþingis ætlaði nú að breyta því sem áður hafði verið ákveðið í sambandi við olíugjaldið, að það skyldi verða 5%, eins og samhljóða var ákveðið hér á Alþ. í janúarmánuði. Vitaskuld er það rétt hjá hæstv. ráðh., að Alþ. getur breytt sínum eigin lögum. Það vitum við vel. Hitt er náttúrlega ófremdarástand, þegar á að láta slíka ákvörðun verka aftur fyrir sig eins og hér er gert ráð fyrir. Og við hverju geta menn búist í framtíðinni, ef ekki ein einasta ákvörðun stjórnvalda stendur deginum lengur? Ég ætla ekki að fara fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún standi við það sem heitið var í Vísis-viðtalinu, beinni línu Vísis, af hæstv. forsrh., að skattar mundu ekki hækka. Ég er ekki að fara fram á það, að við það verði staðið. Það væri mikil ósvinna, ef ætlast væri til þess, að þessi ríkisstj. léti sér nægja þá skatta sem fundnir væru upp á árinu 1979. Nýr fjmrh. vill nú sýna hugkvæmni sína og láta sjást að hann geti lagt fleiri pinkla á drógina. Hún er ekki alveg magasigin enn. Hún lafir þó á fjórum fótum enn þá. Það getur verið að einhverju megi bæta á hana. Ég ætla ekki að fara fram á það. En hitt held ég að liggi alveg ljóst fyrir, að í samskiptum aðila vinnumarkaðarins verði orðin að standa frá hinu opinbera. Ég held að menn hljóti að gera sér grein fyrir því.

Það er náttúrlega gott að geta vitnað til þess, að staða hraðfrystiiðnaðarins hafi ekki verið mjög slæm á liðnum árum. Það geti verið gott að reyna að ganga eitthvað á þann atvinnurekstur nú. Það getur verið að það sé hættulegt fyrir okkur, ef einhver atvinnurekstur stendur vel í landinu. Það má vera. Og það má kannske líka vera, að það hafi fiskast vel það sem af er þessu ári. En hitt ætla ég að muni brátt sýna sig: þeir eru nú að fara út í skrapið, togararnir. Við vitum ekki hver eftirköstin verða af verkfallinu fyrir vestan. Við vitum ekki heldur hvernig þróunin verður í olíumálunum, þótt þar virðist verð á niðurleið, eins og hæstv. sjútvrh. sagði. Það getur breyst með skjótum hætti. En sannleikurinn er að sjálfsögðu sá, að það er mikil óvissa fram undan einmitt í sjávarútveginum. Við getum aðeins hugsað okkur það, að álíka vel aflist eftir páska á vertíðinni hér fyrir sunnan og verið hefur. Það getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar gagnvart síðari hluta ársins, þegar halda þarf við þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið í sambandi við fiskveiðarnar, og gæti komið til langvarandi vinnustöðvunar víða. Ég held því að menn verði að gæta sín í þessum efnum.

Hæstv. sjútvrh. boðaði vaxtalækkun Fiskveiðasjóðs. Ég vil í því sambandi spyrja hann hvort þess megi vænta, að þau afarkjör, sem ný fiskiskip voru látin sæta á árinu 1979, verði lagfærð. Ég vil m. a. benda á það, að einn togari íslenskur, Sigurbjörg, er á þessum afarkjörum, og tel það geta ráðið úrslitum um hvernig til tekst um þá útgerð, hvort þetta fæst leiðrétt. Það er fróðlegt að vita hvort vænta meigi leiðréttingar hvað það varðar. Þá vil ég einnig fagna þeirri ákvörðun ríkisstj. að breyta stuttum lánum í löng, „konvertera" lán, eins og kallað er. Það er mjög brýnt einmitt í útgerðinni. Má vera að ekki takist að ganga í þeim efnum jafnlangt og menn kjósa, vegna þess að sá vandi sé svo stór, en eigi síður ber að fagna því að þessa leið eigi að fara og fara þar að tillögum hv. 1. þm. Vestf.

Ég skal ekki segja hvort ástæða er til að orðlengja miklu frekar um þessi mál. Öll afgreiðsla þessa máls á þessu ári sýnir það, að við erum komnir í sjálfheldu í þjóðfélaginu sjálfu. Segja má að þetta þjóðfélag sé orðið eins og illa rekið fyrirtæki. Ríkisstj. hefur ekki önnur ráð en þau að fara dýpra ofan í vasa fólksins í landinu, þrengja meira að atvinnurekstrinum. Og í sjávarútveginum var ástandið þannig, að báðir aðilar töldu að of nærri þeim hefði verið gengið. Það er verið að tala um að það liggi á að koma þessum málum gegnum Alþ. Ég tek undir með þeim mönnum sem hér hafa talað á undan og varað við því. Þessi dráttur hefur orðið svo langur, að það liggur ekki á. Það er nauðsynlegt að ræða þessi mál við þá aðila sem hér eiga hlut að, ekki síst sjómenn. Þeir hafa, eins og ég sagði áðan, orðið að sæta því, að hvað eftir annað hefur verið gengið á þeirra hlut. Og m. a. — eins og við vitum allir — fengu þeir ekkert út úr þeim félagsmálapakka sem þeim var heitið í desembermánuði 1978.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. þau svör sem hann gaf. En okkur ber töluvert á milli. Hann sagði réttilega: Hvað hefðum við átt að gera ef fiskverð hefði hækkað um 6.67%? Hefði þá ekki þurft meiri gengislækkun eða aðrar ráðstafanir fyrir fiskvinnsluna? Vitaskuld er það rétt. Það, sem okkur greinir á um, er þetta: Ætlum við að stöðva dýrtíðina, gera alvarlegar ráðstafanir til þess að draga úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags? Þegar launþegar almennt fengu 6.67% hækkun frá 1. mars, þá er það mín skoðun að sjómenn hefðu átt að fá þessa hækkun líka. Þess vegna hafði *með fyrra atferlinu þessu verið boðið heim. Því er* gengið á rétt sjómanna að mínu viti með því að fallast ekki á nema 4% hækkun.

Um það að breyta vanskilaskuldum í föst lán til nokkurra ára og þar með létta greiðslubyrði bæði fiskveiða og fiskvinnslu er ég sammála hæstv. ráðh., enda gerði ég að umtalsefni utan dagskrár fyrir nokkru þessi miklu vanskil við stofnlánasjóðina. En mér er alveg ljóst að það er

ekki hægt með stjórnvaldsákvörðun að taka öll vanskil fyrirtækja og breyta þeim í lán til langs tíma nema sjá sjóðunum fyrir fjármagni til að sinna brýnustu verkefnum sem þeir verða að inna af hendi. En það er erfitt fyrir okkur alþm. — og kannske ekkert síður fyrir hæstv. ráðh. — að sjá hvernig þetta heildarmál lítur út á meðan lánsfjáráætlun, sem nær til stofnlánasjóðanna, sér ekki dagsins ljós. Við skulum taka t. d. Fiskveiðasjóð sem er stærsti stofnlánasjóður atvinnuveganna. Ef lánsfjáráætlun byggist á allra þrengstu og í raun og veru óhjákvæmilegum lánum bæði til fiskvinnslu og fiskveiða, bæði vegna skuldbindinga, sem búið er að gera fyrir löngu, og eins þess, sem búið er að gera fyrir stuttu, kannske einu ári eða svo, þá verður auðvitað að standa við það, því annars er raskað framkvæmdum fjölmargra aðila í þjóðfélaginu. En jafnframt verður að auka fjármagn til Fiskveiðasjóðs, ef honum verður ætlað það hlutverk að breyta vanskilaskuldum fiskvinnslu og fiskveiða til nokkurra ára. Þannig er það auðvitað einnig með alla aðra stofnlánasjóði, þar með talinn Byggðasjóð. Þetta hlýtur hver maður að skilja. Það er ekki nóg fyrir stjórnvöld að leggja kvaðir á stofnlánasjóðina. Það verður einnig að leggja sömu kvaðir á bankana. Ég tek alveg undir það með hæstv. ráðh., að einn bankinn, Útvegsbankinn, hefur lakari stöðu en nokkur önnur slík lánastofnun. Hann getur á engan hátt tekið einn á sig þá kvöð að breyta vanskilaskuldum í föst lán til nokkurra ára. Þar verður að koma til aðstoð frá Seðlabankanum.

Haustið 1974 átti sjávarútvegurinn í miklum erfiðleikum. Miklar lausaskuldir höfðu hlaðist upp. Samhliða því var fallandi verð á flestum útflutningsafurðum okkar Íslendinga og þá sérstaklega sjávarafurðum. Þetta verðfall hélt áfram árið 1975, en fór aðeins að rétta við í ársbyrjun 1976. Þá gripu stjórnvöld til þeirrar ráðstöfunar að fara út í „konverteringu" lána, bæði í stofnlánasjóðum og í viðskiptabönkum, með aðstoð Seðlabankans. „Konvertering" þessara lána var, þegar henni var lokið síðla árs 1975, að mig minnir upp á 3450 millj. kr. á verðlagi þess árs, sem var gífurlegt átak að standa í og fá alla ríkisbankana inn á. Ég veit hvað það kostaði mig á þeim tíma mikla fyrirhöfn. Og ég hygg að það muni ekki kosta núv. sjútvrh. minni fyrirhöfn að fá slíkt samkomulag við bankana og þá einnig samkomulag og samstarf við stofnlánasjóðina. Ég fyrir mitt leyti styð þessa viðleitni og tel hana óumflýjanlega.

Ég furða mig á þeirri lögskýringu og þeirri túlkun sem hæstv. ráðh. færir hér fyrir hv. þingdeild í sambandi við lögin um tímabundið olíugjald til fiskiskipa sem samþ. voru á Alþ. 24. jan. 1980. Í 4. gr. þessara laga segir orðrétt:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti."

Alþingi ákveður 24. jan. 1980, að þessi ákvæði um 5% olíugjald ofan á fiskverð gildi allt árið 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Er hægt að segja ákveðnar og ótvíræðar í þessum efnum en að þessi lög eigi að gilda árið 1980? Að hverfa frá því eru svik Alþingis við launastéttirnar. Hefur hæstv. ríkisstj. ekki gert sér neina grein fyrir þessu? Það hafa engar breytingar orðið á kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þetta stendur áfram óbreytt. Það er ekkert sem réttlætir þessa breytingu, því að þegar þessi lög eru samþ. er olíuverðið 155.25 kr. Og það er enn í dag 155.25 kr. Það eru liðnir þrír mánuðir af árinu og það liggur fyrir tillaga frá Verðlagsráði um að hækka þetta olíuverð um 10 kr.

Í grg. frv. að þessum lögum, sem ég var að vitna í, segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja, að engin atvinnugrein hefur orðið jafnharkalega fyrir barðinu á hinni gífurlegu olíuverðshækkun á síðustu misserum og sjávarútvegurinn. Þegar í upphafi síðasta árs var olíukostnaðurinn útveginum þungbær og síendurteknar hækkanir á olíuvörum frá þeim tíma hafa enn aukið á þennan vanda. Góð aflabrögð hafa hins vegar bætt hér nokkuð úr skák. Gasolíuverð er nú rúmlega 155 kr. á lítra, en var fyrir ári tæplega 58 kr."

Það, sem verið er að gera þegar þetta frv. er lagt fram, er að lækka þetta gjald úr 9% niður í 5%. Og lagðar eru til grundvallar þær gífurlegu hækkanir sem dynja á útveginum á þessum tíma. Og það er eðlilegt að minna á það, að í árslok eða um miðjan desember 1978 er gasolíuverðið 49.75 kr. á lítra. En í maí 1979, þegar farið er að leggja þetta olíugjald á, þá er olíuverðið komið í 68.90 kr. og í desemberlok í 155.25 kr. Hvaða alþm. ætlar svo að halda því fram, að forsendur fyrir lögum, sem við afgreiðum 24. jan. 1980 og taka skýlaust gildi á þennan hátt og eiga að gilda frá upphafi til loka ársins 1980, þessar forsendur hafi breyst? Ég spyr svo enn fremur: Þessi lög eru í gildi frá 24. jan. 1980 samkv. þessu sem ég las upp úr 4. gr. þeirra. Fær það þá staðist að hægt sé að flytja frv. um það, að þessi sömu lög skuli afnumin frá 1. mars 1980, eins og frv. sjútvrh. gerir ráð fyrir? Ég spyr hæstv. forsrh., prófessor í lögum, — ég er ekki löglærður maður: Fær þetta staðist? Hefur hæstv. forsrh. nokkurn tíma heyrt eða séð slíkt frv. borið fram, af ríkisstj., þar sem á að nema úr gildi gildandi lög aftur í tímann?

Mér finnst flumbrugangur hæstv. sjútvrh. vera alveg skelfilegur. Ég held að það verði að hugsa pínulítið áður en á að fara að afgreiða mál með þessum hætti. Ég fyrir mitt leyti ætla ekki að hlaupa til í sjútvn. þessarar d. að afgreiða þetta eins og við látum fisk renna eftir færibandi í frystihúsunum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkrar aths. vegna fullyrðinga, sem komu fram í ræðu hæstv. sjútvrh., og þó kannske fyrst og fremst til þess að leiðrétta þau ummæli hans, sem hann virtist hafa eftir mér úr minni fyrri ræðu um það, að ég hefði verið að hóta einhverju í sambandi við landsiglingu flotans. Því fer víðs fjarri. Ég var hins vegar að vara við að svo gæti farið. Ég var ekki að hóta og ég var ekki einu sinni með aðvörun, vil ég orða það. Ég var með vinsamlega ábendingu um að láta ekki mál þróast í þá átt. Og það ætti hæstv. sjútvrh. að vita, sem er búinn að vera hið næsta stjórnveli Framsfl. um margra ára skeið, að hann hefur ekki reynt mig að því í mínu launþegafélagi, hvar ég er búinn að vera í aðalstjórn í nær tuttugu ár, að ég hafi beitt áhrifum mínum þar til misnotkunar á því stéttarfélagi. Hann veit það hins vegar vel, að ég hef ítrekað, meira að segja þegar ég var í stjórnarandstöðu hér á Alþingi, gengið fram fyrir skjöldu til þess að reyna að leysa og tekist að leysa viðkvæm vandamál sem páv. ríkisstj. hafði kallað yfir sig, vil ég leyfa mér að orða það.

Það, sem ég vildi undirstrika í hans orðum, var þetta,

að hann sagði að fullyrðingar þeirra í fiskvinnslunni hefðu verið á nokkrum rökum reistar. M. a. þess vegna hefur tekist að ná samkomulagi, sem spannar yfir bilið allt frá því að vera annars vegar krafa um 12% fiskverðslækkun frá fulltrúa Sambandsins og öðrum fiskkaupendum upp í það að hann samþykkir 4% fiskverðshækkun. Þetta stóra bil er brúað og því er náð saman í þessu samkomulagi af fulltrúa ríkisstj., oddamanninum, og fulltrúa Vinnumálasambandsins í nefndinni. Þeim tekst að ná þessu víðtæka samkomulagi, segi ég, og ábyggilega mjög erfiða og þunga hvað peningahliðina svertir. En það er hins vegar talið alveg sjálfsagt að draga enn einu sinni af fiskimönnunum sjálfum. Það þykir alveg sjálfsagt. Það verður að koma á móti kröfum sem fiskvinnslan þarf á að halda, en það á enn einu sinn að vega í hinn sama knérunn, að hafa af fiskimönnunum. Það var þetta sem ég var að vara við. Ég var að vara við þessum endurtekningum þó að þeir séu seinþreyttir til vandræða.

Ég átti nokkurn þátt í því á s. l. sumri, að brbl., sem hæstv. þáv. ríkisstj. setti á farmenn, jafnvel á undirmenn á farskipum sem ekki áttu í neinu verkfalli, þeim brbl. væri hlýtt og þau haldin og eftir þeim farið. En hvað skeður? Jú, ríkisstj. sjálf braut þessi lög, sveik þau og hefði með réttu og samkv. okkar gildandi lögum átt að dragast fyrir landsdóm vegna þessara svika og brota á íslenskum lögum.

Það er þetta, þessar ítrekuðu árásir á íslenska sjómannastétt, sem ég er að vara við. Það geri ég í vinsemd, vegna þess að ég geri ekki ráð fyrir að einn einasti maður, sem hefur verið kjörinn til forustu í þessum félögum, kæri sig um að vera að standa í neinu ónauðsynlegu stríði, hvorki við stjórnvöld né sína viðsemjendur. Að sjálfsögðu, og það er a. m. k. mín meginskoðun í þessu málum, á að leitast við að ná samningum milli aðila yfir samningsborðið, en ekki með öðrum ráðum.

Hæstv. ráðh. hafði mjög villandi orð um þegar hann ræddi um framleiðni í fiskveiðiflotanum. Ég held að hann ætti að hafa í huga — og reyndar allir aðrir hv. alþm. — þá staðreynd, að það mun líklega engin önnur stétt — það má vera að framleiðniaukning hafi verið tekin inn í grundvöll hjá bændum, mig minnir að það hafi verið gert, en ég veit að hjá sjómönnum hefur þetta ítrekað verið gert vegna aukinnar tækni og nýs búnaðar sem hefur verið settur í hin nýju skip. Jafnvel stærð skipanna var eitt sinn notuð til þess að lækka skiptakjör sjómanna. Og hæstv. ráðh. verður að hafa það í huga, að núna á allra síðustu árum hefur engin stórvægileg breyting orðið í framleiðniaukningarátt á togaraflotanum okkar, búnaðarins vegna.

En annað hefur skeð. Afli þessara skipa hefur stóraukist vegna þess að afli hefur aukist á miðum. Þessi afli hefur aukist á miðum fyrst og fremst að álitið er, vegna verndar- og friðunaraðgerða sem hafa verið framkvæmdar á okkar miðum. En niður á hverjum komu þessar sömu verndar- og friðunaraðgerðir? Niður á fiskimönnum. Þeir fengu þær engu bættar. En ég minni á, og það er jafngott að það komi líka fram, að sú ofveiði, sem þeim var kennt um fyrr á árum — sem að vísu var ekki nema lítið brot vegna íslenskra fiskimanna því að það voru fleiri og aðrir þar að verki — sú ofveiði sem má rekja til íslenskra fiskimanna, hagnaður hennar kom til skipta milla allra í þjóðfélaginu, skiptist upp til allra þegna þjóðfélagsins. En þegar kom að því að vernda þurfti fiskimiðin, þá voru fiskimennirnir látnir bera þetta einir. Og nú er séð svo miklum ofsjónum yfir því, að sá árangur hefur náðst sem hefur náðst fyrst og fremst vegna þessara friðunaraðgerða, að það þarf æ ofan í æ að vera að skerða þeirra réttmæta hlut. Ég er viss um að það eru engir launþegar sem þurfa að hlíta slíkum boðum og ólögum nema þessir menn.

Er þá komið að lokaorðum mínum, en þau eru vegna endurtekinna ummæla ráðh. um ráðstöfunartekjur sjómanna, aukningu þeirra umfram iðnaðarmenn. Ég hef eins og hann fengið til yfirlesturs furðuleg plögg frá Þjóðhagsstofnun, þar sem skjal eftir skjal og tafla eftir töflu gengur út á að sýna fram á það, væntanlega yfirnefnd og ráðherrum og öðrum aðilum, t. d. fjölmiðlum sem slíkir útreikningar eru látnir leka til, hve geigvænlega miklar tekjur sjómanna og sjómannafjölskyldna eru. Þetta virðist hafa verið meginverkefni Þjóðhagsstofnunar að undanförnu. Finna þeir það út og sanna í einni töflunni, ef tekjur sjómannafjölskyldu: eiginmannsins, eiginkonunnar og svo tekjur barna undir 16 ára aldri og allar aðrar skattskyldar tekjur fjölskyldunnar, eru lagðar saman, að þá séu þeir komnir nokkuð langt fram úr öðrum mönnum. En það er, eins og ég sagði áðan, ekkert getið um vinnuframlagið né hve margir aðilar leggja það á sig að ná þessum tekjum. Meðaltal þessara tekna reyndist vera 1978 hjá yfirmönnum 7.2 millj. og hjá öðrum áhafnarmeðlimum 5.9 millj. En ráðh. hafði orð á því, að miðað við aðrar stéttir, þ. á m. iðnaðarmenn, hefðu sjómenn haft meiri ráðstöfunartekjur.

Ef við horfum á breytingar sem orðið hafa á milli ára í aflaaukningu og tökum þær t. d. í prósentum, þá má sjá að á árunum 1974 — 1980 var þessi aflaaukning 34%. Á sama tíma var tekjumismunur á milli sjómanna og verkamanna 31.3%. Svo höldum við áfram ár til viðbótar og þá er aflaaukningin 31.5%, en þá er mismunurinn kominn niður í 19.4%. Og næsta ár á eftir eða árabil er aflaaukningin 27.5%, en mismunurinn á milli sjómannsins og verkamannsins kominn niður í 11.6%. Ef við förum eitt ár í viðbót, þá er aflaaukningin 20.5%, en mismunurinn kominn niður í 5.8%. Og á árunum 1978 — 1980, þegar aflaaukningin er 17%, er mismunurinn 8.4%, og hann er minni í samanburðinum á milli sjómanna og iðnaðarmanna. Samt heldur hæstv. ráðh. því fram, að hann hafi aukist fram yfir iðnaðarmenn. Þetta er rétt aðeins að vissu marki, vegna þess að ekki er tekið fram hverju hafi verið fórnað til þess að ná þessum tekjum. Það er ekki tekið tillit til þess, sem er talið vera grundvallarnauðsyn í öllum samningum hjá öllum launþegum, ekki aðeins á Íslandi, heldur hvar sem er í heiminum, þ. e. til fórnarinnar sem launþeginn þarf að færa til þess að ná þeim tekjum sem hann gengur með frá borði eða frá sínum vinnustað. Ég held að hæstv. ráðh. þeirrar ríkisstj., sem hefur í málefnasamningi sínum bent á lausn allra vandamála sem er að finna í þessu þjóðfélagi, ættu að hafa þessa staðreynd í huga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Orkujöfnunargjald, frv. (þskj. 252). — Frh. 1. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Sennilega hefur engin ríkisstj. í samanlagðri Íslandssögunni hafið störf sín af jafnlítilli reisn og núv. hæstv. ríkisstj. Núv. hæstv. forsrh. þekkir Íslandssöguna betur en aðrir þm. og jafnvel betur en flestir aðrir. Hann hefur setið á hv. Alþ. síðan 1934, með nokkrum hléum að vísu, og hann þekkir sögu ríkisstjórna vel aftur fyrir lýðveldisstofnun. Ég fullyrði að núv. hæstv. forsrh. er mætavel ljóst að ríkisstj. er fædd gjaldþrota. Hún er fædd gjaldþrota vegna þess að hún hefur ekki stefnu nema í einu einasta máli og það er að ausa meiri fjármunum inn í landbúnaðinn. Ríkisstj. er mynduð af vondum hvötum vegna þess að fyrir kommum og Framsókn vakir auðvitað ekkert annað en að reka fleyg inn í íhaldið, og frá þeirra bæjardyrum séð er einasta, einasta réttlæting þessarar ríkisstj. að kljúfa ræfils íhaldið. Það hefur tekist. En nú sitjum við uppi með ríkisstj. aðeins nokkurra vikna gamla. Einhvern veginn segir mér svo hugur um, að áður hafi það ævinlega verið svo í íslenskri sögu — og það veit hæstv. forsrh. dr. Gunnar Thoroddsen af því að hann hefur setið á þingi síðan 1934 — að ævinlega þegar ríkisstj. hafa verið myndaðar, þá er fyrst í stað reisn yfir þeim, það er ánægja með þær í eigin herbúðum, menn eru stoltir af því að vera að stjórna landinu. Það er ekki nú. Og ríkisstj., sem aðeins eftir nokkrar vikur kann ekki önnur ráð en þau sem nefnd eru í því frv. sem hér er til umr., að hækka söluskatt um tvö stig og vera svo ósvífin að kalla það orkujöfnunargjald, það er gjaldþrota ríkisstj., aðeins nokkrum vikum eftir að hún er sest að völdum. Og ég spyr: Hvernig á líka annað að vera? Auðvitað veit allur þingheimur og öll þjóðin, að þessi ríkisstj. er ekki mynduð í sjálfu sér utan um neitt annað en hina gjaldþrota landbúnaðarstefnu, og fyrir það erum við að borga, fyrir það eru skattgreiðendur að borga nú. Hún er mynduð utan um þessa stefnu eina, að því viðbættu, að þeim tókst að reka fleyg inn í íhaldið, kommum og framsóknarmönnum, og til þess verður stjórnin til. En auðvitað er þetta aum stjórn og auðvitað er þetta dýr stjórn. Eitt af því sem gerir þetta að dýrri stjórn, sem gerir gjaldið hátt sem þarf að greiða, gerir byrðarnar á skattgreiðendur þungar, er það frv. sem við hér erum að ræða. Hér er raunverulega verið að leggja til af þessari hæstv. ríkisstj. að fara með söluskatt úr 22 í 24 stig. Svo hár söluskattur fyrirfinnst varla í nálægum og okkur skyldum ríkjum.

Einn þáttur þessa máls er það, að hér hafa árum saman verið þrúgandi skattsvik með óbærilegum hætti. Hér hefur verið neðanjarðarhagkerfi. Menn hafa komist upp með það í stórum stíl að svíkja undan skatti. Þegar söluskattur er kominn svona hátt, í 24 stig, þá vitum við hvernig framhaldið verður. Við vitum hvernig virðingarleysið eykst. Þetta er orðin óþolandi skattpíning.

Það er vitaskuld svo, að það þarf að jafna verð á orku. Það skal sagt og það skal viðurkennt og það út af fyrir sig er rétt hugsun. Þessa peninga hefði hins vegar vel mátt taka annars staðar frá, og þá vísa ég t. d. til tillagna jafnaðarmanna í sambandi við fjárlagagerðina nú. Við hefðum stig af stigi getað farið að losa okkur út úr útflutningsbótunum, niðurgreiðslunum og þar útvegað fjármagn til þess að jafna verð á orku. En ríkisstj., sem mynduð er utan um stefnuleysið, utan um viljann til að kljúfa vesalings íhaldið, dettur auðvitað ekki neitt slíkt í hug. Hún fer ekki þá leið að færa úr landbúnaði og yfir í orkujöfnuð, svo að dæmi sé nefnt. Hún er ekki mynduð til þess. Þessi ríkisstj. fer allt öðruvísi að. Hún er að leggja til að söluskattur fari í 24 stig. Það er allt of hátt. Það er óbærileg skattpíning sem hér er verið að leggja til.

Mér er það mætavel ljóst, að þetta út af fyrir sig er ekki fyrsta vísbendingin um þessa andvana fæddu ríkisstj. og hvernig hún er gjaldþrota frá fæðingu. Fyrsta vísbendingin var auðvitað tilorðing sjálfrar ríkisstj. Önnur vísbending, uppgjöfin, ræfildómurinn, var ákvörðunin sem ekki var tekin 1. mars, þegar vextir áttu að hækka samkv. skýlausum ákvæðum laga og skuldarar áttu að borga meira og sparendur áttu að fá meira. Það sagði svo ótvírætt í einni af greinum laganna nr. 13 frá 1979, að svo skyldi að farið. Og aldrei hefur verið deilt um það, að ef við værum að vísitölubinda og verðtryggja, hvort sem það væru laun eða eitthvað annað, þá gerðum við það í áföngum. Og við gerum það á þriggja mánaða fresti. Þetta hefur verið óumdeild regla síðan farið var að fikra sig inn á verðtryggingarleiðina. Þessi ríkisstj. brást, og hún braut lög. Það var vond vísbending um það sem koma skyldi, og það er yfirlýsing um að þensluástandinu á ekki að linna, það á að halda áfram og herða ferðina. Þessi ákvörðun, eða ákvörðunin sem ekki var tekin 1. mars, var yfirlýsing um það. Við erum á fullri ferð út í fenið, og dr. Gunnar Thoroddsen, hæstv. forsrh., sem myndaði þessa ríkisstj. í óþökk félaga sinna, maðurinn sem barðist í síðustu kosningum gegn sköttum vinstri stjórnarinnar, eins og það var kallað, og enginn kjósandi vissi um að ætti sökótt við félaga sína með einum eða neinum hætti, hann situr hér yfir líkinu af eigin ríkisstj. aðeins nokkrum vikum eftir að hún hefur verið mynduð. Það gat ekki farið verr, og það átti auðvitað söguglöggur maður eins og dr. Gunnar Thoroddsen að vita, maðurinn sem hefur setið á þingi síðan 1934, að það gat ekki farið verr að mynda ríkisstj. með þessum hætti. Þegar menn eru með kutana í bakinu á vinum sínum, þá gengur það vel um sinn og getur gert það, getur jafnvel verið yfir því glæsibragur um sinn, en það endar í hreinum ógöngum, og það er það sem hefur gerst hér. Þjóðin er að borga fyrir leiki dr. Gunnars og félaga hans. Hvert er gjaldið? 2% söluskattshækkun að þessu sinni.

Það eru margar aðrar leiðir í þjóðfélaginu til þess að færa til þetta fjármagn. Það hefur verið bent hér á skynsamlegri leið, á sama tíma og það skal ítrekað og viðurkennt, að það eru óbærilegar byrðar sem eru lagðar á fólk vegna of hás orkugjalds. En það hefðu verið til aðrar leiðir ef það hefði verið vilji í landinu, vilji hjá stjórnvöldum til þess að fara þær leiðir. Enn nefni ég tilfærslu úr hinni yfirgengilega dýru atvinnugrein, landbúnaði, og til þessa málefnis, til orkujöfnunar. Þetta var leið sem hefði verið hægt að fara og hefði átt að fara og hefði jafnvel getað verið farin, ef ekki hefði komið til drengskapur dr. Gunnars og vinskapur hans við félaga sína og fyrrv. vini. Sem sagt, þetta allt saman mátti sjá. Þetta var mætavel ljóst strax 1. mars. Það voru fyrstu tímamótin og tímamörkin sem reyndi á þessa hæstv. ríkisstj. Mun hún duga eða mun hún drepast? Og það kom í ljós. Þeir skirrtust ekki við að brjóta lög sem meiri hl. Alþingis og til að mynda allur þingflokkur Alþb. og Framsfl. hafði samþ. í byrjun aprílmánaðar á árinu 1979. Þetta eru lög í landinu þangað til öðruvísi verður ákveðið af meiri hl. þessarar virðulegu stofnunar. Og eftir lögum ber að fara.

Ríkisstj., sem er andvana fædd og gjaldþrota gerð á

fyrstu vikum, fer öðruvísi að. Allt er þetta sömu náttúru: að vilja fara með útsvarið upp um 10%, að vilja fara með söluskattinn upp um tvö stig og að þora ekki að hafa ávöxtun sparifjár raunverulega. Allt er þetta af sömu náttúru og ber allt að sama brunni. Í raun hefðu kjósendur mátt ætla að loknum síðustu kosningum, að Alþ. væri skynsamlega saman sett. Og ég er sannfærður um það, að ef metnaður dr. Gunnars og félaga hans hefði ekki hlaupið með hann í gönur og búið til þessa vondu ríkisstj., sem nú er að hækka söluskattinn um tvö stig, ef við hefðum beðið lengur, ef við hefðum hugsað þessi mál betur, þá væri ekki verið að leggja þessar byrðar nú á fólkið í þessu landi, því að eins og hér hefur verið sagt og ítrekað, *þá er orkujöfnunargjald af hinu góða og það er* skiljanlegt, en það eru aðrar leiðir til þess að afla fjár til þess.

Við, sem erum í stjórnarandstöðu, höfum t. d. verið að leggja til, til að nefna dæmi og kenna dr. Gunnari, hæstv. forsrh., hvernig hægt er að hegða sér — við höfum verið að leggja til að vera ekki að snobba fyrir námsfólkinu eins og því miður hefur verið gert um of. Við höfum lagt til sem stjórnarandstöðuflokkur, að þar eigi einnig að taka upp raunveruleg ávöxtunarkjör. Þetta eru nýjar aðferðir sem hér er verið að beita. Sem stjórnarandstöðuflokkur neitum við að fara yfirborðsleiðina, af því að t. d. í þessu máli er hún sannarlega röng. Þetta hefur komið hér skýrt fram í umr. um fjárlög.

Þetta er munurinn annars vegar á því, hvernig á að stjórna og hvernig hægt er að stjórna, og hins vegar á *þeim hryllingi í mynd ríkisstj. sem hér situr og er að* hækka söluskattinn um tvö stig að þessu sinni. (**GJG:** Getur andvana og gjaldþrota ríkisstj. nokkuð svikið?) Því miður, andvana og gjaldþrota ríkisstj. virðist hafa furðulegan hæfileika til þess, vegna þess að hvað sem má segja um þá sem í ríkisstj. sitja núna, eins og hæstv. forsrh., dr. Gunnar, þá haggar það ekki því, að mállaus var hann ekki fyrir kosningar, heldur gaf hann þá loforð á báða bóga og í allar áttir, og eitt af loforðunum var að afnema skatta vinstri stjórnarinnar, skattana 19, afnema þá. Hvar er þetta afnám skattanna? Er þetta afnám skattanna: 2%, 2 söluskattsstig? Er það afnám skatta? Hann ferðast hér fyrir kosningar vítt og breitt um landið *og segist ætla að afnema skatta vinstri stjórnarinnar*, en endurnýjar svo þá sömu stjórn og eykur á vitleysuna, ýkir delluna, eins og þetta plagg er pappír upp á. Hvaða orð notaði hv. þm.? Svik. Þetta eru svik. Það er einmitt það sem það er, því að einhverjar kröfur hljótum við að gera til samræmis á milli orða og efnda. Það verður að vera eitthvert samræmi í því, hvernig menn hegða sér fyrir kosningar og hvað þeir gera eftir kosningar. Og það er það sem er *hryggilegt* við þessa *stjórn*, að þar sem kannske hefði mátt vænta slíks samræmis, þar fyrirfinnst það ekki.

Ég gæti talað langt mál um þetta áfram og t. a. m. snúið máli mínu að hv. þm. Albert Guðmundssyni, sem eins og þingheimi er kunnugt um er farinn að skipta um skoðun eins og við hinir skiptum um buxur, eins og hér hefur svo ágætlega verið orðað. En ég vil halda mig við dr. Gunnar að þessu *sinni*, hæstv. forsrh. (***Gripið fram í:*** *Hálftíma* eða svo.) Þrjú korter. (Gripið fram í — **Forseti:** Ekki samtal.) — Þessi maður er í Ed., litli lávarður, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hann er í lávarðadeildinni, herra forseti. Og gæti ég, herra forseti, mælst til þess, að ég fengi vinnufrið hér í Nd. og við öll sem hér erum að starfa. Herra forseti. Litli lávarðurinn á að vera í sinni deild!

Herra forseti. Nú skal þessu máli haldið áfram. Hér hefur verið rætt um að söluskattur hafi hækkað og sé að hækka óeðlilega mikið. Ég ætla að rétt sé að vekja enn sérstaka athygli á einum þætti þessa máls og það er hættan á því, að þegar söluskattur er orðinn svo firnahár sem hér um ræðir, þá fari vaxandi tilhneigingin til þess að svíkja *þennan sama skatt undan og greiða hann ekki, þá aukist* slík tilhneiging. Það er vitað og það er þekkt kenning í hagfræði, að ofsköttun leiðir af sér slíkar tilhneigingar. Og það er alveg sama um hvers konar ofsköttun við erum að tala, hvort við erum að tala um tolla eða lúxustolla eða í hvaða formi sem þessi sama ofsköttun er. Ég held að rétt sé að vekja kirfilega athygli þeirra á því, sem nú eru að mæla fyrir þessari miklu söluskattshækkun, að þessi hætta er orðin mjög veruleg í þessu okkar ágæta landi. Það er vitað og það er mikið vandamál — er Litli lávarðurinn farinn? (**Gripið fram í:** Ég kem aftur.) Gott. Það er vitað og það er mikið vandamál í þessu landi, að skattsvik hafa verið bæði almenn og útbreidd. Ég get ekki ætlast til að þessi hæstv. ríkisstj. hreyfi legg né lið yfir höfuð að tala gegn þessum vágesti. Hún er ekki þannig saman sett. Persónueinkenni hennar eru ekki þannig. Jafnvel gamla vinstri stjórnin, sú síðari hæstv. stjórn Ólafs Jóhannessonar, hefði hugsanlega getað sýnt lit í slíkum efnum. Samsetningin var þannig. En að þessu leyti er þetta hægri stjórn sem nú situr, íhaldssöm stjórn í vondum skilningi þess orðs. Og þegar við sjáum það samsetningarinnar vegna, að svona hlutir verða ekki gerðir, en á hinn bóginn er verið að fara með söluskatt í 24 stig, þá eru þetta mjög alvarleg tíðindi. Ofsköttun leiðir alls staðar til vandræða. Hún hefur gert það í okkur skyldum löndum, löndum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við, löndum sem eru okkur sögulega, menningarlega og með öðrum hætti skyld. Hér er verið að fara út á vondar brautir ofsköttunar.

Svo kórónar það ósvífnina að kalla þetta frv. til l. um orkujöfnunargjald, þótt jafnframt sé viðurkennt að aðeins hluti andvirðisins á að fara til orkujöfnunar. Þó að það skuli enn viðurkennt, að sá málstaður út af fyrir sig er bæði réttmætur og góður, þá skal samt ítrekað að það hefði verið hægt að fara aðra leið og betri. Ríkisstj. hefði getað farið aðra leið að þessu sama marki og í þessum sama tilgangi.

Það má skjóta hér inn aths., vegna þess að til mín var beint orðum hér úr ræðustól áðan af hæstv. ráðh. Steingrími Hermannssyni, sem taldi að ómaklega hefði verið um hans mál fjallað héðan úr ræðustól í síðustu viku, meðan hann var erlendis í opinberum erindagerðum, um yfirlýsingar hans um gengismál. Ég er hér með þá úrklippu sem um er að ræða. Þetta er lítil frétt á baksíðu Dagblaðsins, dags. 10. mars. Í fyrirsögn segir, og ég treysti því að það sé rétt eftir ráðh. haft: „Víst glæpur að segja það, þótt allir viti það.“ Og hvað skyldi hæstv. ráðh. vera að tala um? Hann er að tala um væntanlega gengisfellingu, væntanlegan stórkostlegan flutning fjármagns á milli tveggja póla, tveggja einstaklinga eða tveggja fyrirtækja. Hann er að segja frá því fyrir fram, að svona flutningur standi fyrir dyrum.

Ég sagði sögu hérna í Alþingi í síðustu viku til undirstrikunar þessu, og menn, sem hafa áhuga á mórölskum efnum í sambandi við stjórnmál, skyldu leggja eyrun við þessu. Ég beini þessu t. d. til hæstv. forsrh. Fyrir 30 árum,

árið 1949, eða réttum 15 árum eftir að hæstv. núv. forsrh. kom hér inn á Alþingi, þá skeði það í Bretlandi að fjmrh. þar, manni að nafni Dalton, sem var jafnaðarmaður, varð það á nokkrum klukkustundum áður en hann skyldi flytja fjárlagaræðuna að segja ógætileg orð við blaðamenn um lúxustolla sem skyldu leggjast á nokkrar vörutegundir, mig minnir sykur og te og eitthvað slíkt. Í breska jafnaðarmannaflokknum á árinu 1949 var þó nokkurt ris á mönnum. Auðvitað jók þessi uppljóstrun spákaupmennsku. Vegna þess að þetta var ekki orðið að lögum gátu auðvitað einhverjir hlaupið til og náð sér í þær vörur sem lúxustollurinn átti að leggjast á. Og vitið það hvað bresku kratarnir gerðu? (Gripið fram í.) Þú varst nú einu sinni nærri því orðinn krati, svo að við skulum ekki hafa hátt, hv. þm. Albert Guðmundsson. En vitið þið hvað bresku kratarnir gerðu við þennan flokksbróður sinn? Þeir létu hann segja af sér samdægurs. Þessi breski jafnaðarmaður var látinn segja af sér samdægurs. Hann hafði orðið valdur að spákaupmennsku með þessari aths. sinni.

Hér gerist það, í þjóðfélagi sem orðið er brjálað af óstjórn og verðbólgu og virðist varla vera á batavegi nú um sinn vegna einkennilegra pólitískra aðstæðna, — hér gerist það, að valdamaður, formaður í næststærsta stjórnmálaflokknum og ráðh., tilkynnir blaði gengisfellingu og talar satt að segja svo kjánalega að með eindæmum er. Hann segir: „Víst glæpur að segja það, þótt allir viti það.“ Hann er að tala um gengisfellingu sem gæti orðið allt að 15%, að því er segir í fréttinni. Beri menn saman jafnaðarmanninn Dalton í Bretlandi 1949 og framsóknarmanninn Steingrím Hermannsson, hæstv., á Íslandi 1980. Má ég þá heldur biðja um bresku aðferðirnar að þessu leyti. Ég tek nefnilega undir það með hæstv. ráðh. Tómasi Árnasyni, að við vissar efnahagslegar kringumstæður getur verið bæði rétt og móralskt að segja ósatt. Það á t. d. við um svona aðgerðir, jafnvel þó að þær kynnu að standa fyrir dyrum. En svona siðferði kann ekki hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson og svona aðferðir kunna ekki framsóknarmenn yfirleitt — með litlum staf. Er þá átt við og framsóknarmenn í öllum flokkum sem þeir eru í. (**Gripið fram í:** Eru þeir í Alþfl. líka?) Nei, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ætlar þú að sjá um hann þennan?

Það er með ólíkindum að svona geti gerst. Hér var á föstudag í síðustu viku fjallað um þetta ófyrirgefanlega glappaskot hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar, og ég skírskota til hæstv. forsrh. Gunnars Thoroddsens með hans löngu og virðulegu þingreynslu og þingsögu, en sem kunnugt er hefur hann setið hér síðan 1934. Ég skírskota til þess, að ráðh., sem hegðar sér svona, á auðvitað að taka á beinið og skamma eins og barn — og láta hann segja af sér. Það gerðu þeir í Bretlandi 1949. Hér er um svo alvarlega frétt að ræða, vegna þess að hún ýtir undir spákaupmennsku. Hún leiðir til þess, að menn geta hagað efnahagslegum aðgerðum sínum með tilliti til þess sem hæstv. ráðh. er ekki aðeins búinn að gefa í skyn, heldur beinlínis segja berum orðum að sé að eiga sér stað. Þetta vita allir og um þetta eru allir sammála, nema ef vera skyldu fáeinir framsóknarmenn, ég fullyrði það hér við hv. þm. Allt um það, þetta var um hegðun hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar, en svo segir hér í fréttinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Steingrímur bjóst við að aðgerðir ríkisstj. yrðu talsvert gengissig, þótt hann vonaði að það þyrfti ekki að verða 15%.“

Í Bretlandi fóru þeir öðruvísi að árið 1949. Það er oft hollt að horfa til útlanda og læra af útlöndum og útlendingum, ef þar er eitthvað að hafa. Og í þessum efnum getum við lært af jafnaðarmönnum í Bretlandi. En sem sagt, þessi gjaldþrota ríkisstj., hefur á skútunni hæstv. ráðh. sem svona hegða sér, þegar stefnir í óbreytt, aukið og illt fen í landbúnaðarmálum, hún leggur þyngri byrðar á skattgreiðendur af þeim sökum, hefur yfir höfuð að tala enga stefnu aðra neins staðar, — hefur að vísu stefnu í einu máli og þá stefnu kynnti hæstv. fjmrh.: Það eru engar grunnkaupshækkanir fyrir launafólk. — Víst má kalla það stefnu. Það skal sagt með fullri sanngirni, að það er a. m. k. vottur og vísbending um stefnu.

En allt um það, svo kemur þessi ríkisstj., nokkrum vikum eftir að hún er sest að völdum, og það brosir enginn lengur. Hæstv. forsrh. stekkur ekki bros á vör lengur, hann er grafalvarlegur yfir þessu öllu saman, sem sýnir þó að hann kann sig. Ríkisstj. er að leggja fram frv. til l. um orkujöfnunargjald, hækka söluskatt í reynd um tvö stig og er að reyna að blekkja þingheim til fylgis við þetta frv. með því að gefa í skyn í nafni frv. að allur ágóði eða allt fé, sem frv. gefur, sé orkujöfnunargjald, og fólkinu í landinu er ætlað að trúa því. En þetta eru ósannindi. Það er ekki nema hluti þeirra fjármuna, sem verið er að taka af skattgreiðendum í landinu, sem á að nota í orkujöfnunarskyni. Hitt á að fara í ríkishítina, í útflutningsbætur, því að það er mætavel ljóst, að hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson, sem er kaþólskari en páfinn, sem er meiri framsóknarmaður en fyrirfinnst í Framsfl., hann á auðvitað eftir að koma á hnjánum fljótlega og biðja um meiri útflutningsbætur, meiri niðurgreiðslur: Ýkjum kerfið, aukum á kerfið, þyngjum byrðarnar á skattgreiðendum.

Það liggur í eðli þessarar ríkisstj. að hegða sér svona. Það liggur í eðli hennar að gera nákvæmlega þetta: hækka söluskattinn, hækka útsvörin, greiða meira niður, auka útflutningsbæturnar. Og það sem er að gerast með þessu — hlusti menn eftir því — það sem er að gerast með þessu er það, að við erum að búa börnum þessa lands lakari lífskjör en fyrirfinnast í sambærilegum löndum í kringum okkur. Á tímum þegar þekkingin eykst stöðugt, þegar fleiri og fleiri halda utan til náms og kynna af erlendum ríkjum, þá erum við komin að mörkum þess mögulega og það er farið að bera á þeirri tilhneigingu, að fólk setjist að erlendis, það hætti að koma heim, vegna þess að hér í kringum okkur — í löndum eins og Bretlandi, Vestur-Þýskalandi og meira að segja einhverjum Norðurlanda — eru orðin svo miklu betri lífskjör að það er alveg ósambærilegt við þetta. Ástæðan er sú dýrtíðarstefna og þær vondu stjórnir sem hér hafa setið á undanförnum árum. Þetta er sennilega sú versta af þeim öllum og er þá langt til jafnað.

Af hverju leyfist hv. þm. að nota svona stór orð? Vegna þess að það frv., sem hér liggur fyrir um þennan háa söluskatt, er ekki aðeins flutt á upplognum forsendum, og þá vísa ég til fyrirsagnar frv., heldur er verið að þyngja skattabyrðina svo og leggja svo miklar byrðar á fólkið í þessu landi að gersamlega ósæmilegt getur talist.

Ég sagði hér áðan að þessi ríkisstj. væri gjaldþrota og andvana fædd. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson greip þá fram í og sagði eitthvað á þá leið, að það væri þó kostur við slíka ríkisstj., gjaldþrota og fædda andvana, að hún gæti ekki svikið neitt. En það er það merkilega, að

hún getur það samt. Ég þykist hafa lýst því hér í nokkru máli, að forustu fyrir ríkisstj. er maður, gáfaður maður, viðurkenni ég, sem lofaði fólkinu í landinu því fyrir kosningar — þá var ekki vitað um, að þarna væri klofningur, og þá var ekki vitað um, að þeim vinunum kæmi svona illa saman eins og síðar hefur komið í ljós, — maður sem lofaði fólkinu í landinu að afnema skatta vinstri stjórnarinnar, og ég held að ég fari rétt með þá tölu, að þeir voru 19, þessir litlu leiðindaskattar úti um allt. Hann gerði það, hæstv. forsrh. Og þegar maður hefur lofað slíku, þá ættu kannske að vera tilburðir í þá átt að efna það — við skulum ekki taka dýpra í árinni að sinni: tilburðir sjást. Þvert á móti kemur stjórnarliðið nú undir forustu sama hæstv. ráðh., dr. Gunnars Thoroddsens, til að leggja á skatt, og nú engan smáskatt og ekkert flugvallargjald. Nei, tvö stig í söluskatti, takk fyrir! Sami maðurinn og slóst í kosningabaráttu allan nóvembermánuð og barðist vel, veit ég, og fór víða, enda röskur maður og afkastamikill eins og alþekkt er, fór víða og lofaði að afnema skatta vinstri stjórnarinnar. Ég spyr hv. þm.: Er það afnám skatta gömlu vinstri stjórnarinnar, stjórnar hæstv. núv. utanrrh. Ólafs Jóhannessonar, sem hér er verið að leggja til?

Vegna þess að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson notaði orð, sem er stórt og ég hefði ekki notað, enda heflaður maður, en það var orðið svik, og úr því að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson má nota það, þá má ég nota það líka. Hann taldi að þetta væru svik og á íslensku er þetta auðvitað ekkert annað en með svik. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, þetta eru svik, að lofa svona fyrir kosningar og svíkja það svo gróft sem hér er um að ræða. Við verðum að hafa einhverjar forsendur í lýðræðiskerfi okkar. Það verður að vera eitthvert samhengi í tilverunni yfirleitt. Og það verður að vera eitthvert samhengi í hinni pólitísku tilveru. Þetta er samhengislaust rugl, að lofa að afnema skatta vinstri stjórnarinnar fyrir kosningar og standa hér í dag sem boðberi þessa pakka. Ég veit að hv. þd. er mér sammála um þetta, nema ef vera kynnu nokkrir framsóknarmenn, sem oft hafa ekki verið sammála mér, það skal ég viðurkenna. (SV: Það er það eina rétta í því, að þetta er samhengislaust rugl hjá þér.) Ef hv. þm. Stefán Valgeirsson — sem að vísu finnur nú ekki upp afstæðiskenningu á hverjum degi, er þessarar skoðunar, þá skal ég viðurkenna að það hlýtur að vera eitthvað til í því.

Hér hefur verið rakið nákvæmlega hverjar eru forsendur þessa frv. Forsendur eru þær, að ríkisstj. er ekki fær um að stjórna. Hún er ekki fær um að færa til fjármagn. Allir viðurkenna að málefnið, sem þetta frv. að hluta til og efnislega fjallar um, sem sé orkujöfnun, er af hinu góða. Hvað sem hv. þm. Stefán Valgeirsson segir um það, þá er það af hinu góða. Við deilum ekki um það. Við deilum um hvaðan eigi að flytja fjármagnið. Við deilum um það. Á að sækja það beint í vasa skattgreiðendanna eða á að fara aðra leið til þess? Ég segi enn og aftur og endurtek, að það er hægt að fara aðra leið. Það er það sem við höfum verið að leggja til. Það er hægt að flytja þetta fjármagn t. d. úr sumum geirum landbúnaðarins. Það er hægt að afla fjárins með þeim hætti og það er viturlegri leið. Það er leið sem stuðlar hér að betri lífskjörum, sem gerir okkur sambærileg við okkur skyld lönd. Þessa leið er hægt að fara og þessa leið mundi sú ríkisstj. fara sem væri ekki aðeins annt um það, að þegnarnir í landinu lifðu góðu lífi, heldur einnig að þjóðin búi við sambærileg kjör við það sem best gerist erlendis, þau kjör sem landið getur skapað ef vel er á málum haldið. Þetta er hægt að gera. Og ég spái því, að innan ekki margra ára komi slík ríkisstj., — ríkisstj. sem getur valdið breytingu og byltingu. Slíkar ríkisstjórnir hafa komið hér. Ég nefni t. d. viðreisnarstjórnina 1959. Það var ríkisstj. sem hóf feril sinn af mikilli reisn og gjörbylti hér háttum og þjóðfélagsskipan, fór út úr gamla uppbótakerfinu, fór út úr hafta- og spillingarkerfinu. Stundum skil ég ekki að maður eins og dr. Gunnar Thoroddsen, hæstv. ráðh., sem sæti átti í viðreisnarstjórninni, þekkir sögu hennar og átti stóran þátt í þeim miklu breytingum, sem fram fóru, skuli geta setið á toppnum á því stjórnlausa fleyi sem ná á að heita ríkisstj. í landinu. Mér finnst það vera að bera litla virðingu fyrir sjálfum sér og sögu sinni — eigandi þennan feril, hafandi verið fjmrh. framan af í viðreisnarstjórninni og það með reisn, enda gerbreytti sú stjórn hér um þjóðfélagskerfi. Það hygg ég sé nærfellt samdóma álit sögumanna, sem um þetta fjalla, og þá er ég að tala um efnahagsmálin innanlands — hitt er mál sem við getum deilt af meiri tilfinningasemi — að hér var skapað upphaf að nýju þjóðfélagi og nýjum og betri lífskjörum með þeirri miklu breytingu sem þá átti sér stað. Þeir stóðu sig vel sem í þeirri stjórn sátu, og ég skil ekki að menn geti borið svo litla virðingu fyrir sjálfum sér og sögu sinni að leggja út í það botnlausa stjórnleysi og fen sem hér er um að ræða.

Þetta frv. til l., sem heitir um orkujöfnunargjald, er uppgjafarpappír. Þetta er viðurkenning hæstv. ríkisstj. á því, að hún geti ekki stjórnað, vegna þess að það hefur reikningslega verið sýnt fram á það, að þetta fjármagn má taka annars staðar. Það hefur reikningslega verið sýnt fram á að það er hægt. Síðan lýkur reiknilistinni og pólitíkin tekur við. Ætlum við að taka þetta annars staðar frá, eða ætlum við að fara leiðina vondu, leggja þetta á skattgreiðendur?

Þegar reiknilistinni lauk og menn höfðu bunka af valkostum fyrir framan sig og að því kom að taka hina pólitísku ákvörðun, þá gerðist auðvitað nákvæmlega það sem efni stóðu til og við gátum átt von á, að hæstv. ríkisstj. valdi verstu — ég endurtek: verstu leiðina sem hægt var að velja, að velta þessum byrðum yfir á fólkið í landinu í formi söluskatts. Hvernig geta menn, sem tóku þátt í því að gerbreyta Íslandi á árunum 1959 — 1960 — 1961, tekið þátt í þessu? Hvernig er það hægt? Menn eiga ekki að hegða sér svona, og síst af öllu reyndir menn sem hafa lifað mikla og góða sögu.

Hæstv. ríkisstj., sem nú situr í landinu, hefur gefist upp. Þetta hygg ég að stjórnarherrarnir sjálfir hæstv. viðurkenni. Að öðrum kosti byrjaði hún ekki nokkrum vikum eftir tilorðningu sína á svona vinnubrögðum, síst af öllu stjórn sem gefið hefur verið í skyn að væri einhver sérstakur málsvari fólksins. En hverjir halda menn svo að borgi þennan skatt sem við erum hér að tala um? Það er auðvitað fólkið í þessu landi. Það eru umbjóðendur hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar. Hann leggst sennilega af meiri þunga á það fólk en þá sem betur mega sín, og það er eitt af því grátlega, þessi innbyggða ósanngirni sem í þessu skattakerfi felst. Hv. þm. tekur þátt í þessu, og út af fyrir sig er ekki hægt að segja um hv. þm. Guðmund J., að þar fari saman orð og gerðir. Ég veit að honum er ómótt að sitja undir þessu og taka þátt í því sem hann er að taka þátt í. Ég veit að hann stendur nærri mér og okkar jafnaðarmönnum í landbúnaðarmálum og

miklu fleiri málum raunar. En afleiðingin er þessi, m. a. vegna þess að það fylgir því að vera í flokki að þurfa að gera hluti sem kannske eru af misjafnri náttúru, svo að ekki sé meira sagt, og í því lenda menn.

Herra forseti. Við erum hér að ræða um frv. til l. um orkujöfnunargjald. Það er sjaldgæft að það felist ósannindi — ég endurtek: ósannindi í titli frv., en þetta eru ósannindi. Það er ekki nema hluti þessara tekna sem á að nota í þessum tiltekna tilgangi. Það er ekki nema hluti þeirra. Og þar sem það er ekki nema hluti þeirra, þá felast ósannindi í titli frv., fyrirsögn frv. Látum nú vera þó að menn ljúgi svolítið í grg., en er þetta ekki fulllangt gengið? Ég beini þessari spurningu t. d. til hæstv. virðulegs forsrh., Gunnars Thoroddsens. Er það ekki fulllangt gengið? Þetta er ekkert frv. um orkujöfnunargjald. Meginhlutinn af þessari upphæð, sem á hinum margumtalaða ársgrundvelli mun gera um 11 milljarða kr., á að renna í ríkishítina og bakdyramegin þar inn í rn. til hæstv. ráðh. Pálma Jónssonar til þess að borga niður kindakjötið sem útlendingar éta. Þetta er leiðin. Og að flytja peninga til hæstv. ráðh. Pálma Jónssonar með þessum hætti og kalla það orkujöfnunargjald, þykir ekki fleirum en mér það vera ósvífið í meira lagi? Ég sé að til mín kinkar kolli góður vinur minn, hv. 3. þm. Reykv. Albert Guðmundsson, og ég kann því vel. Auðvitað er þetta ósvífni og ekkert annað, — hrein ósvífni.

Sem sagt, þeim tókst að fara með staðlausa stafi og hrein ósannindi í fyrirsögn frv. Ég spyr mér þingreyndari menn, ég spyr t. d. hæstv. forsrh., sem með nokkrum hléum þó hefur setið í þessu virðulega húsi síðan 1934: Er það ekki einsdæmi að logið sé í fyrirsögn frv.? Þekkir hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen nokkurt annað dæmi þess, að logið sé í fyrirsögn frv.? Ég vísa til hans löngu og virðulegu sögu, miklu þingreynslu og allra áratuganna frá 1934 og áfram. Ég kannast ekki við það. Ég mundi að vísu aðeins þekkja það af bókum, ef svo væri, og þrjár eða fjórar bækur um sögu þessa virðulega húss hef ég lesið. Það er ekki í eitt einasta skipti minnst á frv. þar sem logið var í fyrirsögn. (**PS:** Var ekki logið í blýhólk?) Það er svo annað mál, hv. þm. Pétur Sigurðsson. Það er annað mál og önnur og virðuleg saga, sem ég hef lesið um og aðrir kannske muna eftir.

Herra forseti. Nú er komið að lokum þessa máls. Einhverjir verða að vera talsmenn skattgreiðenda. Skattgreiðendur eiga líka sinn rétt. T. d. fyndist mér að í hlutarins eðli lægi að þm. eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, hv. þm. Guðrún Helgadóttir og hv. þm. Vilmundur Gylfason, þessir þrír þm., ættu að eiga það sameiginlegt að meta lífsafstöðu sína, pólitíska skoðun og handauppréttingu á Alþingi ekki með hagsmuni fyrirtækjanna í huga, ekki með hagsmuni vonlausrar ríkisstj. sem er mynduð til þess eins að sprengja Sjálfstfl., sem við vitum auðvitað mætavel. (**GHelg:** Það er nú dálítið.) Ég þakka viðurkenninguna. Það er rétt, það er nú dálítið. Nei, en við ættum, hv. þm., t. d. við þrjú sem hér vorum nefnd, að vera talsmenn skattgreiðendanna í landinu. Ríkisstj. getur það ekki, því að ríkisstj. með hæstv. ráðh. Pálma Jónsson innanborðs og stefnuna hans getur ekki verið ríkisstj. skattgreiðendanna. Hún er andstæð hagsmunum skattgreiðenda frá upphafi.

Þetta er kjarni málsins. Þetta áttu menn að skilja í febrúar þegar stjórnin var mynduð. Hún kann ekki aðra leið en að færa fjármagnið — færa fjármagnið undir þessu yfirskini og í þessu nafni bakdyramegin úr vösum skattgreiðenda og í rn. hæstv. ráðh. Pálma Jónssonar. Það er það sem hér er um að ræða.

Ég sakna hv. þm. Stefáns Valgeirssonar í salinn, því að heiður og skír svipur hans er mér alltaf uppljómun. Ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar. Þegar mig langar til að hætta hér í ræðustól og hugsa með sjálfum mér að nú sé kominn tími til að fara niður, þá lít ég á skýrt andlit hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og held áfram að tala, held áfram að útskýra betur.

Herra forseti. Efni þessa máls hefur verið rakið. Þingheimi er áreiðanlega ljóst hvað hér er um að ræða. Við skulum spyrja okkur sjálf. Ætlum við að hækka þessa skatta? Viljum við flytja með þessum hætti fjármuni frá skattgreiðendum og í rn. hæstv. ráðh. Pálma Jónssonar? Einhverjir, t. d. íhaldsmennirnir í salnum, hefðu einhvern tíma getað verið á móti þessu vegna þess að þetta ætti að fara í laun til opinberra starfsmanna. En eftir að hinn hæstv. trausti ráðh. Ragnar Arnalds varð fjmrh. — og gaf auðvitað samdægurs út yfirlýsingu um að engar grunnkaupshækkanir skyldu koma til, mér skildist helst alla hans tíð, þá er náttúrlega ekki hætta á að þetta eigi að fara í launagreiðslur, enda á þetta ekki að fara í launagreiðslur, þetta á að fara beinustu leið í rn. hæstv. ráðh. Pálma Jónssonar og málaflokkinn sem að baki honum stendur nú um sinn. Það er það skelfilega, það er það ósvífna að kalla þetta orkujöfnunargjald. Þessi tilfærsla úr vösum launafólksins, t. d. hér í Reykjavík, og inn í gjaldþrota atvinnugreinar sem nú er haldið uppi af gjaldþrota ríkisstj., ríkisstj. sem var andvana fædd, þessi tilfærsla er óréttmæt með öllu.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að fara fáum orðum um — ég vil segja: það siðgæði sem þessi hv. þm. hefur talið sig postula fyrir. Ég gerði aths. við það hér fyrr í dag, að hann hefði farið með rangt mál í ræðu sem hann flutti hér og birt er í Alþýðublaðinu 27. mars. Þar segir hann um það sem eftir mér er haft í Dagblaðinu, — held að það sé rétt að menn hafi myndina alla, segir hann:

„Hratt gengissig til bjargar fiskvinnslu. Víst er glæpur að segja það þó allir viti það," segir hér og síðan í fréttinni sjálfri gefur hæstv. ráðh. hverja yfirlýsinguna á fætur annarri í þessa veru og tiltekur að til standi að láta gengið síga um 15%, hvorki meira né minna."

Þetta er haft eftir hv. þm. í Alþýðublaðinu. Hv. þm. las áðan hluta af því sem ég sagði og var í Dagblaðinu. Í því segir, með leyfi hæstv. forseta, eins og hann las áðan að hluta:

„Steingrímur bjóst við að aðgerðir ríkisstj. yrðu talsvert gengissig, þótt hann vonaði að það þyrfti ekki að verða 15%. Einnig beitti stjórnin sér fyrir öðrum aðgerðum til hjálpar fiskvinnslunni" o. s. frv.", ég tel það upp, ég skal ekki lengja mál mitt með því að lesa það, en ég segi síðan, að því miður muni þær ekki duga, þess vegna þyrfti gengissig að koma til einnig. Hvar segi ég aftur og aftur að það eigi að verða 15% gengissig og hvorki meira né minna? Ég lýsi því þarna yfir, að ég vonist til þess að gengissig verði ekki 15%.

Ég verð að segja að ég hef hlustað á margar ræður hv. þm., ósannindi hans og lygar um hina bestu menn úr þessum ræðustól — sem hafa verið honum og þinginu til skammar — hvað eftir annað. En ég hélt að hann væri ekki svo sokkinn í svaðið að hann tryði sjálfur þeim ósannindum. Hann ætti að viðurkenna ef hann hefur

farið rangt með. Því miður finnst oft ekki mikið satt í þeim ræðum sem hann flytur hér úr þessum ræðustól. Ég held að hann ætti að bæta sinn hlut að þessu leyti og verða betri maður. (**Gripið fram í:** Dalton sagði af sér og þú ættir að gera það líka.)

Ég held að hv. þm. ætti að segja af sér eftir öll þau ósannindi sem hann hefur flutt. Ég vil gjarnan lýsa þeirri skoðun minni, að að mínu mati er rétt að þjóðin geri sér grein fyrir því, að þeirri verðbólgu, sem við erum í, fylgir gengissig, og kannske leita menn þá ekki svo mjög eftir ýmsum hækkunum sem leiða til gengissigs.

Mér þykir satt að segja undarlegt ef menn eru hlaupandi eftir lúxusvöru — kannske gerir hv. þm. það, ég veit það ekki — þegar gengissig hefur orðið eins og það hefur verið hér upp á síðkastið, menn þurfa þá að hlaupa æðioft. (Gripið fram í.) Ég legg áherslu á að ég mun halda þeim sið að segja þjóðinni það sem ég veit réttast og ekki skammast mín fyrir það.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þegar er komið nokkuð fram á nótt er mál þetta hér til 1. umr., var tekið á dagskrá fyrr í dag með afbrigðum. Það lætur að líkum, að ýmsar aths. þarf að gera við málatilbúnað þann sem hér hefur verið hafður uppi, og þá í fyrsta lagi vil ég nefna vinnubrögðin sem ýmsir ræðumenn fyrr í umr. hafa gert að umtalsefni.

Það hefur komið fram, að mál þetta var kynnt formönnum þingflokkanna á fundi kl. hálfsjö í gær, á pálmasunnudag, nokkuð óvenjulegur tími að vísu til þess að kynna frv. sem flytja á á hv. Alþ. Við formennirnir fengum að vísu þakklæti frá hæstv. forsrh. fyrir að leggja það á okkur að mæta á þessum óvenjulega tíma, og við kunnum að sjálfsögðu að meta það þakklæti sem beint var til okkar. Síðan var þetta frv. kynnt á þingflokksfundum, a. m. k. Alþfl. og Sjálfstfl., í morgun. Ég veit ekki hvort þingflokkar Framsfl. og Alþb. hafa haft það til meðferðar fyrr. Ég geri þó ráð fyrir að svo hafi verið um helgina eða fyrir helgi.

Hæstv. fjmrh. gerði nokkurt mál úr þessu, að sæmilega *hefði verið séð fyrir kynningu málsins með þessum hætti*, með fundinum í gær með hæstv. forsrh. og fjmrh. og svo fundum þingflokkanna í morgun, auk þess sem hæstv. fjmrh. talaði um það í ræðu sinni í dag, að í sjálfu sér væri þetta tiltölulega einfalt mál, sem ekki þyrfti að hafa mörg orð um. Það er vissulega rétt, að því er tekur til skattlagningarinnar, að það er tiltölulega einfalt mál að hækka söluskatt um tvö prósentustig. Það er vissulega rétt. En það er ekki einfalt mál þegar kemur til þess hvernig á að ráðstafa þeim tekjum sem ríkissjóður fær þarna til ráðstöfunar. Það er sem sagt ætlast til að þetta mál verði afgreitt fyrir páska, þ. e. ekki síðar en n. k. miðvikudag. Á sama tíma er fjárlagafrv. óafgreitt, eftir er 3. umr. sem ætlað er að fari fram á morgun. Tekjustofnafrv. hefur verið hér til meðferðar einnig, var afgreitt reyndar í dag frá hv. Ed. Frv. um flugvallagjald er til meðferðar, olíugjaldið hefur verið til meðferðar hér á fundi þessarar hv. d. fyrr í kvöld. Og skattstigafrv. hefur verið á óskalista ríkisstj., þótt nú hafi verið á það fallist að bíða með það fram yfir páska.

Auðvitað er gersamlega útilokað að fara fram á að þessi mál séu afgreidd á svo skömmum tíma, hvað þá að það sé tæknilega mögulegt. Ég vil taka undir með hæstv. fjmrh. að það er vont, svo ekki sé fastar kveðið að orði, að hafa mál sem þessi lengi í farvatninu eða lengi til meðferðar á hv. Alþ. Það krefst þess vegna vandaðri undirbúnings en hér hefur verið viðhafður til þess að hægt sé að ætlast til að hv. Alþ. afgreiði málið með slíkum hraða sem hér er farið fram á. En nokkur orð um frv. sjálft.

Ýmsir hv. ræðumanna hafa í dag gert að umtalsefni fyrirsögnina eða heiti frv. sjálfs. Þar er auðvitað fyrsta og stærsta blekkingin, þar sem er heitið „Frumvarp til laga um orkujöfnunargjald.“ Reyndar er þegar komin fram brtt. frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni um að frv. verði kallað það sem það raunverulega heitir: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um söluskatt. Hvar kemur það fram í þessu frv. að *hér sé um orkujöfnunargjald* að ræða? Hvergi, nema þá í heiti frv. Það er ekki sæmandi fyrir ríkisstj. að leggja mál fyrir Alþ. með þessum hætti. Auðvitað á að sýna um leið, hvernig á að verja því mikla fé sem þarna er ætlunin að afla. Það er hins vegar ekki gert, svo stórt mál er geymt til einhvers síðari tíma.

Það er vitað og kemur reyndar fram í grg. frv., að hér er ekki eingöngu um að ræða fjármagn sem fara á til jöfnunar á orkuverði. Þetta á allt að fara í ríkissjóð 7 milljarðar á þessu ári, segir í grg., 10 milljarðar sé miðað við heilt ár. Ég kem að því síðar, hvort þessar tölur séu réttar. Síðan eru ætlaðir 4.5 milljarðar til orkusparandi aðgerða, eins og það heitir, þar af 4 milljarðar til niðurgreiðslu á olíu til húshitunar. Hitt á að fara í hina óseðjandi hít ríkissjóðs. Hér er auðvitað um að ræða hreina söluskattshækkun og frv. ætti því að heita, eins og ég sagði áðan: „Frumvarp til laga um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10/1969.“ Með frv. er söluskattur hækkaður í 24%. Vandræði þeirra, sem búa við olíuupphitun húsa, eru notuð til að koma enn einni skattahækkuninni fram, að þessu sinni hækkun um meira en 11 milljarða, fullyrði ég, sé miðað við heilt ár. Á sama tíma og við höfum umr. um þetta mál var til lokameðferðar í síðari deild frv. til l. um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem er um að ræða allt að 5 milljarða kr. viðbótarskattlagningu á landsmenn. Þetta frv. hefur nú verið samþykkt. Og til meðferðar í þinginu er frv. til l. um breyting á lögum um flugvallagjald, þar sem á að ná 350 millj. til viðbótar við það sem áður var. Bensínverðið æðir áfram, auðvitað mest til að ausa enn í ríkissjóð, ekki til vegaframkvæmda. Til þess er leikurinn ekki gerður. Sú hækkun hefur að vísu ekki enn verið ákveðin, en við vitum að það er skammt í hana. Þar er sennilega um að ræða 3.5 milljarða til viðbótar í ríkissjóð. Gengissigið er komið á fullan skrið og reyndar gengisfelling í dag. Allt er á sömu bókina lært. Meiri skattlagning, verðbólguaukandi athafnir hæstv. ríkisstj. með hinum fjölbreytilegasta hætti. Þetta er stjórnleysi eins og það kemur skýrast fram hjá öllum vinstri stjórnum.

Hvað segja sjálfstæðismennirnir í þessari ríkisstj. eða sjálfstæðismennirnir sem hana styðja? Voru þeir kosnir á þing til þessara verka? Ég segi nei. Þótt illa gengi í kosningunum hjá Sjálfstfl., þá er ekkert sem leyfir mönnum að gagnálykta, þar sem ekki var meiri byr, þannig að fara megi eftir stefnu vinstri flokkanna í skattlagningu.

Hér er sem sagt um að ræða beina hækkun á söluskatti. Söluskattskerfið er orðið hreint afskræmi. Það er löngu viðurkennt, að svo hár söluskattur, og þarf raunar ekki að verða eins hár og hér er gert ráð fyrir, 24%, getur ekki gengið af mörgum ástæðum. Meira að segja 20% söluskatturinn var viðurkenndur allt of hár, kerfið hefði

gengið sér til húðar. Ýmislegt hefur verið nefnt hér í umr. í dag þessari fullyrðingu til stuðnings. Ég ítreka þetta: Freistingin til undanskots eykst. Óréttlætið í þessari skattlagningu eykst um leið. Það er sífellt kallað á fleiri undanþágur, sem eykur enn á óréttlætið. Og alltaf er verið að gera það erfiðara að taka upp nýtt kerfi, að taka upp virðisaukaskatt. Þó gerir hæstv. sjútvrh. það að sérstöku umræðuefni í ræðu sinni í dag, að stefna beri að því að taka upp virðisaukaskattinn. Það kann að hljóma sem þversögn, en staðreyndin er þó þessi, að eftir því sem undanþágum frá söluskatti fjölgar og skatturinn jafnframt hækkar, þá verður erfiðara að losna við hann, losna út úr því kerfi, þótt hann sé með þessum aðgerðum reyndar eyðilagður sem nýtilegur skattstofn.

En skattæðið heldur áfram hjá hæstv. ríkisstj. Þessa dagana sem sagt allt að 20 milljörðum, sem verið er að leggja á þjóðina í ýmsum nýjum viðbótarsköttum. Kannske tekur það hæstv. ríkisstj. þrjá daga að koma þessu í gegn. Dagurinn hjá ríkisstj. sýnist því ætla að kosta skattgreiðendur í þessu landi um 6.5 milljarða. En meira á eftir að koma. Ýmsar ríkisstofnanir eiga eftir að fá hækkanir á þjónustu sinni. Mér er sagt að Ríkisútvarpið biðji nú um 20% hækkun vegna útvarps og 21.5% vegna sjónvarps. Póstur og sími vill fá 15% hækkun frá 1. maí, 7% frá 1. ágúst og 5% frá 1. nóv. Ríkisskip vill fá 25% hækkun frá 1. maí, 7% 1. ágúst og 5% 1. nóv., og samt vantar þar milljarð. Allt er þetta ofan á nýlega samþykktar hækkanir. Til viðbótar þessu koma svo auðvitað meiri hækkanir vegna söluskattshækkunarinnar sem hér er ráðgerð. Þetta er víst það sem kallað er niðurtalningarleið af hæstv. ríkisstj. þótt allt sé á uppleið. Allt þýðir þetta hækkað verð og aukna verðbólgu. Það er eflaust nauðsynlegt fyrir þau ríkisfyrirtæki, sem ég hef hér talið upp, að fá hækkanir á þjónustu sinni. En þetta snertir hvert einasta heimili í landinu og hlýtur að verða nefnt í sambandi við skattlagningu þá sem við erum hér að ræða sérstaklega.

Nokkur orð frekar varðandi þetta mál. Hvað með samráðið við verkalýðshreyfinguna eða aðila vinnumarkaðarins? Eru ekki ákvæði um það í svokölluðum Ólafslögum? Þau eru að vísu ítrekað þverbrotin og menn eru farnir að reka upp hlátur þegar minnst er á þau hér í sölum Alþingis. Hvers vegna? Er það bara vegna þess að það vantar í þessi lög refsiákvæðin þannig að ráðh. sjá að það er alveg óhætt að brjóta þau, þeir eru ekki settir inn fyrir það? Sjálfsagt er það öðrum þræði ástæðan fyrir því að þau eru brotin. En aðalástæðan er auðvitað sú, að menn vita að þessi lög er marklaust plagg, þau eru marklaus orðin og hafa sjálfsagt verið það frá upphafi, þótt aðstandendur þeirrar ríkisstj., sem setti þau, hafi vart mátt vatni halda af hrifningu yfir þeirri merku stefnu, sem þá var upp tekin í efnahagsmálum, og hæstv. þáv. forsrh. hafinn í æðra veldi fyrir sinn þátt í þeirri löggjöf.

En hver er hin raunverulega upphæð, sem þetta frv. gefur ef að lögum verður? Samkv. fjárlagafrv. er söluskattur áætlaður 123 milljarðar kr. tæpir. Hvert söluskattstig gefur því tæpa 5.6 milljarða og tvö stig til viðbótar 11.2 milljarða, sem þýðir 933.3 millj. á mánuði, ef jafnt innheimtist hvern mánuð. Það má þó ætla, að meira innheimtist síðari hluta árs. Innheimtan fram í miðjan apríl er því 3.26 milljarðar og eftir standa þá 8, en ekki 7 eins og segir í grg. þessa frv. Þetta þýðir í raun að helmingurinn af því sem þarna á að taka í peningum fer í ríkissjóð á þessu ári og eflaust meira næst.

Það þarf í sjálfu sér ekki að hafa um þetta fleiri orð á þessu stigi málsins. Þetta mál fer til n. og verður athugað þar gaumgæfilega. Auðvitað á að gera þá kröfu til hæstv. ríkisstj. að hún greini frá því, hvernig þeim tekjum verði ráðstafað, sem af lögfestingu þessa frv. leiðir. Það hefur komið fram hjá hæstv. fjmrh., að tölum fjárlagafrv. verði breytt til samræmis við þessa ráðgerðu skattlagningu, og það út af fyrir sig er rétt og ég finn ekki að því. En það er þó eðlilegra að afgreiða þetta frv. á undan fjárlagafrv. eins og hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, nefndi í ræðu sinni í dag. Þess vegna ætti ríkisstj. að hafa þau ráð að nota þann tíma, sem eftir er fram að páskaleyfi, til þess að ræða þetta mál, en fresta umr. um fjárlagafrv. fram yfir páska. Með því gæfist ríkisstj. færi á að koma frá sér lánsfjáráætlun og afgreiða hana samhliða fjárlagafrv.

Þegar hefur að vísu verið brotin 14. gr. laga um stjórn efnahagsmála, eins og rakið hefur verið, en það má bæta að nokkru fyrir það brot með því að afgreiða lánsfjáráætlunina samfara fjárlagafrv. Hér er sem sagt verið að afla ríkissjóði tekna til ótiltekinna verkefna, að frátöldu því sem fara á í olíustyrk, með hvaða hætti sem það verður gert.

Það má vel vera að það, sem þarna stendur eftir, eigi að renna í rn. hæstv. landbrh. Pálma Jónssonar, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði í sinni ræðu ítrekað. En fleira má hugsa sér, og ég held að það sé augljóst, að a. m. k. hluti af því, sem þarna stendur eftir og fer í ríkissjóð, eigi að fara til þess að borga það sem kallað er félagsmálapakki hæstv. ríkisstj. Þar með eru þeir, sem njóta eiga þessara félagslegu aðgerða, farnir að borga þær sjálfir með þessari skattlagningu og raunar annarri.

Ég skal svo ljúka máli mínu, herra forseti. Ég ítreka að skattlagningarfrv. sem þetta á ekki að vera lengi til meðferðar í þinginu. Það ýtir undir alls konar óæskilega spákaupmennsku í þjóðfélaginu, þegar fyrir fram er tilkynnt um tveggja prósentustiga söluskattshækkun um leið og gengi er fellt og það áfram látið síga. Hinn óforsvaranlegi undirbúningur ríkisstj. að þessu máli veldur þó því, að málið verður að fá þá athugun í n. og umr. í þingi sem þörf er á. Ef þeirri athugun og umr. lýkur ekki fyrir páskahlé, þá verður að láta sér það lynda. Þar á ríkisstj. ekki við neinn að sakast annan en sjálfa sig.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 253 flutti ég brtt. Ég minnist þess ekki, ég biðst afsökunar ef það er ekki rétt hjá mér, en ég minnist þess ekki, að afbrigða hafi verið leitað fyrir því að þessi till. mætti koma fyrir. Er það svo? (**Forseti:** Það er að vísu rétt hjá hv. ræðumanni, að mér hefur orðið það á að leita ekki eftir afbrigðum fyrir brtt. á þskj. 253, en ég mun nú bæta fyrir það með því að leita eftir því að hún komi til afgreiðslu með frv., þegar því verður vísað til nefndar.

Ég flutti þessa brtt. við fyrirsögnina, að hún orðist svo: „Frumvarp til laga um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10/1969, með áorðnum breytingum.“ Ég gerði það strax og frv. kom fram, meðfram vegna þess sem hér hefur verið lýst í ræðum hv. þm. sem hér hafa talað, að í nafninu er fólgin ein stórkostlegasta blekking sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur borið á borð fyrir okkur þm. Það má jafnvel taka svo sterkt til orða, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason, 9. þm. Reykv., gerði, að fyrirsögnin væri byggð á upplognum forsendum. Annars ætla ég ekki að vitna mikið í ræðu hans né ræða heiðríkju svipsins á hv.

þm. Stefáni Valgeirssyni þegar hann er að ígrunda afstæðiskenningu Einsteins. Hitt þótti mér samt nokkuð merkilegt, að þegar þessi hv. þm., 9. þm. Reykv., sagði hér úr ræðustól að ríkisstj. hefði verið stofnuð til að sprengja Sjálfstfl., þá var það einn af þm. Alþb., hv. 8. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, sem sagði að það hefði nú verið nokkurs virði. Þetta er alveg hárrétt. Það er ekki nokkur vafi á því, að þeir þm. Alþb. hafa lagt mikið upp úr þessu atriði og þeir hafa lagt meira upp úr þessu, þeir Alþb.-menn sem stóðu að myndun ríkisstj., að reyna að kljúfa Sjálfstfl. en að standa við eigin kosningaloforð eða bera af sér sannanleg svik við sína stefnu og heitstrengingar, bæði í síðustu alþingiskosningum og alþingiskosningunum þar á undan.

Flokksbræður mínir hv. þm. Ólafur G. Einarsson og hv. 1. þm. Reykv. hafa báðir í ræðum sínum í dag haft á orði að rétt væri að afgreiða þetta frv. á undan fjárlagafrv. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég er þeirrar skoðunar, að við eigum að afgreiða fjárlagafrv. fyrst, m. a. vegna þess að þar erum við 10 sjálfstæðismenn með till. um hvernig eigi að ráða fram úr fjárþörf til þess að koma á móti olíuvandamálum. Og ég undirstrika það, sem allir ræðumenn hafa hér undirstrikað og við erum sammála um, að við viljum leysa þetta vandamál. Ég geri t. d. kröfu til þess, ég er ekki vanur að vera heimtufrekur hér í ræðustól, en mér finnst að ég eigi kröfu á því og við aðrir þm., að það verði athugað rækilega hvor leiðin sé heppilegri í þessu verðbólguþjóðfélagi okkar, sú leið sem 10 þm. Sjálfstfl. hafa bent á og lagt fram brtt. um við frv. til fjárl., þ. e. um breytingu eða lækkun á niðurgreiðslum á vöruverði, eða sú leið sem hér á að velja að till. ríkisstj. Ég tel að þetta sé grundvallarkrafa sem eigi að standa við, það eigi að rannsaka þetta nákvæmlega.

Við gerum okkur öll grein fyrir því, að það verður að finna fé til þess að standa undir þessum vandamálum, og ég held að það sé enginn, sem gerir sér ekki grein fyrir því um leið, að til þess að ná þessu fé verði að leggja ný gjöld á þjóðina í einni eða annarri mynd. En ég spyr enn og aftur: Hver er besta og hagkvæmasta leiðin fyrir neytendur í landinu, fyrir launafólk, fyrir þjóðina í heild? Ég held því fram og við sjálfstæðismenn, sem flytjum þessa brtt. sem ég hef getið um við fjárl., að það sé hagkvæmari leið fyrir alla aðila heldur en sú leið sem nú er valin með hækkun söluskattsins sem óhjákvæmilega vegna eðlis síns mun velta upp á sig ómældum verðhækkunum strax nú á næstu vikum og mánuðum. Það er meginerindi mitt í ræðustól nú að benda á þetta atriði og óska eftir þessu.

Ég hef sjálfur lýst því yfir hér í ræðustól, að ég hafi lofað að stuðla að afgreiðslu fjárl. fyrir páskahlé, þó að fullnægðu því skilyrði að lánsfjáráætlun væri lögð fram. Nú má segja að hún hafi verið lögð fram eða hluti hennar í dag, og auðvitað er sjálfsagt að ræða hana, a. m. k. útlínur hennar, samfara frv. sem hér er til umr., því að eins og við tókum fram strax við 2. umr. fjárlaga, sjálfstæðismenn, og reyndar við umr. um önnur nýskattlagningarfrv. sem ríkisstj. hefur verið að leggja hér fram, þá vildum við fá að sjá þá heildarskattlagningu sem verið er að leggja á þjóðina. Við sjáum það af því sem við höfum séð af lánsfjáráætluninni, að það mun verða eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson benti á, að það verður farið yfir 100 milljarða, líklega í 110 milljarða, í stað þess að talað var um að lántaka ætti að vera í hæsta marki miðuð við 70 milljarða. Erlendar lántökur munu fjórfaldast eða fara í 21 milljarð úr 5 milljörðum og innlendar lántökur munu hækka um 91.2%.

Hv. síðasti ræðumaður benti hér á nokkur af þeim frv. sem liggja fyrir þinginu og munu valda stórkostlegum hækkunum á neytendum þessa þjóðfélags. Hann benti á bensínverðshækkun, sem er yfirvofandi, flugvallagjaldið. Skattstigafrv. er enn ekki komið fyrir þingið og það mun hafa sínar hækkanir í för með sér, ef nokkuð er að marka þá flumbrumenn sem hafa talað í nafni sumra flokka hér á Alþ. Og svo er olíugjaldið sem liggur enn þá fyrir þinginu.

Að sjálfsögðu hefði mátt fara mörgum orðum um framsöguræðu hæstv. fjmrh. En við 1. umr. sé ég ekki ástæðu til þess. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara ítarlega út í einstakar greinar málsins fyrr en á seinna stigi, því að ég bið þess að fá að sjá hvernig haldið verður á framkvæmdinni. Á það hefur verið bent af fleirum en einum aðila, að það er lagaleg skylda, það eru heitstrengingar stjórnmálaflokka, sem eiga fulltrúa hér á hv. Alþ., að hafa fullt samráð við aðila vinnumarkaðarins um mál eins og þetta, reyndar um mörg fleiri sem hér eru. Að vísu mun ég ekki láta mér bregða neitt þótt það verði svikið frekar en svo margt annað. (Forseti hringir.) Átti ég að hætta, forseti? (**Forseti:** Nei, alls ekki, ég er bara að æfa menn í að mæta hérna.) Það er nefnilega það. Á ég að bíða meðan forseti heldur æfingunni áfram? (**Forseti:** Ég læt vita þegar ég þarf á því að halda.) Hér hefur líka nokkuð verið rakin sú saga, sem ég skal ekki endurtaka, hvernig þetta mál hefur verið lagt fyrir þd. Því er hent hér inn eða birt þingflokkunum á hádegi í dag og síðan eigum við að taka við því og fullafgreiða það helst á tveimur dögum. Þetta er mál sem stuðningsmenn stjórnarinnar hafa sjálfir þurft marga daga til þess að komast inn í og skilja, og skildu ekki þegar þingfundur átti að hefjast í gær á venjulegum fundartíma, því að ítrekað þurfti að fresta fundum hér meðan verið var að ná samkomulagi meðal þeirra og koma þeim í skilning um hvað í húfi væri.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það er von til að forseti ruglist aðeins í ríminu þegar svo er liðið á nótt, því að svo vill til, að í 20. gr. þingskapa er kveðið svo á, að við 1. umr. skal ræða lagafrv. í heild sinni, en það er fyrst við 2. umr. sem brtt. koma til umr. Fyrir því er ekki leitað afbrigða um skriflega flutta brtt. við 1. umr., en að sjálfsögðu gengur hún til þeirrar n. sem kann að fá þetta mál til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 40. fundur.

Þriðjudaginn 1. apríl, kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1980, frv. (þskj. 241, n. 248, 242, 243, 249, 262, 263). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Svo sem venja er til við 3. umr. fjárlaga koma fram allmargar till. til breytinga, sem fjvn. stendur að í heild, og mun ég gera nánari grein fyrir þeim hér á eftir. Þá hefur ríkisstj.,

svo sem alkunna er, lagt fram frv. til tekjuöflunar, m. a. til jöfnunar á hitakostnaði. Stuðningsmenn ríkisstj., sem skipa meiri hl. fjvn., munu gera grein fyrir þeim brtt. sem af ráðstöfunum ríkisstj. leiðir. Af hálfu þriggja fulltrúa Sjálfstfl. í fjvn. hefur hér verið dreift sérstöku nál. og munu þeir gera grein fyrir því í þessum umr.

Ég mun, er ég hef gert grein fyrir þeim till. sem n. flytur sameiginlega, gera stutta grein fyrir afstöðu Alþfl., en að því er varðar þau B-hluta fyrirtæki, sem brtt. eru gerðar við, tek ég það skýrt fram að Alþfl. tekur ekki afstöðu til þeirra gjaldskrárhækkana sem þar er gert ráð fyrir, enda eru þær alfarið ákvörðun ríkisstj. og ekki í einu eða neinu á ábyrgð Alþfl., en ég mun gera lauslega grein fyrir þeim breytingum.

Það eru þá fyrst brtt. frá fjvn. á þskj. 262.

Við 3. gr. Liðurinn Gjald af seldum vindlingum. Fyrir 68 millj. koma 136 millj. Nánari grein verður gerð fyrir þessu þegar kemur að 6. gr. fjárlaga.

Við 3. gr. Liðurinn 0671 Gjald af eyðublöðum heillaskeyta. Fyrir 400 þús. koma 2 millj.

Við 4. gr. Íþróttasamband Íslands. Fyrir 126 millj. 140 millj. 620 þús.

Við 4. gr. Fuglaverndarfélag Íslands. Fyrir 150 þús. koma 250 þús.

Við 4. gr. liðurinn Landgræðslusjóður: Þar leggur n. til að fyrir 27 millj. 180 þús. komi 46 millj. 560 þús.

Við 4. gr. er sömuleiðis lagt til að liðurinn Æðarræktarfélag Íslands breytist. Í staðinn fyrir 150 koma 200 þús. kr.

Við 4. gr. komi nýr liður: Laxastigi í Laxá, Suður-Þingeyjarsýslu 45 millj. Gert er ráð fyrir að 45 millj. þurfi til að ljúka framkvæmdum við laxastiga í Laxá, en gert er ráð fyrir að þessi framkvæmd verði lánsfjármögnuð að þessu sinni sem hingað til.

Liðurinn Hjálparstofnun kirkjunnar breytist þannig, að fyrir 1150 þús. komi 2 millj.

Við 4. gr., liðinn Vinnumál 07981, verði sú breyting, að í staðinn fyrir lið, sem áður hét: Fræðslumál BSRB, BHM og samtaka sjómanna, sem falli niður, komi nýir liðir að tillögu fjvn.: 1. Fræðslumál BSRB 10 millj. 2. Fræðslumál BHM 2 millj. 3. Fræðslumál annarra samtaka launafólks 3 millj.

Lagt er til að í stað 50 millj. á liðnum Slysavarnafélag Íslands í 4. gr. komi 64 millj. 620 þús.

Þá er lagt til að þarna bætist við nýr liður, Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur, 15 millj. kr.

Við 4. gr. Liðurinn Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar. Fyrir 347 millj. 605 þús. komi 367 millj. 605 þús. Hér er um að ræða hækkun á launalið. Verður þessari upphæð endanlega skipt í fjvn. svo sem venja mun hafa verið, en að meginhluta til mun féð renna til ríkisspítalanna.

Þá er komið að liðnum bygging sjúkrahúsa o. fl. Þar leggur n. til að breyting verði á lið er varðar Borgarspítalann og 1. tölul. þessarar greinar orðist þannig: 1. a. Reykjavík, Borgarspítali, B-álma 300 millj. 1. b. Reykjavík Borgarspítali G-álma 120 millj. — Þessi breyting er lögð til að höfðu samráði við þm. Reykjavíkurkjördæmis.

Þá er lagt til að sú breyting verði gerð við lið nr. 11, Hólmavík H1, að orðið „undirbúningur" falli þar niður.

Nýr liður bætist við á liðnum 08381, Hjúkrunarheimili aldraða í Kópavogi 22 millj.

Þá leggur n. til hækkun á framlagi til Krabbameinsfélags Íslands. Í stað 60 millj. komi 79 millj. 380 þús.

Á liðnum Samtök áhugamanna um áfengisbölið komi 10 millj. fyrir 8 millj.

Enn fremur er lögð til breyting við liðinn Áfengisvarnir. Fyrir 30 millj. 924 þús. komi 33 millj. 924 þús. Þessi hækkun ætlast n. til að renni einkum til starfsemi þriggja samtaka: Íslenskra ungtemplara, Áfengisvarnaráðs og Samtaka áhugamanna um áfengisbölið sem hafa stofnað samtök gegn útbreiðslu vímuefna, og er ætlast til að hækkunin renni sérstaklega til þeirrar starfsemi.

Við 4. gr. Liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn. Lagt er til að hann hækki um 1.2 millj. og liðurinn 09384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur, hækki um 900 þús.

N. leggur til að framlag til Sjóslysanefndar 2 önnur rekstrargjöld hækki. Fyrir 3 millj. 225 þús. komi 4 millj. 225 þús.

Þá er lagt til að framlag til Heimilisiðnaðarfélags Íslands hækki úr 125 þús. kr. í 500 þús. kr.

Í liðinn Orkusjóð leggur n. til að komi nýr undirliður: Hólsfjallabæir 15 millj. Þetta er vegna jöfnunar hitakostnaðar samkv. samþykkt ríkisstj. frá í fyrra, en sú fyrirgreiðsla er m. a. talin nauðsynleg til þess að þessir bæir haldist í byggð.

Þá er komið að þeim breytingum er varða B-hluta fyrirtæki.

Vegagerð ríkisins. Þar er lagt til að launaliður hækki úr 3.1 milljarði í 3.7 milljarða. Önnur rekstrargjöld: Í stað 300 millj. komi 400 millj. Viðhald: Sá liður hækki úr 5 milljörðum 870 millj. í 7 milljarða 650 millj. Gjaldfærður stofnkostnaður breytist úr 10 milljörðum 31 millj. í 9 milljarða 320 millj. Og liðurinn Til sveitarfélaga verði 2 milljarðar 705 millj. — Heildarútgjöld til vegamála nema alls 23 milljörðum 975 millj. kr. Útgjöldin eru fjármögnuð með mörkuðum tekjustofnum að upphæð 14 milljarðar 675 millj. samkv. tekjuáætlun fyrir fjárlagafrv. 1980. Að auki er áætluð lántaka að upphæð 8 milljarðar og 300 millj. og að framlag úr ríkisjóði nemi 1 milljarði.

Ríkisútvarpið, hljóðvarp. Þar er lagt til að laun hækki þannig að í stað 812 millj. komi 1 179 328, afskriftir breytist úr 358 millj. í 325, yfirfærslur breytist í 245 millj. 67 þús. og liðurinn Seldar vörur og þjónusta hækki nokkuð. Fjárfestingar: Í staðinn fyrir 300 komi 325. — Skylt er að geta þess til skýringar, að þau B-hluta fyrirtæki, sem hér er um fjallað, hafa verið tekin út úr sérstaklega og þeir liðir, er þau varða, færðir upp til verðlags þessa árs. — Gert er ráð fyrir að fjárfestingarlið Ríkisútvarpsins, sem nemur 325 millj. kr., verði að hluta varið til uppbyggingar dreifikerfisins, svo sem verið hefur, og að hluta væntanlega til að kaupa búnað þannig að unnt verði að hefja tilraunaútsendingar í stereó, en það er ekki illa til fundið þegar þessi stofnun á nú 50 ára afmæli.

Þá verða og breytingar á liðnum Ríkisútvarp, sjónvarp. Launaliður hækkar þar úr 1 milljarði 131 millj. 167 þús. í 1 milljarð 526 millj. 127 þús. Liðurinn Afskriftir breytist þannig, að í stað 650 kemur 500. Seldar vörur og þjónusta hækka úr 3 milljörðum 158 millj. í 3 milljarða 393 millj. og 80 þús. Í fjárfestingu er reiknað með 800 millj. kr., sem m. a. verði varið til uppbyggingar dreifikerfis, eins og að því er útvarp varðar, til að endurnýja endurvarpsstöðvar, sem úr sér hafa gengið, og í öðru lagi til kaupa á svokölluðum örbylgjusendi þannig

að unnt sé að sjónvarpa atburðum jafnóðum og þeir gerast. — Í lögum nr. 20/1979, um heimild til lántöku, ríkisábyrgðir o. fl., var veitt heimild til innlendrar eða erlendrar lántöku að fjárhæð 300 millj. kr. til að greiða framkvæmdakostnað við dreifikerfi sjónvarps á árinu 1979. Á árinu 1980 er ráðgerð lánsfjáröflun að fjárhæð 300 millj. kr. til áframhaldandi framkvæmda við uppbyggingu dreifikerfisins, en í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir 500 millj. kr. í sama skyni.

Liðurinn Bjargráðasjóður Íslands. Veitt lán, fyrir 310 millj. 789 þús. komi 1810 millj. 789 þús., og nýr liður: 992 Tekin lán 1500 millj. kr. — Ríkisstj. ákvað að Bjargráðasjóður aðstoðaði bændur og aðra sem urðu fyrir erfiðleikum vegna vorharðinda á Norðausturlandi, en til þess að gera þetta kleift er áformað að afla sjóðnum lántökuheimildar að fjárhæð 1500 millj. kr., en þess fjár verður aflað í innlendum lánastofnunum.

Þá er komið að liðnum Póstur og sími, en nánar er sundurgreint á þskj. 263 í hverju framkvæmdir þar og fjárfesting er fólgin og mun ég því aðeins stikla á stóru. Launaliður hækkar þar mjög verulega, enda er, sem áður sagði, mjög fært upp til verðlags á þessu ári eða úr 8 milljörðum 852 millj. í rúma 14 milljarða. Önnur rekstrargjöld hækka í 7 milljarða úr 5 milljörðum 596 millj. — Meginþættirnir í fjárfestingu Pósts og síma á árinu 1980 eru: Sjálfvirkar símstöðvar: Stækkanir á eldri stöðvum 410, svonefnd Karlssontalning 100 millj. Línukerfi fyrir símnotendur: Í bæjum og kauptúnum 450 millj., í sveitum 501. Landssímasambönd: Jarðsímaleiðir 1350, fjölsímar 631 millj. og radíóleiðir 287 millj. Þetta eru helstu liðirnir í fjárfestingu Pósts og síma, en þetta er nánar til tekið á þskj. 263.

Skipaútgerð ríkisins. Fyrir 736 millj. 125 þús. komi 1 milljarður 15 millj. 380 þús. Liðurinn Laun hækkar úr 835 millj. í 958 og Önnur rekstrargjöld í 1067 millj. Seldar vörur og þjónusta: Í stað 740 kemur 1129 millj. 291 þús. Lántaka að upphæð 200 millj. kr. er fyrirhuguð vegna smíði á vöruskemmu í Reykjavík. Framlag ríkissjóðs til Skipaútgerðarinnar er aukið um 279 millj. kr., og er þá við það miðað að leiguskip verði í förum allt árið 1980. Auk þess eru gjöld og tekjur færð til verðlags 1980, eins og gildir um önnur þessi fyrirtæki.

Flugmálastjórn. Fyrir 2 milljarða 594 millj. 465 þús. komi 2 milljarðar 744 millj. 465 þús., en það er hækkun um 150 millj.

Við 5. gr. Flugmálastjórn, Fjárfestingar: Fyrir 900 millj. komi 1450 millj. og við bætist nýr liður: Tekin lán 400 millj. — Samkv. áætlun tekna í frv. til fjárlaga fyrir árið 1980 var gert ráð fyrir að flugvallagjald næmi 700 millj. kr. Áætlað er að hækkun flugvallagjalds leiði til 350 millj. kr. hækkaðra tekna. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs til framkvæmda á sviði flugmála yrðu um 900 millj. Hér er lagt til að framlag ríkissjóðs verði aukið um 150 millj. Enn fremur er ráðgerð 200 millj. kr. lántaka vegna vörukaupa og 200 millj. kr. lántaka vegna malbikunar flugbrauta. Fjárfesting á sviði flugmála nemur því 1450 millj. kr. Allt er þetta sundurliðað á sérstöku þskj., þskj. 263, og þar er nánar tilgreind upphæð til hvers flugvallar. Þar að auki eru 60 millj. kr. til almennra sjúkraflugvalla o. fl. Sú skoðun hefur komið fram í fjvn., að eðlilegast væri að þm. hvers kjördæmis skiptu þeirri upphæð í umboði fjvn.

Við 5. gr. breytist liðurinn Kröfluvirkjun þannig að fyrir 750 millj. kemur 1750 millj., og liður 492: Tekin lán, fyrir 750 millj. komi 1750 millj. — Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar er áætlað 1750 millj. og verður fénu varið til gæslu virkjunarinnar auk borunar tveggja hola í suðurhlíðum Kröflu og tengingar þeirra. Í fjárlagafrv. var áætluð lántaka að upphæð 750 millj. til borunar og tengingar einnar holu. Áætlanir um orkuöflun og virkjunarframkvæmdir eru nú til ítarlegrar endurskoðunar.

Þá er liðurinn Byggðalínur. Fjárfestingar. Fyrir 5 milljarða 809 millj. komi 5 milljarðar 579 millj. Tekin lán breytast með sama hætti. — Ráðgerð er 5 milljarða 579 millj. kr. lántaka vegna byggðalína, en meginverkefni ársins 1980 er lokaáfangi við byggingu Vesturlínu, en til þess verks eiga að renna alls 4 milljarðar 387 millj. Áformað er að orkuveitusvæði Mjólkárvirkjunar tengist aðalorkuveitusvæði landsmanna haustið 1980. Þá er gert ráð fyrir að 1120 millj. renni til hönnunar, efniskaupa og byrjunarframkvæmda við suðausturlínu til Hornafjarðar. Stefnt er að því að sú lína nái til Hornafjarðar 1981. Önnur byggðalínuverkefni eru: 40 millj. kr. til frágangs á Norðurlínu og 32 millj. vegna tengingar Austurlínu á Akureyri.

Þá er liðurinn Rafmagnsveitur ríkisins og þar hafa tölur sömuleiðis verið færðar á verðlag þessa árs. Laun: Fyrir 1 milljarð 210 millj. komi 2 milljarðar 40 millj. Önnur rekstrargjöld: Fyrir 1 milljarð 880 þús. kr. komi 3 milljarðar 460 þús. Hráefni og vörur til endursölu: Fyrir 5 milljarða 140 komi 5 milljarðar 500 þús. Vextir: Fyrir 1160 komi 1700 þús. Afskriftir: Fyrir 1460 þús. komi 2300. Seldar vörur og þjónusta: Fyrir 7 milljarða 750 millj. komi 11 milljarðar og 900 millj. Afborgun lána: Fyrir 1460 millj. komi 3 milljarðar 300 millj. Í lið 983. Liðurinn orðist svo: Fjárfestingar, almennar, 4 milljarðar 926 millj. — dreifikerfi í sveitum 1 milljarður 86 millj. Tekin lán: 2 milljarðar 896 millj. verði 4 milljarðar 726 millj. Afskriftir breytist. 1 milljarður 1460 millj. verði 2 milljarðar 300 millj. Annað, Orkusjóður: Fyrir 1235 millj. kemur 1086. — Tekjur og gjöld þessa fyrirtækis hafa verið færð til verðlags 1980, eins og áður sagði. Ekki er gert ráð fyrir að gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins breytist nema til samræmis við breytt raforkuverð annarra rafveitna.

Ráðgert er að almennar framkvæmdir nema 4 milljörðum 926 millj. kr. og skiptist þannig: Til virkjana fari 40 millj., til stofnlína 1272, til aðveitustöðva 1267, til innanbæjarkerfa 1830, til dísilstöðva 217 og til véla og tækja 300 millj. En nánari sundurliðun þessarar fjárfestingar og þessara framkvæmda er á þskj. 263.

Fjármögnun er ráðgerð með heimtaugargjöldum 200 millj. og lántökum 4 milljörðum 726 millj. Auk þessara framkvæmda er gert ráð fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins annist framkvæmdir við styrkingu dreifikerfa í sveitum fyrir 1 milljarð 86 millj.

Þá er gert ráð fyrir að við 5. gr. bætist nýr liður: Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar: Fjárfestingar 455 millj. Annað, Orkusjóður 455 millj.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að lántaka til sveitarafvæðingar sé 415 millj. og lántaka vegna einkarafstöðva 20 millj. Lántaka vegna einkarafstöðva er aukin um 20 millj. og verður 40 millj., en á undanförnum árum hefur RARIK alfarið séð um þessar framkvæmdir. Nú er fjárhæðin 455 millj. færð á sérstakan lið: Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar, og verður færð á framkvæmdaaðila þegar orkuráð hefur skipt upphæðinni á verkefni.

Þá er liðurinn Orkusjóður 90, yfirfærsluliðurinn, orð-

ist svo: Yfirfærslur, til RARIK 4 milljarðar 186 millj., til Orkubús Vestfjarða 775 millj., sveitarafvæðing og einkarafstöðvar 455 millj. Veitt lán: Fyrir 1100 millj. kemur 1250. Tekin lán: Í stað 4 milljarða 825 millj. komi 5 milljarðar 281 millj. Ráðstöfun eigin fjár: Fyrir 1332 millj. komi 1638. — Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að Orkusjóður taki að láni 800 millj. kr. til styrkingar dreifikerfa í sveitum. Upphæðin var hækkuð um 286 millj. og verður 1 milljarður 86 millj. Sú upphæð ásamt 3100 millj. kr. samkv. frv. myndar yfirfærsluna hjá RARIK sem er 4 milljarðar 186 millj. Þá er yfirfærsla úr Orkusjóði vegna sveitarafvæðingar og einkarafstöðva að upphæð 455 millj., og er það 20 millj. kr. hærri fjárhæð en sú sem tilgreind er í frv.

Lántökur Orkusjóðs eru vegna eftirtalinna verkefna: Byggðalína 3090 millj., dreifikerfa 1 milljarður 86 millj., sveitarafvæðingar 455, hitaveitulána 500 og jarðhitaleitar 150. Samtals eru þetta 5 milljarðar 281 millj. kr. Til jarðhitaleitar er auk þess ætlað 600 millj. kr. framlag úr ríkissjóði.

Þá er komið að 6. gr. frv. Á sérstöku þskj., 270, er gerð grein fyrir þeim liðum sem n. leggur til að falli niður. Það er í fyrsta lagi að tölul. 5. 2, um heimild til að selja jörðina Fornahvamm, falli niður. Þetta þótti ekki brýnt og ástæðulaust að hafa þessa heimild í frv. 5. tölul. 4, sem fjallar um sölu húseigna í Vík í Mýrdal, fellur niður, þar sem þessar húseignir hafa fyrir alllöngu verið seldar, og sömuleiðis 5. tölul. 6, um sölu á húseign við Keilufell. Hann fellur niður þar sem sú húseign er þegar fyrir nokkru seld.

En svo að ég víki aftur að B-hluta fyrirtækjum, sem sagt þeim fyrirtækjum sem fjvn. fjallaði sérstaklega um, gerði ég fyrirvara um þetta af hálfu Alþfl., en geri grein fyrir því hér. Einu fyrirtæki til viðbótar væri kannske sérsök ástæða til að víkja að og það er Landhelgisgæslan. Þar hefur komið í ljós að talið er að verulegt fjármagn vanti bæði til launa og rekstrar. Mér er óhætt að segja að það sé skoðun fjvn., að það mál þurfi allt að taka til athugunar og endurskoðunar, m. a. með tilliti til rekstar gæslunnar, hversu mörg skip og hversu stóran flugflota hún eigi að reka og hvernig sá floti nýtist best. Nú hafa menn lesið um það í blöðum, að væntanleg sé hingað ný þyrla sem væntanlega mun kosta sitt, en hins vegar er ekki vitað til þess að ákvarðanir hafi verið teknar um það enn að verja fé til þeirra kaupa. Það er skoðun n. að þetta þurfi að athuga vel.

Þá eru breytingar við heimildagreinina, 6. gr. Þær eru taldar upp á þskj. 262., brtt. frá fjvn.

Það er þá í fyrsta lagi að bæta tjón á vatnsveitu í Kelduneshreppi, tjón sem varð af völdum jarðskjálfta, og það tjón verði bætt í samræmi við reglur um bætur vegna hliðstæðra tjóna.

2. tölul. 1 er að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 2 milljörðum 800 millj.

3. liður 2 er að ábyrgjast lán vegna Hríseyjarferju. Lánið má vera verðtryggt. Þetta er nokkur viðbót við það sem stendur í frv., miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi allt að 103 millj. kr. í erlendri mynt og tekur ábyrgð jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar.

Þá er lagt til að við bætist nýr liður, 3. tölul. 6, að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er Akureyrarbær kynni að taka til byggingar tengiálmu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þetta mál bar nokkuð á góma við 2. umr. fjárlaga.

Liður 4.11: Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af rafbíl ásamt fylgihlutum fyrir Háskóla Íslands, einnig að fella niður eða endurgreiða þungaskatt af bílnum fyrir árin 1979 og 1980. Þarna er um að ræða viðbót við grein sem áður var og fjallar um endurgreiðslu þungaskatts.

Þá er brtt. frá n. við tölul. 4. 13. Sá liður orðist svo, að heimilt sé að endurgreiða söluskatt af orgeli fyrir: a) Söfnuð aðventista á Selfossi, b) söfnuð Lundarkirkju, c) söfnuð Stóra-Laugardalskirkju.

Þá er lagt til að heimilað verði að selja prestssetursbústaðina í Vestmannaeyjum, nr. 2 við Sóleyjargötu og nr. 51 við Heiðarveg, og verja andvirði þeirra til að kaupa eða leigja nýtt prestssetur.

Þá er lagt til að heimilað verði að selja hlut ríkissjóðs í húsnæði Iðnskólans á Selfossi, þ. e. nr. 1 við Sigtún, að festa kaup á húsnæði fyrir Fjölbrautaskóla Suðurnesja ásamt öðrum rekstraraðilum skólans og taka til þess nauðsynlegt lán, að selja hluta ríkissjóðs í gamla barnaskólahúsinu á Borðeyri, að festa kaup á húsnæði fyrir Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði og taka til þess nauðsynleg lán, að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í húseigninni Ketilsbraut nr. 20 á Húsavík og samsvarandi eignarhluta í íbúðinni að Garðarsbraut 39 á sama stað, að selja Reykjavíkurborg um 20 hektara af landi Póst- og símamálastofnunar í Gufunesi vegna Kirkjugarða Reykjavíkur, að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni nr. 30 við Heimagötu í Vestmannaeyjum, að festa kaup á húsnæði á 2. og 3. hæð húseignarinnar nr. 118 við Laugaveg í Reykjavík, — til skýringar skal þess getið að þar eru Rafmagnsveitur ríkisins nú með sínar skrifstofur, — að heimila Síldarverksmiðjum ríkisins að hafa makaskipti á hluta af starfsmannahúsi Síldarverksmiðja ríkisins á Reyðarfirði og annarri húseign á sama stað, enda takist samningar um það, að festa kaup á fasteigninni Lyngási 7 — 9 í Garðakaupstað til skólahalds og festa kaup á húsnæði í stjórnsýslumiðstöð á Dalvík fyrir bæjarfógetaembættið þar, að fengnu samþykki fjvn. Alþ. að kaupa fyrir landshöfn Keflavíkur-Njarðvíkur viðlegukant í eigu Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur hf., enda náist samningar um kaupverð og greiðsluskilmála, að taka lán allt að 50 millj. kr. til endurbóta á húsnæði Námsgagnastofnunar að Laugavegi 166, Víðishúsi svonefndu, enda verði húseignir Ríkisútgáfu námsbóka að Brautarholti 6 og Tjarnargötu 10 í Reykjavík seldar, sbr. lið 5.5 í fjárlagafrv., að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir bæjarfógetaembættið í Vestmannaeyjum, að gera í samráði við fjvn. Alþingis samning við Reykjavíkurborg um skuldir ríkissjóðs vegna framkvæmda í heilbrigðismálum.

Á þskj. 270 er svo enn ein till. til breytinga við 6. gr., þ. e. við bætist nýr liður: að breyta kröfum ríkissjóðs á hendur Olíumalar hf. í hlutafé að fengnu samþykki fjvn. Alþingis. — Þetta mál var nokkuð rætt í fjvn. Það er skoðun n. að athuga beri rekstur þessa umrædda fyrirtækis gaumgæfilega og fyrir verði að liggja glöggar upplýsingar um framtíðarskipulag og rekstur þessa fyrirtækis áður en gengið verði til áðurgreindra samninga.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þessum till., en aðeins fáein orð í viðbót.

Að hálfu Alþfl. voru lagðar fram ítarlegar brtt. við 2. umr. fjárl. Þær till. gerðu ráð fyrir niðurskurði ýmissa

liða, m. a. lækkun framlaga til nokkurra landbúnaðarliða, niðurgreiðslna og svo til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Á móti þessum niðurskurði eða lækkun ríkisútgjalda lagði Alþfl. til tekjuskattur einstaklinga yrði lækkaður um 7 milljarða kr. rúmlega, varið yrði 4 milljörðum til jöfnunar hitakostnaðar og 1 milljarði til félagslegra aðgerða í húsnæðismálum. Allar þessar till. voru felldar við 2. umr. Síðan hefur það gerst að eftir miklar deilur, að því er virðist, sem raunar virðist enn alls ekki vera lokið, er hér lagt fram stjfrv. um 2% hækkun söluskatts. Nokkrum hluta þessarar hækkunar, aðeins hluta þó, skal verja til jöfnunar hitakostnaðar, en um helmingurinn er almenn skattheimta. Þetta er viðbótarskattheimta þrátt fyrir öll loforð ríkisstj. og þótt hæstv. forsrh. hafi sagt við þjóðina í sjónvarpi, hygg ég frekar en hljóðvarpi, að hann gæti að vísu ekki lofað því, að skattar mundu lækka, en þeir mundu ekki hækka. Þetta eru efndirnar á því.

Varðandi hitakostnaðinn skal það skýrt tekið fram, sem raunar hefur áður fram komið, að Alþfl. er fylgjandi jöfnun hitakostnaðar, að léttar verði byrðar þeirra sem þurfa að kynda hús sín með olíu. Alþfl. hefur haft frumkvæði í þeim efnum og lagt til, að á móti væru útgjöld ríkissjóðs nokkuð lækkuð, og komið með beinar tillögur í þá átt. Þau sjónarmið hafa ekki fundið náð fyrir augum þeirra, sem styðja þessa ríkisstj., og augum ríkisstj., að unnt væri að leysa þetta mál innan ramma fjárlaga, heldur er hér efnt til nýrrar skattheimtu væntanlega aðeins byrjunina á því sem síðar mun koma.

Það var sagt hér af hálfu Alþfl. bæði við 1. og 2. umr. fjárlaga, að forsenda þess, að unnt yrði að afgreiða fjárlög fyrir páska, hlyti að vera sú og væri sú, að fram yrðu lögð drög að lánsfjáráætlun, svo sem raunar ber skylda til að landslögum, þótt skylt sé að vísu að geta þess, að ýmis gangur hefur verið á framkvæmd þess í gegnum árin. Um miðjan dag í gær fékk fjvn. í hendur drög að lánsfjáráætlun, en aðeins að því er varðar A- og B-hluta fjárlaga. Það segir auðvitað ekki nema hálfa sögu og illa það. Þrátt fyrir ítrekaðar fsp. hafa ekki fengist svör fjmrh. um hver verði rammi lánsfjáráætlunar á þessu ári. Svör hans til þessa hafa verið teygjanleg á svona 30 milljarða bili. Ljóst er og — það er mat allra sem til þekkja — að nú stefni í a. m. k. 110 milljarða kr. lánsfjáröflun, ef ekki enn hærra. Þetta er auðvitað langt umfram það mark, sem í upphafi var sett, og langt umfram það sem þeir, er gerst til þekkja telja óhætt að fara. Það er skoðun okkar Alþfl.-manna að hér stefni í óefni. Það virðist ljóst að þessi ríkisstj. muni slá öll fyrri met í skuldasöfnun og er það vafasamur heiður, að ekki sé meira sagt. Allt tal um að draga úr verðbólgu, niðurtalningu og hvað það nú heitir er auðvitað hrein markleysa í ljósi þess sem nú liggur fyrir.

En þrátt fyrir að ekki liggi fyrir nema mjög óljósar upplýsingar um endanlega gerð lánsfjáráætlunar telur Alþfl. ekki rétt í núverandi stöðu og við núverandi aðstæður að tefja fyrir því með neinum hætti að fjárlög verði afgreidd. Því verða ekki af hálfu Alþfl. hafðir uppi neinir tilburðir í þá átt, enda er nú fjórðungur fjárlagaársins liðinn og ekki seinna vænna að koma þessu frá sér. Það er hins vegar skoðun okkar, að að því er varðar ríkisfjármálin stefni nú í algert óefni, og í því efni lýsum við fullri ábyrgð á hendur ríkisstj.

Ég vil svo að lokum þakka meðnm. mínum fyrir mjög gott og þó umfram allt drengilegt samstarf.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Formaður fjvn. hefur gert grein fyrir till. sem fjvn. flytur sameiginlega við 3. umr. um fjárlög svo og þeim till. sem varða B-hluta stofnanir. Stuðningsmenn ríkisstj. í fjvn. flytja að auki á þskj. 268 brtt. við fjárlagafrv. Síðan frá þeim till. var gengið hafa flm. ákveðið að breyta þeim till. nokkuð og verður hér gerð grein fyrir þeim eins og þær verða fluttar á þskj. eftir að það hefur verið prentað upp.

Gert er ráð fyrir að inn í fjárlög komi í tekjuhlið Orkujöfnunargjald 6000 millj. kr., en um það gjald liggur nú fyrir stjfrv. á hv. Alþingi.

Þá gerum við till. um að inn í útgjaldahlið fjárlagafrv. komi nýr liður: Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar 4 þús. millj. kr. Liðurinn Óviss útgjöld hækki um 500 millj. kr. og verði 1110 millj., en 1500 millj. kr. koma þá fram sem áhrif á rekstrarjöfnuð ríkissjóðs. Er með þessu gert ráð fyrir að á þessu ári verði 4000 millj. kr. markaðar sem beinn styrkur til húsahitunar, en allt að 500 millj. kr. verði varið til frekari niðurgreiðslna og orkusparandi aðgerða. Stjfrv. þar að lútandi mun væntanlega verða flutt á næstunni. Sú upphæð yrði þá tekin af liðnum Óviss útgjöld, sem hækkar nú um 500 millj. kr. í 1110 millj., eins og ég áðan sagði. Enn fremur flytjum við till. um hækkun flugvallagjalds um 350 millj. kr. í samræmi við framlagt frv. um það efni.

Þar sem þau frv., sem hér er um að ræða, eru til meðferðar í deildum Alþingis tel ég ekki ástæðu til að ræða þau mál efnislega vegna þessara till. sem fluttar eru til þess að í fjárlögum fyrir árið 1980 verði gert ráð fyrir orkujöfnunargjaldi og flugvallaskatti eins og ráðgert er að afgreiða frv. um þau efni á hv. Alþingi.

Samkv. þeim till., sem formaður fjvn. hefur gert grein fyrir, og till. samvn. samgm. og þeim till., sem meiri hl. fjvn., stuðningsmenn ríkisstj., stendur að, mun tekjuhlið frv. verða með niðurstöðutölunni 346 108 millj. kr., en gjaldahlið 343 240 millj. kr. Rekstrarjöfnuður verður því 2868 millj. Innstreymi á lánahreyfingum verður 11 758 millj., útstreymi 12 405 millj. kr. og útstreymi á viðskiptareikningum 750 millj. kr. Greiðslujöfnuður verður þannig 1471 millj. kr.

Ég vil að lokum ekki láta hjá líða að flytja samnm. mínum í fjvn. bestu þakkir fyrir gott samstarf í n. Starf fjvn. hefur verið með óvenjulegum hætti að þessu sinni þar sem þrjár ríkisstj. hafa setið og þrjú fjárlagafrv. hafa verið lögð fram á þeim tíma sem liðinn er síðan n. hóf að vinna að því að afgreiða fjárlög fyrir árið 1980, en fundir n. á þeim tíma nálgast líklega 80. Ég vil alveg sérstaklega flytja þakkir mínar til formanns n., hv. 5. þm. Vesturl., Eiðs Guðnasonar, sem hefur gegnt formannsstarfi við erfiðar aðstæður, en sinnt því starfi af stakri samviskusemi, verið samvinnufús við nm. alla og ötull og leitast við að halda uppi þeim góða anda sem jafnan hefur einkennt samstarfið í fjvn. hjá fulltrúum úr hinum ýmsu flokkum. Hann hefur gegnt formannsstarfinu með sóma.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir orð hv. þm. Geirs Gunnarssonar um þakkir til formanns n., eins og ég raunar gerði við 2. umr., og til meðnm. minna.

Ríkisstj. hefur tekið ákvarðanir nú um helgina sem hafa í för með sér miklar breytingar á forsendum fjár-

lagafrv. Í fyrsta lagi ákvað ríkisstj. vegna fiskverðshækkunar að láta gengið falla og síga samtals um 8% á næstunni að talið er. Í öðru lagi ákvað hún að leggja á skatt — nýjan almennan veltuskatt — sem nema átti 2%, þegar síðast var vitað, af allri veltu í landinu. Og í þriðja lagi hefur ríkisstj. í raun tekið ákvörðun um verulegar gjaldskrárhækkanir hjá opinberum fyrirtækjum með breytingu á tekjuáætlun B-hluta fyrirtækja, t. d. hjá Pósti og síma. Þar verður hækkunin 1. maí 17%, hjá Ríkisskip sama dag 25% og hjá Ríkisútvarpi munu afnotagjöld af útvarpi og sjónvarpi hækka um 21½% eða því sem næst. Þegar þessi umr. fer fram hefur fjvn. á engan hátt getað gert sér grein fyrir því í stórum dráttum, hvaða áhrif þessar ákvarðanir hafa á forsendur fyrir fjárlagaafgreiðslunni. Alvarlegra er þó, að hæstv. ríkisstj. hefur áreiðanlega ekki gert sér grein fyrir því heldur.

Við þetta bætist að ríkisstj. hefur enn ekki tekið mikilvægar ákvarðanir um lánsfjáröflun og ráðstöfun lánsfjár í þjóðfélaginu. Þar er um að ræða ákvarðanir sem eru svo nátengdar ríkisfjármálunum á beinan og óbeinan hátt að útilokað er að gera sér grein fyrir heildarstefnunni í ríkisfjármálum og lánsfjárbúskap þjóðarinnar og afskiptum ríkisvaldsins af þessu tvennu öðruvísi en að taka slíkar ákvarðanir. Þrátt fyrir beiðni og beina kröfu minni hl. fjvn. um, að ríkisstj. gæfi n. upplýsingar um lánsfjáráætlun í heild áður en síðasta umr. fjárlaga færi fram, hefur ríkisstj. einungis séð sér fært að láta nm. í té yfirlit um lánsfjáráætlun sem tengist A- og B-hluta fjárlaga, og mun þessi skýrsla hafa verið lögð fram á Alþ. í dag. Af þessu tilefni, í fyrsta lagi vegna þess, hversu margar ákvarðanir hafa verið teknar með snöggum hætti, sem í raun gerbreyta forsendum fjárlaga, og í öðru lagi vegna þess, að ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að verða við þessum sanngjörnu og eðlilegu óskum minni hl. fjvn. um lánsfjáráætlun, óskuðum við fulltrúar Sjálfstfl., sem erum í stjórnarandstöðu, eftir að bókað yrði í fundargerðarbók fjvn. eftirfarandi:

„Við undirritaðir nm. fjvn. mótmælum þeim vinnubrögðum ríkisstj. að veita ekki fjvn. Alþingis upplýsingar um fyrirhugaða lánsfjáráætlun fyrir 1980 í heild fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Um mánaðamót mars — apríl er fráleitt að svo mikilvægir þættir lánsfjáráætlunar sem raun ber vitni liggi ekki fyrir við fjárlagaafgreiðslu sem er svo seint á ferð. Í lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., segir svo: „Ríkisstj. skal leggja fyrir Alþ. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrv.“

Auk framangreindra aths. er því um skýlaust lagabrot að ræða, þegar einungis er lögð fram nú lánsfjáráætlun að því er varðar A- og B-hluta fjárlaganna.“

Af þessu tilefni gáfum við út sérstakt nál. við 3. umr. Í nál. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæðan fyrir því, að undirritaðir nm. í fjvn. bregða á það óvenjulega ráð að leggja fram nál. við 3. umr. fjárlaga mótast af því sérstaka ástandi, sem nú ríkir í störfum Alþingis.“

Enn fremur segir svo: „Undirritaðir fjvn.-menn töldu ótækt að afgreiða fjárlög án þess að fá greinargóðar upplýsingar um lánsfjáráætlun yfirstandandi árs. Af þessu tilefni lýsti fjmrh. hæstv. því yfir, að fyrir 3. umr. fjárlaga mundi lánsfjáráætlun vegna A- og B-hluta fjárlaga verða lögð fram. Var því jafnframt heitið, að það skyldi gert í síðasta lagi að morgni 31. mars, enda ætlunin að 3. umr. færi fram 1. apríl. Á þessu varð sá dráttur, að svo ófullkomin lánsfjáráætlun kom ekki í hendur nm. fyrr en síðdegis í dag, 31. mars, þannig að komið var í veg fyrir eðlilegar umræður í þingflokkunum og gagngera skoðun fjvn. á breyttun forsendum, sem hljótast af lánsfjáráætluninni.“

Þá segir einnig í nál.:

„Í dag gerðist það til viðbótar, að tvö mál komu fram á Alþ., en þau hafa bæði veruleg áhrif á fjárlög. Annars vegar lýsti ríkisstj. því yfir, að gengissig yrði hraðara en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv. Hins vegar er lagt fram frv. til l. um hækkun söluskatts um 2 prósentustig til að afla tekna í ríkissjóð.“

Þegar þau drög að lánsfjáráætlun eru skoðuð, sem ríkisstj. hefur látið fjvn. og þingflokkum í té, kemur glöggt í ljós hvað gerst hefur í fjárlagagerðinni. Þrátt fyrir gífurlegar skattahækkanir, upptöku markaðra tekjustofna í ríkissjóð og niðurskurð á ýmsum sviðum hefur verið brugðið á það fangaráð að stórhækka innlendar og erlendar lántökur til að fjármagna ýmsa þætti A- og B-hluta fjárlaganna. Innlendar og erlendar lántökur nettó námu samkv. fjárlögum 1979 10.5 milljörðum kr., en samkv. þeim drögum að lánsfjáráætlun og þeim brtt., sem liggja fyrir við frv. sem hér er til umr., nema erlendar lántökur hvorki meira né minna en 36.5 milljörðum kr. eða tæplega fjórfaldast að krónutölu. Athyglisvert er að erlendar lántökur, sem voru samkv. fjárlögum 1979 5 milljarðar 424 millj. kr., hækka upp í 21 milljarð 360 millj. kr. eða fjórfaldast.

Hæstv. fjmrh. kom á fund fjvn. og var þar margspurður eftir stefnu ríkisstj. í lánsfjáráætlun og hvort ríkisstj. hefði markað stefnu í því, hver skyldi vera rammi lánsfjáráætlunar í heild og hvert skyldi vera það mark sem erlendar lántökur mættu ekki fara fram úr. Hæstv. ráðh. svaraði því einu til að nefna nokkrar óljósar tölur, en hann sagði efnislega að engar ákvarðanir hefðu verið um þetta teknar í ríkisstj. og tómt mál væri að tala um stærðir sem ekki hefðu komið til pólitískrar ákvörðunar. Hann gaf þó þær upplýsingar, að framkvæmdaáform stefndu í 125 milljarða kr. sem fjármagna þyrfti með lánsfé ef í yrði ráðist. Þetta kemur heim og saman við umtal um að lánsfjáráætlun gæti orðið á bilinu 100 — 110 milljarðar kr. Samkv. lánsfjáráætlun í fyrra var stefnt að því, að opinber lánsfjáröflun yrði 44 milljarðar, en í reynd varð hún 58 milljarðar rúmir. Á þessum tölum geta menn séð að stefnt er í tvöföldun á lánsfjáröflun á vegum hins opinbera í ár. Athyglisvert er að í fyrra var áformað samkv. lánsfjáráætlun að taka löng erlend lán að upphæð 39 milljarða kr. Niðurstaðan varð sú, að um 53 milljarðar kr. voru teknir í erlend lán. Ef heildarlánsfjáröflun í ár fer yfir 100 milljarða kr. verða erlendar lántökur ekki langt frá 90 — 95 milljörðum.

Sú staðreynd, að á þessu ári stefnir í að erlendar lántökur tvöfaldist, er athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Í fyrsta lagi segir í málefnasamningnum góða að erlendum lántökum skuli stillt í hóf. En e. t. v. skiptir meira máli að fjvn. og Alþ., sem fjallar nú um fjórföldun á lántökum til fjármögnunar á ýmsum útgjaldaliðum A- og B-hluta fjárlaga, skortir í raun allar forsendur til að taka þessa ákvörðun. Það skiptir miklu máli hvort stefnt er í stórfelldar erlendar lántökur á ýmsum öðrum sviðum þegar slík ákvörðun er tekin. Þetta er eitt glöggt dæmi þess, að hið háa Alþingi getur engan veginn komist að

skynsamlegri niðurstöðu um þetta mikilvæga atriði við þessa fjárlagaafgreiðslu.

Lánsfjáráætlanir, sem fjalla um öflun fjár til margvíslegra verkefnaþátta og sjóða fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins, eru í raun óaðskiljanlegur hluti ríkisfjármálanna. Hæstv. fyrrv. fjmrh. nefndi lánsfjáráætlun, sem hann mælti fyrir í fyrra, lánsfjárlög. Ég vona að sú nafngift sé merki um skilning hæstv. ráðh. á gildi lánsfjáráætlunar og einkum hversu mikilvægt er að ákvarðanir varðandi lánsfjáröflun og fjárlög séu teknar samtímis.

Lánsfjáráætlun fyrir 1976 var fyrsta heildaráætlun um lánsfjármarkaðinn sem gerð hefur verið. Hún var lögð fram af þáv. fjmrh., hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, og kynnt á Alþ. við 3. umr. fjárlaga 19. des. 1975. Frv. varðandi hana hafði áður verið lagt fram og samþ. með fjárlögum. Lánsfjáráætlun fyrir 1977 var lögð fram og kynnt á Alþ. við 3. umr. fjárlaga 20. des. 1976. Frv. varðandi lánsfjáráætlun, sem lagt hafði verið fram, var samþ. með fjárlögum 21. des. 1976. Lánsfjáráætlun fyrir 1978 tókst að leggja fram og kynna við 2. umr., 13. des. 1977, og þá afhent fjvn.-mönnum svo og formönnum þingflokka nokkrum dögum áður. Lög varðandi lánsfjáráætlun 1978 voru samþ. 21. des. 1977 með fjárlögum 1978.

Það er athyglisvert að þeir menn, sem ráða nú ríkisfjármálunum, gagnrýndu mjög á þessum tíma að lánsfjáráætlun skyldi svo síðbúin að hún væri ekki til fyrr en rétt fyrir 3. umr. Síðan hafa þeir m. a. tekið þátt í því að samþykkja lög frá Alþ. þar sem lögfest er að lánsfjáráætlun skuli lögð fram með fjárlagafrv., eins og ég sagði áðan.

Ríkisstj. hefur tekið margvíslegar ákvarðanir sem munu hafa verulegar breytingar í för með sér á grundvallarforsendum fjárlagafrv. og áhrif fjárlaga á stjórn efnahagsmála. Í frv. er, eins og kunnugt er, gert ráð fyrir að kaupgjald hækki í takt við stjórnvaldsþvingaða niðurtalningu verðlags. Þessi forsenda er athyglisverð, vegna þess að með henni er viðurkennt að stefna ríkisstj. í verðlagsmálum er um leið að þvinga fram með stjórnvaldsákvörðun hvaða launakjör skuli gilda í landinu. Laun samkv. forsendum frv. eiga að hækka vegna verðbóta um 8% 1. júní, 7% 1. sept. og 5% 1. des. eða eftir hinu fræga niðurtalningarkerfi. Þær ákvarðanir, sem ríkisstj. tók um helgina um gengisfellingu, álagningu söluskatts og hækkun á þjónustugjöldum ríkisfyrirtækja, hafa kollvarpað þessum launa- og verðlagsforsendum nokkrum vikum eftir valdatöku ríkisstj. og áður en fjárlög eru afgreidd.

Samkv. beiðni minni í fjvn. fékk ég rétt fyrir hádegi í dag bréf frá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands sem felur í sér áætlun þessara stofnana um hækkun framfærslu- og kaupgjaldsvísitölu frá febrúar til maí. Reyndar bað ég um áætlun til 1. okt. í haust, en þessar stofnanir hafa sýnilega ekki treyst sér til þess að svo stöddu vegna hinna skyndilegu sviptinga sem nú eru á þessu sviði í þjóðfélaginu. Í þessum minnispunktum frá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hagstofa Íslands hefur gert áætlun um hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá febrúar til maí. Áætlunin er í veigamiklum atriðum reist á þekktum verðbreytingum á ýmsum vörum og þjónustu að undanförnu og áætlun um verðhækkanir fram til 1. maí. Niðurstaða áætlunarinnar er tæplega 12% hækkun framfærsluvísitölu.“ — Ég endurtek: „Niðurstaða áætlunarinnar er tæplega 12% hækkun framfærsluvísitölu, til samanburðar við 9.1% frá nóv. — febr. Í þessari tölu, 12%, er ekki innifalin hækkun á gjaldskrám Hitaveitu, Rafmagnsveitu og Strætisvagna Reykjavíkur, en ákvarðanir hafa ekki verið teknar um breytingar á þessum gjaldskrám. Þessi áætlun er án áhrifa af hækkun söluskatts, en hækkun hans úr 22 í 24% þýðir um 0.9% hækkun framfærsluvísitölu. Að þessum áhrifum meðtöldum yrði hækkun vísitölu rúmlega 12.5%, en þó meiri miðað við að gjaldskrá áðurnefndra fyrirtækja hækki fyrir 1. maí.“

Í þessari áætlun eru hins vegar metin áhrif gengisbreytinga til aprílloka. Á þessu sést að hér er í raun um það að ræða að verðbólgan er ekki einvörðungu sú eða svipuð því sem hún var fyrir áramót, hún er ívið meiri og geysist áfram.

Enn fremur segir svo í þessum minnispunktum: „Samkv. gildandi lögum um útreikning verðbótavísitölu verður búvörufrádráttur 1. júní um 0.5%, frádráttur vegna áfengis- og tóbaksverðs 0.6%, en að svo stöddu er erfitt að áætla annan frádrátt. Verði söluskattur hækkaður, m. a. til þess að hækka olíustyrkinn, mun frádráttur vegna greiðslu olíustyrks hækka eitthvað frá því sem nú er. En viðskiptakjaraáhrif á vísitöluna 1. júní er erfitt að segja um að svo stöddu.“

En síðan segir: „Að óbreyttum reglum um greiðslu verðbóta á laun gæti hækkun verðbóta 1. júní orðið á bilinu 10.5 — 11.5% án áhrifa viðskiptakjara. En um þessa áætlun verður að gera þann fyrirvara, að margt er enn óráðið sem þar gæti haft áhrif á, m. a. hækkanir á gjaldskrám opinberra fyrirtækja.“

Það er sem sagt eftir áætlun Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar gert ráð fyrir kaupgjaldsvísitölu sem ekki verði lægri en 10.5 — 11.5% 1. júní, í samanburði við það sem þetta frv. er byggt á, þ. e. 8%. Hér er því um að ræða að þær ákvarðanir ríkisstj. sem hún hefur tekið upp á síðkastið, eru í raun búnar að kollvarpa öllum forsendum fjárlagafrv. og kippa stoðum undan því að Alþ. viti í raun hvað það er að gera með þessari fjárlagaafgreiðslu.

Ég hef áður gert grein fyrir því, hvernig gegndarlaus útþenslustefna í rekstrar- og millifærsluútgjöldum ríkissjóðs undanfarin ár hefur leikið ríkisfjármálin. Þar hefur flest orðið undan að láta. Gífurlegar skattahækkanir hafa ekki nægt til þess að ná endum saman, upptaka markaðra tekjustofna í ríkissjóð hefur ekki nægt, niðurskurður á framlögum til sjóða og ýmissa framkvæmda hefur ekki nægt. Allt hefur komið fyrir ekki: Ríkissjóður hefur verið rekinn með halla með þeim alvarlegu afleiðingum sem við blasa í þjóðfélaginu.

Það væri að æra óstöðugan að reyna að henda reiður á þeim feiknalegu skattaálögum sem núv. hæstv. ríkisstj. og fyrrv. vinstri stjórn hafa lagt á þjóðina. Ég vil í því sambandi geta þess hér, að fyrir helgi skrifaði ég grein í Morgunblaðið sem birtist í dag og átti að fjalla um aukaskattreikninga þessa tveggja ríkisstj. til þjóðarinnar, en sú grein er þegar orðin úrelt. Ég vil því enn freista þess við 3. umr. fjárlaga í ár að gera grein fyrir því, hvaða mynd blasir við í þessum efnum.

Heildarhækkun óbeinna skatta einstaklinga til ríkis og sveitarfélaga má ætla samkv. gögnum, sem Þjóðhagsstofnun hefur látið fjvn. Alþ. í té, að sé 24 milljörðum kr. hærri en ef álagning þessara skatta væri hlutfallslega sú sama og árið 1978. Skattauki óbeinna skatta

á þessu tímabili er 32 milljarðar kr. Hefur skattbyrðin á þessu ári því þyngst um 56 milljarða kr. vegna aðgerða vinstri stjórnarinnar og núv. hæstv. ríkisstj., en þetta er nálægt 1300 þús. kr. á hvert fimm manna heimili í landinu.

Beinir skattar til ríkis og sveitarfélaga: tekju- og eignarskattar, sjúkrasamlagsgjald og fasteignaskattar, námu samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar 11.6% af bruttótekjum skattgreiðenda á árinu 1978, þ. e. á greiðsluárinu. Eftir að vinstri stjórnin lagði á aftur virka skatta á árinu 1978 og eftir þær hækkanir, sem orðið hafa á beinum sköttum síðan, m. a. á útsvari núna samkv. þeirri heimild sem afgreidd hefur verið frá Alþ., telur Þjóðhagsstofnun að þessir skattar nemi 14.2% af bruttótekjum ársins í ár. En í þessari áætlun Þjóðhagsstofnunar er einungis við það miðað að tekju- og eignarskattur verði í samræmi við tekjuhlið fjárlagafrv. og að heimild til hækkunar útsvara verði einungis notuð að hálfu.

Nú er ljóst að gert er ráð fyrir að tekjuskatturinn gefi 1500 millj. kr. meiri álagningu en gert er ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlagafrv. Auk þess má gera ráð fyrir að sveitarfélög noti 10% álagsheimildir útsvara meira en að hálfu leyti, þannig að ekki er óraunsætt að reikna með að hlutfall óbeinna skatta af bruttótekjum skattgreiðenda í ár verði 14.6% af þessum tekjum. Þessi prósenta hefur því hækkað um 3% frá 1978, og þar sem Þjóðhagsstofnun áætlar, að bruttótekjur á þessu ári verði 800 milljarðar kr., þyngjast búnir skattar af þessum 800 milljörðum um 24 milljarða kr.

Þess má geta að skatthlutfall beinna skatta af tekjum greiðsluárs var enn þá hagstæðara skattborgurunum 1977 og hefðu beinir skattar orðið rúmlega 30 milljörðum minni á yfirstandandi ári samkv. því hlutfalli.

Óbeinir skattar verða 32 milljörðum kr. þyngri í ár vegna ákvarðana fyrri vinstri stjórnar og núv. ríkisstj. Þetta stafar af söluskattshækkunum, af vörugjaldshækkun, verðjöfnunargjaldshækkun og hækkun á sköttum af bensíni, auk þess sem nýir skattar hafa verið lagðir á. Þennan aukaskattreikning óbeinna skatta má sundurliða samkv. allra nýjustu upplýsingum, og tæplega er ég þó alveg nákvæmur því að einhverjar sögusagnir ganga um sali Alþ. um að einum af þessum sköttum hafi eitthvað verið hnikað til. Raunar kom það fram í máli hv. þm. Geirs Gunnarssonar að eitthvað hafi verið við það frv. fiktað. En samkv. þeim upplýsingum, sem ég hafði síðast, nemur þessi skattauki eftirgreindum upphæðum:

1. Hækkun söluskatts skv. lögum 1979 10.3 milljörðum kr. í aukaálögur á þessu ári. 2. Hækkun vörugjalds 7 milljörðum 715 millj. kr. 3. Gjald á ferðalög til útlanda 1700 millj. kr. 4. Nýbyggingargjald 250 millj. kr. 5. Skattur á verslunarhúsnæði 1700 millj. kr. 6. Aðlögunargjald 1840 millj. kr. 7. Verðjöfnunargjald af raforku, hækkun nemur 1220 millj. 8. Skattahækkun af bensíni umfram verðlagshækkanir 10 milljörðum 100 millj. kr. 9. Ný hækkun á söluskatti nemur 7 milljörðum kr., eða kannske 6 eftir því sem kom hér fram hjá hv. þm. Geir Gunnarssyni. 10. Markaðir tekjustofnar teknir í ríkissjóð nema 4 milljörðum 714 millj. kr., en frá þessari upphæð dregst niðurfelling söluskatts af matvörum og tollalækkun sem framkvæmd var á þessu tímabili.

Út úr þessu dæmi koma 32 milljarðar kr., eða 31 ef hinn nýi veltuskattur eða söluskattur gefur 6 milljarða kr., eins og fram kom áðan.

Margar þessara talna má lesa úr fjárlagafrv. sjálfu, en að auki er stuðst við upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun og úr frv. hæstv. ríkisstj. sem liggja fyrir Alþingi.

Eins og ég hef áður bent á hefur skattlagning á bensín aukist á milli áranna 1978 og 1980 um 20 milljarða kr. eða um 221%. Byggingarvísitala er áætluð hækka um rúm 108% frá miðju ári 1978 og fram á mitt ár 1980. Skattálögur á bensín hafa því aukist um 10.1 milljarð umfram verðlagshækkanir. Þetta stafar að sjálfsögðu af hækkunum á innkaupsverði vegna orkukreppunnar og bætist þannig við þann vanda sem bifreiðaeigendur eiga við að glíma vegna hækkunar á innflutningsverði bensíns.

Það er mjög athyglisvert í þessu sambandi, að 51% af sköttum á bensín fór í Vegasjóð 1978, en samkv. frv. til fjárlaga fyrir 1980 — frv. sem hér er til umr. — fara einungis 37.9% af sköttum á bensín í Vegasjóð og kemur þessi lækkaða prósenta einungis til þess að endurbæta vegina.

Athyglisvert er hversu athafnasöm ríkisstj. Gunnars Thoroddsens hefur verið í því að hækka skatta. Hún ber ábyrgð á 5.6 milljarða kr. hækkun beinna skatta, og er þá við það miðað að sveitafélögin noti $^{3}/_{4}$ heimildar um 10% álag á útsvar. Hækkun vörugjalds og söluskatts í fyrrahaust leggur 15 milljörðum meira á þjóðina í ár en árið 1979, vegna þess að þær álögur gilda nú allt árið. Síðast bættist við 2% söluskattshækkunin sem leggur 7 milljarða í nýjum skattálögum á almenning og þó eitthvað minna ef á verður slakað. Þá má minna á flugvallaskattinn o. s. frv. Núv. hæstv. ríkisstj. er því síður en svo eftirbátur fyrri vinstri stjórnar í nýjum skattálögum. Samtals er hér um að ræða 26—27 milljarða kr. ofan á skattasúpu vinstri stjórnarinnar.

Menn horfa að vonum skelfingu lostnir á þessar aðfarir. Í morgun voru birt viðbrögð tveggja fjölmennra launþegasamtaka vegna þessara gegndarlausu skattálaga. Í ályktun Alþýðusambands Íslands segir svo orðrétt:

„Á fundi viðræðunefndar Alþýðusambands Íslands í dag var fjallað um þær auknu álögur sem boðaðar eru í formi útsvarshækkunar, hækkunar tekjuskatts og söluskatts. Alþýðusambandið minnir á að þetta gerist á sama tíma og kaupmáttur launa minnkar stöðugt. Aðgerðir stjórnvalda nú hljóta að auka dýrtíðina og rýra almenna kaupgetu. Aðgerðirnar eru þannig síst til þess fallnar að greiða fyrir kjarasamningum og mótmælir viðræðunefndin þeim því harðlega."

Og í ályktun frá BSRB segir enn fremur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjór BSRB mótmælir þeim starfsaðferðum ríkisstj. við undirbúning efnahagsráðstafana að hafa ekki samráð við samtök launafólks um heildarstefnu í þessum málum. Í lögum er gert ráð fyrir samráði við samtök launafólks, og slík samráð eru einnig boðuð í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. En engin samráð hafa verið höfð við launþegasamtökin.

Þær nýju stórfelldu álögur á almenning, sem þegar hafa verið samþ. á Alþ. eða fyrirhugaðar eru samkv. stjfrv., þ. á m. um orkujöfnunargjald, eru olía á verðbólgueldinn, sem enn hlýtur að magnast við gengislækkanir, sem sífellt eru framkvæmdar.

Því mótmælir stjórn BSRB eindregið þessum nýju álögum."

Ég vona að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. taki meira mark á þessari gagnrýni og viðvörunum en raun hefur

orðið á um þau varnaðarorð sem við þm. höfum haft hér á hinu háa Alþingi, en það má heita að hæstv. ríkisstj. hafi á engan hátt svarað þeim viðvörunum eða gagnrýni.

Þrátt fyrir nýja skattálagningu, sem er raunverulega 2% söluskattshækkun og eykur tekjur ríkissjóðs um 7 milljarða á árinu 1980, er raunverulegur greiðsluhalli á þessu fjárlagafrv. Þessum 7 milljörðum eða 6, ef þeir verða það, er varið þannig, að áætlað er að 4 milljarðar gangi til að greiða olíustyrk, en síðan er 1.5 milljörðum varið til að bæta rekstrarafkomu og þar með greiðsluafkomu ríkissjóðs, en hálfum milljarði er ætlað að hækka óviss útgjöld og þannig greiðast úr ríkissjóði. Eftir þessa skattahækkun og eftir að fjallað hefur verið um frv. í fjvn. við 2. og 3. umr. er greiðsluafgangurinn aðeins 2.5 milljarðar kr., að því best verður séð, miðað við þær till. sem ég heyrði fluttar hér áðan. Er það nýlunda að hv. fjvn.-menn heyri till. fluttar á þingi án þess að þær hafi verið ræddar í fjvn., en það er svo margt nýtt í dag. En ef þetta er rétt, sem kom hér fram í þeim till., verður greiðsluafgangurinn um 2.5 milljarðar kr.

Hér er þó því miður aðeins um pappírstölu að ræða vegna þess að lántökur voru auknar um hvorki meira né minna en 7 milljarða til að ná saman þessum greiðsluafgangi. Og það er einungis gert ráð fyrir að greiða Seðlabankanum eftir sem áður 3.6 milljarða af óumsömdum yfirdrætti sem nálgast 30 milljarða kr. um síðustu áramót. Þessu til viðbótar bætist það, að til A- og B-hluta er áformað að fjórfalda erlendar lántökur. Allir, sem vit hafa á peningamálum og efnahagsmálum, gera sér grein fyrir því, að slík gegndarlaus erlend lántaka til ríkissjóð hlýtur að vera, eins og kom fram í ályktun BSRB, olía á eld verðbólgunnar.

Hér er allt á sömu bókina lært. Þótt nýir skattar séu lagðir á, söluskattur hækkaður með nokkurra mánaða fresti um mörg prósentustig, fer í raun ekkert fyrir þessari skattheimtu í að gera ríkisfjármálin að virkara tæki í baráttunni gegn verðbólgunni. Þvert á móti eru ríkisútgjöldin þanin út og nýir skattar lagðir á, eins og söluskattur núna, sem munu magna verðbólguna um allan helming.

Eins og ég hef áður bent á er hér haldið áfram sömu stefnunni og 1978 og 1979. 1978 gerði þáv. vinstri stjórn ýmsar ráðstafanir sem hlutu að leiða til stórfellds halla á því ári. Þegar Tómas Árnason, hæstv. núv. viðskrh., mælti fyrir fjárlagafrv. fyrir 1979 lagði hann á það áherslu að rúmlega 8 milljarða kr. greiðsluafgangur, sem ganga ætti til Seðlabankans, væri höfuðatriði fjárlagastefnunnar og að í frv. væri gert ráð fyrir svo hárri fjárhæð að hún næmi í þessu skyni 4% af fjárlögum á skuldahala ríkissjóðs í Seðlabankanum. Reyndin varð þó sú, að þrátt fyrir nýja skatta, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögunum, var verulegur halli á ríkisbúskapnum 1979, með þeim afleiðingum að 61% verðbólga var á árinu, sem er algert met á síðari áratugum. Í fjárlögum áranna 1978 og 1979 var gert ráð fyrir að greiða af greiðsluafgangi ríkissjóðs í Seðlabankann samtals 8.3 milljarða kr., en reyndin varð sú, að skuldin við Seðlabankann jókst um 6.7 milljarða og staðan við Seðlabankann varð 15 milljörðum verri en fjárlög gerðu ráð fyrir einungis á þessum tveimur árum.

Þegar reynslan hefur verið slík og þróunin undanfarin tvö ár er það algert ábyrgðarleysi að afgreiða fjárlög með svo litlum greiðsluafgangi sem hér er ráð fyrir gert, jafnvel þótt hver einasta tala í fjárlagafrv. stæðist.

Þessu til viðbótar er það að segja, að ríkissjóður skuldaði fleiri en Seðlabankanum um síðustu áramót. Í nýútkominni skýrslu frá ríkisendurskoðun, en það er nýjung að ríkisendurskoðun gefi Alþingi skýrslu um framkvæmd fjárlaga, mjög góð nýjung að mínu mati, kemur fram að ríkissjóður hefur ýtt ýmsum greiðslum á undan sér til þess að laga stöðuna um áramótin. Þar kemur fram að hann hefur átt ógreidda reikninga til mennta- og kennaraskóla um 203 millj., hann hefur átt ógreitt til Aflatryggingasjóðs 280 millj., Fiskveiðasjóðs 513 millj., Byggingarsjóðs ríkisins 2023 millj., til rekstrar sjúkrahúsa 353 millj. og til greiðslu olíustyrks 262 millj. Samtals eru þetta 4 milljarðar 179 millj. kr. Í þessu fjárlagafrv. sést hvergi að ríkissjóður geri ráð fyrir að greiða þessar skuldir, þannig að útgjaldahlið hans sé við það miðuð að hann þurfi ekki að ýta þessum böggum á undan sér um næstu áramót. Í því sambandi er rétt að minna á að það eru feiknalega skornir niður ýmsir sjóðir, eins og t. d. Byggingarsjóður ríkisins, og því þrengra um vik fyrir ríkissjóð að nota Byggingarsjóð ríkisins sem eins konar banka um næstu áramót.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að umfjöllun fjvn. um B-hluta fyrirtæki og um Vegagerðina og fara nokkrum orðum um orkumál.

Ég sagði áðan að það væri gert ráð fyrir að hækka gjaldskrá Pósts og síma um 17% 1. maí, en það er einnig gert ráð fyrir að hækka gjaldskrá um 7% 1. ágúst og 5% 1. nóv. Þrátt fyrir þessar miklu hækkanir eru framkvæmdir Pósts og síma með þessari fjárlagaafgreiðslu skornar niður um 1200 millj. kr. frá tillögum stofnunarinnar að raungildi frá því, sem var 1979, um 500 millj. kr.

Ríkisskip fékk þannig afgreiðslu í hv. fjvn., að þar er gert ráð fyrir að farmgjöld Ríkisskips hækki um 25% 1. maí, 7% 1. ágúst og 5% 1. nóv. Þar er gert ráð fyrir að ævintýraleg aukning verði á flutningum með Ríkisskip, um 40% að magni til frá árinu í fyrra, en samt sem áður þarf framlag ríkissjóðs að verða rúmur milljarður kr. til að greiða halla af þessum rekstri á árinu 1980.

Um Ríkisútvarpið er það að segja, að við þessa fjárlagaafgreiðslu nýtur Ríkisútvarpið ekki neinna framlaga frá ríkissjóði eins og það hefur gert undanfarin ár, þó aðallega sjónvarp, vegna þess að á sínum tíma er gert ráð fyrir að tolltekjur af litsjónvarpstækjum, sem munu nema í ár 1000 millj. kr., eða hluti af þeim tekjum gangi til þess að byggja upp dreifikerfi sjónvarps og til litvæðingarinnar. Við þessa fjárlagaafgreiðslu fer ekki króna úr ríkissjóði, en útvarpinu er heimilað að taka 300 millj. kr. lán sem ríkissjóður ætlar að borga fjármagnskostnað af að hluta. Og eins og ég sagði áðan er gert ráð fyrir að afnotagjald útvarps og sjónvarps hækki um 21.5% á seinni hluta ársins í ár, eftir að hafa hækkað um allt að 25%, þ. e. afnotagjald fyrir litsjónvarpstæki, á fyrra árshelmingi.

Vegamálastjóri kom á fund n. til að gera grein fyrir því, hvað sá rammi, sem niðurstaðan varð að Vegagerðin fengi, hefði í för með sér. Ríkisstj. ákvað að víkka þann ramma um 2 milljarða kr. þannig að úr ríkissjóði kæmi 1 milljarður og hálfur milljarður í lántöku. Það er fróðlegt að bera þessar tölur saman við það sem var 1978, en þá lagði ríkissjóður Vegasjóði til 1500 millj. kr., en það mundi þýða 3.2 milljarða á þessu ári miðað við raungildi. Það er skemmst frá því að segja, að hv. þm. geta átt von á því á næstu dögum að þurfa að draga úr raungildi fjár-

veitinga í kjördæmum sínum til nýbygginga vega um 34% samkv. þeim upplýsingum sem hv. fjvn. fékk hjá vegamálastjóra, og þá er átt við gildandi vegáætlun. Skylt er að geta þess, að það mun vera um einhverja raunverulega aukningu að ræða miðað við árið í fyrra, sem er það ár sem minnst hefur verið lagt til vegamála í fjölda mörg ár. En hér er um að ræða 34% niðurskurð að raungildi frá vegáætluninni sem gilti í ár, þrátt fyrir fyrirheit stjórnarsáttmálans um að vegáætlun skyldi framkvæmd að raungildi. Á það vantar 4.5 milljarða að vegáætlun haldi raungildi sínu. Samkv. þeirri afgreiðslu sem Vegagerðin fékk hjá meiri hl. fjvn. — Það er athyglisvert við þessa afgreiðslu að eina verkið, sem fær raungildisframlag, er brúin yfir Borgarfjörð.

Þá vil ég víkja örstutt að orkumálum.

Orkumálin hafa verið dálítið undarleg við þessa fjárlagagerð. Það hefur verið staðið dálítið undarlega að þeim. M. a. var olíustyrkurinn, eins og menn vita, numinn út út frv. núv. hæstv. fjmrh. En þegar betur er að gáð er einnig fleira gert þar. T. d. er það svo, að beint framlag ríkissjóðs í Orkusjóð, þegar frá er dregið verðjöfnunargjald, lækkar að raungildi um 500 millj. kr. og fellt er niður beint ríkisframlag til að styrkja dreifikerfi í sveitum og bein fjárveiting til hitaveitulána. Samtals er þarna um skerðingar að ræða upp á 1300 millj. kr., en í staðinn er gert ráð fyrir að Orkusjóður taki miklu meiri lán en hann hefur gert áður. Hér er aðeins um eitt dæmi að ræða um hvernig staðið hefur verið að fjárlagaafgreiðslu núna, því að ríkissjóður dregur úr beinum framlögum til stofnana eins og Orkusjóðs, en síðan er þeim ætlað að taka meiri lán. Þannig er vandanum ýtt út á lánsfjármarkaðinn. Að sjálfsögðu verða ekki búnir til neinir nýir peningar með þeim hætti, en þrengt að öðrum sem þurfa á lánsfé að halda.

Þá vil ég geta þess, að við þremenningar endurflytjum till. okkar um að ríkissjóður skili iðnaðinum á þessu ári aðlögunargjaldi sem hann leggur á. Aðlögunargjald var lagt á fyrst í fyrra. Samkv. upplýsingum ríkisbókhaldsins var óráðstafað af aðlögunargjaldi í ríkissjóð um áramótin 386 millj. kr. Í ár er ætlunin að innheimta 1840 millj. kr. í ríkissjóð af aðlögunargjaldi, en einungis skila iðnaðinum 850 millj. af því. Till okkar þremenninga, sem við flytjum á ákveðnu þskj. og er eina till. sem við flytjum, gengur einfaldlega út á að ríkissjóður stingi þessum peningum ekki undir stól í ár, heldur reiði þá fram til iðnþróunaraðgerða, eins og raunar var lofað í fyrra þegar frv. um aðlögunargjald var flutt á hinu háa Alþingi.

Þegar fjárlagafrv. er til umr. sem eins er staðið að og þessu fjárlagafrv., sem hér hefur verið rætt nú og er rætt við 3. umr., vaknar sú spurning, hvort það sé í raun og veru eina leiðin, þegar menn vilja koma til móts við ýmsar þarfir í þjóðfélagi sem er í mótun og þarf að auka ríkisútgjöldin á sumum sviðum, að hækka skatta. Ég held að menn hljóti að vera mér sammála um að það getur ekki gengið ár eftir ár að hækka söluskatt um 1—2% árlega til að koma til móts við þarfir sem eru margvíslegar í þjóðfélagi í mótun. Þess vegna verður að finna einhverjar aðrar leiðir og gera þetta öðruvísi. Það verður að finna svigrúm til þess á einhverjum öðrum sviðum og lækka þannig útgjöld ríkissjóðs að svigrúm skapist til að taka ný verkefni sem þarf að taka á. Í þessu sambandi er fróðlegt að athuga að útgjöld ríkissjóðs til sjúkratrygginga hækka um 100%, en aftur á móti til lífeyristrygginga elli- og örorkulífeyrisþega og annarra lífeyrisþega um 71%, sem er mjög eðlileg upphæð miðað við allt. Sjúkratryggingar hækka um 100%, læknishjálp hækkar um 163%, lyfjakostnaður um 140%, tannlækningakostnaður um 130% og ýmis sjúkrakostnaður um 159%. Samt sem áður er gert ráð fyrir því í dæminu um sjúkratryggingarnar, þegar útgjöld ríkissjóðs eru reiknuð í því sambandi, að sjúklingar taki á sig hækkun á lyfjakaupum og greiðslu fyrir sérfræðiþjónustu í átt við verðlag. Þannig er gert ráð fyrir því, er mér sagt af hálfu fjárlaga- og hagsýslustofnunar, að sjúklingar greiði fyrir erlend lyf 2900 kr. samkv. forsendum frv., en núverandi verðlag fyrir sjúklinga er 2000 kr. Lyf eiga því að hækka um 900 kr.

Þessi aðferð, að láta sjúklinga taka þannig þátt í lyfjakostnaði, var mjög gagnrýnd á sínum tíma. Þetta er dæmi, t. d. um sjúkratryggingarnar, sem á að hvetja þm. og fjvn. til að spyrja sig þeirra spurninga, hvort ekki sé rétt að taka svona lið til gagngerðrar endurskoðunar einmitt á sama hátt og hugmyndin er með því að menn taki þó að einhverju leyti þátt í þessum kostnaði. Ég er ekki að gagnrýna hæstv. núv. ríkisstj. fyrir að ætla að fara þá leið að láta menn taka þátt í þessum kostnaði, síður en svo. En ég er að benda á að það hlýtur að vera þörf á að taka slíka liði og afmarka hvað hið opinbera á að borga af slíkri þjónustu og hvað einstaklingarnir eiga að borga. Það ætti að sjálfsögðu að vera meginstefna í slíkri athugun að allir, sem á þurfa að halda, án tillits til efnahags, geti notið heilbrigðisþjónustu, en það séu eðlilegri skorður við því, að þessi kostnaður geti rokið upp eins og hann hefur gert á undanförnum árum, og það sé þá gert með því að einstaklingarnir taki þátt í honum.

Í fjárlagafrv., sem við erum að afgreiða við 3. umr., úir og grúir af mótsögnum. Talað er um að veita auknar fjárhæðir til ýmissa félagslegra framkvæmda og til að koma til móts við þá sem miður mega sín í þjóðfélaginu. Á sama tíma sem talað er um að hlúa að öldruðum og öryrkjum er t. d. fé erfðafjársjóðs skorið niður um helming. Gert er ráð fyrir í frv., að tekjur í þennan sjóð nemi 700 millj. kr., en í ríkissjóð er af þeim tekið 370 millj. kr. Hv. þm. til upplýsingar skal ég lesa upp úr lögum sem kveða á um hver skuli vera verkefni erfðafjársjóðs. Í þeim segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fé því, sem rennur í erfðafjársjóð samkv. 1 gr., skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum.“ — Síðan segir: „Ef fjárhagur sjóðsins leyfir er enn fremur heimilt að veita framangreindum aðilum lán úr sjóðnum með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.“

Í lögum um endurhæfingu segir: „Heimilt er að veita fé úr erfðafjársjóði til þess að koma á fót dvalarheimilum fyrir öryrkja svo sem hér segir:“ Er þar um að ræða 1/4 hluta byggingarkostnaðar í lán og 1/4 í styrk. Enn fremur er heimilt að styðja endurhæfingarstöðvar við rekstur.

Ég tek þetta sem dæmi, en ég vil líka t. d. minna á annað. Þar er um Bjargráðasjóð að ræða. Hæstv. ríkisstj. aflar Bjargráðasjóði 1500 milljarða kr. láns með vöxtum og þeim skilmálum, sem gilda á lánamarkaði innanlands, og er þar að sögn að koma til móts við bændur sem hafa orðið fyrir skakkaföllum. Á sama tíma liggur frv. fyrir hinu háa Alþingi um að hækka framlag úr ríkissjóði í þennan sjóð, en ríkissjóður lætur honum í té 200 millj. kr. minni fjárhæð en þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég endur-

tek að ég tek þetta sem dæmi um hvað hringlandaháttur-inn í fjárlagaafgreiðslunni er alger þegar þetta frv. er lesið ofan í kjölinn og þegar menn setja sig inn í hvað í því felst.

Herra forseti. Sú stefna, sem uppi hefur verið síðan haustið 1978 í ríkisfjármálum, er röng. Reynslan sýnir að hún leiðir til gífurlegrar aukningar skattbyrði fyrir almenning. Reynslan sýnir að hún er ekki einungis ófær vegna óhófseyðslu í ríkisfjármálum, heldur er l.ún ein undirrót verðbólgunnar sem nú er orðin illkynja krabbamein í þjóðfélaginu. Okkur er nauðugur sá kostur að gerbreyta um stefnu. Við sjálfstæðismenn leggjum á það áherslu, svo sem fram hefur komið í nál. okkar við 2. umr. Ég lýk máli mínu með því að ítreka enn brýna nauðsyn stefnubreytingar í fjárlagagerð og ríkisfjármálum ef ekki á illa að fara.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 243, 262, 263, 267, 268, 270, 272, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 39 shlj. atkv.

Frsm. samvn. samgm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 249 flytur samvn. samgm. brtt. við 4. gr. fjárlaga, um flóabáta og vöruflutninga. Þar kemur fram, að fyrir töluna 438.6 millj. kr. kemur talan 688.1 millj. Ég vil taka það strax fram, að samstarfið í samvn., eins og nefnið bendir til, var með miklum ágætum og þar sveif bæði eindrægni og friður yfir vötnum.

Það er rétt að fram komi að þarna er um allverulegar hækkanir að ræða á milli ára, en ástæðan fyrir því er einföld. Rekstrarkostnaður, sérstaklega útgerðar flóabáta, hefur hækkað mjög verulega, og er þess þá helst að geta að olíuverð þrefaldaðist á s. l. ári. Rétt er að taka það fram, að margar útgerðir þessara báta standa nú frammi fyrir mjög alvarlegum fjárhagsörðugleikum, mikilli skuldasöfnun. Er þess m. a. að geta að Akraborg og Herjólfur munu við lok þessa árs skulda Ríkisábyrgðasjóði um það bil 3 milljarða kr. Hér er á ferðinni svo stórt og mikið mál að Alþ. og ríkisstj. verða að grípa í taumana og gera sérstakar ráðstafanir til að koma þessum aðilum til aðstoðar. Þá er rétt að taka fram, að margir af flóabátunum eru orðnir gamlir og úreltir og kostnaður við viðhald þeirra orðinn mikill. Þess ber einnig að geta, að það hefur verið vandamál um nokkurra ára skeið hve áhafnir þessara báta hafa verið fjölmennar. Ég vil nefna sem dæmi að áhöfn Herjólfs, Vestmannaeyjaskipsins, er 17 eða 18 manns, en í áhöfn t. d. skips eins og Smyrils, sem gengur á milli Færeyja, Bretlands og Íslands, er einnig 17 manns, en skipið er 2500 brúttórúmlestir eða 1500 lestum stærra en Herjólfur.

Ég mun nú, herra forseti, gera nokkra grein fyrir þeim ákvörðunum eða samþykktum sem liggja að baki þessum brtt.

Lítill hluti þeirra framlaga, sem hér um ræðir, fer til flutninga á landi, sem einkum eru ætlaðir til að létta af heimamönnum í snjóþungum héruðum þeirri byrði sem því fylgir að halda uppi samgöngum þar. Til þess liðar í brtt. er áætlað að verja 59.6 millj. kr., en til flóabátanna fara hins vegar 628.5 millj.

Í nál. samvn. samgm. segir m. a., með leyfir forseta:

„Nefndin er sammála um það, að þótt viðkomandi aðilum sé þörf á stuðningi þurfi engu að síður að gera sérstaka úttekt á ákveðnum þáttum þessara mála svo afgreiðslur fjárveitinga verði ekki sjálfvirkar frá ári til árs. Bent hefur verið á það, að greinargerðir þyrftu að fylgja öllum umsóknum, svo ljóst yrði hvernig fjármunum er varið. Eins og nú háttar eru umsóknir aðeins nokkrar línur á blaði, skeyti eða tilmæli til þm. Þetta á þó ekki við um umsóknir flóabáta, sem yfirleitt eru vel grundvallaðar.

Þá telur n. fulla ástæðu til þess að vekja athygli Alþ. og ríkisstj. á því alvarlega ástandi, sem nú ríkir um rekstur sumra flóabátanna. Mjög verulegur rekstrarhalli er á útgerð nokkurra þeirra, enda hefur allur tilkostnaður hækkað mikið. Sem dæmi má nefna, að olía hefur hækkað úr 49 kr. hver lítri í mars 1979 í 155.25 kr. í sept. 1979, og staðið í stað síðan, eða rúmlega þrefaldast. Hækkun rekstrarkostnaðar er yfirleitt rösklega 50%.

Þess ber og að geta, að útgerðir sumra flóabátanna heyja nú harða baráttu til að greiða niður skuldir og ekki er fyrirsjáanlegt að þar vinnist sigur. T. d. má geta þess, að skuld Herjólfs við Ríkisábyrgðasjóð nam 1185 millj. kr. í lok ársins 1979 og samkv. upplýsingum sjóðsins er áætlað, að 900 — 1000 millj. kr. falli á skipið á þessu ári. Um síðustu áramót námu skuldir Akraborgar við Ríkisábyrgðasjóð 521.6 millj. kr., að óbreyttu gengi. — Vandi þessara skipa og þeirra, er búa við svipaðar aðstæður, verður ekki leystur nema með sérstöku átaki ríkisvaldsins."

N. bárust rösklega 40 erindi um stuðning. Þeir Halldór S. Kristjánsson deildarstjóri í samgrn. og Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins komu á nokkra fundi n. og veittu henni drjúgar upplýsingar og miðluðu af þekkingu, er kom að góðu gagni, og er ástæða til að þakka þátt þeirra.

Það er full ástæða til að benda á nokkur atriði sem koma fram í nál. varðandi einstaka flóabáta — þessi mikilvægu samgöngutæki einangraðra byggðarlaga og eyjabyggða í þessu landi.

Þess má geta að Akraborg hefur sent inn beiðni eða umsókn um 60% gjaldskrárhækkun. Sú umsókn hefur ekki verið afgreidd enn þá frá gjaldskrárnefnd. Í því sambandi er rétt að minna á till. flóabátanefndar, þar sem hún telur að unnt sé og eðlilegt að rekstri Akraborgar verði hagað þannig að ekki þurfi að koma til framlag úr ríkissjóði. Telur n. að þessu markmiði mætti m. a. ná með því að útgerð Akraborgar verði gefnar frjálsar hendur með verðlagningu þannig að hægt verði með breytingum far- og farmgjalda að finna taxta sem gefa hámarksgróða. Það liggur í augum uppi, að ef þessi stefna nær ekki fram að ganga verður afleiðingin annaðhvort rekstrarstöðvun skipsins eða aukið ríkisframlag.

Um flóabátinn Baldur er þess að geta, að haustið 1978 var gerð tillaga um að fækka í áhöfn skipsins um tvo menn, en aðeins náðist samkomulag um fækkun um einn. Gera má ráð fyrir að rekstur skipsins hefði orðið hallalaus á árinu 1979 ef þessi tillaga hefði náð fram að ganga. Fróðir menn telja að fimm menn í áhöfn nægi. Samvn. samgm. leggur á það ríka áherslu að sem fyrst verði hafin athugun á endurnýjun bátsins með aukna hagkvæmni á þjónustu við farsvæði hans í huga.

Um Drang þarf ekki að fara mörgum orðum. Sá bátur hefur yfirleitt verið vel rekinn og er svo enn, en skipið er orðið gamalt og mjög þarf að huga að endurnýjun þess og smíði nýs skips með aukna og bætta þjónustu í huga. Sama er að segja um Fagranes, þann mikilvæga flóabát, en brýna nauðsyn ber til þess að

kanna þjónustuhlutverk bátsins og hugsanlega endurnýjun hans.

Ég hef áður nefnt ástand Herjólfs og rekstur þess skips, greint frá skuld útgerðarinnar við Ríkisábyrgðasjóð, sem er að verða svo þungur baggi á útgerð skipsins að slíkt mun ekki geta farið fram miklu lengur eins og verið hefur án þess að til einhverra ráðstafana verði gripið. N. segir orðrétt í nál., með leyfi forseta:

„Nefndin telur, að Alþ. og ríkisstj. verði að taka ákvörðun um hvernig gera eigi upp áfallnar skuldir skipsins við sjóðinn og hvernig standa eigi að greiðslu afborgana og vaxta á næstu árum."

Þá vil ég að lokum, herra forseti, víkja aðeins að Hríseyjarferjunni. Hríseyingar eignuðust á síðasta ári nýtt og glæsilegt skip sem tók við af gömlum og úreltum bát sem lengi hafði þjónað eyjaskeggjum, en þetta eru einu samgöngur Hríseyinga við land, þ. e. sjóleiðina. Í eynni er lélegur sjúkraflugvöllur sem lítið eða ekkert er notaður. Á þessari ferju hvíla miklar skuldir. Sem dæmi má geta þess, að Framkvæmdasjóður lánaði til smíði ferjunnar 201 millj. kr. Verða greiðslur og afborganir mjög þungar á næstunni miðað við núgildandi vexti, sem eru 33.5%. Á þessu ári eru afborganir fyrir þetta litla byggðarlag 42 millj., en hækka á næsta ári upp í 84 millj. eða um helming.

Hér verður ekki tíundað það sem greinir um aðra flóabáta, sem eru allir minni bátar, en gegna mikilvægu hlutverki hver á sínum stað. Það eru Mjóafjarðarbátur, Langeyjarnesbátur, Mýrabátur og Dýrafjarðarbátur.

Að lokum þetta: Full samstaða náðist í n. um till. hennar N. setur að sjálfsögðu það skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð samkv. till., að rekstri verði hagað svo að landsbyggðir njóti svo sem til er ætlast og í samráði við samgrn.

Samkv. grg. þeirri, er nál. greinir, leggur samvn. samgm. til að á fjárlagaárinu 1980 verði veittar samtals 688.1 millj. kr. sem skiptast svo sem lagt er til á þskj. 249.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, frsm. minni hl. fjvn., hefur fyrr á þessum fundi gert grein fyrir sjónarmiðum minni hl. Í ræðu hans kom fram sjónarmið minni hl. er varðar lánsfjáráætlun þá sem fjvn. fékk í hendur í gær og hefur verið dreift á þskj. eða fskj. til þm. og varðar A- og B-hlutann. Þar kemur fram, að um gífurlega hækkun á lántöku ríkissjóðs vegna A- og B-hluta fjárlaga verður að ræða á milli áranna 1979 og 1980 þegar annars vegar er miðað við fjárlög 1979 og hins vegar við lánsfjáráætlun 1980. Mun sú aukning nema um 240%. Þá ræddi Lárus enn fremur um afkomu ríkissjóðs miðað við endanlegar niðurstöðutölur fjárlagafrv. eins og þær eru nú. Í þriðja lagi kom fram hjá hv. frsm. minni hl. að um talsverðar og verulegar verðhækkanir verður að ræða fram á vorið á opinberri þjónustu ýmissa fyrirtækja og stofnana, sem selja þjónustu sína, og mun þeirra gæta sérstaklega fyrir 1. maí n. k.

Það hefur komið í ljós, að með aðgerðum sínum á milli 2. og 3. umr. fjárlagafrv. hefur ríkisstj. staðfest, að verðbólguþróunin verður meiri en í frv. er ráð fyrir gert, og allar líkur benda nú til þess, að á þessu ári verði verðbólgan jafnvel enn meiri en meðalverðbólga síðasta árs. Þær aðgerðir, sem ég á hér við og hafa komið fram á milli 2. og 3. umr., eru fyrst og fremst það frv. um söluskatts-hækkun, sem kom fram nýlega í hv. Nd., og hins vegar þær yfirlýsingar ríkisstj., að gengið verði látið falla eða síga hraðar en frv. gerir ráð fyrir.

Það er vissulega athyglisvert á þessari stundu að sjá að hv. þm., sem styðja ríkisstj., hafa nú breytt áætlunum sínum og breytt söluskattshækkuninni þannig að í stað 2% er nú ráðgert að hækka söluskatt um 1.5%. Þetta er athyglisvert sér í lagi vegna orða hæstv. fjmrh., sem hann lét falla þegar hann gerði grein fyrir frv. til breytinga á söluskattslögunum, því að hann sagði að það væri samdóma álit allra stjórnamálaflokkanna að ekki veitti af þessum fjármunum í ríkissjóð af því að borð þyrfti að vera fyrir báru. Nú hefur það gerst að sjónarmið hafa á einni svipan breyst. Hæstv. ráðh. hefur fallið frá fyrri skoðun sinni. Er þetta að sjálfsögðu yfirlýsing um að nú eigi að tefla á tæpasta vað og stefna að því að reka ríkissjóð með halla.

Við 2. umr. fjárlagafrv. ræddi ég nokkuð ítarlega um forsendur fjárlagafrv. og benti á að þær væru í verulegum greinum brostnar, gerði síðan grein fyrir sjónarmiðum sjálfstæðismanna um gerð fjárlaganna og loks rakti ég að nokkru þau sjónarmið sem sérstaklega varða Reykvíkinga, og þó einkum og sér í lagi þau sem snúa að heilbrigðismálunum. Við 3. umr. mun ég fyrst og fremst halda mig við brtt., sem n. hefur fjallað um, og nefna einnig nokkur atriði önnur sem ég tel ástæðu til að nefna sérstaklega þegar verið er að ljúka umr. um fjárlagafrv., sem eins og öllum er ljóst er mikilvægasta frv. sem afgreitt er á hv. Alþ. á hverjum tíma.

Í ræðu minni við 2. umr. gerði ég grein fyrir skoðunum framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins. Annars vegar gerði ég þetta til að lýsa þeim vilja, sem kemur fram í bréfi framkvæmdanefndarinnar til að setja fjárlög á verkefnagrundvöll fremur en stofnanagrundvöll, og hins vegar gerði ég grein fyrir þessum sjónarmiðum til að leggja áherslu á þá breytingu sem fram kemur í þeim viðhorfum að hafa fjárlagagerðina sveigjanlegri en hingað til hefur tíðkast. Þá á ég sérstaklega við það, að samráð við þá aðila, sem gera upphaflegu áætlunina, verði meiri og komi fram aftur eftir að fjvn. hefur fengið málið til meðhöndlunar. Með þeim hætti er tryggt að fjvn. komi til móts við þarfir og óskir þeirra sem sent hafa tillögur sínar til rn., þaðan til fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fengið niðurskurð á báðum stöðum og jafnvel enn meiri niðurskurð í fjvn. sjálfri. Þannig er komið til móts við þá, að þeir fá tækifæri til að taka þátt í endanlegri ákvörðun málsins.

Vegna ágreinings Rannsóknaráðs við semjendur fjárlagafrv., eins og kemur fram í texta aths. fjárlagafrv., langar mig til þess, með leyfi forseta, að lesa örstutta ályktun sem samþ. var shlj. á fundi Rannsóknaráðs ríkisins 28. mars s. l. Þar segir:

„Með tilvísun til einróma ályktunar Alþingis frá 21. maí 1979 um langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna og með tilvísun til 25. gr. laga nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála, óskar Rannsóknaráð ríkisins eftir því við ríkisstj. að framfylgt verði ofangreindri ályktun Alþingis.

Við ákvarðanir um málefni rannsóknastarfseminnar í þágu atvinnuveganna verði höfð hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins 1976 — 1981 svo og síðari endurskoðaðri útgáfu hennar. Þá óskar ráðið eftir að haldið verði áfram því samráði sem hafið var við fjárlagaundirbúning 1980 milli rannsóknastofnana,

fagráðuneyta, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, fjvn. og Rannsóknaráðs ríkisins."

Hér lýkur þessari ályktun Rannsóknaráðs, sem samþ. var shlj. hinn 28. mars s. l.

Í fyrri hluta ályktunarinnar er skorað á ríkisstj. að framfylgja eigin stefnu, og verður ekki annað sagt en það sé sanngjörn ósk. Ég veit að hæstv. fjmrh. skilur þennan málstað mjög vel þar sem hann var til svara á hv. Alþ., þegar umrædd þáltill. var samþ. fyrir tæplega ári í Sþ., og hafði þá mörg og góð orð um stuðning við þessa málaleitan, þá sem æðsti yfirmaður Rannsóknaráðs eða hæstv. mennmrh. Aðrir, sem tóku til máls við þá umr. og lofuðu og blessuðu þetta mál, voru ráðh. í páv. ríkisstj. og eiga báðir sæti í núv. hæstv. ríkisstj.

Þá vil ég víkja að einu máli sem gerð er grein fyrir á þskj. og kemur fram sem breyting á lið 8 á þskj. 262 og fjallar um Hjálparstofnun kirkjunnar. Við 2. umr. var samþ. að hækka fjárframlag til Hjálparstofnunar kirkjunnar úr 1 millj. í 1 millj. 150 þús., en við 3. umr. leggur fjvn. til að þessi upphæð fari í 2 millj. kr. Ég tel ástæðu til að gera örstutta grein fyrir því, hvers vegna um aukið framlag er að ræða til Hjálparstofnunar kirkjunnar úr ríkissjóði samkv. þessari tillögu.

Hjálparstofnunin hefur haft 980 þús. til 1 millj. á fjárlögum allt frá árinu 1971 og hefur ekki hækkað þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Þó er það meginregla í starfi stofnunarinnar að reyna að byggja upp starf sitt án þess að skerða gjafafé sem fólk leggur fram til Hjálparstofnunarinnar og þarf að renna óskert til þeirra málefna sem Hjálparstofnunin styrkir á hverjum tíma. Stofnunin hefur beint og óbeint gengið erinda og starfað í þágu ríkisvaldsins og dæmi um slíkt er frá s. l. ári. Þá var safnað fyrir bættum aðbúnaði fatlaðra hér á landi. Safnað var 60 millj. kr., en reikna má með að upphæð sú hefði fyrr eða síðar komið úr ríkissjóði. Einnig var leyst beiðni, er ríkisstj. barst frá Sameinuðu þjóðunum, um kaup á eggjahvítuefnaríkri fæðu til flóttafólks í Zaire. Keypt voru að beiðni ríkisstj. 10 tonn af skreið fyrir 10 millj. kr. Þurfti í ofanálag að greiða 560 þús. kr. í útflutningsgjöld vegna þessarar fyrirgreiðslu við ríkissjóð sem ekki hefur fengist endurgreitt þrátt fyrir ítrekaðar óskir. Beiðni þessari hefði aldrei verið sinnt af hálfu Hjálparstofnunarinnar ef henni hefði verið tilkynnt af utanrrn. í upphafi að stofnunin þyrfti að greiða fyrrnefndar upphæðir, en líta má á þetta sem skatt á stofnunina fyrir að sinna beiðni ríkisstj. — Þetta nefni ég hér því að þetta skýrir í og með hvernig ríkið gefur og ríkið tekur aftur í þessum efnum. Er það náttúrlega stjórnvöldum hér á landi til háborinnar skammar. Þá má geta þess til viðbótar, að Hjálparstofnun kirkjunnar hefur oft og tíðum gripið verulega inn í, þar sem göt eru á opinberu tryggingalöggjöfinni, og hefur innt af hendi alls kyns fyrirgreiðslu í þá veru.

Næst vil ég nefna litla breytingu, sem þó er nokkuð stór í augum sumra, en hún varðar tölul. 13 á þskj. 262. Þar breytist textinn þannig, að í stað þess að standi Borgarspítali B-álma er þeirri upphæð, sem þeirri álmu var ætluð nú skipt í tvennt og er í tveimur liðum: Borgarspítali B-álma og Borgarspítali G-álma.

B-álma Borgarspítalans í Reykjavík er sú álma sem á að hýsa langlegusjúklinga og aldraða. Það var einmitt á þeim forsendum unnið að því máli með hjálp ríkisstj. og fjölda aðila að fá fjárveitingar til þessarar byggingar. Reykjavíkurborg hefur hins vegar lagt áherslu á G-álmuna svokölluðu, sem er þjónustuálma, og hún er nánast fullbúin nú. Í trausti þess, að Reykjavíkurborg láti til skarar skríða við B-álmuna eins fljótt og hugsast getur, var það samdóma álit flestra, ef ekki allra þm. Reykjavíkur að hægt væri að fallast á þá málaleitan að skipta þessari upphæð þannig að við þyrftum ekki að standa frammi fyrir því að G-álman, þjónustuálman, stæði hálfköruð og nýttist hvergi þótt allmiklum fjárhæðum hefði verið varið í þá byggingu úr vasa Reykvíkinga. Ég vil leggja áherslu á það í þessu sambandi, að þessi upphæð var, eins og ég sagði fyrr, fyrst og fremst sett inn á fjárlög með aðstoð hæstv. heilbrrh., m. a. til að sinna því hlutverki að koma til móts við þær miklu þarfir sem eru fyrir hendi svo hægt sé að hjúkra öldruðum.

Þá vil ég einnig í þessu sambandi nefna náskylt atriði, sem kemur fram í brtt. n. á þskj. 262 undir liðnum 7.5. Þar segir, með leyfi forseta, að fjmrh. eða ríkisstj. sé heimilt að gera í samráði við fjvn. Alþ. samning við Reykjavíkurborg um skuldir ríkissjóðs vegna framkvæmda í heilbrigðismálum. Það var að frumkvæði Reykjavíkurborgar sem þess var óskað að tekið væri inn á heimildargreinina ákvæði í þessum dúr, vegna þess að upp hafa hlaðist skuldir ríkissjóðs við Reykjavíkurborg fyrst og fremst í heilbrigðismálunum. Er talið að skuldin hafi numið við áramótin síðustu 848 millj. kr. þegar ekki hefur verið tekið tillit til hugsanlegra verðbóta, en væri þessi upphæð fyllilega verðbætt, sem hún er reyndar ekki, mætti þrefalda upphæðina og væri hún þá um það bil 2.5 milljarðar. Þm. Reykjavíkur hefðu að sjálfsögðu óskað að ákveðnara orðalag kæmist inn í heimildagreinina. En við verðum að sætta okkur við þetta orðalag eins og það er nú í trausti þess, að sá skilningur sé fyrir hendi af hálfu fjmrn. að það þurfi að ganga frá samningum við Reykjavíkurborg og endurgreiða þessa miklu skuld áður en í algert óefni rekur. Reykvíkingar voru tilbúnir til þess að lána talsvert fé til byggingar á sjúkrahúsum innan borgarmarkanna, en því miður er stefna ríkisins gagnvart þessu stóra sveitarfélagi þannig að það er nánast útilokað. Þetta nefndi ég reyndar sérstaklega í fyrri ræðu minni, en ég ítreka það hérna vegna þess að Reykjavík hefur nokkra sérstöðu vegna gífurlegrar stærðar sinnar sem sveitarfélags, en Reykjavíkurborg er langtum fjölmennari en þau sveitarfélög sem næst koma að stærð.

Um aðrar heimildagreinar get ég verið stuttorður, en vil þó nefna að í frv. er gert ráð fyrir því í lið 5.24, í 6. gr., á bls. 138, að ríkið hafi heimild til að selja Landssmiðjuna. Ég tel — og hef lýst þeirri skoðun minni í fjvn. — að með þessu sé verið að gefa ríkinu heimild til að selja Landssmiðjuhúsið. — Ég bíðst nú afsökunar á þessu. Það á auðvitað að vera hús Landssmiðjunnar, en ekki Landssmiðjan sjálf. Ég hefði unnið stórsigur ef hitt hefði tekist, en það var reyndar ekki. — En ég leyfði mér að lýsa því yfir að minn skilningur á þessu máli væri sá, að aðeins væri heimild til að selja húsið, en ekki til að taka þá fjármuni, sem þannig fengjust, og setja í annan og stórbrotnari rekstur, jafnvel innan sama sviðs. Vona ég að sá skilningur fái að standa. Því miður hafði iðnrn. svo mikið að gera við að reikna út skatta á landsmenn að fulltrúar þess gátu ekki komið á fund fjvn. til að gefa okkur haldbæra skýringu á því, hvað þarna væri um að ræða, en sjálfur hef ég átt kost á að kynna mér nokkuð þessi mál og veit að uppi eru talsverðar ráðagerðir af

hálfu Landssmiðjunnar um að gerbreyta rekstrinum og sýnist sumt skynsamlegt í þeim efnum.

Þá vil ég geta þess hér, að inn á borð fjvn. kom beiðni frá Pósti og síma, studd af samgrn., þess efnis, að heimilt væri að fella niður öll aðflutningsgjöld af mælitækjum til að mæla tímalengd símtala innanbæjar í því skyni að fá þannig tækifæri til að heimta inn meiri gjöld hér í þéttbýlinu til að greiða niður símgjöld annars staðar á landinu. Þessi heimildargrein var að sjálfsögðu ekki tekin með í frv., enda er óeðlilegt að þessi ríkisstofnun njóti þeirra fríðinda að flytja inn í landið án gjalda tæki sem beinlínis eru sett til höfuðs ákveðnum gjaldendum og neytendum þeirra gæða sem póst- og símamálastjórnin sér um að framleiða í landinu. Hér er um að ræða gjaldskrármál sem fjvn. og aðrir aðilar hljóta að þurfa að skoða mun betur áður en gengið verður í málið.

Það má geta þess í þessu sambandi, að Neytendasamtökin og þó einkum og sér í lagi Gísli Jónsson prófessor, sem á sæti í stjórn samtakanna, hafa látið sig þetta mál nokkru varða. Ég vil leyfa mér, herra forseti, ef ekki koma fram mótmæli, að lesa örlítinn kafla úr viðtali við nefndan Gísla Jónsson, sem birtist fyrir skömmu í Dagblaðinu. Það hljóðar þannig:

„Við hjá Neytendasamtökunum getum ekki séð að nægileg rök hafi verið færð fyrir væntanlegri skrefamælingu Pósts og síma," sagði Gísli Jónsson prófessor þegar Dagblaðið hafði samband við hann. Gísli er manna kunnugastur um lög og reglugerðir Pósts og síma. Sem stjórnarmaður í Neytendasamtökunum hefur hann kynnt sér þau mál vel og rækilega.

„Þetta á að gera til þess að jafna símkostnaðinn innanlands, að því er sagt er. Mér og okkur finnst að þetta muni fyrst og fremst koma niður á öldruðu, fötluðu og sjúku fólki sem ekki á heimangengt og notar símann til þess að halda sambandi við vini og ættingja. Með nýja fyrirkomulaginu neyðist fólk til þess að skera niður símanotkun til almennra umræðna og verður þetta því til þess að fólk einangrast enn þá meira.

Ég er einnig hræddur um að opinberar stofnanir megi bæta símaþjónustu sína. Oft þarf að bíða tímunum saman eftir því að fá samband. Það verður dýrt fyrir almenning að þurfa að bíða langtímum saman í símanum á meðan skrefateljarinn gengur.

Auðvitað er gott út af fyrir sig að jafna gjöldin um landið, en í lögum um póst og síma nr. 36 frá 1977, í 11. grein, er ráðherraheimild sem hvergi hefur verið minnst á. Þar segir að ráðh. sé heimilt að ákveða að sama gjalds skuli krafist fyrir símtöl við helstu stjórnsýslustofnanir í landinu, sem staðsettar eru í Reykjavík hvaðan sem talað er af landinu. Mér finnst miklu nær að beita þessu ákvæði, en mér vitanlega hefur ekki verið minnst á það. Þetta hlýtur að vera framkvæmanlegt fyrst það er sett í lögin."

Þetta les ég úr viðtali við Gísla Jónsson í því skyni að benda á að til eru færar aðrar leiðir en reynt var að koma inn hjá hv. fjvn. með þeirri tillögu sem henni var ætlað að afgreiða eins og hverja aðra færibandatill. með heimild í 6. gr. fjárlaga.

Í ræðu minni við 2. umr. minntist ég á sértekjur og þjónustugjöld sérstaklega í því skyni að þau mættu gjarnan hækka meira til að ná fram hallalausum rekstri ríkisstofnana. Í þessu sambandi þykir mér rétt að nefna það sem mína skoðun, að ég tel að Námsgagnastofnunin, sem farið hefur fram á talsverða fjármuni til rekstrar, eigi að leysa vandamál sín með því að taka meira gjald fyrir framleiðslu sína, sem er fyrst og fremst skólabækur. Það er löngu liðin tíð, að mínu viti, að ríkið þurfi að útvega skólabörnum ókeypis námsbækur. Það var á sínum tíma full ástæða til þess að svo væri gert, og því var þá fyrir komið með þeim hætti að sérstakt námsbókagjald var lagt á skattgreiðendur. En nú er tíðin önnur og engin ástæða til annars en fólk, sem á börn í skóla, læri að umgangast skólabækur eins og hver önnur verðmæti og að börn alist upp við slík sjónarmið. Því miður hagar því þannig, að í þessum efnum og reyndar í fjölmörgum öðrum stjórnast gjaldskrármál öll og þá um leið sértekjur ríkisstofnananna fyrst og fremst af vísitölunni. Það er hún sem hefur tekið stjórnina í sínar hendur hér á landi.

Ég hafði ekki hugsað mér og ætla mér ekki að minnast mörgum orðum á B-hluta fyrirtækin né önnur ríkisfyrirtæki almennt. Til þess gefst vonandi betri tími síðar. Ég vil þó nefna tvö fyrirtæki og taka þau út úr sérstaklega, annars vegar Rafmagnsveitur ríkisins og hins vegar Skipaútgerð ríkisins.

Eins og allir vita hafa Rafmagnsveitur ríkisins átt við mikla fjármagnsörðugleika og fjárhagsörðugleika að stríða undanfarin mörg ár. Vegna þess að um það hafa farið fram umr. á Alþ., að merkja þyrfti sérstaklega félagslegar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins, tel ég ástæðu til að benda á að það er ekki nóg að mínu viti að skipta framkvæmdum í annars vegar arðbærar framkvæmdir og hins vegar óarðbærar framkvæmdir og skýra svo þær óarðbæru félagslegar. Til þess að hægt sé að tala um félagslegar framkvæmdir þarf að koma til stjórnmálalegt mat. Mér er kunnugt um að að þessu er unnið annars vegar á vegum rafmagnsveitustjóra og hins vegar Brynjólfs Sigurðssonar hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun. Ég vonast til að það mál komist í eðlilegt horf áður en næstu fjárlög verða gerð. Það er þó ástæða til að nefna að til Rafmagnsveitnanna fer í þessu fjárlagafrv. 1 milljarður sem var merktur sem félagslegur milljarður, en hann hvarf að sjálfsögðu í skuldahít Rafmagnsveitna ríkisins og er notaður til að borga niður gamlar skuldir. Þetta nefni ég ekki vegna þess að ég telji að það sé óeðlileg ráðstöfun fjárins, heldur vegna hins, að ég tel að Alþ. eigi að hafa með það að gera hvaða framkvæmdir í raforkumálum eru félagslegar og hverjar ekki.

Í sambandi við RARIK mætti líka benda á að með hækkuðum olíuniðurgreiðslum má búast við heldur lakari afkomu Rafmagnsveitnanna, vegna þess að húshitunarrafmagn, sem selt er á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, er háð olíuverði og er ákveðið hlutfall af olíuverði.

Um Ríkisskip eða Skipaútgerð ríkisins er fjallað á þskj. 263. Þar kemur í ljós, sem ég tel vert að leggja sérstaka áherslu á, að gert er ráð fyrir að meðgjöf ríkisins með Skipaútgerðinni sé rúmur milljarður á þessu ári. Á fjárlögum 1977 var upphæðin 200 millj. Reyndar þyrfti ég að geta þess í leiðinni, að jafnframt er gert ráð fyrir að á lánsfjáráætlun komi 200 millj. til fyrirtækisins til að byggja skemmu við Reykjavíkurhöfn. Ég minnist hér á þetta sérstaklega vegna þess að það eru fleiri aðilar í landinu sem stunda flutningastarfsemi en Skipaútgerð ríkisins og ég tel að kominn sé tími til þess, að hv. Alþ. kanni með hverjum hætti best sé skipað samgöngumálum þjóðarinnar, sérstaklega að því er varðar völuflutninga. Ég er sannfærður um að uppbygging Skipaútgerðarinnar hefur verið röng á undanförnum árum. Það má

vel vera að áætlanir forstjóra fyrirtækisins séu á eðlilegum rökum reistar, en ég tel ástæðu fyrir Alþ. að skoða það mál vandlega áður en anað verður út í að kaupa ný skip og reyna þannig að fullnægja þeim þörfum, sem forstjórinn bendir á að séu nauðsynlegar, áður en nokkur athugun hefur farið fram á þessu máli.

Þá vil ég geta þess, að við hv. þm. Lárus Jónsson og Guðmundur Karlsson, sem skipum þann minni hl. í fjvn. sem er settur saman af stjórnarandstæðingum í Sjálfstfl., leyfum okkur að endurflytja till. á þskj. 243, VIII, um aðlögunargjald og vonumst til að sú till. verði samþ. á Alþ. Í till. koma fram þau áform að skila beri iðnaðinum þeim hluta aðlögunargjaldsins sem samkv. fjárlagafrv. er látinn fara í allt annað. Það er ástæða til þess að minnast sérstaklega á þetta atriði, þar sem gera má ráð fyrir að árið í ár sé síðasta árið sem aðlögunargjaldsins nýtur. Með þessum hætti, sem hér er gert ráð fyrir í frv., má segja að verið sé að ýta vandanum á undan sér til næsta árs, því að þá þarf ríkissjóður væntanlega að leggja fram 1 milljarð eða um það bil til þess að standa skil á loforðum sínum.

Á sama þskj. kemur fram till. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni, till. nr. VI, þar sem gert er ráð fyrir lækkun á einum lið. Það sjaldgæft að hv. þm. flytji lækkunartill., en ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa yfir stuðningi mínum við till. Þetta er lækkun á þeim lið undir fjmrn. sem gerir ráð fyrir til blaðanna fari 100 millj. Hefur sú upphæð hækkað á milli fjárlaga úr 60 millj. í 100 millj. Það er spurning hvort það sé hlutverk ríkissjóðs að fjármagna þessi blöð. Þetta nefni ég sérstaklega því að til viðbótar hafa — og það undrar mig — allir formenn þingflokka flutt tillögur um að ríkinu sé heimilt að kaupa aragrúa af dagblöðum sem setja á inn í opinberar stofnanir til að tefja þau störf sem þar eiga að fara fram. (**MB:** Þið ættuð að senda þau heim til manna.) Það væri miklu betra. Ég vona að hæstv. ráðh. hafi heyrt þessa tillögu.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti gagnmerka ræðu í gær í umr. Hann er fyrrv. hæstv. fjmrh., þannig að þm. taka almennt mikið mark á honum, eins og sjá má þegar til hans er vitnað í fjárlagaumr. þrátt fyrir að hann hafi staðið að úreltri útgáfu af fjárlagafrv. Hann sagði í umr. í gær, að líkast til færu lántökur ríkisins yfir 110 milljarða kr. á þessu ári. Það verður aldrei of oft sagt, að með því að leggja ekki fram fullkomna lánsfjáráætlun með fjárlagafrv. og með því að gera ekki grein fyrir öllum lántökum ríkissjóðs á fjárlagaárinu er verið að fela mjög mikilvægar staðreyndir fyrir hv. þm. — ekki aðeins staðreyndir sem hafa þýðingu á fjárlagaárinu, heldur hafa þýðingu langt fram í tímann því að með lánsfjáráætlun og með skuldbindingum ríkissjóðs er verið að ákveða fjölmarga liði á fjárlögum næstu ár. Þótt verðbólga hér á landi sé hugsanlega fyrst og fremst aðeins kostnaðarverðbólga svokölluð má gæta sín á því að auka ekki mjög verulega fjármagn í umferð, ekki síst þegar búið er nú að festa vaxtakjörin og gera þau óháð framboði og eftirspurn. Það er alþekkt og viðurkennt af öllum, sem eitthvað þekkja til efnahagsmála, að slíkt hlýtur að valda gífurlegri þenslu innanlands, sem lýsir sér í mikilli eftirspurn og að sjálfsögðu vaxandi og mjög mikilli verðbólgu. Við sjálfstæðismennirnir í fjvn. mótmæltum að sjálfsögðu þessum aðförum ríkisstj. með sérstakri bókun í hv. fjvn., eins og hv. frsm. minni hl., Lárus Jónsson, hefur þegar gert rækilega grein fyrir.

Eins og fram kemur í nál. minni hl. er allri ábyrgð lýst á hendur ríkisstj. og sjónarmiða hennar á hv. Alþ. vegna þeirra vinnubragða sem viðhöfð hafa verið þegar frv. er keyrt í gegn þrátt fyrir gerbreyttar forsendur vegna nýframkominna stjfrv.

Það er sérstök ástæða til að benda enn einu sinni á hvernig ríkisstj. hefur beinlínis notfært sér erfiðleika fólksins í landinu til að herða tekjuöflun sína. Þá á ég við þá erfiðleika sem fólk á olíukyndingarsvæðunum á við að glíma. Í þessu sambandi er rétt að rifja upp, að á sínum tíma voru teknir 2.3 milljarðar út úr fjárlagafrv. og þeir settir í allt aðra og óskylda hluti en til að greiða niður olíukyndinguna. Síðan leggur hæstv. ríkisstj. fram söluskattsfrv., sem gera mátti ráð fyrir að næði inn 8.2, jafnvel 8.4 milljörðum kr. Það hefur nú verið lækkað aftur með brtt. sem nýkomin er fram. En þeir fjármunir, sem þannig áttu að fást og heimtast inn sem orkujöfnunargjald, — það hét orkujöfnunargjald, ef ég man rétt, — áttu aðeins að litlum hluta að fara til slíkrar niðurgreiðslu. Ríkisstj. ætlaði sér að næla í 6 milljarða kr. með skattheimtu sinni á þeim fölsku forsendum að verið væri að hjálpa því fólki hér á landi sem hefur orðið harðast úti vegna orkukreppunnar. Slíkt framferði ber Alþ. að básúna, þannig að það komist rækilega til skila að hæstv. ríkisstj. misnotar sér aðstöðu sína og gerir bágindi fólks hér á landi sér að féþúfu. — Það er hins vegar ekkert óeðlilegt að það hafi gengið erfiðlega fyrir stjórnarliðið að kyngja þessum áformum að fullu. Mér er sagt að það hafi ekki eingöngu verið Gutenberg að kenna að ekki voru haldnir fundir í hv. Alþ. í dag heldur hafi farið fram heitir fundir meðal stjórnarflokkanna þar sem tekist var á um hvaða prósentustig skyldi lagt til grundvallar í atlögu ríkisstj. að íslenskum skattgreiðendum.

Það væri að sjálfsögðu hægt að ræða hér fjölmörg önnur atriði varðandi fjárlagaafgreiðsluna, en því miður gefst ekki mikill tími til þess. Það er ljóst að stefna ríkisstj. í verðlagsmálum hefur beðið skipbrot. Söluskattshækkun kemur til með að eiga sér stað, gengið hefur sigið, miklar hækkanir verða á þjónustugjöldum opinberra stofnana og verðlagsráð hefur neitað að verða við tilmælum viðskrn.

Þá er óþarfi að minnast á stefnu stjórnarinnar í skattamálum. Síðan hæstv. forsrh. lét hafa eftir sér í dagblöðum um daginn að ekki yrði um skattahækkanir að ræða hefur varla stöðvast frumvarpaflóðið á Alþ. þar sem gert er ráð fyrir sífellt nýjum og nýjum sköttum. Þarf ekki annað en minnast á útsvarið á sínum tíma, sem auðvitað er skattar í augum almennings, flugvallarskatt, sem maður les um í fjárlagafrv. að komi til með að hækka, og söluskattsaukann sem ég nefndi áðan.

Gengismálin ætla ég ekki að fjalla um. Þau eru alþekkt hér sem umræðuefni undanfarna daga.

Í peningamálunum er sama uppi á teningnum. Vaxtastefnan er sú gamla stefna vinstri flokkanna að halda vaxtastig hafi engin áhrif á eftirspurn og framboð á fjármagni innanlands. Með lánsfjáráætlun virðist eiga að stórauka fjármagn sem í umferð á að komast.

Ég þarf ekki að minnast á ríkisfjármálin. Við höfum verið að ræða um fjárlagafrv. hér, en þar er að sjálfsögðu það megineinkenni vinstri flokka áberandi að ekkert má skera, ekkert spara, aðeins á að loka endum og hnýta fyrir með aukinni skattheimtu. Sjónarmið ríkissjóðs sitja í fyrirrúmi, en sjónarmið annarra verða að víkja. Þjóðhagsstofnun var beðin af fjvn. að endurskoða áætlanir sínar og skýra frá því, áður en fjárlög yrðu afgreidd á

Alþ., hvað væri að gerast varðandi framfærsluvísitöluna. Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að hún verði talsvert hærri en kemur fram í forsendum fjárlagafrv., talsvert hærri en ríkisstj. hefur gert ráð fyrir í sinni undirbúningsvinnu. Yfir þessu á ekki að gleðjast, en þetta er enn ein sönnun þess að ríkisstj. á við miklu meiri erfiðleika að etja en hún sjálf viðurkennir. (Gripið fram í.) Það verður alltaf að lifa í voninni.

Það kom fram í ræðu hv. frsm. minni hl. fjvn. að á fundi fjh.- og viðskn. í dag hefðu komið fram kröftug mótmæli frá launþegasamtökunum, BSRB og ASÍ. Þar er farið hörðum orðum um þá aðför að launamönnum sem mörkuð er með áformaðri söluskattshækkun. Ég ætla ekki að lesa þessar yfirlýsingar aftur, þær voru lesnar í ræðu hv. frsm. minni hl., en mig langar í þessu sambandi til að lesa þrjár eða fjórar línur úr stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens, með leyfi forseta. Þar stendur í upphafi kaflans um kjaramál:

„Á undanförnum árum hafa staðið yfir mikil átök um launamál. Ríkisstj. leggur höfuðáherslu á að leysa þau mál með samstarfi og samráði" o. s. frv.

Þetta hef ég lesið úr því kveri sem mér var ráðlagt að lesa bæði kvölds og morgna og hef reynt að gera eins og tími hefur unnist til. (**Gripið fram í:** Þm. átti að kunna þetta utanbókar.) Ég er nú ekki sá moðhaus að ég leggi það í vana minn að læra svona hluti utanbókar, þótt ég viti að sumum gefst betur að reyna þá aðferðina. En ég get hins vegar upplýst hv. þm. um að ég geng alltaf með þetta kver í töskunni hjá mér og sýni það gjarnan vinum og kunningjum þegar við erum að skemmta okkur, og hafa menn mikið gaman af.

En það er ekki aðeins siðferðiskrafa launþegasamtakanna að hæstv. ríkisstj. hafi samráð við launþegasamtökin, það er bókstaflega lagaleg krafa því að um þessi mál eru til lög á Íslandi, ef ég má nota svo virðulegt nafn á lögum nr. 13 frá 1979. Í II. kafla þeirra laga er því lýst nákvæmlega, hvernig slíkt samráð eigi að eiga sér stað, og þar er sagt frá því, hverjir eiga að taka þátt í slíku samráði og út á hvað það eigi að ganga. Þar er nákvæmlega sagt frá því, að þegar fjallað er um mál eins og þessi — þetta er í 5. gr. — skuli hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins. Það er auðvitað með lagalegum rétti sem launþegasamtökin hafa látið álit sitt í ljós. Það hlýtur nefnilega að þreyta þessi samtök til lengdar þegar sífellt er verið að rétta þeim félagsmálapakka í fallegum umbúðum með engu í.

En það eru ekki aðeins launþegasamtökin sem hafa látið álit sitt í ljós. Hv. fjh.- og viðskn. Nd. leitaði enn fremur umsagnar Vinnuveitendasambands Ísland og Verslunarráðsins um söluskattshækkunina. Þar er auðvitað tekið í sama streng og á það er bent rækilega í báðum erindunum að um er að ræða leið sem hlýtur að vera mjög örðug og varasöm fyrir ríkisstj., ekki síst ef þröngva á slíku máli í gegnum Alþ. á stuttum tíma. Ég ætla ekki að lesa úr þessum plöggum, en ég veit að hingað í ræðustól koma menn sem án efa munu skýra frá þessum sjónarmiðum.

Það hlýtur að vera spurning okkar nú þegar senn líður að þeim tíma að Alþ. verður að taka hlé frá störfum, hvað ríkisstj. hyggst gera í þeim málum sem enn eru ekki afgreidd á þessu þingi, en þarf að sjálfsögðu að afgreiða fyrr en síðar. Vegna seinlætis ríkisstj. eru þau mál nú komin í eindaga. Ríkisstj. verður þess vegna að sjálfsögðu að gera það upp við sig hvernig hún ætlar að standa að afgreiðslu mála á hinu háa Alþingi nú þegar við höfum aðeins nokkrar stundir til stefnu.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson lýsti þeirri skoðun sinni í gær, að ef ríkisstj. legði á það ofurkapp að afgreiða söluskattshækkunina, auðvitað á sína ábyrgð, gæti stjórnarandstaðan að sjálfsögðu ekki lagt stein í götu hennar né breytt þeim áformum. Það sýnist vera miklu eðlilegra að láta slíkar skattahækkanir koma fram, láta þær ekki svífa í lausu lofti og hafa áhrif á spákaupmennsku hjá þeim sem hyggjast kaupa sér dýra vöru og hagnast þannig á því að kaupa hana fyrr en síðar. Ég veit ekkert um hvernig hæstv. ríkisstj. hefur ætlað sér að afgreiða þessi mál fyrir skírdag. Mér hefur þó verið sagt að hún leggi fyrst og fremst áherslu á fjárlagafrv. Sé það rétt getur hún keyrt það fram, en það hlýtur þá að vera á kostnað annarra mála.

Við gerum grein fyrir málstað okkar í nál. minni hl. fjvn. Þar kemur afstaða okkar skýrt fram. Við stöndum að sjálfsögðu fast á þeirri afstöðu og ætlumst til þess af hæstv. ríkisstj. að einhver talsmaður hennar komi hér í ræðustól, — þeir geta komið hingað hvenær sem er fyrirvaralaust, til þess hafa þeir frelsi og rétt samkv. fundarsköpum, — og segi okkur hvernig þeir ætli að standa að afgreiðslu þessara mála.

Ég vil að lokum nota tækifærið, eins og aðrir fjvn.-menn sem hér hafa talað, og þakka nm. fyrir sér í lagi ágætt samstarf. Ég verð að segja að mér finnst það með þeim ágætum að ég vil gjarnan fá tækifæri til að skoða þetta frv. aftur og betur eftir páska.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Á þskj. 271 flyt ég ásamt nokkrum öðrum þm., hv. þm. Karvel Pálmasyni, Kjartani Jóhannssyni, Matthíasi Bjarnasyni og Sverri Hermannssyni, brtt. við frv. til fjárlaga sem ég hef áhuga á að fylgja úr hlaði með örfáum orðum áður en ég vík nokkrum orðum að afgreiðslu fjárlagafrv. sem hér fer væntanlega fram á morgun.

Eins og menn muna var gert samkomulag við sjómannasamtökin í tilefni af gerð kjarasamninga fyrir rösku einu ári þar sem þáv. hæstv. ríkisstj. lofaði ákveðnum tilteknum aðgerðum til umbóta í félagsmálum fyrir sjómenn. Einn þáttur þeirra aðgerða, sem þáv. hæstv. ríkisstj. lofaði sjómönnum, var að verja fé úr ríkissjóði til styrktar við sjómannastofur, ekki til rekstrarstyrkja við sjómannastofur, því að þeir styrkir hafa tíðkast um nokkurra ára skeið, heldur til stofnkostnaðar við sjómannastofur í landinu, til byggingar þeirra.

Ég þarf að sjálfsögðu ekki að lýsa því í mörgum orðum hver nauðsyn er á að slíkar sjómannastofur verði settar upp, t. d. á þeim stöðum úti á landi þar sem um tímabundið skeið er mikil aðsókn aðkomusjómanna, svo sem á loðnuvertíð, sem hvergi eiga höfði sínu að að halla. Á þeim stöðum eru mjög víða sjómannastofur sem eru búnar með miklum vanefnum. Út af fyrir sig hefur verið unnt að halda rekstri þeirra gangandi, m. a. með stuðningi fjár frá ríkissjóði, en hins vegar eru þessar sjómannastofur mjög illa búnar húsgögnum, illa búnar blaðakosti og öðru því sem til gamans getur verið og dægradvalar.

Undir lok s. l. árs kom hins vegar í ljós að hæstv. fyrrv. ríkisstj. hafði gert næsta lítið til að efna loforð sín við sjómennina, m. a. um sjómannapakka sem svo var kallaður. M. a. hafði ekkert fé verið útvegað og engar ráðstafanir gerðar til fjárútvegunar til neins þess sem hæstv.

þáv. ríkisstj. hafði lofað að útvega sjómönnum og sjómannastarfi. Hæstv. núv. fjmrh., sem þá gegndi embætti samgrh., hafði legið með flestöll þessi mál í rn. sínu án þess að hafa látið til skarar skríða um lausn þeirra, og þegar minnihlutastjórn Alþfl. tók við völdum 15. okt. s. l. hafði sama og ekkert af loforðunum, sem þáv. ríkisstj. hafði gefið sjómönnum, verið efnt. Þ. á m. höfðu engar ráðstafanir verið gerðar til að afla fjár til aukinnar veðurþjónustu við sjómenn, eins og lofað hafði verið að gera, og ekkert hafði heldur verið gert til að útvega fé til að efla fræðslustarf sjómanna, eins og lofað hafði verið. Ekkert hafði verið gert til að útvega fé til stofnstyrktar fyrir sjómannastofur, eins og einnig hafði verið lofað að gera.

Ríkisstj. Alþfl. ákvað að reyna að efna þau loforð sem gefin höfðu verið mörgum mánuðum fyrr, en þáv. hæstv. samgrh. lítið sem ekkert gert til að reyna að efna. Hins vegar var, eins og ég tók fram áðan, ekkert fé fyrir hendi í árslok m. a. til að verja til stofnstyrktar við sjómannastofur, svo að brugðið var á það ráð að fjárlagaliður, sem ekki hafði verið notaður, þ. e. línuuppbót til sjómanna, sem var að mig minnir í kringum 30 millj. kr., var tekinn til þessarar ráðstöfunar. Honum var skipt á fjóra staði í landinu, þar sem sjómannastofur fengu stofnstyrk í lok desembermánaðar til húsbúnaðarkaupa og fleira slíks. Þegar núv. fjárlagafrv. var lagt fram sáust þess hins vegar hvergi merki að hæstv. ríkisstj. ætlaði að reyna að standa við síðari hlutann af því fyrirheiti sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar gaf í þessu sambandi.

Í fjárlagafrv. núna er hvorki ákvæði um framlag til sjómannastofa, þ. e. til stofnkostnaðar, né heldur ákvæði um framlag til uppbótar á línufisk. Hvort tveggja þetta hefur fallið niður úr fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. Ég vona að annar liðurinn a. m. k., þ. e. liðurinn um framlag úr ríkissjóði til búnaðar sjómannastofa, hafi fallið niður af vangá. Sú er ástæða þess að við, þessir tilteknu þm., berum nú fram á þsk. 271, í lið IV, till. um að vinnumálaliður félmrn. verði hækkaður um 20 millj. kr. og því fé varið til stofnframlags til sjómannastofa, sem yrði væntanlega skipt í samráði við sjómannasamtökin, Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, eins og gert var í desembermánuði s. l. Ég vil leyfa mér að treysta því, að hæstv. núv. ríkisstj. fáist til þess að samþykkja slíka fjárútvegun. Þetta er ekki meira fé en varið var í þessu skyni í desembermánuði s. l. Þetta er fjármagn sem búið er að lofa sjómannasamtökunum að útvega, en ekki var staðið við fyrr en seint á síðasta ári og ekki virðist eiga að standa við samkv. fjárlagafrv. nú. Ég vil leyfa mér að álíta að þetta séu mistök hjá hæstv. ríkisstj., hafi fallið út fyrir vangá, og vona fastlega að hv. stjórnarliðar sjái mistök sín og vilji fallast á þá till. okkar að 20 millj. kr. verði varið til stofnbúnaðar við sjómannastofur í landinu. En það mundi nema um það bil 5 millj. kr. í framlagi til þeirra staða sem fengu álíka framlag í desembermánuði s. l.

Ég vil svo, hæstv. forseti, ekki fara öllu fleiri orðum um þessa till., en ítreka þá ósk mína að menn sjái að sér í þessu sambandi og afgreiði ekki fjárlög án þess að gera ráð fyrir þessum útgjaldalið, einkum og sér í lagi vegna þess að hér er einfaldlega um að ræða efnd á loforðum sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. gaf sjómannasamtökunum á sínum tíma og staðið var við, þótt seint væri, á s. l. ári, en stendur upp á hæstv. ríkisstj., a. m. k. samkv. fjárlagafrv. sem hún hefur lagt fram, að efna á þessu ári eins og loforðin stóðu til.

Ég vil þá fara örfáum orðum um afgreiðslu fjárlagafrv.

Ég verð enn að undrast það, að þegar lagt er svo mikið kapp á að afgreiða mál af hálfu hæstv. ríkisstj. á Alþ. skuli það gerast æ ofan í æ að ekki einn einasti ráðh. sé viðstaddur umr. Ég víti þetta framferði hæstv. ríkisstj. og vil óska eftir því við hæstv. forseta að hann geri enn ráðstafanir til þess, ég held að það sé í fjórða eða fimmta sinn sem þarf að óska eftir því við hæstv. forseta, að náð verði sambandi við hæstv. ráðh. og umr. ekki haldið áfram öðruvísi en einhverjir forsvarsmenn hæstv. ríkisstj. séu viðstaddir. (Gripið fram í.)

Ég vil leyfa mér að lýsa því yfir, hæstv. forseti, að ég hef setið á Alþ. síðan 1974. Það er að vísu ekki langur tími, en samt nokkur ár, lengur en t. d. hæstv. ráðh. sem nýlega er genginn í salinn. Á þeim tíma hafa aldrei verið fleiri ráðh. en þær fáu vikur sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum. Ég man aldrei til þess að annarri ríkisstj. hafi legið jafnmikið á að afgreiða mál og þessari hæstv. ríkisstj. En mig rekur ekki minni til þess að ræðumenn hafi fimm sinnum við sömu umr. um sama málið þurft að krefjast þess af hæstv. forseta að ráðh. yrðu sóttir vegna þess að þeir væru annaðhvort að sóla sig úti í Alþingishúsgarði eða væru einhvers staðar á rölti um húsið gersamlega áhugalausir um að taka þátt í umr. eða vera við til að hlýða á umr. Það ætti a. m. k. ekki að vera vanda undirorpið fyrir tíu ráðh. að skiptast á og vera þó við einn í einu. Ég skal ekki gera neitt sérstakt veður út af því þó að það sé að þessu sinni hæstv. iðnrh. sem stendur vaktina, en enginn sé viðstaddur, hvorki frá Framsfl. né þeim bandingjum sem drattast á eftir fulltrúum flokkanna tveggja í ríkisstj.

Löng stjórnarkreppa á s. l. hausti sætti meiri tíðindum en menn kynnu að halda við fyrstu sýn. Sú stjórnarkreppa var miklu meira en það eitt að nokkrir einstaklingar ættu erfitt með að koma sér saman um að mynda ríkisstj. Þetta var miklu meira en venjuleg stjórnarkreppa, miklu meira en erfiðleikar í persónulegri sambúð stjórnmálaforingja og flokka. Stjórnarkreppan á s. l. hausti og vetri stóð í raun réttri um hvort unnt væri að endurnýja enn á ný þingmeirihluta til stuðnings við þá stjórnleysis- og óðaverðbólgustefnu sem komst til valda í þessu landi árið 1971 þegar Framsfl. og kommúnistar komust í stjórnarstólana eftir 12 ára útlegð. Þessi stjórnarstefna, sem ríkt hefur í landinu s. l. 10 ár, hefur skilið efnahagslíf okkar Íslendinga eftir í algerri rúst. Hér er meiri verðbólga í landi en var á stríðstímum, þegar allar aðdráttar- og samgönguleiðir landsins við útlönd voru lokaðar. Seðlaprentun er svo hömlulaus að hún er aðhlátursefni útlendinga og fréttaefni í víðlesnum erlendum blöðum. Íslenska krónan er orðin verðlaus mynt sem enginn landsmaður ber lengur minnstu virðingu fyrir. Skuldasöfnun hefur aldrei verið meiri og vex nú hröðum skrefum með hverjum deginum sem líður. Þessi sömu viðhorf hafa verið ráðandi hjá öllum ríkisstj. síðan árið 1971 að 12 ára útlegð Framsóknar og kommúnista lauk hér á þessu landi.

Fyrst var slík ríkisstj. stofnuð með tilstyrk Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Þeir veittu slíkri ríkisstj. þann þingmeirihl. sem hún þurfti. Hvað entist sá stuðningur lengi? Í um það bil tvö ár. Hver gafst þá upp?

Forsvarsmaður Alþýðusambands Íslands, Björn Jónsson, og hans félagar. Þá létu þeir stuðningi sínum við framsóknarkommúnismann lokið.

Þá kom nýr liðsmaður, flokkur hv. þm. Geirs Hallgrímssonar. Hann myndaði ríkisstj. fyrir Framsfl. til að viðhalda sömu stefnu óbreyttri. Að vísu var hv. þm. Geir Hallgrímsson í forsæti fyrir þeirri ríkisstj. að nafninu til, en stefnan var stefna Ólafs Jóhannessonar, Framsfl. og kommúnista, enda urðu engar breytingar á stjórn efnahagsmála í þessu landi eða á efnahagslífinu á Íslandi með stjórnarskiptunum 1974. Þar var haldið áfram sama stjórnleysinu, sama framsóknarkommúnismanum, enda féll sú ríkisstj. við lítinn orðstír.

Það er engin ástæða til að víkjast undan því, að við Alþfl.-menn tókum það á okkur á næstliðnu hausti að veita slíkri ríkisstj. áfram skjól um nokkurt skeið, þegar annar þingmeirihl. hennar var brostinn. Okkar stuðningur við framsóknarkommúnismann stóð í aðeins eitt ár eða helmingi skemur en stuðningur Björns Jónssonar og Samtakanna.

Þannig stóð eftir áratug. Menn höfðu fyrir augunum hvaða afleiðingar höfðu orðið af þeirri stjórnarstefnu, sem fyrst komst að á Íslandi árið 1971. Þrír aðilar höfðu veitt henni skjól á þessu tímabili, en langlundargeð allra þriggja var þrotið. Stjórnarkreppan eftir kosningarnar síðustu stóð fyrst og fremst um hvort finnanlegur væri einhver örlítill þingstyrkur til viðbótar við þingfylgi Framsfl. og Alþb. til að veita þessum framsóknarkommúnisma áttunda áratugsins skjól eilítið lengur. Hann var ekki finnanlegur hjá Alþfl., það var alveg ljóst. Það var ljóst að Alþfl. vildi ekki setjast í ríkisstj. með óbreytta stefnu frá þeirri ríkisstj. sem hann var í um eins árs skeið. Það varð því að finna þann meirihlutastuðning annars staðar. Það lá ljóst fyrir, að ef hann fyndist ekki mundu aðstæðurnar neyða Alþingi Íslendinga til stjórnarmyndunar á öðrum grundvelli, ekki endilega með öðrum flokkum, heldur á öðrum grundvelli en allar ríkisstj. hafa verið myndaðar á á Íslandi á s. l. 10 árum.

Því miður fyrir Alþ., því miður fyrir ríkisvaldið og því miður fyrir íslensku þjóðina lyktaði þessari löngu stjórnarkreppu með ósigri þeirra afla sem vildu breyta til, sem vildu brjóta í blað. Nokkrir einstaklingar gengu á síðustu stundu til liðs við áframhaldandi stefnu framsóknarkommúnismans og veita henni nú skjól. Enn er haldið áfram á sömu braut og byrjað var að feta árið 1971. Sjálfsagt getur þetta samstarf staðið nokkra hríð. Vonandi stendur það sem lengst þannig að þegar ríkisstj. fellur verði fall hennar nægilega mikið, hún falli nægilega hátt til þess að mönnum sé ljóst í eitt skipti fyrir öll að ef von á að vera til að ná árangri í stjórn efnahagsmála á Íslandi verði það ekki gert með öðrum hætti en þeim að hverfa frá þeirri óstjórn sem setti svip sinn á störf ríkisstj. Íslands á árunum 1971 — 1974, hélt áfram að móta störf ríkisstj. sem sat að völdum 1974 — 1978, var óbreyttri haldið áfram af ríkisstj. sem sat 1978 — 1979 og einkennir öll störf og öll verk þeirrar ríkisstj. sem er nýlega tekin við.

Það er ekkert sem út af fyrir sig bendir til annars en að þetta stjórnarsamstarf geti staðið talsverðan tíma enn. Síst hörmum við það, því að með hverjum deginum sem líður verður þjóðinni þá betur og betur ljóst að bæði þarf að skipta um menn og stefnu. Halda menn t. d. að það sé líklegt að þeir þrír sjálfstæðismenn, sem eiga að sitja í ráðherrastólum nú, en gera það ekki, muni spyrna við fótum? Hver er staða þeirra í ríkisstj.? Hafa menn veitt því athygli — þm. hafa sjálfsagt gert það — að í dag og í gær hafa þingflokkur Framsfl. og þingflokkur Alþb. setið á stöðugum fundum til að leysa alvarleg ágreiningsefni sem komið hafa upp í stjórnarliðinu? Þessir þingflokkar voru búnir að halda fundi í dag frá kl. 2 til kl. 5 og náðu loks samkomulagi. En hvar var garmurinn hann Ketill? Hvar var þriðji aðilinn í stjórnarsamstarfinu? Ráðh. voru hérna að dandalast eins og höfuðsóttarrollur um allt hús og voru einu mennirnir hér inni, að stjórnarandstöðunni meðtalinni, sem höfðu ekki hugmynd um hvað var að gerast. Engum datt í lifandi hug að leita til þeirra og spyrja þá um hvaða álit þeir hefðu eða leita ráða hjá þeim eða spyrja þá um eitt eða neitt. Þeir bara dönduluðust hér í húsinu og voru að spyrja menn sem þeir hittu: Ja, hvað haldið þið að framsóknarmenn séu að ræða? Eru kommarnir enn þá á fundi og um hvað eru þeir að tala?

Að loknum fundi þingflokka Alþb. og Framsfl. sagði einn af forustumönnum annars þingflokksins við kunningja sinn að nú væri búið að ná samkomulagi á milli Framsfl. og Alþb. um lausn þess deilumáls sem fundirnir voru haldnir út af, en það er, eins og öllum er kunnugt, 2% hækkun á söluskatti sem til stóð. Þá var hann spurður: En hvernig er með Gunnar og hans lið? Svarið var: Ég bara veit ekki hvort það er búið að spyrja þá.

Þessir menn skipta ekki lengur nokkru máli. Þetta var gjaldgeng mynt á meðan verið var að mynda ríkisstj., en er nú orðin falsmynt sem enginn vill taka við. Þessir ágætu þm. og hæstv. ráðh. eru eins og íslenska krónan er í útlöndum: Það vill enginn taka við þeim. Það er ekki hægt að skipta þeim. Og hvernig halda menn að þessir einstaklingar hafi einhverja stöðu í ríkisstj.? Hvað hafa þeir á bak við sig? Þeir hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson halda sér dauðahaldi í hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen, sem vissulega er mikill persónuleiki, eins og drukknandi maður í bjarghring. En ef þeir hafa ekki lengur slíkt tak, í hvað halda þeir sér þá? Og hvað skyldu þessir menn gera ef þeir ættu að spyrna við fótum og segja nei? Hvert eiga þeir að fara ef þeir fara út úr þessari hæstv. ríkisstj.? Aftur í þingflokk Sjálfstfl. eins og lúbarðir hundar? Og hvað munu þeir gera? Hver er staða þeirra í íslenskri pólitík? Þeir eru afkvæmi stjórnarinnar. Hæstv. ríkisstj. þarf ekki einu sinni við þá að tala, hún þarf ekki að ráðgast við þá um eitt eða neitt, það þarf ekki að spyrja þá álits á einu eða neinu, hún þarf varla einu sinni að láta þá vita um niðurstöður sínar.

T. d. má nefna að þegar hv. þm. Geir Gunnarsson tilkynnti úr ræðustól í dag að það væri búið að ná samkomulagi í stjórnarliðinu um að lækka fyrirhugaða söluskattshækkun úr 2% í 1.5% sat hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson í ráðherrastólnum fyrir framan okkur og honum kom þetta gersamlega á óvart. Þeir höfðu gleymt að segja hæstv. ráðh. frá þessu. Hann vissi þetta ekki.

Slík er staða þessara hv. þm. og nú ráðh. í ríkisstj. Þeir voru mikils virði, það var þungt í þeim pundið þegar ríkisstj. var mynduð, en eftir að ríkisstj. hefur verið mynduð er þetta orðinn verðlaus peningur; eins og vélarlaust flak sem verður að hanga aftan í Alþb. og Framsfl. svo lengi sem þessir tveir flokkar kæra sig ekki um að skera þá aftan af sér. Þó að þessir tveir ágætu ráðh. hafi sín fullu atkv. hér á þingi eins og hver annar hafa þeir enga viðspyrnu, þeir hafa enga vigt. Vera þeirra í ríkisstj. er nákvæmlega gagnslaus. Þeir eru ekki annað en

atkv. sem Alþb. og Framsfl. vantaði. Þeir flokkar hafa fengið atkv. þeirra og geta haldið þeim svo lengi sem þeir kæra sig um vegna þess að þessir ágætu menn hafa ekkert annað að fara, — ekki neitt. Þeir gætu lagst út hér í þinginu, en þeir gætu ekkert annað gert. Og látið þið ykkur detta það í hug, ágætu þm., að það sé einhver viðspyrna í þessum monnum, ríkisstj. muni ekki lifa eins lengi og Alþb. og Framsfl. telja henta vegna þessara manna? Nei, það er engin ástæða til annars en að halda að hæstv. ríkisstj. og stjórnarsamstarfið, sem nú er nýhafið, geti enst talsvert lengi. Það skyldi enginn ætla annað.

Það er líka annað sem til kemur þar. Það er einfaldlega að Alþb. hefur tekið algerri myndbreytingu á fáum mánuðum. Alþb. var talsvert virðingarverður flokkur áður fyrr. Alþb.-menn höfðu „prinsip," sem oft stönguðust á við staðreyndir, þeir voru oft blindir fyrir staðreyndum, það skal viðurkennt, en þeir héldu sér mjög fast í þessi „prinsip" sín og það er virðingarvert. Og Alþb. gerði meira. Alþb. seldi sig yfirleitt mjög dýrt. Alþb. fór ekki í ríkisstj. nema gegn ákveðnum skilyrðum. Þau skilyrði voru mjög ströng. Þau stönguðust oft á við raunveruleikann. Þau stönguðust jafnvel á við almenna þekkingu og almenna skynsemi, en þetta voru „prinsip" Alþb. og Alþb. seldi sig dýrt. En hvað nú? Nú er Alþb. orðið hreinn kerfisflokkur, eins og vinur minn, hv. þm. Vilmundur Gylfason, mundi orða þetta. Nú ræður Alþb. „gáfumannafélagið," sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson kallar svo. Það eru menn úr lávarðadeildinni, bæði litlir og stórir lávarðar. Það eru menn sem ekkert eiga skylt við þá sem lengstum hafa ráðið ferðinni í Alþb. og selt sig dýrt.

Það er ekki að ástæðulausu sem Alþb.-mönnum liggur nú lifandis ósköp mikið á að leggja á 2% söluskatt fyrir páska og fella gengið fyrir páska. Af hverju þarf Alþb. endilega að klára þetta allt fyrir páska? Skýringin er ákaflega einföld. Um páskana kemur Lúðvík Jósepsson heim, og Alþb.-mennirnir, sem eru búnir að selja sál sína, vilja klára þetta áður en Lúðvík kemur heim, vegna þess að þeim er það jafnvel ljóst og mér að þeir hefðu aldrei fengið að gera þetta allt saman, fella gengi og hækka söluskatt, ef Lúðvík hefði verið í landinu. Þess vegna liggur hæstv. ráðh. svo lífið á að þeir voru að hugleiða í dag að hafa deildafundi kl. 4 í nótt og féllust svo loks á til málamynda að hafa ekki fund fyrr en kl. 10 í fyrramálið. Og ég er sannfærður um að þeir eiga sér ekki aðra ósk heitari en að Flugleiðir felli niður allar ferðir til landsins þangað til búið er að samþykkja bæði fjárlög, skattahækkun og fella gengið. — Hæstv. fjmrh. eru hæg heimatökin þar. Mér skilst að hann sé enn þá að ræða við þá flugleiðamenn um ríkisábyrgð og fleira og sé að setja skilyrði. Hann gæti sjálfsagt sett um það skilyrði að flytja ekki Lúðvík Jósepsson heim fyrr en hann segði til.

Þetta er nefnilega hin nýja ímynd Alþb. — ekki hæstv. fjmrh. Hann tilheyrir gömlu kynslóðinni ef einhver ráðh. gerir það. — Hin nýja mynd Alþb. er hæstv. ráðh. Hjörleifur Guttormsson, sem situr þarna, hæstv. ráðh. Svavar Gestsson, sem á að sitja þarna, og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Þetta er lávarðadeildin í Alþb. Þetta er „gáfumannafélagið" sem nú ræður ferðinni og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson kallar svo. Þessir hv. þm. eiga ekki lengur nein stór „prinsip," eins og þeir Lúðvík Jósepsson og Magnús Kjartansson áttu. Þessir menn selja ekki lengur Alþb. dýrt. Það þarf enginn að óttast það.

Það vill svo til að við Alþfl.-menn þekkjum svipaðan kafla úr okkar sögu. Það vill svo til að við munum eftir svona þætti í flokkssögu okkar. Við áttum líka einu sinni okkar gáfumannadeild, okkar lávarðadeild. Við munum hvar flokkurinn stóð og hvernig flokknum farnaðist undir stjórn hennar. Og við vitum alveg hvað bíður Alþb. núna. Og hann Guðmundur J. Guðmundsson, hv. þm., veit það líka. Þess vegna er hann ekki hér í kvöld.

Þeir eru sjálfsagt fleiri hér inni, Alþb.-mennirnir sem grunar sitthvað í þá átt sem við Alþfl.-menn vitum, því að hvað skyldi það vera sem þeir Alþb.-menn eru nú að gera? Þeir hafa samþykkt — samþykktu það í gærmorgun — að fella gengið. Þar er ekki lengur neitt „prinsip" til. Þeir leggja nú fram frv. um og berjast fyrir söluskattshækkun upp á 2 stig. Og af öllum flokkum er það Framsfl. sem er í því hlutverki að veita þeim mótspyrnu í þessu sambandi. Þeir boða ekki bara launastefnu með fjárlagafrv. sínu. Þessir sömu menn sögðu í vetur, þegar þeir voru að ræða við okkur um stjórnarmyndun, að það væri það versta af öllu illu ef ríkisstj. ætlaði að leggja upp með skoðun á launamálum. Það er ekki aðeins að þeir boði launastefnu í fjárlagafrv. sínu þvert ofan í fyrri yfirlýsingar sínar, heldur boða þeir launastefnu, sem gengur út á að skerða launakjörin á árinu um a. m. k. 4.5%, og eru nú að leggja fram tillögur um enn frekari kjaraskerðingu.

Þeir eru búnir að afgreiða hér útsvarshækkun. Þeir eru búnir að afgreiða hér tekjuskattshækkun. Þeir eru búnir að fá mótmæli, harkaleg mótmæli, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja við stefnu sinni, frá Alþýðusambandi Íslands, frá sínum eina þm. sem orðaður er enn við verkalýðshreyfinguna í landinu, hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, sem Vilmundur Gylfason kallaði síðasta „móhíkommann." Þetta er hið nýja Alþb. Þetta er Alþb. sem þeir eru fulltrúar fyrir, hæstv. ráðh. Hjörleifur Guttormsson, hæstv. ráðh. Svavar Gestsson og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Þetta er Alþb. þeirra. Þetta er ekki Alþb. Lúðvíks Jósepssonar. Þetta er ekki Alþb. Magnúsar Kjartanssonar. Og þetta er því síður og síst af öllu Alþb. Guðmundar J. Guðmundssonar. En þetta er Alþb. sem nú er í ríkisstj.

Núv hæstv. ríkisstj. lætur tvennt gott af sér leiða. Í fyrsta lagi losar hún Sjálfstfl. væntanlega við frekari áhyggjur af Gunnari Thoroddsen, og er það gott út af fyrir sig því að þá verður flokkurinn e. t. v. viðræðuhæfur. Í öðru lagi losar hún okkur Alþfl.-menn við frekari áhyggjur í bili af Alþb.

Þegar ríkisstj. tók við eftir langa stjórnarkreppu í vetur og mjög óvanalega ríkisstjórnarmyndun héldu margir að nú kynni að vera brotið blað í íslenskum stjórnmálum, nú væri eitthvað nýtt í aðsigi, nú væru líkur á kaflaskiptum í stjórnmálum, þó svo að ætti að vera ljóst öllum áhugamönnum um stjórnmál að stjórnarkreppunni lauk með tapi þeirra, sem vildu nýsköpun í stjórnmálum og efnahagsmálum, en sigri þeirra, sem vildu óbreytt ástand.

Fólk hefur bundið miklar vonir við þessa ríkisstj., meiri vonir en við margar aðrar ríkisstj. sem myndaðar hafa verið á undanförnum árum. En sennilega ætlar þessi ríkisstj. að vera fljótari að bregðast vonum fólks en nokkur önnur ríkisstj. sem mynduð hefur verið a. m. k. á s. l. áratug og er þá mikið sagt. Ég man t. d. ekki eftir því að nokkur önnur ríkisstj. hafi verið jafnfljót að fá verka-

lýðshreyfinguna í landinu upp á móti sér og þessi. Hún er nú þegar búin að fá verkalýðshreyfinguna í harða andstöðu við sig.

Við Alþfl.-menn tókum þá ákvörðun og skýrðum frá henni þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við störum, að við mundum gefa ríkisstj. starfsfrið, við mundum ekkert gera til þess að leggja stein í götu ríkisstj., við mundum gefa henni þann tíma sem hún þyrfti til að ráða ráðum sínum, við mundum gefa henni það svigrúm m. a. hér í þinginu, sem hún þyrfti til að geta gengið frá málum sínum, við mundum gefa henni lausan tauminn eins og hún sjálf mundi biðja um fyrstu vikur starfa sinna. Við höfum gert þetta og nú er stefna ríkisstj. komin í ljós. Nú er ekki lengur aðeins vitnað í orðagjálfrið í málefnasáttmálanum. Nú er það alvaran sjálf sem er boðuð. Og hver skyldi hún vera? Hver eru umskiptin sem hæstv. ríkisstj. lét í veðri vaka að mundu fylgja því þegar hún tæki við völdum?

Á s. l. rösku ári lagði þáv. ríkisstj. á 19 nýja skatta. Þessir skattar hækkuðu skattbyrði um u. þ. b. 50 þús. millj. kr. Hvað hefur núv. ríkisstj. gert til að breyta því? Framsfl. sagði þegar ríkisstj. var mynduð að eitt væri víst, að ekki yrðu lagðir á meiri skattar. Sama sagði hæstv. forsrh. En hvað hefur verið gert? Útsvar hefur verið hækkað um 10%. Þar hafa skattar á landslýð verið hækkaðir allt að 5.1 milljarði? Og á hvaða fólki lenda þessir skattar fyrst og fremst? Útsvarið er flatur bráttóskattur. Hann tekur ekkert tillit til tekna fólks. Þessi skattur lendir ekki síður á lágtekjufólki en öðrum. — Þetta var fyrsta skattahækkunin sem hæstv. ríkisstj. afgreiddi. Þetta var fyrsta svarið. Þetta var fyrsta breytingin. Þetta voru fyrstu merkin um nýju stefnuna sem ríkisstj. þóttist vera að boða.

Tekjuskattur hefur verið hækkaður úr 30 milljörðum, eins og hann var í fjárlagafrv. Alþfl., í 38.2 milljarða eða um rösk 40%. Þetta heitir víst á máli hæstv. forsrh. að hækka ekki skatta. Þetta heitir í málefnasáttmála hæstv. ríkisstj. að brjóta í blað, taka upp nýja stefnu.

En það er ekki nóg. Hæstv. ríkisstj. hefur látið að því liggja á Alþ. að skattstigarnir, sem hún sjálf gerði tillögur um fyrir nokkrum dögum, séu ekki nógu háir, það hafi orðið mistök í sambandi við tilorðningu þeirra sem hafi í för með sér að það þurfi að flytja brtt. við skattstigafrv. um hækkun á skattstiganum. Nú efast ég um að þm. öllum sé ljóst að nýlega er búið að framkvæma nýtt úrtak úr skattframtölum manna í Reykjavík og Hafnarfirði. Það eru ekki nema 2 — 3 dagar síðan það úrtak var gert. Það úrtak bendir til þess að tekjuhækkun á milli ára 1978 og 1979 sé mun meiri en 45%, en 45% tekjuhækkun milli áranna var ein af meginforsendum skattstigans sem tillögur voru gerðar um af hæstv. ríkisstj. á Alþ. Hvað þýðir þetta? Það þýðir að skattstiginn, sem hæstv. ríkisstj. lagði fram, muni að líkindum gefa 2 — 3 milljörðum meira í tekjur en hæstv. ríkisstj. lét í veðri vaka vegna þess að tekjuaukningin hefur orðið meiri milli áranna 1978 og 1979. Engu að síður telur hæstv. ríkisstj. sig þurfa að leggja til á Alþ. að skattstiginn, sem hún sjálf gerði tillögur um, verði hækkaður. Ekki eru þetta ný tíðindi, hæstv. forsrh. Er þetta ekki svipuð stefna og flokkur hæstv. forsrh. þóttist berjast gegn í síðustu kosningum?

Þá hefur verið boðað af hæstv. ríkisstj. að til standi á þessu ári að leggja á landsmenn sem svarar 365 þús. kr. byrði á hverja meðalfjölskyldu í landinu til að borga niður innlenda landbúnaðarframleiðslu ofan í erlenda neytendur. Er þetta ný stefna? Er þetta fráhvarf frá niðurgreiðslu- og útflutningsbótapólitík fyrri ára? Síður en svo. Þetta er ekkert nýtt. Þetta er engin stefnubreyting. Þetta er áframhaldandi sama vitleysa og ráðið hefur ríkjum í þessum málaflokki undanfarinn áratug.

Þá hefur verið lögð fram á Alþ. af hálfu hæstv. ríkisstj. tillaga um að hækka flugvallagjald. Er það ný stefna? Er það eitthvað sem er öðruvísi en menn hafa verið að gera undanfarinn áratug?

Þá hefur hæstv. ríkisstj. lagt til að hækka söluskatt um 2%. Það var síðast gert af fyrrv. hæstv. ríkisstj. fyrir einu ári eða tæplega það. Er það þá til marks um að það sé verið að brjóta í blað í stjórnmálum og efnahagsmálum og stjórn ríkisfjármála að leggja til að feta svo dyggilega þá skattahækkunarslóð?

Nú á dögunum var verið að tilkynna það, ég las það í öllum blöðum nema Vísi, að ríkisstj. hafi samþ. gengisfellingu. Vísir segir, og hefur það eftir hæstv. viðskrh., að það sé ekki satt. Þessi gengisfelling, sem hæstv. ríkisstj. er búin að samþykkja, mun eiga að nema 8% á einum mánuði. Fyrsta skrefið hefur verið tekið: 3% gengislækkun sem þegar er komin til framkvæmda. Og ég spyr: Eru þetta ný vinnubrögð? Er þetta eitthvað blaðbrot í íslenskum efnahagsmálum eða ríkisfjármálum? Er það þetta sem átti að gera til að ná tökum á verðbólguvandanum? Er það svona sem á að telja verðbóguna niður, hæstv. viðskrh., með því að fella gengið? Er þetta uppfinning sem aldrei hefur verið áður notuð? Er þetta eitthvað nýtt? Eru þetta ný vinnubrögð?

Hvað um launamálastefnu ríkisstj.? Í fjárlagafrv. stendur að verðbólga á árinu samkv. forsendum frv. sé 46.5%, en kaup hækkar aðeins um 42%. Þetta er launastefna sem boðar 4.5% kauplækkun. Og ég spyr: Er þetta ný stefna? Eru þetta nýju vinnubrögðin sem átti að taka upp við myndun þessarar hæstv. ríkisstj., eða eru þetta vinnubrögð og aðgerðir sem menn kannast við frá störfum þeirra ríkisstj. sem setið hafa að völdum á Íslandi undanfarin 10 ár?

Á fyrstu vikum ársins 1980, áður en hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum, var því spáð að ekki yrði viðskiptahalli við útlönd og á því voru allar efnahagsforsendur reistar. Nú hefur hæstv. ríkisstj. setið að völdum í nokkrar vikur. Þá var gefin út ný spá þar sem áætlað er, miðað við störf hæstv. ríkisstj., að það verði 20 milljarða kr. halli a. m. k. á viðskiptum Íslands við útlönd á þessu ári. Ég spyr: Er þetta kannske nýja stefnan? Eru þetta nýju vinnubrögðin? Eða kannast menn kannske eitthvað við þetta frá fyrri tíma?

Samkv. áliti Seðlabanka Íslands nam lántökuþörf í erlendum gjaldeyri 65 milljörðum kr. á árinu 1980. Framreiknaðar lántökur ársins 1979 til ársins 1980, miðað við breyttar verðlagsforsendur, námu 69 milljörðum. Seðlabankinn varaði við því að farið yrði á árinu 1980 fram yfir 70 milljarða í erlendum lántökum. Hæstv. fjmrh. sagði þessar tölur vera svo gamlar að þær væri ekkert að marka, gengisforsendur hefðu breyst. Hagfræðingur Seðlabankans sagði mér í símtali í gær að svo væri ekki. Gengisforsendur hefðu ekki breyst frá umsögn Seðlabankans, hún stæði óbreytt. 70 milljarða kr. erlend lántaka á þessu ári mun þýða greiðslubyrði upp á ca. 15.9% af þjóðartekjum. Það er hækkun frá árinu í fyrra um ca. 0.6%.

Nú þegar liggur fyrir fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir ríkisframkvæmdir á árinu 1980. Samkv. fjárlagafrv.

því, sem minnihlutastjórn Alþfl. lagði fram, var gert ráð fyrir að þessar lántökur næmu 28.4 milljörðum til A- og B-hluta. Samkv. fjárlagafrv., sem hæstv. núv. viðskrh. lagði fram í haust, var gert ráð fyrir að lántökur til A- og B-hluta vegna ríkisframkvæmda næmu 29.8 milljörðum kr. Hæstv. ríkisstj. segist byggja á þessu fjárlagafrv. En í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni um ríkisframkvæmdir á árinu 1980, sem dreift var í gær, er búið að hækka lántökur úr 29.8 milljörðum, eins og þær voru í frv. Tómasar Árnasonar, hæstv. fyrrv. fjmrh., um 36.5 milljarða. Hvernig skyldi hækkunin vera fengin? Hún er fyrst og fremst fengin með hækkun á erlendum lántökum. Það er ekki gert ráð fyrir miklu meiri innlendum lántökum til ríkisframkvæmda á árinu 1980 samkv. áætlunum núv. hæstv. ríkisstj. en hæstv. fyrrv. fjmrh. Tómas Árnason gerði ráð fyrir. Þessi mikla aukning á lántökum til A- og B-hluta fjárlaga er fyrst og fremst fengin með því að hækka lántökur í erlendri mynt. Og hvaða lántökur er verið að hækka? Er verið að hækka lántökur vegna aukinna framkvæmda í landshöfnum? Nei. Er verið að hækka lántökur vegna þess að það þarf að auka við hlutafjárframlag í Járnblendiverksmiðju á Grundartanga vegna gengisbreytingaforsendunnar? Nei. Hvað er verið að hækka? Það er verið að taka t. d. lán erlendis að upphæð 1.5 milljarðar kr. til að greiða niður með þeim hætti vexti og afborganir af öðru erlendu láni upp á 3.9 milljarða kr. vegna Kröflu. Íslenska ríkið þarf á árinu 1980 að borga 3.9 milljarða í vexti og afborganir af erlendum lánum sem tekin voru vegna Kröflu og skila engum arði. Og það er gert ráð fyrir að hækka erlendar lántökur um 1.5 milljarða til að afla fjár til þess að borga vexti og afborganir af þessu erlenda láni. Menn eru sem sé farnir að slá erlent lán til að borga afborganir af erlendu láni sem varið er í arðlausa fjárfestingu. Eru þetta nýju vinnubrögðin, hæstv. iðnrh.? Eru þetta ekki sömu vinnubrögðin hæstv. iðnrh. og þú og ýmsir flokksbræður þínir notuðu í síðustu ríkisstj.? Ég sé ekki betur. Ég sé ekki að þarna hafi í neitt blað verið brotið. Ég sé ekki að þarna hafi nein ný sannindi verið boðuð eða tekin upp stefna sem ekki hafi verið fylgt undanfarinn áratug.

Hvað halda menn að nýorðin gengisfelling um 3% og sú hækkun söluskatts, sem boðuð er, auki verðbólguhraðann frá því sem hann er? Samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar auka söluskattshækkunin og gengislækkunin verðbólguhraðann um 2 — 3%. Svo segist hæstv. ríkisstj. vera að telja niður verðbólguna! Þegar hún er spurð nánar um hvernig hún ætli að gera það segist hún ekki hafa alveg tíma til þess í dag, hún ætli kannske að byrja á morgun, þó sé það ekki alveg víst, það geti verið að hún fresti því fram yfir hátíðarnar vegna þess að hún þurfi fyrst að telja verðbólguna upp áður en hún geti byrjað að telja verðbólguna niður. Og auðvitað gefur það auga leið, að þegar ríkisstj. gerir sjálf ráðstafanir til að auka verðbólguskriðinn með þeim hætti sem hún er nú að gera kemst hún aldrei í það að fara að telja verðbólguna niður. Og það er bókstaflega hlægilegt að á sama tíma og ríkisstj. er að leggja kapp á að afgreiða slíkar verðbólguhvetjandi ráðstafanir á hinu háa Alþingi gerir hún ráð fyrir því í tekjuspám sínum, t. d. af hækkun söluskattsins, að verðbólga á árinu 1980 verði ekki nema 31%. Þetta er öll reikningskúnstin. Hæstv. ríkisstj. byggir enn á því, þegar komið er fram á 1. apríl árið 1980 og verðbólguskriðurinn er að magnast af völdum hennar sjálfrar, að verðbólga á árinu 1980 verði ekki nema 31%. Allar tölur í fjárlögum eru við það miðaðar, tekjuspáin um tekjur ríkissjóð vegna 2% hækkunar söluskatts er við það miðuð svo og allar hennar aðgerðir.

Það er ekkert nýtt í þessum ráðstöfunum. Þetta er ekkert orðagjálfur í málefnasáttmála. Þetta er alvaran sem stjórnin boðar. Það er ekkert nýtt fólgið í því að hækka útsvar um 10%, að hækka tekjuskatt um 40%, að hækka útflutningsbætur með landbúnaðarafurðum á einu einasta ári þannig að sérhver meðalfjölskylda í landinu þurfi af þeim sökum að taka á sig byrðar sem samsvara 365 þús. kr. útgjöldum. Það er ekkert nýtt í því að hækka flugvallagjald. Það er engin ný ráðstöfun að hækka söluskatt um 2% og ekki einu sinni þó að söluskatturinn sé hækkaður um 1.5%. Það er ekkert nýtt fólgið í því að fella gengið um 8%. Það er ekkert nýtt fólgið í því að boða kauprán upp á 4.5% í fjárlagafrv. Það er ekkert nýtt fólgið í því að breyta hagstæðri stöðu við útlönd í 20 milljarða viðskiptahalla á fimm vikum. Það er ekkert nýtt fólgið í því að boða hækkun upp á ca. 40% í raungildi á erlendum lántökum þannig að greiðslubyrði komist í 16 — 17% á næstu 1 — 2 árum. Það er engin ný stefna fólgin í neinu af þessu. Þetta er sama gamla óreiðustefnan, sami gamli framsóknarkommúnisminn og var leiddur til öndvegis í þessu landi árið 1971 og hafði fyrst skjól af Samtökum frjálslyndra og vinstri manna. Þegar þau gáfust upp var stuðst við íhaldið. Þegar það brást gengust Alþfl.-menn undir okið í eitt ár og fengu nóg af. Og nú eru það Gunnar og félagar, hæstv. forsrh. og félagar hans, sem ganga undir okið, höfuðsóttarkindurnar sem ráfuðu um sali Alþingis í dag án þess að hafa hugmynd um hvað var að gerast.

Hæstv. forseti. Ég sagði áðan að við Alþfl.-menn hefðum tekið þá ákvörðun að gefa ríkisstj. nægan tíma og starfsfrið til að undirbúa störf sín og koma fram málum sínum. Hveitibrauðsdögum hæstv. ríkisstj. er nú lokið. Nú er hún að boða stefnu sína í hverju frv. á fætur öðru. Nú er líka ástæðulaust fyrir okkur Alþfl.-menn að vera neitt að bíða meira. Nú förum við í harða stjórnarandstöðu við hæstv. ríkisstj. — þá stjórnarandstöðu sem Alþýðusamband Íslands er komið í við hana og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, þá stjórnarandstöðu sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson er kominn í við ríkisstj.

Ég er alveg sannfærður um að hvort sem hæstv. ríkisstj. lifir lengur eða skemur verður hún þjóðinni holl og þörf lexía. Hún verður þjóðinni svo holl og svo þörf lexía að ég er sannfærður um að þegar starfstímabili ríkisstj. loksins lýkur, hvort sem það verður fyrr eða seinna, verða þau stefnumið, sem hún hefur á oddinum og sett hafa svip sinn á störf allra ríkisstj. á undanförnum áratug, lögð í ís og það verður til lengri tíma en til 10 ára og það verður líka til lengri tíma en 12 ára.

Ég sagði að það væri þó eitt sérstaklega ánægjulegt við störf þessarar ríkisstj. að veita athygli þeirri myndbreytingu sem orðin er á Alþb.-flokknum sem einu sinni átti allra flokka mest af „prinsipum," hvort sem þau voru viturleg eða heimskuleg, flokknum sem einu sinni seldi sig allra flokka dýrast þegar hann fór í stjórnaraðstöðu, flokknum sem einu sinni hlýddi e. t. v. öðrum flokkum fremur á rödd verkalýðshreyfingarinnar, láglaunafólks og annara launamanna, flokknum sem nú kemur fram í nýrri mynd, hvers ímynd eru hæstv. ráðh. Hjörleifur Guttormsson og Svavar Gestsson, hv. þm. Ólafur Ragn-

ar Grímsson og aðrir slíkir úr „gáfumannafélaginu," litlir og stórir lávarðar. En ég ráðlegg hæstv. ráðh. Alþb. að fara nú varlegar en þeir hafa hingað til viljað gera, a. m. k. eftir að hinn gamli foringi flokksins, Lúðvík Jósepsson, er kominn heim. Það segi ég satt, að þær aðgerðir, sem ráðh. Alþb. eru að reyna að berja í gegn þessa dagana, hefðu þeir aldrei lagt í nema vegna þess eins að Lúðvík Jósepsson er ekki lengur á landinu. (Gripið fram í.) Ég er ansi hræddur um það, hæstv. ráðh., að meginástæða þess að ráðh. Alþb. kröfðust þess að haldnir yrðu deildafundir kl. 4 í nótt til að afgreiða 2% hækkun á söluskatti var vitneskja þeirra um að sá gamli heiðursmaður er að koma heim um páskana. Og það segi ég alveg satt, að flokkur þeirra hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, Lúðvíks Jósepssonar, fyrrv. þm. Magnúsar Kjartanssonar og þeirra félaga er mun þekkilegri flokkur en flokkur hæstv. ráðh. Hjörleifs Guttormssonar, hæstv. ráðh. Svavars Gestssonar og hv. alþm. Ólafs Ragnars Grímssonar — þess farandverkamanns í íslenskri pólitík.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 274 og 277, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 36 shlj. atkv.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. til fjárlaga á þskj. 243 um fjárveitingu til nýbyggingar sjúkrahúss Vestmannaeyja. Nauðsynlegt er að fara nokkrum orðum um aðdraganda og tilefni brtt.

Þegar eldgosið braust út í Vestmannaeyjum var myndarlegt sjúkrahús þar í smíðum og hafði að hluta verið tekið í notkun. Meðan á eldgosinu stóð var reynt eftir fremsta megni að verja húsið og búnað þess skemmdum. Eigi að síður urðu skemmdir miklar, enda þykkt vikurfalls á þessu svæði yfir 3 m og 20 m hár hraunkanturinn stöðvaðist í aðeins 95 m fjarlægð frá húsinu. Strax og gosinu lauk um mitt ár 1973 voru menn sammála um að flýta viðgerðum á húsinu eftir fremsta megni og ljúka byggingarframkvæmdum á eins skömmum tíma og mögulegt væri. Menn voru á einu máli um að fullkomin heilbrigðisþjónusta væri ein af grundvallarforsendum öflugs uppbyggingarstarfs, m. a. vegna mikillar slysahættu, ekki síst fyrir börn, að hálfhrundum og hrynjandi húsum og glóandi hrauni í hlaðvarpanum, auk hættu á gaseitrun. Auk þess hefði það verið tvíverknaður og peningasóun að endurbyggja gamla sjúkrahúsið sem slíkt, þar eð nýja húsið var allvel á veg komið.

Segja má að lokið hafi verið viðgerðum gosskemmda um áramótin 1973—1974. Þá var af miklum krafti haldið áfram byggingarframkvæmdum. Á sama tíma féll sjúkrahúsið út af fjárlögum ríkisins. Starfsmenn rn. hafa líklega ekki búist við því um mitt ár 1973, þegar unnið var að fjárlagagerð, að neitt yrði aðhafst í byggingarframkvæmdum á árinu 1974. Formlega séð hafa þessar framkvæmdir því varla verið heimilar að mati embættismanna og af því fáum við enn að súpa seyðið.

Langstærsti hluti framkvæmdanna var unninn árið 1974, en greiðslur ríkissjóðs að sínum hluta fóru að mestu fram árið 1978, þá króna fyrir krónu. Ef byggingarkostnaður er framreiknaður til núvirðis er hann 3.2 milljarðar kr., og ef framlög ríkissjóðs eru á sama hátt framreiknuð til núvirðis nema þau 1.3 milljörðum kr. — í reynd því aðeins 41% byggingarkostnaðar í stað 85%, eins og lög era ráð fyrir, m. ö. o. innan við helming af því sem löggjafinn ætlast til.

Til að gera þennan mikla byggingarhraða mögulegan var miklu af styrktarfé, sem skilyrt var til uppbyggingar í Vestmannaeyjum, beint til þessarar framkvæmda. M. a. var aðallega á árinu 1974 varið 45.1 millj. kr. af gjafafé til kaupa á húsbúnaði og tækjum. Við uppgjör krafðist ríkissjóður, þess að þetta fé væri dregið frá byggingarkostnaði áður en hlutur ríkissjóðs væri reiknaður út, m. ö. o. nyti ríkissjóður 85% af þessu gjafafé, en bæjarsjóður 15%. Með núverandi verðlagi næmi þessi hlutur ríkissjóðs um 300 millj. kr. Þess ber þó að geta að hluti af þessari fjárhæð var notaður til tækjakaupa erlendis frá sem ríkissjóður felldi niður aðflutningsgjöld af.

En hvernig er þá staða málsins í dag og hvernig stendur á því að ekki er áætluð ein einasta króna til framkvæmdarinnar á fjárlögum fyrir árið 1980? Ástæða þess er sú, að fjmrn. taldi sig haustið 1978 vera búið að gera endanlega upp hluta ríkissjóðs af byggingarkostnaðinum. Rn. taldi sig við uppgjör í sept. 1978 skulda 26.8 millj. kr. og sú upphæð var sett á fjárlög fyrir árið 1979. Gallinn var bara og er sá, að byggingarframkvæmdum var ekki lokið og er því miður ekki lokið enn. Er það staðfest af framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.

Ýmsar framkvæmdir við endanlegan frágang hafa vegna fjárskorts dregist mun lengur en æskilegt hefði verið. Í ár er áætlað að vinna fyrir 38 millj. kr. á verðlagi síðasta árs, og er þar aðallega um að ræða brunavarnakerfi, neyðarlýsingarbúnað og frágang lóðar. Segja má að með þessu sé byggingarframkvæmdum að mestu lokið. Þó eru sérstakar eldvarnarhurðir ekki með í þessari tölu. 85% hluti ríkissjóðs af þessum framkvæmdum er 32.3 millj. kr. Þar við bætist 17.6 millj. kr. skuld ríkissjóðs vegna framkvæmda síðustu ára eða samtals 49.9% millj. kr. Ég endurtek að framkvæmdir eru áætlaðar á verðlagi síðasta árs.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendi á s. l. ári framkvæmdaáætlun og óskaði eftir fjárveitingu til að mæta henni og til skuldaskila. Sú ósk var e. t. v. nokkuð seint fram komin. Það skiptir þó ekki höfuðmáli, heldur hitt, að fjmrn. taldi verkinu lokið þegar árið 1978 og það uppgert.

Mitt mat er það, að hvergi í kerfinu ráði embættismannavaldið jafnmiklu og við gerð fjárlaga og virðast hv. alþm. láta sér það vel lynda. En það er önnur saga.

Herra forseti. Ég veit að það er erfitt fyrir hv. þm., sem styðja ríkisstj. á hverjum tíma, að samþ. brtt. við fjárlagagerð frá þm. stjórnarandstöðunnar. Samt leyfi ég mér að vona að þegar hv. þm. hafa kynnst forsögu málsins, sérstaklega því að ríkissjóður hefur í reynd aðeins greitt innan við helming af því sem lög gera ráð fyrir af framkvæmdakostnaðinum, og þeirri staðreynd, að byggingarframkvæmdum er ekki lokið enn, þá muni hv. þm. treysta sér til að styðja brtt. mína.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þessar fjárlagaumr. eru með nokkuð sérkennilegum hætti. Það kemur auðvitað til af því, hvernig gerð fjárlagafrv. er og öll meðferð þess. En samt er þessi umr. og meðferð fjárlagafrv. jafnþýðingarmikil núna og jafnan áður, og að vissu leyti, ef eitthvað er, þýðingarmeiri nú en oft áður, vegna þess hvernig ástandið er og vegna þess hve

fjárlagaafgreiðslan núna hlýtur að hafa mikla þýðingu umfram það sem oft er.

Nú heyrist því stundum fleygt af hálfu stjórnarsinna og hæstv. ríkisstj., að við megum ekki vera of kröfuharðir í þetta skipti vegna þess að ríkisstj. hafi haft skamman tíma til stefnu til undirbúnings fjárlagagerðinni. Ég held að þetta sé ekki alls kostar rétt. Það hefur verið töluverður tími hjá stjórnarliðinu til þess að fjalla um þessi mál. Það er upplýst núna að hæstv. forsrh. hóf samningamakk sitt við stjórnarflokkana þegar í des. s. l., og ekki hefðu þeir alltaf átt að vera að tala um hvernig þeir ættu að skipta stólunum á milli sín.

Það eru nú liðnir nærri tveir mánuðir frá því að ríkisstj. var mynduð. Á þessum tíma tók ríkisstj. sér frí frá þingstörfum til þess að hugsa um fjárlagagerðina, rétt eins og hæstv. ráðh. legðu það ekki í vana sinn að hugsa þegar þeir sitja á Alþingi. En þrátt fyrir þetta er nú undirbúningur þessa máls ekki betri en raun ber vitni um. Og er þetta eitthvað sérstakt? Hefur það aldrei komið fyrir áður t. d., að fjárlög hafi verið afgreidd af sérstökum ástæðum eftir að komið var fram á vetur eins og nú? Að vísu er það ekki venjulega. En fyrir 20 árum var ástandið að ýmsu leyti svipað og það hefur verið á undanförnum mánuðum.

Það voru haustkosningar árið 1959. Þá voru risavaxnir erfiðleikar í okkar þjóðfélagi. Það efnahagskerfi, sem við höfðum búið við þá langa hríð, var gengið sér til húðar, hafta- og styrkjakerfið, með þeim skelfilegu afleiðingum. Það mátti horfa fram á að framleiðsla færi minnkandi, lífskjörin versnuðu. Það var talað um að gjaldþrot væri fram undan. Og menn töluðu um að efnahagslegt og síðan stjórnmálalegt sjálfstæði væri í hættu, ef ekki væri tekið karlmannlega á málunum. Hvernig var tekið á málunum þá og hver voru vinnubrögðin?

Þáv. ríkisstj. mótaði stefnu áður en hún fór að vinna að fjárlagagerðinni. Þess vegna var það svo, að í það skipti var fjárlagafrv. ekki lagt fram fyrr en í lok janúarmánaðar og fjárlög fyrir árið 1960 voru ekki samþ. fyrr en í aprílmánuði það ár. Hvers vegna? Af því að talið var nauðsynlegt að móta stefnu og laga fjárlagafrv. að þeirri stefnu. Menn geta deilt um það, þeir sem vilja, hvort þessi stefna hafi verið rétt eða ekki, en hún hefur nú sýnt sig í verki og við höfum búið að henni síðan. En ég er að minnast á þetta til þess að vekja athygli á þeim vinnubrögðum sem þurfa að vera þegar unnið er að fjárlagagerð. Það verður að vera stefna. Ef unnið er að fjárlagagerð án þess að stefna sé ákveðin í efnahags- og fjármálum, þá lendum við í vanda við gerð fjárlaga. Ég er ekki að segja að það sé í fyrsta sinn í sögunni sem það kemur fyrir, en ég vil segja það, að það hefur aldrei fyrr komið berlegar fram en nú, hversu áríðandi er að mörkuð sé stefna sem fjárlagafrv. er mótað af.

Það vildi svo til, að hæstv. forsrh. núv. var fjmrh. á þeim tíma þegar fjárlagafrv. var unnið fyrir árið 1960. Hann hefði því mátt minnast þess nú, að það væri ekki hægt að ná góðum árangri við fjárlagagerð nema móta stefnu fyrst. En hæstv. forsrh. hefur ekki minnst þessa nú frekar en margs annars og þess vegna stöndum við frammi fyrir því fjárlagafrv. sem við nú ræðum. Þess vegna stöndum við núna frammi fyrir þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið og berlegast hafa komið fram nú síðustu daga og ekki síst í dag, þar sem það er augljóst að hæstv. ríkisstj. veit ekki sitt rjúkandi ráð. Einn daginn kemur hún með þessa skattaálögu, annan daginn kemur hún með aðra skattaálögu og þriðja daginn kemur hún enn þá með nýja og það er ekkert samhengi á milli þessara aðgerða. Þetta er ekki hugsað samtímis. Þetta kemur upp í rás viðburðanna. Þeir finna einhverja holu í hvert skipti í fjárlagafrv. sem þarf að fylla upp í.

Nú er það svo, að það hefur sjaldan verið þýðingarmeira en við afgreiðslu fjárl. í þetta skipti að stefna væri mótuð. Ekki er það síst á sviði ríkisfjármálanna, því að eins og meginvandinn 1959 og 1960 lá í hafta- og styrkjakerfinu, sem þá var búið að ganga sér til húðar, þá hygg ég að meginvandi okkar nú liggi í fjármálum ríkisins. Meginvandinn liggur í því kerfi sem við höfum byggt upp í ríkisfjármálunum. Þessi vandi er svo mikill að honum verður jafnað fullkomlega við þann vanda sem þjóðin stóð frammi fyrir 1959. Og það er núna eins og þá engin lausn á þessu máli nema að móta nýja stefnu, í þetta sinn stefnu í ríkisfjármálunum. En það er einmitt það sem ríkisstj. hefur ekki gert og ekki sýnt neina tilburði til þess að gera. Allt ríkiskerfið þarf að taka til endurskoðunar og gera ýmsar langtímaráðstafanir sem varða ríkisfjármálin. Við verðum að minnka umsvif ríkisins. Við verðum að gera það annars vegar með því að fela þau í hendur sveitarfélögum og hins vegar með því að fela sum þau verkefni sem ríkið hefur nú með höndum í hendur borgaranna sjálfra.

Menn segja núna: Það þarf tíma til þess að gera langtímaráðstafanir. Ég hef bent á það, að við höfum haft núna álíka langan tíma og við höfðum 1959 og í byrjun árs 1960 til þess að gera langtímaráðstafanir. En ríkisstj. hefur ekki borið það við.

Hefur þá ríkisstj. haft myndugleik til þess að gera aðrar ráðstafanir, ýmsar skammtímaráðstafanir, sem var nauðsynlegt að gera þó ekki væri til annars en að segja — og láta þjóðina skilja: Hingað og ekki lengra. Nú ætlum við að hverfa af þeirri braut sem við höfum verið að ganga í ríkisfjármálunum og taka upp nýja stefnu. — Nei, ríkisstj. hefur ekkert gert heldur í þessu efni. M. ö. o.: það, sem ríkisstj. hefur gert, hefur stuðlað að auknum erfiðleikum, þannig að þegar tekist verður á við vandann fyrir alvöru verður hann meiri og miklum mun meiri en hann var þegar ríkisstj. tók við.

Nú má segja að við þessu hefði mátt búast, að ekki hefði verið von á neinu öðru betra af hálfu þessarar ríkisstj. Og því miður er of mikið satt í þessu. Við vildum kannske hafa einhverja von um það, að einhver manndómur væri í hæstv. ríkisstj. En það er nú von sem hefur brugðist. Við höfum fjölmörg dæmi um það, hvernig vinnubrögð ríkisstj. eru, hvað fálmkennd þau eru, hvað ómarkviss þau eru og hvernig þau bera vott þess að ekki er um neina heildarstefnu að ræða. En ég hygg að óvíða sjáum við þessa gleggri merki heldur en í orkumálunum og að sumu leyti alveg sérstaklega varðandi þann þátt þeirra sem lýtur að jöfnun orkukostnaðar við upphitun húsa.

Ég mun gera grein fyrir brtt., sem ég ber fram á þskj. 242 ásamt níu öðrum samflokksmönnum mínum. Ég mun um leið koma lítillega inn á vinnubrögð hæstv. ríkisstj. Ég hygg að vinnubrögðin í þessum málum séu gott dæmi um það, hvernig vinnubrögðin almennt eru í stjórnarherbúðunum við gerð þessara fjárl. sem nú stendur yfir.

Ég hef leyft mér ásamt níu samflokksmönnum að flytja brtt. á þskj. 242. Sú till. fjallar um það, að Orkusjóði verði veitt framlag að upphæð 5 milljarðar kr. er

varið skuli til niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa. Jafnframt er lagt til að framlag það, sem till. gerir ráð fyrir, verði skorið af því fjárframlagi sem í fjárlagafrv. er ætlað til niðurgreiðslu á vöruverði, um 5 milljarða kr. Till. þessi er studd þeim rökum, að nauðsynlegt sé að ráðstafa fjármagni til þess að bæta úr félagslegu misrétti sem felst í hinum gífurlega kostnaði við upphitun húsa sem þeir þurfa að bera sem búa á olíukyndingarsvæðunum. Ég geri ekki ráð fyrir að ég þurfi hér að tíunda í hverju það misrétti er fólgið og hvað þungar byrðar það fólk ber sem býr við olíukyndingu. Ég geng út frá því — eða vil ganga út frá því, að menn séu sammála um að nauðsyn sé að bæta hér úr hið bráðasta.

Samt ber svo við að í þessu fjárlagafrv. var ekki gert ráð fyrir einum einasta eyri í þessu skyni, — ekki einum einasta eyri. Hér hefur orðið furðuleg breyting á. Alla tíð síðan tekið var að létta byrðar þeirra sem á olíuhitunarsvæðunum búa árið 1974 hefur verið ráðstafað fé í fjárl. í þessu skyni, — alla tíð. Það, sem gerir þetta mun furðulegra, er að aldrei hefur verið meiri þörf á þessum aðgerðum en einmitt nú.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir undanfarnar vikur, að tekist verði á við þann vanda, sem hér um ræðir, utan fjárlaga. Bar hann þá fyrir sig að þær leiðir, sem hann hygðist fara til fjáröflunar til að mæta þessum útgjöldum, væru þess eðlis, að fjármagn þetta ætti ekki heima innan fjárlaga eða nánast væri óhugsandi að svo væri. Tekjur til slíkra verkefna, sem hér um ræðir, eiga að sjálfsögðu að koma inn í fjárlög. Annað er raunar ekki í samræmi við eðli málsins og hefðbundnar venjur.

Það þarf ekki á þessum vettvangi að minna á það, að tekjur til slíkra ráðstafana sem hér um ræðir koma inn á fjárlög hvort sem þeirra er aflað með almennum sköttum eða með mörkuðum tekjustofnum. Þegar olíuniðurgreiðslurnar hófust var tekna til þeirra aflað með 1% álagi á söluskattsstofn. Þá voru þessar tekjur tilfærðar á fjárlögum. Þegar þessi markaði tekjustofn var lagður niður árið 1977 og fjármagn til olíuniðurgreiðslunnar tekið af almennum skatttekjum ríkissjóðs varð engin breyting á þessu.

Nú lét hæstv. fjmrh. það boð út ganga, að hann hefði í huga að taka aftur upp þá skipan, sem viðhöfð var fyrir árið 1977, og láta markaða tekjustofna svara þessari fjárþörf. En það breytir í engu frekar en áður gerð fjárlaga í þessu efni. Það er sama hver hinn markaði tekjustofn er. Það er sama hvort nú væri aftur horfið til álags á söluskattsstofn eða tekinn væri upp hinn svokallaði orkuskattur eins og hefur verið talað mjög um að undanförnu. Og það er líka sama í þessu sambandi hver orkuskatturinn er. Það er sama hvort um er að ræða verðjöfnunargjald á rafmagn, eins og við höfum nú, eða orkuskatt í einhverju öðru formi. Enginn hefur enn fundið upp það snjallræði, að ekki skuli koma inn á fjárlög það fjármagn sem aflað er með verðjöfnunargjaldinu. Ég nefni snjallræði í þessu sambandi, því að það var að sjá sem hæstv. fjmrh. teldi það snjallræði að efna til nýrrar skattlagningar utan við ramma fjárlaganna. En nú hefur hæstv. fjmrh. ekki orðið kápan úr því klæðinu. Hann hefur orðið að hætta við þessa firru, sbr. þskj. 248, þar sem nú er gert ráð fyrir að inn í fjárlögin komi tekjur af hækkun söluskattsins. En það er meira en þetta sem hæstv. fjmrh. hefur orðið að kyngja. Við skulum þá víkja nokkrum orðum að hugmyndunum um orkuskattinn.

Allt var meira og minna á huldu um þá skattlagningu. Hæstv. fjmrh. talaði eins og véfrétt í þessu máli. Það næsta, sem komist var, var að orkuskatturinn ætti að vera eitthvað í líkingu við það sem felst í frv. til l. um jöfnunargjald orkukostnaðar, sem orkumálaráðherra Alþfl. lagði fram á þessu þingi. Hæstv. fjmrh. sagði nánast að núverandi ríkisstj. mundi taka við þeim heilræðum, eins og hann orðaði það, sem frv. þetta boðaði, eða fara að dæmi Alþfl. En eitthvað bauð þeim við ráðum Alþfl., því að á annan veg verður ekki skýrð sú töf sem varð á stefnumörkun núv. ríkisstj. í þessum efnum. Og er það raunar engin furða, því að margir meinbugir eru á orkuskattinum.

Engin mál eru mikilvægari í dag en orkumálin. Engin mál ráða meiru um hagþróun landsins í næstu framtíð en einmitt orkumálin. Þar eru okkar stóru verkefni í hagnýtingu náttúruauðlinda okkar. Þar eru okkar stóru verkefni í uppbyggingu raforkuiðnaðarins, hitaveitnanna o. s. frv. Þjóðin þarf að beina allri sinni atorku og fjármagni til þessara verkefna. Við verðum að leggja að okkur til þess að byggja upp fyrir framtíðina. Framtak okkar nú skilar margföldum arði þegar fram líða stundir.

En nú er ekki hentugasti tími til þess að skattleggja þessa starfsemi, þvert á móti. Nú þurfum við að beina fjármagni, sem fengið er með almennri skattlagningu, til þessara mikilvægu verkefna. Það er ekki heldur hentugasti tími nú til að skattleggja innflutta orkugjafa. Olíuverð er nú slíkt að ekki er á bætandi. Er ekki nóg að gert þó ekki sé nú farið að grípa til þess ráðs að hækka enn bensínið með nýrri skattlagningu, að hækka en gasolíu með nýrri skattlagningu og hækka enn svartolíu með nýrri skattlagningu? Telja menn þetta færa leið, eins og nú er málum komið? Gæti þetta ekki talist gáleysi gagnvart almenningi í landinu, einstaklingum og atvinnuvegum?

En til hvers er að spyrja um þetta nú, því að svarið er að sjálfsögðu augljóst. Samt tók það hæstv. fjmrh. margar vikur að gera þetta mál upp við sig. Það tók hann margar vikur. Og ekki lét hann af hugmyndum sínum um orkuskatt fyrr en nú við lokaafgreiðslu fjárlaga. Þá hefur hann verið þvingaður til þess að láta af þessum óhæfuverkum sínum.

Þegar við sjálfstæðismenn leggjum nú til að varið verði 5 milljörðum kr. til niðurgreiðslu á olíu höfum við ekki í huga að afla fjármagns til þess með orkuskatti. Við gerum ekki heldur till. um aðra skattlagningu til að mæta þessum útgjöldum. Það er vegna hinnar miklu skattbyrði sem almenningur í landinu stendur þegar undir. Auðvitað hlýtur slík upphæð sem hér er um að ræða, 5 milljarðar kr., að koma einhvers staðar við. En það er skoðun okkar, að það sé skárri kostur að skera niður útgjöld í fjárlagafrv. á móti því fjármagni, sem þarf til að koma, heldur en að afla þess með aukinni skattlagningu. Með tilliti til þessa er lagt til að liðurinn „Niðurgreiðslur á vöruverði" verði færður úr 24 milljörðum 400 millj. kr. í 19 milljarða 400 millj. kr. (**Iðnrh.:** Hver borgar þann kostnað?) Hver borgar þann kostnað, segir hæstv. iðnrh. (**Iðnrh:** Á kannske ekki að borga hann?) Hefur hæstv. iðnrh. látið sér koma til hugar að ekki yrði að greiða þennan kostnað? Ég var að enda við að segja: Auðvitað hlýtur þetta einhvers staðar að koma við.

Á undanförnum árum hafa verið á fjárlögum tveir liðir sem varða niðurgreiðslu á vörum til hagsbóta neytendum í landinu. Annars vegar er það niðurgreiðsla á búvöru-

verði og hins vegar styrkur vegan olíunotkunar til húshitunar. Í fjárlagafrv. því, sem hæstv. ráðh. Tómas Árnason lagði fram í okt. s. l., námu þessir útgjaldaliðir samtals 25 milljörðum 300 millj. kr. Í frv., sem þáv. ráðh., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, lagði fram í des. s. l., voru liðir þessir samtals að upphæð 23.2 milljarðar kr. og nam niðurgreiðsla á upphitunarkostnaði 2.3 milljörðum. En í frv. því, sem við ræðum nú um, var gert ráð fyrir 24.4 milljörðum til niðurgreiðslu og þar af ekkert til niðurgreiðslu á olíu, eins og ég hef áður komið að.

Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að þessari heildartölu, 24.4 milljörðum kr., eigi að skipta á milli niðurgreiðslu á búvöru og niðurgreiðslu á olíu til húshitunar. Þess vegna leggjum við til að af þessum 24.4 milljörðum kr. verði 5 milljörðum varið til niðurgreiðslu á olíu.

Nú kann að verða sagt að ekki veiti af 24.4 milljörðum kr. til niðurgreiðslu á búvöruverði. En ég gef mér að við höfum ekki meira samtals til niðurgreiðslu en 24.4 milljarða. Spurningin í mínum huga er því hvernig þessari fjárhæð verði skynsamlegast ráðstafað. Hér þarf að vega og meta hinar ýmsu þarfir. Ég vil ekki gera lítið úr þýðingu niðurgreiðslu á búvöruverði fyrir neytendur í landinu né líta fram hjá niðurgreiðslunni sem stjórntæki í völundarhúsi efnahagsmálanna. Allt slíkt orkar þó tvímælis í ýmsum samböndum, svo ekki sé meira sagt.

Hitt getur ekki orkað tvímælis, að það er nauðsyn, sem ekki verður undir neinum kringumstæðum vikist undan, að ráðstafa fé til niðurgreiðslu á olíu og létta þannig þær óheyrilegu byrðar sem þeir bera sem búa á olíuhitunarsvæðunum. Þess vegna leggjum við til að 5 milljörðum af þessari fjárhæð til niðurgreiðslu verði varið til niðurgreiðslu á olíu.

Brtt. sú, sem ég hef hér lýst, er í samræmi við frv. um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa sem flutt er í hv. Ed. Alþingis og við flytjum fjórir þm., sinn úr hverjum flokki. Í 1. gr. þess frv. segir að ríkissjóður skuli greiða í Orkusjóð óafturkræft framlag sem varið skuli til þess að greiða niður verð á olíu til upphitunar húsa í landinu. Ég skal ekki hér fara að rekja efni þessa frv. En ég vil þó taka fram að samkvæmt frv. skal verð olíu greitt svo mikið niður sem nægir til að olíukostnaður við kyndingu húsa verði eigi hærri en sem nemur 2.5-földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Er þá miðað við gjaldskrá á hverjum tíma. Skal hið vegna meðaltal reiknað út fjórum sinnum á ári og verði þá jafnframt tekið tillit til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa á olíu frá síðasta útreikningi, þegar ákveðin er upphæð niðurgreiðslna fram til næsta útreiknings. Samkvæmt þessu yrði kostnaður olíukyndingar ákveðinn eftir viðmiðunarreglu sem felur í sér sjálfvirkar breytingar á olíuniðurgreiðslunni eftir breytingum á verði olíu og gjaldskrám hitaveitna. Gert er ráð fyrir að upphæðin, 5 milljarðar kr., nægi til niðurgreiðslu olíu samkvæmt frv. þessu ef að lögum verður. En — og ég legg áherslu á það — þá er gert ráð fyrir að fram nái að ganga beiðnir um hinar miklu hækkanir á gjaldskrám hitaveitna sem virðist nauðsynlegt að nái fram að ganga ef hitaveitunum á að takast að mæta þeim þörfum sem nauðsyn krefur.

Þegar frv. þetta, sem ég vitna til, var lagt fram fyrst var reiknað með verulega hærri upphæð sem þyrfti til niðurgreiðslu ef það yrði að lögum. En eftir að frv. var lagt fram hafa gjaldskrár ýmissa hitaveitna hækkað, þ. á m. Hitaveitu Reykjavíkur, sem vegur mest í útreikningum á þessu vegna meðalverði. Í Reykjavík er búið síðan að hækka hitaveitugjaldskrá um 20%. Nú liggur fyrir beiðni frá Hitaveitu Reykjavíkur um viðbótarhækkun sem er upp á 58%. Og því er haldið fram með rökum, að nauðsynlegt sé að veita þessa hækkun ef Hitaveitan á að geta sinnt aðkallandi verkefnum og ef ekki á að koma til orkuskorts. Auk þess yrði orkan mun dýrari, þegar síðar yrði bætt úr þessu, en ef unnið væri að þessu með eðlilegum hætti og enginn dráttur á.

Þegar þetta er haft í huga virðist upphæð sú, sem gert er ráð fyrir í brtt. okkar sjálfstæðismanna, geta orðið nægileg. En nú liggur fyrir önnur till. um breyt. á þessu atriði fjárlagafrv. Það er till. á þskj. 268 sem stjórnarliðar leggja fram. Þar er gert ráð fyrir að niðurgreiðslurnar nemi um 4 milljörðum kr. og að undir þessari fjárhæð sé staðið með nýrri tekjuöflun í formi söluskatts. Ef við lítum nánar á þessa upphæð, 4 milljarða, þá skulum við minnast þess, að í grg. með fjárlagafrv., sem við hér ræðum nú, eru upplýsingar um það, að ef niðurgreiðslureglur séu óbreyttar frá því sem nú er og var á síðasta ári, m. ö. o. ef engin aukning verður á niðurgreiðslum, þá þurfi 3.6 milljarða til að mæta þessari fjárþörf. Ég leyfi mér að fullyrða að þessir 3.6 milljarðar eru ekki of lág tala. Ég hef tilhneigingu til þess að halda að 4 milljarðar láti nærri til þess að mæta þessum þörfum, miðað við það að ekkert verði gert til þess að létta byrðar þeirra sem búa við olíukyndingu, ekkert umfram það sem hefur verið gert.

Þetta er þá vilji hæstv. ríkisstj. í þessu máli. Hún vill ekkert gera eftir allt talið undanfarnar vikur um nauðsyn þess að gera átak í þessum efnum. Eftir allar lýsingar á erfiðleikum þess fólks sem býr við olíukyndingu, eftir allar yfirlýsingar um að hér verði að bæta úr vegna þess að þessar byrðar séu óbærilegar, eftir allt þetta hefur ríkisstj. komið sér niður á stefnu í a. m. k. einu atriði, — ákveðna stefnu. Og stefnan er þessi: Það skal ekkert gert umfram það sem hefur verið gert í niðurgreiðslu olíu.

En bíði menn nú við. Böggull fylgir skammrifi. Frá þessum 4 milljörðum kr., sem ríkisstj. ætlar að rausnast til að leggja til niðurgreiðslu olíu, verðum við að draga um 1300 millj. kr. sem lætur nærri að sé söluskatturinn sem olíukyndingarfólkið verður að greiða til þess að verða þeirrar náðar aðnjótandi að niðurgreiðslan verði að forminu til sú sama og áður. Og þá eru ekki meðtaldar 800 millj. kr. sem þetta fólk þarf líka að greiða í aðflutningsgjöldum til ríkissjóðs af þeirri olíu sem það notar á ári. Í stað þess að rétta hlut þessa fólks frá því sem verið hefur er hlutur þess gerður stórlega lakari en hann var, — stórlega lakari.

Ég spyr: Getur svívirða hæstv. ríkisstj. verið meiri í þessum efnum en þetta? Er hægt að komast lengra í óheilindum? Og er hægt að virða þeirra eigin stjórnarsáttmála minna en með þessu? En um þetta efni segir í stjórnarsáttmálanum, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnið verði að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar."

Hæstv. ríkisstj. virðist ekki taka mikið mark sjálf á þessum orðum. Það var kannske aldrei við því að búast og gerir ekkert til hvort þeir virða þennan samning sinn meira eða minna. En þetta mál varðar milli 20 og 25% af íslensku þjóðinni, sem búa við meira félagslegt óréttí en flestir aðrir. Þetta hafa allir verið sammála um. Það hafa

allir talað í þessum anda. Því segi ég: Getur svívirða hæstv. ríkisstj. verið meiri en þetta?

Alþingi getur enn afstýrt þessari svívirðu, ekki vegna ríkisstj. en vegna fólksins sem geldur hennar. Alþingi getur enn þá afstýrt þessu með því að samþykkja brtt. okkar sjálfstæðismanna á þskj. 242.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins gera hér grein fyrir þeim brtt. sem ég flyt á þskj. 243 ásamt hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, Magnúsi H. Magnússyni og Karvel Pálmasyni. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessar brtt., en við 2. umr. fjárlaga gerði ég grein fyrir því, að ég mundi flytja þær brtt., sem um ræðir á þskj. 243, ef ekki kæmi fram leiðrétting á fjárlögum þannig að þessir sjóðir yrðu teknir upp að nýju eða aukið framlag til Framkvæmdasjóðs öryrkja, sem nú virðist ætlunin samkv. þessum fjárlögum að yfirtaki verkefni þessara sjóða án þess að til komi sú aukning á fjármagni að hann geti sinnt þeim verkefnum.

Ég sé á þskj. 272 frá fjvn. að tekið hefur verið upp að nýju framlag til eins af þessum sjóðum, 15 millj. kr. byggingarstyrkur til Sjálfsbjargar. Er hér um sömu upphæð að ræða og fram kemur í c-lið brtt. á þskj. 243. Er ánægjulegt að sjá að hv. fjvn. hefur séð að sér og gert till. um að þetta framlag til Sjálfsbjargar verði áfram á fjárlögum. En eftir stendur að engin till. er frá fjvn. varðandi Styrktarsjóð vangefinnna og Styrktarsjóð fatlaðra og vil ég því gera nokkra grein fyrir a- og b-liðum till. á þskj. 243.

Við 2. umr. fjárlaga rökstuddi ég ítarlega þörfina á auknu fjármagni til þeirra verkefna sem þessir sjóðir hafa haft á hendi. Nú er ætlun fjárveitingavaldsins, eins og ég sagði, að Framkvæmdasjóður öryrkja yfirtaki verkefni þeirra. En Framkvæmdasjóður öryrkja hefur hvorki lagaheimild né fjármagn til þess að standa undir verkefnum t. a. m. Styrktarsjóðs vangefinna. Sá sjóður hefur fjármagnað byggingarframkvæmdir við heimili sjálfseignarstofnana. Í því sambandi er rétt að undirstrika að í aths. við fjárlögin er ekki rétt farið með þegar sagt er að frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja hafi verið við það miðað að þessir sjóðir féllu niður.

Það kom fram í máli mínu við 2. umr. fjárlaga, að verkefni þau, sem Framkvæmdasjóði öryrkja var ætlað í upphafi að fjármagna, voru stóraukin í meðferð Alþingis um málið þegar hann var felldur inn í lög um aðstoð við þroskahefta. Verkefni Framkvæmdasjóðs öryrkja voru í upphafi, þegar frv. var lagt fram, við það miðuð að fjármagna framkvæmdir vegna sérkennslumála þroskaheftra, sem lengi höfðu verið í fjársvelti þrátt fyrir skýr ákvæði um uppbyggingu þeirra mála og fjármögnun í grunnskólalögunum, — auk þess að fjármagna ýmsar framkvæmdir samkv. lögum um endurhæfingu, svo sem verndaða vinnustaði, dvalarheimili og endurhæfingarstöðvar fyrir öryrkja. Til þessara framkvæmda var gert ráð fyrir 1000 millj. kr. verðtryggðu framlagi ár hvert sem nú hefur verið verulega skert. Í meðförum Alþingis bættust svo á sjóðinn mörg verkefni vegna framkvæmdar laga um aðstoð við þroskahefta án þess að fjármagnið væri aukið.

Til þess að gefa hugmynd um þá miklu þörf sem er á þessu fjármagni má geta þess, að þegar hafa borist beiðnir um framlög vegna ýmissa afskiptra verkefna öryrkja að upphæð um 1850 millj. kr. Og nú er ætlun ríkisstj. og fjárveitingavaldsins að bæta á hann enn fleiri verkefnum en honum voru í upphafi ætluð, fella niður framlög til ýmissa sjóða sem sinnt hafa málefnum öryrkja, auk þess sem framlag til sjóðsins hefur verið skert um 400 millj., en hann ætti að vera um 1450 millj. miðað við verðtryggingarákvæði það sem um getur í lögum um framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs öryrkja. Því er borin von að ætla að þessi sjóður geti orðið lyftistöng í málefnum öryrkja ef sífellt á að skera hann niður og bæta á hann auknum verkefnum án þess að til komi aukið fjármagn. Færi betur á því, að það litla aðhald, sem fjárlög hæstv. ríkisstj. sýna í ríkisumsvifum, bitnuðu á öðrum en þroskaheftum, sem hafa litla möguleika á að standa sjálfir vörð um sjálfsögð mannréttindi sín á ýmsum sviðum sem þjóðfélagið ætti að sjá sóma sinn í að láta þeim í té möglunarlaust, eins og að skapa þeim skilyrði til menntunar og þroska sem heilbrigðum þykja sjálfsögð sér til handa, að ekki sé talað um að stjórnvöld séu sífellt að krafsa í þau réttindi sem þegar hafa áunnist, eins og það að vera sífellt að krafsa og reyna að toga til sín aftur það fjármagn sem áunnist hefur í réttindamálum þeirra og Alþ. hefur samþykkt til að hrinda í framkvæmd ýmsum nauðsynlegum málum til að þroskaheftum sé búin aðstaða til þess að geta náð þeim þroska sem þó væri hægt að ná sé þeim sköpuð sæmilega mannsæmandi aðstaða til þess. Og það er sannarlega smánarblettur á hv. Alþ., ef nú eru afgreidd fjárlög þannig úr garði gerð, að aðhaldsaðgerðir, þær litlu sem bólar á í þessum fjárlögum, séu látnar bitna á öryrkjum og ráðist þannig á garðinn þar sem hann er lægstur. Fyrir mér eru það léttvæg rök, þó að miðað við framlög til öryrkja undanfarin ár sé með tilkomu þessa sjóðs látið meira af hendi rakna til þessa hóps í þjóðfélaginu, því að þessi framkvæmdasjóður, sem ekki gekk þrautalaust fyrir sig að fá samþykktan hér á Alþ. á síðasta þingi, er til kominn vegna þess að fjárveitingavaldið hefur haft uppbyggingu og málefni öryrkja í fjárhagslegu svelti mörg undanfarin ár, sem er til skammar því velferðarþjóðfélagi sem við þykjumst þó lifa í.

Við framkvæmdasjóðinn bundu öryrkjar miklar vonir, og Alþ. viðurkenndi í raun, með því að samþykkja 1000 millj. kr. verðtryggt framlag til hans, að málefnum öryrkja hefði ekki verið sinnt sem skyldi. En nú á þessum fjárlögum reynir krumla ríkisvaldsins eina ferðina enn að hala eitthvað af því til baka sem samþykkt var á síðasta þingi til málefna öryrkja.

Þegar frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja var hér til umr. á síðasta þingi kom einmitt fram ótti sumra þm. við það, að svo gæti farið að fyrr en seinna yrði reynt að bæta á sjóðinn verkefnum án þess að til kæmi aukið fjármagn. Beindi t. d. hv. þm. Helgi Seljan því til þm., að þeir þyrftu að vera vel á verði í því sambandi. Ég held að það væri einmitt fróðlegt fyrir hv. þm. að rifja upp þau viðvörunarorð sem hv. þm. viðhafði þá. Í ræðu hér á hv. Alþ. 9. maí 1979 sagði hv. þm. Helgi Seljan, sem unnið hefur mikið og gott starf að framgangi málefna þroskaheftra, þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi framkvæmdasjóðinn vildi ég aðeins segja, að vissulega er það mikilsverður áfangi þegar tryggt er fjármagn til þeirra verkefna sem hér er verið að vinna að. Þegar sagt er hins vegar að ríkissjóður skuli árlega leggja sjóðnum til a. m. k. 1000 millj. kr., og sú fjárhæð skuli hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu árið 1979 að grunni, skulum við gæta vel að því, hvað kann að verða gert við undirbúning fjárlaga næsta ár varðandi hina einstöku liði sem gætu hugsanlega fallið hér undir. Við skulum sem

sagt vera vel á verði um að ekki verði allt of mikill hluti af þeim verkefnum, sem nú eru t. d. á fjárlögum eða hugsanlega gætu orðið á fjárlögum næsta ár, færður undir framkvæmdasjóð. Ég er síður en svo að vanmeta þetta, en ég vil að okkur þm. sé almennt ljóst, að sú hætta vofir yfir okkur að í meðförum þeirrar ágætu stofnunar, sem er fjárlaga- og hagsýslustofnun, muni verða reynt að kippa út úr vissum verkefnum, sem nú þegar eru á fjárlögum, og fella þau undir framkvæmdasjóð. Þar verðum við að vera vel á verði, þannig að tryggt sé að sá tilgangur, sem með þessu ákvæði er, nái fram og við séum með í höndunum á næsta ári verulega aukningu fjár til þeirra verkefna sem Framkvæmdasjóður öryrkja á samkvæmt þessu frv. að taka að sér. Við skulum gæta vel að því. Aðvörun þessi er ekki bara frá mér persónulega. Við, sem vinnum að þessum málum, óttumst þetta að fenginni miður góðri reynslu í sambandi við meðferð á tölum í rn."

Þessum orðum hv. þm. Helga Seljans ættu þm. einmitt að gefa gaum. Þau gefa tilefni til að ætla að þessi brtt. á þskj. 243 njóti stuðnings a. m. k. þeirra stjórnarsinna sem vilja vera vel á verði um að ekki skerðist fjármagn það sem í Framkvæmdasjóði öryrkja er.

Þessi sjóður, sem hér er gerð till. um að fari inn á fjárlög að nýju, hafði á síðustu fjárlögum 170 millj. kr. Gerði félmrn. tillögu til fjárveitingavaldsins um að þessi framlög yrðu hækkuð á fjárlögum 1980 í 239 millj. kr. Hér er því um að ræða sömu fjárhæðir í 2. lið till. á þskj. 243 og félmrn. gerði till. um til þessara sjóða á fjárlögum 1980.

Um þann niðurskurð á fjárlögum, sem hér er gerð till. um á móti, þarf ekki að hafa mörg orð. Við 2. umr. fjárlaga komu fram tvær brtt. um lækkun útgjalda á liðnum 09 989 Vegna launa og verðlagsmála. Önnur um 1600 millj. kr. niðurskurð og hin um rúmlega 900 millj. kr. niðurskurð. Hér eru gerðar till. um aðhalds aðgerðir í ríkisrekstrinum, sem nema mun lægri upphæð, eða 239 millj. kr., og er það varla nein ofrausn eða til of mikils mælst með því, að ekki sé talað um ef slíkur sparnaður í ríkisrekstrinum rennur til framkvæmda í þágu afskiptra verkefna þeirra sem illa eru settir í þjóðfélaginu, til öryrkjanna, eins og hér er gerð till. um.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þessa brtt. frekar, nema tilefni gefist til, og vænti stuðnings hv. þm. við þessar brtt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér hafa mörg orð fallið í þessari umr. um fjárlögin. Ég skal ekki gerast langorður, en mig langar í upphafi til þess að minna á að fjárlög eru ekki einungis heimild til skattaálagningar og til útgjalda, heldur eru þau líka stjórntæki sem beita má með ýmsum hætti til þess að ná árangri í efnahagsmálum. Og í þriðja lagi spegla fjárlög og fjárlagafrv. viðhorf og viðleitni ríkisvaldsins um það, hvernig umhorfs skuli vera í þjóðmálum hjá okkur, hvernig efnahagslífinu skuli háttað. Þau sýna hvernig ríkið vill að þegnarnir haldi á sínum málum. Fjárlögin eru m. ö. o. dæmi öðrum til eftirbreytni.

Ef við lítum á þetta seinasta afbrigði, þá er athyglisvert að spyrja sig þess, hvaða fordæmi ríkisvaldið sýni þá með þeim fjárlagatillögum sem hér liggja fyrir og stuðningsmenn ríkisstj. hafa lýst yfir stuðningi við. Meginviðhorfið í þessum till. er sú stefna ríkisstj. að hrifsa meira og meira handa sér. Ríkisstj. fylgir þeirri aðferð að hafa allt sitt á þurru. Hvað sem líður aðhaldshjali í málefnasamningi og í almennri umræðu fyrir kosningar, þá gildir það ekki hjá ríkisstj. núna. Þessi ríkisstj. boðar aðhald hjá öðrum, en hún vill ekki skera niður hjá sjálfri sér, heldur heimtar tekjur á móti óskalistum sínum. Þetta er það fordæmi, sem speglast í fjárlagafrv. ríkisstj. og þeim till. sem hér hafa birst frá stjórnarflokkunum. Og hvernig getur þá ríkisstj. ætlast til aðhalds af öðrum: Er það ekki svo, að eftir höfðinu dansa limirnir?

Ríkisstj. hefur birt boðskap sinn. Hann er í stuttu máli þessi: Engar grunnkaupshækkanir. 4.5% skerðing kaupmáttar vegna verðlagsþróunar og síðan stórhækkun skatta, t. d. 27% hækkun tekjuskatts frá því frv. sem ríkisstj. Alþfl. lagði fram; um 5 milljarða heimild til sveitarstjórna og núna seinast 2 eða kannske 1.5% viðbót við söluskatt. Ofan á þetta allt saman er svo útlit fyrir um 100 milljarða kr. lántökur eða jafnvel allt að tvöföldun milli ára. Hvernig getur sú ríkisstj., sem birtir vilja sinn með þessum hætti, vænst þess að hlustað sé á boðskap hennar um aðhald hjá öðrum? Hún getur ekki vænst þess. Og hún hefur komið efnahagsstærðunum þannig fyrir, að það er ekki hægt að gera ráð fyrir að aðhald verði á öðrum sviðum efnahagslífsins.

Fyrir kosningarnar og í sambandi við stjórnarmyndunina boðuðu fulltrúar Alþb. alveg sérstaklega þann boðskap, að allir flokkar vildu kjaraskerðingu nema þeir. Það var ræða í stílnum: Ó, nema ég. En þegar boðskapurinn liggur nú fyrir, þá er hann í rauninni: Ó, einmitt ég. Einmitt við Alþb.-menn ætlum að ganga á undan í því að skerða kjörin. — Þó er það svo, að þessir sömu menn og nú standa að þessari ríkisstj. hafa oft haft á orði að aðhalds og sparnaðar væri þörf í ríkisrekstri. Hver minnist ekki þess sem hæstv. fjmrh. hefur haft um það að segja á undanförnum árum? En þegar hann heldur um ríkiskassann verður ekki úr verki í þeim efnum, heldur þvert á móti.

Hver minnist ekki þess, að hæstv. núv. forsrh. hefur boðað það linnulaust — ég held áratugum saman — að það ætti að draga úr tekjuskattinum? En hver er árangurinn þegar hann kemst til æðstu metorða? Þá er tekjuskatturinn hækkaður alveg sérstaklega. Hver minnist þess ekki, að Alþb. hefur boðað að draga ætti úr óbeinum sköttum og alveg sérstaklega þeim óréttláta skatti, söluskatti? Hver er svo árangurinn þegar Alþb. fer með fjmrn.? Þá er 1.5% hækkun söluskatts ákveðin einn sunnudag síðdegis.

Er það ekki svo, að Alþb. hefur haft það að meginstefnumiði að ekki megi lækka gengið, það sé ljótt að fara gengisfellingarleiðina? Árangurinn er sá, að þegar þeir Alþb.-menn komast til valda og áhrifa í lykilaðstöðu, þá lækka þeir gengið í matartímanum um 3% og halda síðan áfram dagana á eftir. Það er ekki nema von að fólki þyki að svikist hafi verið að sér. Það er í rauninni allt framkvæmt þveröfugt við það sem menn hafa boðað. Ég minnist þess t. d., að hæstv. núv. forsrh. hefur minnst þess með sérstöku stolti, að hann hafi lækkað tekjuskattinn á þeim árum sem hann var fjmrh. í viðreisnarstjórninni. En nú er greinilega útlit fyrir að sköpunarverk hans verði kórónað með sérstakri hækkun á tekjuskatti.

Sú aðferð, sem beitt hefur verið við fjárlagagerð á undanförnum árum, ég vil segja allan þennan áratug, hefur verið að ákveða útgjöldin fyrst og síðan hvers ætti að afla í tekjum. En það hefur aldrei gengið eins langt í þessum efnum og nú. Þessi aðferð er hreinskilnislega sagt röng. Ríkisvaldið á, alveg á sama hátt og heimilin, að

lifa eftir eðlilegum ramma. Við Alþfl.-menn höfum bent á það, að fyrst eigi að ákveða heildarumsvifin með tilliti til þjóðfélagslegra aðstæðna og efnahagslegra markmiða. Innan þess ramma á ríkið, rétt eins og heimilin, að marka útgjöld sín. Einmitt nú er alveg sérstök aðhaldsþörf vegna verðbólgunnar og af ýmsum orsökum. Þess er þörf til að draga úr spennu, þess er þörf til að sýna fordæmi fyrir aðra þjóðfélagshópa, og þess er sérstaklega þörf í skattamálum vegna fólksins í landinu, vegna hins almenna launþega, að ekki sé gengið of hart að fólkinu í landinu, að launþegum, heldur einmitt — þegar aðhald þarf að vera á öllum sviðum þjóðlífsins og til mikils er ætlast af fólkinu í landinu — að þá komi ríkið til móts við það með því að draga úr skattheimtunni en ekki auka hana.

Alþfl. sagði fyrir seinustu kosningar og fyrir kosningarnar 1978: Það er þörf aðhalds á öllum sviðum og það þarf að vera samstillt átak. Það þarf aðhald í verðlagsmálum, það þarf aðhald í rekstri ríkissjóðs, í peningamálum og í rekstri opinberra stofnana og auðvitað í launamálum. — En þá höfum við Alþfl.-menn líka viljað koma til móts við fólkið í landinu, launafólkið, alla hina almennu launþega, en þó sérstaklega þá sem verst eru settir, með því að lækka tekjuskattinn.

En hver eru svo afrek núv. ríkisstj.? Verðlagsmálin eru komin í hnút. Niðurtalningarráðherra Framsfl. hefur lýst því yfir að hann þurfi að telja upp verðbólguna fyrst, hann verði að hleypa svo og svo miklu í gegn áður en hann geti hugsanlega komist í niðurtalningarbuxurnar. Er honum ekki ljóst, að undanlátssemi í þessum efnum þýðir það að niðurtalningin hefst aldrei? Er honum ekki ljóst, að með því að fara þannig í málin hrapar þetta allt úr höndum hans?

Í peningamálum — sjáum við einhverja aðhaldsstefnu þar, eitthvað í samræmi við það sem menn hafa boðað svo fjálgum orðum? Er það aðhaldsstefna sem birtist í lánsfjáráætlunarfrv.? Er það aðhaldsstefna sem birtist í þeirri stefnu ríkisstj. að láta vextina standa kyrra og draga þannig úr sparnaði í landinu? Nei, aldrei hefur seðlaprentun verið meiri en nú, en hún mun enn aukast í framtíðinni. Er að sjá eitthvert aðhald í verðlagningu hjá opinberum stofnunum? Nei.

Sérstaklega í dag er það tekið fram, að hækka eigi sér á parti hina opinberu þjónustu langt umfram samanlögð upptalningarmörk fyrir tvö næstu tímabil eins og þau hafa verið skilgreind af hálfu ríkisstj. Hvernig er hægt að ætlast til þess af öðrum fyrirtækjum í landinu, að þau sýni aðhald í verðlagningu hjá sér, þegar ríkið gengur á undan í því að hækka verð á opinberri þjónustu?

Við 2. umr. um fyrirliggjandi frv. flutti Eiður Guðnason ítarlegar till. sem ganga í þá átt að sýna aðhald í ríkisrekstrinum. Þessar till. gengu út á það að lækka tekjuskatt einstaklinga um 7.2 milljarða, að leggja sérstaklega til jöfnunar húshitunarkostnaði 4 milljarða og að leggja sérstaklega til félagslegra aðgerða í húsnæðismálum 1 milljarð kr. Til að mæta þessum útgjöldum voru jafnframt gerðar till. um sparnað í tekjuöflun upp á ekki bara 12 milljarða, heldur 12.2 milljarða kr.

Hv. þm. Friðrik Sophusson sagði áðan í sambandi við till. Alberts Guðmundssonar, að það væri óvenjulegt að þm. bæru fram sparnaðartillögur eða till. um lækkun útgjalda. Þetta fékk þó þingheimur að sjá sem aðaltillögur Alþfl. við afgreiðslu þeirra fjárlaga sem nú liggja fyrir. Þetta fékk þingheimur að sjá við 2. umr. Og þetta fær þingheimur líka að sjá endurtekið við 3. umr. En till. okkar fundu ekki náð fyrir augum meiri hl. þingsins. Og auðvitað verða sömu till. ekki bornar upp oftar en einu sinni. Enn viljum við þó freista þess að fá ríkisstjórnarflokkana, fá meiri hl. Alþingis til þess að sýna aðeins vott af aðhaldi og þá til þess að mæta verkefni sem ætla verður að allir þm. telji brýnt að leysa. Það verkefni varðar olíustyrk vegna húsahitunar og 500 millj. kr. í sérstakar orkusparandi viðbótaraðgerðir til þess að einangra og bæta íbúðarhúsnæði. Þessu viljum við með sama hætti og áður mæta með niðurskurði á ríkisútgjöldum. Þessu viljum við ekki mæta með enn frekari skattahækkunum, heldur með því að ríkið sýni aðhald í búskap sínum, með því að auka ekki álögur á þjóðina, heldur halda þessu innan þess ramma sem þó er þegar orðinn æðivíður á fjárlögunum.

Til samræmis við þessi markmið og til þess að reyna enn á það, hvort meiri hl. Alþingis vill ekki sýna fólkinu í landinu ofurlitla viðleitni í aðhaldsátt, þá höfum við, undirritaður og Karvel Pálmason fyrir hönd Alþfl., flutt till. á þskj. 271 í þessa veru. Við gerum till. um það í fyrsta lagi, að til jöfnunar á upphitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis komi 4 milljarðar kr., sem útdeilt verði í gegnum Byggðasjóð, og komi því til nýr liður í fjárlögunum í þessu samhengi. Það er eðlilegt, þar sem hér er um raunverulegt byggðamál að ræða, að Byggðasjóður hafi umsjón með þessu verkefni. Kannske er ekkert sem veldur jafnmiklu misvægi í byggð landsins og einmitt upphitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis. En það er ekki síður ástæða til þess að veita sérstaka upphæð til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði. Þess vegna höfum við í annan stað gert ráð fyrir því, að það komi nýr liður undir viðfangsefnum Húsnæðismálastofnunar ríkisins í þessu skyni upp á 500 millj. kr.

Til þess að mæta þeim útgjöldum, sem hér um ræðir, innan þess ramma sem fjárlögin eru nú í gerum við till. um lítillega lækkun á uppbótum á útfluttar landbúnaðarafurðir eða sem nemur 600 millj. kr. Einmitt í þessu efni er brýn nauðsyn að Alþ. sýni vott af stefnumörkun til þess að draga úr offramleiðslu á þessu sviði sem er orðin hrikaleg skattpíning á fólki í landinu.

Í annan stað viljum við mæta þessari útgjaldaaukningu með ofurlitlu aðhaldi í launa- og rekstrargjöldum ríkisins. Við gerum í rauninni till. um að þau útgjöld verði lækkuð um 1/2%, eða um 500 millj. kr. Við 2. umr. fjárlaga gerðum við till., sem ekki hlaut náð hér í þinginu, um lækkun sem nemur 1%. Nú viljum við freista þess, hvort meiri hl. Alþingis vilji ekki a. m. k. ganga skrefið til hálfs og taka 1/2%, niðurskurð á þessum lið til þess að sýna fólkinu í landinu fram á að það sé líka hugmynd Alþingis og ríkisstj. að hafa ofurlítið aðhald í eigin málum.

Jafnframt gerum við till. um það í þriðja lagi til þess að mæta þessum útgjöldum, að vasapeningar fjmrh. verði skertir um 400 millj. kr. Vasapeningar fjmrh. samkv. fyrirliggjandi frv. — að maður spyrji nú ekki að því sem boðað hefur verið hér í dag — eru hrikalega háir og langtum, langtum hærri en nokkurn tíma hefur viðgengist. Skyldi hann ekki geta séð af svo sem eins og 400 millj. kr. úr þessari púlíu?

Og í fjórða lagi viljum við mæta þessu með því að draga nokkuð úr niðurgreiðslum á vöruverði, eða sem nemur 3 milljörðum kr., en um það höfðum við áður flutt till. um lækkun sem nemur 3.4 milljörðum kr.

Þessar till. ná auðvitað allt of skammt að okkar áliti í aðhaldsátt, og verður að skoða þær í ljósi þess, að þegar hefur verið hafnað till. okkar Alþfl.-manna um mun víðtækari aðhaldsaðgerðir. En við vildum þó enn freista þess að leita stuðnings við till. um olíustyrk til húshitunar sem mætt væri án frekari skattahækkunar. Og þótt við berum hér einungis fram takmarkaðar till., þá vil ég ítreka meginstefnu okkar Alþfl.-manna um lækkun, en ekki hækkun tekjuskatts.

Það er kannske ekki úr vegi á þessari stundu, þegar fjallað er um efnahagsmál í víðum skilningi, að doka aðeins við og líta á það efnahagskerfi sem við höfum búið við í áratug, allan þennan áratug, — líta á það efnahagskerfi sem hefur skilað okkur 40—60% verðbólgu og erlendri skuldasöfnun í meira mæli en nokkru sinni fyrr, — það efnahagskerfi sem hefur skilað okkur óreiðu og sukki í fjármálum, þ. á m. í skattsvikum og fjármálaafbrotum, í meira mæli en nokkru sinni fyrr, — efnahagskerfi og efnahagsstefnu sem hefur haft það í för með sér, að við höfum á þessum áratug dregist aftur úr grannlöndum okkar í lífskjörum um 15—25%, — það efnahagskerfi sem gilt hefur þennan áratug, sem hefur boðið og býður upp á vaxandi landflótta.

Aðferðin við stjórn efnahagsmálanna hefur í megindráttum verið þessi: Í fyrsta lagi hefur verið fylgt algerri undanlátssemi í fjárlagagerð. Óskalistar útgjaldanna hafa verið ákveðnir fyrst og síðan hefur skattheimtan verið ákveðin á eftir. Í öðru lagi hefur hún einkennst af undanlátssemi í verðlagningu opinberrar þjónustu þar sem hagsmunir fólksins eru að engu hafðir, en ríkisforstjórarnir eiga ævinlega greiðan aðgang að ráðh. og koma sínu fram.

Aðferðin hefur í þriðja lagi verið fólgin í því að hafa neikvæða raunvexti allan þennan tíma og sífellt neikvæðari þannig að stolið hefur verið af sparifé, sparnaður hefur stórlega dregist saman, verðbólgufjárfestingar hafa aukist og fé hefur ekki verið fyrir hendi til þess að leggja í skynsamlegar fjárfestingar, eins og þurft hefði til þess að auka framleiðni, til þess að auka afköst vinnandi handa og bæta þannig lífskjörin í landinu. Af þessum sökum hafa líka lífskjörin sífellt verið að rýrna.

Í fjórða lagi hefur aðferðin einkennst af meðgjöf með offramleiðslu á landbúnaðarafurðum. Bændur hafa verið ginntir til þess með því kerfi, sem í gildi hefur verið, að slíta sér út við að framleiða vöru sem verður að skattleggja þjóðina stórkostlega til þess að geta selt ofan í útlendinga að mestu leyti.

Í fimmta lagi hefur stefnan einkennst af því, að sífellt hefur verið haldið uppi stækkun skipastólsins og skuldasöfnun vegna þess, þrátt fyrir það að fiskstofnar umhverfis landið væru ofnýttir og það væri augljós staðreynd að viðbætur við skipastólinn bitnuðu á afkomu sjómanna og útgerðar og þar með þjóðarbúsins í heild.

Í sjötta lagi hefur stjórnarstefnan einkennst af tómlæti um framþróun í fiskvinnslu og iðnaði. Þar hafa framfarir verið allt of litlar og fjármagnsútvegun í skynsamlegar umbætur allt of rýr. Þar hefur ekki heldur átt sér stað sú skipulagsbreyting í framleiðslunni sem nauðsynleg er, ef við ætlum að bæta hér lífskjörin og ná verulegum hagvexti.

Enn hefur stjórnarstefnan á þessum áratug einkennst af margföldum verðstöðvunum, sem hafa í rauninni skilað meiri verðbólgu en nokkru sinni fyrr. Er það ekki þversögn, að þegar margföld verðstöðvun er í gildi skuli verðhækkanir verða meiri en nokkru sinni fyrr? Gefur þetta ekki tilefni til þess að verðmyndunarkerfið sé skoðað frá grunni? Gefur þetta ekki tilefni til þess að ætla að þær aðferðir, sem hafa verið notaðar til að ákveða verðlag í landinu áratugum saman með handauppréttingu úti í bæ, dugi ekki?

Enn hefur stjórnarstefnan á þessum áratug einkennst af misheppnuðum opinberum framkvæmdum sem hafa orðið sérstakur baggi á þjóðinni. Flaustursframkvæmdir eins og t. d. í Kröflu eru stórkostlegur baggi á þjóðinni vegna þesss eins, að ríkisvaldið sjálft hefur ekki haft manndóm í sér til þess að undirbúa framkvæmdir sínar með eðlilegum og réttum hætti.

Meðan þessi stjórnarstefna hefur verið í gildi hafa menn hrakist úr einni bráðabirgðaaðgerðinni í þá næstu án þess að nokkur frambúðarlausn fengist. Sjálfsagt hafa einhverjir bundið vonir við það, að núv. ríkisstj. mundi breyta út af þesssari stefnu, losa sig úr farvegi vanans og undanlátsseminnar. En það er öðru nær. Aldrei hefur farvegur vanans verið ríkari en einmitt nú, aldrei hefur undanlátssemin og aðhaldsleysið verið meira en einmitt nú. Þetta er ógæfusamlegt fyrir íslenska þjóð.

Ég hef hér áður rakið hverra umbóta væri þörf í fjárlagagerðinni, hvernig ákveða ætti umsvifin fyrst og gjaldþol þegnanna áður en óskalistarnir væru settir upp. Ég vil hér líka ítreka það sem ég sagði áðan, að ekki er að vænta árangurs í viðleitninni til þess að draga úr verðbólgu nema verðlagningu opinberrar þjónustu verði settur fastur rammi, sem sé skýrari og ætlist til meira af stjórnendum opinberra fyrirtækja en af öðrum í landinu, þannig að fordæmi sé veitt.

Hæstv. viðskrh. kvartaði undan því í ræðu hér fyrir skömmu, að ekki væru til fjármunir í landinu til þess að standa undir ýmsum úrbótum, sem þörf væri á að gera, eða til þess að standa undir eðlilegri verslun í landinu sem hann hafði þó mestar áhyggjur af. Þessi sami viðskrh. hefur staðið fyrir því, að horfið yrði frá raunvaxtastefnu. Það nást engin tök á efnahagsmálunum hér nema raunvaxtastefnan verði látin gilda, að stefnt verði á jákvæða raunvexti.

Við munum ekki heldur ná árangri í efnahagsmálum nema algjör stefnubreyting eigi sér stað varðandi landbúnaðarmálin, sú stefnubreyting að miða framleiðsluna fyrst og fremst við innanlandsþarfir og draga úr framleiðslunni í áföngum. Auðvitað kostar það átak, en einmitt á þessu sviði á að fara leið niðurtalningarinnar sem Framsfl. boðaði af mikilli þrautseigju fyrir kosningar, en náttúrlega um allt, allt annað.

Það á líka við, að ef við ætlum að ná betri hagvexti, betri lífskjörum hér, þá verður að sporna við stækkun skipastólsins, hamla gegna stækkun skipastólsins. Núv. ríkisstj. fylgir þveröfugri stefnu í því máli. Núv. sjútvrh. stærir sig af því að hafa nú opnað fyrir skipainnflutning erlendis frá. Sá innflutningur, jafnvel þótt skip fari úr landi, getur ekki orðið til annars en að stækka skipastólinn, nema jafnframt verði dregið úr innlendri skipasmíði, sem sér þó ekki merki um í stefnu núv. ríkisstj.

Einn mikilvægasti vaxtarbroddur í hagkerfi okkar liggur áreiðanlega í framförum í fiskvinnslu og iðnaði. Að því er iðnað varðar má líta á tvö atriði: Annars vegar stóriðjuna, sem við höfum ekki nýtt okkur í þeim mæli sem við hljótum að gera, og í annan stað annan iðnað, þar sem verkmenntun og skipulagning framleiðslunnar

eru stærstu verkefnin og hafa orðið út undan. En menn skulu gæta að því, að þær framfarir verða að gerast í fyrirtækjunum sjálfum. Það þarf að skapa ytri aðstæður af hálfu ríkisins til þess að þær framfarir geti gerst í fyrirtækjunum sjálfum og fyrir áhuga þeirra í þeim efnum. Framþróun fiskvinnslunnar er verkefni sem nokkuð var hafið á þeim tíma sem ég gegndi embætti sjútvrh. Þá var útlánareglum Fiskveiðasjóðs breytt til þess að stuðla að auknum útlánum til hagræðingar og tæknivæðingar og endurskipulagningar í fiskvinnslunni.

En það var líka stigið annað skref. Það voru lagðar ákveðnar línur fyrir stjórn Fiskveiðasjóðs um það, hvernig hann skyldi haga útlánum sínum. Það var lagt fyrir hann, að meginstefnan skyldi vera sú, að helmingur útlánanna skyldi vera til fiskveiða og hinn helmingurinn til fiskvinnslu. En fram undir þetta hefur hlutfallið verið um 80% til fiskveiðanna, en einungis 20% til fiskvinnslunnar. Og aðferðin hefur verið sú, að fiskveiðarnar voru afgreiddar fyrst og síðan fór það eftir aðstæðum hvort eitthvað yrði afgangs fyrir fiskvinnsluna. Það var líka tekin upp sú nýbreytni að fá samtök framleiðenda í lið með sjútvrn. til þess að ákvarða hver væri lánsfjárþörf Fiskveiðasjóðs á árinu 1980. Fyrir þessu gerði ég þáv. fjmrh., Sighvati Björgvinssyni, sérstaka grein. Niðurstaða okkar af þeirri athugun var sú, að heildarútlán Fiskveiðasjóðs þyrftu að nema 15 milljörðum kr. á árinu 1980, 7.5 milljörðum til fiskveiða og 7.5 milljörðum til fiskvinnslu.

Um fiskveiðarnar er það að segja, að 7.5 milljarðar eru algjört lágmark og allar áætlanir um lægri fjárhæðir munu reynast óraunhæfar. Við getum haft til samanburðar að á árinu 1979 voru lánaðir 7 milljarðar til þessa þáttar og var þó ekki um að ræða þenslu í skipasmíðum það ár. Í annan stað getum við litið á það, að afkastageta skipasmíðastöðvanna, bæði til nýsmíði og breytinga, er a. m. k. 2000 lestir á ári og hver lest kostar í framleiðslu um 5 millj. kr. Ef Fiskveiðasjóður á að lána 75% af matsverði, eins og gera verður ráð fyrir, þá þýðir það 7.5 milljarða til þessa þáttar. Og þá er ekki meðtalin endurnýjun á vélum og tækjum, sem ætla má að hafi verið rúml. 1 milljarður á s. l. ári.

Því rek ég þetta, að reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að sé eigi til fjármagn til nauðsynlegra skipalána, þ. e. til að halda eðlilegum verkefnum hjá skipasmíðastöðvunum, þá hefur verið gengið á það fé sem ætlað er til fiskvinnslunnar. Sú saga má ekki endurtaka sig einu sinni enn, þegar við vitum öll að þarna liggur sérstakur vaxtabroddur í efnahagslífi okkar. En þessar áætlanir gera ekki ráð fyrir neinum innflutningi á skipum, svo að þegar hæstv núv. sjútvrh. hefur opnað fyrir þær flóðgáttir þarf sjálfsagt enn þá meira í þennan þáttinn.

Ef við lítum á fiskvinnsluna, þá er ljóst að það er mjög nauðsynlegt að koma á hagræðingu í frystihúsum, bæði fjárhagslegri og tæknilegri, sem mundi stuðla að mun betri nýtingu hráefnis, meiri framleiðni og meiri afköstum. Auk þess er sérstaks átaks þörf einmitt í þessari grein til þess að bæta aðbúnað verkafólks.

Á vegum stjútvrn. var, eins og ég drap á áðan, aflað sérstakra upplýsinga hjá sölusamtökum þeim, sem hafa með frystinguna að gera, um þarfir frystihúsanna í þessum efnum. Þær kannanir leiddu í ljós að til forgangsverkefna — þ. e. fyrst og fremst til tæknilegrar hagræðingar og til þess að Fiskveiðasjóður geti staðið við fyrirheit um lán sem voru gefin á árinu 1979— muni þurfa upp undir 5 milljarða kr. til frystiiðnaðarins á árinu 1980, við skulum segja 4.7 milljarða kr. Og þá er ekki gert ráð fyrir neinum nýbyggingum á þessu sviði.

En það er fleira í fiskiðnaði en frystihús. Fiskmjölsverksmiðjurnar hjá okkur hafa verið að drabbast niður. Það er alkunnugt að þar eru mörg brýn verkefni óleyst, ekki hvað síst hvað varðar fjárfestingu sem mundi stuðla að betri nýtingu hráefnis, sem er mun lélegri hjá okkur en í ýmsum samkeppnislöndum okkar, og ekki síst til þess að ná fram mengunarvörnum í leiðinni og orkusparnaði. Til þessara þarfa má áreiðanlega ekki áætla minna en 2.5 milljarða kr. Þá er ótalin saltfisksvinnsla, skelfisks- og rækjuvinnsla, svo eitthvað sé nefnt. Til þeirra hluta má varla ætla minna en 500 millj. kr. Ef þetta er allt talið saman, þá er hér í rauninni um 7.7 milljarða kr. að ræða.

Kannske er rétt að taka það fram í leiðinni, að fyrirliggjandi umsóknir frá fiskvinnslunni um lán úr Fiskveiðasjóði á árinu 1980 nema hátt á annan tug milljarða kr., þannig að hér er einungis um að ræða brot af því sem sótt hefur verið um, einungis það brýnasta til þess að halda framþróun í greininni.

Ég hef rakið fáeina þætti sem nauðsynlegt er að taka á ef brjótast á út úr þeim vítahring sem hér hefur verið gildandi í heilan áratug, — þeim vítahring sem hefur skapað óbærilega óvissu í þessu þjóðfélagi, óbærilega óvissu hjá öllum þeim sem fást við rekstur í landinu, en ekki síst óbærilega óvissu hjá öllum almenningi í landinu, — óvissu launþegans sjálfs um kaup sitt og kjör. Enginn getur við þessar aðstæður lagt skynsamleg áform, hvorki í rekstri né í heimilishaldi, ekkert varðandi lífshlaup sitt.

Það sem er sorglegast í sambandi við þau spor, sem núv. ríkisstj. hefur stigið, er að hún hefur enn aukið á þessa óvissu. Hún hefur enn aukið á spennuna í þjóðfélaginu. Hún hefur enn stigið skref til þess að draga úr hagvextinum og auka verðbólguna. Hvert einasta spor þessarar ríkisstj. á undanförnum vikum hefur verið brennt af merki vanans og undanlátsseminnar og er verra en það versta sem við höfum áður séð. Hrikalegast af öllu þessu er það, að á þeim sviðum, sem ríkisstj. ætti að sýna fordæmi, á þeim sviðum þar sem hún hefur algjör yfirráð, eins og í ríkisfjármálum og peningamálum, þar er slappleikinn mestur. En það var einmitt á slappleika á þessum málasviðum sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar fór flatt á sínum tíma. Það var á þeim slappleika sem viðleitni hennar á fyrri hluta tímabilsins til þess að draga úr verðbólgunni rann út í sandinn. Það fordæmi, sem sýnt er í fyrirliggjandi fjárlagafrv. og því sem boðað hefur verið í ríkisfjármálum, kippir stoðunum undan aðhaldsaðgerðum á öllum öðrum sviðum þjóðfélagsins. Sá sem ekkert vill gera í aðhaldsátt hjá sjálfum sér getur ekki vænst þess af öðrum, hefur ekki rétt til að vænta þess af öðrum.

Sumir hefðu kannske haldið að Alþb. væri róttækur flokkur, flokkur sem vildi kerfisbreytingar. Aldrei hafa áhrif Alþb. í ríkisstj. verið eins mikil og núna. Aldrei er eins fyrir það brennt, að nokkrar breytingar séu gerðar á kerfinu, heldur einungis magnað upp það kerfi sem við höfum og verstu þættir þess gerðir enn þá verri. Þetta er íhaldssamasta aðferð sem hægt er að hugsa sér við stjórn ríkisins. Ég held að Alþb. hafi gleymt því, hvers konar flokkur það vildi vera og þóttist vera. Og niðurtalningarleið Framsfl., sem boðuð var af miklum fjálgleik, reynist upptalningarleið í ríkisfjármálum og í verðlags-

málum. En eftir sem áður ætlar Framsfl., sínum vana trúr, að heimta það af launþegum að þeir sýni aðhaldssemi.

Þingmenn Sjálfstfl. hafa oft talað um það á undanförnum árum, að aðhald og sparnað þyrfti í ríkisrekstrinum. En eru ekki einhverjir þm. Sjálfstfl. í núverandi ríkisstj.? Öll þeirra áform í þessum efnum, öll þeirra orð um þetta efni eru fyrir bí. Það liggur við að ég taki mér í munn orð kunningja míns, sem ég hitti á götu í morgun, þegar hann var búinn að hlusta á boðskap seinustu daga. Hann sagði: „Hvern fjandann er ríkisstj. eiginlega að fara? Æ-jú, ég held hún sé að fara með allt til fjandans."

Ég verð að segja það eins og er, að ég hef áhyggjur af því ástandi sem ríkir í þjóðfélaginu. Það er óvissan, sem er verst. Það þarf þjóðarvakningu til þess að ná sér upp úr verðbólgufarveginum. Þá gildir ekki já-já-stefnan við öllum óskalistum, — sú já-já-stefna sem núverandi ríkisstj. fylgir og sendir síðan skattþegnum reikninginn fyrir. Það þarf auðvitað kjark og forust til að brjótast úr hringrás vanans og undanlátsseminnar. Ekkert af því hefur núv. ríkisstj. Og það þarf breytt vinnubrögð við fjárlagagerð. Það þarf breytt vinnubrögð í allri efnahagsstefnunni, í ríkisfjármálunum og í atvinnuvegastefnu. Um ekkert af þessu sjást merki hjá núv. ríkisstj. Því segi ég það, að ég hef áhyggjur af því, hvernig ástandið er í okkar þjóðfélagi. Allar aðgerðir, allar till. núv. ríkisstj. stefna í þveröfuga átt við það sem menn hefðu trúað að væri markmið þeirra sem vilja stjórna landinu, sem setjast að landsstjórn. Þær stefna í þveröfuga átt við þær yfirlýsingar að sporna gegn verðbólgunni. Þær stefna ekki að stöðugleika, þær stefna að enn þá meiri óvissu. Þær stefna ekki að aðhaldi á neinu sviði, heldur undanlátssemi. Ef till. okkar Alþfl.-manna hefði verið fylgt í þessum efnum, þá hefði verið unnt að vætna nokkurs árangurs í baráttunni við verðbólguna, — nokkurs árangurs í því að koma hér á stöðugra efnahagslífi, — nokkurs árangurs í því að koma hér á hagvexti og okkur tækist að minnka muninn á lífskjörum hjá grannþjóðunum og okkur. En nú stefnir allt til þveröfugrar áttar, og verst af því öllu er fjárlagafrv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Að venju mun ég ekki hafa hér lengra mál en efni standa til. Ég vil fjalla hér, að því er þetta fjárlagafrv. varðar, um þrjá þætti. Í fyrsta lagi svolitla brtt. við fjárlagafrv. sem við flytjum, ég og hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson. Í annan stað langar mig til að fara nokkrum orðum um gengismál og fjárlagafrv., einnig í framhaldi af þeim umr. sem hér urðu í gærkvöldi. Og í þriðja lagi langar mig til að fara nokkrum orðum um landbúnaðarstefnu þessa fjárlagafrv. og einkum og sér í lagi afstöðu Alþb. til þess með sögulegu tilliti til stefnu Sósíalistaflokksins fyrr á árum í þeim efnum.

En fyrst, herra forseti, áður en lengra er haldið, þá er skilningur minn á þingræði sá, að með æðsta vald fer Alþingi og þingmenn. Þingmenn kjósa sér framkvæmdastjóra til að framkvæma þau lög sem þetta sama háa Alþingi setur. Af þessum ástæðum hefur það verið siðvenja hér, að hæstv. ráðh. — a. m. k. sá sem situr í því rn. sem lagt hefur fyrir það frv. sem verið er að ræða — sitji og hlýði á þm. Út af fyrir sig má taka undir það, að hæstv. ráðh. getur verið þeirrar skoðunar að þm. almennt séu asnar, á þá sé ekki hlustandi og yfir höfuð sé ekkert á því að græða sem þeir kunna að segja. En engu að síður er það svo, að hæstv. ráðh. hefur þegið vald sitt úr hendi þessara sömu þm. sem fara með löggjafarvald. Ég vil þess vegna spyrja, herra forseti: Kynni að vera von á hæstv. fjmrh., Ragnari Arnalds, í salinn? Hann hefur ekki sést hér í allt kvöld. Þetta er spurning til forseta. (**Forseti:** Ég hef ekki hugmynd um það.) Er hægt að — (**ÓRG:** Hann sat hérna lengi í kvöld.) Hann hefur ekki setið hér í kvöld, hæstv. ráðh., þó taskan hans sé búin að vera hér. Og ég skal út af fyrir sig fallast á það, að það er meira vit í töskunni heldur en ráðh. sjálfum. Það er samt ekki nóg. Hæstv. ráðh. hefur ekki setið hér í kvöld. (**MB:** En taskan hefur setið hér í salnum.) Já, og það er eflaust hlutfallslega meira af vísdómi í töskunni. En mér er sama, það dugar mér ekki (**ÓRG:** Þm. fer vísvitandi með rangt mál.) Þm. fer ekki með rangt mál.

Nú, ráðh. er ekki sjáanlegur. En þessari ábendingu, herra forseti, er hér með komið á framfæri. Ráðh. eru framkvæmdastjórar sem þessi virðulega stofnun hefur kosið sér, og það ætti að vera sanngjörn krafa að ráðh. — a. m. k. sá sem frv. hefur flutt — sitji hér. Út af fyrir sig kemur mér ekki við hvers konar innanflokksátök eiga sér stað í Alþb., en ráðh. ætti samt að sjá sóma sinn í því að vera hér viðstaddur. Sem sagt, herra forseti, þessari ábendingu er komið á framfæri.

Á þskj. 274, þskj. sem ég t. a. m. hefði áhuga á að hæstv. fjmrh. hlýddi á rök fyrir, er brtt. við þetta frv. til fjárlaga frá þeim sem hér stendur og hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni. Þetta er lítil till. og út af fyrir sig kostar hún skattgreiðendur ekki neitt. Gert er ráð fyrir að 15 millj. kr. séu fluttar til. Það er gert ráð fyrir að þessar 15 millj. kr. séu fluttar af liðnum rekstrargjöld Alþingis og búinn til nýr liður sem yrði nr. 0118 og heitir: Til beins útvarps frá Alþingi. Hugmyndin að baki þessu er sú, að hv. Alþ. veiti til þess nokkurt fé að sett verði upp bæði það sem á útvarpsmáli er kallað stúdíó og eins hafi fullkomna og beina línu, þannig að hægt verði auðveldlega að senda út á loftinu bæði ræðuhöld, sem fara fram á Alþ., og eins upplýsingar, t. d. í formi viðtala ef þurfa þykir. Hvernig þetta þróast og kann að þróast út af fyrir sig er ekki gerlegt að taka afstöðu til í fjárlagafrv. Hér er aðeins verið að leggja til að þessi tiltekna upphæð, 15 millj. kr., sé til þess að framkvæma þetta tiltekna verkefni. Ég er sannfærður um að þetta væri mikið framfaramál. — Ég fagna því að hæstv. ráðh. er genginn í salinn, og þakka honum fyrir það. — Ég hygg að hér gæti verið um mikið framfaramál að ræða. Ég hygg, þó að ekki hafi ég setið lengi á hinu háa Alþingi, að fréttaflutningur frá Alþingi sé oft mjög ófullkominn, og kemur það sennilega fyrst og fremst til af því — og ég er þá fyrst og fremst að tala um ríkisfjölmiðlana — að þeir hafa ekki úr miklum mannafla að spila og fjárveitingar hafa verið ónógar. Afleiðingarnar eru þær, að þar sem það er flókið mál að fylgjast með störfum Alþingis verður fréttaflutningur oft þannig að með mestu eindæmum er. Ég er sannfærður um það, að ef Alþ. veitti fjármuni til hluta eins og hér hefur verið lýst, þá mundi öll slík aðstaða stórbatna og fólkið í landinu fá sannari mynd af Alþ. Þau eru vitanlega mismerkileg, málin sem hér eru til umr., en samt held ég að það sé of mikil gjá á milli þings og þjóðar, á milli fólksins í landinu annars vegar og þingsins hins vegar, og að hluta til er ég sannfærður um að þetta stafar af því að upplýsingamiðlun frá Alþ. út um byggðir landsins er ónóg. Það eru aðeins 15 millj. kr. sem hér er verið að tala

um. Og það er ekki verið að tala um að bæta því við þær upphæðir sem við höfum verið að fjalla um og liggja til grundvallar hinu stóra frv. Það er verið að tala um að flytja þetta af rekstrarkostnaði Alþingis. Það má geta þess til dæmis, að í Vestur-Þýskalandi hafa þeir slíkar reglur og beita þessu af mikilli tækni og raunar bæði útvarpi og sjónvarpi. Og dómur dómbærra manna er sá, að þar hafi þetta gefið mjög góða raun, þýði ákveðinn aga fyrir þingið og umfram allt stuðli að upplýsingamiðlun frá þingi, þjóðþinginu, til fólksins í landinu. Þetta eru ekki háar upphæðir, ég endurtek það. Það er ekki verið að íþyngja skattborgurum enn frekar en þegar er orðið. Ég vænti þess, að hv. þm. skoði þessa litlu till. með velvilja. Ég fagna því, að hæstv. fjmrh. er í salnum, og vil auðvitað sérstaklega beina þessu máli til hans.

Í annan stað langar mig til að fjalla nokkrum orðum um gengismál í tengslum við þetta mikla frv. sem hér er til umr. Um það urðu raunar umr. hér í gærkvöld eða nótt. Fróðir menn segja mér að það sé einsdæmi, að jafnróttæk gengisbreyting og sú, sem nú nýverið var framkvæmd, eigi sér stað á milli þess að fjárlagafrv. er lagt fram á Alþ. og þangað til að því kemur að fjárlagafrv. skal samþykkt, sem væntanlega verður nú á allra næstu dögum. Þessi mikla gengisbreyting þýðir auðvitað það, að allar forsendur fjárlagafrv. hafa skekkst. Þessi mikla gengisbreyting þýðir það, að við erum raunverulega að tala um nýjar og allt aðrar forsendur en þær sem upphaflega var gert ráð fyrir. Þetta dæmi er þeim mun verra vegna þess, að í hæstv. ríkisstj. situr maður sem er búinn að verða sér til skammar með ótímabærum yfirlýsingum um væntanlega gengisfellingu.

Hann er ekki viðstaddur hér í kvöld, hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson, því að ríkisstj. er fjarverandi, úti að aka í þessum efnum eins og öðrum. Ég verð engu að síður að fjalla enn um mál þessa ráðh. í framhaldi af orðum, sem hann lét falla hér í gær í sambandi við fjárlagafrv., og treysti því að einhverjir flokksbræður hans séu hér við til þess að koma þeim skilaboðum áleiðis.

Hæstv. ráðh. reiddist mér í gær og lagði til við mig að ég segði af mér þingmennsku vegna orða sem ég hafði látið falla um frétt sem eftir ráðh. var höfð 10. mars s. l. Í þingræðu fjallaði ég nokkrum dögum síðar um þessa frétt. Hæstv. ráðh. var þá erlendis og ekki viðstaddur, en ég sagði í þessari þingræðu: . . .„og síðan í fréttinni sjálfri gefur hæstv. ráðh. hverja yfirlýsinguna á fætur annarri í þessa veru og tiltekur að til standi að láta gengið síga um 15%, hvorki meira né minna". Það voru þessi orð: „hverja yfirlýsinguna á fætur annarri," sem hæstv. sjútvrh. mótmælti af hinni stökustu hörku, sagði að þau væru lygi, ósannindi og svo ómerkilegur málflutningur, að annað eins hefði ekki heyrst á Alþ., og ráðlagði þeim þm., sem þessi orð hefði látið falla, að segja af sér. Ráðh. var reiður, og það er þó manndómsmerki, það eina manndómsmerki sem hann sýndi í gærkvöld raunar.

Í þessari sömu frétt segir í fyrirsögn: „Víst glæpur að segja það þótt allir viti það." Hann er að tala um gengisfellinguna væntanlegu. Fréttin byrjar á þessum orðum: „Það er víst talinn glæpur að segja það þótt allir viti það." Síðar í fréttinni segir: „Steingrímur bjóst við að aðgerðir ríkisstj. yrðu talsvert gengissig, þótt hann vonaði að það þyrfti ekki að verða 15%." Það er sjútvrh. þjóðarinnar hæstv., sem er að tala. Síðar í sömu frétt segir: „Þess vegna þarf gengissig að koma til einnig" — og allt með leyfi hæstv. forseta. Og fréttin endar á þessum orðum: „Steingrímur kvaðst búast við að ríkisstj. ákvæði aðgerðir sínar á morgun." (**Gripið fram í:** Þetta er alveg forkastanlegt.) Auðvitað er það svo. Og er það þá rangt að segja „aftur og aftur", eða eins og ég sagði hér í þingræðu: „síðan í fréttinni sjálfri gefur hæstv. ráðh. hverja yfirlýsinguna á fætur annarri í þessa veru og tiltekur að til standi að láta gengið síga um 15%, hvorki meira né minna."

Auðvitað vita t. d. hv. þm. Alþb., sem ég enn leyfi mér að halda fram að reyni þó að horfa mórölskum augum, a. m. k. öðrum þræði, á stjórnmál og þar með yfirlýsingar af þessu tagi, — auðvitað vita þessir menn mætavel að þessar yfirlýsingar ráðh. voru svo hneykslanlegar og í raun gáfu braski svo undir fót að með eindæmum er. Og þetta er sagt í tengslum við þetta fjárlagafrv., vegna þess að hér er verið að tilkynna þjóðinni að það standi til að breyta öllum forsendum þessa frv. Það er það sem hæstv. ráðh. er raunverulega að segja og endurtekur aftur og aftur í einni og sömu frétt, sem er 20 línur eða þar um bil í blaði. Og það er um þessa frétt sem hæstv. ráðh. sýndi af sér derring hér í gær, þann derring sem sekur maður einn hefur í frammi. Hann er svo rismikill að hann mætir ekki hér í dag. Ég veit ekki hvort hann mætir hér framar, en í dag a. m. k. er hann ekki mættur, hæstv. ráðh. Ríkisstj. sem hefur slíka ráðh., þarf á þeim að halda og situr uppi með þá, — það eitt er náttúrlega dómur, það eitt segir slíka sögu, og það að þeir sitji gneypir, fjmrh. og flokksbróðirinn — nei, það er rangt hjá mér, Hjörleifur er ekki flokksbróðir Steingríms Hermannssonar, það best ég man, — en þarna sitja þeir ráðherrarnir, það er samráðherra þeirra hæstv. sem hér á hlut að máli.

Ég sagði sögu frá Bretlandi í gær um gengismál, afstöðu og þegar menn valda spákaupmennsku með ótímabærum yfirlýsingum. Ég sagði hana hér í gær hæstv. viðskrh., sem nú er genginn í salinn, þegar ég var að áfellast hegðan flokksbróður hans hæstv., Steingríms Hermannssonar. Á hinn bóginn lýsti ég fullu trausti á þá afstöðu sem hæstv. viðskrh. hafði sýnt í þessum efnum. En aðra sögu má segja frá Bretlandi um þessi efni fyrir þessa vondu ríkisstj. að hlusta á. Á stríðsárunum var þar fjmrh. sem var aðlaður og hét Sir Stafford Cripps. Hann var Verkamannaflokksmaður, kom úr kristilegum armi Verkamannaflokksins, og var kallaður í vinstri armi. Hann tók að sér á stríðsárunum sem fjmrh. að segja þjóðinni endurtekið í marga daga að gengið yrði ekki fellt. Og þessum manni var trúað. Nokkrum dögum seinna felldu þeir gengið, Churchill og félagar, þetta var á samsteypustjórnarárunum. Sir Stafford Cripps tók á sig skellinn og sagði af sér. Hann varð að fórna ferli sínum að sinni fyrir málstað sem hann taldi vera réttan á styrjaldartímum.

Má ekki líta svo á, að núv. hæstv. ríkisstj., með þetta lið innanborðs, þetta líka lið, geti lært eitthvað af sögum af þessu tagi? Ég mundi halda að á svona sögur ættu þessir hæstv. ráðh. að hlusta vel, því að hér erum við sannarlega að tala um mikið aðalatriði þessa máls.

Spákaupmennsku er hægt að valda með mörgum hætti. Ef þjóðin vissi að einn og sami maðurinn ætti helming eða meira af ríkistryggðum skuldabréfum og sá hinn sami sæist með stórar ferðatöskur á ferli utan við Landsbankann einn morguninn og sá grunur vaknaði, að hann ætlaði að selja af því að hann treysti ekki bréfunum lengur, þá mundi það valda spákaupmennsku. En stjórnvöld gætu ekkert að slíku gert. En þegar ráðh. gefa

slíkar yfirlýsingar sem þessar — og ég endurtek traust mitt á hæstv. viðskrh., því ég tel að hann hafi sýnt rétta framkomu í þessum efnum — þegar ráðh. og það formaður í næststærsta flokki endurtekur atriði eins og hér er um að ræða, þá er það alvarlegur áburður, og þegar sá sami ráðh. leyfir sér þann dónaskap að mælast til þess við þm., sem vinnur að þessu, að segja af sér fyrir vikið, eins og hæstv. ráðh. gerði hér í gær, þá er hann náttúrlega slíkur dólgur og með slíkan málstað að með eindæmum er. Ég vænti þess, að hæstv. viðskrh. komi þessum skilaboðum á framfæri til þess sem þau á.

Í þriðja lagi ætlaði ég að fjalla um landbúnaðarmál, till. Alþfl. í þeim efnum, að því er þetta fjárlagafrv. varðar, afstöðu Alþb. í þeim efnum og einkum og sér í lagi afstöðu Sósíalistaflokksins gamla. Og ég hef hér litlar gjafir í formi ljósrita til að færa á eftir þeim þm. Alþb. sem eru í Reykjavík. Ég tímdi ekki að ljósrita meira uppi á Landsbókasafni í dag. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki að fá þær núna?) Nei, á eftir, hlusta fyrst.

Í brtt. frá hv. þm. Eiði Guðnasyni við 2. umr. þessa máls leggur hann til að jarðræktarframlög verði lækkuð verulega. Hann leggur til að dregið verði úr framlögum til framræslu í landi sem býr við offramleiðslu og skert kjör þegnanna í heild fyrir vikið. Hann leggur til að uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir verði lækkaðar, ekki mjög verulega, því hægt skal fara í sakirnar. Þetta eru viðkvæm mál og það er viðurkennt. Hann leggur til að niðurgreiðslur lækki mjög verulega. Við erum að leggja til að hægt og hægt fikrum við okkur inn á nýja landbúnaðarstefnu. Það skal viðurkennt, að hér er ekki um byltingarkenndar tillögur að ræða. Það er farið hægar í sakirnar en t. d. ég hefði kosið en það er verið að freista þess að ná tilteknu samkomulagi á þjóðkjörnu þingi.

Nú langar mig til að segja fyrst og fremst hv. þm. Alþb. hvernig forverar þeirra í Sósíalistaflokki — meðan flokkurinn var og hét og dugði til einhvers — hegðuðu sér. Ég er með grein sem birtist í dagblaðinu Þjóðviljanum föstudaginn 27. ágúst 1943. Þá hét þetta Sósíalistaflokkur, hafði heitið svo í fimm ár, og foringjar og hugsuðir voru sennilega fyrst og fremst Einar Olgeirsson og Brynjólfur Bjarnason. Nú vil ég taka það strax fram, að þessir menn voru kommúnistar, og í kommúnista er að *minni hyggju lítið varið í pólitískum skilningi.* Þessir menn voru ekki þingræðismenn. Þeir áttu sér vondan feril á stríðsárunum, einkum á tveimur fyrstu árunum meðan Hitler og Stalín voru í bandalagi. Ég er ekki að lýsa neinni aðdáun á þessum mönnum. Hitt vil ég viðurkenna og skal segja, og það er munurinn á þessum mönnum annars vegar og ruglukollunum sem eru í forsvari fyrir Alþb. í dag, að þeir kunnu sína hagfræði. Það er munurinn á þessum mönnum annars vegar og hins vegar þeim lúðvíksku ruglukollum sem um of marka þennan flokk í dag. Það sama gildir um þá Einar og Brynjólf, að ég hygg, og um marxistana yfir höfuð að tala annars vegar og hins vegar föður þeirra í fræðilegum skilningi, Karl gamla Marx, að þó að hann drægi oft forkostulegar og furðulegar og rangar — sannanlega rangar — pólitískar ályktanir, þá í fyrsta lagi frýði honum enginn vits, en í annan stað kunni hann sína hagfræði, karlinn. Nú skulum við heyra hvað sósíalistarnir — og hv. þm. Guðmundur J. er beðinn að hlusta sérstaklega — hvað þeir sögðu um landbúnaðarmál árið 1943. Og við skulum bera það saman við það sem við erum að segja nú um þetta fjárlagafrv. Þetta er Sósíalistaflokkurinn, sem hér er að tala, og þetta er fréttaskýringargrein. Ég giska á — það er sagt án ábyrgðar — ég giska á að höfundur sé Einar Olgeirsson, sem er ásamt Sigfúsi Sigurhjartarsyni annar ritstjóri blaðsins á þessum tíma. Í yfirfyrirsögn segja þeir: „Eru framsóknarmenn að verða vitlausir?“ Þeir segja: „Tíminn heimtar þjóðnýtingu landbúnaðarins.“ Svo segja þeir í undirfyrirsögn: „Með þeim hætti að hvaða maður sem er geti framleitt hvaða landbúnaðarafurðir sem hann *vill í hvað ríkum mæli sem vera skal,* og síðan kaupi ríkið allt saman, þótt ekkert not sé fyrir það.“

Svo segja þeir og stækka upp fyrirsögnina, þetta er undirfyrirsögn enn: „Ætlar Tíminn með slíkri vitskertri heimtufrekju að reyna að hindra það, að bændastéttin hafi samstarf við verkalýð og aðrar vinnandi stéttir að því að tryggja á eðlilegan hátt afkomu þeirra aðila?“ Þessir menn kunnu sína hagfræði. Þeir gerðu það, sósíalistarnir gömlu. Sú vitneskja hefur af einhverjum ástæðum flust yfir í Alþfl. Og furðulegt er það sem þar á eftir stendur — (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson? (**Gripið fram í:** Hann sagðist vera á leiðinni.) Nú væri konungi marxistanna nær að halda sér saman augnablik og hlusta. — Þeir byrja greinina svona, og hlustið þið vel, moðsósíalistar sem hér eruð í salnum:

„Það munu vera einhverjar undarlegustu og frekustu tillögur sem nokkurn *tíma hafa sést á prenti, sem Tíminn* gerir í þriðjudagsblaði sínu 24. ágúst. Hann álítur það hvorki meira né minna en sjálfsagt, að ríkið tryggi öllum bændum sölu á öllum þeim afurðum, sem þeim þóknast að setja á markað, með því verði sem vísitölunefndin“ — nefnd sem starfaði á stríðsárunum — „hefur komist að niðurstöðu um að þeir þyrftu að fá, og stimplar það bara einfaldlega sem svik og lagabrot, ef ekki sé tafarlaust fallist á þessa heimtufrekju hans.“

Hvað segir t. a. m. hv. þm. Kjartan Jóhannsson? Mundi hann ekki telja að það væri betri ríkisstj., sem hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen hefði myndað, ef þar sætu Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson — fullorðnir menn, en við hestaheilsu enn, guði sé lof fyrir það, — og hver eigum við að segja sá þriðji? — kannske Þröstur Ólafsson, frekar en þessir tveir og einn í viðbót — (Gripið fram í.) — þessir framsóknarmenn, þessir *menn eru gamlir á sína vísu, þeir sem hér sitja,* hæstv. ráðh.

Hér í greininni er sagt „Samkvæmt þessum tillögum má hvaða Íslendingur sem er fara að framleiða landbúnaðarafurðir eins mikið og hann vill.“ Þeir eru að tala um till. sem þetta kerfi var að byggja upp. (**Viðskrh:** Heldurðu að þetta sé satt í *Þjóðviljanum?*) *Þjóðviljinn* segir stundum satt, jú. „Það þarf ekkert tillit að taka til þess, hvaða vörur þjóðin þarf eða getur selt við kostnaðarverði erlendis. Það er bara að framleiða vöruna. Og ef þeir Íslendingar, sem ekki gerðust landbúnaðarvöruframleiðendur upp á þessar spýtur, ekki geta eða vilja kaupa allar vörur hans, þá á ríkið bara að borga honum það fullu verði“ — hvað erum við að gera í fjárlagafrv. núna? — „Þó það svo yrði að fleygja þeim eða selja fyrir lítið sem ekkert.“ — Hvað erum við með mikið af útflutningsbótum í þessu frv. núna, hæstv. fjmrh.?

Svo halda þeir áfram: „Slíkt væri sú undarlegasta og vitlausasta „þjóðnýting“ (í gæsalöppum hér í Þjóðviljanum) sem nokkurn tíma hefði þekkst, þar sem þjóðin ætti að kaupa og borga fullu verði vinnuafl allra landbúnaðarvöruframleiðenda án þess að ráða nokkrum

sköpuðum hlut um hvernig vinnuafl þeirra er notað, heldur geti hver einstaklingur unnið að því sem honum líst, alveg án tillits til þess, hvort vinna hans yrði þjóð þeirri að nokkru gagni, sem keypti og borgaði vinnuafl hans."

Hvernig líst hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni á þetta? Ég veit að síðan flokksbróðir hans, framsóknarmaðurinn fyrrverandi, gerðist kommi, þessi konungur marxistanna sem hér situr beint fyrir framan mig, þá hefur hann ekki skoðanir á svona málum — eða neinum. En ég treysti því, hv. þm. Guðmundur J., að ennþá örli á samvisku einhvers staðar undir niðri. Það veit ég raunar.

Þeir halda hér áfram, í Þjóðviljanum frá 1943, í ágúst. (**GJG:** Það er nú að smáminnka í manni, þetta göfuga.) Ég hef aðrar hugmyndir um það, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson.

„Slíkar hugmyndir sem þessar eru svo fjarstæðukenndar", segja þessir hugsuðir árið 1943, „að það þarf alveg ótrúlega frekju til að setja þær fram sem framtíðargrundvöll fyrir samstarf vinnandi stéttanna á Íslandi, enda geta þær ekki verið runnar undan rótum bænda, heldur er varpað fram af stjórnmálabröskurum," — ég endurtek: „stjórnmálabröskurum, sem einblína á stundarhag í von um að vinna bændafylgi með svo ófyrirleitnu lýðskrumi sem þessu." Þetta gæti verið lýsing á þessari bók, sem við erum hér að fjalla um.

Þeir halda áfram, sósíalistarnir frá 1943, og segja: „Það er hverjum manni ljóst, að þjóðfélag, sem ætlaði að framkvæma svona hugmyndir, stæðist ekki stundinni lengur" — ég endurtek: „stæðist ekki stundinni lengur. Ef landbúnaðarframleiðslan einsömul væri tryggð á þennan hátt, þá þyddi það óhjákvæmilega að aðrir landsbúar mundu flýja atvinnuleysi, taprekstur og skattbyrðar" — takið eftir: „skattbyrðar við sjávarsíðuna og leita til þessa eina" — ég les ekki vel hér, það er óskýrt — „í eyðimörk kapítalismans, landbúnaðarins, þar sem ríkið tryggði hverjum manni greiðslu fyrir hverja atvinnustund hans alveg án tillits til þess hvað um afurðirnar yrði."

Ég segi það enn, að það er ágiskun, því þetta er ómerkt grein, en ég gæti giskað á af stílnum að það væri Einar Olgeirsson sem þetta hefði skrifað á þessu ári. Og hann heldur áfram og segir: „Og afleiðingin yrði auðvitað sú, að allir færu að framleiða þessar landbúnaðarafurðir, sem ríkið tæki sem gulls ígildi, og enginn yrði til að éta þær eða borga uppbæturnar fyrir þær nema bændurnir sjálfir."

Ég hef lýst þeim fyrirvara sem ég hef á bæði þessum flokki, sögu hans, Sósíalistaflokknum á stríðsárunum og árunum þar um kring, og yfir höfuð kommúnisma, sem ég hef skömm á, en ég viðurkenni bæði gáfur og skilning þessara manna. Og þetta er skynsamleg grein þar um þessi efni er rætt. Mér finnst skelfilegt hvernig það getur hent, á meðan það er virðingarvert, að það hendi einstaklinga að þeir hrörni, því það eru örlög sem við ráðum ekki við og ber að sýna mikla virðingu, þá er skelfilegt að horfa á stjórnmálaflokk hrörna, eins og hér er að eiga sér stað. Sú stefna, sem menn eru að reka í þessu fjárlagafrv. og hæstv. fjmrh. mælir fyrir, hún er skrípamynd af sjálfri sér og sögu sinni, sú landbúnaðarstefna sem þið hafið talað hér fyrir. Og með því að greiða atkvæði gegn till. okkar, sem þó eru hógværar og á fræðilegum grundvelli ganga allt of skammt, — með því að fella slíkar till. gerið þið sögu flokks ykkar skömm til, eins og ljóst má vera af þessum lestri hér.

Og þeir halda áfram í þessari grein. Þeir segja: „Framsóknarmenn verða að gera sér það ljóst" — þetta ljósrit ætti hæstv. fjmrh. að fara með á ríkisstjórnarfund í fyrramálið. — „Framsóknarmenn verða að gera sér það ljóst, ef þeir ætla að koma fram sem fulltrúar einhvers hluta bændastéttarinnar í þessu máli, að hér er ekki um neitt augnabliksfyrirbæri að ræða, heldur upphafið að skipulegri starfsemi að því að tryggja bændastéttina gegn kreppum og verðfalli, og slíkt starf verður eðlilega að gera samtímis því sem reynt verður að tryggja verkamenn, fiskimenn og aðrar starfandi stéttir gegn atvinnuleysi og öðrum afleiðingum kreppna og skipulagsleysis á framleiðslunni.

Sá sem markar stefnu Tímans í þessu máli," — ég er enn að vitna í þessa grein, — „virðist hugsa sem stríðsgróðabraskari, er aðeins vill rífa til sín allt sem krumlur hans fá komist yfir, en hugsar ekkert um framtíðina né heldur þjóðarheildina." Þeir halda áfram og segja: „Þessi heimtufrekja og hákröfupólitík, þessi krafa um sérréttindi fyrir sig, þótt allir aðrir eigi atvinnuleysi yfir höfði sér, er merki um viðurstyggilega stjórnmálaspillingu" — „er merki um viðurstyggilega stjórnmálaspillingu," segir hér. Þeir halda áfram og segja: „Og eigi þessi heimtufrekja að verða yfirskin fyrir Framsókn til að koma sér undan samstarfi um að skapa raunhæft öryggi um afkomu bænda og annarra starfsstétta, þá er hér á ferðinni svo mikill yfirdrepsskapur að engu tali tekur."

Þetta er miklu lengri grein og væri áreiðanlega vel þess virði að lesa hana hér orði til orðs, og það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. En hitt þætti mér vera kjarni málsins, og af þeim sökum hef ég, herra forseti, látið ljósrita fjögur eintök af þessari grein: eitt fyrir hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, annað fyrir hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, þriðja fyrir hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og fjórða fyrir hæstv. ráðh. Svavar Gestsson. Allt eru þetta þingsystkini mín héðan úr Reykjavík, stærsta þéttbýlisstað landsins. Og ef ég mætti biðja herra forseta að vera svo vinsamlegur að koma þessu áleiðis til þessara hv. þm. (**ÓRG:** Er ekki hægt að fá aukaeintak fyrir starfsmann þingflokksins?) Starfsmaður þingflokksins hefur efalítið lesið þetta á sinni tíð, og vegna þess að hann er þekktur að því að vera maður vel læs og óvitlaus með öllu, þá er óskiljanlegt hvernig þessi sami maður hefur orðið raunar höfundur að þeim furðulega sögulega umsnúningi sem átt hefur sér stað í þessum flokki. (**SighB:** Hann kemur nú til með að hafa sitthvað annað að gera þegar hann kemur heim núna.) Mér er sagt svo, hv. þm.

Þeir segja hér, þeir félagar, eða sá sem þessa grein hefur ritað: „Hitt má mönnum ekki gleymast" — má ég biðja höfunda fjárlagafrv. og hæstv. fjmrh. að hlusta vel eftir þessu. — „Hitt má mönnum ekki gleymast, að samtímis því sem gerðar væru ráðstafanir út frá sjónarmiði þjóðfélagsréttlætis gagnvart sveitaalþýðu, þá þarf einnig að byrja á þeim ráðstöfunum gagnvart landbúnaðarframleiðslunni, sem nauðsynlegar eru fyrir þjóðarbúskapinn út frá sjónarmiði hagsýninnar. Og þær ráðstafanir eru í þessu þjóðfélagi óskyldar þeim sem fyrr er um getið." Þessi grein var skrifuð seint í ágúst 1943, og þeir kalla þetta slíkar firrur heimtufrekjunnar, sem nýlega birtust í Tímanum.

Ég hygg að hv. Sþ. hafi nú fengið nokkuð glögga mynd

af því, hvernig skrifað var í Þjóðviljann, málgagn Sósíalistaflokksins, um landbúnaðarmál síðustu daga ágústmánaðar 1943. Ég hygg að þessi skrif, sagan á bak við þau segi okkur mikla sögu. Og fyrst og síðast hygg ég að þetta segi okkur þá sögu, þegar við skoðum þetta plagg andspænis því fjárlagafrv. sem mér skilst að meiri hl. þessarar virðulegu stofnunar ætli sér að afgreiða innan skamms, því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu, að það sé alveg ljóst, að orðið hafi mikil umskipti í íslenskri pólitík — og þau umskipti helst, að helstu málsvarar verkamanna, launafólks, neytenda, skattgreiðenda við sjávarsíðu og í sveitum þessa lands, hafi þeir verið í Sósíalistaflokki árið 1943, — sem út af fyrir sig þyrfti að hafa um miklu lengra mál, sem við skulum láta liggja milli hluta í bili, — hafi þeir verið sérstakir talsmenn þessa fólks á þeim tíma, þá eru þeir það ekki lengur, enda eru þeir orðnir skrípamynd af sjálfum sér. Ég segi það, hv. þm. Halldór Blöndal, sem bendir mér á það að hæstv. fjmrh. er farinn úr salnum; ef ég væri fjmrh. og fengi þessa gusu, þá hefði ég líka stungið af!

Þetta er kjarni málsins, sem hér hefur verið rakinn. Það má endurtaka, að í Sósíalistaflokknum gamla var nokkur fræðileg alvara. Og þó að ég fyrirlíti margar og flestar ályktanirnar, hinar stjórnmálalegu ályktanir, sem höfundar að þessu plaggi, hverjir sem þeir eru, drógu á sínum tíma og hafa dregið til þessa dags, vegna þess að ég fyrirlít kommúnisma í þeim myndum sem hann birtist, þá dreg ég ekki vísdóm þessara manna í efa og ekki heldur kunnáttu þeirra. Að svo miklu leyti sem þessi grein fjallar um hagfræði, að svo miklu leyti sem hagfræði er vísindaleg grein þar sem við getum komist að vísindalegri niðurstöðu, — og við vitum að fljótlega komum við að endimörkum hins vísindalega og að því að taka stjórnmálalegar ákvarðanir, — en að svo miklu leyti sem þetta fjallar um fræði og að svo miklu leyti sem við getum leitað að því sem næst nákvæmum sannleika, þá höfðu þessir menn rétt fyrir sér á þessum tíma. Og það sem meira er, þeir eru raunverulega talsmenn verkamanna, launafólks, neytenda, skattgreiðenda í þessu landi. Hvenær nákvæmlega Alþb. varð að umskiptingi er mér ekki ljóst, hvernig það gerist og hvers vegna. Hvort það er eingöngu sálarkreppan, sem fyrrv. hv. þm. Lúðvík Jósepsson gekk í gegnum þegar hann fór að keppa fyrst og fremst við Framsókn, hvort það er það, sem gerir þennan fyrrv. Sósíalistaflokk — því það var hann þó á sínum tíma — að því ístöðulausa rekaldi sem hann nú er orðinn, t. d. í þessum efnum, hvort það er eingöngu sálarkreppa þessa einstaka manns sem hefur leitt svo alla hersinguna, alla „talsmenn fólksins," inn á þessar vitlausu brautir, sem þessi bók er auðvitað gleggst dæmi um, — hvort það er eingöngu sálarkreppa þessa einstaka manns, það viðurkenni ég að mér er ekki ljóst.

Eigum við að taka dæmi? Ég viðurkenni að það er ekki alls kostar réttmætt að vera sífellt að taka dæmi af hv. þm. *Guðmundi J. Guðmundssyni — hann liggur bara svo* dæmalaust vel við höggi — en það er ekki réttmætt að taka alltaf dæmi af sama manninum. (**MB:** Það er svo gott að hitta hann.) Það er rétt, hann er vörpulegur maður, hv. þm., vörpulegur maður. En þá er það svo, að maður undrast að menn, sem kjörnir hafa verið ekki bara á Alþ., heldur í forustu fyrir samtökum fólks, kannske láglaunafólks eða neytendasamtaka, geti staðið að svona plaggi.

Nú getur auðvitað farið svo að menn séu illa menntir, illa upplýstir, þeir hafi ekki haft aðstöðu til að vita, og slíku ber að sýna skilning. Það má ekki sýna vonsku mönnum sem í því hafa lent að vera kannske í pólitísku umhverfi þar sem menn fá ekki upplýsingar. Það er ekki hægt annað en sýna tilhlýðilega virðingu þegar svo stendur á að vanþekking er ástæðan. Hún getur átt sér margar orsakir. Séu þetta einvörðungu ytri orsakir, óviðráðanlegar, þá er ekki annað hægt en að sýna hina tilhlýðilegu virðingu. En það er sýnt og sannað, m. a. af ívitnun í þessa grein — og þær voru fleiri greinarnar af þessu tagi og það var ekki aðeins 1943, þetta spannar yfir mörg ár — að þeir eiga að vita betur, því að forverar þeirra í flokknum kenndu þeim, og þessir menn hafa gengið í gegnum pólitískan skóla. Auðvitað er t. d. hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni vorkunn. Hann er alinn upp annars staðar, eins og við vitum. En aðrir, sem í gegnum alla söguna hafa verið trúir og dyggir í sínum flokki, þeir eiga að vita betur. Forustumenn í verkalýðshreyfingunni, sem enn eru í Alþb., þeir eru ekki fyrrv. framsóknarmenn, það eru allt aðrar manntegundir, sem eru fyrrv. framsóknarmenn og núv. Alþb.-menn. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur þær skoðanir sem hann hefur fengið uppeldi til, og árum saman var hann í Framsókn. Það gildir hins vegar ekki um þá menn t. d., sem komnir eru til vits og ára, forustumenn í fjöldasamtökum. Þeir eiga að vita betur. Og segjum svo að þeir hafi gengið í gegnum það að hætta að vera kommúnistar, farið að virða lýðræði og þingræði og mannréttindi og hafa skömm á hinum blóðugu athöfnum úti í heimi. Þá er það gott og þróun af hinu góða. En þá eiga þeir líka að vita betur í hagfræðilegum efnum. Þeir eiga að vita að þeir ganga ekki erinda umbjóðenda sinna með svona *plaggi. Ég endurtek hverjir eru umbjóðendurnir: Fólkið* með lægstu launin, verkamennirnir, launafólkið, neytendurnir, skattgreiðendurnir. Þetta plagg er gegn öllu þessu fólki og fyrir allt aðra. Eg er ekki að segja neinar nýjar fréttir, en það var mjög skynsamlega gerð grein fyrir nákvæmlega þessu sjónarmiði í Þjóðviljanum föstudaginn 27. ágúst 1943. Þetta eigið þið að vita.

Ég segi það enn og aftur: Fyrir því kynnu að vera ástæður að menn vissu ekki, hefðu ekki haft aðstöðu til að vita og gætu ekki vitað. Þessir menn hafa enga slíka afsökun fyrir málstað sínum. Hver er hann? Hann er þessi bók. Ykkur var ráðlagt, herrar mínir, í ykkar eigin blaði fyrir nærfellt 40 árum, fyrir 37 árum nánar tiltekið, að hegða ykkur ekki svona. (**Gripið fram í:** Áður en ræðumaður fæddist?) Fimm árum áður en ræðumaður fæddist. En ræðumaður virðist hafa það fram yfir ýmsa aðra, t. d. í þeim tiltekna flokki sem hér hefur verið gerður að umræðuefni, að hann er læs. Og ég get meira að segja lesið blöð sem prentuð voru áður en ég fæddist. Ég vildi óska þess, að það gætu fleiri en ég. (Gripið fram í.) Nú játa ég að mig brestur skilning, og mig hefur brostið skilning þegar aðrir ræðumenn hafa verið að tala hér. En ég vil helst ekki þurfa að flokka hv. þm. Stefán Jónsson með ótilgreindum þm., hvorki nafna hans né öðrum.

Hér hefur verið gerð grein fyrir málstað sem ég tel að skipti miklu í sambandi við þetta mál. Við erum auðvitað að ræða hér alvarlegasta frv. þessa þings og raunar sérhvers þings í efnalegu tilliti. Með þessari bók, hvernig sem hún kemur til með að líta út í endanlegri mynd, erum við að taka stærstu efnahagslegar ákvarðanir, ekki aðeins fyrir framkvæmdastigið í landinu, heldur einnig fyrir

launastigið og skattastigið. Þetta skiptir auðvitað miklu máli. Það hefur verið sýnt fram á það af fyrri ræðumönnum Alþfl. við þessa umr., að stefnan er í grundvallaratriðum röng. Og það er aðalatriðið. Nú er það út af fyrir sig staðhæfing sem eflaust þarfnast skýringa. Við spyrjum: Af hverju er hún röng? Og við svörum: Hún er röng vegna þess að þeir sem miða við fólkið í þessu landi, þeir sem hafa þær viðmiðanir að fólkið, sem lægst hefur launin, eigi engan skatt að borga og fólk yfir höfuð eigi að borga litla skatta, þeir sem hafa þá viðmiðun að lífskjörin hér eigi að vera góð og helst betri en gerist í löndunum í kringum okkur og alls ekki verri, vegna þess að það þarf ekki að vera svo, þeir sem hafa þá viðmiðun að hagur neytenda eigi að vera tryggður, hagur sparifjáreigenda eigi að vera tryggður, hagur fólksins yfir höfuð að tala eigi að vera tryggður, — frá bæjardyrum slíkra manna er það yfirmáta vont plagg sem hér er um að ræða.

Ég hef eytt hér nokkru máli í að sýna fram á það í fyrsta lagi, að þetta þyrfti ekki að vera vont plagg ef öðruvísi væri stjórnað. Ég hef eytt nokkru máli í að sýna fram á það, einnig með sögulegum rökum, að fyrir nærfellt 40 árum sáu forustumenn í Sósíalistaflokknum, sameiningarflokki alþýðu, eins og hann þá var kallaður, að þetta þyrfti ekki að vera svona. (Gripið fram í.) Er hæstv. fjmrh. með derring þá sjaldan hann kemur í salinn? — Og í þriðja lagi hefur verið sýnt fram á það, að að því hníga rök að nýir menn og nýr flokkur hafi tekið við því hlutverki að halda á lofti málstað þessa fólks, láglaunafólks, skattgreiðenda, neytenda, sparifjáreigenda, þessa venjulega manns, sem þrátt fyrir allt er burðarásinn í þessu þjóðfélagi og þessu þjóðlífi. (**Gripið fram í:** Hvaða hluti hans?) Má spyrja í fyrsta lagi: Hvaða hluta hans er hv. þm. að tala um?

Herra forseti. Ég sagði upphaflega að ég mundi ekki hafa þessa ræðu lengri en efni standa til og ég hef staðið við það. En að lokum aðeins þetta: Ég veit að þm. þykir þetta vera alvarlegt mál, einnig þeim sem munu setja höfuðið niður í bringu og hendurnar upp í loft á morgun til að samþykkja þessa bók. Og okkur er það ljóst, að með þessari bók erum við að gera lífskjörin verri en þau þyrftu að vera. Við ræddum það hér í gærkvöld að ein hætta er öðrum verri að því er þetta varðar. Þetta kerfi er orðið svo yfirgengilegt, það kerfi sem vakti þessa spurningar Þjóðviljans fyrir 37 árum: „Eru framsóknarmenn að verða vitlausir? Tíminn heimtar þjóðnýtingu landbúnaðarins. Ætlar Tíminn með slíkri vitskertri heimtufrekju að reyna að hindra það að bændastéttin hafi samstarf við verkalýð og aðrar vinnandi stéttir með því að tryggja á eðlilegan hátt afkomu þeirra aðila.“ Þetta dýra kerfi, sem við rekum og hér hefur verið lýst bæði af mér og ívitnuðum höfundum, er kerfi þar sem lífskjörin eru að dragast aftur úr því, sem í fyrsta lagi við gætum haft þau, og í annan stað því, sem gerist með nágrannaþjóðum okkar. Við vitum að við lifum tíma þegar þekking okkar á útlöndum eykst, íslensku námsfólki erlendis fjölgar — sem er af því góða — og þegar öll samkipti við hinar virðulegu þjóðir allt í kringum okkur eru að aukast.

Ég bið hv. þm. að velta því fyrir sér, að við erum á fullri ferð niður í djúpið, líka með þessari bók. En erum við að sökkva svo djúpt að við getum ekki boðið bærileg lífskjör vegna þess dýra bákns sem þessi bók er ávísun á? Ef svo er kann svo að fara að sífellt betur menntað fólk vilji ekki búa í þessu landi, fari að setjast að annars staðar. Það, sem okkur ber að gera, er að byggja sjálfum okkur og börnum þessa lands betri framtíð og efnalegt öryggi. Þetta er ekki leiðin til þess. Það hefur verið sýnt fram á það hér í kvöld, að fyrir nærfellt 40 árum sáu menn glögglega hvert stefndi, þeir lýstu leiðum til úrbóta og spáðu því hvernig fara mundi, ef ekki yrði farið að ráðum þeirra og það sem þeir kölluðu „vitskerta heimtufrekju“ yrði ofan á. „Vitskerta heimtufrekjan“ — ég er að vísa í Þjóðviljann — varð ofan á, því miður. Spádómar hans hafa ræst. Og þeir sem setja höfuðið niður í bringu og hendurnar upp nú innan skamms til að samþykkja þessa bók, þeir eru enn að láta þennan spádóm úr Þjóðviljanum frá 1943 rætast. Það hljóta að vera þung spor.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hefur bæði í kvöld og í gærkvöld sagt okkur sögur af breskri pólitík, og við höfum hlýtt hér á sögur sem hann hefur sagt okkur af breskum ráðherrum. Í gærkvöld sagði hann okkur sögu af breskum ráðherra sem var of lausmáll og skýrði fyrir fram frá mikilvægum stjórnaraðgerðum og þurfti þar af leiðandi að segja af sér. Í kvöld fengum við sögu af breskum ráðherra sem neitaði stöðugt yfirvofnadi gengisfellingu, gengisfellingu sem kom, og hann varð líka að segja af sér. Með þessu er hv. þm. búinn að rökstyðja með eftirminnilegum hætti að hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson eigi að segja af sér fyrir lausmælgi, eins og breski ráðherrann í gærkvöld, og að hæstv. viðskrh. Tómas Árnason eigi líka að segja af sér fyrir þagmælsku, eins og breski ráðherrann í kvöld. Svona geta menn látið gamminn geisa, og er ekki nema gott eitt um það að segja.

Það væri freistandi að ræða almennt um þetta fjárlagafrv., fara nokkrum orðum um þær meginstefnur sem í því felast. Það væri freistandi að ræða um stefnu þessa frv. varðandi fjármál ríkisins, þá gegndarlausu erlendu skuldasöfnun sem þetta frv. ber með sér. Það væri freistandi að ræða þá stefnu í skattamálum sem fram kemur í þessu frv. og reyndar þeim frv. sem dembt hefur verið yfir hv. Alþ. nú undanfarna daga. Það væri líka freistandi að ræða stefnu eða stefnuleysi þessa frv. í peningamálum, gegndarlausa seðlaprentun sem stefnt er að með þessu frv., og það væri líka freistandi að ræða það, hvaða afleiðingar þetta fjárlagafrv. sé líklegt til að hafa varðandi verðbólgu í landinu, en þetta frv. er mjög verðbólguhvetjandi eins og það lítur nú út. Ég ætla þó ekki að falla í þá freistni því að þessi meginstefna, sem í því felst, hefur ítarlega verið rædd af ýmsum öðrum ræðumönnum í þessari umr. í dag og í kvöld. Ég get þó ekki orða bundist að vekja sérstaka athygli á einu atriði varðandi þá tekjuöflun, sem nú er ráðgerð, og þá sérstaklega því ráðleysi sem fram kemur í meðferð ríkisstj. á svonefndu olíujöfnunargjaldi, sem þó er ekki annað en viðbótarsöluskattur.

Í gær mælti hæstv. fjmrh. fyrir frv. um þetta olíujöfnunargjald, en það felur í sér tvö ný söluskattsstig, og þessi tvö nýju söluskattsstig áttu að gefa í tekjur 7 milljarða kr. á þessu ári. Og í samræmi við það var flutt brtt. frá nokkrum þm. undir forustu hv. þm. Geirs Gunnarssonar við sjálft fjárlagafrv., þar sem nýr liður, orkujöfnunargjald, kom inn í tekjulið frv. upp á 7 milljarða.

Í dag hefur síðan verið útbýtt hér til okkar þm. brtt. við frv. frá því í gær, þannig að tvö söluskattsstig eru nú orðin 1.5. Jafnframt er lögð fram ný brtt., reyndar með sama þingskjalsnúmeri, en þar stendur: „Leiðrétt þingskjal.“ Þar eru 7 milljarðarnir komnir niður í 6 milljarða. Nú er

það alveg ljóst, að önnur hvor þessara fjárhæða er vitlaus. Ég hef ekki fengið neinar skýringar á því í þessari umr., hvernig á þessu stendur, en þó sýnist mér að það sé augljóst að sú tala, sem hæstv. fjmrh. flutti okkur í gær, hafi verið röng, þannig að þetta frv., eins og það var lagt fram í gær, gefi í raun meiri tekjur en okkur var skýrt frá og fyrri brtt. sagði fyrir um. Mér er nær að halda að það gefi 8 milljarða kr. Þessi flumbrugangur við undirbúning svo stórs máls, svo alvarlegrar till. eins og hér er lögð fyrir hv. Alþ., — slíkur flumbrugangur er að sjálfsögðu algjörlega ósæmandi vinnubrögð af hálfu nokkurrar ríkisstj.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu til þess að sýna hvernig vinnubrögð eru hér viðhöfð í þessu máli, og vonandi fáum við þm., hvort sem það verður í kvöld eða við umr. um olíujöfnunargjaldið á morgun, einhverja nánari skýringu á þessu máli. En þessa nýju skattlagningu ætla ég ekki að ræða frekar, þar sem hún er sjálfstætt mál sem mun koma til sjálfstæðrar umr. hér síðar.

En það er fleira sem má lesa út úr þessu fjárlagafrv. en stefna eða stefnuleysi í efnahagsmálum eða fjármálum ríkisins. Það má líka lesa út úr þessu frv. stefnu í ýmsum smærri málum, sem almenningur lætur sig þó miklu skipta. Ég ætla að gera eitt þeirra mála að umtalsefni, aðeins eitt, þannig að ég mun ekki taka langan tíma frá hv. þm. hér í kvöld.

Þetta eru fjárframlög til dagvistarheimila og þá ekki síst dagvistarheimila í mínu kjördæmi, Reykjavík. Hér er um að ræða málaflokk sem Alþb. hefur sérstaklega helgað sér. Alþb. hefur í orði kveðnu komið fram sem sérstakur málsvari þeirra sem þurfa á slíkri þjónustu að halda. En því miður stangast á orð og efndir í þessum málaflokki, eins og í ýmsum öðrum sem Alþb. kemur nálægt.

Í rauninni læddist fyrsti grunur að manni um raunverulegan hug Alþb. í þessum málaflokki þegar Alþb. fékk úrslitaáhrif í málum Reykjavíkurborgar. Á þeim vettvangi hafði Alþb. í mörg ár hamrað á því, að ekki væri nóg að gert í þessum efnum, meðan Sjálfstfl. hafði meiri hl. í Reykjavík. Þó var Reykjavíkurborg undir forustu Sjálfstfl. brautryðjandi í þessari mikilvægu félagslegu þjónustu, eins og reyndar í ýmsu öðru sem að félagsmálum lýtur. Þessi grunur um áhugaleysi Alþb. staðfestist í borgarstjórn á s. l. ári, þegar ljóst var að ekki varð framkvæmt fyrir nema hluta af því fjármagni sem áætlað var til þessa málaflokks. Fjárhagsáætlun fyrir árið 1979 gerði samtals ráð fyrir að 358 millj. kr. yrðu notaðar til byggingar dagvistarstofnana, en af þessu fjármagni voru aðeins notaðar um 262 millj., tæplega 100 millj. kr. var ekki eytt á árinu. Það liggur fyrir, að þetta var sjálfstæð ákvörðun, að draga úr framkvæmdum við þennan málaflokk. Áhuginn er ekki meiri en svo.

Þetta rifja ég hér upp sem nokkurs konar forleik að því sem nú er að gerast í þessum málaflokki við þessa fjárlagagerð að því er snertir Reykjavík.

Árið 1979 voru á fjárlögum ætlaðar til dagvistarstofnana í Reykjavík 143 millj. kr. Samkv. því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir 170.6 millj. kr. til þessa málaflokks árið 1980. Hækkunin er 33.5%, sem er langt undir verðbólgu. Það er sem sagt um að ræða verulegan samdrátt í þessum framkvæmdum. Það er gert ráð fyrir því að minna sé hægt að framkvæma fyrir fjárframlög ríkisins á árinu 1980 heldur en á árinu 1979 í þessum uppáhaldsmálaflokki Alþb.

Skuld ríkissjóðs um áramót vegna framkvæmda, sem þegar hefur verið unnið að, er um 167.1 millj. kr., þannig að framlagið á þessu fjárlagafrv. dugar rétt fyrir þeirri skuld sem þegar hefur stofnast. Miðað við vísitölu, eins og hún var í ársbyrjun 1980, þyrfti framlagið að vera, burt séð frá þessari skuld, 224.2 millj. kr., miðað við þær hugmyndir, sem eru nú uppi um byggingu dagvistarstofnana í Reykjavík, og miðað við vísitölu í marslok þyrfti framlagið að vera 253.5 millj. kr.

Eftir öll stóru orð Alþb. í þessum málaflokki í borgarstjórn, í Þjóðviljanum og jafnvel hér á hv. Alþ. hefði mátt ætla að einhverjir af þm. Alþb., einhverjir af Reykjavíkurþingmönnum Alþb., t. d. 8. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, sem oft gerir þennan málaflokk sérstaklega að umtalsefni, eða hæstv. félmrh., Svavar Gestsson, eða hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, að einhverjir þessara manna mundi nú taka sig til, bæta hér um og flytja brtt. til þess að færa þetta til betri vegar.

Ég hafði ekki hugsað mér að flytja till. um þennan málaflokk né aðra til hækkunar á þessu fjárlagafrv. En ég beið í ofvæni eftir því, að áhugaliðið um dagvistarmálin hér í Reykjavík flytti slíka brtt., og ég ætlaði mér að styðja hana. En ekkert slíkt hefur gerst. Þessir hv. þm., sem ég gat um áðan, eða aðrir þm. Alþb. hafa hvorki hreyft legg né lið í þessu máli.

En hvað er hér að gerast? Í málefnasamningi ríkisstj. er sérstaklega vikið að þessum málaflokki. Þar segir á bls. 4, undir liðnum efnahagsmál og undir liðnum kjaramál, í 2. tölul.:

„Til þess að draga úr almennum peningalaunahækkunum er ríkisstj. reiðubúin til þess að beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum í tengslum við kjarasamninga."

Og síðan segir í staflið a: „Á árunum 1980 og 1981 verði tryggðir 5—7 milljarðar kr., sem renni m. a. til eftirtalinna verkefna." Síðan er talið í fyrsta lagi bygging verkamannabústaða, í öðru lagi bygging hjúkrunar- og dvalarheimila aldraðra, en í þriðja lagi til byggingar dagvistarheimila.

Á sameiginlegum fundi, sem haldinn var með borgarfulltrúum í Reykjavík og þm. Reykjavíkur í síðustu viku, þar sem rætt var um ýmsa þætti fjárlaganna, var þetta m. a. gert að umtalsefni, og þetta var eitt af því sem borgarfulltrúar í Reykjavík kvörtuðu yfir. Þá gaf hæstv. félmrh. mjög athyglisverða yfirlýsingu, sem var eitthvað á þá leið, að í væntanlegum samningum við verkalýðssamtökin yrði hugsanlega samið um aukið fjármagn til dagvistarstofnana. Hann gat þess ekkert hvaðan ætti að taka þetta fjármagn, hvort það ætti að taka það með nýjum sköttum, en ljóst var að það átti þá að gerast utan við fjárlög á einhverjum síðari stigum málsins. En það, sem er þó athyglisverðast við þessa yfirlýsingu, og reyndar fellur hún alveg saman við stjórnarsáttmálann og þau ákvæði sem ég las áðan, er það, að áhugi Alþb. á þessum uppáhaldsmálaflokki sínum er ekki meiri en svo, að það á að versla með dagvistarheimilin. Það er nú vísvitandi dregið úr fjárframlögum til dagvistarheimila til þess að geta fengið verkafólk til þess að sætta sig við lægri laun og kaupa það á þann hátt með auknum fjárframlögum til dagvistarstofnana. Það er með miklum ólíkindum hvernig að þessu máli er staðið og hversu gróflega Alþb. gengur á svig við öll sín fyrri loforð og öll sín stóru orð um þennan málaflokk.

Herra forseti. Ég gat þess í upphafi, að ég hefði ekki

hugsað mér að ræða fjárlagafrv. almennt við þessa umr. Ég vildi aðeins drepa hér á eitt mál, að vísu mál sem snertir fjölda fólks og margir bíða í ofvæni eftir að fá einhverja lausn á. En því miður virðist þetta fjárlagafrv. ekki leysa úr því. Og það sem verra er, það er stefnt að því að versla með þennan mikilvæga málaflokk í þeim kjarasamningum sem standa nú fyrir dyrum, án þess þó að nokkur grein sé gerð fyrir því, hvernig eigi að afla fjármagns til þess að standa við þau kaup, þegar þau hafa verið gerð.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta er fyrsta fjárlagafrv. sem núv. hæstv. ríkisstj. leggur fyrir Alþ. og knýr mjög á um að sé afgreitt. Maður skyldi ætla að ríkisstj., sem er nýtekin við völdum, fylgi vel eftir þessu fjárlagafrv. sínu, vegna þess að fjárlög eru mikilvægustu lög, sem að jafnaði eru samþ. á hverju ári á Alþ., og varða hag þjóðarinnar mjög miklu. En vinnubrögðin eru með endemum, eins og fram hefur komið hér áður. Þessi umr. átti að byrja kl. 2 í dag, en tækniannmarkar, eins og kallað er, leyfðu ekki að umræður hæfust, því að það var byrjað með klukkutíma frestun og síðan öðrum og þriðja og þá loks hófst athöfnin með ræðum við þessa 3. umr., svo að segja má að þegar kom að kvöldmat hafi hin venjulega umr. verið rétt að byrja. Nú er kl. senn að verða 2 að nóttu, og þegar við lítum yfir þennan kvöldfund, þá hafa ekki sést hér eftirtaldir hæstv. ráðh.: Hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen, hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson, hæstv. dóms- og kirkjumrh. Friðjón Þórðarson, hæstv. sjútv.- og samgrh. Steingrímur Hermannsson, hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason og hæstv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson. Þar með eru taldir sjö af tíu. Hæstv. fjmrh. hefur verið hér lengst af, en auðvitað með nokkrum hvíldum, og vitaskuld þurfa menn eitthvað að bregða sér frá á löngum fundi. Ég er ekkert að álasa honum fyrir það, þó hann þurfi að bregða sér frá. Hæstv. iðnrh. sat hér nokkuð lengi í kvöld, en er nú horfinn úr húsinu. Hæstv. félmrh. hefur lítið verið hér inni og er löngu horfinn úr húsinu. M. ö. o.: það er slökkt á níu ráðh. hér frammi, en það týrir enn þá á hæstv. fjmrh.

Þetta er nú áhugi hæstv. ríkisstj. fyrir mikilvægasta máli sem liggur fyrir Alþ., afgreiðslu fjárlaga. Á svo þjóðin að bukka sig og beygja fyrir athafnasamri ríkisstj.? Við skyldum nú láta þetta vera og fella ekki svona harðan dóm, ef þessir menn væru búnir að sitja mjög lengi og væru orðnir alveg sárþreyttir af setu í ráðherrastólum og við að stjórna landinu. En þegar menn eru nýbyrjaðir og ríkisstj., sem er nýsest að völdum, sýnir Alþ. jafngrófa lítilsvirðingu og þessi hæstv. ríkisstj. gerir hér undir umr. um fjárlög ríkisins, þá verður það varla afsakað.

Hæstv. forsrh. sagði, þegar hann rak þingið heim til þess að ríkisstj. gæti hugsað og undirbúið þingmál, að það væri nauðsyn að gefa Alþ. slíkt frí til þess að ríkisstj. gæti einbeitt sér að samningu mála og lagt þau fyrir Alþ., því það væri þingskylda ráðh. að sitja þingfundi. Vegna þess hvað miklar annir voru fram undan við undirbúning mála, og þeir væru — og þá sérstaklega hæstv. forsrh. svo sómakær maður að hann vildi gegna þingskyldum sínum, þá valdi hann þann kostinn að senda Alþ. heim. Og það lá svo mikið á að senda Alþ. heim, að ríkisstj. féll frá að afgreiða frv. um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins þó að stjórnarandstaðan — Sjálfstfl., sem búinn var að lýsa yfir stuðningi við frv., og Alþfl., sem studdi það ekki — byðist til að afgreiða frv. þetta kvöld. Það var ekki þegið. Það var mikið fjaðrafok um vorið þegar þetta frv. náði ekki fram að ganga og þá notuðu framsóknarmenn sér það, sérstaklega þáv. hæstv. forsrh., að slíta þingi því hann vildi ekki fá frv. fram. En nú við myndun þessarar stjórnar lá ekki meira á að lögfesta þetta frv. en svo, að það sat fyrir hjá ríkisstj. að sitja veislu hjá forsrh. Þess vegna var ekki þegið að þingið sæti áfram þetta eina kvöld til þess að afgreiða þetta mál. Súpan var að verða köld, ráðherrarnir þurftu að fara í betri buxurnar, og þá var þingið sent heim. Þetta var ástæðan fyrir afgreiðslu þessa máls. (**StJ:** Veislan var hjá varaformanni Sjálfstfl.) Hún var hjá forsrh. Alþb. og Framsfl., hjá forsrh. sem Alþb. og Framsfl. teyma á milli sín, forsrh. sem lætur sig litlu skipta umræður um fjárlög ríkisins og sést ekki, ásamt fleiri ráðh.

Ég flutti ásamt þm. úr mínu kjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, öllum öðrum en þm. Framsfl., nokkrar brtt. vegna ósanngjarnra skipta á framlögum til heilbrigðismála. Þessar brtt. voru felldar af stjórnarliðinu við 2. umr. fjárlaga, og það sáust ekki nein iðrunarmerki á sumum þeirra, sem varla mega vatni halda fyrir kosningar af umhyggju fyrir strjálbýlinu, meira að segja ekki þessum tveimur þm. Framsfl. úr þessu kjördæmi. Það kom mér mjög á óvart miðað við ræðurnar sem þeir fluttu á framboðsfundunum fyrir kosningar. Og ekki gerðu þeir minnstu tilraun til þess að fá leiðréttingu sinna mála innan stjórnarliðsins.

Ég fékk vinsamleg boð undir 2. umr. fjárlaga frá hæstv. félmrh., hvort ég vildi ekki draga eina till. til baka til 3. umr. Ég varð auðvitað fúslega við því og taldi að nú ætti að líta með sanngirni á þessa litlu till. Hún var svo tekin til meðferðar í fjvn., sem hefur fjallað um smáupphæðir síðustu dagana, en hún hafði tekið inn 10 millj. til heilsugæslustöðvar á Hólmavík eftir að ég var búinn að rífast í nm. áður en gengið var endanlega frá þessari skiptingu fyrir 2. umr. En þeir bættu við: „til undirbúnings", sem þýddi að 10 milljónirnar voru framlag sem átti ekki að koma neinum manni að gagni á árinu 1980. Árið á undan fékkst fjárveiting til endurbyggingar læknisbústaðar, en á árinu 1978 til undirbúnings heilsugæslustöðvar, svo að ég bjóst við að nú yrði farið af stað með byggingu þessarar heilsugæslustöðvar, þó ekki væri nema að grafa grunn og steypa sökkla á þessu ári. En meiri hl. fjvn. hefur flutt hér brtt. núna við 3. umr. fjárlaga sem er stórkostleg. Maður stendur eiginlega alveg barmafullur af þakklæti og lotningu fyrir stórhug og velvilja meiri hl. fjvn., en brtt. er þess efnis, að sama tala verði áfram, en niður falli orðið „undirbúningur". Þetta er einstök rausn sem meiri hl. fjvn. hefur sýnt, og ég sé að þetta mál hefur notið mikils velvilja hæstv. heilbr.- og trmrh., en hann virðist ekki hafa komið ár sinni betur fyrir borð en þetta. En ég vil minna hann — þó hann sé sennilega sofnaður núna — og þá flokksbræður hans, sem halda vöku sinni og skyldu að sitja hér þingfundi, á stefnu Alþb., sem lögð var fram fyrir kosningarnar 1978, en þar segir m. a. í kaflanum um félagslegar aðgerðir og samneyslu: „Spyrna verður hart gegn viðleitni íhaldsafla til að skera niður framkvæmdir í mennta- og heilbrigðismálum." Þetta er mjög myndarleg stefna í þessum efnum.

En reyndin er sú, að í einu afskekktasta kjördæmi landsins hafa framlög til heilbrigðismála verið skorin

niður frá s. l. ári úr 340 millj. í 260 millj. Þegar þessi liður í heild hefur hækkað — sem er ekki í hlutfalli við byggingarvísitölu, og ég er ekkert að tala um eða gagnrýna þó hann hækki ekki meira — um liðlega 1200 millj., þá er skorið niður um 80 millj. á þessum lið í umræddu kjördæmi. Þetta er sennilega í anda stefnu Alþb., sem segir að spyrna verði hart gegn viðleitni íhaldsafla til að skera niður framkvæmdir í mennta- og heilbrigðismálum. Þetta er vel af sér vikið hjá Alþb. Eða ætlar kannske Alþb. að halda því fram, að Framsókn hafi staðið þarna í veginum? Eða ætlar kannske Alþb. eða Framsfl. að halda því fram, að þeir félagar Gunnar, Friðjón og Pálmi hafi ráðið einhverju þarna? Þeir eigruðu hér í dag eins og hálfmeðvitundarlausir þegar Alþb. og Framsfl. voru að rífast um hinn nýja söluskatt, svo að ég efast um að þeir hafi nokkuð vitað um það fyrr en þeir heyrðu það í kvöldfréttum, hinir voru búnir að ráðsmennskast með það.

Við afgreiðslu fjárlaga á s. l. ári gerði ég nokkuð að umræðuefni framkvæmdaáætlun Pósts og síma, hvernig sniðgengið væri það kjördæmi sem ég er hér fulltrúi fyrir. Ég gerði þar að umræðuefni framkvæmd til þess að fjölga talrásum á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Talið var, gróft reiknað, að þessi framkvæmd mundi kosta um 100 millj. á verðlagi þess árs. Sömuleiðis gerði ég þá mjög að umræðuefni kostnaðaráætlun við að gera notendur á Drangsnesi að notendum stöðvarinnar á Hólmavík með fjölsímasambandi við Hólmavík. Áætlunin nam 46.5 millj. kr. Ég átaldi mjög harðlega framkvæmdaáætlun Pósts og síma, sem þá lá fyrir, og ég átel það enn að þegar jafnmikilvægar fjárveitingar eins og þessar eru afgreiddar, þá fáum við þm. fyrst að sjá þær þegar seint er liðið á dag og 3. umr. fjárlaga er að byrja. Þó sýnist mér að nú sé mjög tekið tillit til þeirra óska og krafna sem ég þá bar fram í sambandi við bæði þessi verkefni, þó að ég efist um að þetta dugi. En ég hef ekki nægilegar upplýsingar í þessu efni. Ég vil því, þegar ég gagnrýni annað, líka láta í ljós ánægju með það sem tekið er tillit til, þó það séu sjálfsagðar óskir eins og í þessu efni. Eins og gagnrýni mín í þessum efnum kemur fram í þingræðu fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1979 vil ég líka láta það koma í ljós, að ég kann einnig að meta þegar sýnd er sanngirni og viðleitni til þess að bæta úr því sem fer mjög aflaga.

Þeir tveir flokkar, sem standa að núv. ríkisstj., ásamt þeim kumpánum sem þar bætast við og eiga að teljast til Sjálfstfl., hafa komið sér saman um málefnasamning. Þeir hafa lagt á það áherslu í þessum málefnasamningi að benda fyrst og fremst á það sem er óskalisti, en alls ekki hvernig eigi að afla fjár til þess að uppfylla þennan óskalista.

Það er sagt í stefnuskrá Alþb., að athuganir og endurskipulagning á rekstri ýmissa ríkisfyrirtækja, sem hafnar voru í tíð vinstri stjórnarinnar, verði teknar upp á ný. Markmið slíkra aðgerða verði aukinn sparnaður og aðhald í rekstrinum án þess þó að dregið verði úr gæðum þjónustunnar við almenning. Í fyrstu verði athugunum beint í fyrsta lagi að stjórnsýslukerfi ríkisins, í öðru lagi rekstri ríkisspítalanna og annarra fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, í þriðja lagi Pósti og síma og í fjórða lagi Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum stofnunum á sviði orkumála.

Hæstv. fyrrv. samgrh. í vinstri stjórninni, sem nú er fjmrh., sagði hér snemma á valdatíma þeirrar stjórnar að markvisst mundi verða unnið að því að draga úr útgjöldum stofnunar eins og Pósts og síma til þess að komast hjá því að hækka sífellt gjöld á almenningi. Nú hefur hann verið í ríkisstj. síðan haustið 1978, að undanskildum þeim tíma sem starfsstjórn Alþfl. var við völd, og fór fyrst með samgöngumál og nú með fjármál. Ég ætla að þessi hæstv. ráðh., og þá ekki síður sá sem við hefur tekið af honum, hafi komið fram öllu því sem hann ætlaði sér í sparnaði og hagsýni við þennan rekstur. En nú er mér sagt að ætlunin sé hjá þessari hæstv. ríkisstj. að hækka símagjöldin um 15% 1. maí, um 7% 1. ágúst og 5% 1. nóvember, svo að mér finnst að vel eigi að fylgja eftir hækkunum á öllum sviðum eins og fyrri daginn.

Það er ekki að ófyrirsynju að launþegasamtökin í landinu sendi ríkisstj. kveðju sína, eins og viðræðunefndarfundur Alþýðusambands Íslands gerði í dag, þar sem fjallað var um þær auknu álögur sem boðaðar eru í formi útsvarshækkunar, hækkunar tekjuskatts, söluskatts og ýmissa annarra skatta, sem ríkisstj. leggur nú til að séu hækkaðir. Alþýðusambandið minnir á að þetta gerist á sama tíma og kaupmáttur launa minnkar stöðugt. Aðgerðir stjórnvalda hljóti að auka dýrtíðina og rýra almenna kaupgetu, segja forsvarsmenn Alþýðusambandsins. Og þeir bæta því við, að aðgerðirnar séu þannig síst til þess fallnar að greiða fyrir kjarasamningum. Viðræðunefndin mótmælir þessum aðgerðum harðlega. Undir þetta tekur stjórn BSRB. Þeir segja að þær nýju stórfelldu álögur á almenning, sem þegar hafi verið samþykktar af Alþ. eða fyrirhugaðar eru samkv. stjórnarfrv., þ. á m. frv. um orkujöfnunargjald, séu olía á verðbólgueldinn sem enn hljóti að magnast við gengislækkanir sem sífellt eru framkvæmdar. Og stjórn BSRB mótmælir eindregið þessum nýju álögum.

Það er eftirtektarvert, að tveir þeirra flokka, sem standa að núv. ríkisstj., stóðu ásamt Alþfl. að setningu laga um stjórn efnahagsmála o. fl., þar sem segir að efla skuli reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum. Þátttakendur í samráði samkv. þessari grein þessara laga skulu vera fulltrúar launafólks, sjómanna, bænda, atvinnurekenda og opinberra aðila, og samráðsfundi má halda bæði með fulltrúum einstakra samtaka og fulltrúum ríkisstj. og öllum samráðsaðilum í senn. M. o. ö.: samkv. lögunum ber að hafa samráð við alla þessa aðila. Þessi lög eru þverbrotin. Tveir fyrrv. lagaprófessorar sitja í núv. ríkisstj. og þeir standa að lagabrotum. Þetta eru menn sem hafa verið kennarar lögfræðingaefna um langt árabil. Þeir eru nú farnir að kenna Alþ. að brjóta lög og standa fyrir lagabrotum. Þetta boðar ekki góða og rólega elli hjá þessum mönnum.

Ég kem aftur inn á stefnu Alþb. Í stefnuskrá Alþb. segir: „Ríkisvaldinu ber að hafa náið samráð við samtök launamanna, sjómanna og bænda um allar aðgerðir, sem snerta hagsmuni þeirra, og styðja þessi samtök í sókn til betri lífskjara og réttlátara þjóðféflags.“ Hver er það sem neitar að hafa samráð við þessa aðila? Ekki getur það verið Alþb. Getur það verið Framsfl., sem barðist fyrir setningu þessara laga? Og ekki geta það verið þessir þrír grútmáttlausu ráðherrar sem eru í ríkisstj. Hvernig stendur þá á þessu? Hvernig stendur á því, að ráðh. í ríkisstj., sem í eru menn sem tilheyra þremur stjórnmálaflokkum, segja ekki nokkurn skapaðan hlut hér við afgreiðslu fjárlaga, menn úr tveimur þessum fylkingum.

Þeir þegja þunnu hljóði. Það er fjmrh. einn sem talar og fulltrúi Alþb. í fjvn. lítillega í dag.

Í stefnuskrá Alþb. segir að stéttasamtökin skuli hafa fullt frelsi til samninga um kjör félaga sinna. Gerða samninga ber skilyrðislaust að virða. Launamenn eiga réttláta kröfu til þess, að laun séu verðtryggð samkv. samningum hverju sinni. Allir vita um það sem gerst hefur á liðnum tíma í þessum efnum. Hvað er verið að gera nú í sambandi við samninga sjómanna, sem lagðir voru hér fram í gær? Hvað er stjórnarliðið að afgreiða í þeim efnum og vill knýja fram, þó að tími sé enginn til stefnu? Það ætlar að boða til fundar kl. tíu í fyrramálið í deildum, eftir því sem ég best veit, til þess að reyna að halda áfram sífelldu puði sínu við að koma þessum málum áfram, þó allt sé komið í óefni hvað tíma snertir.

Alþb. segir áfram í stefnuskrá sinni: „Lífskjör ber ekki aðeins að bæta með auknum ráðstöfunartekjum almennings, heldur einnig og ekki síður með vaxandi samneyslu fyrir milligöngu ríkis og sveitarfélaga. Þar sem till. þessar fjalla nær eingöngu um efnahags- og atvinnumál verður hér aðeins minnt á nokkur mikilvæg atriði.“ Og eitt af þessum mikilvægu atriðum er, segir þar, „að í húsnæðismálum verði stóraukin áhersla lögð á félagslegar framkvæmdir. Stefnt verði að því, að a. m. k. þriðjungur nýbygginga á hverjum tíma verði í félagslegri eign, m. a. á vegum lífeyrissjóða.“ Er ekki nú verið að draga verulega úr framkvæmdum í sambandi við byggingar í félagslegri eign? Og síðar í stefnuskrá sama flokks segir: „Árlegar afborganir, vextir og vísitöluálag af lánum Byggingarsjóðs til hverrar íbúðar fari aldrei yfir 20% af daglaunum verkamanns.“ Það væri fróðlegt að heyra nú frá hæstv. fjmrh., hvað eru 20% af daglaunum verkamanns og hvert er meðaltal afborgana af meðalíbúð, — afborgana, vaxta og vísitöluálags af íbúð? Ætli það sé ekki komið allverulega fram yfir 20% af daglaunum verkamanns? (**GJG:** Ætli það sé ekki um 80%.) Já, ég hugsa að það sé nærri sanni, þó að ég hafi það ekki nákvæmlega. Það mun ekki muna miklu.

Ég held að Alþb. sé komið ansi langt frá stefnu sinni. Og nú hefur það ekki verið svo, að aðrir flokkar hafi verið algjörlega á móti því að gera úrbætur í þessum efnum.

Í sambandi við atvinnustefnu Alþb. segir hér m. a.: „Efla ber markaðsleit og sölustarfsemi á framleiðslu lagmetisiðnaðarins, og stuðla að því, að verðmætustu hráefni sjávarafurða, svo sem grásleppuhrogn og síld, verði í vaxandi mæli seld sem fullunnin vara úr landi.“ Það væri fróðlegt að fá að heyra árangurinn sem náðst hefur, hvað hlutfallið hefur hækkað frá því að áhrifa Alþb. fór að gæta svo mjög á íslenska atvinnustefnu. Og Alþb. segir um veiðar og verkun aflans, að auka þurfi loðnuveiðarnar sem allra fyrst úr 700 þús. tonnum í 1 millj. tonna á ári. Þetta segja þeir á árinu 1978. Ekki boða till. fiskifræðinga og ráðstafanir ríkisvaldsins að hér geti orðið um framleiðniaukningu að ræða. Og þeir vilja stefna að því að auka kolmunnaveiðar sem allra fyrst úr 20 þús. tonnum, sem þá var — þá var verið að byrja þessar tilraunir — í allt að 1 millj. tonna á ári. Hver er nú árangurinn af þessu stefnuskráratriði? Hverjir hafa staðið í veginum? Þeir vilja líka, jafnhliða þessu og eftir því sem vöxtur fiskstofna á næstu árum leyfir, tvöfalda botnfisksaflann úr rúmum 400 þús. tonnum í 850 þús. tonn. En svo ætluðu allir að rifna þegar ekki var farið eftir till. fiskifræðinga með að fiska 230 þús. tonn. Fyrrv. sjútvrh. boðaði það í byrjun árs 1979, að hann teldi að veiða mætti 280—290 þús. lestir, en það var farið í 350 þús. lestir. Og enn er haldið áfram, enn heldur söfnuðurinn áfram sem segir að enginn fiskur sé lengur í sjónum. Það er svo mikið mok af fiski í sjónum að sjómenn hafa aldrei séð annað eins. En samt á að vera búið að drepa allan þorsk fyrir löngu. M. ö. o.: þetta hljóta að vera afturgöngur sem verið er að veiða.

Ég held að það sé alveg óhætt fyrir Alþb. og þá, sem eru í ríkisstj., að endurskoða þessi mál og þá að minnast þeirrar stefnu sem þeir sjálfir hafa markað.

Þá segir líka í atvinnustefnuskrá Alþb.: „Ríkisvaldinu ber á hverjum tíma að tryggja að þau kjör og hlunnindi bjóðist sjómönnum sem ávallt gera starf þeirra verulega eftirsóknarvert.“ Það ætlar Alþb. með hjálp Framsóknar og félaganna þriggja að gera á þann hátt, að sjómenn eiga að fá 4% hækkun þegar aðrir launþegar í landinu fengu 6.67% hækkun frá 1. mars. s. l. Þetta er sennilega til þess að gera starf sjómanna verulega eftirsóknarvert. Þannig á að marka stefnu. Sennilega á að vinna að framkvæmd stefnunnar með þessum hætti.

Í einum kafla í þessari sömu stefnuskrá er talað um almennan iðnað. „Afköst innlends skipaiðnaðar ber að margfalda á næstu árum. Ríkisvaldinu ber að skipuleggja raðsmíði fiskiskipa til endurnýjunar flotans eftir áætlun til margra ára og tryggja viðunandi lánsfyrirgreiðslu sem geri innlendum skipasmíðastöðvum kleift að flytja viðgerðir á íslenskum skipum að mestu inn í landið. Þannig verði afköst skipaiðnaðar til nýsmíði og viðgerða margfölduð á næstu árum.“ Vitaskuld greinir menn ekki á um það, að flytja beri viðgerðir og endurbætur skipa inn í landið og skapa þessum stöðvum möguleika til þess að keppa við erlendar stöðvar. En hitt er fjarstæða, að tala um að margfalda skipabyggingar í landinu á sama tíma og talið er að flotinn sé of stór.

Ég tek ekki undir útreikninga drengja sem segjast vera mjög menntaðir og mata tölvuskepnurnar eftir þeim forsendum, sem þeir gefa sér, telja að fiskiskipaflotinn sé meira en helmingi of stór og vilja helst leggja eða rífa meginhluta flotans, en taka ekkert tillit til aðstæðna og hafa ekkert vit á því sem þeir eru að tala um, en eru afskaplega menntaðir og álíta að þjóðin eigi að fara eftir þeim. En það má vera eitthvað á milli þessara spekinga og svona yfirborðsmennsku í till. Alþb. (**GJG**: Morgunblaðið gapir af hrifningu yfir frv.) Já, ég er enginn málsvari Morgunblaðsins þegar það fer villt vegar. Ég tek oft í það þá, bæði á þessum sviðum og ýmsum öðrum, og hef gert, sérstaklega í sambandi við sjávarútvegsmál og fiskveiðar og alla slíka útreikninga. Ég tel, eins og vafalaust hv. þm. sem greip hér fram í fyrir mér, að þetta þjóðfélag og stjórnmálamennirnir verði sannarlega að vara sig á þessum fræðingum öllum.

Það segir í sambandi við milliliðastarfsemi, að rekstur skipafélaga verði rannsakaður og flutningskostnaður lækkaður og þar með vöruverð með setningu sérstakra kostnaðarreglna. Ég tek alveg undir það, að vitaskuld verður í öllum þessum atriðum að fylgjast vel með frá hendi þjóðfélagsins. En hvað finnst mönnum um það, þegar ríkið sjálft rekur skipafélag, Skipaútgerð ríkisins, og ætlunin er að hækka farmgjöldin frá 1. maí um 25%, aftur 1. ágúst um 7% og enn 1. nóvember um 5%? Er ekki rétt að ríkið líti sér nær og sýni þá að rekstur þess sé til fyrirmyndar? Hér er ekki verið að leggja neinn smáskatt á strjálbýlið í þessu landi. Og samt er reiknað með

að um 1 milljarðs halli verði á rekstri þessa fyrirtækis, þrátt fyrir þessa íþyngingu.

Í efnahagsstefnu Alþb. segir í sambandi við tolla- og gengismál: „Stuðlað sé að sem stöðugustu gengi íslensku krónunnar og horfið af braut gengissigsstefnu, sem ríkt hefur í gjaldeyrismálum Íslendinga að undanförnu.“ Er ekki hæstv. fjmrh. hrifinn af framkvæmd stefnu Alþb.? (**Fjmrh.:** Þetta er góð stefna.) Já, hún er mjög góð og farið eftir henni í hvívetna. Það er haldið áfram í verðbólgubraskinu og gengið lækkað daglega og hefur aldrei tekið fleiri og örari breytingum en eftir að Alþb.-ráðherrar komu í ríkisstj. Það eina hlé, sem varð, var þegar forsrh. talaði af sér, að fiskvinnslan þyrfti ekki nokkrar aðgerðir, þá var gert nokkurra daga hlé á gengissigi. Og hann talaði af sér vegna þess að hann þekkti ekkert inn á reksturinn og skilur hann ekki (Gripið fram í.) Já. Samt var Adenauer kanslari til, held ég, 86 ára aldurs, segir núv. forsrh. einhvers staðar.

Alþb. segir að gerðar verði þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir til langs tíma, sem verði grundvöllur meginákvarðanatöku í efnahagsmálum, og taki þær mið af framleiðslugetu þjóðarbúsins, byggðastefnu, hóflegri nýtingu auðlinda og félagslegum markmiðum í umsköpun þjóðfélagsins í samræmi við hagsmuni launafólks. Það hefur gengið vel með þessa langtímaáætlun frá því að vinstri stjórnin var mynduð haustið 1978 og til dagsins í dag. Sex af núv. ráðh. sátu í vinstri stjórn, og þeir sögðu, þegar þing kom hér saman í haust, að lánsfjárætlunin væri næstum því búin. Það átti bara eftir að setja punkt aftan við. Eru það virkilega að þessir fjórir, sem komu inn í ríkisstj., séu svona tregir að skilja lánsfjáráætlunina, eða hefur hinum farið aftur, því að lánsfjáráætlunin sést ekki enn þá nema í köflum? Hún kom að hluta til fram í dag loksins, en lögum samkvæmt — samkvæmt þeirra eigin lögum átti að leggja hana fram með fjárlagafrv. Og enn eiga stofnlánasjóðir að búa við það að bíða eftir lánsfjáráætlun. Það er eftirtektarvert, að þegar vinstri stjórn er mynduð, sem vill byggja allar sínar gerðir á áætlunarbúskap, þá gengur verr en nokkru sinni að gera áætlanir, hvernig sem á því stendur, það veit ég ekki.

Alþb. segir í sambandi við gerbreytt skattakerfi að breytingar á skattkerfinu sé nauðsynlegt að gera til að auðvelda tafarlausa niðurfærslu verðlags. Það hefur lítið farið fyrir því. Og svo segja þeir hér að skattbyrði láglaunamanna léttist, en þyngist á háum tekjum og miklum eignum, m. a. með nýjum stighækkandi álagningarþrepum. Og svo segja þeir það sem skiptir mestu máli og þeir hafa staðið best við, eins og þeir sjálfir geta staðfest, því að þeir segja í sinni stefnu að óbeinir skattar verði lækkaðir, m. a. með verulegri lækkun söluskatts og afnámi sjúkratryggingagjaldsins. (Gripið fram í.) Hvar er nú litli lávarðurinn? (**Gripið fram í:** Sofnaður.) Kominn til kojs. (**Gripið fram í:** Var nokkur að kalla á mig?) 9/10 hlutar ráðherranna — nei, þú ert bara óbreyttur.

Getur nokkur flokkur hafa svikið jafnhrapallega sína stefnu og Alþb. hefur gert? Jú, vitaskuld getur Framsfl. gert það, því hann hefur aldrei staðið við neina stefnu. Þegar Framsfl. setur sér eitthvert markmið, eins og lækka verðbólgu í áföngum, koma henni niður í 30%, eins og formaðurinn segir, eitthvað svoleiðis, svo tekst það ekki og hún fer í 60%, og þá segir hann bara eftir árið: Ja, nú setjum við okkur bara markmið að nýju, 30% næsta ár, þá fer hún niður. — Og verðbólgan heldur áfram upp á við, því að Framsfl. er auðvitað undarlegasta fyrirbrigði sem til er í íslenskri pólitík, því að þetta er ekki flokkur. Ég veit eiginlega ekki hvernig er hægt að skilgreina Framsfl., því að hann er ekki flokkur og hefur aldrei verið flokkur. En hann er afskaplega sterkur á því sviði að vera hagsmunaaðili og láta aldrei undan í þrengstu sjónarmiðum. Og á meðan hann ræður jafnmikið ferðinni í íslenskum stjórnmálum heldur verðbólgan áfram á fleygiferð, því að Framsókn vill halda verðbólgunni áfram. Og ef hér er einhver framsóknarmaður á þingi sem segist ekki vilja halda verðbólgunni áfram þá er hann hreinlega að ljúga því. Þeir vilja halda verðbólgunni áfram, og allar þeirra aðgerðir stefna að því að halda verðbólgunni áfram. Allt það sem þessi ríkisstj. hefur gert, þennan stutta tíma sem hún hefur verið við völd, hefur verið í þá átt að lofa Framsfl. að ráða og kynda undir verðbólgunni. Þetta fjárlagafrv. er fyrst og fremst árangur af þeirri viðleitni Framsfl., með hjálp Alþb., sem svo gersamlega hefur svikið stefnu sína, og þeir hafa teymt þessa þrjá nytsömu sakleysingja, sem eru í ríkisstj., til þess að rétta upp höndina með þeim.

Það er grátlegt til þess að vita, að þessir menn, sem sitja nú í ráðherrastólum, skuli ekki láta sjá sig hér í þingsölum við afgreiðslu fjárlaga, enginn þeirra. Það týrði á einum þeirra hérna í kvöld, en hann kom aldrei inn í þingsalinn. Ég ætlaði að tala betur við þá, en ég sleppi því fyrst þeir eru sofnaðir.

Sjálfstfl. markaði þá stefnu að draga úr skattlagningu. Hann taldi að þegar væri tekið nóg af hinum almennu launatekjum, og með því að halda áfram skattpíningarstefnu þessarar ríkisstj. er fyrst og fremst verið að draga úr viðleitni manna að leggja á sig og hafa háar tekjur. Þeir, sem hafa háar tekjur, borga mest til samfélagsins, en ef farið er of langt, þá dregur úr þessari viðleitni. Og þessir menn, sem styðja ekki þá stefnu sem þeir sjálfir samþykktu í Sjálfstfl., þeir hafa svikið sinn flokk. (**StJ:** Þeir eru samt í Sjálfstfl. og forsrh. varaformaður hans.) Já, viltu ekki reyna að ná honum til þín? Það væri nú mátulegt á ykkur kommana. Samt er mér ekkert illa við þig, Stefán Jónsson, síður en svo.

Ég hefði viljað koma inn á mörg fleiri atriði, en það er áform ríkisstj. að ljúka nú í nótt þessari umr., þó að 9/10 hlutar ríkisstj. sofi. Hún þarf ekki að vaka, ríkisstj. Henni er ekkert að vanbúnaði. Þeir koma hér á morgun, handjárnað lið, sem afgreiðir það sem búið er að matreiða fyrir þá. Þeir þurfa ekki að hlusta á rök. Þeir ætla að halda áfram í fíflsku sinni að auka skatta, taka meira af ráðstöfunartekjum fólksins í landinu og halda verðbólgunni áfram í sönnum framsóknaranda.

Skattheimtuprósentan var um 25% sennilega fyrir svona 30 árum, og tæplega 35% árin 1960—79, en nú er hún orðin 45%. Vinstri stjórnin náði nýju Íslandsmeti í skattpíningu á þjóðfélagsþegnana. En stjórnin, sem nú situr, lætur ekki sitt eftir liggja. Hún ætlar enn þá að bæta metið. Hún ætlar að halda áfram að láta verðbólguna fljúga áfram, láta verðbólgupúkann fitna á sama tíma og ráðstöfunartekjur heimilanna fara minnkandi. Og þeir, sem hafa talið sig málsvara þeirra sem minnst mega sín, jafnvel fram yfir aðra í þjóðfélaginu, þeir ganga nú lengst í því að gera þá, sem minnstar tekjur hafa, enn þá fátækari, því að það eru þeir sem verða undir í baráttunni. Eftir því sem verðbólgupúkinn dafnar og fitnar eru það þessi heimili sem verða harðast úti. Og þó að þremur mönnum í Alþb. þyki e. t. v. vænt um að sitja í ráðherrastólum, þá held ég, ef þeir líta á flokkinn sinn, að það verði ekki

flokknum þeirra til framdráttar að þeir sitji í þessum ráðherrastólum til þess að halda áfram á þessari braut. Það er betra að skipta um stefnu og taka upp samráð og samstarf við þá aðila í þjóðfélaginu sem vilja fara í verulegt stríð við verðbólgupúkann og vinna á honum sigur. En það vinnur enginn flokkur sigur á verðbólgupúkanum á meðan Framsfl. ræður ferðinni í stjórn landsins, því að þar er verðbólgupúkinn í allri sinni mynd og virðuleik fyrst og fremst.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þegar fjárlagafrv. er lesið yfir leynir sér ekki að þegar aths. við lagafrv. hafa verið samdar hefur verið hafður í huga sá málefnasamningur sem gerður var þegar stjórnin var mynduð, því að aths. hefjast með nákvæmlega sömu orðum og hinn skráði málefnasamningur, sem hefst á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginverkefni ríkisstj. er að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það ein helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Jafnframt leggur ríkisstj. áherslu á að efla menningarstarfsemi, auka félagslega þjónustu og jafna lífskjör. Ríkisstj. mun berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál."

Þetta er í samræmi við það sem flokkarnir komu sér saman um þegar stjórnin var mynduð, það fer ekki á milli mála. En það er ótrúlegt, að hrópandi ósamræmi er á milli þessara orða og þess sem fjárlagafrv. geymir í tölum og uppbyggingu. Og það sem er allra eftirtektarverðast í þessu hjá ríkisstj., sem ætlaði sér að draga úr verðbólgunni með jafnstórstígum hætti og áform voru um, er að henni skyldi ekki heppnast að koma saman fjárlagafrv. sem undirstrikaði þá ákvörðun ríkisstj. En það er langt frá því að það hafi tekist.

Í aths. segir enn fremur: „Í samræmi við þetta" — í samræmi við stefnuorðin sem ég las hér í upphafi — „er frv. miðað við það að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði um 31% og meðalhækkun verðlags 1979 — 1980 verði 45 — 46%. Um forsendur tekna og útgjalda vísast að öðru leyti til kaflans um meginforsendur frv. hér á eftir."

Ég ætla nú ekki að fara að tefja tímann með því að lesa það allt saman upp, en mér þykir einkar fróðlegt að drepa hér niður á örfáum atriðum til þess að það komi í ljós, hversu dyggilega er farið eftir því sem hér er sett fram, að miðað sé við það að meðalverðlagshækkun milli áranna 1979 — 1980 verði 45 — 56%.

Ég flutti ásamt hv. alþm. Sverri Hermannssyni brtt. við 2. umr. fjárlaganna, brtt. sem miðaði að því að í alvöru skyldi reynt að beita aðhaldsaðgerðum í rekstri ríkisbáknsins. Sú till. var felld fyrir okkur og trúlega á þeim forsendum að þess væri nægilega dyggilega gætt í þessu frv. að beita aðhaldsaðgerðum. Ef maður lítur rétt yfir það, hvernig staðið er við það, þá er það þetta sem ég les út úr frv.: Í forsrn., sem er ekki umsvifamikið rn., hækkar yfirstjórn þess frá fjárlögum 1979 um 78%. Menntmrn., yfirstjórn þess hækkar ekki nema mjög eðlilega, um 45.1%. Landbrn., yfirstjórn þess hækkar um 82.8%. Sjútvrn., yfirstjórnin hækkar um 75.6%. Dóms- og kirkjumrn. 54%. Félmrn., yfirstjórn þess hækkar um 77.6%. Heilbr.- og trnmrn. um 70.2%. Samgrn. um 61.3%. Iðnrn., yfirstjórnin hækkar um 77.4%. Viðskrn. um 65.6%. Fjárlaga- og hagsýslustofnun, yfirstjórnin hækkar um 164%. Og þá er ég kominn nokkurn veginn á enda að fara yfir hvað yfirstjórn hefur hækkað eða hreinir rekstrarliðir rn. Hreinir rekstrarliðir eru allir langt fyrir ofan það mark sem er sett í upphafi þessa frv. við uppbyggingu þess.

Öðru máli gegnir um hækkanir eða framlög til ýmissa þátta sem eru mönnum þó mjög viðkvæmir og mikla þýðingu hefur fyrir þegnana í landinu að vel sé staðið að. Ég vil drepa hér á örfá atriði sem mér sýnist vera athyglisverð í þessu efni. Ég verð nú að segja það, að ég hefði átt von á því að fræðslumálin, menntmrn. í heild, hefðu farið miklu meira úr reipunum en hér hefur komið fram. Eins og ég gat um áðan, er yfirstjórnin með litla hækkun og fræðslumálin yfirleitt í 56%. Ég tel að það sé ekki óeðlilegt hvað þann málaflokk snertir vegna þeirrar grósku sem er í allri fræðslu og menntun breiðist út og það eru miklu fleiri einstaklingar sem njóta hennar en áður var. En eitt er þó í þessu efni sem er athyglisvert og mér þykir rétt að benda á sérstaklega, og það er, í málefnasamningnum að er sagt að það eigi að leggja mikla áherslu á að efla menningarstarfsemi. En hvað hækka fjárframlög til menningarstarfsemi frá árinu 1979? Þau hækka um 35.8%. Það nær ekki þeirri viðmiðun sem talin mun vera eðlileg hækkun milli ára að dómi þess sem semur fjárlagafrv.

Ég efast ekkert um það, að mér verður bent á að í frv. séu þættir sem hækka mjög mikið, og þeir eru til að sjálfsögðu. Það er athyglisvert að fara yfir félmrn., hvernig það er saman sett. Yfirstjórnin hækkaði, eins og ég sagði áðan, um 77.6%. Húsnæðismálin hækka um 16.4%. Það er ekki ríkmannlega staðið að þeim málum og alls ekki í samræmi við það sem heitið var við upphaf þessarar stjórnar. En önnur félagsmál undir því rn. hækka um 123.8%. Það skýrist með því, að stofnaður var á árinu 1979 sjóður sem heitir Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og hefur að stofnframlagi 1 milljarð kr. og fer eitthvað yfir það með verðbótum, eins og gefur að skilja, sem þó eru ekki fullar.

Eins og ég gat um áðan, fluttum við hv. þm. Sverrir Hermannsson við 2. umr. fjárlaga brtt. um aukið framlag til vegamála. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef hér, hafa vegamál hækkað frá árinu 1979 um 82%, svo að það mætti ætla að ekki þyrfti að vanþakka það. Þess ber þó að geta, að á árinu 1979 var ekki betur búið að vegamálunum en svo, að hækkun milli áranna 1978 — 1979 var aðeins 31% eða því sem næst, á sama tíma og vísitala vegagerðarkostnaðar hafði hækkað um 50%. Það var því augljóst, að hér þurfti að koma til veruleg hækkun. Og þegar vegáætlun var samin árið 1979 var ákveðin allmikil hækkun fyrir árið 1980. Ef þær krónur stæðu núna óbrenglaðar, þá vantaði 6.5 milljarða til þess að þær krónur héldu sínu framkvæmdagildi. Alþ. féllst ekki á brtt. mínar um aukið framlag til vegamála. Hins vegar liggur nú fyrir að aukið verði nokkuð fé til þessara mála eða um því sem næst 2 milljarða kr., ef ég hef tekið rétt eftir. Ég hef tekið þá upphæð inn þegar ég segi að framlag til vegamála hafi hækkað um 82%.

En þegar ég fór að aðgæta nánar hvernig þessum 2 milljörðum var ráðstafað og hvernig skipt er því fjármagni, sem til vegamála fer, þá fór ánægja mín út í veður og vind. Ég lagði til að það aukna fjármagn, sem gengi til vegamála, yrði fyrst og fremst lagt til nýrra framkvæmda, því að vegagerð hrópar á góðar og miklar nýframkvæmdir, þó svo að viðhald sé að sjálfsögðu einnig mikilvægt. En þó held ég að eftir vetur eins og þann, sem nú er senn á enda, séu vegirnir í því ástandi að þeir hefðu þolað

það þó ekki hefði verið aukið verulega fjármagn til viðhalds.

En till. fjvn. eru þessar: Til stjórnunar og undirbúnings voru á vegáætluninni fyrir 1980 áætlaðar 995 millj. kr. En í fjárl., eins og nú er lagt til, er það 1325 millj., þessi liður hækkaður um 33%. Viðhald vega var á vegáætlun 6820 millj., en samkv. fjárl. 8910 millj., hækkar um 30.5%. Til nýrra framkvæmda var á vegáætlun 11 milljarðar 284 millj. kr., en á fjárl. eins og þau eru núna 10 milljarðar 586 millj. kr., fjárhæðin lækkar um 6%. Fjárframlög til nýrra framkvæmda lækkar um 6% á sama tíma og vegagerðarvísitalan hækkar um 30%. Við sjáum að það verður með styttra móti sem við komumst í vegagerð á þessu árinu, eitt árið enn. Og það var sannarlega allt annað, sem með þurfti við framlag til vegáætlunarinnar, en það eitt að draga úr nýframkvæmdum. Til fjallvega er áætluð 30% hækkun, til sýsluvegasjóða 6.5% og til þéttbýlisvega 11% hækkun.

Ég verð að segja það, að ég var að vona að menn gætu af heilum hug verið ánægðir og þakkað það aukna framlag sem átti að ganga til veganna, þó lítið væri. En það er síður en svo að það sé hægt að gera eins og nú standa sakir. Ég þakka að vísu fyrir eitt. Ég þakka almættinu fyrir að ekki skuli vera ákvæði um að hafa fjórar umræður um fjárlagafrv. Ef svo væri mundi sjálfsagt verða dregið enn þá meira úr framkvæmdafénu til vegamálanna, jafnvel þó að skattar séu auknir. Ég held því að það sé best að hafa ekki meiri umr. um þetta að þessu sinni og sætta sig heldur við þennan skerta hlut en að eiga á hættu að hann verði skertur áfram.

Ég mun, herra forseti, ekki hafa mörg fleiri orð um þetta. En mér fannst ég ekki geta látið hjá líða að benda á þá öfugþróun sem ég tel hafa orðið í þessum málum. En áður en ég lýk máli mínu vil ég þó benda á það, að hér er einn liður enn í þessum fjárlögum sem hefur tekið stefnu í öfuga og erfiða átt, og það eru vaxtagreiðslur ríkissjóðs.

Árið 1979 voru vaxtagreiðslur 7 milljarðar 50 millj. kr. En í frv. Ragnars Arnalds eru vaxtagreiðslurnar taldar 16 milljarðar 314 millj. kr., hækkun um 130%. Ég held að engum blandist hugur um það, að þetta er háskaleg þróun og að ástæða hefði verið til að reyna að stemma hér á að ósi. En það er líðileg staðreynd að þurfa að viðurkenna það, að í fyrsta skipti, sem það er skyldugt lögum samkv. að leggja fram lánsfjáráætlun með fjárlagafrv., í fyrsta skipti sem það er skyldugt lögum samkv., þá er skotist undan því. Lánsfjáráætlun hefur fylgt síðari hluta fjárlagavinnunnar undangengin ár, án þess að það væri skyldugt. En sú ríkisstj., sem var við völd næstsíðust, setti þau lög sem ákváðu að lánsfjáráætlun skyldi skilyrðislaust lögð fram með fjárlagafrv. Og það fer ekki á milli mála að þeir ráðh., sem nú sitja í ríkisstj., eru kunnugir því hvað ráðh. gerðu í þeirri ríkisstj. sem sat hér á árinu 1979. Því er það ámælisvert og ég vil átelja það harðlega, að ekki skuli vera staðið við þessa ákvörðun, þessa lögskipuðu ákvörðun, að leggja fram lánsfjáráætlunina. Og ég er sannfærður um að margur maðurinn verður uggandi um þróunina í vaxta- og lánamálum þegar ekki er séð fyrir nú við fjárlagagerðina hver sú endanlega lánaupphæð verður, hvort það er meining ríkisstj. að þenja lántökurnar upp í það sem menn hafa verið að fleygja sín á milli, jafnvel yfir 100 milljarða. Ef svo er eigum við von á grófri hækkun vaxtakostnaðar á næstu árum. Eins og ég sagði áðan, vil ég átelja það og lýsa ábyrgð á hendur ríkisstj., sem hefur skotið sér undan því að standa við þau lög sem hún setti sjálf.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil byrja á því að harma það, hvernig til hefur tekist um þessa 3. umr. fjárlaga. Hún hófst, eins og margsinnis hefur komið fram, í kvöld um fimmleytið, og hæstv. ríkisstj. hefur í stórum dráttum ekki verið viðstödd hér í kvöld til að veita upplýsingar eða svara fsp. í sambandi við ríkisfjármálin, lánsfjáráætlun og annað sem tilheyrir. Ég vil þó segja það, að þessu sinni er ríkari ástæða til þess en sennilega oftast, jafnvel alltaf áður, að menn skiptust hreinskilnislega á skoðunum um ríkisbúskapinn og að ríkisstj. reyndi að gefa heillega mynd af áætlunum sínum í þeim efnum. Og það, sem kannske veldur því, að það er ríkari ástæða til þess en oftast nær áður, er að fyrir tæpum tveimur mánuðum boðaði þessi ríkisstj. allt aðra framvindu mála en nú er raunin á orðin. Skýrasta dæmið um það er að sjálfsögðu verðbólgan sjálf. Þeir voru að tala um að þeir ætluðu að fara eftir niðurtalningarleiðinni. Mér skilst að núna liggi fyrir að framfærsluvísitalan hækki um nálega 13% fram til 1. maí. Og ef við lítum á þetta ár til loka, þá hygg ég að fyrir liggi að verðbólgan verði ekki minni en 50%, og það jafnvel þótt ekki komi til neinna grunnkaupshækkana.

Það gefst væntanlega á morgun eða í fyrramálið tími til þess að ræða verðlagsþróunina frekar í sambandi við fiskverðið. En eins og við vitum veldur fiskverðsákvörðunin nú — sérstaklega sá þáttur hennar að velta yfir á útgerðina byrðum útgerðarinnar, t. d. hraðfrystihúsanna — því, að vandinn verður enn þá stærri í júníbyrjun. Og ef þá verður staðið eins að þeim málum og nú mun bara enn þá fleiri sprekum hent á verðbólgubálið, gengissigið mun halda áfram og koma til nýrrar gengisfellingar um þær mundir. En það er best að geyma sér það til morguns.

Ég vil fyrst segja það, að ég kvaddi mér hér hljóðs vegna heiðurslauna listamanna m. a. Ég hafði beðið um það, að menntmn. Alþingis kæmu saman og ræddu um hvernig þeim launum skyldi skipt. Ég hafði þar skýrt þá skoðun mína, að ég teldi rétt að fjölgað yrði um þrjá í þeim flokki. Niðurstaðan varð sú, að þetta yrði rætt innan þingflokkanna. Nefndin var síðan ekki kölluð saman aftur, enda þótt að um það væri sammæli á þessum fundi, sem er kannske ekki von, vegna þess að í menntmn. Nd. er enginn formaður, hvorki formaður né varaformaður, og kannske mikil áhöld um það hver eigi að kalla nefndina saman. Má raunar segja að þetta sé lýsandi um ástandið í þessu þinghaldi. Það er ekki einu sinni hugsað um að nefndir séu starfhæfar, hvað þá meir. Og þótt einstakir þm. óski eftir fundum og óski eftir því að einstök mál séu rædd, þá fæst það ekki fram og manni er að síðustu réttur miði, eins og sá sem hér er á þskj. 277, og manni er gefinn kostur á að skrifa undir þetta eða lýsa sig andsnúinn þeirri skiptingu sem þar er lýst. Nú vil ég taka það skýrt fram, að ég er síður en svo andvígur því, að þeir 12 menn, sem þarna er um að ræða, hljóti áfram heiðurslaun listamanna. Ég tel að þeir eigi að vera þarna áfram og hef sem varaþm. kosið marga þeirra í heiðurslaunaflokk, og skal ekki ræða það frekar. En ég hefði talið rétt að nú yrði fjölgað um þrjá, en vil ekki ræða það í einstökum atriðum að þessu sinni.

Þorsteinn Valdimarsson skáld orti einu sinni limru sem heitir Ráðherrastólarnir. Hún er svo:

Á Alþingi um nótt
þegar orðið er hljótt
standa upphafin sæti
á einum fæti
í sparnaðarskyni og af lítillæti.

Ég hygg að segja megi að þetta sé kannske sá eini sparnaður sem vart verður í sambandi við þessa ríkisstj. Að flestu öðru leyti blasir reynslan við. Og það er sýnilegt að mönnum þykir orðið nóg um. Þannig hafa tvenn launþegasamtök gert ályktanir af þessari ástæðu. Ályktun Alþýðusambands Íslands er svo hljóðandi:

„Á fundi viðræðunefndar Alþýðusambands Íslands í dag var fjallað um þær auknu álögur sem boðaðar eru í formi útsvarshækkunar, hækkunar tekjuskatts og söluskatts. Alþýðusambandið minnir á að þetta gerist á sama tíma og kaupmáttur launa minnkar stöðugt. Aðgerðir stjórnvalda nú hljóta að auka dýrtíðina og rýra almenna kaupgetu. Aðgerðirnar eru þannig síst til þess fallnar að greiða fyrir kjarasamningum og mótmælir viðræðunefndin þeim harðlega."

Ályktun Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn BSRB mótmælir þeim starfsaðferðum ríkisstj. við undirbúning efnahagsráðstafana að hafa ekki samráð við samtök launafólks um heildarstefnu í þessum málum. Í lögum er gert ráð fyrir samráði við samtök launafólks og slík samráð eru einnig boðuð í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. En engin samráð hafa verið höfð við launþegasamtökin. Þær nýju stórfelldu álögur á almenning, sem þegar hafa verið samþykktar á Alþ. eða fyrirhugaðar eru samkv. stjórnarfrv., þ. á m. um orkujöfnunargjald, eru olía á verðbólgueldinn, sem enn hlýtur að magnast við gengislækkanir sem sífellt eru framkvæmdar. Því mótmælir stjórn BSRB eindregið þessum nýju álögum."

Það má margt um þessar samþykktir segja. Í fyrsta lagi blasir það náttúrlega við, að biðlund launþega er á þrotum. Þeir hafa sýnt mikla þolinmæði í sambandi við sín kjaramál. Samningum öllum var sagt upp frá síðustu áramótum á hinum almenna launamarkaði. Sérstaklega hefur Alþýðusamband Íslands mjög stillt sínum kröfum í hóf, þar sem ekki er gert ráð fyrir að grunnkaupshækkanir verði meiri en 5% á þessu ári. Það er ekki nema helmingurinn af því sem samið var um í sólstöðusamningunum 1977, og fátt sýnir betur en þetta að launþegasamtökin líta mjög alvarlegum augum á ástandið í atvinnumálum og gera sér grein fyrir því, að í engu má út af bregða svo ekki komi til stöðvunar í þýðingarmiklum atvinnugreinum eða verulegs atvinnuleysis.

Síðan ríkisstj. settist að völdum hefur hún skilið þessa ábyrgu afstöðu launþegasamtakanna svo, að henni væru allur sjóir færir, hún þyrfti ekki að gæta hófs í skattaálögum, gæti valsað eins og henni sýndist, farið ofan í vasann á skattborgurunum og eytt og sóað eftir sinni hentisemi. Hvergi ber á því, að aðhalds sé gætt, ekki nema þá kannske í framkvæmdaliðunum. Og þó svo að þetta fjárlagafrv. feli í sér jafnmikla skattheimtu og raun ber vitni, þá er síður en svo að þar séu öll kurl komin til grafar. Hins vegar er það eftirtektarvert, að ríkisstj. á sér formælendur, þótt skrýtið sé. Í litlu sjávarplássi austur á landi, Neskaupstað, er gefið út blaðið „Austurland," málgagn Alþb. Í nýlegu tölublaði þess segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Launþegasamtökin og allur almenningur eiga að krefjast aukinnar samneyslu og þar með aukinna skatta. En það er ekki sama hvernig skattar eru á lagðir. Það verður að gæta réttlætis af fremsta megni. Beinir skattar, svo sem tekjuskattar og útsvar, eru óvinsælir. Óbeina skatta, svo sem söluskatt og tolla, greiða menn án þess að vita af því og finna því varla til þeirra," segir m. a. í forustugrein „Austurlands." — Það er kannske þess vegna sem hæstv. ríkisstj. er núna að hækka söluskattinn, að menn finna ekki fyrir því.

Áfram segir í þessari forustugrein, með leyfi hæstv. forseta:

„Óbeinir skattar eru mjög óréttlátir, og því stærri sem fjölskyldurnar eru því meira greiða þær. Það er því líka undrunarefni, þegar það hendir launþegasamtök að krefjast lægri beinna skatta, en hærri óbeinna. Með því er vegið að hagsmunum láglaunastéttanna, og ekki má gleyma því, að lækkun óbeinna skatta hefði áhrif á verðlag til lækkunar og yrði ekki lítið framlag í baráttunni gegn margfrægri verðbólgu. Barátta almennings í skattamálum ætti að beinast að lækkun og afnámi óbeinna skatta af nauðsynjavörum og tilsvarandi hækkunar beinna skatta. En jafnframt þarf að tryggja að allar tekjur komi fram til skattlagningar og skattlagningin verði réttlát." — Svo mörg voru þau orð.

Það er nú í fyrsta lagi um þetta að segja, þessa klaufalegu afsökun þeirra Alþb.-manna þarna fyrir austan, sem auðvitað er gerð í nafni launþegahreyfingarinnar, að hún er í algerri andstöðu við yfirlýsta stefnu Alþýðusambands Íslands, þar sem því er lýst að beinir skattar séu fyrst og fremst launþegaskattar, leggist mjög þungt á launamenn, eins og skattskrárnar bera með sér. En ég mun ekki, af því að mjög er áliðið nætur gera þetta atriði sérstaklega að umtalsefni. Ég vil hins vegar láta í ljós — kannske ekki mjög mikla undrun, en vekja athygli á þessari áráttu Alþb.-manna að reyna að mála sinn fífil fagran. Vitaskuld er þessi mikla skattheimta á móti hagsmunum alls launafólks í landinu, á sama hátt og þessi mikla og þunga skattlagning bitnar með fullum þunga bæði á einstaklingunum og atvinnurekstrinum og kemur þannig í veg fyrir aukna framleiðni, sparnað í því skyni, og dregur úr lífskjörunum. Sá sami er einnig skilningur Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Og það er af þeim sökum sem Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, setti ríkisstj. stólinn fyrir dyrnar í dag og fékk hana þó til þess að gefa eftir 0.5% í sambandi við söluskattinn.

Í sambandi við þessi mál held ég að alveg nauðsynlegt sé að hæstv. fjmrh. gefi þá yfirlýsingu, að hann muni ekki beita sér á þessu ári fyrir frekari sköttum af neinu tagi en felast í þessu fjárlagafrv. og þeim frv. er þegar hafa verið lögð fram á Alþ. Það væri afskaplega þýðingarmikið ef yfirlýsing fengist um það, að álögurnar yrðu ekki auknar frá því sem við höfum nú séð. Og ef þessu yrði svarað játandi, þá yrði náttúrlega meiri virðing borin fyrir slíkri yfirlýsingu ráðh. heldur en gert er fyrir Ólafslögum sem voru samþ. hér á Alþ. fyrir ári eða svo, það var víst á laugardegi fyrir pálmasunnudag.

Ég hef af og til reynt að koma orðum til ráðh. út af því, að yfirlýsing liggur fyrir frá hæstv. fjmrh. um að hann muni ekki sinna samningsmálum bandalags opinberra starfsmanna fyrr en samið hafi verið á hinum frjálsa vinnumarkaði. Og efnislega er það rétt.

Nú hefur komið til vinnustöðvunar fyrir vestan. Skipin

eru að byrja að stöðvast og við sjáum að sá langi dráttur, sem orðið hefur, veldur auknum óróa á vinnumarkaðinum almennt. Ég held að ríkisstj. verði að fara að sýna spilin og ég held að það verði að koma fram, hvernig hún hyggst taka á samningsréttarmálum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þeir menn, sem nú fara með undirtökin í þessari ríkisstj., eru sömu mennirnir og á sínum tíma veittust harðast að ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar fyrir að virða ekki að fullu samningsrétt opinberra starfsmanna og taka ekki nægilegt tillit til þeirra.

Ég vil enn fremur benda á það, að Alþb. hefur í gegnum tíðina ævinlega haft það sem rauðan þráð í sínum málflutningi, að launagreiðslur skiptu ekki máli, þær væru ekki rekstrarkostnaður og af þeim sökum væri óhætt að spenna kaupið upp, svo hátt sem hverjum þóknaðist, þ. e. ef Alþb.-menn hafa ekki verið aðilar að ríkisstj.

Hins vegar hefur það jafnan verið svo, í hvert skipti sem Alþb. hefur átt aðild að ríkisstj., að harðar hefur verið gengið að opinberum starfsmönnum en nokkru sinni fyrr. Ég vil í þessu sambandi m. a. minnast mjög fjölmenns fundar sem á sínum tíma var haldinn í Háskólabíói, þar sem Lúðvík Jósepsson var mjög niðurlútur og gat varla komið upp nokkru orði vegna þeirra mörgu svika og brigða, sem Alþb. hafði þá sýnt opinberum starfsmönnum, og einkanlega út af því, að Alþb. hafði alltaf haft það á sinni stefnuskrá, að opinberir starfsmenn fengju fullan samningsrétt. Og ég vil þá líka spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort opinberum starfsmönnum standi nú til boða að fá fullan samningsrétt, og líka um það, ef ríkisstj. yrði nú til viðtals um að rýmka eitthvað samningsréttinn, hvort það mundi þá koma niður á opinberum starfsmönnum í þeirra launakjörum. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá um þetta skýr svör.

Ég vil svo segja það, og skal nú reyna að hraða máli mínu, að það veldur að sjálfsögðu ýmsum sjálfstæðismönnum miklum vonbrigðum einmitt þetta, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var að skemmta sér yfir í kvöld, að forsrh. þessarar miklu skattheimtustjórnar skuli vera varaformaður Sjálfstfl. Ég neita því ekki, að menn eiga erfitt með að skilja þetta. Á sínum tíma, þegar hann var í viðreisnarstjórninni, voru viðhorf hans önnur og hann leit öðruvísi á málin, enda þá í betri félagsskap en núna. En ég held að skýringin á þessu sé bara sú, að þeir sjálfstæðismenn, sem eru í þessari ríkisstj., hafa ekki ráðið ferðinni. Þeir sjá og taka eftir því, að stjórnarskeiðin siglir kynduglega, en þeir hafa engin tök á að breyta stefnunni vegna forsögu málsins. Það eru Alþb.-mennirnir og framsóknarmennirnir sem ráða stefnunni, eins og best kom fram í sambandi við hálfa söluskattsprósentið í dag. Og þeir sjálfstæðismenn, sem styðja þessa ríkisstj., hafa nú af því þungar áhyggjur, að þeir geti ekki ráðið við það verkefni, sem þeir ætluðu sér að leysa, og raunar þann vanda, sem þeir sjálfir bjuggu til. Og ég veit að það er mörgum sjálfstæðismönnum mikið áhyggjuefni að svona skyldi hafa tekist til.

Ég hef líka tekið eftir því, að ýmsir framsóknarmenn eru farnir að ókyrrast mjög út af ástandinu. Fyrst í stað hlökkuðu þeir yfir því, að með þessum hætti skyldi vinstri mönnum takast að vinna það sem kallað hefur verið mesti sigur á öldinni. En ég hef orðið var við það af viðtölum mínum við framsóknarmenn, bæði hér í Reykjavík og úti á landi, að þeir eru orðnir mjög órólegir. Þeir gera sér grein fyrir því, að sá sigur, sem Framsfl. vann í kosningunum nú í desember, veitti þeim ekki umboð til að gera það sem lýsir sér í þessu fjárlagafrv. Menn sjá að það er engin aðgæsla hér á ferðinni, engin forsjá. Það er ekki horft fram á veginn og það er ekki tekist á við þann vanda sem er að tröllríða þessu þjóðfélagi, að innlendu kostnaðarhækkanirnar eru að ríða atvinnuvegunum á slig, fyrst útflutningsatvinnuvegunum og hinum síðan á eftir, eftir því sem minna fjármagn streymir þar í gegn, sem hefur alltaf verið lífæðin í þessu þjóðfélagi. Mjög flókin og erfið staða er að koma upp í þjóðmálunum. Launafólkið finnur að loforðum ríkisstj. er ekki að treysta, jafnvel svo ung loforð sem þau, sem gefin voru í stjórnarsáttmálanum fyrir tveimur mánuðum, hafa verið svikin gjörsamlega að ástæðulausu. Fulltrúi sjómanna í verðlagsnefndinni hefur þá sögu að segja, að ráðh. sjávarútvegsmála hafi ekki í eitt einasta skipti séð ástæðu til þess að yrða á hann orði, þótt hann hafi átt langar tölur við aðra fulltrúa í verðlagsnefndinni. Það hefur einnig komið fram, að ríkisstj. hefur bæði brotið gegn sínum eigin fyrirheitum, brotið gegn skýrum lagabókstöfum og yft — ég vil segja stráð salti í sárin með því tómlæti sem launasamtökunum hefur verið sýnt.

Allt þetta vil ég harma og að síðustu aðeins segja það, að ég sé ekki að það þjóni tilgangi að hafa hér fleiri orð um. Hæstv. ríkisstj. er ákveðin í því að taka ekki þessa fjárlagaumræðu alvarlega, gera þinginu ekki grein fyrir stöðu þjóðmálanna, eins og hún ætti þó að vera skýr þegar komið er fram í aprílmánuð, og þótt maður í þingnefndum biðji um að fá t. d. upplýsingar um horfurnar í atvinnumálunum, horfurnar í þjóðmálunum, fá upplýsingar um það frá Þjóðhagsstofnun, þá liggja þær upplýsingar ekki á lausu fyrir þann almenna þm. Hins vegar sér maður, þegar maður gengur fram hjá ráðherraborðunum, að sitthvað er til af upplýsingum sem hinum útvöldu eru ætlaðar. Það eru vinnubrögð af þessu tagi sem ekki vekja traust, ekki vekja vonir um góðan árangur né samvinnu í þessum sölum. Þetta allt saman harma ég og verð að reyna að ljúka máli mínu með því segja að öll vonum við að Eyjólfur hressist, en eins og sakir standa eru ekki miklar líkur til þess.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Á þskj. 277 flytja menntmn. beggja deilda Alþingis till. um skiptingu upphæðar sem á fjárlögum er áætluð sem heiðurslaun til listamanna samkv. ákvörðun Alþingis, en þessi upphæð er samtals 18 millj. kr. Nefndarmenn svo og aðrir þm. eru væntanlega allir sammála um að upphæðin er lág og sú upphæð, sem hver og einn fær, gerir engan ríkan. En það mun alla tíð hafa verið gert ráð fyrir að þetta yrði skoðað sem sæmdarlaun, heiðurslaun.

Því ber að fagna, að þjóðin á marga og merka listamenn á ýmsum sviðum, og um það eru nefndarmenn að sjálfsögðu sammála. Ekki þótti þó nefndinni eða nefndunum ýmissa ástæðna vegna rétt að fjölga þeim sem þennan flokk listamanna fylla. En nefndin gerir sér ljóst að erfitt er að velja á milli þeirra, sem þessar sæmdar skuli njóta, og hinna, sem ekki eiga nafn sitt á þessum lista að þessu sinni. En eins og við vitum verður einhvers staðar að setja mörkin, þó að enginn sé í raun ánægður.

Það er því till. nefndanna, að engin breyting verði gerð á þeim nöfnum frá því sem var á fjárlögum 1979, og vænta nefndirnar þess, að till. þeirra um þá 12 listamenn, sem á þskj. greinir, hljóti samþykki hv. Alþingis. Ég þarf ekki að benda á og það kom hérna fram áðan, að einn

nefndarmanna, hv. þm. Halldór Blöndal, ritar undir nál. með fyrirvara og hefur hann með orðum sínum áðan gert grein fyrir afstöðu sinni. En ég vil að gefnu tilefni staðfesta það sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði, að í menntmn. Nd. er enginn formaður sem stendur. Hæstv. menntmrh. var þar formaður og ég tók sæti hans þar. Varaformaður var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hefur nýr nefndarmaður nýskeð tekið við störfum hennar þar, og hefur hvorki verið kosinn formaður né varaformaður nefndarinnar upp á nýtt. En þetta var sameiginlegur fundur beggja nefndanna. Eyjólfur Konráð Jónsson er formaður menntmn. Ed. og Karl Steinar Guðnason varaformaður.

Hv. þm. Halldór Blöndal sagði í ræðu sinni áðan að framsóknarmenn réðu öllu, og það virðist nú vera svo komið að sjálfstæðismenn í Ed. geti ekki fengið nefndarfund þar, því að það var að minni forgöngu að það var haldinn nefndarfundur um daginn í báðum menntmn. þessara ágætu deilda, og eins var það að minni forgöngu, að þessi brtt. er hér komin fram.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þessari 3. umr. um fjárlagafrv. er rétt að ljúka. Hér hafa verið fluttar langar ræður og litríkar, m. a. var lesið alllengi upp úr stefnuskrá Alþb. og úr gömlum Þjóðvilja frá því fyrir 40 árum, og vil ég alveg sérstaklega þakka fyrir það hvort tveggja.

Oft hefur það verið, að fjmrh. hefur við 3. umr. fjárlagafrv. flutt sérstaka yfirlitsræðu um ríkisfjármálin. En hvort tveggja er nú, að ekki tel ég þetta réttan tíma sólarhringsins til að flytja ræðu af því tagi, enda fáir til að meðtaka boðskapinn, og eins hitt, að skammt er um liðið síðan 1. umr. fór fram. Þar voru gefnar upplýsingar um tekjuáætlun ársins sem er að líða og um útgjöld liðins árs og að sjálfsögðu er þar litlu við að bæta nú, aðeins tæpum fjórum vikum síðar.

Aðeins ein spurning hefur borist til mín í þessum umr. í dag, að því er ég best veit. Það var spurning frá hv. þm. Halldóri Blöndal. Hann spurði mig að því, hvort ég vildi ekki gefa þá yfirlýsingu að ég mundi ekki undir neinum kringumstæðum beita mér fyrir frekari skattlagningu en þegar hefði komið hér fram í frumvarpsformi af einu eða öðru tagi. Ég vil minna á það, að þegar ég flutti hér fjárlagaræðu tók ég það sérstaklega fram, að ef hin nýju tekjuskattslög skiluðu verulega miklu minni tekjum af atvinnurekstri en áætlað hefur verið og von er á, þá kynni að verða óhjákvæmilegt að leggja á viðbótarskatt til að rétta af þau hugsanlegu mistök sem kynnu að felast í tekjuskattslögunum. Það getur enginn sagt um það með nokkurri vissu, að ég tali nú ekki um með nokkurri nákvæmni, hvað tekjuskattslögin gefa og síst af öllu af atvinnurekstri. Þar er óvissan mest. Þess vegna verður að hafa þennan fyrirvara. Ég vænti þess hins vegar, að varla skeiki verulega miklu varðandi tekjuskatt af tekjum einstaklinga, og þess vegna hef ég ekki haft sérstakan fyrirvara um það efni.

Það er að sjálfsögðu eins um aðra þætti ríkisfjármálanna, að ef einhverjir verulegir tekjustofnar ríkisins bresta eða mikil og óvænt útgjöld koma í ljós, þá getur orðið þörf á aukinni fjáröflun á þessu ári eins og oft áður. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, að ég tel hlutverk mitt ekki síður vera að beita mér fyrir sem mestu aðhaldi í ríkisrekstri og hugsanlega verulegum sparnaði, ef hægt væri að koma honum fram, og ég minni á það, að í fjárlagafrv. er heimild til fjmrh. að lækka ríkisútgjöld um allt að 2000 millj. kr. Það má vel vera að þörf verði á að beita þeirri heimild.

Ég vil svo að lokum ítreka þakkir mínar til fjvn., þótt mér sýnist að vísu ekki neinn fjvn.-maður hér viðstaddur til að meðtaka þakkirnar. En ég tel að fjvn. hafi unnið starf sitt með miklum ágætum við erfið skilyrði og hún eigi miklar þakkir skilið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 57. fundur.

Miðvikudaginn 2. apríl, kl. 10 árdegis.

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 205). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 282).

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 86, n. 269). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Landbn. Ed. hefur fjallað um þetta mál, þ. e. frv. til laga um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og nú eins og áður mælir hún með því að sú skipan verði á höfð að veita heimildir til framlengingar á sláturleyfum. Þess vegna mælir nefndin með því að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 222, n. 264). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna, nr. 49 frá 16. maí 1974. Nefndin leggur til að frv. verði samþ. með breytingum eins og það kemur frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. — 3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 257, n. 265). —2. umr.

Frsm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, 49. mál, sem komið er til okkar deildar frá Nd. Hér er um að ræða framlengingu svokallaðs sjúkratryggingagjalds. Þær breytingar, sem frv. tók í Nd., voru annars vegar að mestu leyti fólgnar í ýmsum lagfæringum sem þurfti að gera vegna nýrra laga um tekju- og eignarskatt, en aðalatriði frv. eru breytingar á viðmiðunartölum, bæði frádráttartölum varðandi gjaldstofninn, sem er nú 650 þús. í viðbót við fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta í stað 450 á síðasta ári, og eins varðandi gjaldstofninn, að gjaldið sé 1.5% af fyrstu 4 millj. 500 þús. í staðinn fyrir að síðast voru það 3 millj. 450 þús.

Nefndin varð sammála um að mæla með að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 2. apríl, að loknum 57. fundi.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 86). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 222). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 283).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 257). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 284).

Neðri deild, 55. fundur.

Miðvikudaginn 2. apríl, kl. 10 árdegis.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. S. l. sunnudag kl. hálfsjö að kvöldi voru forustumenn þingflokka stjórnarandstöðunnar kallaðir fyrir hæstv. forsrh. að hans ósk. Tilgangurinn var að óska eftir samráði við þingflokkana, þ. á m. þingflokka stjórnarandstöðunnar, um hvernig háttað skyldi afgreiðslu mála til páska. Markmiðið með fundinum var augljóst. Fyrir lá að mjög naumur tími var til stefnu fram að páskaleyfi og nauðsynlegt væri fyrir stjórn þingsins, til þess að þinghaldið gæti farið eðlilega fram, að vita hvað unnt væri að gera á þeim tíma og hvað ekki. Okkur kom ekki til hugar annað en að hugmynd ríkisstj. með því að leita eftir samráði við þingflokkanna að þessu leyti væri að reyna að haga störfum hér á Alþ. eftir því. Að vísu var seint af stað farið með beiðni um samráð. En til okkar stjórnarandstæðinga var beint tilteknum spurningum. Við vorum beðnir að svara því, hvort við gætum hugsað okkur að afgreiða fimm tiltekin mál á þessum fáu klukkutímum fram að páskahléi með tilteknum hætti.

Þingflokkur Alþfl. vildi einskis láta ófreistað að auðvelda gang þingmála og stjórn þingsins og var fús að veita hæstv. ríkisstj. umbeðið samráð, þó seint væri eftir því leitað. Þess vegna tókum við Alþfl.-menn þá ákvörðun að flýta þingsflokksfundi okkar, sem átti að vera klukkan fjögur á mánudag, til klukkan ellefu sama dag þannig að afstaða til óskar ríkisstj. gæti legið fyrir áður en þingfundir hæfust. Ég veit að sama gerðist hjá hinum stjórnarandstöðuflokknum, Sjálfstfl. Klukkan hálftvö á mánudaginn gengum við á fund með formönnum þingflokka stjórnarliðsins og tilkynntum þeim afstöðu okkar til óska ríkisstj.

Við höfðum verið beðnir, eins og ég sagði áðan, um að svara tilmælum um afgreiðslu mála. Við Alþfl.-menn tilkynntum klukkan hálftvö á mánudag að við værum í fyrsta lagi fúsir til að standa að afgreiðslu fjárlaga fyrir páska, að því tilskildu að við fengjum tilteknar upplýsingar um lánsfjáráætlun. Við þetta höfum við staðið. Við sátum hér til klukkan fjögur í nótt til þess að hægt væri að ljúka 3. umr. um fjárlög. En ég vil leyfa mér að benda á að meginhluta kvöldsins og alla nóttina var aðeins einn ráðh. viðstaddur. Hæstv. forsrh. sást hér ekki í allt gærkvöld og alla nótt. Hæstv. landbrh. kom ekki í þetta hús. Hæstv. dómsmrh. mun eitthvað hafa komið inn fyrir dyr, en gert stuttan stans og sást ekki í þingsölunum. Hæstv. menntmrh. var fjarverandi. Hæstv. sjútvrh. tók engan þátt í þessum fundarstörfum. Stjórnarandstaðan gerði þó allt sem í hennar valdi stóð til þess að afgreiða fjárlögin með því að sitja á fundum til klukkan fjögur í nótt, en hæstv. ríkisstj. hafði ekki meiri áhuga á þessu máli sínu en lýsti sér í mætingum ráðh. í gærkvöld.

Í öðru lagi lýstum við því yfir að þm. Alþfl. væru

reiðubúnir til að standa að afgreiðslu frv. um tekjustofna sveitarfélaga fyrir páska. Það frv. hefur nú verið afgreitt sem lög frá Alþingi.

Í þriðja lagi lýstum við því yfir, að við værum reiðubúnir til samkomulags um afgreiðslu frv. um skattstiga, þannig að menn gætu gengið að afgreiðslu málsins að loknu páskaleyfi, eins og hæstv. ríkisstj. óskaði eftir. Einnig á þá beiðni féllumst við og hefur samkomulag um afgreiðslu þegar verið gert.

Í fjórða lagi lýstum við yfir, að við værum reiðubúnir til að greiða götu frv. um olíugjald til fiskiskipa á Alþ. fyrir páska, við samþ. að falla frá því að ræða það mál til að auðvelda afgreiðslu þess og gætum fyrir okkar leyti staðið að því að unnt væri að afgreiða það mál fyrir páska, sem þó hafði ekki enn verið sýnt á hinu háa Alþingi á sunnudaginn þegar við vorum kvaddir á fund hæstv. forsrh.

Fimmta málið, sem við vorum beðnir að taka afstöðu til, var frv. um hækkun söluskatts um tvö stig. Við lýstum því yfir á fundinum klukkan hálftvö með formönnum þingflokka stjórnarliðsins, að við teldum í fyrsta lagi mjög vafasamt að samfara afgreiðslu allra umræddra mála, sem ég hef þegar getið, gæfist tími til að klára á fáum klukkutímum þrjár umræður í Nd. og þrjár umræður í Ed. um jafnumsvifamikið mál. Í öðru lagi lýstum við því yfir, að við teldum óverjandi að taka það mál til 2. umr. fyrr en fyrir lægi: Í fyrsta lagi afstaða allra aðila vinnumarkaðarins til málsins, eins og fyrir er mælt í lögum. Í öðru lagi að sýnt hefði verið frv. sem hæstv. ríkisstj. boðaði um hvernig verja skyldi umræddum 4 milljörðum til að greiða niður húshitunarkostnað. Í þriðja lagi tókum við fram, að Alþfl. væri andvígur þessari aðferð til tekjuöflunar, þar sem flokkurinn hefði þegar flutt — ekki einu sinni, helfur tvívegis — tillögur um að fjár til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði væri aflað innan ramma fjárlaganna með niðurskurði annarra útgjalda. Alþfl. mundi að sjálfsögðu vilja fá að ræða slíkt mál, sem hann væri í mikilli andstöðu við, og væri því ekki þess að vænta að hægt væri af þeim sökum að afgreiða svo umdeilt mál á fáum klukkutímum.

Við réðum hæstv. ríkisstj. og formönnum þingflokka hennar þannig frá því að leggja fram frv. um hækkun söluskattsins s. l. mánudag, þar sem við töldum mjög ólíklegt að unnt væri að afgreiða það mál fyrir páska. Engu að síður var frv. þetta lagt fram á hinu háa Alþingi á mánudaginn, þrátt fyrir að afstaðan lægi fyrir, sem eftir var leitað á sunnudag, og hún lægi fyrir það tímanlega að hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar væri hún ljós áður en þingstörf hófust á mánudag — og til þess höfðum við Alþfl.-menn allt gert, við höfðum flýtt fundum okkar, við höfðum haldið okkar reglubundnu fundi árdegis í stað síðdegis til að geta veitt hæstv. ríkisstj. þessar upplýsingar og auðvelda henni þannig stjórnina á þinginu.

En hvað hefur síðan verið gert í þingstörfum? Starfstíminn í fyrradag var sáralítið notaður. Þrívegis þurfti þá að fresta fundum Alþingis, í fyrsta lagi vegna þess að einn af flokkum ríkisstj. hafði ekki eða virtist ekki hafa rætt málið um hækkun söluskattsins um tvö stig og krafðist þingfundarhlés í reglulegum þingfundatíma til að halda þingflokksfund um það mál sem við stjórnarandstæðingar notuðum árdegið til. Á meðan lágu þingstörf niðri á hinu háa Alþingi. Tvívegis þurfti þennan sama dag að fresta fundum þingsins vegna þess að hæstv. fjmrh., sem átti að vera viðstaddur umr. um fjárlög, hafði ekki tíma til að sinna þeim þingskyldum sínum. Þannig fór um sjóferð þá, að mikið af eðlilegum og reglulegum fundartíma Alþ. í fyrradag fór fyrir ekki neitt.

Og hvernig var í gær? Þá hófust ekki þingstörf fyrr en klukkan fimm síðdegis. Ástæðan var sögð sú, að þingskjöl vegna fjárlagaafgreiðslunnar væru ekki til. En það var mætavel hægt að halda fundi í deildum þingsins í gær á eðlilegum fundartíma þó að þskj. væru ekki til vegna umr. um fjárlög, enda var sú ekki ástæðan fyrir því að menn sátu hér aðgerðalausir í gær. Ástæðan var sú, að þingflokkar stjórnarliðsins, stjórnarliðarnir allir að undanskildum hæstv. forsrh. og hinum tveimur fylgisveinum hans, þurftu að sitja á fundum vegna ágreinings, sem upp kom í þeirra liði, allan eðlilegan starfstíma þingsins í gær. Þannig voru þingflokksfundir stjórnarliða frá klukkan tvö til klukkan fimm í gærdag og á meðan var ekkert starfað í þinginu.

Svo ætlar ríkisstj. að leyfa sér, eftir að menn — að vísu ekki hún sjálf, en aðrir þm., þ. á m. stjórnarandstöðuþingmenn flestir hverjir — eru búnir að vera á fundum til klukkan þrjú í fyrrinótt og til klukkan fjögur í nótt til að reyna að greiða gang þeirra mála sem hún óskar eftir, að hæstv. ráðh. þó flestum fjarstöddum, þá ætlar hæstv. ríkisstj. að mælast til þess klukkan tíu árdegis síðasta dag fyrir páska, þegar fundur hefur verið boðaður klukkan þrjú til að greiða atkvæði um fjárlög, að hv. alþm. afgreiði á þessum tveimur og hálfa klukkutíma, sem líklega er til ráðstöfunar, ekki aðeins frv. um olíugjald til fiskiskipa, sem við Alþfl.-menn erum reiðubúnir til að standa að afgreiðslu á, heldur einnig frv. um hækkun söluskatts sem nú á að nema 1.5%. Þetta er að sjálfsögðu ekki hægt. Stjórnarandstæðingar hafa lýst andstöðu sinni við þetta frv. og hafa óskað eftir því við hæstv. ríkisstj., að hún gerði ekki tilraun til að fá frv. afgreitt fyrir páska, og ráðlagt hæstv. ríkisstj. að reyna ekki einu sinni að leggja frv. fram til að koma sér ekki í þá klípu sem hún er komin í. Hæstv. ríkisstj. ætlast samt til þess af okkur, sem erum andvígir frv. og viljum berjast gegn slíkri skattahækkun, að við föllumst á að afgreiðslu þess verði staðið með þeim óeðlilega hætti að andstæðingar frv. fallist á að taka ekki til máls. Hæstv. ríkisstj. ætlar sér að krefjast þess að við sviptum okkur sjálfa málfrelsinu á Alþ. um þetta viðkvæma deilumál. Það er augljóst að ef við samþykkjum ekki slíkt er ekki unnt að afgreiða málið.

Mér er fyllilega ljóst að hæstv. ríkisstj. og Alþ. eru komin í klípu með því að leggja fram frv. eins og þetta um stórhækkun á söluskatti og verða að horfast í augu við þá staðreynd, að sú öxi sé reidd yfir höfðum manna dögum saman án þess að unnt sé að afgreiða málið. Slíkt kallar að sjálfsögðu á hvers kyns brask. Slíkt kallar að sjálfsögðu á kaupæði og þrýsting. En þetta er klípa sem hæstv. ríkisstj. hefur sjálf komið sér í. Hún hefur sjálf ákveðið að leggja fram þetta frv., þótt fyrir lægi að stjórnarandstaðan teldi ekki æskilegt og ekki eðlilegt að afgreiða málið á þeim stutta tíma sem til stefnu var, samhliða öllum þeim öðrum málum sem hæstv. ríkisstj. óskaði afgreiðslu á. Ef menn eru komnir í klípu í þessu sambandi hefur hæstv. ríkisstj. aðeins við sjálfa sig að sakast og engan annan.

Það er út af fyrir sig allt í lagi þó að hæstv. ríkisstj. geri nú tilraunir til að tvö viðkvæm deilumál, sem bæði sæta mikilli andstöðu í þinginu, afgreidd á einum og hálfum

klukkutíma með þeirri óbeinu ósk við stjórnarandstöðuna að hún tali ekki í þessu máli. Við Alþfl.-menn erum reiðubúnir að afgreiða olíugjald til fiskiskipa umræðulítið, en okkur kemur ekki til hugar að neita okkur um að tala gegn hækkun söluskatts um 1.5% og nota til þess þann rétt sem við höfum sem alþm. Við munum ekki beita neinu málþófi í því sambandi, en við munum taka okkur þann tíma til að ræða það mál sem við teljum okkur þurfa. Hv. þm. Stefán Valgeirsson glottir að slíku. Mér er ósköp vel ljóst að honum finnst það ekki stór baggi þó að lagður sé á 1.5% söluskattur, einkum og sér í lagi ef hann sjálfur og starfsbræður hans ættu að njóta góðs af þessu fyrir milligöngu ríkissjóðs í útflutningsbótum eða einhverju slíku. En eitt sinn gerðist það nú á hinu háa Alþingi, hæstv. forseti, að menn voru sviptir atkvæðisrétti þegar kom að því að greiða atkvæði um fjárútgjöld úr ríkissjóði til fjárþarfa þeirra sjálfra. En látum það vera.

Ég vil láta þetta koma fram og leyfi mér að benda á að þessi afstaða hefur legið fyrir alveg frá því um hádegi s. l. mánudag. Og ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. ríkisstj. á því, að klukkan er nú að verða hálfellefu síðasta starfsdag Alþ. fyrir páska og það er óeðlilegt, óæskilegt og óheilbrigt, eins og búið er að halda á þingstörfum af hálfu hæstv. ríkisstj. tvo síðustu daga, að láta sér koma til hugar að hægt sé á einum og hálfum eða tveimur klukkutímum að afgreiða jafnviðkvæmt deilumál og stórhækkun á sköttum, þegar litið er jafnframt til þess, hvernig stjórn hæstv. ríkisstj. á þinginu hefur verið undanfarna fáa daga. Ég vil því mælast til þess að hæstv. ríkisstj. geri sér ekki leik að því að hafa umr. af þessu tagi þann tíma sem eftir lifir af starfstíma Alþ. fyrir páska. En ég ítreka það, að við Alþfl.-menn erum reiðubúnir á þeim stutta tíma til að standa að afgreiðslu frv. um olíugjald umræðulítið, nánast umræðulaust. Afstaða okkar til hins málsins hefur legið fyrir síðan fyrir hádegi á mánudag. Hæstv. ríkisstj. er um hana kunnugt. Það er alveg af og frá að hægt sé að fallast á að afgreiða málið um hækkun söluskattsins með þeim takmörkuðu upplýsingum, sem fram eru komnar, og á þeim takmarkaða tíma, sem eftir lifir. Við Alþfl.-menn munum ekki beita neinu málþófi til að koma í veg fyrir þá afgreiðslu sem ég tel ekki mögulega, en við teljum okkur þurfa meiri tíma til að koma sjónarmiðum okkar að en svo, að hægt sé á tveimur klukkutímum að afgreiða málið gegnum 2. umr. í þessari hv. d. og síðan með afbrigðum gegnum 3. umr., taka það síðan fyrir með afbrigðum til 1. umr. í Ed., vísa því þar til n., ljúka þar nefndarstörfum, ljúka síðan 2. umr. með afbrigðum í þeirri hv. d. og 3. umr. með afbrigðum þegar í kjölfarið. Það er ekki rétt af hæstv. ríkisstj. að óska eftir því, að þannig sé staðið að afgreiðslu mála síðustu klukkutímana fyrir páskahlé. Það er ekki hægt að ætlast til þess af hæstv. ríkisstj., eins og hún hefur haldið á stjórn þingsins á undanförnum dögum, að Alþ. fallist á að afgreiða umdeilt mál með þeim hætti.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. um fjarveru mína í gærkvöld vil ég upplýsa að fyrir mig situr á þingi varamaður og ég taldi mér því frjálst að sækja ágætan og fjölmennan fund útvegsmanna í Grindavík í gærkvöld. Ég taldi það satt að segja þarfara en hlusta á hv. 3. þm. Vestf. hér. (**SighB:** Varamaðurinn var ekki heldur mættur í gærkvöld.) Það er hans mál.

Orkujöfnunargjald, frv. (þskj. 252, n. 275, 279 og 280, 253, 276). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. fékk þetta frv. til meðferðar aðfaranótt þriðjudags og hélt fund um það snemma í gærmorgun, aftur eftir hádegið og enn aftur seinni hluta dagsins. Ég vil leggja á það áherslu fyrir mitt leyti, og við nm. allir, sem í n. störfum, erum að ég held, sammála um að mjög mikilvægt er að afgreiða þetta mál. Það er út af fyrir sig rétt, að ýmislegt má að finna varðandi vinnubrögð í sambandi við þetta mál og ýmis önnur og svo hefur lengi verið á hv. Alþ., en Alþ. hlýtur að bera ábyrgð, þegar mál er komið í hendur þess, að það sé afgreitt með einu eða öðru móti. Þegar um hækkun söluskatts er að ræða er svo mikilvægt að því máli sé ráðið til lykta að það hlýtur að vera skylda Alþ. að gera allt sem í stofnunarinnar valdi stendur til að ganga frá því máli.

Varðandi það, eins og fram kom í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að fyrir liggi mjög takmarkaðar upplýsingar um þetta mál, vil ég geta þess, að við í n. öfluðum allra þeirra upplýsinga sem um var beðið í n., að undanskilinni beiðni um að fyrir lægju upplýsingar um hvernig þessu gjaldi skyldi ráðstafað. Það er ljóst að þörfin fyrir þetta fjármagn er svo gífurleg að það verður ekki vandamál að finna því farveg hverning því skuli ráðstafað, en það þarf að gerast með sérstakri löggjöf. En ég hygg að allir þm. séu sammála um það, sem ég hef heyrt til, að hér sé um algera lágmarksupphæð að ræða í þessu skyni.

Mér finnst það vera dálítið undarlegur tónn sem oft kveður við á Alþ., ekki bara nú, heldur oft áður, að það sé einhver sérstakur greiði við ríkisstj. að afgreiða mál sem til Alþ. koma. Það er náttúrlega fyrst og fremst hlutverk Alþ. að taka á þeim málum og þar er ekki um neinn greiða við ríkisstj. að ræða. Ég vil leggja á það áherslu að þetta mál verði afgreitt og ef það verður ekki hægt í dag, þá verði notaður til þess helgidagur á morgun. (Gripið fram í.) Ég vildi síður nota hann en morgundaginn.

Varðandi meðferð málsins að öðru leyti komu upplýsingar til n. um þann gífurlega mun sem er á upphitunarkostnaði í landinu, og allir nm. fengu þær í hendur. Þar kemur í ljós að upphitunarkostnaður með hitaveitu er miðað við olíu allt niður í 15.5% og er þá miðað við að 1200 lítra af gasolíu þurfti til að kynda hverja 100 rúmmertra af íbúðarhúsnæði, sem ég hygg að sé frekar í lægra lagi en hitt. Nauðsynin á jöfnun í þessu skyni er því öllum ljós og var öllum nm. ljós og ég sé ekki ástæðu til að fjalla um þann þátt málsins á þessu stigi, en vil aðeins leggja áherslu á að hér hlýtur að vera um algera lágmarksupphæð að ræða í þessu skyni.

Frv. gerði ráð fyrir að lagt yrði á 2% orkujöfnunargjald á söluskattstofn, sem þýðir að ofan á þann stofn koma 2%. Heildarálagning söluskatts að viðbættu orkujöfnunargjaldi yrði þá 24%. N. reyndi að kanna sem best hvaða tekjur mundu af þessu gjaldi koma. Samkv. áliti Þjóðhagsstofnunar, sem barst n., kom fram að það væri rétt að miða við að söluskattsstigið skilaði 500 millj. kr. á mánuði miðað við verðlagsforsendur fjárlagafrv.

Miðað við 7.5 mánaða innheimtu gætu þá heildartekjur af orkujöfnunargjaldinu numið 7.5 milljörðum. Áætlun Hagstofu Íslands um hækkun framfærsluvísitölu 1. maí n. k. bendir til að verðbreytingar frá upphafi til loka árs 1980 verði hins vegar meiri en reiknað er með í fjárlagafrv. Nýjar verðlagsspár fyrir árið allt voru ekki fyrirliggjandi þegar n. starfaði að málinu, en allt bendir hins vegar til þess að gera megi ráð fyrir að söluskattsinnheimta á árinu geti orðið hæst 550 millj. kr. á hvert stig í innheimtu á mánuði á síðari hluta ársins 1980. Með því móti yrði heildarinnheimtan á hvert stig rúmir 4 milljarðar á árinu 1980.

N. taldi ástæðu til að kanna hvaða áhrif þessi hækkun hefði á framfærsluvísitölu. Fram kom að búast má við að hvert söluskattsstig hækki vísitölu um 0.45 stig eða hún hækki samtals um 0.9, en frá megi draga vegna ákvæðis laga um efnahagsmál o. fl. í kaupgjaldsvísitölu allt að 0.2, sem er ákvörðunaratriði kauplagsnefndar, en miðað við fyrri reynslu megi reikna með slíku. Þessi hækkun á vísitölu hefur að sjálfsögðu áhrif á allt kaupgjald í landinu miðað við þær reglur sem gilda um vísitölubætur. Það má reikna með að laun á marsverðlagi í landinu séu 505—510 milljarðar, þá eru bændur og sjómenn ekki taldir með, og lífeyrisbætur 42 milljarðar. Þessar greiðslur eru því samtals 550 milljarðar. Auk þess má búast við að laun sjómanna séu um 52 milljarðar og bænda 23 milljarðar, en þeir aðilar eru ekki beint háðir því vísitölukerfi sem aðrir launþegar eru. Hitt er svo annað mál, að þeir eru það óbeint, því að hækkanir launa á einu sviði hljóta að hafa áhrif á launakröfur og samninga alla. Því má búast við að í fyrstu lotu hækki laun um 3850 millj. við það að leggja á tvö söluskattstig. Þannig hlýtur í ljósi þess að vera mjög mikilvægt að slík álagning eigi sér ekki stað nema brýn ástæða sé til.

N. taldi fulla ástæðu til að kanna hvort ekki væri mögulegt að lækka þessa álagningu. Því lauk með því, að um það náðist samkomulag að orkujöfnunargjaldið yrði 1.5% í stað 2%, en vissulega hefði verið æskilegt að þetta gjald hefði getað orðið lægra.

N. leitaði eftir upplýsingum frá aðilum vinnumarkaðarins um afstöðu þeirra. Það kom engum á óvart að þeir voru mótfallnir þessari ráðstöfun. Ég hafði hugsað mér að gera grein fyrir áliti þeirra, en ég sé, að 2. minni hl. n. hefur dreift þessum álitsgerðum með þskj. 279 til allra hv. alþm., og sé því ekki ástæðu til að gera grein fyrir þeim. 2. minni hl. hefur tekið af mér það ómak. Ég vísa til þeirra skjala, en þar koma almennt fram fyrirvarar og mótmæli vegna þessarar álagningar.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu máli. Ég verð þó að láta í ljós, að það er mikil ástæða til að hafa áhyggjur af þeim skattstofni sem söluskattur er. Hann er uppistaðan í tekjuöflun ríkisins. Undanþágum frá þeim skatti hefur farið mjög fjölgandi á undanförnum árum, sem gerir hann erfiðari í framkvæmd og allt eftirlit með honum erfiðara. Því er orðið mjög brýnt að taka allar þessar undanþágur til rækilegrar endurskoðunar í því skyni að tryggja öruggara eftirlit með skattinum og öruggari innheimtu. Það er einnig ljóst, að eftir því sem þessi skattur verður hærri þeim mun meiri ástæða er til að hraða því máli.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja á það áherslu fyrir mitt leyti að allt verði gert til þess að þetta mál geti orðið að lögum áður en Alþ. fer heim. Ég tel að Alþ. beri skylda til að skilja ekki við þetta mál í vindinum, ef svo mætti segja. (**HBl:** Það er engin þörf á þessari skatthækkun.) Ég vildi gjarnan losna við samtöl. Ef engin þörf er á þessari skattlagningu getur Alþ. fellt málið. Ég á við, að fyrir liggi hvað þarna á að gerast, hvort Alþ. ætlar sér að samþykkja þetta mál eða ekki. Ef Alþ. telur að engin þörf sé á þessari skattahækkun mun Alþ. væntanlega fella málið.

Frsm. 2. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég verð að segja að umr. þær, sem nú fara fram hér á hv. Alþ., fara fram með — að mínum dómi — nokkuð óvenjulegum hætti. Hér er til umfjöllunar frv., sem í upphafi var gert ráð fyrir að legði á skattborgarana nýja skatta sem á 12 mánaða tímabili hefðu orðið sjálfsagt eitthvað á annan tug milljarða. Það er talinn eðlilegur gangur máls af þeim mönnum, sem beita sér fyrir þessu frv., að það sé kynnt Alþ. á mánudegi og reiknað með að afgreiðslu þess sé lokið þegar liðnar verða ekki yfir 50 klukkustundir. Það má vel vera að í augum þeirra, sem standa að þessu máli, sé það mikill hégómi að málið þarfnist skoðunar. Ég get verið sammála frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um að það er allajafna æskilegt að slík mál séu ekki lengi til meðferðar í þingi, og ég get verið sammála honum um að slík afgreiðsla sem þessi mál þurfa er allajafna með öðrum hætti og hraðari en mörg þau mál sem fjallað er um hér á Alþ. Ég get hins vegar ekki verið sammála þeim mönnum, sem telja ekki ástæðu til þess að um þetta mál fari fram á Alþ. umr., og ég get ekki verið sammála þeim mönnum sem ekki telja ástæðu til þess að þn. fái tækifæri til að skoða slíkt mál, fái tækifæri til að gera sér grein fyrir hvað í raun og veru verið er að gera.

Hér er gjarnan einblínt á þann útgjaldalið, sem er í sambandi við þetta frv., þ. e. fjármagn til olíustyrks, en það er af flestum látið fram hjá fara hvað í raun og veru hér er að gerast: hin mikla skattlagning og afleiðing hennar á efnahags- og fjármál ríkisins. Það er að mínum dómi svo stórpólitískt mál með hvaða hætti nú er lagt til að afla fjár til þessara útgjalda, að ekki er bjóðandi að tveir sólarhringar séu til athugunar þess og menn geri sér ekki grein fyrir því, hvert stefnir og hverjar afleiðingar af samþykkt þess í raun og veru eru.

Hv. frsm. 1. minni hl. vék að því áðan hvað þetta frv. þýddi í auknum launagjöldum í landinu, en á örfáum klukkustundum er alþm. ætlað að rétta upp hendur, þ. e. stjórnarliðinu, og greiða atkv. með slíkum útgjaldabagga á atvinnulífinu. Menn fá ekki tækifæri til að gera sér grein fyrir hver verður þróun verðbólgumálanna á þessu ári, og þegar fundur er haldinn í fjh.- og viðskn. þessarar d. eru þm., sem þar sitja, upplýstir um að vitlaus útreikningur hafi átt sér stað varðandi það frv. sem flutt hafi verið, það gefi ekki 7 milljarða, heldur eitthvað á níunda milljarð kr. — Ég er þeirrar skoðunar, að þetta mál þyrfti miklu meiri athugunar við en fjh.- og viðskn. hafði tækifæri til. Og ég held að sá tími, sem Alþ. er ætlaður til skoðanaskipta í þessu máli, sé líka með þeim hætti að upp á það sé ekki bjóðandi.

Með verðlagsforsendum fjárlaganna, sem nú er verið að afgreiða á Alþ., er gert ráð fyrir 31% hækkun á árinu. Þegar við nú við afgreiðslu fjárlaga erum að skoða málið er dæmið orðið þannig, að ekki munar um 10%, 20%, það er 50% skekkja komin í forsendur fjárlagafrv. Það má ekki gera ráð fyrir að verðlagsþróunin verði 31% heldur 45% eins og dæmið stendur — að minnsta kosti,

var skotið fram í úr hliðarherbergi. Það er alveg rétt. Við höfum ekki enn, og gátum ekki vegna þess hversu mikill hraði var á afgreiðslu þessa máls, fengið upplýsingar um hver megi búast við að framfærsluvísitalan verði hinn 1. maí. Við fengum að vísu upplýsingar um að gera megi ráð fyrir, eins og dæmið nú stendur og miðað við að þetta frv. verði að lögum og þá miðað við 2% söluskattshækkun, að verði hækkun á framfærsluvísitölu 1. maí um 12.5%, nærri 13%. Þó er vitað að inn í þá útreikninga skortir upplýsingar. Þar er um að ræða þjónustugjöld sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um hversu mikið skuli hækka, en mér skilst að hækkunarbeiðnirnar séu á milli 40 og 50%. Hér er átt við Hitaveitu, Rafmagnsveitu og gjöld Strætisvagna Reykjavíkur. Aðeins 10% hækkun á þessum gjöldum kemur til með að hækka framfærsluvísitöluna um milli 0.6 og 0.7%. Það liggur því ljóst fyrir af þessu, að framfærsluvísitalan 1. maí verður ekki undir 13%.

Ég skal ekki vera með neinar hrakspár. Ég hef ekki lagt það í vana minn og hef heldur talið eðlilegra og réttara að við gerðum okkur grein fyrir málunum og virtum fyrir okkur hvað fram undan er. Ég held að það hafi ekki komið fyrir þegar ég hef talað úr þessum stól eða látið eitthvað frá mér fara í tölum varðandi þróun mála, hvort heldur það er í sambandi við efnahagsmálin eða fjármál ríkisins, að þær tölur hafi ekki fyllilega staðist. Því fer miður vissulega fyrir þjóðfélagið og þjóðfélagsþegnana, því að hversu hart sem við deilum í stjórnmálum skulum við þó alltaf vera með því hugarfari að það, sem aflaga hefur farið, sé því miður.

En ef við berum saman þróun mála á árinu 1979 og 1980 horfir uggvænlega, að mér sýnist, því að vísitölu-hækkunin 1. febr. 1979 var 4.7%, en er 1. febr. 1980 9.11%. Hækkun framfærsluvísitölunnar 1. maí 1979 var 12.38%, en eins og ég sagði áðan verður hún ekki undir 13% 1. maí n. k. Árið 1979 endaði með því að framfærsluvísitöluhækkunin frá upphafi árs til loka var 61%. 13% framfærsluvísitöluhækkun þýðir að verðbólgustigið er komið yfir 63%, komið nærri 65%. Þegar lagt er svo fram frv. á Alþ. um 2% söluskattshækkun telja menn ekki ástæðu til þess að alþm., sem eiga að greiða atkv. um frv., fái tækifæri til að skoða málið og þaðan af síður tækifæri til að tala í málinu.

Hér er á ferðinni dæmigert frv. fyrir stefnuleysi núv. ríkisstj.: eitt frv. í viðbót um auknar skattaálögur, eitt frv. í viðbót til að auka á dýrtíðina, eitt frv. í viðbót til að minnka kaupmáttinn í landinu. Frv., sem innifelur öll þessi atriði, er ekki talið þess virði að tími sé gefinn til þess að ræða málin á þingi. Ég veit að hv. frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. meinti ekki það sem hann sagði áðan þegar hann talaði um að halda umr. áfram á morgun. Ég er sannfærður um að það var sagt óhugsað. (**Gripið fram í:** En ég held að hann meini það.) Ég er þeirrar skoðunar að þetta hafi verið óhugsað. Ég er sannfærður um að ef slíkt yrði gert væru hlutirnir farnir að breytast æðimikið á Alþingi Íslendinga. Ég hef ekki trú á að þessi hv. þm. óski eftir því, jafnvel þó hann tilheyri ungu kynslóðinni í Framsfl.

Það er enn fremur rétt að víkja að því hér, áður en komið er að efni frv., hvernig að þessu máli hefur verið staðið með tilliti til þeirra laga sem sett voru á síðasta þingi og ýmsir þm. voru hreyknir af að setja, en ég hefði hins vegar talið að væri skólabókardæmi um hvernig ekki á að semja lög. Það eru hins vegar í lögunum örfá ákvæði. Þó þau séu nánast meira um stefnumið og þar að lútandi orðalag eru samt sem áður ákveðin atriði í lögunum sem segja til um með hvaða hætti fara skuli með ákveðin frv., þ. á m. það frv. sem hér um ræðir. Það er tekið fram í þessum ákvæðnu lögum — ég á þar við lögum um efnahagsmál — hvernig fjárlög skuli lögð fram og hvað þeim skuli fylgja, þ. e. lánsfjáráætlun. Það er ekki bara nefnt orðið framkvæmda- og lánsfjáráætlun, heldur er talið upp til öryggis fyrir þá sem færu með stjórn landsmálanna hvað í lánsfjáráætlun skuli standa, frá hverju hún skuli skýra. Lánsfjáráætlun var lögð fram haustin 1975, 1976 og 1977 án nokkurrar lagaskyldu. Ég beitti mér fyrir því á sínum tíma að hún yrði samin og Alþ. gerð grein fyrir þessum hlutum á réttum tíma, þ. e. við afgreiðslu fjárlaga. Það þótti réttara, til þess að það væri ekki að dragast fram eftir hausti, til 2. umr., að leggja fram lánsfjáráætlun, að það skyldi lögbundið. Það átti að taka af allan vafa. Engin ástæða var til að líta í lánsfjáráætlanir frá fyrri árum, hvað í þeim hefði staðið, en það var lögfest til að taka af allan vafa hvað í lánsfjáráætlunum skyldi standa. En við erum komnir að lokaafgreiðslu fjárlaganna. Það hefur að vísu verið lagt fram fskj. um lántökur vegna framkvæmda í A-hluta fjárlaga og B-hluta, en það bólar ekki á því, sem í raun og veru er mergurinn málsins þegar Alþ. er að ræða fjárlög, hver sé efnahags- og fjármálastefna ríkisstj.

Í lögunum um efnahagsmál er gert ráð fyrir að haft skuli samráð við ákveðna aðila þegar um sé að ræða ráðstafanir í efnahagsmálum. Og það er ekki aðeins að það standi í lögunum um efnahagsmál, heldur er það undirstrikað í stjórnarsáttmálanum að við framlagningu á tillögum í efnahagsmálum skuli haft samráð við ákveðna aðila þar að lútandi. Frv., sem hér er til umr., hefur aldrei verið sýnt aðilum vinnumarkaðarins. Þeir fengu enga vitneskju um málið. Þetta kom glöggt fram á fundum í fjh.- og viðskn. Ég veit að meðnm. mínir eru reiðubúnir að staðfesta það sem hér var sagt. Þessu var ekki mótmælt. Það var hvorki talað við þá aðila, sem gert er ráð fyrir í lögum að haft sé samráð við, né heldur að Alþ. hafi verið kynnt þetta mál með nokkrum fyrirvara áður en það var lagt fram.

Það kom fram áðan hjá form. þingflokks Alþfl., að á sunnudagskvöldið var fundur haldinn af hálfu forsrh. með formönnum þingflokka og þeim þar kynnt málið og spurðir álits á hvort þeir teldu möguleika á framgangi málsins fyrir hátíðar. Það staðfestir að stjórnarandstöðunni var ekki kunnugt um það. Og mig grunar að það gildi um fleiri þm. en þm. stjórnarandstöðunnar, að þeir hafi ekki haft hugmynd um þetta frv. fyrr en það var lagt á borð alþm. á mánudaginn eftir hádegið. Að því hefur einnig verið ýjað hér úr ræðustól, að jafnvel hafi menn ekki haft hugmynd um samkomulagið sem sagt var að gert hefði verið um að lækka 2% niður í 1½%, og sumum hverjum fulltrúum í ríkisstj., ráðh., hafi ekki verið þetta ljóst fyrr en þeir heyrðu lesið upp í ræðustólnum af hv. 4. þm. Reykn. að samkomulag hefði tekist um að það skyldi nú ekki keyrð í gegn 2% hækkun, heldur aðeins 1½%.

Ég segi: Þetta eru vinnubrögð sem við getum ekki viðhaft hér. Mér er mjög vel ljóst að ríkisstj. sækir oft eftir því að fá frv. sín fram og stundum finnst þm. það gerast með of miklum hraða. Ég skal viðurkenna að slíkt hefur átt sér stað, að menn hafa ætlað að hraða málum um of. En þá hafa forsetar Alþ., sem eru fulltrúar

þm., tekið í taumana og beint mönnum inn á réttar brautir. Það hefur stundum gerst að stjórnarandstaðan hefur einmitt með því að ræða málin við ríkisstj. og ráðh., með því að ná samkomulagi um málsmeðferð getað komið að þeim sjónarmiðum og ríkisstj. náð málinu miklu fyrr fram en hefði orðið ef til slíkrar pressu hefði komið.

Það er nú komið svo í þingsalnum að ekki er einn einasti ráðh. viðstaddur. — Hæstv. forsrh. situr þarna í milliherberginu. Þar kom annar til viðbótar. Hann var kominn á þingmannabekk. Kannske er það fyrirboði, maður veit það ekki. — En ég veit að forsrh. hefur heyrt það sem ég sagði. Ég er líka sannfærður um að hann leggur vel við hlustirnar þegar á þarf að halda og vonandi verður árangur af því sem hann hefur heyrt.

En ég held að ef við ætlum okkur að fara að viðhafa slík vinnubrögð hér á Alþ. sé illa fyrir okkur komið. Við getum, eins og ég sagði áðan, skipst á skoðunum og haft harðar skoðanir og ákveðnar, en ég held að það geti aldrei komið til þess hér að við fáum ekki tækifæri til að skiptast á skoðunum í sölum Alþingis. Hvar annars staðar — ég segi: hvar annars staðar eiga þjóðkjörnir fulltrúar að skiptast á skoðunum, láta í ljós skoðanir sínar, en í sölum Alþingis? Ég veit að til eru víða þjóðlönd þar sem þess er ekki óskað að skoðanaskipti fari fram, en ég trúi því ekki að það séu neinir hér sem óski eftir því að færa störf Alþ. í það horf.

Ég vildi í upphafi gera nokkra grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi málsmeðferðina og því, að hér er ætlað að keyra áfram frv. um nýja skattlangingu, hér er ætlað að keyra áfram frv. sem kemur til með að magna verðbólguna og gera erfiðleikana, sem við eigum við að glíma í þeim efnum, miklu meiri. Ég taldi rétt að víkja að því og benda á að þegar rætt er um tekjuöflun ríkissjóðs til að ná peningum, sem fyrir hendi voru, í olíustyrk erum við að ræða miklu stærra mál. Við erum að ræða hvort við ætlum að halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið á — þeirri óðaverðbólgubraut. Ef fer sem horfir verður árið 1979 ekki lengur metár. Það met stendur ekki nema í eina 12 mánuði. Árið 1980 verður búið að slá það út. Menn telja ekki ástæðu til að staldra við. Menn telja ekki ástæðu til þess að setjast niður og gera sér grein fyrir þessum hlutum.

Ég vék áðan að því sem ég taldi að á skorti í sambandi við þessa málsmeðferð. Það er ákvæði í lögum um efnahagsmál um samráð við samtök launþega í landinu. Fjh.- og viðskn. taldi eðlilegt að gefa þessum aðilum kost á að tjá sig um málið, og þeir komu á fund eftir hádegið í gær og lögðu þar fram samþykktir sem sýna okkur hvernig á þessi mál er þar litið. Það er eðlilegt og skiljanlegt þegar þessar samþykktir eru lesnar, en þær eru birtar sem fskj. með nál. 2. minni hl., hvers vegna menn vildu ekki hafa samráð. Ég hef ekki þá trú, að menn eigi aðeins að hafa samráð ef þeir reikna með jákvæðum undirtektum. Það er kannske minni ástæða til að hafa samráð ef menn eru sammála. Þá er e. t. v. minni ástæða til að heyra hvað gagnaðili segir. Það er einmitt þegar búast má við að menn séu ekki sammála að leitað er samráðs og reynt að finna leið til að ná sameiginlega að því markmiði sem hér var og er fyrst og fremst fjármögnun á olíustyrkjum.

Hjá hv. frsm. 1. minni hl. kom fram áðan að þessi 2% hækka launin í landinu um 4 milljarða. Það eru 4 milljarðarnir sem útgjöldin eiga að vera til olíustyrksins. Með því að ná 4 milljörðum í olíustyrk, sem er meginsjónarmiðið með þessu frv., er vísitalan látin hækka og launaútgjöld í landinu hækka um nákvæmlega sömu krónutölu. Sjá menn ekki í raun og veru hvað hér er að gerast? Ég hef ekki enn hirt um að víkja að því sem er til hliðar við þessa 4 milljarða, en það er að olíuverðshækkunin er notuð til að ná í viðbótartekjur í ríkissjóð. Það er ekkert verið að virða fyrir sér hvað í raun og veru þetta þýðir fyrir kaupmátt launa. Og einfaldlega vegna þess að menn áttu von á þeim yfirlýsingum, sem hér eru birtar sem fskj. leituðu menn ekki samráðs. Hæstv. ríkisstj. hefur þegar látið stuðningsmenn sína flytja tillögur við fjárlögin um tekjur og útgjöld og ætlar sér bersýnilega, eins og komið hefur fyrir áður hjá vinstri stjórnum, að samþykkja fjárlög áður en tekjuöflunarfrv. hafa verið samþykkt. Ríkisstj. ætlar sér bersýnilega að taka inn í fjárlagafrv. tekjurnar af 1.5% söluskatti og deila þeim út þannig: 4 milljarðar í olíustyrk, 500 milljónir í rannsóknir og afgangurinn til að styrkja stöðu ríkissjóðs. Ég held að það væri mun skynsamlegra fyrir ríkisstj. að óska eftir frestun á þessum umr. og taka til við málið strax og Alþ. kemur saman að loknu páskafríi, væntanlega miðvikudaginn eftir páska. Þá sýndist mér að eðlilegur tími til afgreiðslu þessa máls væri sú vika og þá væri hægt að ljúka afgreiðslu málsins. Þá fengju þm. tækifæri til að skoða það, gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og þeim afleiðingum sem frv. hefur.

Frv., sem hér er til umr., er til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð vegna olíuverðshækkana. Það er verið að nota hina miklu olíuverðshækkun og afleiðingar hennar til að afla ríkissjóði tekna. U. þ. b. 25% eða fjórðungur landsmanna hefur ekki aðgang að innlendum orkugjöfum og verður því fyrir barðinu á þeirri miklu olíuverðshækkun sem verið hefur á undanförnum árum og varð mikil á s. l. ári. Þessi olíuverðshækkun hafði áður verið að hluta til greidd niður með styrkjum frá ríkissjóði, en það er í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. þurrkað út. Ef ég man rétt var í fyrstu útgáfu frv. gert ráð fyrir 2.3 milljörðum í olíustyrk. Nú er ætlunin að hann verði 4 milljarðar. Leiðin til þess að hann verði 4 milljarðar er að þurrka út fyrst 2.3 milljarðana og leggja síðan á nýja skatta, ekki bara fyrir 4 milljörðum, heldur á ársgrundvelli fyrir þrisvar sinnum 4 milljörðum. Ég get vel ímyndað mér að söluskattstigið komi til með að skila nærri 6 milljörðum á ári, þannig að skattheimtan verði á þessu ári ekki nema 7 millarðar, eins og gert er ráð fyrir með lækkuninni úr 2% í 1.5%. Og með því verður niðurstaðan ekki 12, heldur 9.5 milljarðar, þ. e. einn tugur milljarða bætist við skattheimtuna. Þetta er gert í stað þess að halda þeim olíustyrk inni í fjárlagafrv. sem var og nota hluta af tekjuauka ríkissjóðs á s. l. ári vegna olíuverðs- og bensínhækkunar til að bæta við og ná þeim 4 milljörðum sem hér er hugsað að leggja til.

Mér var sagt í fyrrahaust að tekjur ríkissjóðs af hækkun olíu og bensíns á ársgrundvelli væru nokkrir milljarðar. Það var ekki talið sanngjarnt að nota eins og 1.7 milljarða til að auka olíustyrkinn og þá sleppa við nýja skattlagningu. Þetta kostaði auðvitað það, að fara varð ofan í saumana á ríkisútgjöldunum, eins og talað er um í stjórnarsáttmála ríkisstj. Það kostaði auðvitað það, að gæta varð aðhalds í rekstrargjöldum hjá ríkissjóði. En það var alls ekki hugsunin hjá hæstv. ríkisstj., heldur hitt, að ná í meira fjármagn til að eyða. Það sýnir sig best með því að með þessu frv. er ekki aðeins ætlað að ná inn fyrir olíustyrknum, heldur

teknir nokkrir milljarðar í viðbót til að auka enn á útgjöld ríkissjóðs.

Sjálfstæðismenn gera sér mjög vel grein fyrir því, að olíustyrkur verður að vera í útgjöldum fjárlaganna, enda beittu þeir sér fyrir því á sínum tíma að greiddur yrði olíustyrkur, þegar olíuverðshækkunin mikla varð á árinu 1973. Í þessum sal var vakin athygli á því máli og stjórnarandstaðan þá gekk til liðs við stjórnarliða. Sjálfstæðismenn hafa því í meðferð fjárlaga gert tillögur um með hvaða hætti olíustyrkurinn skyldi fjármagnaður án þess að lagðir yrðu á nýir skattar. Það kostaði auðvitað að framkvæma varð samdrátt á öðrum sviðum. Það hafa menn ævinlega verið að tala um, en hafa átt erfitt með, a. m. k. vinstri flokkarnir þegar þeir hafa ráðið ferðinni, að draga saman og nota minna fjármagn af þjóðarframleiðslunni til hins opinbera. En þetta frv. stefnir að sjálfsögðu í hina áttina, að meira fjármagn rennur til ríkissjóðs, stærra hlutfall af þjóðarframleiðslunni, og þá verður minna fyrir þjóðfélagsþegnana til ráðstöfunar. Upphæð þess olíustyrks, sem sjálfstæðismenn leggja til, er 5 milljarðar, þ. e. 25% hærri tala en ríkisstj. hyggst hafa til meðferðar samkv. þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Með hvaða hætti menn hugsa sér þessa ráðstöfun hefur ekki fengist upplýst við meðferð málsins. E. t. v. skapast tími fyrir ráðh. til að vinna að því á þeim dögum sem Alþ. verður í leyfi. Það hvarflaði að mér, þegar hv. frsm. 1. minni hl. stakk upp á því að við yrðum hér á morgun í umr., að miklu skynsamlegra væri að ríkisstj. sæti á fundum á morgun til að gera sér grein fyrir því, hvernig hún hygðist útdeila þessum peningum, og þingið fengi vitneskju um það þegar það kæmi til funda aftur og þá lægi málið allt miklu ljósar fyrir.

Í nál. á þskj. 279 er skýrt tekið fram með hvaða hætti við sjálfstæðismenn höfum lagt til að þessum vanda verði mætt, og ég vonast til þess, að við afgreiðslu fjárlaga sýni stjórnarliðar okkur að þeir séu reiðubúnir til að draga saman útgjöld ríkissjóðs, reiðubúnir til að hætta við að leggja á nýja skatta og reiðubúnir til að veita fjármagn í olíustyrk. Það geta þeir gert með því að standa með okkar tillögum við 3. umr. fjárlaga. (Gripið fram í.) Jú, jú, aðrar slíkar till., sem koma og stefna í sömu átt, er að sjálfsögðu rétt að samþykkja.

En það er ekki úr vegi, þegar verið er að ræða olíustyrkinn, að örlítið sé vikið að þeirri viðbótarskattlagningu sem átt hefur sér stað á undanförnum mánuðum. Það er ekki einu sinni hægt að segja: undanförnum árum, því að tæp 2 ár eru liðin síðan vinstri stjórnin tók við völdum og svo háar upphæðir í viðbótarskattlagningu hafa verið lagðar á þjóðfélagsþegnana að ástæða er til að rifja þær upp, ég tala nú ekki um þegar verið er að leggja á á annan tug milljarða í nýjum sköttum.

Mér telst svo til, að ef þetta frv. verður að lögum nemi ný skattlagning frá því á miðju ári 1978 40 — 45 milljörðum kr. Ef þær álögur giltu í dag sem giltu fyrir valdatöku ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar 1978 væru skatttekjur ríkissjóðs minni sem næmi 40 — 45 milljörðum kr. Og þegar verið er að auka þessa skattbyrði um 25%, eins og með þessu frv., telja menn ekki ástæðu til þess að Alþ. eyði svo mikið sem hálfum degi til að ræða þessi mál. Menn telja bara að af því að frv. hafi verið lagt fram þurfi það að fara í gegn, hversu vitlaust sem það er og hversu slæmar afleiðingar sem það kemur til með að hafa. Af því að það var lagt fram skal það í gegn, hversu vitlaust sem það er og hversu slæmar sem afleiðingarnar verða. Ef við alþm. eigum að lifa eftir slíkri forskrift bið ég guð að hjálpa mér, hafandi þessa ríkisstj. Hvaðan svo sem menn hafa þessa forskrift ætla ég að vona a. m. k. að fulltrúar þm., þ. e. forsetarnir, láti ekki ríkisstj. komast upp með slíkt.

En víkjum að þessum sköttum öllum saman. (**Gripið fram í:** Það er nú bara einn.) Það er rétt. Við erum að ræða hér um nýjan skatt. En þá spyr ég: Er ekki ástæða til að spyrja hv. þm. hvort það hafi verið nokkurn tíma lagður á nýr skattur frá því að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók við 1978? Og er þá kannske ekki ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hyggist halda öllum sömu sköttunum og vinstri stjórnin setti og hvort hann ætli svo að bæta við nýjum sköttum? Ég man ekki betur en þegar hann var á „Beinni línu," og það hefur verið birt í blöðum, hafi hann sagt: Það verða ekki nýir skattar lagðir á. (Gripið fram í.) Ég held að ég fari alveg rétt með það. Hann lýsti því þar yfir að það yrðu ekki lagðir á nýir skattar. Hann ætlar samt sem áður að viðhalda hækkuðum tekjuskatti frá vinstri stjórn. Hann ætlar að viðhalda hækkuðum eignarskatti frá vinstri stjórn. Hann ætlar að viðhalda 2% hækkun söluskatts frá vinstri stjórn. Hann ætlar að viðhalda hækkun vörugjalds. Hann ætlar að viðhalda nýbyggingagjaldinu. Hann ætlar að viðhalda sköttunum á verslunarhúsnæði. Hann ætlar að bæta við sköttum: Hækkanir á bensíni umfram verðlagshækkanir 10 milljarðar. Þetta er ekki neitt í hans huga. Og ég segi: Er þá nema eðlilegt að menn velti því fyrir sér, hvaða skoðanir hæstv. forsrh. hafi haft á þessum málum? Er það rétt að það, sem við höfum lesið og hlustað á hann segja í sambandi við skatta og skattbyrði, hafi allt verið í þá veru að hann vildi hækka skatta, hann vildi þyngja skattbyrði? Var þetta þá allt þannig? Mér fannst einhvern veginn að ég hefði heyrt hann segja að hann vildi lækka skatta, hann teldi að skattbyrðin mætti ekki komast upp fyrir ákveðið hlutfall, þá færi að draga úr löngun manna til að vinna, draga úr sjálfsbjargarviðleitninni.

1977 var skattbyrðin af tekjum þess árs 10.6%, og þótti mörgum nóg innheimt af páv. fjmrh. og töldu að það mætti vera minna. Nú er skattbyrðin komin upp í 14.2%. Ríkisútgjöldin sem hlutfall af þjóðarframleiðslu voru þá 27%. Hann þótti ógurlegur eyðsluseggur, sá fjmrh. Ég minnist þess, að páv. orkumálaráðherra talaði um að setja þak á fjárlögin, menn gerðu sér þá fyrst grein fyrir hvað þeir ætluðu að eyða miklu, hvað þeir ætluðu að hafa miklar tekjur og svo eyddu þeir ekki meira en þeir hefðu í tekjur. (Gripið fram í.) Ég sagði það. Páv. iðnaðar- og orkuráðherra.

Núna er dæmið þannig, að þegar menn eru komnir upp í hæsta skattstigann greiða þeir orðið allt upp í 85% til ríkisins. Beinu skattarnir hafa hækkað, og hæstv. forsrh. ætlar að viðhalda því, um 25%. Óbeinu skattarnir hafa hækkað líka. Um 4 kr. af hverjum 5 kr., sem þessir aðilar hafa, ganga til ríkisins í heild þegar komið er upp í hæsta skattstiga.

Ég veit að hæstv. forsrh. hafði ekki þessar skoðanir þegar hann á sínum tíma var fjmrh. Í ræðu á Alþ. 1972 vék hann sérstaklega að skattamálunum og nefndi alveg ákveðnar tölur um það sem hann taldi vera algjört hámark hjá skattgreiðanda svo að sjálfsbjargarviðleitnin væri ekki drepin. Með leyfi forseta ætla ég að lesa úr ræðu sem hæstv. forsrh. flutti hér 1972 við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1973. Þá segir hann:

„Varðandi skattamálin skal ég fara fljótt yfir sögu. Það gefast önnur tækifæri til að ræða þau mál. En það er algjör nauðsyn að spyrna hér við fótum og lækka stórlega hina beinu skatta, sem ríkið tekur til sín. Sumpart verður það auðvitað að gerast með verulegri lækkun ríkisútgjaldanna og sumpart með því að taka þarfir ríkissjóðs meira með óbeinum sköttum en beinum. Um rökstuðninginn fyrir því þarf auðvitað ekki að fara mörgum orðum. Það er ljóst og er held ég reynsla flestra þjóða, að háir beinir skattar draga úr vinnulöngun manna.“ — Og síðan kemur: „Þeir minnka þjóðartekjurnar, því að þegar skattborgari hefur náð hámarksskattstiga og önnur hver króna“ — takið eftir: „önnur hver króna eða jafnvel 2 af hverjum 3, sem hann vinnur sér inn til viðbótar, fara í skatt, þá finnst mönnum sem þeim sé refsað fyrir framtak og sjálfsbjargarviðleitni, og háir beinir skattar vinna gegn sparifjársöfnun, valda stóraukinni hættu á undandrætti og skattsvikum, auk þess sem beinir skattar eru dýrari í álagningu og innheimtu en óbeinir skattar.“

Þegar þetta hefur verið lesið og borið saman við framkvæmd núv. hæstv. ríkisstj. í skattamálum undir forsæti Gunnars Thoroddsens, sem þetta sagði, er hér mikill munur á. Það, sem hann sagði í þessari ræðu, er enn í gildi að mínum dómi. Það má vel vera að hann hafi skipt um skoðun og hann telji í dag að það dragi ekki úr sjálfsbjargarviðleitni manna að greiða háa beina skatta, — ég tala nú ekki um þegar bæði beinir og óbeinir skattar eru orðnir svo háir, eins og ég sagði áðan, að af seinustu 10 kr., sem maðurinn vinnur sér inn, fari 8 til ríkisnins.

Ég held, eins og ég sagði áðan, að það sé skynsamlegast í þessu máli að þessari umr. sé frestað fram yfir páska og að ríkisstj. fari að tillögum frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. og komi sér niður á það á morgun — eða hvaða aðra daga þeir nota — hvernig þessu gjaldi eða þessum tekjum skuli útdeilt, þannig að menn viti, þegar verið er að samþykkja slíkt frv., til hvers nota skuli fjármagnið.

Ég held að þau vinnubrögð, sem ríkisstj. hefur viðhaft, séu þess eðlis að þau eigi að forðast. Það er enn möguleiki á að gera það. Ég trúi því, að forseti deildarinnar kanni það, þar sem nú er senn liðið að hádegi, hvort menn telji þetta ekki skynsamlegra en að hér fari fram umr. og hér sé reynt að pressa fram afgreiðslu á svo stóru máli sem ég hef hér lýst. Slík málsmeðferð sem hér á að viðhafa er ekki að mínum dómi Alþ. til sæmdar.

Eins og fram kemur á nál. á þskj. 279 og heyra má af máli mínu mæla fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. gegn samþykkt þessa frv., hvort heldur er með þeirri brtt., sem fram er borin, eða ekki.

Frsm. 3. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Áður en ég vík að því að ræða það mál, sem hér er til umr., þykir mér ástæða til að fara örfáum orðum um nokkuð af því sem fram kom hjá hv. frsm. 1. minni hl., formanni fjh.- og viðskn. Það var merkilegt að hlýða á þennan annars ágæta þm., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, upprennandi stjörnu innan Framsfl., æskja þess sérstaklega að framin yrðu helgispjöll á Alþ., óska eftir að fundir yrðu á morgun. Og í beinu áframhaldi af því vildi ég gjarnan spyrja hæstv. forseta hvort hann hyggist verða við þessari beiðni framsóknarfulltrúans um að helgispjöll verði framin á Alþ. með fundarhöldum á morgun. (**GJG:** Má ég minna hv. þm. á að verkalýðsfélögin —). Ég beindi ekki spurningu minni til hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, en vegna ástands í sálarlífi hans undanfarna daga og ekki síst með tilliti til þess máls sem hér er til meðferðar, þá er ekki óeðlilegt og ég tek það ekki illa upp og frekar vorkenni honum að hann skuli tala með þessum hætti. Ég var ekki að spyrja um frystihús eða Dagsbrún eða neitt slíkt. Ég var að spyrja um Alþ. (Gripið fram í.) Ég bíð þess að hæstv. forseti greini frá því á eftir, hver ætlun hans er gagnvart þessari ósk formanns fjh.- og viðskn. Það kemur í ljós. (Gripið fram í.) Það kemur væntanlega á eftir álit formanns Verkamannasambandsins varðandi það mál, sem hér liggur fyrir til umr., og hver afstaða hans kann að vera varðandi það, að sjálfsögðu þá sem umbjóðanda þeirra félaga og einstaklinga sem innan þess sambands eru.

Það er sjálfsagt að nota þann tíma, sem eftir er fram til matarhlés, til að ræða um þessa hlið mála. Það er ástæðulaust að fara að byrja á aðalefni málsins fyrr en eftir hádegi úr því sem komið er.

Það er ekkert nýtt að sjálfsögðu, að mönnum þyki óeðlileg og óæskileg vinnubrögð viðhöfð á Alþ., jafnvel í hinum stærstu og mestu málum. Ég hef ekki lengi setið á Alþ., en ég hef oft látið það í ljós að mér finnst allt of oft á því bera að hér eru í raun og veru stjórnlaus vinnubrögð. Ég er ekki með þessu að ásaka hæstv. forseta, ég vil taka það fram. Hér er fyrst og fremst um að ræða málatilbúnað hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma. En ég held að nú keyri úr hófi fram varðandi málsmeðferð á Alþ. Hér er fleygt á borð þm. hverju stórmálinu á eftir öðru og til þess ætlast að þeir taki afstöðu til þessara mála án þess að hafa til þess tækifæri, nema að örlitlu leyti, að kynna sér efni og innihald málanna sem um er að ræða.

Hæstv. forsrh. — og ég met það mikils hjá honum, ég skal taka það fram strax — ber mikla umhyggju fyrir virðingu Alþingis. Ég er sammála honum um að þar þarf um að bæta og auka þarf virðingu Alþ. frá því sem verið hefur. En það verður ekki gert með vinnubrögðum eins og hér hafa verið viðhöfð á undanförnum dögum. Það þurfa gjörbreytt vinnubrögð að koma til í sambandi við afgreiðslu mála hér ef það á að verða til að auka virðingu Alþingis.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði áðan, og í sjálfu sér er ég sammála honum í því, að það væri afskaplega óæskilegt að mál eins og þetta væru lengi til meðferðar í þinginu. En svo er spurningin hvað menn telja lengi. Ég hygg að hann sé mér sammála um að það verði ekki litið svo á að þetta mál hafi verið lengi í þinginu. Það kemur fram á mánudegi. (**Gripið fram í:** Það er útlit fyrir það.) Það er lagt fram á mánudegi, hv. þm., og það er ætlast til að málið hafi hlotið sex umræður í báðum deildum á þremur dögum ásamt öðrum þeim málum sem hér eru til umr. og lokaumræðu og afgreiðslu fjárlaga. Ég vísa því alfarið á bug að það sé að sakast við stjórnarandstöðu þó að hún hlaupi ekki upp til handa og fóta til afgreiðslu á málum sem því sem hér er til umr. án þess að fá nægilegt tækifæri til að gera sér grein fyrir efni málsins og hvaða afleiðingar það kann að hafa. Ég veit ekki betur en t. d. ég hafi verið hér sveittur við í allan gærdag að hlaupa á milli funda fyrir hv. stjórnarliða til að greiða fyrir málum. Ég hafði ekki einu sinni aðstöðu til þess að vera hér og hlýða á umr. eða taka þátt í þeim. Og er það kannske hvað verst.

En svona gengur þetta til, að það eru mörg stórmál til umr. og meðferðar á sama tíma í þinginu og það er ætlast til þess, að þm. afgreiði þau svo til á stundinni með

handauppréttingum með eða á móti. Þessu verður að breyta. Og þó að sumir hverjir hv. flokksbræður hæstv. forsrh. hafi ekki mikla trú á að hann breyti þessu, þá er ég a. m. k. að vona að hugur hans stefni til þess að breyta vinnubrögðum frá því sem verið hefur.

Það var að mínu viti vonlaust mál hjá hæstv. ríkisstj. að ætlast til þess á sunnudagskvöldið s. l. að stjórnarandstaðan fengi ekki meiri tíma til að kynna sér það mál, sem hér er um að ræða, en fram til miðvikudags og þá ætti að ljúka málinu á Alþ. Og það er með ólíkindum ef ekki hefur verið til þess tími hjá hæstv. ríkisstj. að ganga frá þessu máli með einhverjum öðrum hætti í hendur þingsins, því að vandamálið, sem hæstv. ríkisstj. hyggst leysa með þeirri skattheimtu, sem hér er nú til umr., er búið að vera til umr. í þinginu allt frá því í desember meira og minna. Það hefur staðið upp á hæstv. ríkisstj., frá því að hún var mynduð í byrjun febrúar, að taka afstöðu til málsins. Það verður því að vísa til hæstv. ríkissj. og stjórnarliða á Alþ. ef mönnum sýnist langur tími í það fara að koma þessu máli frá þinginu. Ég tel það ekki langan tíma þó að þetta mál yrði ekki afgreitt fyrr en eftir páska. En þar er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast, heldur við hæstv. ríkisstj. og stjórnarliða.

Hv. formaður fjh.- og viðskn., frsm. 1. minni hl., vék að nokkrum atriðum og sagði í fyrsta lagi að allra upplýsinga, sem um hefði verið beðið, hefði verið aflað, að undanteknu því sem hann gat réttilega um, hvernig ætti að ráðstafa þeim fjármunum sem hér er verið að afla. Og mér skildist — vel má vera að það sé misskilningur — á hv. þm., og auðvitað væri ég sammála honum um það, að það væri ekkert vandamál hjá hæstv. ríkisstj. að eyða þessum peningum öllum og þótt helmingi meiri hefðu verið. Hún verður ekki í vandræðum með það. En spurningin er ekki um það. Við viljum fá að vita hver verður framkvæmdin á ráðstöfun þess fjár sem hér er verið að leggja til að afla. Og það er auðvitað meginspurningin. Auðvitað hefði það átt að vera svo, hefði allt verið með felldu, að samhliða tekjuöflunarfrv., sem hér er til umr., hefði komið frv. sem gerði grein fyrir því, með hvaða hætti ætti að ráðstafa fjármununum.

Það er óeðlilegt að mínu viti, að alþm. sé ekki gerð grein fyrir því, þegar verið er að leggja til skattahækkun upp á um 11 milljarða miðað við eitt ár, — að jafnhliða sé ekki gerð grein fyrir því með hvaða hætti og á hvern hátt á að ráðstafa því fé. Um þetta hafa ekki fengist neinar upplýsingar aðrar en þær, að tæplega helmingur af þessu fjármagni eigi að renna samkv. því frv., sem hér er um að ræða, til jöfnunar á upphitunarkostnaði.

Frá því að núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda, sem er að nálgast tvo mánuði að ég hygg, hefur hún verið æðidugleg að koma í gegn á Alþ. málum sem hafa leitt til stórkostlegrar skatthækkunar, aukinnar skattbyrði miðað við það sem áður var. Það má raunar kannske furðu telja hversu greiðlega hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðum hefur gengið að koma öllum þessum skatthækkunarmálum í gegn. Hér er búið að samþykkja hækkun útsvarsins t. d., heimild til hækkunar á útsvari upp á 10%, sem er á sjötta milljarð miðað við eitt ár. Verði þetta frv. samþ. þýðir það 11 milljarða kr. skatthækkun miðað við eitt ár. Tekjuskattshækkun verður a. m. k. 40% í ár, hækkun flugvallagjalds í kringum 60% og hækkun sjúkratryggingagjalds eitthvað álíka. Öllum þessum skatthækkunarfrv., að undanskildu því sem hér er nú til umr., hefur hæstv. ríkisstj. tekist að koma í gegn í þinginu, svo óskiljanlegt sem það nú er. Allar þessar hækkanir eiga að koma yfir landslýð á sama tíma, og yfirskrift fjárlagafrv. núv. hæstv. fjmrh. er: 4.5% kjaraskerðing, engar grunnkaupshækkanir hjá launafólki í ár. (**Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á að nú slær klukkan tólf og ætlunin var að gera hlé á fundi hv. deildar til hálftvö, ef nú stendur þannig á fyrir honum að hann kýs að gera hlé nú á máli sínu eða fljótlega.) Hæstv. forseti. Það er hægt að hætta hvenær sem er. Ég skal hætta strax. (**Forsrh.:** Alveg, já.) Nei, það geri ég ekki fyrir hæstv. forsrh. að hætta alveg. Það skal hann vera viss um, að áfram verður haldið að loknu matarhléi. [Frh.]

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 6. landsk. þm. beindi fsp. til forseta um fundarhald í hv. deild, og fleiri hv. ræðumenn hafa að vísu vikið að því máli. Mér er kunnugt um að það er vilji hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar að bæði dagskrármálin, sem liggja fyrir, fái fullnaðarafgreiðslu á hinu háa Alþingi í dag. Ég vil gera öllum vitanlegt að forseti telur sér skylt að greiða fyrir því, eftir því sem kostur er, að svo megi verða. — [Fundarhlé].

Frsm. 3. minni hl. (Karvel Pálmason) [frh.]: Herra forseti. Hæstv. forseti orðaði það svo, áður en frestað var fundi, að eins og hv. þm. væri alkunna legði hæstv. ríkisstj. á það ofurkapp að afgreiða bæði þau mál sem hér væru á dagskrá. Ég skildi hæstv. forseta svo, að hann teldi ástæðu til að hann legði sig í líma til að framkvæma þá sérstöku ósk hæstv. ríkisstj. Heldur fannst mér þetta í véfréttastíl af hálfu hæstv. forseta, og vildi ég gjarnan endurtaka þá spurningu til hæstv. forseta, sem ég vona að hann svari þá á eftir, hvort hann hyggst verða við þeirri beiðni hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar að halda hér fund á morgun, þ. e. á skírdag, sem ég teldi vera helgispjöll. Ég æski þess að hæstv. forseti gefi nánari skýringar á áformum sínum um hvað hann hyggst fyrir í þessu efni. (**Sjútvrh.:** Skírdagur hefst ekki fyrr en á miðnætti.) Það mun fleiri en hæstv. ráðh. vera kunnugt um hvenær skírdagur hefst. Þetta var ekki spurning um það. Ég sagði á skírdag. Hæstv. ráðh. er það væntanlega ljóst. — En sé það hins vegar orðið stefnumál Framsfl. að hér beri að haldi þingfundi jafnvel á helgum dögum til að koma fram málum sem hæstv. ríkisstj. hefur fyrst og fremst áhuga á, þó að það séu í mörgum tilfellum óþurftarmál, er það ný vitneskja, að ég hygg. En kannske ætlar hin nýja forusta Framsfl. að hafa þetta á oddinum. (**Sjútvrh:** Nei, nema á laugardaginn.) Hæstv. ráðh. hefði átt að vera hér á virkum dögum þegar þingfundir hafa verið haldnir, en ekki að vera að pressa á að þeir væru endilega á helgidögum. Og það nær kannske til fleiri hæstv. ráðh. en sjútvrh. Þeir ættu frekar að vera hér á venjulegum fundartíma á þingfundum á virkum dögum en að vera að pressa á að þingfundir séu haldnir á helgidögum. (Gripið fram í.) Væntanlega kæmu þeir ekkert frekar á helgidögum en virka daga — eða kannske það sé orðið öfugt: Þeir muni frekar vilja vera hér þá.

Þá er líklega rétt að fara að snúa sér að dagskrármálinu, sem hér er til umræðu, eða efnisatriðum þess. Að vísu er rétt að bæta nokkrum orðum við út af því, sem ég sagði áðan um vinnubrögð á Alþ., og því, að hv. þm. stjórnarliðsins hafa beint að stjórnarandstöðunni að hún bæri ábyrgð á því, ef þetta mál yrði ekki afgreitt fyrir páskaleyfi. Rétt er að ítreka það, sem

hér hefur raunar komið fram áður: Var það stjórnarandstöðunni að kenna að hér var frestað þrívegis í gær fundi í Sþ. þegar átti að byrja 3. umr. fjárlaga? Var það stjórnarandstöðunni að kenna? Hverjum var það að kenna? Ætli það hafi ekki verið fyrst og fremst að kenna stjórnendum þingsins, sem eru hæstv. ríkisstj. og að sjálfsögðu hæstv. forsetar, að svo miklu leyti sem þeir vilja taka tillit til óska eða krafna hæstv. ráðh.? Ég hygg að það sé ekki með neinum sanni hægt að ásaka stjórnarandstöðuna um að hér var þriggja tíma fundarhlé í gær án þess að nokkuð væri gert. Það hefði hugsanlega gefist tími til að ræða þetta mál á slíkum tíma.

Hér er nú til umr. það frv., sem lagt var fram á mánudaginn, um 2% hækkun á söluskatti, sem hæstv. ríkisstj. virðist ætla að nota sem tekjulind til að ná í a. m. k. 4—5 milljarða á þessu ári til að nota í annað en haft er að yfirvarpi við flutning frv. Frv. er nú með brtt., sem flutt er við þessa umr., komið í það að vera 1.5% hækkun á söluskatti. Nú vil ég, áður en lengra er haldið, taka það fram, að ég hygg að allir hv. alþm. séu um það sammála að veita þurfi fé til að jafna þann gífurlega mismun sem er á upphitunarkostnaði meðal landsmanna. Um hitt greinir menn á, hvaða leiðir skuli fara að því marki. Hæstv. ríkisstj. leggur til, að söluskattur verði hækkaður um 2%, sem þýðir að það á að skattleggja landsmenn um 11 milljarða miðað við heilt ár umfram það sem nú er lagt á í söluskatti. Af þessum 11 milljörðum ætlar hæstv. ríkisstj. allra náðarsamlegast að láta 4 milljarða til þess verkefnis sem hér er verið að tala um. Hitt á að fara í ríkishítina. Hér er því um það að ræða að hæstv. ríkisstj. notar sér það neyðarástand, sem í þessum málum ríkir úti á landsbyggðinni, til að ná í stórkostlega aukna fjármuni í gegnum söluskattinn til að eyða, en ekki til að jafna þann gífurlega aðstöðumun sem í upphitunarkostnaðinum er. Hér er því um að ræða frv. frá hæstv. ríkisstj. um 2% hækkun á söluskatti.

Nú ber að athuga að fyrrv. hæstv. fjmrh., Tómas Árnason núv. viðskrh., lagði fram á Alþ. frv. til fjárlaga á s. l. hausti. Í því frv. voru, ef ég man rétt, 2.3 milljarðar sem áttu að fara í niðurgreiðslu á olíu vegna þess munar og þeirra byrða sem fólkið, sem á olíusvæðunum býr, verður við að búa. Þetta var líka innifalið í frv. Sighvats Björgvinssonar, hæstv. fjmrh. Alþfl.-stjórnarinnar. Þar voru líka 2.3 milljarðar ætlaðir til þessa. En svo bregður við að þegar frv. hæstv. núv. fjmrh., fulltrúa — að eigin mati — þeirra sem verst eru settir, fulltrúa öreiganna, eins og þeir orða það oft svo Alþb.-menn, er lagt fram á ekki að verja einum einasta eyri í olíustyrki. Samkv. því fjárlagafrv., sem hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds lagði fram, á ekki að verja einum eyri til að jafna þann mun sem hér er um að ræða. Þessa 2.3 milljarða tekur því hæstv. fjmrh. Alþb. í aðra eyðslu. Og eins og lýsir sér í frv. ætlar hann að nota tækifærið — ég vona að honum takist það ekki — til að skattleggja almenning langt umfram það sem hann ætlar að skila aftur í niðurgreiðslu á olíu.

Það er athyglisvert, að það skuli vera Alþb.-maður, hæstv. fjmrh., sem með þessum hætti stendur að máli. Það er ekki síst athyglisvert í ljósi þess að sá hinn sami hæstv. ráðh., eins og ég vék að áðan, lýsir því yfir í fjárlagafrv. að það skuli verða 4.5% kjaraskerðing á yfirstandandi ári og að það skuli engin grunnkaupshækkun eiga sér stað til launafólks í landinu á yfirstandandi ári. Eru ekki þessar yfirlýsingar alveg samhljóða því sem frambjóðendur Alþb. boðuðu í kosningunum í des. s. l.? Er þetta ekki samhljóða því sem þá var sagt? Ætli það muni ekki fleiri hv. þm. en ég hinar fjálglegu yfirlýsingar frambjóðenda Alþb. um að það kæmi ekki til mála að skerða almennar launatekjur fólks í landinu? Jú, ég hygg að margir muni eftir þeim yfirlýsingum frá s. l. hausti úr munni hv. þm. og frambjóðenda Alþb. En það hefur farið svo í þetta skipti, eins og raunar oft áður, að orð eru annað en efndir. Breytingin kemur mér ekki á óvart frá orðum frambjóðenda Alþb. til gjörðanna nú, en kannske kemur það einhverju launafólki á óvart hver breyting er hér og hvaða svik er hér verið að framkvæma miðað við það sem lofað var á s. l. hausti.

Ég tek það enn fram, sem raunar þarf ekki að gera, það er öllum ljóst, að það er enginn ágreiningur um að leggja beri fram fjármagn til að jafna þann aðstöðumun sem hér er um að ræða. En menn greinir á um leiðir. Alþfl. lagði fram við 2. umr. fjárlagafrv. tillögur um að mæta þessum vanda innan ramma fjárlagagerðarinnar án þess að auka nokkuð skatta á landsmönnum til þess að svo gæti orðið. Þessu var hafnað af stjórnarliðum á Alþ. Þeir höfnuðu því að fara þá leið, sem Alþfl. vildi, að mæta þessum vanda verði mætt með tiltölulega litlum sparnaði í ríkisríkiskerfinu sjálfu og fría þannig landsmenn við stórkostlega aukna skatta vegna þessa vanda. Þessu var hafnað við 2. umr. fjárlaga. Alþfl. flytur enn við 3. umr. fjárlaga tillögur í samræmi við þá afstöðu sína að þessum vanda verði mætti með tiltölulega litlum sparnaði í ríkiskerfinu og samdrætti, en að sleppa launþegum og almenningi í landinu við stóraukna skatta til viðbótar því sem hæstv. ríkisstj. hefur komið í framkvæmd á þeim tíma sem hún hefur setið að völdum.

Eins og fram hefur komið hér áður, mættu á fundi hjá fjh.- og viðskn. fulltrúar bæði frá Alþýðusambandi Íslands og BSRB að ósk nm., svo að kæmu fram viðhorf fulltrúa launþegasamtakanna til þessa máls. Það hefur margoft verið um það rætt hér áður í umr., ekki einvörðungu um þetta mál, heldur og um önnur mál, að í gildi eru lög sem leggja þá skyldu á herðar stjórnvöldum að þau hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins, við fulltrúa launþegahreyfingarinnar í landinu um hvernig haga eigi stefnunni í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þetta er lagaskylda um samráð við forsvarsmenn hreyfinga launamanna um hvernig stjórnvöld á hverjum tíma hyggist haga framkvæmd efnahagsmála. Um þetta er sérstök reglugerð til, um samráð við launþegahreyfinguna í landinu. — Og í salinn gengur nú hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, sem ég hygg að sé einn af þeim sem gengu frá eða a. m. k. lýstu stuðningi við þessa samráðsreglugerð við aðila vinnumarkaðarins af hálfu stjórnvalda. Ég hygg ég fari ekki með rangt mál er ég segi að hann hafi átt talsverðan hlut að máli við þá reglugerðarsmíð. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Að sjálfsögðu er það rétt. Ræðumaður fer yfirleitt með rétt mál.

Um þetta hefur verið talsvert mikið rætt í þingingu á undanförnum vikum og á það deilt, að það er brot á landslögum af hálfu núv. hæstv. ríkisstj. og hverrar þeirrar stjórnar, sem hagar sér eins og hún, uppfylli hún ekki ákvæði laga og reglugerðar um samráð við launþegahreyfinguna í landinu, eins og t. d. í málum eins og hér er verið að ræða.

Það hefur verið vikið að þeim áður, og prentaðar eru sem fskj. með nál. 2. og 3. minni hl. ályktanir sem gerðar

voru af hálfu Alþýðusambands Íslands og BSRB um þessi mál einmitt í gær. Fulltrúar Alþýðusambandsins og BSRB voru sérstaklega spurðir hvort haft hefði verið samráð við ASÍ og BSRB af hálfu hæstv. ríkisstj. um þá skatthækkun sem hér er lagt til að verði. Og hvert var svarið? Hvað skyldi svarið hafa verið? Því var fljótsvarað af þeirra hálfu, að ekkert samráð á neinu stigi máls hefði verið haft við fulltrúa þessara launþegahreyfinga varðandi þetta mál né önnur þau mál sem hér hafa verið til umr. eða afgreidd og í sér fela stórkostlega aukna skatta. Að vísu sagði starfandi forseti Alþýðusambands Íslands að sér hefði verið tilkynnt um þetta eftir að hæstv. ríkisstj. hefði verið búin að ganga frá málinu. Ég hygg að þetta sé rétt.

Í áframhaldi af þessu langar mig til að spyrja hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson sem form. Verkamannasambands Íslands — þess sambands sem hefur innan sinna vébanda nafninu samkvæmt verst setta og lægst launaða fólkið í landinu: Var haft samráð við fulltrúa eða forsvarsmenn Verkamannasambands Íslands um þetta mál af hálfu hæstv. ríkisstj.? (**GJG:** Ég get svarað þessu strax.) Mín vegna. Ég þykist vita hvert svarið er. (**GJG:** Nei.) Er svarið nei? Já, ég þóttist vita það. (**Gripið fram í:** En við hv. þm. sjálfan?) Það er svo annað mál, sem kannske er rétt að víkja aðeins að, hvort hafi verið haft samband við hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson sjálfan, eins og menn orða það. (**HBl:** Heldurðu að það hafi verið gert?) Er verið að spyrja mig? Ég er ekkert viss um að að fyrra bragði hafi verið leitað þessa samráðs af hálfu forustuliðs Alþb. í hæstv. ríkisstj., en ég skal þó ekki fortaka það. Hitt þykist ég vita af kynnum mínum við hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, að hann gengur nauðugur til þess leiks sem hér er verið að leika, að ætla að hækka um 1.5% söluskatt í landinu sem verkalýðshreyfingin alfarið og um langt árabil hefur harðlega mótmælt, ekki síst fulltrúar láglaunamanna innan hreyfingarinnar. Og ég þykist vita að hv. þm. yrði það ekkert leitt þó að drægist að afgreiða þetta frv. frá Alþ. Ég þykist vita að það sé mjög á móti sannfæringu hans að stuðla að því að þetta mál nái fram að ganga. Hvað svo kann að verða endanlega við afgreiðslu málsins eiga menn eftir að sjá.

En þetta er aðeins eitt dæmið um það, að hvað viðkemur fögrum fyrirheitum og fögrum loforðum er ekki betur við þau staðið en hér hefur verið rakið og raunar rakið af miklu fleiri en mér.

Ég er nærri því viss um að hefði hæstv. ríkisstj. borið gæfu til að taka upp samráð við launþegahreyfinguna í landinu um það, með hvaða hætti hún teldi eðlilegast og æskilegast að ráðast gegn þessum vanda, þá hygg ég að það hefði fengist samkomulag við hreyfinguna. Ég vil a. m. k. trúa því og hef ekki ástæðu til annars, að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í landinu geri sér ljóst að það verður ekki búið við þennan ójöfnuð lengur og það verður að lagfæra hann. En menn greinir á um leiðir að því marki.

Það mun reyna á það við atkvgr. í Sþ. á eftir hvort enn á að hafna þeirri leið sem lagt hefur verið til að farin væri til að jafna aðstöðumun í orkuneyslu með því að gera það innan ramma fjárlaganna án þess að auka skattheimtu í landinu. Um þetta eru gerðar tillögur bæði af hálfu Alþfl. og Sjálfstfl. við 3. umr. fjárlaganna sem atkvgr. fer fram um hér á eftir. Og það verður vissulega forvitnilegt að fylgjast með því, hvaða afstöðu hv. þm. eins og t. d. Guðmundur J. Guðmundsson og Guðrún Helgadóttir, fulltrúar launþega taka. (**ÓRG:** Launafólks.) Launafólks, segir farandverkamaðurinn eða fulltrúi þeirra. Það skiptir mig engu máli hvort það er launþega eða launafólks. Það er í mínum munni sama merking í þeim orðum. En það verður fróðlegt að fylgjast með því, hvaða afstöðu þessir tveir hv. þm., fulltrúar launafólks, við skulum hafa orðrétt eftir formanni þingflokks Alþb., hafa, hvort þeir kjósa fremur að stórauka skattheimtu á launafólki, svo við höfum nú rétt orðalag, langt umfram það sem þarf til þess að mæta þeim vanda sem hér er verið að tala um, eða hvort þessir fulltrúar á Alþ. vilja heldur fara þá leið, sem Alþfl. hefur lagt til, að draga örlítið úr umsvifum ríkisins, draga úr ríkisútgjöldunum til að brúa þetta bil. (Gripið fram í.) Alls ekki, segir hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Hún vill alls ekki draga úr. Hún ætlast til þess að allir aðrir en ríkissjóðshítin dragi úr og spari, en það má ekki koma nálægt því að spara þegar núv. hæstv. ríkisstj. situr að völdum, sem hefur þó yfirskrift að nú beri að gæta sérstaks aðhalds í ríkisrekstrinum — ég held að ég muni það rétt að þetta er í stjórnarsáttmálanum. (**HBl:** Gleymdu ekki borginni.) Ég ætlaði helst ekki að fara inn á þau mál hér, en kannske gefst tími og tækifæri til þess. Það er af nógu að taka í sambandi við þetta mál.

Ég er alveg viss um að það verður eftir því tekið af launafólki víðs vegar um landið, ef það fer svo, mót minni von, að það verði fellt á Alþ. að mæta þessum umtalaða vanda án þess að efna til stórkostlegrar nýrrar skattheimtu, en farið í kjölfar þess, sem hæstv. ríkisstj. leggur til, og skattheimta stóraukin á launafólki almennt til að ná fjármagni og langt umfram það sem þarf til olíuniðurgreiðslunnar.

Mig langar í framhaldi af þessu til að spyrja t. d. hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson og Guðrúnu Helgadóttur hvort það hefði nægt til að mæta því, sem ríkisstj. ætlar að gera í þessu máli, að leggja á 1% til viðbótar því sem er. Telur ekki hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, form. Verkamannasambandsins, að miðað við þær hugmyndir, sem hæstv. ríkisstj. hefur um að minnka þennan mun, hefði nægt að hækka söluskattinn um 1%? Ég heyri að eitthvað stendur í hv. þm. Ekki býðst hann til að svara strax núna eins og áðan. En vonandi kemur svarið þó síðar verði. (**HBl:** Þú getur farið á þingflokksfundinn hjá Alþb. á eftir.) Ég er að geta mér þess til af minni góðvild í garð hv. þm., að hann telji að til þess að gera það sem hæstv. ríkisstj. ætlar að gera í málinu nægi að hækka þetta um 1%. (Gripið fram í.) Ég vildi biðja hæstv. forseta sem siðameistara þingsins að siða starfsmenn sína. Það má grípa fram í, en menn eiga að vera kurteisir þó að skapið sé heitt niðri fyrir. — Ég heyri að það ætlar ekkert svar að koma strax við þessu. (**Forseti:** Það er alls ekki leyfilegt að menn kveðist á hérna í salnum.) Það hefur ekki alltaf verið spurt um hvað leyfilegt er, hæstv. forseti, ekki forseti sjálfur heldur. En ég bíð rólegur varðandi þetta.

Eins og fram kemur á nál. 3 minni hl. fjh.- og viðskn. er ljóst að Alþfl. er andvígur þeirri skattheimtu, sem hér er lagt til að framkvæmd verði, og hefur beitt sér fyrir og flutt tillögur um að farnar verði aðrar leiðir án þess að íþyngja launþegum eða skattborgurum meira en þegar er orðið. Og það er hörmulegt til þess að vita, að núv. hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðar skuli ætla að notfæra sér það neyðarástand, sem nú ríkir á olíuhitunarsvæðunum, til

að skattpína launafólk í landinu langt umfram það sem þarf til að mæta vandanum, miðað við það sem hugmyndir ríkisstj. eru. Langt umfram það á að skattpína launafólk í landinu og að því standa fulltrúar öreiganna í landinu. Ég hefði kosið hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni annað hlutskipti en það, ef hann verður til þess neyddur. Ég veit að ef hann samþ. frv. verður hann neyddur til að greiða atkv. með því. Ég hefði kosið honum annað hlutskipti og betra.

Það hefur margt komið fram í þessum umr., þótt ekki séu þær langr enn, miðað við það sem þær kunna að verða ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda uppi þeim þvergirðingshætti að stilla stjórnarandstæðingum upp við vegg í þessu máli. Það er þó ástæða til að ítreka það við hæstv. forsrh. Það þýðir ekkert að tala um þetta við hæstv. fjmrh., hann er eins og þverdrumbur í þessu máli, eins og því miður virðist vera raunin með a. m. k. tvo hæstv. ráðh. Alþb., hæstv. fjmrh. og félmrh., að þeim málum, sem þessir hæstv. ráðh. eru með á dagskrá þingsins, koma þeir yfirleitt í hnút vegna þvergirðingsháttar í garð þm. almennt. (Gripið fram í.) Hæstv. landbrh. er sómamaður. (Gripið fram í.) Já, þeir finna hann svo sannarlega þar. En það er vissulega ástæða til að ítreka þá við hæstv. forsrh., hvort ekki sé hyggilegra, miðað við allar kringumstæður, að þessari umr. verði frestað og menn fái að skoða málið ofan í kjölinn. Hverju breytir það, ef á annað borð er búið að handjárna allt stjórnarliðið til þess að fylgja þessu máli, þó að skattborgarar landsins, launþegar og aðrir, sleppi við þessa skattpíningu í eina viku í viðbót? Er það alveg knýjandi nauðsyn, komið undir páskahelgi, og ræður það úrslitum að hægt verði að skattpína þetta fólk einni vikunni lengur en skemur? Er það það sem málið snýst um? Mér sýnist það vera. Ég veit að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson tekur í framrétta hönd mína í þeim efnum að sleppa þó láglaunafólkinu í eina vikuna í viðbót við að borga syndaregistur hæstv. ríkisstj. Ég veit að hv. þm. Guðrún Helgadóttir gerir það líka, þó að ég þekki þann hv. þm. minna.

En ef svo fer að hæstv. ríkisstj. ætlar að halda sig við að knýja þetta mál í gegn með fundarhöldum um páskahelgina, öðruvísi verður það ekki gert, er ljóst að gæfuleysi hæstv. ríkisstj. er miklu meira en ég þó taldi vera. (**GHelg:** Þm. er búinn að tala svona lengi.) Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði að ég væri búinn að tala mikið. Ég get talað miklu lengur. Ef hv. stjórnarliðar ætla sér að knýja þetta mál í gegn er ekkert vandamál að tala við þá fram yfir páskahelgi. Hins vegar vil ég í lengstu lög afbiðja mig því að þurfa að standa í streði við þá hv. þm., semherja á mörgum sviðum, yfir helgidagana, til að fría launafólk við syndaregistri þeirra með dyggum stuðningi við hæstv. ríkisstj.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði áðan, að í Dagsbrún og í frystihúsunum væri enginn helgidagur. Það má rétt vera. En við eigum að vinna að því að verkafólk fái frí þessa daga. Og við eigum að vera fyrirmyndin að því. Alþ. á að ganga á undan með góðu fordæmi og sýna fram á að við virðum helgina sem fram undan er, en óskum þess ekki eindregið, eins og einn hv. þm. Framsfl. gerði áðan, að það verði fundir á skírdag, líklega þá á föstudaginn langa líka, ef málið verður ekki búið, en þá eru hvorki Dagsbrúnarfundir eða unnið í frystihúsum. Það þykist ég vita. (Gripið fram í.) Það er rétt, eins og allt sem ég hef sagt hér er rétt. Þetta er ekki það fyrsta sem hv. þm. tekur undir og segir að sé rétt. Ég veit að hann er innilega sammála mér um það sem ég hef verið að segja. Hafi hann aðra afstöðu í málinu, komi það í ljós, er það vegna einhvers annars en þess, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi ekki sannfæringu til þess að vera mér sammála í þessu máli. Það fullyrði ég.

Af því, sem ég hef sagt, er ljóst að Alþfl. hafnar alfarið þeirri leið sem hér er lagt til að farin verði til aukinnar skattpíningar launafólks í landinu. Alþfl. tekur undir þau viðhorf Alþýðusambandsins, BSRB og ég vænti Verkamannasambands Íslands, að þessi fyrirhugaða skattheimta hæstv. ríkisstj. er með þeim hætti að ekki verður hjá því komist, bæði fyrir þessar hreyfingar og fyrir þá aðila sem kenna sig við verkalýðshreyfingu í landinu, að snúast hart gegn. En ég ítreka það enn einu sinni, að það er enginn ágreiningur um að veita þurfi fjármagn til þessa verkefnis. Það er ljóst. Við Alþfl.-menn viljum gera það án þess að leggja á fólk nýja skatta. Við viljum gera það innan ramma fjárlagafrv. eða fjárlaganna með smávegis sparnaði og aðhaldi, en fulltrúar hæstv. ríkisstj. vilja stórauka skattheimtu til þess að af þessu geti orðið. Þar skilja leiðir. Og mér finnst satt að segja — ég verð að viðurkenna það — hryggilegt ef það á eftir að koma í ljós við afgreiðslu þessa máls í þinginu að fulltrúar launafólksins í landinu ætla sér að stuðla að því að þetta frv. nái fram að ganga á Alþ. Ef þeir vilja það heldur en taka saman höndum við okkur hina, sem viljum leysa málið án nýrrar skattheimtu, er eitthvað öðruvísi en það á að vera eftir að fulltrúar launafólks eru sestir á þingbekki. Þá hafa þeir aðrar skoðanir en þeir hafa haft í baráttunni innan hreyfingarinnar sjálfrar. En það verður þá að koma í ljós.

Þess verður beðið og eftir því verður tekið hvort þessir einstaklingar úr forustusveit launþegahreyfingarinnar í landinu, og þá ekki síst þeirra lægst launuðu og verst settu, ætla að vera í fylkingarbrjósti fyrir því að skattpína launafólk með þessum hætti langt umfram það sem þörf er til að sinna því verkefni sem hér er verið að tala um. Þá liggja aðrar hvatir að baki en góður hugur eða það sjónarmið að fylgja fram því sem umbjóðendur þeirra hafa falið þeim í þingmennsku. Þetta á allt eftir að koma í ljós.

Ég skal ekki, herra forseti, að sinni hafa orð mín öllu fleiri. En ég vænti þess, að hæstv. forseti svari öllu skýrar þeirri spurningu, sem ég beindi til hans fyrr, hvort hann ætlar að verða við kröfu fulltrúa Framsfl. um að þingfundur verði hér yfir páskahelginga.

Ég segi svo það að lokum að þessu sinni, að Alþfl. leggur til að þetta frv., eins og það er nú, verði fellt. Til þess er tækifæri. Í stað þess verði farin sú leið, sem Alþfl. lagði til við 2. umr. og tekur upp í lítt breyttu formi við 3. umr. fjárl., að málið verði leyst innan fjárlagadæmisins. Það er aðeins hægt ef stjórnarliðið er fáanlegt til að falla frá því að stórhækka skatta til að leysa málið.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 6. landsk. þm. hefur ítrekað varpað fram fsp. til forseta um fundarhald. Ég hygg að það sé misskilningur hans, að hv. 3. þm. Austurl. hafi krafist fundar á morgun eða um páskahelgi, heldur tók ég svo eftir að hann hafi vikið að því, að svo kynni að fara að fundarhald yrði hér á skírdag til þess að þau mál næðu í höfn sem hér eru til umr. Dagur er enn þá hátt á lofti og ástæðulaust fyrir forseta að taka neina afstöðu til þess enn sem komið er hvernig hagað verður fundarhaldinu. Það mun verða gert síðar og hv. þdm.

tilkynnt um það jafnóðum. Nú eftir 12 mínútur eða svo er ákveðið að fresta fundi vegna þingflokksfundahalds, síðan hefst fundur í Sþ. kl. 3 og líklega lýkur honum ekki fyrr en um kl. 4. Þá er svo, að ef þingflokkar hyggjast notfæra sér hina föstu fundartíma miðvikudaga verður auðvitað ekki við því spornað, en farið fram á, ef svo skipast mál, að það verði þá stytt mjög til þess að hv. d. gefist kostur á að sinna áfram störfum sínum.

Til máls tekur hv. 7. landsk. þm., en ég minni hann á að hafi hann eigi lokið af ræðu sinni fyrir hálfþrjú, þá mun ég trufla þulu hans.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er svona eftir öðru með hvílíkum hætti þetta mál hefur verið rakið. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að frsm. — ég veit ekki hvort á að kalla það 1. minni hl. — fjh.- og viðskn. fór með fleipur hér áðan, var með óviðurkvæmileg ummæli í garð þn.-bræðra sinna og svigurmæli. Mér þykir að vísu hálfóviðkunnanlegt að hann skuli ekki vera viðstaddur þegar honum er svarað, en hins vegar eftir öðru að sá háttur skuli vera á hafður í þessu þinghaldi, að ekki sé hægt að koma við eðlilegum aths. og leiðréttingum við þá menn, sem þykjast hafa það í hendi sér að þetta þinghald standi yfir hátíðisdagana. En það, sem þessi hv. þm. gaf í skyn og talaði um með miklum ábyrgðarþunga, var að það væri eitthvað einsdæmi — ég sé að hann er kominn, hv. þm., — það væri eitthvert einsdæmi í þingsögunni þótt Alþ. tæki sér tíma til þess að athuga skattaálögur eins og þær sem hér eru til umr. Það er alger misskilningur hjá hv. þm., eins og glöggt kemur í ljós þegar þessi saga er rakin. Og þá mun það einnig koma í ljós, sem þessi hv. þm. ætti einnig að vita, að einmitt með því að fresta því, að ríkisstj. komi fram skattaálögum sem þessum, hefur hvað eftir annað tekist að fá þær lækkaðar í meðförum þingsins, jafnvel allt fram á síðasta dag, jafnvel í síðari þd., vegna þess að þm. hafa þá fundið þann andbyr, sem þessar ráðstafanir ríkisstj. mæta, og gert sér grein fyrir því, að með nýrri skattlagningu af þessu tagi eru þeir að fara ofan í vasa skattborgaranna með þeim hætti sem almenningur í landinu kann ekki við og allra síst á tímum eins og núna, þegar kaupmátturinn fer ört minnkandi og ríkisvaldið hefur úti öll spjót til þess að níðast enn meira en ella á lítilmagnanum, svo að ég fullyrði að þess eru engin dæmi í þingsögunni, að ríkisstj. hafi á jafnskömmum tíma og nú sýnt með jafnmargvíslegum og fjölbreytilegum hætti fjandskap sinn við launafólkið í landinu.

Ég vil minna á það, að hinn 1. apríl árið 1960 lagði hæstv. núv. forsrh. á 3% söluskatt, — hinn 1. apríl árið 1960. Sú löggjöf var mjög vel undirbúin og fór ekki leynt. Sérstök nefnd var skipuð í málið og engin ummæli þá höfð um það, þegar það frv. kom fram, að það yrði afgreitt á einum degi í gegnum þingið, eins og nú er krafist. Næst gerist það, að þessi sami maður — þá fjmrh. enn þá — hækkar söluskattinn 1. febr. 1964 upp í 5.5%. Hækkunin var í tengslum við ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Málinu var útbýtt á fundi Nd. 23. jan. og samþ. á fundi viku síðar. Þá fékk Alþingi m. ö. o. heila viku til þess að fjalla um málið, og þótti eðlilegt og sjálfsagt á þeim tíma, jafnvel þótt þá væri gert ráð fyrir því að hækka söluskattinn úr 3% í 5.5%, sem er enn hærra hlutfall en nú er og nær tvöfalt meiri hækkun söluskattsins en hér er um að ræða, þar sem talað er um 1.5%. Hinn 1. jan. 1965 hækkar söluskatturinn enn og að þessu sinni upp í 7.5%. Frv. um þá hækkun var lagt fram á Alþ. 15. des. 1964, og ef þingtíðindi eru lesin kemur í ljós að Framsfl. sennilega — eða a. m. k. stjórnarandstaðan óskaði eftir útvarpsumr. um málið sem fram fóru sex dögum síðar eða 21. des. Ef þetta er haft í huga þarf ekki að lýsa því ábyrgðarleysi sem flokksbræður hv. 3. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, hafa sýnt með þessu tiltæki sínu, að ætlast til að þetta mál fáist ítarlega rætt á Alþ. í tengslum við fjárl. Það kom aldrei til greina að þetta mál yrði sýnt á mánudegi og síðan gusað út úr þinginu tveim dögum síðar án þess að það fengist tekið upp og rætt í tengslum við fjáröflunarleiðir ríkissjóðs í heild, eins og eðlilegt hlýtur að teljast. En það er eftirtektarvert, að í þetta skipti voru lögin gefin út 24. des. eða á aðfangadag, en það mátti heyra á þessum þm. í dag, þegar hann talaði um að þinghaldið ætti að halda áfram núna á skírdegi, að hann óskaði sér þess helst að þessi söluskattshækkun yrði undirskrifuð á föstudaginn langa, og mun hann þá hafa í huga að hátíð sé til heilla best.

Hv. 9. þm. Reykv. segir svo í ljóðinu Kveðja:

Við dauðlegir menn
eigum líf
sem við árangurslaust gróðursetjum
í eyðimörkum vona okkar.

Í samfélagi þar sem vinir hata
eða óvinir skilja
þar lifnar ást okkar
og deyr.

Þar kveðjast vinir
og hlátur og söknuður
heyja hæglátt stríð:
Partir c'est mourir un peu.

Á stundum eru langir föstudagar
en engir páskar.

Og það er einmitt þetta, sem verið er að boða hér, að föstudagurinn langi haldi áfram, í líkingum talað, það verði ekki aftur bjart fljótt á eftir og minnir á vísu úr Krukkspá:

Er frægðarþjóðin fjálga
festir sig upp í gálga,
veit heimurinn hálfur
fyrr en haninn sjálfur,
hverjum er verið að sálga.

Mun svo vera, að eins og komið er nú meiri hl. hér á Alþ. og þeirri ríkisstj., sem kaus að bjarga sæmd þess, þá sé sú þjóð, sem henni treystir til þess að hækka ekki skattana og reyna að bæta heldur lífskjörin í landinu, komin langt með að sálga öllu framtaki hér, þannig að fram undan verði daprir dagar, langur föstudagur og lítil upprisuhátíð.

Hinn 1. mars 1970 var söluskatturinn hækkaður upp í 11%. Frv. um það var útbýtt 11. des. 1. mars 1973 var lagt á sérstakt viðlagagjald, 7. febr. var það frv. lagt fram. 25. mars 1974 var söluskatturinn enn hækkaður, svokallaður söluskattsauki upp fundinn, 4%, þannig að söluskattur 11%, viðlagasjóðsgjald 1%, olíugjald 1% og 4% söluskattsauki voru samtals 17%. Þessu var útbýtt 6. mars. Ég minnist þess sérstaklega í þessu sambandi, að í

þessu frv. hugðist þáv. vinstri stjórn hafa söluskattsviðaukann hærri, ég man ekki hvort það voru 5 eða 6%, en í meðförum þingsins og þegar þm. fengu þrýstinginn að heiman, fundu andstöðuna frá fólkinu í landinu og fundu að þeir voru að tapa fylgi, þá reyndu þeir þó að bjarga því sem bjargað yrði með því að gefa eftir, eins og hæstv. núv. ríkisstj. hefur gefið eftir og hrokkið úr 2% niður í 1.5%.

Söluskatturinn er hækkaður 1. okt. 1974 með brbl. Söluskatturinn er hækkaður 1. mars 1975, og raunar ekki söluskatturinn, heldur er viðlagasjóðsgjaldið þá hækkað upp í 2%. Þetta mál gengur fljótt í gegnum þingið vegna þess að þar var um ráðstafanir að ræða vegna snjóflóðanna á Norðfirði og kemur þessu máli ekki við og er ekki um eiginlega söluskattshækkun að ræða. Síðan hefur söluskatturinn ekki verið hækkaður fyrr en 15. sept. 1979, þegar hann var með brbl. hækkaður upp í 22%.

Eins og af þessu sést er það alger misskilningur og beinlínis rangt hjá hv. þm., að það sé eitthvert einsdæmi, að það sé eitthvað óeðlilegt, að Alþ. óski eftir því að fá að ræða ítarlega um þá söluskattshækkun, sem fyrir þingið hefur verið lögð. Þvert á móti er það skylda alþm. að fara nákvæmlega ofan í hvert einasta atriði í þessu sambandi og gæta vel að því, hvort ríkisstj. sé ekki á villigötum, hvort það sé t. d. svo, að ekki megi koma fram sparnaði innan ríkiskerfisins í staðinn fyrir að auka skattheimtuna eða hvort — eins og nú sýnist — ríkisstj. sé ekki fullfrek til fjárins og ætli sér um of og hyggist fara dýpra ofan í vasa skattborgaranna en efni standa til. Og ég verð að segja það, að það þætti saga til næsta bæjar, þar sem hér á sæti t. d. maður í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, ef sá hv. alþm. mundi ekki lýsa afstöðu sinni til þessa frv., útskýra fyrir sínum umbjóðendum, bæði kjósendum sínum og umbjóðendum sínum innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hvaða skoðun hann hefur á þeirri samþykkt sem gerð hefur verið í stjórn BSRB í sambandi við ofurskattlagningu ríkisstj., sem bitnar með ofurþunga á launafólki í landinu. Ekki síst vil ég segja það um þá skattlagningu sem hér um ræðir, að það kemur illa við þá mörgu menn innan BSRB sem munu vera skilvísustu skattgreiðendur beinna skatta í landinu, þannig að beinu skattarnir koma þyngra á þá heldur en flesta aðra í þjóðfélaginu, að svo virðist sem þessi stjórnarmaður í BSRB muni nú óhikað og af fúsum og frjálsum vilja vera reiðubúinn til þess að samþykkja þessa skattlagningu ofan á þá knöppu og kröppu skattstiga, sem hæstv. fjmrh. hefur gerst svo djarfur að veifa framan í þjóðina — og leyfir sér að segja um leið að hann ætli að bjarga hinum lægst launuðu. Ég verð að segja það, að ósvífni af þessu tagi á sér varla hliðstæðu í þingsögunni, nema þá með því að koma hingað inn á hið háa Alþingi í skjóli loforða og yfirlýsinga Sjálfstfl. um að berjast ekki aðeins gegn allri frekari skattheimtu, heldur einnig troða öllum sköttum vinstri stjórnarinnar ofan í ruslakörfuna, þar sem þeir eiga þó svo sannarlega heima — og væri í því sambandi líka fróðlegt og skemmtilegt að fá að sjá hvernig hæstv. iðnrh. varði því fé, sem hann fékk á síðasta ári til þess að draga úr orkukostnaði í landinu, til margs konar orkusparandi aðgerða. — [Fundarhlé.]

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það vill þannig til að á miðvikudögum frá kl. 4—6 eru fastir þingflokksfundartímar. Það hefur verið farið fram á að gefið yrði hlé til þingflokksfunda nú. Ég hlýt að fara fram á vegna mikilla anna í hv. d. að hálftími verði látinn nægja til þess ráðslags, og ef enginn mótmælir því skoða ég það samþykkt. (Gripið fram í.) Ég treysti mér ekki til þess að neita formanni þingflokks Alþfl., hv. 3. þm. Vestf., um þetta. Fundi er frestað til kl. 6, en þá verður tekið til við að ræða síðara dagskrármálið á fundi hv. deildar, olíugjald til fiskiskipa, og munu þá frsm. minni og meiri hl. n. mæla fyrir nál. — [Fundarhlé.]

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 254, n. 278). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Á þskj. 278 liggur fyrir nál. frá meiri hl. sjútvn. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa. Það hljóðar svo:

„Nefndin hefur athugað frv. og kvaddi til fundar Jón Sigurðsson forstjóra Þjóðhagsstofnunar og Ingólf Ingólfsson.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 254.

Alþingi, 1. apríl 1980.

Garðar Sigurðsson, Páll Pétursson, Halldór Ásgrímsson, Karvel Pálmason, með fyrirvara."

Eins og menn hafa vafalaust tekið eftir eru mjög skiptar skoðanir um þetta mál. Það urðu miklar umr. hér þegar það var til 1. umr. og menn fundu því margt til foráttu. Að sjálfsögðu orkar olíugjald yfirleitt tvímælis. En afstaða mín er sú, að það sé mikilvægt að koma á fiskverði. Og eins og segir í frétt frá Verðlagsráði sjávarútvegsins er það forsenda þessarar ákvörðunar að lögum nr. 3 frá 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, verði breytt þannig að olíugjald lækki úr 5% í 2.5% af skiptaverði frá og með 1. mars 1980. Ríkisstj. hefur lýst því yfir, að frv. þessa efnis verði lagt fram á Alþ. í dag. Þegar tillit hefur verið tekið til þessarar væntanlegu lagabreytingar má lýsa niðurstöðum fiskverðsmálsins að þessu sinni í meginatriðum á eftirfarandi hátt:

Skiptaverð til sjómanna hækkar um 4%.

Hlutur útgerðar í fiskverði hækkar um 0.6%.

Hráefniskostnaður fiskvinnslunnar hækkar um 1.7%.

Mér sýnist réttmætt að fara þessa leið af ýmsum ástæðum. Dregið hefur verið í efa hér að þetta hefði stoð í lögum. Ekki gerðu nm. í Verðlagsráði það og voru þó sérstaklega eftir því inntir áður en gengið var frá málinu í Verðlagsráði. Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson lét m. a. bóka: „Ég efast ekki um lagalegt gildi þessarar fiskverðsákvörðunar, en tel þó þessa afgreiðslu neyðarúrræði."

Það eru fordæmi fyrir því, að fiskverð hafi verið ákveðið með tveimur atkv. Árið 1963 var verð á karfa ákveðið með tveimur atkv., þrír sátu hjá, og 1974 var með sömu atkvæðatölum ákveðið verð á loðnu.

Hvað varðar afturvirkni þá sem er í þessu frv., ef að lögum verður, þá er afturvirknin leiðinleg aðferð. En því miður hefur iðulega farið svo, að hún hefur verið látin gilda. Fiskverð var t. d. ákveðið í janúarlok í vetur, og það var ákveðinn olíustyrkur þá, ofan í ástand þar sem

enginn styrkur var fyrir. Nú er þetta fiskverð miðað við 1. mars og þá er ekkert óeðlilegt að olíuverðið sé samferða.

Það þurfti að finna milliveg í Verðlagsráði. Sjómenn vildu fá 6.67% hækkun á fiskverði. Fiskvinnslan vildi láta fiskinn lækka um 12%. Niðurstaðan er sem sagt þessi: 4% hækkun til sjómanna. Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram í þessum umr., að kjör sjómanna þurfa að vera góð. Og ég vil gera það að lokaorðum mínum, að ég tel nauðsynlegt að gera vel við sjómenn. Þeirra starf er undirstaða undir því þjóðfélagi sem við lifum í í dag. Það verður ekki of rækilega undirstrikað, að við eigum þeim allt gott upp að unna. En ef við erum að reyna að stemma stigu við verðbólgu, þá verðum við að standa að nokkrum jöfnuði í launamálum, og þar með hygg ég að Verðlagsráðið hafi hitt á lausn sem eðlilegt sé að nái fram að ganga. Ég treysti því, að menn sýni því skilning að við þurfum að fá fiskverð og við komumst ekki af án þess að láta það taka gildi sem allra fyrst. En eins og ég sagði áðan er þessi lagasetning undirstaðan undir því að það geti öðlast gildi.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. meiri hl. sjútvn. þessarar hv. d., var sjútvn. ekki samhljóða í afgreiðslu á þessu frv. sem hér var lagt fram s. l. mánudag til 1. umr. og umr. urðu um. s. l. mánudagskvöld og gengið var til starfa um í sjútvn. beggja d. sameiginlega. Á þann fund komu tveir aðilar, formaður yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins, Jón Sigurðsson forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, og Ingólfur Ingólfsson, fulltrúi sjómanna í Verðlagsráði, formaður Vélstjórafélags Íslands.

Við nm. lögðum allmargar fsp. fyrir þá báða og fulltrúi sjómanna í Verðlagsráði, Ingólfur Ingólfsson, sagði að núv. sjútvrh. hefði ekkert samráð haft við sjómannasamtökin allan þann tíma sem stóð á því að fiskverð yrði ákveðið. Það kom jafnframt fram að það er í fyrsta skipti, þegar jafnerfið staða hefur verið eins og nú við ákvörðun fiskverðs, að sjútvrh. hefur ekki rætt við alla aðila þessa máls. Út af fyrir sig finnst mér það skrýtinn háttur hjá hæstv. núv. sjútvrh. að ræða ekki við fulltrúa launþega í verðlagsráðinu, því að það vissi sjútvrh. og ríkisstj. í heild, að sjómannasamtökin lögðu á það mikla áherslu að fiskverðið hækkaði til samræmis við uppbætur á laun frá 1 mars sem allir aðrir launþegar hafa fengið í þessu þjóðfélagi.

Fulltrúi sjómanna sagði á fundinum að þegar séð var að ekki mundi reynast unnt að ná fram þessari eðlilegu hækkun á fiskverði til sjómanna, þá tók hann þá afstöðu að sitja hjá við afgreiðslu á tillögu oddamanns yfirnefndar um 4% hækkun á fiskverði, til þess að eiga ekki á hættu að afgreiðsla málsins drægist lengur en þegar var orðið. Ef við lítum yfir þetta verðlagstímabil, sem átti að gilda frá 1. jan. til maíloka, þá hefst það á því, að fiskverð er ekki ákveðið fyrr en 23. eða 24. jan. Og vegna þeirra almennu launahækkanna eða uppbóta á laun, sem urðu hjá launþegum í landinu 1. mars. s. l., sögðu sjómenn upp fiskverðinu af þessari ástæðu, eða fulltrúar þeirra, og fiskkaupendur af hinni ástæðunni, hvernig hag fiskvinnslunnar var komið og þá sér í lagi hraðfrystiiðnaðarins. Einn aðili sagði ekki upp fiskverðinu. Það var útgerðin. Það var ljóst, að hagur útgerðar fór versnandi frá áramótum, en útgerðarmenn ætluðu að reyna að þrauka út verðlagstímabilið. Það er svo aftur notað til þess að gera sérstaka árás á útgerðina í landinu með því að lækka olíugjaldið úr 5% í 2.5%.

Ég heyri að sumir stjórnarliðar eru að halda því fram, og aðrir eru að bera hæstv. forsrh. fyrir því, að það sé ekkert fiskverð fyrr en þetta frv. sé orðið að lögum. Þetta er eins og hvert annað kjaftæði út í bláinn. Í frétt frá Verðlagsráði segir: „Það er forsenda þessarar ákvörðunar að lögum nr. 3/1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, verði breytt þannig að olíugjaldið lækki úr 5% í 2.5% af skiptaverði frá og með 1. mars 1980.“ Þetta er forsenda oddamannsins og þess manns sem veitti honum aðstoð til þess að koma fiskverðinu á. „Ríkisstj. hefur lýst því yfir, að frv. þessa efnis verði lagt fram á Alþ. í dag. Þegar tillit hefur verið tekið til þessarar væntanlegu lagabreytingar má lýsa niðurstöðum fiskverðsmálsins að þessu sinni í meginatriðum á eftirfarandi hátt“ — eins og síðar segir. Það hefur alltaf verið tekið gilt í Verðlagsráði, ef ríkisstj. eða stjórnvöld hafa heitið að afgreiða eitthvert mál. Þá hefur ákvörðun Verðlagsráðsins tekið gildi þann sama dag og til var ætlast og ákveðið er, svo að þetta er ekkert annað en útúrsnúningur sem þessir hæstv. ráðh. eru að bera hér á borð. Þetta snertir ekki á nokkurn hátt uppgjör hjá skipum almennt við sjómenn. Olíugjaldið fer fram hjá skiptum, hvort sem það er 5% eða 2.5%. Fiskverðið er ákveðið á hinar einstöku tegundir. Það er reikningur sem útgerðin gerir til þeirra sem fiskinn kaupa. Þeir borga það verð. Það eina, sem má þá deila um á milli útgerðar og fiskkaupenda, er þetta: Á að borga 2.5% olíugjald ofan á fiskverðið eða 5%? Ég skil ekki í því að himinn og jörð farist þó að afgreiðsla þessa máls bíði fram yfir páska. Er ekki fiskveiðibann núna? Er ekki hvíld frá störfum yfirleitt í útgerðinni? Eru ekki skrifstofur yfirleitt lokaðar þessa viku? Uppgjör samkv. þessari ákvörðun Verðlagsráðsins getur farið fram og þetta ákvæði varðar sjómenn ekki neinu, því þeir eiga rétt á sínu. Það er hægt að halda þessu fram við einhverja óvita, en það er ekki hægt að halda því fram við menn sem þekkja þessi mál. Og ég tel mig vera einn af þeim.

Ef við lítum á það sem gerist í Verðlagsráðinu, þá skeður það nú eftir langt árabil að minni hluti yfirnefndar Verðlagsráðsins ákveður hið almenna fiskverð. Þrisvar sinnum, skömmu eftir að verðlagsráðslögin tóku gildi, var gripið til þessa örþrifaráðs, að oddamaðurinn kvað upp einhliða úrskurð um fiskverð. Það var í janúar 1964 sem Hákon heitinn Guðmundsson kvað upp úrskurð einn um almennt fiskverð. Næst var það 1967, mig minnir að það hafi verið í sambandi við síldarverð, sem Bjarni Bragi Jónsson kvað upp einhliða úrskurð. Og 14. febr. 1968 kvað Jónas Haralz upp einhliða úrskurð. Þessir eins manns úrskurðir voru orðnir það illa séðir hjá öllum aðilum sjávarútvegsins, að ef þeim hefði verið beitt oftar hefðu lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins ekki orðið að neinu. Þá hefðu þau verið úr sögunni, og þá væri þetta kerfi ekki til. Það má auðvitað segja: Hvað gerir þá til að þetta kerfi hrynji? En hafa menn eitthvað annað betra að benda á? Ég hef engan heyrt enn sem hefur komið fram með betri tillögu til þess að ákvarða fiskverð heldur en þessa löggjöf, þó að ýmislegt megi út á hana setja.

Í fjögur ár stóð ég oft frammi fyrir svipuðum vanda og hæstv. núv. sjútvrh. og við miklu erfiðari aðstæður, þegar stórfelld lækkun varð á velflestum útflutningsafurðum okkar. Þá var erfiðara að ákvarða fiskverðsbreytingar heldur en nú við nokkurn veginn stöðugt verðlag, þrátt

fyrir tiltölulega litla verðlækkun á tiltölulega litlu magni af heildarútflutningi nú fyrir skömmu. Þá þurfti að beita mikilli vinnu til þess að fá menn til að setjast niður og skilja sjónarmið hver annars og ná meirihlutafylgi við verðlagsákvarðanir.

Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sjútvn. sagði, að það kom til tvisvar sinnum í sögu Verðlagsráðsins að tveir af fimm í yfirnefndinni ákváðu verð á fiski. En í báðum tilfellum var um tiltölulega smávægilega verðlagningu að ræða. Annað þetta fordæmi er frá 1962. Þá var um að ræða að ákveða verð á karfa til bræðslu, sem var samþ. af tveimur mönnum af fimm í Verðlagsráði, en þrír sátu hjá. Í hinu tilfellinu, sem var nokkrum árum síðar, kom líka til að ákveða verð á loðnu til frystingar, sem var gert með atkvæðum tveggja manna, en þrír sátu hjá. Alla tíð síðan hefur verð ekki verið ákvarðað — þegar máli hefur verið vísað til yfirnefndar — nema af meiri hluta yfirnefndar Verðlagsráðs, þannig að í öllum öðrum tilfellum hafa þrír orðið ásáttir um það fiskverð eða verðlag sem ákvörðun hefur verið tekin um hverju sinni. Svo hefur þó nokkuð oft orðið samkomulag milli allra fimm í yfirnefndinni, og einnig og ekki síður hefur það oft verið að tveir hafa greitt atkvæði á móti.

Ég tel — og um það hljóta allir að vera sammála — leiðinlegt þegar á að taka jafnmikilvægar ákvarðanir og um verðlag á sjávarafurðum að ekki fæst meiri hluti og það sé gert með minni hluta atkvæða. Hins vegar dregur enginn í efa lögmæti þessarar fiskverðsákvörðunar, því að þrír af fimm nefndarmönnum í yfirnefnd tóku þátt í atkvæðagreiðslunni, tveir með og einn á móti, svo að þessi ákvörðun Verðlagsráðsins er í fyllsta máta lögmæt.

Þá komum við að hinu sem deilan stendur um. En áður en ég vík að því vil ég almennt segja nokkur orð um hið svokallaða olíugjald eða tímabundna olíugjald, eins og svo margir skattar í okkar landi eru kallaðir þó þeir verði í reynd til langframa.

Ég er ekki neinn sérstakur talsmaður þess að leggja á olíugjald og því síður hef ég verið ánægður með hvernig þessu olíugjaldi hefur verið ráðstafað almennt til skipa. Það geta verið um það skiptar skoðanir, og það er engin skoðun sem ber svo af annarri að hún sé algerlega fullkomin í sambandi við skiptingu á slíku gjaldi. Hins vegar eru kostir hinna ýmsu leiða mismunandi og mismunandi góðir. En fullkomið réttlæti fæst sennilega aldrei í sambandi við skiptingu á þessu olíugjaldi.

En það sem gerðist hér á hæstv. Alþ. var það, að vinstri stjórnin sálaða tók upp olíugjaldið á árinu 1979, þá um vorið. Í marsmánuði í fyrra kostaði gasolíulítirinn 68,90 kr. Og olían hélt áfram að hækka. Eftir að Alþ. lauk störfum um vorið gaf þáv. hæstv. ríkisstj. út brtt. til þess að hækka enn prósentuna í olíugjaldi til fiskiskipanna. Þessi brbl. komu til umr. hér á þingi strax í haust, en þá stóð þinghald ekki lengi og engin mál afgreidd, svo að þessi brbl komu til staðfestingar á þinginu í desember, eftir kosningar, og voru lögð fram af þáv. ríkisstj., minnihlutastjórn Alþfl., sem leitaði samráðs við þm. úr öllum flokkum til að afgreiða og staðfesta þessi brbl. En þessi lög áttu að renna út og runnu út 31. des. 1979. Þá var sjáanlegt við fiskverðsákvörðun og viðræður allar í janúarmánuði að ekki væri hægt að hverfa frá olíugjaldinu, því að það mundi hafa svo geigvænleg áhrif vegna fiskiskipa í landinu almennt að ekkert samkomulag mundi nást um fiskverð og sjáanlegt væri að meginhluti fiskiskipaflotans mundi stöðvast ef olíugjaldið yrði lagt niður. Þá tók þáv. sjútvrh. upp það ráð að lofa fiskvinnslunni nokkrum fríðindum í sambandi við gengissig og þess háttar og útgerðinni því að leggja fram nýtt frv. til l. um olíugjald, sem átti og á að gilda fyrir árið 1980. Þetta frv. bar hæstv. þáv. sjútvrh. fram og við fulltrúar flokkanna hér á Alþ. fengum þetta frv. til meðferðar og afgreiddum það sem lög 24. jan. 1980, eða réttara sagt það var samþ. á Alþ. þann dag, þó að forseti hafi staðfest lögin nokkrum dögum síðar. Í þessum lögum segir, að „þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, sem nemi 5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna."

Og í 4. gr. þessara laga segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti." Setning þessara laga var því algert samkomulagsatriði allra aðila sem stóðu að fiskverðsákvörðun, samkomulagsatriði sjómanna, útvegsmanna, fiskkaupenda, stjórnvalda, og staðfesting Alþingis var með samhljóða atkvæðum.

Í hæstv. ríkisstj. eiga sæti a. m. k. sjö ráðherrar sem stóðu að setningu löggjafar um efnahagsmál o. fl., sem samþ. var á Alþ. 7. apríl 1979, þar sem þeir ákveða með þessari löggjöf að hafa samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda. Í 3. gr. þeirra laga segir að efla skuli reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum. Þar segir einnig að þátttakendur í samráði samkv. 3. gr. laganna skuli vera fulltrúar launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda og opinberra aðila. Samráðsfundi má halda bæði með fulltrúum einstakra samtaka og fulltrúum ríkisstj. og öllum samráðsaðilum í senn. M. ö. o. á að vera samráð og samstarf á milli hins opinbera, milli stjórnvalda og allra þeirra sem aðild eiga að kjaramálum í þessu landi. En eftir að þessi lög eru samþ. af Framsfl., Alþb. og Alþfl. eru þau þverbrotin hvað eftir annað. Samráð við launþegana í landinu hefur aldrei verið minna en eftir að það var lögfest. Okkur, sem vorum í stjórnarandstöðu þá, fannst ekkert mikið til þessara laga koma og mörg ákvæði þeirra lítils virði. En lög, sem eru samþykkt, eru lög á meðan þau eru í gildi, og þá er ætlunin að þjóðfélagsþegnarnir fari eftir þeim lögum.

Fyrir brot á hegningarlögum er mönnum refsað, en nær engin hegning yfir þessa ríkisstj. þegar hún brýtur lögin? Það væri fróðlegt að fá eitthvað að heyra frá hæstv. dómsmrh. í sambandi við það, hvað hann segir þegar ríkisstj. brýtur landslög, hvort það sé í lagi. En hinn óbreytti borgari má það ekki, því áð þá er hann tekinn. Og ef brotið er alvarlegt, þá er hann látinn undir lás og slá.

Það er undarleg ríkisstj. sem hagar sér á þennan hátt. Það er eins og þessir menn skilji alls ekki hvað þeir hafa gert, ekki eingöngu í þessu máli, heldur í öllu öðru, einnig í þeim skattþíningarfrv. sem hér liggja fyrir hv. Alþ. Það er haldið áfram á þessari sömu braut. Ef þessi ríkisstj. er ákveðin í því að hafa ekkert samráð við aðila vinnumarkaðarins í þessu landi, hví í ósköpunum manna

þeir sig ekki upp í það að afnema þessi lög? Hver bannar þeim það?

Fulltrúi útgerðarinnar í Verðlagsráðinu, sem greiddi atkv. á móti þessari fiskverðsákvörðun, segir að með þessari fiskverðsákvörðun sé vandi fiskvinnslunnar fluttur yfir á útgerðina. Vegna launahækkana 1. mars og vegna áhrifa gengissigs á aðföng útgerðarinnar, sem nú er ráðgert 8% á næstu dögum, breytist afkoma útgerðarinnar frá því að vera 1% hagnaður í 4% tap. Hvað sér hæstv. sjútvrh. og hin glöggskyggna ríkisstj., hinir níu sem með honum sitja, hvað sjá þeir í því að færa frá útgerðinni, sem stóð aðeins yfir núll fyrir, — færa frá henni þessar tekjur þannig að hún er rekin með tapi? Þetta minnir á það þegar menn pissa í skóinn sinn, þá volgnar fóturinn svolítið í bili, en verður því kaldari á eftir. Þessi aðferð, að pissa í skóinn sinn, hefur aldrei gefist vel og hún kemur ekki til með að gefast vel. (**Gripið fram í:** Þeir vita það fyrir vestan.) Nei, það er aðallega fyrir sunnan sem þeir stunda þessa iðju núna, og það meira að segja í ríkisstj. sem hv. þm. styður enn þá, með semingi þó sem von er.

Þó að ég beri ekkert traust til núv. ríkisstj., þá verð ég auðvitað að viðurkenna það, að hún er ríkisstj. í landinu sem á að heita að hafi meiri hl. þm. á bak við sig, þó að sumir hverjir styðji hana með hangandi hendi, fleiri en einn og fleiri en tveir, svo að það er aldrei að vita hvenær þessi hryggðarmynd hrekkur upp af. Ég hugsaði á þann veg, og vildi ekki vera verri þm. en það, að skynsamlegra væri að leysa fiskverðsmálin núna á miðju verðtímabili í sátt og samlyndi við sjómenn, þegar ekki var um meira að ræða en 2.67%, í sátt og samlyndi við útgerðina, sem hefði einnig getað gengið til samninga um aðeins minna en sjómenn fengu. En með því að leysa málið með þessum hætti er ríkisstj. að velta vaxandi vanda yfir á maímánuð eða yfir í maílok. Þá stöndum við frammi fyrir meiri verðbótum til launþega í þessu landi en þeir fengu 1. mars. Þá stöndum við frammi fyrir kröfu sjómanna um sömu verðbætur og aðrir koma þá til með að fá, auk 2.67% verðbóta sem þeir voru snuðaðir um við þessa fiskverðsákvörðun.

Þannig hefur ríkisstj. gert þennan vanda meiri en hann þarf að vera. Það hefði verið betra að ná samningum um eitthvað minna og hafa menn sæmilega ánægða og fara ekki í leiðindi út af ekki meiri ágreiningi en hér er um að ræða.

Mér er það alveg ljóst, að ríkisstj. á við erfiðleika að etja í þessum efnum eins og allar ríkisstj. á hverjum tíma. Og nú segja menn og að sjálfsögðu segir hæstv. sjútvrh.: Hvað segir þá frsm. Sjálfstfl. í sjútvn. um vanda fiskvinnslunnar? Vandi fiskvinnslunnar er gífurlegur. Ég var einn af þeim fyrstu, a. m. k. hér á Alþ., sem gerðu að umræðuefni hinn geigvænlega vanda fiskvinnslunnar, og gerði það hér í ræðustól utan dagskrár. En þá hafði forsrh. áður látið hafa eftir sér í blöðum og öðrum fjölmiðlum að þeir hefðu grætt svo á undanförnum árum að þeir yrðu að bera sínar byrðar sjálfir og það kæmi ekki til greina að líta neitt til fiskvinnlunnar. Svona er nú óþægilegt þegar menn eru að tala um hluti sem þeir hafa ekkert vit á. Og þetta frumhlaup forsrh. kostaði það, að gengissigið var stöðvað í nokkra daga til þess að gera hann ekki að algjörum ómerkingi nema þá stuttan tíma. Sjútvrh. boðaði gengislækkun og fékk snuprur fyrir. Að mörgu leyti var það eðlilegt, en hann er ekki einn um það. Það eru margir Íslendingar sem hafa boðað gengislækkun til þess að auka spákaupmennsku í þessu landi.

Annar hæstv. ráðh. sagði alveg fram á elleftu stundu að það yrði engin gengisbreyting gerð. Og meira að segja eftir að Seðlabankinn var búinn að fella gengi dollarans þrætti hann fyrir það. En hann sagðist hafa sagt alveg satt allan tímann og fór tvo hringi sama daginn og hafði mikinn heiður af, að því er sagt er. Svo kom hér þm. í nótt og sagði að það ætti að láta sjútvrh. fara úr ríkisstj. fyrir að tala svona opinskátt um gengislækkanir, en hinn, sem sagði ekki satt frá, átti að vera áfram. (**Forseti:** Ég þykist vita að hv. þm. eigi eftir mikið af ræðu sinni, en gæti hann hugsað sér að gera hlé á henni.?) Það er alveg sjálfsagt að verða við beiðni hæstv. forseta í þeim efnum. — [Frh.]

Umr. frestað.

Sameinað þing, 41. fundur.

Miðvikudaginn 2. apríl, kl. 3 síðdegis.

Kosning yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1979, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Snæbjörnsson bókari (A),
Halldór Blöndal alþm. (B),
Baldur Óskarsson starfsmaður Alþb. (A).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. laga nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kosnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Daði Ólafsson húsgagnabólstrari (B),
Eðvarð Sigurðsson formaður Dagsbrúnar (C),
Jón Ingimarsson skrifstofustjóri (D).

Varamenn:
Axel Jónsson fyrrv. alþm. (A),
Hákon Hákonarson vélvirki (B),
Benedikt Davíðsson, formaður Sambands byggingarmanna (C),
Ragna Bergmann verkakona (D).

Fjárlög 1980, frv. (þskj. 241, n. 248 (samvn. samgm.), frhn. 248, 242, 243, 249, 262, 263, 267, 268, 270, 271, 274, 277). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 268,1 samþ. með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, JH.

nei: SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, JBH, BÍG, EgJ, EG, SigurlB, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þetta gjald er dæmigert fyrir þá skattaskriðu sem nú veltur yfir þjóðina. Það er skriða af þessu tagi, sem veldur eindregnum mótmælum almennra launþegasamtaka í landinu, eins og Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og ég get ekki látið þessu hrópi í eyðimörk skattheimtunnar ósvarað. (Gripið fram í.) Varst þú að spyrja, hvert hrópið væri, hv. þm.? (Gripið fram í.) Ég geri mér grein fyrir því, að m. a. þetta orkujöfnunargjald mun gera vandann í kjaramálunum nú enn þá efiðari en ella. Ég er örþreyttur orðinn á nýjum sköttum og segi nei.

Brtt. 262,1—2 samþ. með 53 shlj. atkv.

— 268,2 samþ. með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SBó, SV, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, JH.

nei: PS, SalÞ, SigB, SteinG, SvH, VG, ÞK, ÁG, JBH, BÍG, EgJ, EG, SigurlB, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE.

AG greiddi ekki atkv.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þetta nýja gjald er hluti af þeirri óðaskattheimtu sem er dengt yfir þjóðina á síðustu dögum fyrir páskahelgina til viðbótar öllu því sem áður hefur verið lagt á og fyrirhugað er. Ég tel að miðað við þær aðstæður, sem hinir almennu launþegar búa við í landinu í dag, sé ekki á bætandi, því að orðið er almenningseign að ferðast innanlands sem utan, og því segi ég nei.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Faðir þessa gjalds heitir Matthías Á. Mathiesen. Nú er verið að hækka gjaldið í samræmi við verðlagsþróun og segi ég því já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Umræddur skattur er fyrst og fremst almennur samgönguskattur á landsfólk. Það getur út af fyrir sig verið réttlætanlegt að setja á slíkan almennan skatt, t. d. á ferðalög til útlanda. Hitt er grófasta misrétti, að viðhafa slíka almenna skattlagningu á þá landsmenn innan okkar eigin lands sem eiga ekki annars úrkosti, ef þeir þurfa að leita sér t. d. læknishjálpar ellegar þjónustu, en að notfæra sér flugför. Ég er andvígur slíkri mismunun. Þetta er dreifbýlisskattur, skattur á samgöngur dreifbýlisfólks. Ég segi nei.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég tel enga ástæðu fyrir hæstv. fjmrh. að éta alla ósvinnu upp eftir fyrirrennurum sínum og segi nei.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég studdi það í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar að leggja þetta gjald á. Nú er hér aðeins um að ræða leiðréttingu samkv. vísitölu. Ég er því fylgjandi að verðtryggja Matthías og segi því já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þetta gjald bitnar þyngst á þeim sem fjærst búa Reykjavík og ríkisvaldinu. Þetta sama fólk verður að una ofurþunga í sambandi við húshitun. Símakostnaður þess er margfaldur við Reykvíkinga. Þetta fólk verður að greiða söluskatt af flutningskostnaði og þar fram eftir götunum. Með því að vera að hækka þetta gjald nú er enn verið að þyngja byrðarnar á því fólki sem síst skyldi og þar sem atvinnuöryggið er minnst. Af þessum sökum segi é nei.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég óska ekki eftir verðtryggingu núv. ríkisstj., því að ég veit ekki hvar það mundi enda. Þess vegna segi ég nei.

Brtt. 274,1 felld með 33:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirH, GJG, HBl, JS, KSG, KP, KJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG.

nei: EgJ, FÞ, GS, GeirG, GB, GK, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, JH.

EG, SigurlB, FrS, JÞ, LJ, SalÞ, SteinG, SvH, ÞK greiddu ekki atkv.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þar sem greinilegt að ríkisfjölmiðlarnir virðast ekki vera þess megnugir að koma til skila með þokkalegum hætti gangi mála hér á Alþingi tel ég nauðsynlegt að gera þessa tilraun og segi já.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er mikil nauðsyn að bæta starfsaðstöðu fjölmiðla hér í Alþingishúsinu til þess að þjóðin fái meiri fréttir og ítarlegri af því sem hér gerist. Ég tel til bóta að þjóðin fái sem ítarlegastar fréttir af málflutningi sumra þm. hér, það er rétt. Hins vegar held ég að það mál þurfi miklu betri og miklu vandaðri undirbúning en sú till. felur í sér sem hér er verið að greiða atkv. um. Ég mun fyrir mitt leyti beita mér fyrir því, að formenn þingflokkanna og forsetar þingsins taki upp viðræður sín á milli fyrir upphaf næsta þings um verulegar endurbætur á þessu sviði. Þess vegna greiði ég ekki þessari till. atkv. (VG: Kerfiskarl. Kerfiskarl.) Ég bið hv. þm. Vilmund Gylfason að láta renna af sér það sem þjáir hann nú og segi nei.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tel þessa till. að ýmsu leyti góða og hygg að flm. þurfi alls ekki að biðjast afsökunar á henni að neinu leyti. En ég er ekki viss um að það, sem háir fjölmiðlunum í góðri, ítarlegri og

skemmtilegri frásögn af störfum Alþingis, sé aðstöðunni að kenna og segi nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þessi litla brtt. leggur ekki auknar byrðar á herðar skattgreiðendum í landinu. Hér er aðeins um að ræða litla tilfærslu, 15 millj. kr., sem færast af rekstrarliðum Alþingis, eins og það er orðað í fjárlagafrv., og yfir til þess að sama upphæð, þessar sömu 15 millj. kr. séu notaðar til þess að auka möguleika Alþingis til að gera sjálft sig að stofnun fyrir fólkið í þessu landi. Getur það verið annað en Alþ. til hins mesta sóma að fólkið í landinu viti svolítið um það sem hér fer fram? Ég satt að segja hélt ekki. Ég hélt að þessi stofnun væri þannig saman sett, að þeir, sem hana sitja, kysu að fólkið í þessu landi hefði nokkrar upplýsingar um það sem hér færi fram.

Við vitum það, hv. alþm., að fréttaflutningur frá þessari stofnun hefur verið afleitur. Það er ekki fréttamönnum að kenna. Það er að kenna því, að lítið fé hefur verið veitt til fréttaflutnings, fáir fréttamenn hafa verið fengnir hér til starfa og ríkisfjölmiðlar hafa af fjárhagslegum ástæðum verið vanbúnir til þess að sinna sínum störfum. Hér er verið að leggja til að litlar 15 millj. séu fluttar til þess fyrirbæris sem á útvarpsmáli er kallað „stúdíó," sem kallað er bein lína, þannig að orð þau, sem hér eru töluð, komist út í loftið ef fréttamenn svo meta. Það þarf að auka tengsl á milli þings og þjóðar. Þjóðin veit allt of lítið um það sem hér fer fram, og sem gamall gagnrýnandi þessarar stofnunar held ég að það sé henni til sóma að fólkið fái meiri vitneskju um það, sem hér fer fram, heldur en það nú hefur. (**StJ:** Er verið að tala utan dagskrár?) Ég er að biðja um að traustið, sem þjóðin hefur á þessari stofnun og fer dvínandi, m. a. út af aths. af því tagi sem hv. þm. gerði, og ég get vel skilið fólkið í þeim efnum, — ég er að biðja um að þetta traust sé aukið á nýjan leik. Þess vegna er þessi litla till. flutt. Hér er aðeins verið að biðja um það, að litlar 15 millj. séu fluttar af rekstrarliðum Alþingis og til að auka tengsl á milli þingsins og þessarar þjóðar. Þetta er lítil till., það eru ekki auknar byrðar á skattgreiðendur. (**StJ:** Er þm. að gera grein fyrir atkv. sínu?) Ég veit að þessi þjóð vill það, og ég held að þetta þing gæti aukið sóma sinn með því að segja já við þessari till. Ég segi já.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég leit svo á, að þessi till. væri fyrsta skref í þá átt að reyna að bæta þá slæmu aðstöðu sem ríkisfjölmiðlar búa við í þessari stofnun. Hún mundi auka og bæta alla fréttaþjónustu, sem þm. gjarnan kvarta undan, a. m. k. þegar þeim finnst mál þeirra afflutt. Ég leit svo á, að þetta væri fyrsta skref í þá átt að hægt yrði að útvarpa beint frá Alþ. hvenær sem þessum fjölmiðlum eða hljóðvarpsdeild Ríkisútvarps byði svo við að horfa, og ég taldi höfuðkostinn við þessa till. þá, að hún mundi kannske stytta ræður þm. Ég segi þess vegna já.

Brtt. 271, I felld með 32:9 atkv.
Brtt. 271, II felld með 27:22 atkv.
Brtt. 277 samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 243, I tekin aftur.
Brtt. 262, 3 — 5 samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 271, III. 1 felld með 39:10 atkv.
Brtt. 262,6 samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt.262,7 samþ. með 41:11 atkv.
Brtt.262,8 samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt.271,III.2 felld með 32:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, SalÞ, SighB, SteinG, VG, ÞK, ÁG, JBH, BÍG, EgJ, EG, GeirH, HBl, JS, KSG, KP, KJ, MHM, MB, ÓE.

nei: ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

SvH, AG, FrS, GK, JÞ, LJ, MÁM greiddu ekki atkv.
Einn þm. (SigurlB) fjarstaddur.

Brtt. 243,II. a—b felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JÞ, KSG, KP, KJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SigB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, JBH, BÍG, EgJ, SigurlB, GeirH, HBl.

nei: JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JH.

LJ, EG, FrS, GK greiddu ekki atkv.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þetta virðulega Alþingi var endurreist árið 1845 og þrátt fyrir ítarlega leit hef ég ekki fundið í þskj. persónulegar aths. á borð við þær sem ég hef orðið hér að hlusta á, fyrst frá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni fyrir nokkrum dögum og í dag frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Ég hygg þó að þetta sé sagt af pólitískum ofsa. Þingsagan er löng. Hún er samt virðuleg. Og þrátt fyrir aths. þessara hv. þm. vona ég að þeir ætli ekki að fara að svipta neinn mannréttindum! Mannréttindi eru mikils virði. Ég segi já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Fyrir síðustu kosningar gerðu fatlaðir sér sérstakt ómak til þess að vekja athygli á sínum málum gagnvart alþm. og gagnvart stjórnmálaflokkum. Ég ætla að haga mér í samræmi við þá afstöðu sem ég tók fyrir kosningar og greiða fyrir málefnum þessa hóps innan Alþingis, eins og allir stjórnmálaflokkar lofuðu að gera fyrir kosningar, og segi já.

Helgi Seljan: Herra forseti. Á fjárl. síðasta árs var upphæð til málaflokka sem lutu að þroskaheftum, þ. e. Sjálfsbjargar og Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, um 270 millj. kr. Í fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar var upphæðin 1020 millj. til sömu málaflokka. Í fjárlagafrv. Alþfl. og þar með 1. flm. þessarar till. var talan 1020 millj. eða óbreytt. Sambærileg tala nú er 1095 millj., og til viðbótar kemur vanrækt viðhald vistheimila vangefinna nú inn í daggjöld sem nema mun milljónatugum. Þennan ávinning, miðað við fjárlög í fyrra og fjárlagafrv. Alþfl., met ég vissulega mikils, þótt deila megi um hvort hann sé nægilegur. En í ljósi hans og annarra loforða um þessi málefni og væntanlegrar lagabreytingar, sem fulltrúar allra flokka í fjvn. hafa lýst yfir stuðningi við og ég er algerlega samþykkur og þar sem fyrir þessum málaflokkum yrði séð, þá segi ég hiklaust nei.

Brtt. 271,IV felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, JBH, BÍG, EgJ, SigurlB, GeirH, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SigB.

nei: StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, JH.

EG, FrS, GK greiddu ekki atkv.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Með samþykkt þessarar till. væri Alþ. að bæta nokkuð fyrir þau ítrekuðu svik sem allir vinstri flokkarnir, sem setið hafa í ríkisstj. síðustu misserin, hafa gert sig seka um í sambandi við loforð sín um félagsmálapakka til sjómannastéttarinnar. Ég tel rétt, að reynt verði að taka þessa vanvirðu af þm. vinstri flokkanna, og segi því já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þessi till. var því aðeins flutt að gera það fært, að stjórnvöld geti staðið við loforð sem bæði skriflega og munnlega var gefið sjómannasamtökunum í sambandi við gerð kjarasamninga fyrir rösku ári um svokallaðan félagsmálapakka, en í honum var einn þátturinn fjárframlag úr ríkissjóði til stofnkostnaðar sjómannastofa. Ég hélt satt að segja, að það væru mistök hjá hæstv. ríkisstj., hún hefði hreinlega gleymt að hafa þetta framlag í frv., og flutti þessa till. aðeins til þess að bæta fyrir það sem ég hélt að væru mistök hæstv. ríkisstj. Nú virðist vera ljóst orðið að þetta eru ekki mistök, heldur af ráðnum huga gert af hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. að svíkja með þessum hætti skrifleg og munnleg loforð við sjómannasamtökin sem þessi hæstv. ráðh. gáfu fyrir rösku ári. Ég ætla að vonast til þess, að þó að þessi till. falli sjái þessir hæstv. ráðh. sóma sinn í því að reyna með einhverjum öðrum hætti að standa við orð sín, sem eru ekki nema rúmlega eins árs gömul. Ég segi já.

Brtt. 262,9.a samþ. með 35:10 atkv.

Brtt. 262,9.b—11 samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 243,II.c kom ekki til atkv.

Brtt. 263,1 samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 262,12—13.a samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt.274.II felld með 30:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, JBH, BÍG, EgJ, SigurlB, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ.

nei: ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

ÁG, EH, EG, GJG, GK greiddu ekki atkv.

Brtt.262,13.b samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt.243,III felld með 30:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JÞ, KP, KJ, MHM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, VG, AG, ÁG, JBH.

nei: JE, SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JH.

LJ, MB, MÁM, SteinG, SvH, ÞK, BÍG, EH, EgJ, EG, SigurlB, FrS, GeirH, GK, HBl greiddu ekki atkv.

2 þm. (KSG, ÓRG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þar sem mér er ekki kunnugt um að nein beiðni hafi komið frá Vestmannaeyjum né till. frá heilbrrn. um að þetta fjárframlag yrði reitt af hendi, þá greiði ég ekki atkv. um till.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hv. flm. þessarar till. var heilbrmrh. fram í febrúar. Frá rn. heilbrigðismála var ekki gerð till. um fjármuni í þessu skyni, því miður, þrátt fyrir nærveru hv. flm., þá ráðh. Óskir um fjárveitingu munu að dómi fjárveitingavaldsins vera of seint fram komnar frá bæjarstjórn Vestmannaeyja. Hv. flm. Magnús H. Magnússon er og var bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjum, en honum láðist sem slíkum að koma umsókn frá sér réttstundis í hendur réttra aðila. Samkv. því, sem ég hef nú rakið, er hér því sýnilega um hreina sýndartillögu og sýndarmennsku að ræða og var við því að búast. Ég segi nei.

Brtt. 262,14—17 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 243,IV felld með 28:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, ÁG, GÍG, EgJ, GeirH, GJG, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK.

nei: JBH, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, JH.

AS, EH, EG, FrS, GK, GGÞ, ÓÞÞ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (SigurlB) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og kunnugt er sitja tveir hv. vísindamenn í þessari deild. Annar er hv. vísindamaður Ólafur Ragnar Grímsson, landskunnur félagsvísindamaður. Hinn er að vísu minna þekktur, en ég fullyrði: engu minni vísindamaður. Þá á ég við hv. þm. Ólaf Þórðarson. Ég játa að hér er um vandamál að ræða. Ég held að úr almannasjóðum ættum við að greiða fé, bæði til varnar þessu tiltekna vandamáli og eins til varnar gegn hinum, sem setja sig á háan hest og þykjast vera að kenna þjóðinni af efnum sem ég segi að hvorki séu lítil né stór, en misjöfn að gæðum.

Hér er verið að tala um félagslegt vandamál. Við eigum að vera örlát á eigið fé, en sparsöm á almannasjóði. Það skal viðurkennt, að hér er verið að fjalla um félagslegt fyrirbæri, og þó að hér tali talsmaður skattgreiðenda, þá er hér um virðingarverða till. að ræða. Þrátt fyrir vísindin í landinu segi ég já.

Brtt. 262,18 — 19 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 271,V.1 felld með 30:10 atkv.

Brtt. 243,V felld með 30:20 atkv.

Brtt. 243,VI felld með 36:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, BÍG, EH, EgJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, KSG, MB, MÁM, PS, SalÞ.

nei: StefG, StJ, SV, SBó SvG, TÁ, ÞS, AS, ÁG, DA, EG, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, KP, KJ, MHM, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SkA, JH.

JBH, FÞ, LJ, ÓE, PJ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (SigurlB) fjarstaddur.

Brtt. 268,3 samþ. með 32:22 atkv.

Brtt. 271,V.2 kom ekki til atkv.

Brtt. 243,VII kom ekki til atkv.

Brtt. 263,2—3 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 249 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 262,20 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 263,4 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt.243,VIII felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, JBH, BÍG, EgJ, EG, FrS, GeirH, GK, HBl.
nei: IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, JH.
2 þm. (MÁM, SigurlB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þessi till. er um það, að ríkissjóður skili til iðnaðarins aðlögunargjaldi sem lagt var á og rennur í ríkissjóð. Þessu var lofað, að iðnaðurinn fengi þetta til iðnþróunar í ár, þegar þetta gjald var lagt á í fyrra. Ég segi því já.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram s. l. haust var ekki gert ráð fyrir neinum tekjum til iðnaðar af aðlögunargjaldi. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram öðru sinni í vetur var gert ráð fyrir 500 millj. kr. tekjum til iðnaðar af þessu gjaldi, en nú er gert ráð fyrir ráðstöfun 850 millj. kr. Það er jafnframt gert ráð fyrir því, að það, sem umfram er samkv. tekjuáætlun af þessu gjaldi, komi til ráðstöfunar til iðnþróunar á næsta ári. Ég segi því nei.

Brtt. 262,21 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 242,1 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EG, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, JBH, BÍG, EgJ.
nei: FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh. HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, JH.
2 þm. (SigurlB, MÁM) fjarstaddir.

Brtt. 262,22 samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 242,2 tekin aftur.
Brtt. 271, V.3 felld með 27:10 atkv.
Brtt. 268,4 samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 263,5—6 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 263,7—9 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 263,10 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 263,11 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 263,12—15.a samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 242,3 tekin aftur.
Brtt. 263,15.b—d samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 262,23.a—e samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 262,23.f samþ. með 32:2 atkv.
Brtt. 270,1 samþ. með 44:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SteinG, SvG, TÁ, ÞS, AG, AS, BÍG, DA, EH, EgJ, EG, FÞ, FrS, GS, GeirG, GeirH, GB, GJG, GK, GHelg, GTh, HÁ, HBl, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JÞ, LJ, MB, ÓE, ÓRG, SigrM, PP, PJ, PS, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, JH.
nei: VG, JBH, JS, KJ, SighB.
SvH, ÞK, ÁG, GGÞ, KP, MHM, MÁM, ÓÞÞ greiddu ekki atkv.
3 þm. (SigurlB, KSG, SalÞ) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er furðulegt kerfi sem við erum að búa til í kringum okkur. Hér er um það að ræða, að einkafyrirtæki, fyrirtæki sem ég er alinn upp við að kalla braskfyrirtæki, er rekið með tapi. Gróðann, sem einhvers staðar er þó, þann gróða er einhvers staðar að finna. Þetta er tapfyrirtæki. Með þessari till. er verið að leggja til að ríkið, þ. e. skattgreiðendur, þjóðnýti tapið. Það er hið raunverulega inntak þessarar till. Þetta er það sem gáfaður maður hefur kallað „sósíalisma andskotans." Þetta er röng aðferð. Fyrir hönd skattgreiðenda segi ég nei.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar við ýmsir, sem erum nýliðar hér á þingi, komum á þing fyrir bráðum tveimur árum var það meðal okkar helstu baráttumála, að þingnefndir ættu að taka virkan þátt í að athuga og kanna mál. Hv. þm. Vilmundur Gylfason var meðal þeirra sem í þessum baráttuhópi voru. Ég harma það eindregið að hann skuli nú hafa gengið úr liðssveit þeirra hér á þingi sem vilja ætla þingnefndum það athugunarstarf sem hér er kveðið á um. Ég fagna því, að hér er ætlunin að fjvn. Alþingis taki til athugunar málefni þessa fyrirtækis, sem hefur unnið mörg merk verk þó að sumt kunni kannske að vera umdeilanlegt. Ég lýsi því yfir, að ég treysti fyllilega þeirri athugun og könnun sem fjvn. undir forustu Eiðs Guðnasonar, þm. Alþfl., mun framkvæma. Ég segi því já við þessari till. og vona að liðsmönnum sjálfstæðra rannsókna og athugana þingnefnda fari ekki jafnört fækkandi og kemur fram í atkvgr. sumra Alþfl.-manna hér nú.

Páll Pétursson: Herra forseti. Í trausti þess að fjvn. athugi þetta mál vandlega og hafi samráð við þingflokkana, þá segi ég já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Á mjög stuttum tíma hefur þrívegis verið gerð sérfræðileg úttekt á málefnum þessa fyrirtækis, fyrst á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins, síðan á vegum sérstakrar vinnunefndar, sem fór ofan í sauma fyrirtækisins á vegum ríkisstj., og loks í þriðja lagi á vegum fjmrn. Skriflegar skýrslur eru til um allar þessar athuganir, sem eru nýjar af nálinni. Frekari skoðun mundi engu þar við bæta. Ef hv. þm. hafa áhuga á að kynna sér niðurstöður þessara athugana, þá gætu þeir gert það með einfaldri fsp. til hæstv. fjmrh. hér í þinginu, því að ég er sannfærður um að hæstv. fjmrh. mundi, ef hann væri spurður, skýra þingheimi frá þeim upplýsingum sem eru í hv. fjmrn. um þessi mál. Vegna þess að ég hef kynnt mér efni þessara skýrslna og fylgst með gerð þeirra segi ég nei.

Brtt. 262,23.g—j samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 243,IX samþ. með 32:19 atkv.
Brtt. 270,2.1 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 262,23. k. 1—5 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 267 samþ. með 27:21 atkv.
Brtt. 270,2.2—3 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 262, 23.k.6 — 7 samþ. með 35 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 288).

Sameinað þing, 42. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 2. apríl 1980.

Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég að læknisráði mun ekki geta sinnt þingstörfum á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sveinn Jónsson verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 2. apríl 1980.

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður minn, Siggeir Björnsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 2. apríl 1980.

Tómas Árnason, 1. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Guðmundur Gíslason kaupfélagsstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 8. apríl 1980.

Formaður þingflokks sjálfstæðismanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Geirs Hallgrímssonar, 1. þm. Reykv., Alþt. 1979. B. (102. löggjafarþing).

sem nú er erlendis, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður hans, Ellert B. Schram ritstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi, þar sem 1. varamaður, Ragnhildur Helgadóttir, er nú um stundarsakir á sjúkrahúsi vegna slyss."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Þar sem enginn þessara varamanna hefur átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfum þeirra allra. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka þau til athugunar og verður gefið fundarhlé í 10 mín. á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Ellerts B. Schram, 2. varamanns at lista Sjálfstfl. í Reykjavík, sem tekur sæti Geirs Hallgrímssonar, 1. þm. Reykv. Enn fremur kjörbréf Guðmundar Gíslasonar, 1. varamanns Framsfl. í Austurlandskjördæmi, sem tekur sæti Tómasar Árnasonar, 1. þm. Austurl. Og enn fremur kjörbréf Sveins Jónssonar, 1. varamanns Alþb. í Austurlandskjördæmi, sem tekur sæti Helga Seljans, 2. þm. Austurl. Og í fjórða lagi hefur kjörnefnd haft til athugunar kjörbréf Siggeirs Björnssonar, 1. varamanns af L-listanum í Suðurlandskjördæmi, sem tekur sæti Eggerts Haukdals, 6. þm. Suðurl.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að kosning þessara manna verði tekin gild og kjörbréfin samþykkt.

ATKVGR.

Till kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Þrír þessara nýju þm., þeir Siggeir Björnsson, Sveinn Jónsson og Guðmundur Gíslason, hafa ekki átt sæti á Alþingi fyrr og þurfa því að undirrita eiðstaf.

Drengskaparheit unnin.

Hinir nýju þm., Siggeir Björnsson, Sveinn Jónsson og Guðmundur Gíslason, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Jón Helgason): Þeir Sveinn Jónsson, Siggeir Björnsson og Guðmundur Gíslason hafa undirritað eiðstaf, og býð ég þá alla hina nýju þm. velkomna til starfa á Alþingi.

Efri deild, 59. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 289). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vorið 1978 voru samþ. lög nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu. Síðan hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að breyta ýmsum ákvæðum þessara laga eða lagfæra þau í ljósi reynslunnar og hér hefur ríkisstj. lagt fram til athugunar á Alþingi frv. til l. um breyt. á lögum um heilbrigðisþjónustu. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að breyta nokkuð umdæmamörkum frá því sem er í lögum nr. 57/1978. Þessar brtt. eru sem hér segir:

Það er í fyrsta lagi snertandi Húsavíkurumdæmi eða 14. gr., 6. tölul., undirlið 3.1 í lögunum, og brtt. gengur út á það, að Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur flytjist frá Húsavík og yfir til Kópaskers. Þegar lög um heilbrigðisþjónustu voru síðast til meðferðar á Alþingi vorið 1978 lágðist að ákvarða Kópaskeri sérstakt starfssvæði og er með þessari brtt. bætt úr þeim ágalla heilbrigðisþjónustulaganna.

Í öðru lagi gerir frv. þetta ráð fyrir að undir Þórshafnarumdæmi falli nú Raufarhafnarhreppur, en í staðinn verði H-stöð á Raufarhöfn, en ekki H 1 eins og nú er gert ráð fyrir í lögum um heilbrigðisþjónustu. Fyrir þessu liggja rök sem þekkt eru, að erfiðlega hefur gengið að manna þessi svæði á þeim misserum sem liðin eru frá því að heilbrigðisþjónustulögin tóku gildi. Það hefur raunar reynst ógerlegt að fá lækni til að setjast að á Raufarhöfn og erfiðlega hefur gengið að fá lækni til Þórshafnar.

Í þriðja lagi er hér gert ráð fyrir því, að Skeggjastaðahreppur falli undir Vopnafjörð, H 1 stöðina þar, og flytjist þar með undan H-stöðinni á Bakkafirði.

Þá er hér gert ráð fyrir því, að Vatnsleysustrandarhreppi verði þjónað í Keflavíkurumdæmi, en hann fellur samkv. núgildandi lögum undir Hafnarfjarðarumdæmi.

Í samræmi við þá brtt., sem gerð er varðandi Þórshafnarumdæmi, er gerð brtt. í sambandi við ákvæði til bráðabirgða um að orðin „og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjónar Skeggjastaðahreppi“ falli niður úr þessu bráðabirgðaákvæði 14.10.

Loks er hér um að ræða brtt. sem er sennilega ein sú veigamesta. Það er brtt. við lið 34.4 í lögunum, en það ákvæði laganna er nú þannig orðað: „Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga, en greiða viðhald fasteigna og tækja að jöfnu.“ Í frv. þessu er gert ráð fyrir að viðhaldskostnaður vegna fasteigna og tækja greiðist af daggjöldum.

6. gr. frv. hljóðar þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ En með tilliti til þess, að fjárlög hafa nú nýlega verið afgreidd fyrir árið 1980, tel ég í rauninni eðlilegast, ef Alþ. afgreiðir þetta frv. á þessu vori, að frv. taki gildi frá 1. jan. 1981.

Ég vil annars segja það í tengslum við þetta mál, að nú er til athugunar á vegum ríkisstj. öll verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga, þar með talin auk þess tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga. Ég fyrir mitt leyti tel út af fyrir sig, að miðað við allar aðstæður geti verið eðlilegt, vegna þess hvað hér er um stórt mál að ræða, að ákvörðun um viðhaldskostnað fasteigna og tækja í sjúkrahúsum verði látin bíða heildarákvörðunar um breytingu á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en í þetta skipti einbeiti Alþ. sér að lagfæringum á heilbrigðisþjónustulögunum í samræmi við þá reynslu sem fengist hefur af þeirri umdæmaskiptingu sem þar er gert ráð fyrir. Í þessu sambandi hljóta að hafa vaknað meðal hv. alþm. allmargar spurningar um það, hvort núgildandi kostnaðarskipting við framkvæmdir og rekstur í þessum efnum sé eðlileg að öllu leyti. A. m. k. hefur sú spurning vaknað í mínum huga, hvort ekki sé með öllu óeðlilegt, að ríkið leggi fram langt umfram helming af framkvæmdakostnaði við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, en eigi í rauninni engan rétt að því er varðar stjórnun þessara fyrirtækja. Stjórn þessara stofnana er einvörðungu í höndum sveitarfélaganna í grennd. Ég tel að það gæti komið til greina og væru í raun og veru full rök fyrir því, að ríkið ætti aðild að sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum sem eru fjármögnuð að 85% af ríkinu sjálfu. Og ég minni á að á þessu ári, 1980, er gert ráð fyrir að ríkið leggi fram í þessu skyni 3080 millj. kr.

Við meðferð þessa máls hér á hv. Alþ. held ég að eðlilegt væri að hv. heilbr.- og trn. athuguðu ýmsar fleiri brtt. og hugmyndir um breytingar á þessum lögum sem fram hafa komið opinberlega á undanförnum mánuðum. Mun heilbr.- og trmrn. sjá til þess, að hv. heilbr.- og trn. deildarinnar fái þær till. um breytingu á þessum lögum sem borist hafa rn., en ekki hefur verið tekin afstaða til í rn. út af fyrir sig, þannig að Alþ. geti um þessar till. fjallað. Það er auðvitað eðlilegast að með mál af þessu tagi sé þannig farið, að Alþ. hafi þar ítrasta meðráðarétt á öllum stigum málsins.

Ég leyfi mér svo að lokum, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki halda hér langa tölu um frv. það sem hæstv. heilbrmrh. gerði grein fyrir. Mér hefur verið kunnugt um það og fleiri þm. Norðurl. e., að af hálfu heilbrigðisráðs kjördæmisins voru á döfinni breytingar af því tagi sem hér koma fram, í fyrsta lagi beinlínis vegna þess að með þessum hætti þótti auðveldast með skjótum hætti, eins og nú stendur á, að ráða fram úr ákaflega alvarlegu vandamáli varðandi læknisþjónustu á Þistilfjarðarsvæðinu og þá þannig að næði yfir til Raufarhafnar, þar sem ekki hafði tekist að fá lækni til Raufarhafnar og yfirvofandi að missa þann eina lækni sem starfandi hefur verið á Þórshöfn, vegna þess að starfsaðstaða væri ekki sem skyldi á þessu svæði. Það fylgdi raunar með af hálfu þeirra Þistilfirðinganna og eins þess læknis sem setið hefur á Þórshöfn, að ekki nægði nú það eitt að bæta þarna við heimild fyrir annan lækni, heldur þyrfti einnig að gera heilsugæslustöðina á Þórshöfn þannig úr garði að hún héldi a. m. k. vatni og vindi, en þarna er um að ræða gamalt hús sem ekki hefur verið lagt í neinn kostnað við í senn tvo áratugi.

Okkur var einnig kunnugt um að á það var sótt af töluverðu kappi af hálfu þeirra Keldhverfinga og Öxfirðinga að fá lækni staðsettan á Kópaskeri. Og það fylgdi með, að það væri í því von að maður, sem af persónulegum ástæðum hefði áhuga á því að setjast þarna að og er nú að ljúka prófi í læknisfræði, vildi gjarnan koma þangað.

Þá eigum við aðeins eftir að hugleiða stöðu þeirra Raufarhafnarbúa og einnig þeirra fjölmörgu sjómanna sem eiga að sumrinu til a. m. k. skemmsta leið til öruggrar hafnar á Raufarhöfn, ef á læknisaðstoð þarf að halda. Ég er þeirrar skoðunar, að enda þótt við hljótum af mjög illri nauðsyn að sætta okkur við það, sem nú blasir við varðandi stöðu Raufarhafnar, og sætta okkur við þessa lausn sem kannske hinn eina fáanlega kost, að koma upp H 2 stöð á Þórshöfn til þess að halda þar læknisþjónustu, þá hljótum við að miða að því að halda því vakandi að

útvega einnig lækni sem gæti setið á Raufarhöfn. Hér höfum við 500 manna byggðarlag, meira og minna einangrað að vetrinum, enda þótt úr því hafi nú heldur bæst við tilkomu hafísvegarins og von sé í bættum samgöngum enn þá við Raufarhöfn. Síðan bætist það ofan á, að Raufarhöfn hefur verið ein af meginhöfnum Norðurlands fyrir sjómenn, var það auðvitað á þeim tíma þegar síldveiðarnar voru mestar fyrir Norðurlandi og er einnig sú höfn sem undir vissum kringumstæðum — þegar fiskur heldur sig á norðaustursló̧inni — er hin næsta öruggra hafna að leita til, ef slys eða bráða sjúkdóma ber að höndum um borð í fiskiskipum.

Með þessum fyrirvara lýsi ég yfir stuðningi við frv. í þeirri mynd sem það er og að svo miklu leyti sem það varðar Norðurl. e.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil gera tvö atriði að umræðuefni strax við 1. umr. þessa máls.

Í fyrsta lagi vil ég hafa fyrirvara um það að fylgja 1. gr. sem fjallar um umdæmisskiptingu á Norðurlandi eystra. Þarna er um að ræða að sumu leyti, eins og hv. þm. Stefán Jónsson kom inn á, mál sem er verulegt deilumál heima fyrir, hvernig skuli skipa málum. Við þm. Norðurl. e. höfum oft rætt þetta mál og verið einhuga um að í því þyrfti að finna einhvers konar málamiðlun heima fyrir án þess að þar kæmu bein fyrirmæli að ofan, hvort heldur væri frá rn. eða hinu háa Alþingi. Við höfðum mælst til þess, að nýskipað heilbrigðisráð, sem á þessu svæði starfar eins og öðrum svæðum nú orðið, tæki þetta mál sérstaklega til umfjöllunar — og mér er til efs að það bæti úr skák að þetta frv. er komið fram nú — að finna þarna á einhverja lausn sem menn mundu geta sætt sig við heima fyrir. Ég verð þá að segja að ég sé ekki neitt athugavert við það, að frv. sem slíkt sé lagt fram og síðan sé leitað umsagnar um það, ef það er alveg ljóst að ekki er meiningin að keyra þetta frv. í gegn á skömmum tíma, t. d. á þeim skamma tíma sem eftir er af þessu þingi. Ef svo er, þá sé ég ekki annað en gott sé að frv. er komið fram.

Það væri gott, ef hæstv. ráðh. vildi tjá sig um það, hvað hann telur þurfa að hafa mikinn hraða á þessu máli, en ég tel að tími þurfi að gefast til þess fyrir aðila heima fyrir í Norðurl. e. að átta sig á þeim brtt., sem felast í 1. gr. þessa frv.

Annað atriði, sem ég vildi gera að umræðuefni núna um þetta mál, er að ég tel mjög orka tvímælis, svo ekki sé meira sagt, að ætla sér að taka fleiri liði inn í daggjaldakerfi sjúkrahúsa. Ég held að þettta kerfi sé í sjálfu sér gengið sér til húðar. Það hefur verkað þannig, að menn hafa fengið svokölluð halladaggjöld nokkurn veginn án eftirlits til viðbótar þeim daggjöldum sem menn fá til þess að standa undir rekstrinum. Þetta hefur að sjálfsögðu ekki orðið til þess að auka aðhald í rekstri sjúkrahúsa, sem er ekki síður nauðsynlegt í þeim rekstri en öðrum, þannig að ég held að það ætti að athuga hvort ekki fyndist nýtt og betra form á samrekstri ríkis og sveitarfélaga á sjúkrahúsum heldur en daggjaldakerfið. Það væri eðlilegt að huga að því áður en farið er að auka við það.

Ég get tekið undir það, að nauðsynlegt er að skera úr um hver eigi að greiða viðhaldskostnað þessara mannvirkja. Í lögunum er núna gert ráð fyrir 50% af hálfu ríkisins og 50% af hálfu sveitarfélaganna, sem sveitarfélögum hefur fundist mjög ósanngjörn regla. Ég get tekið undir það, að það er nauðsynlegt að endurskoða þá reglu, en mér er mjög til efs að þarna sé verið að benda á þá leið sem er farsælust.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki ætlun mín eða ríkisstj. að reka svo á eftir þessu máli að menn fái ekki tækifæri til þess að kanna það í þaula hér á hv. Alþingi. Tilgangurinn með framlagningu þessa máls er þvert á móti sá, að reyna að leita eftir samstöðu um þær lagfæringar sem reynslan hefur sýnt okkur að nauðsynlegar eru á lögum um heilbrigðisþjónustu. Við þm. Norðurl. e. vil ég segja það, að auðvitað væri eðlilegast að þeir reyndu að taka á því í sinn hóp, við sína umbjóðendur í héraði, hvaða lausn er æskilegust á því vandamáli, sem hér er um að ræða og birtist í því að ómögulegt hefur reynst að fá lækni til Raufarhafnar og mjög erfitt að fá lækni til Þórshafnar. Það kann að vera að viðkvæmnismál séu á báðum svæðunum slík að erfitt sé að höggva á þennan hnút, en það er skylda þm. að gera það, að finna lausn á þessum málum, því að núverandi fyrirkomulag er í raun og veru gersamlega óþolandi fyrir það fólk, sem á þessu svæði býr, og þá líka og kannske sérstaklega fyrir þá sem eiga að bera ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni í landinu.

Ég vil einnig minna á það, að samkv. lögum nr. 56/1973 var sá háttur hafður á, sem hér er gerð till. um núna, og það gafst í raun betur en það fyrirkomulag sem ákveðið var með lögum nr. 57 frá 1978. En ég held að það sé sem sagt nauðsynlegt að þm. kjördæmisins, Norðurl. e., sjái til þess, að umbjóðendur þeirra geti sem best fjallað um málið, og sjálfsagt að heilbrigðisráð kjördæmisins líti á það.

Ég vil einnig deila þeim sjónarmiðum með hv. 3. þm. Norðurl. e., sem hér komu fram hjá honum varðandi viðhaldskostnað sjúkrahúsa. Það er atriði sem þarf að athuga nánar. Við lítum ekki þannig á í heilbrmrn., að við séum hérna með hinn endanlega „átoriserāða" sannleik í þeim efnum. Ef hv. Alþ. gæti komið þarna með aðra „formúleringu," þá yrði því vafalaust vel tekið. En þessi málefni eru í ólestri að mínu mati, þessi kostnaðarskiptingar- og stjórnunarmál, víða í heilbrigðisþjónustunni. Á þessu verður að taka. Jafnvel þó að málin séu viðkvæm á ýmsum svæðum verðum við að taka á þessum málum. Og til þess er nú Alþ. einu sinni kjörið að fást við mál, jafnvel þó að þau séu erfið.

Ég vil einnig — úr því að ég kom hér í ræðustólinn aftur — ítreka það sem ég sagði áðan, að heilbr.- og trn. d. fær einnig fyrir milligöngu rn. þær till. aðrar, sem fram hafa komið um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, þó að rn. hafi ekki tekið afstöðu til þeirra, þannig að heilbr.- og trn. Ed. og kannske nefndir þingsins geti fjallað um endurskoðun á þessum lögum í nokkurri heild. Og þá verður það auðvitað að vera þannig, þó að ekki sé rekið á eftir með afgreiðslu á þessu vori, að menn gangi þannig að verkinu, að það sé nokkurn veginn ákvörðunartækt með haustinu og menn láti þetta ekki niður falla vegna þess að ríkisstj. sé ekki með píkskinn á lofti um það, að málið þurfi að afgreiða á fáeinum vikum. Þannig vill það því miður oft verða þegar ekki er rekið harkalega á eftir málum, þá vilja þau sofna í nefndum. Það má ekki verða í þessu tilfelli, þó að ekki sé endilega ætlast til þess að málið sé afgreitt svo að segja á næstu vikum.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, kemur — eða 1. gr. þess — að nokkuð miklu leyti inn á breytingar heilsugæslunnar og heilbrigðisþjónustunnar í Norðurl. e. Og það er eins og hefur komið fram hjá hv. 3. og 4. þm. kjördæmisins, sem hér hafa talað á undan, að nokkur umr. hefur þegar verið um þessi mál heima fyrir og þarf að ræða þau mál allmiklu betur. Frv., sem hér er lagt fyrir, kemur nokkuð snöggt til umr. og við höfum lítinn tíma haft til þess að athuga það og ákvæði þess, og þess vegna þarf að athuga þetta mál mjög ítarlega. Vafalaust eru hér vissir þættir til bóta. Þarna er talað um að auka þjónustu á Þórshöfn. Það er einmitt það sem hefur líka verið mikið til umr. í kjördæminu. En þá er einnig dregið úr þjónustunni á Raufarhöfn, sem hlýtur að þýða að þarna stangast á hagsmunir.

Hæstv. heilbrmrh. bendir á það, að þm. verði að leita leiða og reyna að finna lausnir á þessum málum. Vissulega er það rétt, að við verðum að stuðla að því að þarna náist fram það besta sem hægt er. En við viljum líka minna á það, að heilbrigðisráðið hlýtur að þurfa að fjalla ítarlega um þetta og vera til stuðnings, halds og trausts og ætti að hafa veruleg áhrif á það, hvernig þessum málum er endanlega skipað. Nú er ég því miður ekki nógu vel kunnugur lögum um heilbrigðisráð, en ég held að það hljóti að vera eitt af þeirra meginverkefnum að fjalla einmitt um það, hvernig skipuleggja eigi og byggja upp heilbrigðis- og heilsugæsluþjónustuna.

Varðandi 5. gr. þessa frv., þar sem talað er um viðhaldskostnað fasteigna og tækja, þá vil ég taka undir þær umr. sem hér hafa orðið hjá hæstv. ráðh. og hv. 3. þm. Norðurl. e., að daggjaldakerfið, eins og það hefur verið upp byggt, hefur því miður alls ekki verið til aðhalds í rekstri sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, eins og það þyrfti að vera, og þess vegna þarf einnig að athuga þetta ákvæði, þ. e. 5. gr. þessa frv., mjög ítarlega eins og aðrar greinar þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 254, n. 278 og 281). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason) [frh.]: Herra forseti. Ég tel það nú fremur óvenjulegt í umr. um lagafrv., að ræða standi nokkuð á aðra viku, þó að æðilöng hvíld hafi verið gerð. En hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir undir, sagði að afgreiðsla frv. um tímabundið olíugjald, sem var til afgreiðslu í janúar, hefði farið í gegnum báðar deildir á svo til engum tíma. Þetta er hverju orði sannara og réttara. Þannig fer yfirleitt með mál sem er samkomulag um og enginn ágreiningur. Um það mál var samkomulag í Verðlagsráði sjávarútvegsins og allir fimm fulltrúar í yfirnefnd Verðlagsráðsins greiddu fiskverðinu atkv. með þessari skýringu. En það er eins og það fari óskaplega í þá, sérstaklega framsóknarmenn, þegar lögð eru fram mál, að stjórnarandstaðan skuli leyfa sér að flytja nokkrar ræður. Hér er það ég sem ræð, vilja þeir sumir segja, og hvað eruð þið að leyfa ykkur að hafa einhverja aðra skoðun en við?

Þó gengur út yfir allt samtalið við formann þingflokks Framsfl. í Tímanum á fimmtudaginn. Ég les það blað ekki nema með höppum og glöppum, en mér var bent á þetta áðan. Þar segir þessi þm. með alveg óskaplegu yfirlæti, eins og honum hafi stigið það svo til höfuðs að verða formaður þingflokks Framsfl. að hann telji að þingið eigi að falla á kné fyrir honum þegar hans vilji er annars vegar, — hann segir: „Með málþófi og algerlega óviðurkvæmilegum aðferðum hefur minni hl. hér á Alþ. reynt að hindra lýðræðislegan meiri hl. í því að koma fram nauðsynlegum málum.“ Svo segir Páll Pétursson, formaður þingflokks framsóknarmanna, í gærdag í viðtali við Tímann um umræður þær sem verið hafa á Alþ. síðustu daga. Enn fremur segir hann: „Þinglið ríkisstj. hefur verið samhent um það að koma fram þessum nauðsynlegu málum, sem ekki þola bið. Sem dæmi um framkomu stjórnarandstæðinga má nefna það, að þeir töfðu endanlega atkvgr. um fjárlögin með löngum fyrirlestrum, úrúrsnúningum og greinargerðum þegar þeim var gefinn kostur á að gera grein fyrir atkv. sínu. Einkum misnotuðu þeir Halldór Blöndal og náttúrlega Vilmundur Gylfason aðstöðu sína gróflega í atkvgr.“

„Málþóf stjórnarandstæðinga hófst í fyrradag,“ segir Tíminn áfram í greininni, „þegar fjárlagafrv. kom til afgreiðslu. Var fjallað um frv. frá því kl. 5 á þriðjudag og fram til kl. 4 um nóttina.“ Hugsa sér nú, hvílíkt málþóf við afgreiðslu og umr. um fjárlög! Ætli nokkur þm. geti bent á, þegar bornar eru saman umr. um fjárlagafrv., 2. og 3. umr., að styttri umr. hafi farið fram en einmitt núna? En þingflokksformaður Framsfl. getur þess ekki, að fjárlagafrv. átti að koma til umr. kl. 2 þennan dag, en þá bað hann um frestun á fundum í Sþ., því það mun einhver kengur hafa verið í Framsfl. Hann segir ekkert frá því í sínu elskulega málgagni. Ég spyr: Hvað á svona að þýða? Hvaða málþóf átti sér stað við umr. um fjárlög? Þetta er eins og hvert annað utangarnakjaftæði í formanni þingflokks Framsfl., sem hann sennilega skilur ekki sjálfur, hvað þá aðrir.

Svo segir Tíminn: „Í gærmorgun“ — sem sagt á miðvikudagsmorgun, þetta blað kom út á skírdag — „hófst umr. um orkujöfnunargjaldið. Páll Pétursson sagði um frv. um orkujöfnunargjaldið, að það fæli í sér leið til að jafna þann ógurlega mismun sem er á upphitunarkostnaði á olíusvæðunum og t. d. í Reykjavík. Það er á ábyrgð manna eins og Halldórs Blöndals, Matthíasar Bjarnasonar, Sighvats Björgvinssonar og Vilmundar Gylfasonar, ef meiri hl. Alþingis fær ekki tækifæri til að afgreiða þetta mikla réttlætismál nú.“ Ég veit ekki hvað hann meinar með orðinu nú. Ætluðu þeir kannske að afgreiða þetta á skírdag eftir að við vorum farnir heim? Ég veit ekki til þess, að ég hafi talað orð við meðferð þessa máls á Alþ., — ekki eitt einasta orð. En það er ekki minnst á það, að teknar voru 2300 millj. út úr fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar til þess að greiða niður upphitunarkostnað. Við sjálfstæðismenn vorum alveg á því, að sú tala væri í fjárl. Það var ekki gert fyrir okkar tilstilli að taka það út. Og ég hef ekki heyrt að Alþfl. hafi heldur farið fram á það. Það hlýtur því að vera ættað úr herbúð-

um stjórnarinnar. Og sjálfsagt hefur það verið gert með vitund og vilja Framsfl.

Það, sem um er að ræða í sambandi við þetta mál, er að ef verið væri að flytja frv. eingöngu um tekjuöflun til þess að lækka upphitunarkostnað, þá mundi það mál hafa runnið í gegn á tiltölulega örskömmum tíma. En hér er um almenna fjáröflun að ræða fyrir ríkið, sem þingflokksformaður Framsfl. sleppir alveg að segja frá í páskaboðskap sínum í Tímanum.

Svo kemur hann að frv. um olíustyrk til fiskiskipa sem hér er til umr. „Það hafði ekki komist til umr. þegar langt var liðið á kvöld," segir þingflokksformaðurinn „vegna málþófs stjórnarandstæðinga." Þeir eru að leyfa sér að tala, stjórnarandstæðingar, í blóra við formann þingflokks Framsfl.! Og svo bætir hann því við, sem mér finnst falla inn í þetta mál: „Fiskverð kemur ekki til framkvæmda fyrr en þetta frv. hefur verið afgreitt," sagði Páll Pétursson. Hann er formaður sjútvn. Nd. Fiskverðið er ákveðið, það er komið til framkvæmda. Það hefur engin áhrif á uppgjör til sjómanna, — ekki nokkur áhrif. Olíugjaldið er það eina sem hefur áhrif á skipti útgerðar og fiskvinnslu, en ekki sjómanna. Og svo bætir hann við: „Og sjómannaverkfallið á Ísafirði leysist ekki fyrr en málið hefur verið afgreitt. Ef það tefst er það fyrir tilverknað Matthíasar Bjarnasonar og félaga hans." M. ö. o. þegar frv. um olíugjald til fiskiskipa er komið fram, þá er lausn fengin á sjómannaverkfallinu á Ísafirði!

Ég vissi ekki að formaður sjútvn. Nd., Páll Pétursson bóndi á Höllustöðum, væri svona vel að sér í verkalýðsmálum og öllu því er lýtur að verðlagningu sjávarafurða. Ég vissi fyrir að hann er mjög vel að sér í því sem lýtur að hans starfsgrein. En mér finnst hann hafa farið afskaplega gætilega með vitneskju sína og þekkingu á þessum málum fram að þessum tíma. (**Gripið fram í:** Enda er hann bara varaformaður.) Já, fyrir gefið varaformaður og frsm. n., því að formaðurinn hafði ekki lyst á því að mæla fyrir frv., enda stendur hann kannske nær sjómönnum en varaformaðurinn.

Frv. um tímabundið olíugjald var lagt fram í janúar eins og ég sagði áðan, og samþ. með shlj. atkv. og fullu samkomulagi. Þegar það frv. var lagt fram höfðu orðið gífurlegar breytingar á olíuverði, olían hafði hækkað upp í 155,25 kr. gasolíulítirinn í desembermánuði. Í grg. með því frv. segir að hætta geti verið á, þó ekki sé um það fullyrt, að olíuverð hækki á árinu 1980. Þó taldi þáv. sjútvrh. að vonir væru bundnar við það, að nýir viðskiptasamningar við breska risaolíufélagið gætu dregið úr þessari hættu á hækkun þegar kæmi fram á síðari hluta þessa árs. Það var ekki verið að hækka olíugjaldið þá. Það var verið að lækka það úr 9% niður í 5%. Og það var talin forsenda þess að útvegsmenn gætu samþ. fiskverðið og staðið að því í janúarmánuði, sem átti að gilda frá áramótum, að olíugjaldið yrði ekki lægra.

Í frv. núv. sjútvrh. er gert mikið veður út af olíuverðinu og þar segir: „Nú hafa mál hins vegar skipast svo, að skráð gasolíuverð á Rotterdammarkaði hefur að undanförnu verið á bilinu 295—300 dollarar fob. hvert tonn, en viðmiðunarverð var tæplega 329 dollarar þegar gasolíuverðið var ákveðið 155,25 hver lítri í desember 1979." Síðan segir áfram í frv. núv. sjútvrh.: „Verð á Bandaríkjadollar hefur aftur á móti hækkað verulega í íslenskum krónum frá des. 1979 og enn eru nokkrar birgðir af olíu í landinu á hærra verði, en þó virðast um þessar mundir frekar líkur til lækkunar olíuverðs en hækkunar á næstu mánuðum." Ég spyr: Er það skynsamlegt að lækka olíugjaldið á meðan verðið á olíunni er óbreytt hér heima? Þetta viðmiðunarverð á Rotterdammarkaðinum hefur ekki haft nein áhrif til lækkunar á olíuverði hér enn þá. Ef olían lækkar tel ég sjálfsagt að taka þetta mál aftur til athugunar. En á meðan olíuverðið er það sama og í desember, þá er verið að rýra stórkostlega tekjur útgerðar til þess að bæta fiskvinnslunni, sem þarf auðvitað á þessum tekjum að halda og meira til. En það verður ekki gert með þeim hætti að tryggja taprekstur útgerðarinnar eins og gert er ráð fyrir með þessu frv.

Mér þætti gaman að heyra hvort þm. stjórnarliðsins — sem eru að berjast fyrir að fá framlengingu á vanskilalánum útgerðarfyrirtækja í sínum byggðarlögum og vilja fá úr opinberum sjóðum ný lán — telja að þetta sé leiðin til þess að styrkja stöðu þessara aðila sem nú eru að biðja um ný lán. Það væri fróðlegt að vita t. d. hvort stjórnarmenn úr stjórnarliðinu í Framkvæmdastofnun ríkisins, sem vilja fá afgreiðslu á slíkum málum, telja að þetta sé leiðin. Það væri líka fróðlegt að heyra úr herbúðum stjórnarþm. hvað þeir telja um grundvöllinn fyrir t. d. loðnuútgerðinni, sem stendur höllustum fæti allrar útgerðar í landinu, hvort ekki sé nú verið að ganga of nærri henni, því nógir erfiðleikar voru þar fyrir. Og ekki held ég að það bæti rekstrarstöðu þeirra báta, sem mest nota olíu, eins og við togveiðar, og þá á ég ekki síst við báta í Vestmannaeyjum sem eru þar hlutfallslega flestir. Verður þetta til þess að styrkja stöðu þeirrar útgerðar? Það er leitt að formaður sjútvn. Nd. skuli ekki vera hér í þingsalnum til þess að sannfæra mig um að þetta styrki stöðu útgerðar í Eyjum. Kannske er hann í Vestmannaeyjum að sannfæra Eyjamenn um að þetta sé til þess að styrkja rekstrarstöðuna. Ég veit það ekki.

Lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins eru sú eina leið sem bæði hagsmunaaðilar í sjávarútvegi og stjórnmálaflokkar á Alþ. hafa séð í sambandi við ákvörðun fiskverðs. Ég gat þess í fyrri hluta þessarar ræðu, að það fordæmi, sem skapað var með einhliða úrskurði oddamanns yfirnefndar, yrði ekki notað oftar, því að það mundi þýða það sama og að leggja niður lögin um Verðlagsráð. Allir aðilar þessa máls mundu mótmæla því, að tekið væri upp aftur það sem gert var 1964, 1967 og 1968, í þremur tilfellum. Aðeins í tveimur tilfellum auk þessa hefur verð á sjávarafla verið ákveðið með minni hl. atkv. í Verðlagsráði, með tveim atkv. í hvort skiptið og þrír sátu hjá. Á síðustu árum, eða í rúmlega tólf ár, hafa aldrei verið teknar ákvarðanir um fiskverð nema með meiri hl. atkv. í yfirnefnd, eða Verðlagsráðinu ef ekki hefur verið vísað til yfirnefndar. Þetta er í fyrsta skipti í tólf ár sem þessi aðferð er notuð. Og þessi aðferð er að mínum dómi stórhættuleg og hún skapar aukinn glundroða. Ég hef áður — og ætla ekki að orðlengja frekar um það — talið óvarlegt að klípa 2.67% af launauppbót til sjómanna þegar aðrir fengu 6.67% frá 1. mars, því að það skapar ríkisstj. og sjútvrh. mjög mikla erfiðleika við næstu fiskverðsákvörðun, sem á að liggja fyrir eftir rúmlega 1½ mánuð. Og það er ekki af illum hug sagt eða gert, að ég vara við því að ríkisstj. skapi sér á þennan hátt óþarfa erfiðleika, nógir verða þeir samt þegar á að ganga til ákvörðunar um fiskverð fyrir næsta verðtímabil.

Það kom fram á sameiginlegum fundi sjútvn. beggja deilda í upplýsingum þjóðhagsstjóra, að laun sjómanna hefðu hækkað hlutfallslega meira en laun almennra launþega í landinu frá árinu 1974 til ársloka 1978, en þá

raskaðist þetta hlutfall sjómönnum í óhag. En það var ekki fyrr en vinstri stjórn hafði verið mynduð sem þessu hlutfalli var raskað, því að á tímabili ríkisstj., sem sat 1974—1978, var meðaltalshækkun á fiskverði á þessu tímabili öllu 287.6%, en kauptaxtar verkamanna hækkuðu á þessu sama tímabili um 261.6% og kauptaxtar allra launþega í landinu hækkuðu á þessu sama tímabili um 252.7%. Bilið á milli hækkunar til sjómanna og hinna almennu launþega var um 29% á þessu tímabili, sem sjómenn náðu að rétta sinn hlut. En nú virðist stefnan vera sú — og hafa verið að verulegu leyti síðan haustið 1978 — að aftur eigi að sækja í sama horfið og áður var. Og þetta á að réttlæta með auknum afla í öðru orðinu. Það er rétt, að aflinn hefur stóraukist. Síðast í dag heyrði maður í hádegisútvarpi að landað hefði verið yfir 50% meira á Rifi og Snæfellsnesi en á sama tíma og í fyrra, ég held 54 eða 55%. Það sýnir hvað aflinn hefur aukist. Hins vegar kemur svo þar á móti, að takmarkanir á veiðum eru stórlega auknar og það dregur auðvitað úr tekjum bæði sjómanna og útgerðar, eins og gefur að skilja.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég tel að með samþykkt laganna í janúar um tímabundið olíugjald til fiskiskipa hafi það ákvæði verið sett, að þau lög hafi átt að gilda út árið 1980, því að í 4. gr. þeirra laga segir að lög þessi öðlist þegar gildi og skuli ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti. Ég tel ekkert réttlæta það að svíkja þetta loforð sem alþm. gáfu með shlj. atkv. hér á Alþ., nema ef olíuverð lækkaði hér heima. En þó að viðmiðunarverð á Rotterdam-markaði lækki hefur það ekki lækkað hér heima, það hefur ekki létt á útgerðarkostnaði hér á Íslandi. Meðan svo er, þá **eru það svik að hverfa frá því sem samþ. var hér** í janúarmánuði í vetur.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Vestf., fór nokkuð inn á það sem ég ætlaði að gera að mínum fyrstu orðum hér í dag, en það voru hinar undarlegu yfirlýsingar formanna þingflokka, ekki aðeins Framsfl., hv. varaformanns sjútvn. þessarar deildar, þm. Páls Pétursonar, þegar hann lét hafa eftir **sér í málgagni ríkisstj. Gunnars Thoroddsens að** „málþófið" væri fyrir neðan allt velsæmi. Eins og hv. 1. þm. Vestf. benti réttilega á fór hann með alrangt mál er hann lét jafnvel í það skína að með því að nota okkur það sem okkur þm. er heimilað samkv. íslenskum lögum, samkv. þingsköpum, að gera grein fyrir atkv. okkar og ræða mál við þrjár umræður í báðum deildum þingsins, værum við að sækja eitthvert náðarbrauð til þeirra herra sem hér ráða nú. Þetta er mesti misskilningur. Það eru íslensk lög, það eru íslenskar venjur, þingvenjur hér á hv. Alþingi Íslendinga, sem jafnvel kraft- og dugmiklir menn eins og Páll bóndi á Höllustöðum fá ekki breytt með óskhyggjunni einni saman. Það er auðvitað furðulegt, að þessi maður skuli leyfa sér í blaðaviðtali, um leið og hann kvartar yfir því að ekki sé hægt að húrra skattpíningarmáli í gegn, sem þeir eru að troða yfir þjóðina, — að hann skuli — um leið og hann kvartar yfir því, að seinagangur sé á þessum málum — bera annað eins á borð fyrir okkur þm. og þjóðina alla og það, að ef Matthías Bjarnason, hv. 1. þm. Vestf., haldi sér ekki bókstaflega saman hér á Alþ., þá sé það honum að kenna, að sjómannaverkfallið á Ísafirði leysist ekki. Ef slíkar umr. hefðu verið viðhafðar hér í þingsal, þá hefði forseti að sjálfsögðu átt að víta þennan þm. fyrir ummælin.

En skýringin á því, sem um er að ræða í þessu viðtali hv. þm. Páls Pétursonar, er á sömu síðu í þessu tilgreinda blaði Tímans. Tafirnar urðu sérstaklega innan hans eigin flokks, eins og kemur fram í viðtali við hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson. Það var stríðið, sem varð á milli framsóknarmanna og reyndar stjórnarflokkanna allra, ásamt mistökum í stjórnun hjá ríkisstj. á meðferð þingmála. Það urðu átök á milli framsóknarmanna sjálfra og þingflokkanna, eins og ég sagði áðan, um það, hve söluskattshækkunin ætti að vera mikil, sem átti að leggja á þjóðina og að meginhluta átti ekki að ganga til þess að jafna olíuverð um landið, heldur renna í eyðsluhít ríkissjóðs.

En það voru fleiri á ferðinni heldur en hv. þm. Páll Pétursson, einnig „the Little lord, Faddle-Roy," hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hann lét líka hafa eftir sér nokkur orð þennan sama dag í hinu málgagni ríkisstj. Gunnars Thoroddsens um þetta sama mál og viðhafði sömu ósannindin, sem hér hefur reyndar verið svarað í þeim orðum sem hafa verið viðhöfð um viðtalið við formann þingflokks Framsfl. En báðir þessir menn hafa orðið berir að því að segja málgögnum sínum ósatt frá því sem hér fór fram, sögðu bókstaflega ósatt frá. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 1. þm. Vestf., að það lá engin sú nauðsyn fyrir að það þyrfti að keyra í gegn á örfáum klukkustundum þetta frv. t. d. sem við ræðum hér nú, um olíugjaldið til fiskiskipa. Það var engin ástæða til þess að ljúka því á þessum tíma. Nýtt fiskverð var gengið í gildi. Veiðibann stóð fyrir dyrum eftir nokkrar klukkustundir hjá meginþorra flotans. Það var ekkert sem kallaði svo á að þetta þyrfti að ske á þennan hátt.

Þetta m. a. sýnir okkur það, og reyndar líka aðdragandi þessa máls sem við erum að ræða hér, vinnan í Verðlagsráði sjávarútvegsins og svo síðar þessar deilur, sem eru þó ekki miklar deilur á þingmælikvarða, — þær umr., sem hafa orðið um þetta mál hér á þingi, sýna okkur hvað lýðræðið getur oft verið erfitt í framkvæmd fyrir okkur. Þess vegna ber að varast að menn eins og hv. þm., formenn þessara tveggja þingflokka sem ég vitna til, fái of mikil völd í þessu þjóðfélagi, — menn sem hafa talið það eina af sínum helgustu skyldum að vinna að því, að stofnun — ég kalla það stofnun — sem er lögverndud ekki aðeins í stjórnarskránni, heldur og í hinni almennu löggjöf, þingsköpunum, — þar á ég við þingflokkana — þessir menn hafa lagt sig fram um að reyna að kljúfa þá upp og gera þá að minni stofnunum en þeir eiga að vera og eru í raun í öllu starfi þingsins. Og það er leitt til þess að vita, þegar slíkir menn, sem eru kjörnir til trúnaðarstarfa í **þingflokkum, ganga fram fyrir skjöldu og segja ósatt** opinberlega um það sem fram fer hér í sölum Alþingis.

Hér hefur þetta mál verið rætt nokkuð ítarlega. Þegar ég ræddi málið við 1. umr. benti ég á þær missagnir sem hefðu komið ítrekað fram sérstaklega frá tveimur hæstv. ráðh. Framsfl., annars vegar viðskrh. í svari við fsp. hér á Alþingi fyrir nokkrum dögum og svo frá hæstv. sjútvrh. er hann lagði þetta mál fram, — missagnir varðandi tekjur sjómanna og af hverju þær væru svo háar sem þær eru. Ég gagnrýndi það harðlega, að það skyldi vera grundvöllur þess, að þeir fengju ekki fram sínar samn-

ingsbundnu og lögbundnu hækkanir eins og aðrir launþegar í þjóðfélaginu. Ég benti á það og sýndi dæmi þess, að þetta væri ekki í fyrsta skiptið nú á nokkrum misserum, nokkuð á annað ár, sem þeir væru beinlínis sviknir um það sem þeir ættu að fá samkv. lögum, heldur væru fleiri aðilar sjómannastéttarinnar, sem byggju við hið sama. Þar á ég við farmennina, sem lentu í því að fá á sig brbl. á s. l. ári af hendi vinstri stjórnar, þ. á m. sá hluti farmannastéttarinnar sem átti ekki í neinu verkfalli. En um leið og upp var staðið frá þeim brbl. þessarar ríkisstj. sveik hún meginhluta þeirra, sem m. a. var þó ástæða þess að lögunum var hlýtt. Eftir að búið var að svíkja fiskverðið ítrekað 1978 hóf vinstri stjórnin störf sín með því að svíkjast aftan að íslenskum fiskimönnum með því að lofa þeim svokölluðum félagsmálapakka. Og núv. hæstv. ríkisstj. virðist endanlega hafa svikið öll atriðin sem lofað var við afgreiðslu síðustu fjárlaga — endanlega svikið öll atriði sem komu fram í þeim loforðum. Um s. l. áramót var talið að íslenskir fiskimenn ættu að fá 13% fiskverðshækkun. Þeir fengu 11%. Nú var enginn sem bar á móti því, að samkv. sömu reglum og farið hefur verið eftir að undanförnu hefðu þeir átt að fá 6.67% hækkun, en þeir fengu 4%. Og af hverju fengu þeir ekki meira? Jú, vegna þess að oddamaðurinn, sem er einn fulltrúi þeirra þrýstihópa, sem eiga aðild að Verðlagsráði sjávarútvegsins, og ekki þess sem minnst vegur, fulltrúi ríkisstj., getum við sagt, hann beitti sér fyrir því að draga fram hverja skýrsluna á fætur annarri — meira en helming af öllum framlögðum gögnum í Verðlagsráði — sem voru dregnar fram til þess að sýna fram á það, hvað íslenskir fiskimenn hefðu haft miklar tekjur á s. l. ári.

Ég sýndi fram á það, af hverju þeir hefðu haft þessar miklu tekjur. Það væri vegna þess að þeir hefðu lagt á sig ómanneskjulega langan vinnutíma og það m. a. ásamt friðun miða og minni afla þess vegna sem þeir hefðu einir landsmanna orðið að taka á sig, þrátt fyrir það að öll þjóðin hefði notið góðs af því á sínum tíma þegar ofveiði var á þessum sömu miðum. Þá tók enginn af íslenskri þjóð, enginn af öðrum hópum íslenskra launþega þátt í þessari baráttu þeirra og útvegsmanna við að friða miðin. Svo þegar árangurinn loksins kemur og þeir þurfa að bæta við sig bæði lengri vinnutíma og auknum afköstum, þá er það talið eftir á þennan veg, að lögbundnar hækkanir, sem þeir eiga að fá og eru samningsbundnar, fá ekki að ganga til þeirra.

Ég benti á það oftar en einu sinni og það var eitt meginatriðið í minni ræðu, að ég væri að vara ríkisstj. við að fara þessa leið. Ég var ekki að hóta, eins og ég margtók fram, ég var að vara við að vega ítrekað í þennan sama knérunn, því að þetta er ekki rétt og allra síst hjá ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar sem hafa það að meginstefnuatriði að hvetja til aukinnar framleiðni í þjóðfélaginu.

Nú efa ég hins vegar að það sé nema mjög lítill hluti af þm. stjórnarliðsins sem skilji hvað framleiðni er. En það er afskaplega víðtækt hugtak, og eitt af því sem getur fallið undir það eru hvetjandi launakerfi. Þau geta verið hvetjandi bæði til þess að bæta gæði vörunnar, til þess að nýta hana betur og til þess að skila meiri afköstum. Og fleira má auðvitað telja. Það er hægt að ná fram aukinni framleiðni bæði með bættum og nýjum búnaði, með hagræðingu á vinnustað o. fl. En það er undarlegt, að þessi ríkisstj., sem hefur jafnoft og mikið bent á nauðsyn þess, að þjóðin öll og einstakar atvinnugreinar sérstaklega taki upp og bæti um í sínum framleiðsluháttum, auki framleiðni sína, hún skuli vera svona gjörsneydd þeirri grundvallarhugsun sem að baki aukinni framleiðni býr. Hún er auðvitað sú, að aðilar, sem stuðla að aukinni framleiðni, fái einhvers notið af þeim arði sem til skila *kemur vegna þessarar auknu framleiðni. Og það er* enginn vafi á því, að skiptaprósentan, aflahluturinn, eins og hann er byggður upp á fiskiskipunum, er líklega eitt elsta hvetjandi launakerfi sem við þekkjum hér á landi og hefur staðið af sér allar breytingar í grundvallaratriðum. Og þegar verið er — ekki aðeins á þessu sviði, heldur og kannske sérstaklega með nýrri og aftur nýrri og þyngri og aftur þyngri skattheimtu á þessa menn eins og aðra — að draga úr þeim hvata, sem er lagður til grundvallar í þessum launasamningum þeirra með skiptaprósentunni og um leið með fiskverðinu, þá er auðvitað hæstv. ríkisstj. að vinna á móti eigin stefnumáli — aukinni framleiðni.

Það undarlega — og það er í sjálfu sér eiginlega það eina, sem réttlætir það að hæstv. ríkisstj. og talsmenn hennar, sérstaklega þó hv. formenn þingflokkanna, leggja svona mikla áherslu á að ryðja þessu máli í gegnum þingið — er sú staðreynd, að þeir eru búnir að svíkja íslenska fiskimenn, ekki einu sinni og ekki tvisvar, heldur þrisvar á síðustu dögum, eins og við höfum fengið að heyra nokkrum sinnum, enda ekki ósvipaðir aðilar sem í hlut eiga. En þeir sviku líka og ætla sér að svíkja útgerðarmenn með samþykkt þessa frv. Að vísu hefur 1. þm. Vestf. talað mjög skýrt um það sem liggur að baki mót*mælum útgerðarmanna, og það er í fyllsta máta rétt* sem þar kemur fram, og það er auðvitað ekki hægt að þola það. Því miður lét hæstv. sjútvrh. glepjast af þeim rökum fulltrúa fiskvinnslunnar sem greiddi atkv. með fiskverðsákvörðuninni. Það er ekki hægt að þola að slíkir menn úti í bæ, fulltrúar þrýstihópa, geti komið þeirri skoðun inn hjá hæstv. ráðh., að ef þeir ákveði úti í bæ á *sínum þrýstihópsfundi að það eigi að segja upp samning*um, þá séu þeir um leið að taka ákvörðun um að segja upp íslenskum lögum. Það er grundvallarmisskilningur að þeir geti sagt upp lögunum um olíugjaldið sem við settum í janúar og settum í þeirri góðu trú, að þau ættu að gilda út það tímabil sem í þeim var tiltekið. Það er ekki á þeirra valdi, það er á okkar valdi hér á Alþingi. Þess *vegna verða þeir að taka því, hæstv. ráðh., að við viljum* fá að ræða það og við viljum fá skýringar á því, af hverju hlaupið er upp til handa og fóta aðeins nokkrum vikum eftir að Alþingi Íslendinga samþykkir samhljóða þessi lög um olíugjaldið í janúarmánuði, þá sé hlaupið upp til handa og fóta og því breytt og það eigi að húrra þessu í gegnum báðar deildir þingsins með einum skemmsta fyrirvara sem þekkst hefur í þingsögunni þegar um deilumál hefur verið að ræða. Ekki mátti minna vera en að fá fund í sjútvn. deildarinnar. Það var beðið um það, en svo mikið lá við í þessu máli, að það var — eins og oft er reyndar gert — haldinn sameiginlegur fundur í hv. sjútvn. beggja deildanna og þangað var þó hægt að fá fulltrúa aðila til viðræðu. Það var hægt að fá þangað formann Verðlagsráðsins, Jón Sigurðsson, og það var hægt að fá þangað fulltrúa sjómanna í yfirnefndinni, Ingólf Ingólfsson.

Ég hafði við 1. umr. málsins vakið athygli á og undrast að þessi maður, sem hafði verið harður á því að leggja fram og tala fyrir réttmætri kröfu fiskimanna um 6.67% hækkun, skyldi allt í einu með þögninni og hjásetunni

samþykkja 4%. Ég skýrði frá því, að formenn stærstu samtaka fiskimanna undruðust mjög að þessi fulltrúi sjómanna skyldi ekki láta a. m. k. koma frá sér grg. í sambandi við þetta atkv. sitt. Því var ekki undarlegt þótt við spyrðum við 1. umr. málsins: Hvað veldur þessu? Og hvað veldur því, að fulltrúi fiskvinnslunnar, sem tók endanlega ákvörðun með formanni, er búinn að bakka úr kröfu um 12% fiskverðslækkun og það er gengið til samninga um 4% fiskverðshækkun til sjómanna. Þetta er mikið bil sem þeir spanna, og við vildum að sjálfsögðu fá skýringu á þessu. Sumum þm. þykir hin mesta firra að við skulum spyrja um þetta.

Að vísu kom það fram hjá hæstv. sjútvrh., að það væru fjögur eða fimm atriði, sem hann taldi upp, sem þessir aðilar hefðu metið, en ekki voru allir mjög ánægðir þegar upp var staðið. Jafnvel umræddur fulltrúi fiskvinnslunnar, sem taldi lögmætt að segja upp íslenskum lögum á fundi úti í bæ, lét hafa eftir sér, þegar frv. var lagt fram og búið var að svíkja alla aðilana þrjá, — hann lét hafa eftir sér í vitali við Morgunblaðið, með leyfi hæstv. forseta. Fyrirsögnin er: „Árni Benediktsson um fiskverðsákvörðunina: Tel mig svikinn af ríkisstj." Árni Benediktsson er fulltrúi fiskvinnslunar sem er undir stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga, og hann segir orðrétt í þessu viðtali, með leyfi forseta:

„Sú skýring var gefin," sagði Árni, „að fjárlög væru svo til afgreidd, það væri búið að reikna með þessum tekjum í fjárlögunum og þau of langt komin til að hægt væri að taka þau upp. En nú gerist það eftir hádegið, þegar fiskverðsákvörðunin hefur verið tekin, að ríkisstj. ber fram á Alþ. frv. um sérstakt gjald vegna orkujöfnunar, þar sem fyrirhugað er að taka þó nokkra milljarða umfram það sem þarf til þeirra hluta, þannig að ég stend frammi fyrir því, að allt, sem sagt var í sambandi við þetta, er markleysa, og það er geymt en ekki gleymt," sagði þessi hv. framsóknarmaður, fulltrúi frystihúseigenda úti í bæ, sem vildi segja þar upp íslenskum lögum. Engan þarf því að undra, þótt formenn aðalþingflokkanna, sem styðja hæstv. ríkisstj., hafi viljað hleypa þessu sem fljótast fram hjá alþm.

Eg hef margoft lýst því yfir og ég minnist þess, að ég fagnaði því mikið þegar ég sá það í kosningabaráttunni til Alþ. árið 1978 — og var nú heldur litlu að fagna þá fyrir bæði mig og aðra — en ég fagnaði því að fá þó að sjá það, að Alþb. hafði tekið upp mjög ítarlega stefnu um það, hvernig mætti auka framleiðni í okkar þjóðfélagi. Það kitlaði hjarta mitt nokkuð, vegna þess að fyrir nær 20 árum var þetta eitt meginbaráttumál mitt og nokkurra góðra krata, sem þá fundust innan íslenskrar verkalýðshreyfingar, á alþýðusambandsþingum. Það var eitt meginmál mitt að koma ýmsum slíkum málum áleiðis. Ég taldi, að þarna væri um ómælda auðlegð að ræða fyrir íslenska launþega, og benti í tillöguflutningi mínum þar á ýmsar leiðir sem mætti fara í þessu skyni. Jafnframt var, að mig minnir, mitt fyrsta mál, sem ég flutti hér á Alþ., um samstarfsnefndir aðila á vinnumarkaðinum innan einstakra fyrirtækja og atvinnugreina, sem ég taldi nauðsynlegt að væru til þess að ná heils hugar samkomulagi um þessi mál.

Nú er það skrýtna við þetta, að það tekur þessa ágætu þm., fulltrúa Alþb., nær 20 ár að komast að þeirri niðurstöðu, að það sé eitthvert vit í þessu þrátt fyrir allt, sem reyndar var löngu orðið vel þekkt hér á Vesturlöndum, sérstaklega í háþróuðum iðnaðarríkjum eins og Bandaríkjunum, og mun flest af þessu upprunnið þaðan sem önnur iðnaðarríki hafa tekið upp endurbætt og aukið, t. d. í Japan og Svíþjóð.

En það, sem þurfti til að Alþb.-mennirnir tóku þetta upp, var auðvitað það, að þeir voru komnir í mikla þröng í svokölluðum austantjaldsríkjum með sína framleiðslu og þeir leituðu fyrirmynda í hinum vestræna heimi iðnaðarþjóðanna, hvað mætti gera til þess að betrumbæta eigin framleiðslu og auka framleiðnina. Og þegar þeir voru búnir að taka þetta upp á sínum vinnustöðum, innan sinna fyrirtækja og í mörgum greinum síns atvinnulífs, og þegar búið var að reyna það nokkurn tíma þarna fyrir austan, þá var það orðið afskaplega gott og þá þótti Alþb. sjálfsagt að taka þessi mál upp í sína kosningastefnuskrá. Það er mjög gott og ég virði það mikils, jafnvel þótt málefnið hafi þurft að taka á sig þennan stóra austurkrók.

Hins vegar er ekki hægt, eins og þeir gerðu í sinni kosningastefnuskrá, að gera áætlanir og slá um leið einhverju föstu um skjótfenginn gróða af slíkum aðgerðum. Það verður ekki gert, hvorki hér né þar, það verða menn að skilja. Það tekur tíma og það kostar líka fjármuni. Og vegna þess að ég veit að hæstv. forsrh. skilur þessi mál vel, vona ég að núv. hæstv. ríkisstj. falli ekki í það fen, eins og margar fyrri ríkisstj., að láta fjármuni, sem eiga að fara til framleiðniaukandi aðgerða, fara í steinsteypu víðs vegar um land.

En um leið og talað er um þessi mál, framleiðnimálin og hvetjandi launakerfi, en fiskimannasamningar teljast til slíkra launakerfa, — þá vaknar auðvitað sú spurning, hvenær og hvernig núv. hæstv. ríkisstj. ætli sér í samráð við samstarfsmenn sína í Vinnuveitendasambandi Íslands að koma á einhverjum marktækum framleiðnimælingum. Ég heyri hvergi getið um það. En þegar þær eru orðnar svo marktækar, að þær eru áþreifanlegar fyrir þá sem ná þessu m. a. fram með lengingu vinnutíma og aukningu afkasta, ef þá þarf að fara að skera af þeim, þá er kannske ekki nema von að hinn almenni launþegi kæri sig ekkert um slíka aukna framleiðni. Ég held að þetta atriði ætti að vera hæstv. ríkisstj. til nokkurrar athugunar þegar hún fer inn á sína braut til aukinna efnahagsframfara, aukinnar framleiðni, ekki aðeins innan einstakra starfsgreina, heldur og fyrirtækja og hjá þjóðinni allri.

Ég segi nú eins og fyrri ræðumaður hér, að það er í sjálfu sér ekki mikil ástæða til þess — þegar við höfum fengið ákveðin svör við ákveðnum atriðum — að vera að lengja þessar umr., og það hefur aldrei staðið til að lengja þær umfram þörf. En ég var kominn þar í mínu máli í sambandi við fund í sjútvn. beggja deilda, að ég skýrði frá því, hverjir hefðu verið þar á fundi. Þar var fulltrúi sjómanna og ég fékk hjá honum, þegar hann svaraði nefndarmönnum spurningum, nokkrar skýringar á því, af hverju hann hefði setið hjá í atkvgr. sinni um þetta fiskverð. Hann sagði að hann hefði gert það m. a. til að fyrirbyggja að það yrði fiskverðslaust áfram, því að hann sagði að það væri ekki fyrirsjáanleg nein önnur lausn. Hann sagði enn fremur: Það tók ríkisstj. mánuð að koma sér saman um það sem þarna var gert. Og hvað hefði skeð ef ég hefði fellt málið? Þessi fulltrúi sjómanna, sem er fulltrúi allra fiskimannasamtaka landsins í yfirnefnd Verðlagsráðsins, sagði að ekki í eitt einasta skipti hefði einn einasti ráðh., hvorki sjútvrh. né aðrir, sýnt sér sem slíkum þá virðingu að tala við sig um lausn þessa máls.

Kannske hefði mátt bjóða eitthvert smáhorn af félagsmálapakka til þess að ná málinu í höfn. En þeir eru svo algjörlega búnir að strika yfir þau loforð sín, hæstv. ráðh., að þeir bjóða það ekki lengur.

En hann skýrði líka frá því, og það skýrir auðvitað enn betur það óréttlæti sem nú á að beita gagnvart útgerðarmönnum, — hann skýrði frá því, að fulltrúar sjómanna í Verðlagsráðinu hefðu ekki lagt fram kröfur um lækkun olíugjaldsins, af því að þeir hefðu talið þetta vera — þannig skildi ég manninn — þeir hefðu talið þetta vera lög frá Alþingi Íslendinga sem ættu að gilda fyrir þetta ákveðna tímabil sem lögin tiltóku. Þeir voru ekki að leggja til að breyta lögbundnum samningum. Íslenskir sjómenn eru nefnilega búnir að fá allt of mikið af því frá þessari hv. stofnun, Alþingi Íslendinga, og frá ríkisstj., síðustu ríkisstj. sérstaklega og reyndar mörgum fyrrv. einnig, að samningar þeirra séu gerðir marklausir með ákvörðunum þessara aðila.

Það kom líka fram á þessum nefndarfundi, að ekki hefði í sjálfu sér verið deila innan nefndarinnar um lögmæti þessarar fiskverðsákvörðunar Verðlagsráðs. Nú væri sjálfsagt ástæða til þess að tala langt mál um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Ég var einn af þeim sem áttu þátt í því hér á Alþ. árið 1961 að setja lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins, og það eru ekki mjög margir þm. enn hér sem áttu þátt í því á sínum tíma eða gerð næstu breytinga sem urðu á lögunum þar á eftir. Hins vegar eiga menn sæti hér á þingi nú sem unnu að gerð þessa samkomulags utan þings, svo að þeir þekkja það jafnvel og ég. En þó að ég hafi gagnrýnt mjög niðurstöður úr dómi yfirnefndar í Verðlagsráði sjávarútvegsins, þá hef ég margoft bent á það, að á meðan við höfum ekki annað betra kerfi til að fara eftir verðum við bæði að fara með fullri gát í gagnrýni okkar og í ýmsum tillögum sem gætu valdið niðurrifi þessa ráðs og jafnvel að það leystist upp. En um það verður ekki sakast við okkur fulltrúa sjómanna, heldur miklu frekar ráðandi stjórnvöld á hverjum tíma, ráðh., ríkisstj. og meiri hl. á Alþ.

Í sjálfu sér er full ástæða til í þessu sambandi að benda sjómönnum á að það eru miklu fleiri atriði, sem munu marka og ákveða þeirra launatekjur, heldur en sjálft fiskverðið. Það eru að sjálfsögðu samningar þeirra í heild og skiptaprósentan sem þarna vega þyngst ásamt fiskverðinu, en það er auðvitað miklu meira. Það hefur verið í þessum umr. getið um nokkur atriði. Á þeim áratug sem viðreisnarstjórnin var við völd, jukust áhrif þessara stétta. Þá jukust áhrif þeirra á ýmsar gerðir, sem hafa óbeint með að gera kjör þeirra og laun þegar upp er staðið, m. a. tillögugerð og ákvarðanir um aflatakmarkanir, og um það, hvernig því fé er varið sem tekið er af útveginum í útflutningssjóð, sem er gífurlega þýðingarmikið að sé varið á réttan hátt. Sjómenn hafa þar nú fulltrúa til að segja sínar skoðanir á því, hvernig þar eigi að standa að málum. Og fleira má benda á sem þeir verða að meta um leið og fiskverðið sjálft og skiptaprósentuna, ekki síst þá skatta sem á þá eins og aðra landsmenn eru lagðir, þótt þeir hafi nokkur fríðindi umfram aðra, sem virðist ekki veita af þegar horft er á þá þróun sem hefur orðið í launahlutfalli á milli þeirra og annarra þegna þjóðfélagsins á liðnum árum og kemur einmitt mjög skýrt fram í skýrslum þeim sem við höfum í höndunum frá Verðlagsráði sjávarútvegsins. Það er rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan, að þetta hlutfall hélst á árunum frá 1974 og fram eftir árinu 1978 á þann veg, að hlutfall fiskimanna var nokkru hærra en annarra viðmiðunarstétta. En þetta hefur snúist við síðan og þeir hafa alltaf verið undir síðan. Við skulum ekki gleyma því, að það er þannig með okkar sjávarútveg og kannske sérstaklega þá með okkar fiskimenn, að allir aðrir í þessu þjóðfélagi taka sitt á þurru áður en kemur að þeim. Og þær björgunaraðgerðir svokallaðar, sem fiskveiðar og útgerð þurfa á að halda í okkar þjóðfélagi, eru nær allar í formi tilfærslna innan greinarinnar sjálfrar. Það er ekki eins og með sumar aðrar atvinnugreinar, að það sé tekið af skattfé almennings. Þetta er tilfærsla innan greinarinnar sjálfrar. Og það er þess vegna enn grátlegra að hugsa til þess, þegar menn, sem virðast ekki vilja skilja vandamál þessara aðila, eru að leggja mat sitt á þessi mál eins og þeir væru að meta hross á uppboði. (**Gripið fram í:** Talaðu vel um hrossin.) Já, ég tala vel um hrossin.

Það kom fram ósk um það á fundi hv. sjútvn., að n. fengi á sinn fund fulltrúa hagsmunasamtaka sjómanna. Og það var óskað sérstaklega eftir formönnum landssamtaka sjómanna: formanni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og formanni Sjómannasambands Íslands. Við þessu vildi meiri hl. n., fulltrúar stjórnarflokkanna með formann þingflokks Framsfl., varaformann sjútvn. Nd., í broddi fylkingar, ekki verða, neitaði og taldi það algeran óþarfa, enda má til sanns vegar færa að það hafi verið óþarfi, hafandi það í huga að sama dag bárust þinginu mótmæli tveggja landssamtaka launafólks, ekki út af fiskverðinu, nei, út af öðrum málum sem varða að vísu sjómenn einnig og sjómannafjölskyldur. Þau voru gegn þessari gegndarlausu nýju skattpíningu sem núv. hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar standa fyrir með gerðum sínum hér á Alþ. Ég skal ekki þreyta þm. með því að lesa enn einu sinni þessi mótmæli frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Ég tel þó að þau mótmæli mætti lesa kvölds og morgna ekki síður en málefnaskrá hæstv. ríkisstj., því að þessi mótmæli eru vissulega víti til varnaðar að mínu mati. Að sjálfsögðu vitum við hvað hefði komið fram ef við hefðum fengið fulltrúa sjómannasamtaka á þennan fund. Við hefðum fengið ný og enn sterkari mótmæli. Þessi mótmæli hafa legið fyrir svo mánuðum skiptir í sambandi við fyrri fiskverðsákvarðanir, í sambandi við fyrri skil hæstv. fyrri ríkisstj. gagnvart sjómönnum og samningum þeirra.

Ég skal að þessu sinni ekki hafa orð mín öllu lengri, herra forseti, enda hlíti ég því, eins og við aðrir þm. Sjálfstfl., þegar samkomulag er gert sem er byggt á venjum og lögum þingsins, sem við förum eftir, — ég hlíti þeim eins og sjálfsagt er að gera. Ég skal því ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, þótt ærin ástæða væri til þess að fara fleiri orðum ekki aðeins um fiskverðið sjálft eins og það verður núna, heldur um leið önnur vandamál sem varða þessa grein, þessa þýðingarmestu grein okkar atvinnuvega, — vandamál sem einmitt hafa verið að koma fram í dagsljósið að undanförnu, ekki aðeins í máli hæstv. sjútvrh., heldur og í máli ýmissa forustumanna þeirra hagsmunahópa sem hlut eiga að máli.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, þá er full ástæða til þess að lýsa furðu sinni á þeim ummælum sem hv. þm., formenn þingflokka, bæði Framsfl. og Alþb., hafa látið eftir sér hafa í viðtölum við blöð nú rétt fyrir páskahelgina. Að vísu kemur mér ekkert á óvart það sem haft er eftir hv. þm. Ólafi Ragnari

Grímssyni, formanni þingflokks Alþb. Maður er ýmsu vanur úr þeirri átt og býst við ýmsu þaðan. En það vekur meiri furðu mína, að jafngrandvar þm. og hv. þm. Páll Pétursson hefur verið til þessa — líklega er hann að spillast — skuli bera á borð þau ósannindi, ég vil kalla það bein ósannindi, sem eftir honum eru höfð í Tímanum s. l. fimmtudag.

Það er furðulegt að lesa það haft eftir Ólafi Ragnari Grímssyni í Þjóðviljanum, að stjórnarandstaðan — þar leggur hann alla stjórnarandstöðuna undir einn hatt — sé með málþóf og sé að tefja mál eins og það sem hér er nú á dagskrá í sambandi við olíugjaldið. Ég veit ekki til þess að einn einasti þm. t. d. úr Alþfl. hafi talað um það mál nema örfá orð við 1. umr. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu eins og góðum mönnum ber að gera. En mér er ekki kunnugt um að nokkur þm. Alþfl. hafi talað í því máli að undanskildum þessum örfáu orðum við 1. umr. málsins hér í d. Þó lýsir hv. þm. Ólafur Ragnar því yfir, að við höfum staðið að málþófi og verið að tefja þetta mál.

Það tekur því kannske ekki að vera að elta frekar ólar við eða ræða ummæli þessara hv. þm. Vonandi verður þetta víti þeim til varnaðar svo að þeir sjái að sér og bæti sinn málflutning. En þetta er a. m. k. að mínu viti ekki til þess að stuðla að því, að mál eigi greiðari gang hér í gegnum þingið, ef um deilumál er að ræða á annað borð. Það er enn þá furðulegra að sjá þetta, lesa og heyra þegar til þess er litið, að ég veit ekki betur en ég sé aðili að meirihlutaáliti nefndar varðandi þetta mál. Þó er okkur borið það á brýn, Alþfl.-mönnum, að við höldum uppi málþófi og tefjum málið í meðferð þingsins. Það má segja, að sjaldan launar kálfur ofeldið í þessu sem og öðru. En ekki meira um það í bili a. m. k.

Eins og fram kemur á þskj. 278, nál. meiri hl. sjútvn., hef ég skrifað undir það álit með fyrirvara. Ekki ætla ég að standa að málþófi nú, en ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir því, vegna hvers ég hafði fyrirvara á þessari uppáskrift.

Ég greindi frá því við 1. umr. málsins, að auðvitað mætti um það deila og auðvitað hefðu sjómenn óskað þess, að hærra fiskverð hefði verið ákveðið nú eins og oft áður. Það er engin spurning um það. Hitt sagði ég sem mitt álit, að lækkunin á olíugjaldinu yrði metin að mínu viti af hálfu sjómanna sem nokkuð upp í hærri fiskverðsákvörðun heldur en þau 4% sem ákvörðuð voru í Verðlagsráði. Ég skal ekki fara frekar út í þá sálma hér. En ég er þeirrar skoðunar, að sjómenn almennt og sjómannasamtökin hafi verið andvíg olíugjaldinu og telji að það eigi að afnema. M. a. er sú deila, sem risin er nú á Ísafirði og víðar á Vestfjörðum, til komin vegna olíugjaldsins. Eftir að endurskoðun sjóðakerfisins var lokið vilja sjómenn koma í veg fyrir að aftur verði byrjað að hlaða upp sjóðakerfi gagnvart sjávarútveginum. En ég skal ekki ræða meira um það.

Ástæðurnar fyrir því, að ég skrifaði upp á þetta nál. með fyrirvara, eru raunar tvær, kannske þrjár ef grannt er skoðað. Eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson kom að áðan, þá gerðist það á fundi í sjútvn. beggja d., að fulltrúi sjómannasamtakanna í Verðlagsráði, fyrrv. forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Ingólfur Ingólfsson, upplýsti það, sem er furðulegt að mínu viti að heyra, að hæstv. sjútvrh. hefði ekki á neinu stigi máls haft samráð við fulltrúa sjómannasamtakanna varðandi verðlagninguna og ef ég man rétt hefði hann meira að segja neitað viðtali við hann. (**Sjútvrh.:** Það er alrangt.) Ég held ég muni þetta rétt, ég skal ekki fullyrða um það. Sé það rangt munað, þá leiðréttist það væntanlega. Ég man ekki betur en að þetta kæmi fram á fundi. En það er furðulegt að heyra þessa afstöðu. Það er nóg í mínum huga að fá yfirlýsingu um það, að hæstv. sjútvrh. hafi ekki á neinu stigi máls haft samráð við fulltrúa sjómannasamtakanna um verðlagninguna, þó að við látum hitt liggja á milli hluta. Enn þá furðulegra er að þetta skuli eiga sér stað í ríkisstj. sem hefur í sínum sáttmála sem eitt meginmarkmið að hafa samráð við fulltrúa launafólks í landinu í sambandi við ákvörðun í launa- og efnahagsmálum. Og enn frekar er þetta óskiljanlegt þegar í gildi eru í landinu lög sem kveða svo á að hafa beri slíkt samráð. Það er skylda. Það er lagaskylda. Og í þessu tilfelli fremur hæstv. sjútvrh. — sem fer með þetta mál, málið heyrir undir hann — þá fremur hann lagabrot með því að hafa ekki samráð við aðila í þessu efni sem og mörgum öðrum, eins og hér hefur komið fram í umr. Þetta er furðulegt. Ég vil við þessa umr. lýsa furðu minni á því, að menn skuli standa þannig að málum, beinlínis egna upp á sig andóf og andspyrnu vegna þess að menn sinni ekki eðlilegum umgengnisvenjum við fulltrúa launafólks í þessu máli.

Ég minnist þess frá framboðsfundum á Vestfjörðum á s. l. hausti, að það var aldeilis ekki þetta hljóð í núv. hæstv. sjútvrh. þá, þegar hann lýsti því fjálglega yfir, ekki bara á einum fundi, heldur mörgum og margoft, að hann legði megináherslu á að hafa fullt og gott samráð við fulltrúa launafólks um ákvörðun mála sem þessa. En það virðist ekki eiga við þegar hæstv. ráðh. sjálfur er kominn í þá aðstöðu að eiga að sinna þeirri skyldu að hafa þetta samráð. Þá er það ekki gert.

Í öðru lagi vil ég greina frá því, að mér fannst það afar ólýðræðislega með málið farið og óeðlilega af hálfu stjórnarliða í sjútvn. að neita því beinlínis að forseti Sjómannasambands Íslands og forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands kæmu á fund n. til þess að n. gæti kynnt sér viðhorf þessara manna, fulltrúa sjómannasamtakanna í landinu, til þessa máls. Og enn og aftur skal vitnað til þess, að það er beinlínis lagaskylda að hafa slíkt samráð. En því var hafnað af stjórnarliðinu í n., að þessir aðilar yrðu kvaddir til fundar við nefndina. Þessu ber auðvitað að mótmæla. Þetta eru óeðlileg og óæskileg vinnubrögð og til þess eins fallin að fá upp enn meiri togstreitu og andúð, og ætti að vera augljóst að slíkt er ekki til þess fallið að greiða fyrir framgangi máls sem þessa, sem er vissulega deilumál í þinginu.

Það væri kannske full ástæða til þess að segja meira um þetta hér. En ég vil að síðustu að gefnu tilefni, vegna þess að ég tel að það heyri til þessu máli, spyrja hæstv. sjútvrh. um það — eða hæstv. forsrh. kannske ekki síður, hver meining hæstv. ríkisstj. sé í að standa við þau fyrirheit sem gefin voru sjómannasamtökunum vegna samninganna haustið 1978 um hinn margumtalaða félagsmálapakka. Hér liggja nú í þinginu a. m. k. tvö frv. sem lögð voru fram af starfsstjórn Alþfl. og snerta það að staðið verði við þessi gefnu fyrirheit. Annað frv. varðar sjómannalögin, fjallar um veikindagreiðslur til sjómanna til samræmis við það sem var í félagsmálapakka til landverkafólks, en hitt varðar lögin um lögskráningu sjómanna. Að þessu leyti hefur ekki verið efnt það loforð sem sjómannasamtökunum var gefið haustið 1978.

Til viðbótar þessu er rétt að forvitnast um hvað hæstv. ríkisstj. ætlast fyrir um efndir á þriðja loforðinu, varð-

andi sjómannastofur. Í félagsmálapakkanum var líka loforð til sjómannasamtakanna um að gert yrði átak til þess að greiða fyrir byggingu sjómannastofa víðs vegar á landinu. Að tilhlutan Alþfl.-stjórnarinnar voru settar í þetta um 28 millj. í árslok 1979, ef ég man rétt. Ekkert er í fjárlögum ársins 1980 til þessa verkefnis og það var fellt hér af stjórnarliðinu við 3. umr. fjárlaga að taka inn fjárhæð til þessa verkefnis, sem er beinlínis loforð stjórnvalda til sjómanna. Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh. — eða hæstv. forsrh., sem ég hef meiri trú á að mundi svara: Ætlar hann að beita sér fyrir því, að við þessi gefnu loforð til sjómannasamtakanna verði staðið, eða á enn einu sinni að svíkja það sem sjómönnum hefur verið lofað? Ég vænti þess, að annar hvor hæstv. ráðh. veiti svör við þessum spurningum. Það er nauðsynlegt að fá það fram, það tilheyrir þessu máli, hvort á að standa við þessi gefnu fyrirheit eða ekki. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi yfirlýsingu um það, helst á þá leið að við þetta verði staðið.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Út af spurningum hv. þm. Karvels Pálmasonar vil ég fyrst segja það, að eins og kom fram hjá honum eru í þinginu tvö frv. sem eru úr sjómannapakkanum. Þau voru lögð fram af fyrrv. hæstv. samgrh. og ég fagna því. Ég hef síðan átt einn fund með fulltrúum sjómanna og ASÍ, sem hafa mótmælt mjög harðlega frv. um breyt. á sjómannalögum, því miður mjög harðlega, og hafa afhent mér víðtækar aths. við það frv. og reyndar fullyrt við mig, að þar sé nánast í einu og öllu farið að till. LÍÚ, en ekki sjómanna. Ég ræddi strax í beinu framhaldi af þessu við formann þeirrar nefndar, sem er með frv., og óskaði eftir því, að formaður sjómannasamtakanna og fulltrúar ASÍ yrðu kvaddir á nefndarfund svo að þeir gætu gert grein fyrir þeim breyt. sem þeir telja nauðsynlegar á því frv. Ég harma að svona skyldi til takast, en mér sýndist það vera fljótlegri leið til að mæta — eins og þingið telur þá rétt — óskum sjómanna en að fara að leggja fram nýtt frv., sem kom til greina, því að það fyrra er komið til nefndar.

Um frv. um lögskráningu mun ekki vera sérstakur ágreiningur enda minni háttar mál. En áformin um sjómannastofur er vitanlega sjálfsagt að standa við og ég veit ekki betur en fullur vilji sé til þess að standa við þau.

Stærsta málið var breytingin á sjómannalögunum og það er afar slæmt að svo skyldi til takast sem ég hef rakið. En ég vænti þess, að sú hv. n., sem er með málið í Ed., taki það til meðferðar og lagi það.

Hér hafa ýmsir gert að umræðuefni samráð við sjómenn og yfirleitt við menn í Verðlagsráði sjávarútvegsins, m. a. hv. 1. þm. Vestf., sem að venju er ekki í þingsal þegar verið er að svara honum. En ég vil segja öðrum, að ég átti einn fund með öllum þessum aðilum. Ég átti einn fund með fulltrúum útvegsmanna og sjómanna saman. Og ef menn óska að fá að vita nákvæmlega dag og stund á þeim fundi, þá get ég upplýst það. Og mér þykir satt að segja undarlegt að það skyldi ekki koma fram hjá þeim. Ég átti einn slíkan fund þar sem þeir gerðu mér grein fyrir kröfum sínum og á hverju þær væru byggðar. Ég átti einn fund með fulltrúum fiskvinnslunnar. Hins vegar vil ég lýsa þeirri skoðun minni og skýra þá staðreynd, að fulltrúi ríkisstj. í Verðlagsráði er oddamaður, þaulkunnugur þessum málum, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, hinn mætasti maður, hygg ég að síðasti hv. ræðumaður geti tekið undir með mér. Hann situr á stöðugum fundum með hverjum einstökum þessum aðila og gerir ráðh. síðan grein fyrir því, hvernig málin horfa við. Ég er satt að segja ekki viss um að rétt sé að ráðh. sé að grípa fram fyrir hendur á þeim manni nema hann óski þess. Hann óskaði eftir því í einu tilfelli að ég staðfesti ákveðna hluti sem hann taldi að gætu orðið til samkomulags. Ég varð þegar við því og þar á ég við fiskvinnsluna. (Gripið fram í.) Hann skýrði mér jafnframt frá því, að hann hefði í samráði við fulltrúa sjómanna fengið vilyrði fyrir ákveðinni lausn, sem hann taldi að lægi á borðinu ef vissir hlutir gengju fram gagnvart fiskvinnslunni. Ég er því dálítið ósammála því sem hér hefur verið haldið fram. Að sjálfsögðu á ráðh. að koma til skjalanna, ef nauðsynlegt er til að leysa mál. Þetta lá fyrir, að þeir mundu fallast á ákveðna lausn með hjásetu sinni, þá lausn sem varð ofan á. Ég vil jafnframt geta þess, að ég átti fundi með formanni LÍÚ, sem hafði tjáð sig á móti, og það var athugað hvort einhver grundvöllur væri til að fá því breytt, en það reyndist ekki vera. Það er nú svona, sumir vilja vera með nefið í hvers manns koppi, en ég er ekki viss um að það sé æskilegasta leiðin í svona málum. Ég held að það sé réttara að treysta svo færum manni sem fulltrúa ríkisstj. og oddamanni í nefndinni til að fara sem mest með þetta mál, en vera reiðubúinn til, eins og ég sagði, að koma til skjalanna ef hann óskar og telur það nauðsynlegt. Þetta er sá starfsháttur sem ég tel eðlilegan. Aðrir kunna að vilja hafa annan hátt á e. t. v. að ráðh. taki sæti oddamannsins í nefndinni. En ég er ekki þeirrar skoðunar.

Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál. Þær eru orðnar langar, ef páskar eru meðtaldir. En ég skal ekki vera að kenna neinum um þá töf út af fyrir sig. Ég ítreka það sem ég hef sagt áður, að ég tel afar æskilegt að þetta mál verði afgreitt án tafar, og ég veit að það verður, því að um það hefur orðið samkomulag og fagna ég því.

Ég ætla ekki að gera önnur atriði að umræðuefni utan eitt. Menn hafa deilt um það, hvort með þessu frv. séu brotnir samningar á útvegsmönnum. Ég hef einnig, frá því að umr. urðu fyrir páska, rætt við lögfróðustu menn um það, hvernig þeir líti á slíkt. Ég endurtek það sem ég sagði þá, að ekki einn einasti þeirra hefur tjáð mér að hann liti svo á að samningar væru brotnir. Lögin, sem sett voru í janúar, voru til staðfestingar á samningi fjögurra aðila. Tveir aðilar sögðu þeim grundvelli upp sem lögin voru á byggð, og því er forsenda fyrir þeim lögum brostin. Lögin eru til eins árs og með þeim rökstuðningi sem hér hefur komið fram má vitanlega hugsa sér að einn aðili hefði nánast neitunarvald um hvers konar breytingar á þeim lögum, t. d. formaður eða fulltrúi útvegsmanna, hann hefði þar með neitunarvald samkv. þeim rökum sem hér hafa komið fram. Ég vil láta þess getið, að ég kannaði þetta bæði fyrir og eftir þær umr. sem urðu síðast um málið. Allir hinir lögfróðustu menn hafa tjáð mér að því verði alls ekki haldið fram, að gengið sé á bak þeirra orða sem þá voru gefin, því að þau voru byggð á þessum grundvelli sem ég hef hér nefnt.

Margt fleira hefur komið fram í þessum umr., og mér skilst að menn hefðu sumir hverjir talið þann kostinn vænstan að fallast á 6.67% hækkun. Um það hefði getað orðið samstaða við sjómenn og útvegsmenn. Ég hef vakið athygli á því, að því hefði fylgt að sjálfsögðu verulega meiri leiðrétting gagnvart fiskvinnslunni, sem

að sjálfsögðu hefði haft í för með sér meiri hækkun verðbólgu, ég held að menn þurfi ekki að deila um það.

Ég ætla alls ekki að fara að gera mikið úr launum sjómanna, langt frá því. Þeir eru sannarlega þess verðugir sem þeir fá, á því er ekki nokkur vafi. Ég vil hins vegar segja það, að í öllum svona samningum er vitanlega jafnframt skoðað hvort rauntekjur hafa aukist og hvort að einhverju leyti megi rekja þær til meiri framleiðni, bættrar aðstöðu o. s. frv., og ýmsir telja að það megi í þessu tilfelli. Hv. 1. landsk. þm. er því ósammála. Hann þekkir þessi mál og ég er ekki að vefengja rök hans fyrir því. En aðrir, sem eru þessu ekki síður kunnugir, hafa haft aðra skoðun.

Ýmislegt var það í ræðu hv. 1. þm. Vestf., sem gaman hefði verið að ræða. Ég veit að hann er manna fróðastur um sjávarútveg, enda kom það mjög rækilega fram í ræðu hans að fáir aðrir viti svo mikið sem hann, ég tala nú ekki um hæstv. forsrh. Hann veit að hans mati ekkert um sjávarútvegsmál. Ég held nú satt að segja að hér sé um svo viðkvæm mál að ræða, að menn eigi ekki að vera með slíkan málflutning, og von mín að ekki verði miklu meira af því hér.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem fram kom hjá hæstv. ráðh.

Það kemur mér á óvart, ef það liggur nú fyrir að fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands hafi mótmælt þeirri leiðréttingu sem gera á á sjómannalögunum til samræmis við það sem lofað var sjómönnum með félagsmálapakka. (Gripið fram í.) Ég veit ekki betur en margnefnt frv. sé efnislega það sem sjómönnum var lofað. Ég veit ekki betur. Ef fulltrúar Alþýðusambands Íslands eiga að breyta því, þá kemur mér það undarlega fyrir sjónir. Það á að standa við og framkvæma það sem sjómönnum var lofað, burt séð frá því hvað fulltrúar Alþýðusambands Íslands segja. Það er ekki þeirra mál. Hafi verið búið að lofa sjómönnum þessu, þá á að standa við það.

Mér fannst hæstv. ráðh. vera hálfloðinn í svörunum við því, hvort ætti að standa við hin gefnu fyrirheit varðandi sjómannastofurnar. Það er æðimikill munur á því, að telja æskilegt að það verði gert, eða lýsa því yfir, að það verði gert. Og það er það sem ég er að biðja um. Ætlar hæstv. ríkisstj. að standa við það loforð að það verði gert? Engin spurning er um það, hvað þeim þyki æskilegt. Spurningin er bara: Verður þetta gert?

Svo að vikið sé að samráðstalinu, þá held ég að ég muni það rétt, að fulltrúi sjómanna í Verðlagsráði lýsti því yfir, að núv. hæstv. sjútvrh. væri sá eini sjútvrh., sem gegnt hefði því starfi meðan hann hefur haft afskipti af þessum málum, sem hefði ekki haft samráð við fulltrúa sjómanna. Það getur svo verið matsatriði, hvort hæstv. ráðh. hverju sinni finnst að það eigi að hafa slíkt samráð eða ekki. En sé það rétt, sem núv. hæstv. ráðh. telur, að það sé a. m. k. vafamál að hafa beri þetta samráð, þá hafa hinir allir verið á villigötum, því að þeir höfðu þessi samráð. Það er ekki verið að fara fram á það við hæstv. núv. sjútvrh., að hann taki sæti oddamanns í yfirnefnd. Það er síður en svo. En það er óeðlilegt að viðkomandi ráðh., sem málið heyrir undir, sé ekki í nánu samráði við fulltrúa þeirra hagsmunahópa sem eru að vinna að lausn málsins hverju sinni. Það er óeðlilegt við málið. Það er enginn að biðja hann um að grípa fram fyrir hendur oddamanns í nefndinni. Hann gerir það að sjálfsögðu ef honum þykir ástæða til. En það er skylda hans sem og annarra ráðh. samkv. núgildandi lögum að hafa þetta samráð. Og það er það sem verið er að fara fram á. Það er það sem launþegasamtökin fara fram á, og það er það sem þau ætlast til að verði gert, að framfylgt verði þeim lögum sem eru í landinu um þau efni.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Örstutt aths. — Ég get að vísu ekki lýst undrun minni á því, að erfiðlega gengur stundum að koma því til skila við hv. þm. sem rétt og satt er. Ég sagði áðan að formaður sjómannasamtakanna, Óskar Vigfússon, gekk á minn fund. Hann er ekki fulltrúi ASÍ. Og ég vil ráðleggja hv. þm. að tala við Óskar. Ég veit að Óskar getur endurtekið þau harðorðu mótmæli sem hann hafði við mig. Það er langbest að hafa það þannig, og ég vil hér með skora á hv. þm. að gera það. Með honum voru jafnframt Snorri Jónsson, Ásmundur Stefánsson o. fl. Ég vil því eindregið beina því til hv. þm., að hann geri það. Þá þurfum við ekki að deila um það hér úr þessum ræðustól. En þetta voru hinar hörðustu aths. og vöktu undrun mína og vonbrigði, — veruleg vonbrigði.

Um samráðið ætla ég ekki að tala meira, nema segja þetta: Vitanlega er víðtækt samráð haft. Það segir hvergi í lögunum að ráðh. eigi endilega að vera í því. Samráð er haft í gegnum fulltrúa ríkisstj. í hinum ýmsu nefndum, ekki síst í því sem hér er um að ræða, og mjög víðtækt. Ráðh. á fyrst og fremst að standa að baki og vera til aðstoðar þeim manni sem er fulltrúi ríkisvaldsins. Læt ég útrætt um það.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Örfá orð vegna þess sem hæstv. samgrh. sagði um afstöðu sjómannasamtakanna til frv. til l. um breytingu á sjómannalögum. Að frv. sé byggt á till. LÍÚ, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh., er auðvitað hrein firra. LÍÚ er eðlilega andvígt öllum atriðum frv., þó mismunandi mikið andvígt hinum ýmsu greinum þess.

Um frv. var haft mjög víðtækt samráð við alla aðila, og þá fyrst og fremst fulltrúa sjómannasamtakanna, og ótal fundir haldnir með þeim, bæði hverjum fyrir sig og sameiginlega. Þess var freistað að ná sem allra víðtækastri samstöðu aðila og þá jafnframt reynt að taka tillit til þeirra atriða sem LÍÚ hafði mest á hornum sér. Þetta var gert í þeim tilgangi fyrst og fremst að freista þess að málið næði fram að ganga á hinu háa Alþingi.

Það voru tvö atriði sem ágreiningur var einkum um.

Í fyrsta lagi vildu fulltrúar sjómanna að staðgengisreglan gilti ávallt, einnig í hinum mjög svo lengdu tímabilum sem sjómenn eiga að fá kaup í veikinda- og slysatilfellum ef frv. verður að lögum. Á þetta gat ég ekki fallist, enda ekki í samræmi við sambærileg lög sem sett voru vorið 1979 vegna landverkafólks.

Í öðru lagi — og það var í reynd aðalágreiningsatriðið — hvernig fara skyldi með tímabil þegar veiðar eru að tilstuðlan stjórnvalda bannaðar. Fulltrúar sjómanna vildu eðlilega að staðgengisreglan gilti á þessum tímabilum. Fulltrúar LÍÚ voru alfarið andvígir því og töldu sig hafa ýmis ráð til að komast fram hjá slíkum lögum, ef samþ. væru, m. a. að ráða sjómenn aldrei nema til skamms tíma í einu. Í frv. er ekki gert ráð fyrir sérstökum greiðslum í slíkum tilvikum. Þar á móti var reglum Aflatryggingasjóðs breytt þannig, að hann hefur heimild til að bæta sjómönnum, a. m. k. að hluta, tjón sem af slíkum

aðgerðum stafar. Auðvitað eru þessi lög, sem hér er verið að tala um, lágmarksákvæði. Enginn bannar sjómönnum að semja um betri kjör.

Ég vil svo að lokum leiðrétta misskilning, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að þetta frv. sé hjá n. í hv. Ed. Ég náði ekki að tala fyrir þessu frv. fyrir síðustu stjórnarskipti. Hæstv. samgrh. verður því, ef honum sýnist svo, að tala fyrir málinu í hv. Ed., annaðhvort í núverandi mynd og þá með hugsanlegar breytingar í samgn. þeirrar deildar í huga, eða í breyttu formi ef hann telur það rétt vera. Aftur á móti er frv. til l. um breyt. á lögum um lögskráningu sjómanna komið til nefndar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Mér þótti það heldur ómaklegt hjá hæstv. sjútvrh. áðan, þegar hann fór að hafa orð á því úr ræðustól að hv. 1. þm. Vestf. sæti illa fundi þingsins og væri ekki til svara þegar helst lægi við. Nú vita það allir, að hv. 1. þm. Vestf. er einn af þeim sem best sitja fundi og fylgjast með þingmálum. Hins vegar eru ráðherrar því markinu brenndir, að þeir eru eins og fló á skinni, og þykir hið mesta undur ef meira en 20—30% þeirra sitja á þigfundum, svo að hann hefði getað látið þessa aths. liggja kyrra.

Enn betur sést sýndarmennskan hjá hv. stjórnarliðum þegar þeir kvarta um það, að við í stjórnarandstöðunni höfum haldið uppi málþófi, þegar einn og sami maðurinn, hæstv. sjútvrh., er búinn að tala fjórum sinnum í þessu máli. Í hvert skipti kallar hann á frekari umr. með fullyrðingum í þessu máli, þó ekki væri nema þeirri t. d., að hann hélt því fram í síðustu ræðu sinni að umr. um þetta mál væru orðnar ansi langar ef páskar væru meðtaldir, þótt hann álasaði ekki okkur sjálfstæðismönnum beint fyrir þá, enda voru leiknir athyglisverðir þættir í sjónvarpinu fyrir skömmu um réttarhöldin yfir Jésú Kristi. Ég held að það hafi algjörlega sannast þar, að við sjálfstæðismenn vorum ekkert við þau riðnir, þannig að það var óþarfi fyrir hæstv. sjútvrh. að hafa orð á því, að þessar umr. hefðu dregist fram yfir páska okkar vegna eða það væri okkur að kenna. — Hæstv. ráðh. efast um það. Ég þykist nokkuð viss um það. En hann er mikill efasemdamaður. Það sést best á því, að hann telur nokkurn vafa leika á því, að það hefði gert meira gagn að hafa samráð við fulltrúa sjómanna einan og sér eða fá hann til fundar með útgerðarmönnum. Og aðalerindi mitt hingað upp var að koma í veg fyrir það, að rangt væri haft eftir fulltrúa sjómanna, Ingólfi Ingólfssyni, sem kom á fund sjútvn. Það er rétt, að hann gat þess, sem hæstv. ráðh. benti réttilega á, að hann hefði verið boðaður á þennan sameiginlega fund þessara aðila. Hins vegar var hann ekki boðaður einn sem fulltrúi sjómanna, og fulltrúar sjómanna fengust ekki boðaðir á fund í sjútvn., m. a. vegna andstöðu hv. þm., formanns þingflokks Framsfl., Páls Pétursonar. En það kom fram hjá honum — og reyndar um leið og kannske enn frekar í máli hv. þm. Karvels Pálmasonar um þá deilu sem stendur yfir á Vestfjörðum og um olíugjaldið í heild, hvað þetta er mikið vandamál, — vandamál sem ekki verður leyst á landsgrundvelli. Án þess að ég vilji leggja nokkurn dóm á það, vegna þess að ég þekki ekki nógu vel til, hvorki á hvaða stigi deilan er né heldur vil ég láta hafa nein orð eftir mér sem gætu orðið til trafala við hugsanlega samninga þar á næstunni, þá er auðvitað ljóst að sjómenn þar sjá að það er möguleiki fyrir vestfirska flotann að ná hagnaði jafnvel af núverandi olíugjaldi, meðan floti annars staðar af landinu ber halla af hækkunum sem orðið hafa á olíuverði á undanförnum árum. Og það var að sjálfsögðu með tilliti til þessa þáttar sem formaður Sjómannasambandsins gaf á sínum tíma yfirlýsingu um að það mundi ekki vera vilji sjómannasamtakanna að ætla sér neinn hagnað vegna þeirrar olíuhækkunar sem orðið hefði á alþjóðamörkuðum. En þegar þetta er e. t. v. orðinn hugsanlegur hagnaður fyrir einhvern hluta útgerðarinnar, þá er ekki óeðlilegt að sá hópur sjómanna, sem þar á hlut að máli, krefjist einhvers af honum í sinn hlut. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þegar fyrrv. sjútvrh., Matthíasi Bjarnasyni, tókst loksins að leysa — að vísu með þvingunum, en þó með samþykki allra undir niðri sem hlut áttu að máli — úr sjóðafarganinu, þá óskaði auðvitað enginn eftir að það yrði tekið upp að nýju.

Það kom fram hjá þeim báðum — og það er önnur ástæðan til þess að ég stend hér upp núna — að hinn svokallaði félagsmálapakki sjómanna frá 1978 hefur nú verið svikinn með öllu. Síðustu loforðapinklarnir úr þeim stóra poka voru endanlega sviknir við afgreiðslu fjárlaga fyrir nokkrum dögum. Ég hef löngum sagt það, að þessi aðferð væri alls ekki við hæfi, hvorki verkalýðshreyfingarinnar né ríkisstj. á hverjum tíma. Það væri ekki við hæfi — og reyndar lögleysa — að toppmenn í verkalýðshreyfingunni, sem þangað væru kjörnir af fjölda félagsmanna, gerðu samkomulag á bak við tjöldin við pólitíska flokksbræður sína, sem sæti ættu í ríkisstjórnarstólum, og síðan væri út af þessu lagt og samið um hluti sem gengju ekki í gegnum þann lýðræðislega „prósess", sem samningar á milli vinnuveitenda og launþega eru og er markaður bás í íslenskri löggjöf. Það er ekki hægt að verja þetta á nokkurn hátt. Það eru flutt til verðmæti sem nema milljónum króna, eins og gert var með loforði um félagsmálapakka þegar samið var um fiskverðið haustið 1978, og mér skilst að það eina, sem út úr því komi, séu 6.5 millj. á fjárlögum nú til sjómannastofa, sem hæstv. ríkisstj. rausnaðist til að láta af hendi.

Það er auðvitað ekkert lýðræði í því gagnvart hinum almenna félagsmanni í þessum sjómannafélögum, að einhverjir toppmenn — jafnvel þótt talað sé við þá — geti tekið þessar ákvarðanir ásamt ráðh. Slíkir samningar eiga eins og aðrir samningar að sjálfsögðu að ganga samningaleiðina í gegnum félögin. Það á að greiða atkvæði um slíka samninga í félögunum. Það hefur nefnilega verið gert. Og það er kannske þess vegna sem núv. hæstv. ráðh. vilja ekki fara þá leið, að þetta var gert hjá opinberum starfsmönnum ekki alls fyrir löngu og þá kolféll samkomulag sem toppmenn þar höfðu gert við pólitíska jábræður sína í ríkisstj. Ég held að þegar farið er út í slíka samningagerð beri að hafa í huga að það eru viðkomandi félög, viðkomandi launþegafélög og samtök vinnuveitenda, sem eiga að standa að slíku samkomulagi. Og það er þá ekki ríkisstjórnarinnar að grípa inn í slíkt samkomulag fyrr en á því stigi, að það er neyðarlausn til þess að samningar geti náðst, ef þeirra framlag til slíkra samninga þarf til að koma.

Ég hef satt að segja hvorki nennu eða geð í mér til þess að fara að ræða við hæstv. sjútvrh. um rauntekjur sjómanna einu sinni enn eða af hverju þær starfa. Að sjálfsögðu eru hin nýju skip okkar betur búin en áður var. Þau eru stærri og betur úr garði gerð, og það er hægt m. a. vegna byggingarlags þeirra að stunda veiðar miklu lengur í verri veðrum en áður. Það er betri tækjabúnaður,

það er betra athafnapláss um borð í skipunum, sem gerir sitt til þess að hægt er að skila meiri afköstum í vinnu mannanna og með skipunum sjálfum. Veiðarfæri hafa stækkað og um leið verður gífurlega mikil aukning á vinnu við viðhald og viðgerð þessara sömu veiðarfæra, því að þau hafa stækkað um 50% eða meira. Það kemur að vísu hvergi fram þegar talað er um þessa aukningu í tækjabúnaði og búnaði skipanna. En allir þessir þrír þættir o. fl. eiga auðvitað sinn þátt í því að veiðitækið — og þá tala ég um skipsbúnaðinn og áhöfnina — skilar meiri framleiðni en áður.

Ég bendi á það um leið, að það eru einmitt skjólstæðingar hæstv. sjútvrh. sem hafa fengið það að atvinnu núna um nokkurt skeið, reiknimenn frá Háskólanum, að búa til reiknilíkan yfir fiskiskipastólinn, sem er sett saman af ýmsum forsendum, bæði af þekktum staðreyndum og af líkum og niðurstöðum, sem fást á mjög vafasaman hátt eftir rannsóknir sem eru lítið stundaðar eða grundaðar. Þessir sömu reiknimenn hafa fundið það út, að þessi skipastóll sé allt of stór, þótt þeir hins vegar komi lítið nálægt því hve stór fiskvinnslufyrirtækin eru orðin. Og sjaldan heyrir maður þeirri spurningu svarað hvað þurfi stóran flota og hvað þurfi mikið aflamagn frá þeim stóra flota til þess að halda uppi eðlilegri starfsemi og nýtingu í þessum sömu fiskvinnslufyrirtækjum. Það heyrist ekki. Hins vegar heyrist stundum talað um hvað fiskiskipaflotinn sé stór. Nú hef ég aldrei heyrt hæstv. sjútvrh. eða þessa sömu reiknimenn tala nokkurn tíma um það, hvað mikið af þessari auknu rúmlestatölu fór t. d. til þess að viðhalda og bæta öryggi þeirra sem á skipunum voru, til að forðast hin tíðu slys sem verða þar. Hvað fóru mörg tonn af þessari aukningu bruttórúmlesta þessa flota í að bæta aðbúnað mannanna, vinnuaðstöðu, tómstundavist, snyrtingu og annað þess háttar? Þetta kemur hvergi fram. Það er bara tekið einfalt dæmi: Flotinn hefur stækkað um svo og svo margar bruttórúmlestir. Og það er sjálfsagt, miðað við þann afla sem miðin gefa í dag, að skera hann niður í samræmi við aflann. Og það er um leið talið sjálfsagt af þessum sömu reiknimeisturum, þótt aflinn aukist um 40—50% á skip, að sami skipverjafjöldi skili honum tilbúnum í land samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru á hverjum tíma, sem fara vaxandi með hverjum degi, og er sáralítið borgað aukalega fyrir.

Herra forseti. Þetta er í annað skipti sem ég tala í þessu máli í þessari umr., og skal ég ekki hafa fleiri orð um það. En ég vil aðeins koma að lokum inn á þau orð sem hv. 5. þm. Suðurl. viðhafði hér um eitt af þeim málum sem fram komu í sambandi við svokallaðan félagsmálapakka. Ég vitna til minna fyrri orða almennt um félagsmálapakka, en bendi einmitt á og tek undir þau orð hans, að ef hæstv. núv. samgrh. sýnir málinu áhuga, þá verður hann að taka það upp og flytja það á þinginu.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þurfti að fara hér frá og var í húsinu, en ég frétti að hæstv. sjútvrh. hefði fjargviðrast mikið út af því, að ég hefði ekki verið viðstaddur þegar hann flutti sína gagnmerku ræðu í dag. En nú hefur ráðh. þau forréttindi fram yfir þm. að geta svarað hvenær sem er eftir ræðu þm. Það gerði hann ekki. Ég fór ekki fram til að sinna hér öðrum erindum undir ræðu hæstv. ráðh., heldur var það undir ræðu hv. 6. landsk. þm., svo að ég gæti þá alveg eins spurt, hvort hæstv. ráðh. biðji helst um orðið þegar ég er farinn út úr þingsalnum, ef hann er að beina því til mín að ég vilji ekki á sig hlusta. Það eru ekki nema örfáir dagar síðan hann, þessi hæstv. ráðh., sagði hér í ræðustól að hann hefði verið heppinn að vera ekki á þingfundi til þess að hlusta á rausið í einum ákveðnum þm. sem var að tala í öðru máli, þm. úr öðrum stjórnarandstöðuflokknum. Það virðist hafa gripið um sig einhver mikilmennska, sérstaklega í ákveðnum mönnum í Framsfl., að allir eigi að vera reiðubúnir til að hlusta á þá, fara eftir því hvernig þeir vilji haga málum. Menn mega helst ekki ræða málefnalega nein mál, þá heitir það málþóf á máli þessara manna. Ég fyrir mitt leyti ætla að segja það, að ég mun ekki hafa að neinu svona hótanir og svona hofmóð eins og fram hefur komið bæði hjá formanni þingflokks Framsfl. og hæstv. sjútvrh.

Það, sem hér skiptir meginmáli, er að það hefur verið staðið með afbrigðum klaufalega að fiskverðsákvörðuninni. Í 12 ár samfleytt hefur aldrei verið gripið til þess, að fiskverð sé ákveðið með minni hl. atkvæða yfirnefndar, og það skiptir máli. Og meira að segja annar af þessum tveimur afneitar eiginlega daginn eftir og telur sig hafa verið svikinn. Ég get ekki ímyndað mér að hægt sé að hugsa sér aumari frammistöðu. Og að ætla sér að rétta fiskvinnslunni hjálparhönd með því að tefla útgerðinni í almennt tap, eins og gert er með þessum ráðstöfunum, það er ekki hyggileg ráðstöfun.

Hitt er líka stórt atriði í þessu máli, að olíuverð hefur ekki breyst. Því hefur ekki verið svarað, svo ég viti til, hvort stendur til að hækka olíulítrann um 10 kr., eins og verðlagsnefndin eða ráðið eða hvað það heitir hefur gert till. um. En hvað sem um það verður, þá er sjáanlegt að þetta olíuverð, a. m. k. á gasolíu, verður út þetta verðtímabil. Ég held að engum detti í hug að það lækki fyrr en þá við næsta fiskverðstímabil. Og það er sama og að taka af mönnum það sem lofað var þegar fiskverð var ákveðið í janúarmánuði frá áramótum. Þó að sjómenn og fiskkaupendur hafi sagt upp fiskverðinu frá 1. mars — sjómenn vegna þess að þeir töldu og telja sig eiga rétt á 6.67% hækkun eins og aðrir launþegar fengu 1. mars — þá tel ég það vægast sagt ómerkilegt af stjórnvöldum, af ríkisstj., að svíkja það sem Alþ. hefur með samhljóða atkvæðum samþykkt í byrjun þessa árs, vegna þess að aðstæður hafa ekki breyst. Og þá átti að ræða þessi mál við þessa aðila. En það er ekki gert. Það er ekkert farið eftir þeim lögum sem þessir menn sjálfir, framsóknarmenn og Alþb.-menn samþykktu á s. l. ári um samráð við aðila vinnumarkaðarins og þá sérstaklega um kjaramál launþega í landinu. Þessi lög eru hreinlega svikin. Og það er eitt af því sem við höfum gert aths. við og leyfum okkur að gera, hvaða yfirlýsingar sem forustusveit Framsfl. er að gefa í málgagni sínu og annars staðar. Það liggur ljóst fyrir, að sjútvrh. hefur haldið svo klaufalega á þessu máli að hann er búinn að stofna því í harðahnút. Og ríkisstj. ber ábyrgð á því með því að samþykkja þessar vitlausu tillögur sjútvrh. Fram undan er svo enn meiri erfiðleikar við að ákvarða fiskverð í maílok eða frá 1. júní fyrir það hvernig að þessu hefur verið staðið.

Enn spyr ég hæstv. sjútvrh.: Er það rétt, sem formaður þingflokks Framsfl. segir, að verkfallið á Ísafirði verði leyst um leið og þetta tímabundna olíugjald er orðið að lögum?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt að ég biðji um orðið strax svo að hv. þm. sé

ekki hlaupinn út þegar ég kem í stólinn. Annars held ég að það sé ólíkt skynsamlegra að taka saman nokkrar af þessum ræðum þeirra fóstbræðra en svara hverri fyrir sig, því að ég veit ekki hvort hv. þm. Pétur Sigurðsson hefði þá mörg tækifæri til að hlaupa upp aftur, en mér skilst að hann muni gera það í hvert sinn sem ég kem í stólinn.

Annars vil ég segja það, að út af fyrir sig var ekki mörgu að svara í ræðu hv. 1. þm. Vestf. frá því fyrir páska. Ég man fátt úr henni annað en að enginn maður mun vera fróðari um sjávarútveg en hann. Það er athyglisvert hvað maðurinn hefur mikið sjálfsálit. Ég nefndi sérstaklega þann samanburð sem hv. þm. gerði á sér og hæstv. forsrh. Kannske er þetta allt rétt og mikil synd og skömm að þessi hv. þm. skuli ekki skipa sæti sjútvrh. Ég veit a. m. k. um einn mann sem teldi það hið eina rétta. Það var því ekki út af fyrir sig mörgu að svara.

Hins vegar ræddi ég dálítið almennt um hið svokallaða samráð. Ég gerði grein fyrir því, að ég átti einn fund með fulltrúa útvegsmanna og fulltrúa sjómanna þar sem þeir gerðu mér grein fyrir skoðunum sínum. Ég átti einn fund með fulltrúum fiskvinnslunnar að ósk oddamanns. Og ég átti reyndar fleiri fundi með fulltrúa útvegsmanna þar sem ég leitaðist við að fá hann til að sætta sig við það sem blasti við að sjómenn mundu sætta sig við með hjásetu. Ég sagði áðan að þó að sumir hv. þm. kunni að vilja vera með nef sitt í koppi hvers manns, þá tel ég það ekki rétta leið. Ég tel að í svona viðkvæmu máli sé æskilegast að treysta færum oddamanni til að hafa samráð, en vera tilbúinn að aðstoða hann þegar hann telur þess þörf. Og sá oddamaður, sem annast þetta fyrir ríkisstj., tjáði mér að hann hefði þegar náð samkomulagi við fulltrúa sjómanna um þá lausn sem varð, að hann sæti hjá. Þetta er kjarni málsins. Sagt er að við höfum komið málinu í einhvern hnút. Þetta er náttúrlega vitleysa. Málið var í hnút og hér er, má segja, um eins konar neyðarlausn að ræða. Ég hef aldrei sagt að þetta væri hin æskilega lausn. Mér þykir vænt um að hv. þm. Pétur Sigurðsson leiðrétti þann misskilning að ég hefði ekki átt fund með fulltrúa sjómanna. Ég neitaði að sjálfsögðu aldrei að hitta þá.

Það er mikill vandi fram undan. Um það má deila, hvort hann hefði orðið meiri eða minni ef fallist hefði verið á 6.67% hækkun. Ég held satt að segja að hvorki hv. þm., sem hér hafa talað og telja að hann verði meiri, né aðrir geti metið það til loka. Á það verður að sjálfsögðu að reyna. Því miður er þetta allt liður í okkar verðbólguvandræðum og veður ekki læknað fyrr en á þeim fæst einhver lagfæring.

Ég vil segja það um olíuverðið, að ég kannast ekki við neina tillögu um 10 kr. hækkun á gasolíu, — mér skildist að sú hækkun lægi fyrir. Þvert á móti hefur verið upplýst að fremur megi búast við lækkun fram undan þegar ódýrari olía kemur til sölu. Ég vil einnig vekja athygli á því, að fiskverð t. d. hefur hækkað töluvert, og vitanlega má einnig líta á olíuverð sem hlutfall af fiskverði þegar rætt er um olíugjaldið.

Ég vil svo endurtaka það sem ég hef sagt, að ég tel olíugjaldið svo meingallaða aðferð að hverfa eigi frá henni hið bráðasta, og skal ekki endurtaka rök mín fyrir því. Ég læt að lokum — af því hv. þm. var ekki við — nægja að skýra frá því aftur, að ég hef bæði fyrir páska og eftir átt viðræður við lögfróða menn. Ég held að hv. þm. geti samþykkt það með mér, að við erum hvorugur í þeirra hópi. Ég kannaði hvort hér væri um brot á samningi að ræða. Enginn þessara manna hefur leyft sér að segja að þarna væri um brot á samningi að ræða. Lög Alþingis byggjast á samkomulagi fjögurra aðila. Tveir segja því samkomulagi upp. Því er grundvöllurinn brostinn.

Í lögunum segir að vísu að þau skuli gilda til eins árs. En þýðir það þá að einn aðili gæti neitað nokkurri breytingu á olíugjaldi til eins árs, hvað sem í skerist, hvort sem þyrfti að hækka eða lækka? Það sjá allir að þetta stenst ekki. Og ég hef, eins og ég segi, ekki fundið einn einasta lögfróðan mann sem hefur tekið undir að þarna væri um brot á samningi að ræða. Samningsgrundvöllurinn er brostinn, honum var sagt upp, þannig að ég fyrir mitt leyti hef ágæta samvisku af því að þessum lögum er breytt. (**MB:** Hvað hefur skeð sem réttlætir það að lækka olíugjaldið?) Meðal annars hefur það skeð, að olíuverðið hefur lækkað sem hlutfall af fiskverðinu. Og fram undan er vonandi frekari lækkun á olíuverði. Einnig er ákaflega mikil óánægja með olíugjaldið, það veldur deilum og leiðindum. Ástæða er til að hverfa frá því og taka þá frekar upp aðrar leiðir í þessu sambandi. Það er staðreynd að ekki náðist samstaða um annað en þetta í nefndinni. Sjómenn lögðust gegn allri annarri breytingu, nema þá fullri hækkun á fiskverði að öðrum kosti. Þetta veit hv. þm. fullkomlega eins og ég. Þetta eru staðreyndirnar. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð og skal ég ekki tefja tíma þessarar hv. deildar. Með tilvísun til viðtals, sem hv. þm. Páll Pétursson lét taka við sig í Tímann fyrir páskafrí, þar sem hann sakaði m. a. okkur Alþfl.-menn um að hafa viljandi með málþófi tafið afgreiðslu mála fyrir páska, þó svo að aðeins einn Alþfl.-maður hafi talað þá í þessu máli og þá aðeins í tíu mínútur, vil ég vekja athygli á því, að við höfum nú setið hér í allan dag og hlýtt á hæstv. sjútvrh. flytja fimm ræður við 2. umr. um þetta mál. Ef hæstv. sjútvrh. hyggst flytja aðrar fimm ræður við 3. umr. málsins, þá tel ég að tæpast verði unnt að framfylgja því samkomulagi sem gert var fyrir páska um afgreiðslu mála í þessari hv. deild, og þá er ekki við okkur Alþfl.-menn að sakast.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það, sem veldur því að ég sé ástæðu til þess að standa upp, eru undarleg ummæli hæstv. sjútvrh. hér áðan, þegar hann var að fara í mannjöfnuð við hv. 1. þm. Vestf. um það, hvor hefði reynst happadrýgri sjútvrh. Ég verð að segja að mér finnst hann vera fullfljótur á sér að ætla að fara að líkja þeim saman strax. Sannleikurinn er að sjálfsögðu sá sem hv. 1. þm. Vestf. sagði áðan, að með því hvernig staðið er að þeim vanda sem útflutningsatvinnuvegirnir í heild standa frammi fyrir, er vissulega verið að ýta á undan sér hlassinu. Það er verið að slá á frest nauðsynlegum ráðstöfunum. Við vitum ofur vel að sú ríkisstj., sem nú situr, er að auka kostnaðinn við ríkisbáknið. Hún er að þyngja skattana, hækka álögurnar í staðinn fyrir að draga úr kostnaði. Með því að haga sér þannig er verið að kasta fleiri sprekum á verðbólgueldinn. Þetta vita allir menn. Þetta vita hæstv. ráðh., sem þarna sitja, að þannig hefur þetta verið.

Við getum aðeins íhugað hvernig ástandið er. Þegar þeir tóku við um mánaðamótin jan.—febr., þá byrjaði niðurtalningin. Núna er talið að verðbólgan til 1. maí muni verða einhvers staðar í kringum 13% a. m. k. Það

þýðir að gera megi ráð fyrir að kaupgjaldsvísitalan hækki um 11—12%. Og ef menn rifja upp ummæli fulltrúa sjómanna við fiskverðsákvörðunina, þá hafði hann einmitt orð á því, að 2.6% eða svo hefðu ranglega verið tekin frá sjómönnum um áramótin og núna 2.67%. Þetta eru tæp 5.3%. Og ef við bætum þessu ofan á þær verðbætur sem óhjákvæmilega koma á almenn laun í landinu hinn 1. júní n. k., eins og ráðslagið hefur verið hjá þessari ríkisstj., þá mun þarna vera um að ræða kröfur frá sjómönnum um hækkun á launum til sín einhvers staðar á bilinu 16—17%, bara leiðréttingin. Eru þá ótalin í fyrsta lagi öll þau svik sem þeir ráðh., sem áttu sæti í síðustu vinstri stjórn, og hinir, sem síðan hafa bæst í hópinn, hafa, eftir því sem þeir hafa haft tíma til, framið á sjómönnum í sambandi við félagsmálapakkann, þar sem síðast var við nafnakall hér á Alþ. um daginn tekið frá þeim þetta lítilræði sem þeir höfðu von um að geta fengið þá. Ef við tölum jafnframt um þá miklu þyngingu á skattbyrði sem sjómenn hafa orðið fyrir, þvert ofan í það sem þeim var lofað, því að þeir voru sviptir kauphækkun um 2% með lögum 1. des. 1978 af því að það átti að lækka skattana, þá kemur í ljós að svikin og brigðin við sjómannastéttina eru ekkert lítil þegar allt er talið. Það er ekkert smáræði sem þarna hangir á spýtunni. Og það er ekki undarlegt þó hæstv. ríkisstj. sé hreykin og sé að státa sig, — það er ekki undarlegt eins og allt er í pottinn búið.

Sannleikurinn er að sjálfsögðu sá, og það er alveg furðulegt um þessa ríkisstj., að það má ekki einn einasti maður, sem hefur laun eitthvað í samræmi við framtak sitt, er með launahvetjandi taxta og þar fram eftir götunum, bera eðlilega úr býtum það sem honum ber. Það verður að fara dýpra og dýpra ofan í vasann. Við skulum aðeins líta á eitt sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur mjög státað sig af. Það er persónufrádrátturinn. Við getum litið á það, hvernig skuldlaus sjómaður kemur út úr þeim skattalögum sem nú gilda. Ofan á þá miklu hækkun, sem þessum knöppu skattþrepum fylgir, er sjómannafrádrátturinn að hálfu frá þeim tekinn með flötu 10% frádráttarreglunni. Þar er einnig vegið að sjómönnum, vegið í sama knérunn. Og þegar allt er talið er enginn vafi á því, að sú kjaraskerðing, sem sjómannastéttin hefur orðið fyrir, er mjög veruleg þegar saman kemur í fyrsta lagi það, sem við kemur þeirra skattgjaldstekjum, í öðru lagi það, sem af þeim hefur ranglega verið tekið í sambandi við fiskverðsákvörðun, og síðast en ekki síst það, að þeir hafa ekki að einu eða neinu leyti fengið það sem þó aðrir hafa fengið að litlu í sambandi við félagsmálapakkann. Ég held að menn verði að hafa þetta sterklega í huga þegar verið er að tala um kjör þeirra. Ég verð einnig að geta þess, að fulltrúi sjómanna kom á fund í sjútvn. Alþingis og hann sagði ekkert þar sem gat gefið það í skyn, að eitthvað sérstakt leynisamkomulag hefði verið gert við hann í sambandi við þessa fiskverðsákvörðun, eins og hæstv. sjútvrh. gaf hér í skyn, heldur sagði hann þvert á móti að ráðh. hefði verið upptekinn við að tala við alla fremur en sjómenn í nefndinni, þó svo að þeir hafi hist á einum fundi.

Ég vil einnig að það komi alveg skýrt fram, án þess að ég ætli að lengja þessar umr. frekar en orðið er, að það er ekki rétt hjá hæstv. sjútvrh. að frekar megi búast við lækkun á olíu framundan á þeim tíma sem þessi fiskverðsákvörðun tekur til. Við höfum þvert á móti fengið upplýsingar um það í sjútvn., að þær olíubirgðir, sem keyptar voru til landsins á hærra verðinu og sumar á enn hærra verði en verið er að selja núna undanfarið, muni endast út maímánuð og vel það. Það eru af þeim sökum ekki neinar horfur á að olíuverðið lækki. Það er einhvers staðar úti í blámóðu fjarskans sem sú lækkun er, enda er ég hræddur um að flestir verði að láta segja sér oftar en einu sinni og kannske oftar en fimm sinnum áður en þeir trúa því að eitthvað fari lækkandi hjá þessari ríkisstj.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:8 atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 86). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er til l. um breyt. á lögum nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, er flutt af fyrirrennara mínum, Braga Sigurjónssyni. Frv. var lagt fyrir hv. Ed. og hefur hlotið þar afgreiðslu óbreytt eins og það var lagt fram.

Um s. l. áramót rann út frestur sá sem landbrh. hefur til að veita sláturleyfi í ólöggiltum sláturhúsum. Þó að mikið hafi verið unnið í uppbyggingu sláturhúsa á undanförnum árum er samt fyrirsjáanlegt að enn þarf að veita nokkur sláturleyfi í húsum sem ekki hafa hlotið löggildingu. Þetta er gert í samráði og samvinnu við yfirdýralækni eða héraðsdýralækni og að þeirra mati.

Það er nauðsynlegt að ná afgreiðslu á þessu máli og hefði í raun og veru þurft að afgreiða það á haustþingi, en eins og ástæður urðu þá hefur afgreiðsla þess dregist til þessa. Frv. veitir ráðh. heimild til þess að gefa slíka undanþágu sem hér um ræðir til eins árs í senn í tvö ár, eða til ársloka 1982. Mál þetta er einfalt í sniðum og er venjubundið að afgreiða lög um þetta efni til skamms tíma í senn.

Ég leyfi mér að óska eftir því, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 57. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, að loknum 56. fundi.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 254). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:4 atkv. og afgr. til Ed.

Orkujöfnunargjald, frv. (þskj. 252, n. 257, 297 og 280, 253, 276). — Frh. 2. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og menn minnast var það nú svo og sýnist ólíklegt, að þegar þessi hæstv. ríkisstj. var mynduð gerðu ýmsir sér einhverjar vonir um að hún mundi standa sig a. m. k. fullforsvaranlega, þó fæstir gerðu sér háar hugmyndir. Satt að segja minnti þetta mig á litla limru sem Jóhann S. Hannesson fyrrv. skólameistari orti einu sinni:

Maður hlýtur að telja á því tormerki
að tala á þorra um vormerki
þótt svolítið hlýni
nema helst þá í gríni
og með hugsuðu öfugu formerki.

Sannleikurinn er náttúrlega sá, að eftir þá reynslu, sem nú er orðin, hlýtur „hugsað öfugt formerki" að verða fyrir framan flestar þær vonir sem menn gerðu sér til þessarar hæstv. ríkisstj.

Ég hafði í ræðu minni fyrir páska gert það mjög að umtalsefni á hversu fölskum forsendum sá málflutningur væri reistur, að söluskattshækkanir hefðu á undanförnum árum alltaf farið á einum eða tveim dögum í gegnum þingið. Þvert á móti kom í ljós við athugun málsins að það var eins um þessa skattlagningu og margar aðrar, að þingið hafði séð ástæðu til að athuga vel sinn gang í þessum málum. Oftar en einu sinni hafði það komið fyrir, að sú sterka andúð, sem formælendur slíkra söluskattshækkana urðu fyrir, olli því, að þeir treystu sér ekki til að ganga jafnlangt í þeim efnum og þeir ella hefðu gert.

Hæstv. iðnrh. er nú ekki viðstaddur, en hann er alltaf að hrósa sér af að hafa staðið að því á haustdögum 1978 að fella niður söluskatt af matvælum. Þetta er að sjálfsögðu mjög ofsagt. Í stórum dráttum var það þannig, að söluskattur var ekki á matvælum á þeim tíma ef undan eru skildar landbúnaðarvörur, kjöt og mjólkurafurðir. Að öðru leyti var búið að nema söluskattinn brott af flestum landbúnaðarvörum, eins og ég veit að menn muna, nema af dósamat eða einhverju þvílíku. Þegar þeir Alþb.-menn eru nú að hrósa sér af því að hafa gert þetta á þessum haustdögum, þá er því um ýkjur einar að ræða. Hins vegar er ástæða til þess að minna á þær sjónhverfingar sem ráðherrar Alþb. og vinstri stjórnin viðhöfðu á þessum haustdögum, þegar tekjuskattur var lagður öðru sinni á sömu tekjurnar á sama árinu. Það var þá sem hið fræga sjónarspil var leikið og þannig farið með vísitöluna að hæstv. núv. heilbrmrh. lýsti því yfir í þessum ræðustól í byrjun febrúarmánaðar, að hann hefði fundið upp „patentið" og væri búinn að koma verðbólgunni niður í 20%. Hann taldi að það væri ekki mikill vandi að finna leiðir til þess — með einu pennastriki og án þess að nokkur fyndi fyrir því — að koma verðbólgunni niður. Það verður að segja framsóknarmönnum til hróss, að þeir voru ekki jafntrúaðir á að þetta hefði tekist. Miklir vaxtaverkir voru á þessum tíma með ríkisstj. og mikið um það talað, bæði í fjölmiðlum, hér á Alþ. og annars staðar, að ríkisstj. hefði í undirbúningi miklar ráðstafanir í efnahagsmálum sem áttu að gjörbreyta þróuninni í landinu og valda því, að menn gætu horft björtum augum til framtíðarinnar. Eins og við munum varð niðurstaðan af þessu öllu Ólafslög, þau frægu lög þar sem skýrt er kveðið á um að ríkisvaldinu eða ríkisstj. sé skylt að hafa um það ítarlegar samræður og samráð við launþegasamtökin áður en gripið sé til ráðstafana í efnahagsmálum er snerta hvert einasta mannsbarn í landinu.

Þessi ríkisstj. hefur ekki setið lengi. Það var ofurlítið gaman að lesa það í Morgunblaðinu í dag, sem haft var eftir hæstv. fjmrh., að óvíst væri að bensínhækkun yrði núna í vikunni, sennilega mundi hann bíða með hana fram til helgarinnar til þess að saman gætu farið bensínhækkunin og söluskattshækkunin. Það minnir okkur á það, að eina vonin um að verðlag geti orðið nokkurn veginn stöðugt í landinu er orðin sú, að það séu svo margar hækkanir á vörum og þjónustu að bögglast fyrir ríkisstj. að hún komi þeim ekki frá sér öllum í einu og þess vegna geti orðið nokkurt hlé á hækkunum á meðan ríkisstj. er að koma þessu frá sér. Það er nú svo komið, að þetta er orðin helsta vonin til að eitthvert hlé verði á þessum málum.

En þó að þetta láti spaugilega í eyrum og menn geti haft af því nokkurt gaman, þá kemur það í ljós, að ýmsir aðilar í þessu þjóðfélagi líta þessa þróun mjög alvarlegum augum. Á ég þá fyrst og fremst við launþegasamtökin í landinu. Ég held að nauðsynlegt sé, þó að það liggi hér fyrir í þingskjölum, að rifja nokkuð upp í þessu samhengi sumar þær samþykktir sem gerðar hafa verið af aðilum vinnumarkaðarins.

Hinn 1. apríl sendi Alþýðusamband Íslands frá sér svo hljóðandi ályktun:

„Á fundi viðræðunefndar Alþýðusambands Íslands í dag var fjallað um þær auknu álögur sem boðaðar eru í formi útsvarshækkunar, hækkunar tekjuskatts og söluskatts. Alþýðusambandið minnir á að þetta gerist á sama tíma og kaupmáttur launa minnkar stöðugt. Aðgerðir stjórnvalda nú hljóta að auka dýrtíðina og rýra almenna kaupgetu. Aðgerðirnar eru þannig síst til þess fallnar að greiða fyrir kjarasamningum, og mótmælir viðræðunefndin þeim því harðlega."

Sama dag sendi stjórn BSRB frá sér svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn BSRB mótmælir þeim starfsaðferðum ríkisstj. við undirbúning efnahagsráðstafana að hafa ekki samráð við samtök launafólks um heildarstefnu í þessum málum. Í lögum er gert ráð fyrir samráði við samtök launafólks og slík samráð eru einnig boðuð í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. En engin samráð hafa verið höfð við launþegasamtökin. Þær nýju stórfelldu álögur á almenning, sem þegar hafa verið samþykktar á Alþ. eða fyrirhugaðar eru samkvæmt stjórnarfrv., þ. á m. um orkujöfnunargjald, eru olía á verðbólgueldinn, sem enn hlýtur að magnast við gengislækkanir sem sífellt eru framkvæmdar. Því mótmælir stjórn BSRB eindregið þessum nýju álögum."

Þannig kveður nú við hjá þessum tveim stærstu heildarsamtökum launþega. Það er einnig eftirtektarvert að kynna sér þau ummæli sem Ásmundur Stefánsson framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands hefur viðhaft í þessu sambandi í viðtali við dagblaðið Vísi hinn 2. apríl s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Að sögn Ásmundar Stefánssonar framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands eru þessar hækkanir ekki heppilegar því að þær komi í heild illa niður á launafólki. Einnig eru samningaviðræður nú í fullum gangi. Taldi hann að söluskattshækkunin nú væri svipuð í krónutölu áætluð og hækkunin í beinum sköttum, eða um 7 milljarðar hvor fyrir sig. Ásmundur var spurður hvert væri viðhorf Alþýðusambands Íslands til beinnar eða óbeinn-

ar skattlagningar, og sagði hann að þar væri um fleiri en eitt viðhorf að ræða. Hefði það mál ekki sérstaklega verið rætt í sambandi við þessar álögur, enda væri hér ekki um að ræða val á milli skatta, heldur hækkun á báðum sviðum."

Svo mörg voru þau orð. Og þau lýsa því sannarlega, hvernig komið er fyrir fólki í þessu landi. Það er ekki nóg með það, að í sambandi við fiskverðsákvörðun hafi ríkisstj., eins og hér var áður rakið af hv. 1. þm. Vestf., beitt sér fyrir ráðstöfunum sem ganga þvert ofan í það samkomulag sem áður hefur verið gert. Við sjáum það einnig í sambandi við hinar nýju álögur, sem verið er að leggja á atvinnureksturinn, að ekki er hægt að treysta ummælum ráðh., eins og annar þeirra manna, sem atkvæði greiddu með fiskverðshækkuninni, talaði um í viðtali við blöðin þegar hann sá að ríkisstj. ætlaði að svíkja þau fyrirheit sem hún hafði gefið í sambandi við þá fiskverðsákvörðun. Launþegar finna einnig að þeir eiga um mjög sárt að binda, sérstaklega þeir launþegar sem höfðu trúað því í blindni að Alþb. mundi — ef því sýndist svo og hvernig sem á stæði — *standa á bak við launþega í* landinu. Þessi gamla þjóðsaga hefur nú reynst vera uppspuni frá rótum. Í þessu sambandi má einnig rifja það upp, hvað varð á sínum tíma til þess að forveri Alþb., Sameiningarflokkur alþýðu sósíalistaflokkurinn, náði þeirri stöðu í íslenskri pólitík sem það hefur í dag. Það var í sambandi við gerðardóminn sem settur var á sjómenn, ef ég man rétt, í árslok 1941 eða um þær mundir. Fylgi Sameiningarflokks alþýðu sósíalistaflokksins margfaldaðist á skömmum tíma og það var m. a. þessi alda sem fleytti Sigurði Guðnasyni, Eðvarð Sigurðssyni og fleirum inn í stjórn Dagsbrúnar. Í nokkra áratugi gat Alþb. logið því að almenningi, að því einu væri treystandi í þeim efnum, að það mundi undir engum kringumstæðum setja gerðardóm á almenn launþegasamtök eins og sjómannasamtökin.

Á s. l. sumri kom í ljós að þetta var ekkert annað en yfirskin, ekkert annað en fyrirsláttur. Alþb. stóð þá að því að setja gerðardóm á sjómenn og hefur á valdatíma sínum síðan 1978 æ ofan í æ höggvið í þennan knérunn, ekki aðeins með ýmsum ráðstöfunum sem snert hafa fiskimenn, heldur einnig með — vil ég segja: afskaplega hatrömmum og óvenjulegum ráðstöfunum gagnvart farmönnum.

Þegar við stöndum frammi fyrir því nú á þessum aprílđögum, *hvaða ráðstöfunum ríkisstj. hyggst beita*, þá kemur það í ljós, eins og margsinnis hefur verið tekið fram hér í þingsölum, að um ákveðnar áætlanir á sviði atvinnumála yrði ekki að ræða. Það sem sagt var um framleiðniaukningu í málefnasamningnum hefur reynst vera raus eitt, og það er ekki að sjá neina hreyfingu á því, að ríkisstj. ætli sér að liðka til í sambandi við ýmsar nýjungar á sviði atvinnumála sem sköpum gætu skipt í sambandi við þá þróun sem leitt hefur nú til versnandi lífskjara misseri eftir misseri. Og ég þori að fullyrða það um núv. hæstv. ríkisstj., sem heldur þannig á málunum, að þó svo að engar grunnkaupshækkanir verði á þessu ári, engar almennar grunnkaupshækkanir, þá mun samt enda með því að verðbólgan verður einhvers staðar í kringum 50%. Maður sér því að ekki er vel staðið á pedalanum, ekki er reynt að sporna mikið við, enda kannske síst af öllu við því að búast, eins og hugsunarhátturinn er, að engu máli skipti hvers þjóðin afli í heild, það komi hæstv. ríkisstj. ekkert við þótt minna sé til skiptanna fyrir allan almenning í landinu. Samt sem áður hafi ríkisstj. einhvern einkarétt á því að þeir menn, sem styðja hana á Alþ., að taka meira í hítina og þá frá öllum öðrum. Þegar minna er til skiptanna en áður er ómögulegt annað en að ríkisstj. sé að hrifsa þetta fé frá fólkinu í landinu. Það er ekki nóg með að til þess sé ætlast af öllum almenningi að hann láti sér nægja þeim mun minna sem þjóðartekjur á mann minnka í þjóðfélaginu, heldur á að ganga skrefi lengra. Ríkið ætlar ekki einu sinni að vera innan þess geira sem síðasta vinstri stjórn hafði þó víkkað út. Það á að víkka hann enn út. Þannig er haldið á þessum málum. Og það er þessi óskammfeilni hæstv. ríkisstj., að sýna enga sparnaðarviðleitni, sem veldur því að fólkið í landinu er nú almennt orðið dauðþreytt á úrræðaleysinu, finnst ofríkið og eyðslusemin keyra um þverbak og ætlast til þess að innan Alþingis séu til menn sem stöðvi þennan öfuguggahátt ríkisstj., en séu ekki bara hendur sem réttar eru upp með hverju sem er.

Astæða væri e. t. v. til, eins og nú er komið, að þeir hv. þm., sem koma úr röðum launþega, láti til sín heyra hér *úr ræðustólnum og segi hvað þeim þyki um aðfarirnar*. Hvað segir t. d. stjórn Verkamannasambands Íslands? Hvernig finnst henni staðið að verki? Ætli menn eins og hv. 7. þm. Reykv., formaður Verkamannasambands Íslands, geri sér ekki fulla grein fyrir því, að þessi eyðslustefna ríkisstj. hefur torveldað gerð allra kjarasamninga og að þær vonir, sem ýmsir bundu á sínum tíma við að á þessu ári yrði hægt að stilla grunnkaupshækkununum í hóf, eru ekki eins sterkar og áður? Allur almenningur lætur ekki fara með sig eins og hunda. Það er náttúrlega hægt í þjóðfélögum þar sem lögreglan hefur töglin og hagldirnar að halda niðri almenningsálitinu og hinum almenna vilja mannsins, verkamannsins, mannsins sem stritar úti á götunni og hefur ekki allt of mikið fyrir sig að leggja. En í lýðræðisþjóðfélagi eru til sterk launþegasamtök og þau hljóta að taka afstöðu með hliðsjón af því, hvernig ríkisstj. stendur sig á hverjum tíma. Ef hinum almennu launþegasamtökum þykir ríkisvaldið fara of djúpt ofan í vasa launamannsins, þá hljóta þau að hrista sig. Þær kurteislegu og hógværu yfirlýsingar frá stjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn BSRB, sem ég las upp áðan, eru aðvörun til ríkisstj. um að hafa sig hæga, að hún skuli aðeins hugsa um það sem hún er að gera.

Við getum farið um landið. Hvernig ætli byggingariðnaðurinn standi? Ætli sé við því að búast að umsvifin þar verði jafnmikil og þau hafa verið? Ég hef haft spurnir af því frá fleiri en einum stað úti á landi, en er ekki jafnkunnugur hér í Reykjavík, að ýmislegt bendi til þess að fólk hafi ekki jafnmikla möguleika og áður til þess að standa í framkvæmdum. Ég held það sé enginn vafi á því að þeir háu vextir, sem fólki er gert að greiða, sérstaklega ungu fólki sem stendur í húsbyggingum, valda því að ýmsir munu halda að sér hendinni sem gerðu það ekki áður. Menn beinlínis treysta sér ekki út í framkvæmdir, líka vegna þess að þeir vita ekki hversu djúpt verður farið ofan í vasann, vegna þess að þeir finna að atvinnuöryggið er minna en áður. Þetta á að sjálfsögðu fyrst og fremst við um byggingariðnaðinn, en þetta á ekki síður við um ýmsar útflutningsgreinar, eins og ég hef margsinnis talað um hér í þingsal og spurt hæstv. ríkisstj. einstakra spurninga í því sambandi, en ekki fengið nein svör, vegna þess að þótt alþm. hafi enn þá málfrelsi hér í þinginu,

guði sé lof, þá virða hæstv. ráðherrar þm. ekki svars nema þeim sýnist.

Vegna þess að ég sé að hæstv. iðnrh. er sestur í stólinn verð ég að leiðrétta það sem hann hefur gaman af að tala um í fjölmiðlum, en fréttamenn gefa mér ekki sömu möguleika og honum, sem kannske er ekki von, til þess að tala í sjónvarpi og útvarpi — að ég er ekki alveg viss um að þingskjöl sýni að þessi hæstv. ráðh. hafi verið neinn sérstakur hvatamaður þess að myndarlega yrði staðið að við Kröfluvirkjun. Ég man ekki betur en hann hafi greitt atkvæði á móti því hér í þingsalnum í fyrra. Ég held því að það sé nokkuð vel í lagt að vera að tala um að iðnrn. hafi í hans tíð verið einhver sérstakur stuðningsmaður þess að Kröfluvirkjun yrði komið í gang. Eða verður maður ekki að ætla að ráðh. reyni að vera samkvæmur eigin atkvæðagreiðslu, nema skoðun ráðh. sé alltaf öfug við það hvernig höndin fer upp? Ég held að rétt sé að reyna að halda sig í aðalatriðum við staðreyndir málsins í yfirlýsingum í fjölmiðlum, fréttatilkynningum iðnrn. o. þ. h. Það er einmitt þess vegna m. a. sem haft er fyrir því að skrá það sem menn segja hér, að menn verði að standa við orð sín og gerðir. En þetta mál verður nánar tekið upp þegar rætt verður um lánsfjáráætlun á sínum tíma og er vissulega ástæða til.

Það er að sjálfsögðu alveg eins og einn verkalýðsleiðtogi sagði við mig í sambandi við orkujöfnunargjaldið sem nú er verið að leggja á, að það væri sök sér ef hér væri um eitthvert skyndilegt mál að ræða og ef ríkisstj. ætlaði að vera innan þess ramma sem orkujöfnunargjaldið réttlætir. En það var nú síður en svo, heldur var farið af stað með slíkum ofstopa að furðu sætir. Það átti að taka inn tvær krónur fyrir hverja eina sem átti að fara til að jafna orkuna í landinu. Og réttlætingin í gegnum þennan nýja skatt er svo rík, að það er með margvíslegum öðrum **hætti veist að hinum dreifðu byggðum í sambandi** við fjárlagafrv. og væri ástæða til að rekja það sérstaklega. Eins og fram hefur komið harma ég það alveg sérstaklega, að þessi ríkisstj. skuli ekki hafa treyst sér til að láta þó þá upphæð standa, sem var í fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar, í sambandi við orkujöfnunargjaldið.

Þessi hæstv. ríkisstj. er að reyna að gera sinn fífil fagran með því, að hún ætli að búa til einhvern nýjan félagsmálapakka til að seðja launþega í landinu þegar búið er að skattpína þá með þessum margvíslega hætti. Og það á að verja til þess 5—7 milljörðum. Brauðin voru fimm og fiskarnir tveir sem Jesús Kristur mettaði mannfjöldann með forðum. En ég er ekki viss um að þessir 5—7 milljarðar endist þeim eins vel, verði þeim jafndrjúgir og brauðin og fiskarnir hjá frelsaranum. Ég er nefnilega ekki viss um að þar sé neinu saman að jafna. Ég er hræddur um að það verði lítið úr þessu þegar þar að kemur, enda er nú ekki slegið neinu föstu um það, hvenær menn eigi að fá þessa milljarða og hvernig. Það er talað um að við eigum að fá þá á þessu ári og næsta ári. Ætli það geti nú ekki farið svo, að ríkisstj. lifi ekki næstu áramót? Og þó hún lifi kannske fresti hún því þá bara um eitt ár. Annað eins hefur nú sést hjá þeim hæstv. ráðh. sem sitja í þessari ríkisstj.

Það væri býsna fróðlegt að fá upplýsingar um það einmitt í sambandi við skattaálögurnar og þynginguna á þeim, hvernig þessi hæstv. ríkisstj. hugsar sér að bæta launþegum þetta upp. Það væri líka býsna fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvernig launapakkinn hefur reynst launþegum, sá sem lofað var í desembermánuði 1978, sérstaklega þetta með tekjuskattinn, allar tekjuskattslækkanirnar sem átti að standa við þangað til næst yrði samið. Hvernig standa þær? Ætli launþegar verði feitir af þeim? Það er ósennilegt. Það má auðvitað reikna út lífskjör með margvíslegum hætti. En við sjáum það, ef við berum saman verðlag í byrjun árs 1979 og verðlagið í lok þess árs, að kaupið hækkar ekki jafnmikið og vörurnar, og við vitum að enn dregur í sundur. Það er enn að saxast á ráðstöfunarféð.

Hæstv. fjmrh. hefur haft orð á því, að hann ætli að bíða með samningana við BSRB þangað til búið sé að semja á hinum frjálsa vinnumarkaði. Það á að draga það þangað til búið er að semja þar. Nú hefur hann þó vissulega tækifæri til þess að láta að sér kveða og Alþb., þessi mikli launþegavinur semAlþb. er. Ég man ekki betur en það hafi á undanförnum árum hrósað sér sérstaklega af því, hvað það hafi reynst einmitt opinberum starfsmönnum vel. Ég minnist þess að á sínum tíma, þegar vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar var mynduð 1971, var því lofað fyrir ekki neitt, bara fullyrðing, að veita opinberum starfsmönnum fullan verkfallsrétt til jafns við hinn almenna launamarkað. Hvernig stendur það mál núna þegar Alþb. er búið að fá fjmrh.? Á þá að láta opinbera starfsmenn fá verkfallsréttinn að fullu og þá „gratis"? Við munum eftir því frá í fyrra, þegar átti að selja verkfallsréttinn, að sú ríkisstj., sem þá sat, var sannarlega rassskellt af hinum vinnandi manni. Á að reyna að endurtaka þá tilraun? Ég geri ekki ráð fyrir að ráðh. svari miklu. Það er helst að þeir geti talað um sína stefnu daginn eftir að þeir mynda ríkisstj., þá flagga þeir bæklingnum. En þegar vika er liðin fara að detta út einstakir stafir og eftir svona tvo mánuði er vaninn sá, að ekki standi mikið eftir nema kannske þetta: Nú á að fara að taka erlent lán til þess að reisa þjóðarbókhlöðu — eða innlent verðtryggt lán. Á sama tíma og verið er að leggja skatta á þjóðina, allan almenning, og þyngja þá, er helsta áhugamál þessarar ríkisstj. að taka lán til þess að byggja bókasafn. Ef menn vilja veita sér slíkan lúxus, þá held ég að þeir geti gert það af tekjum ríkissjóðs sjálfs, eða maður gæti a. m. k. látið sér detta það í hug.

Það var athyglisvert sem þeir sögðu fyrir austan. Málgagn Alþb. á Austurlandi, gefið út í Neskaupstað, segir svo í forustugrein fyrir skömmu, með leyfi hæstv. forseta:

„Launþegasamtökin og allur almenningur eiga að krefjast aukinnar samneyslu og þar með aukinna skatta. En það er ekki sama hvernig skattar eru á lagðir. Þar verður að gæta réttlætis af fremsta megni. Beinir skattar, svo sem tekjuskattur og útsvar, eru óvinsælir. Óbeina skatta, svo sem söluskatt og tolla, greiða menn án þess að vita af því og finna því varla til þeirra," segir m. a. í þessari forustugrein.

Þaðan hafa þeir ráðin. Það á að hækka beinu skattana eins og þeir treysta sér til og svo á að ná í það sem upp á vantar án þess að menn verði varir við það, með óbeinu sköttunum. Þarna er ráðið komið. Og auðvitað kemur það að austan. En ég verð að segja það, að ef þeir sæktu allt sitt austur til Norðfjarðar, a. m. k. í sambandi við sjávarútveginn, og spyrðu Ólaf Gunnarsson hvernig ætti að standa að þeim málum, þá mætti búast við að ríkisstj. gerði fleira af viti heldur en sýnt hefur verið, því að hann hefur stundum orðið að grípa pennann og tala um það við samherja sína í Alþb., að það sé ekki af hinu illa þótt fyrirtæki sé rekið með hagnaði. Það getur verið gott öðru hverju, að fyrirtæki hafi bolmagn til þess að ráðast í

ýmsar aðgerðir og framkvæmdir til að auka framleiðnina. En það er ekki við því að búast, að þeir taki mikið mark á því þegar þannig er talað. Ég verð að segja það, að ef ég sæi nú allan bekkinn fullsetinn — sem ég veit ekki hvort gerist nema við þingslit og þingsetningu — þá gæti það rifjast upp sem stendur í Prédikaranum, að *spekin veitir vitrum manni meiri kraft en tíu valdhöfum* sem eru í borginni, því að ekki er krafturinn lýsandi frá þeim. Ekki er nú mikið um að þeir detti ofan á ráð sem dugi, það er ekki að sjá.

Ég hafði mjög gaman af því, að nú í sumar var skýrt frá því í fréttatilkynningu frá iðnrn., að hæstv. þáv. iðnrh., sem nú er aftur sestur í stólinn, hefði haft mikið gagn af því að koma til Akureyrar í sumar. Nú veit ég ekki í hverju þessi gagnsemi lýsti sér og vissulega óvanalegt að sjá það í sérstökum fréttatilkynningum frá rn., að ráðh. hafi haft gagn af því að ferðast um landið, en vissulega hefur hann það. Mér er ekki grunlaust um að Stefán Valgeirsson, sá ágæti maður, hafi jafnvel séð um að KEA bauð upp á „dinner". Það gæti nú verið, það er hugsanlegt, a. m. k. brosir hann drýgindalega. En það væri náttúrlega gaman — einkum ef hæstv. iðnrh. hefði á þessum tíma farið um verksmiðjur SÍS — að þeim spurningum yrði svarað núna, sem maður hefur verið að spyrja hér úr pontunni og snerta vissulega kjör launþega og þau mál sem við erum hér að tala um: Hvernig hyggst **ríkisstj. mæta þeim sérstaka vanda sem ullariðnaðurinn** stendur nú frammi fyrir? Þetta er að sjálfsögðu erfið spurning. Það má hugsa sér ýmislegt. Hvernig hyggst hún gera það? (**Gripið fram í:** Niðurgreiðslur úr ríkissjóði.) Á t. d. að láta ullariðnaðinn borga hærri skatta? Væri það nú ekki ráð? Það virðist vera helsta ráðið núna að auka kostnaðinn á atvinnurekstrinum.

Það vita þeir menn náttúrlega, sem eru kunnugir atvinnulífinu, að sú mikla verðbólga, sem yfir hefur dunið og tröllríður þessu þjóðfélagi, er að sjálfsögðu sá skaðvaldur sem fyrst og fremst veldur því, hversu illa okkur sækist að búa þjóðinni forsvaranleg lífskjör, og veldur því m. a., hversu illa okkur sækist að standa þannig að húsnæðismálunum, svo að dæmi sé tekið, að ungt fólk geti með viðunandi hætti eignast þak yfir höfuð. Og við vitum það, að þá erfiðleika, sem útflutningsatvinnuvegirnir eiga við að etja, má rekja að mestu leyti til verðbólgunnar. Sömu sögu er að segja um vanda landbúnaðarins. Við verðum líka vör við það, að sparisjóðir og bankar eiga í æ meiri erfiðleikum með að fjármagna reksturinn, atvinnuvegina. Og almenningur á í enn meiri erfiðleikum með að láta enda ná saman. Þetta er eðlilegt. Hvernig á öðruvísi að fara þegar þjóðfélaginu er þannig stjórnað, að ekkert má fara yfir núllpunktinn, en í árslok þarf kannske helmingi fleiri krónur til að standa undir sama rekstri en næsta ár á undan? Hvernig getur öðruvísi farið? Og vitaskuld er það rétt, að þegar fólk horfir upp á það annars vegar, hvernig sparnaðurinn brennur í innlánsstofnunum, og hins vegar, hvernig ríkisvaldið níðist á þeim mönnum sem spara fé til að leggja í atvinnurekstur, þá vill fólk hvorugt gera og sá heilbrigði sparnaður, sem þannig yrði með því að leggja fé til hliðar eða þá með því að byggja upp atvinnurekstur í sínu plássi, getur alls ekki átt sér stað eins og ástandið er orðið í þjóðfélaginu. Það frumkvæði er ekki lengur til. Og sú þrautalending, sem farið hefur verið út í nú, er sú að gera 10% af launum manna upptæk í lífeyrissjóðunum og fá sparnaðinn þar í gegn, eða þá með nýrri skattheimtu, því að um aðrar leiðir er ekki að ræða. Af þessari óheillabraut verðum við auðvitað að snúa.

Það hefur sýnt sig í gegnum árin, að þótt ríkisvaldið reyni að gera einhverjar skynsamlegar ráðstafanir, þá renna þær fljótt út í sandinn ef fólkið í landinu vill ekki vera með, treystir ekki þeim mönnum sem við stjórnvölinn eru. Hvernig svo sem ástandið hefur verið — og það verður ekki að fullu mælt lengur — fyrst eftir að þessi hæstv. ríkisstj. settist að völdum, þá er það alveg ljóst og þá skiptir engu hvort talað er við mann í Grindavík eða á Blönduósi, á Skagaströnd eða jafnvel uppi í Hörgárdal, að almenningur er farinn að gera sér grein fyrir því, að það, sem einkum hefur einkennt feril þessarar ríkisstj. það sem af er, eru nýir skattar, meiri eyðsla, engin önnur ráð, ekkert annað. Aumingjaskapurinn getur meira að segja stundum verið svolítið skemmtilegur, eins og t. d. þegar 3% gengisfellingin varð. Þá stóð á forsíðu Tímans að það væri bara gengissig. Þjóðviljinn kallaði það þó réttu nafni, en faldi það á baksíðunni. Einhvern tíma hefði gengisfelling verið forsíðuefni í því blaði, en það er annað mál og kemur þessu kannske ekki við.

En svo að ég víki aftur að því sem ég var að segja áðan, þá kann það náttúrlega ekki góðri lukku að stýra þegar sömu mennirnir — ef við tölum t. d. hér um Reykjavík — sömu aðilarnir fara með völdin bæði í borginni og í stjórnarráðinu og báðir ætla að taka meira til sín á sama tíma og ráðstöfunarfé heimilanna minnkar. Hvernig geta menn búist við því að þjóðin nenni að styðja við slíka tíu valdhafa? Það er ekki von á því. Þessi litli skattur sem hér er, það stendur að hann sé 1.5%. Menn geta sagt sem svo, að 1.5% sé ekki mikið, en það er drjúgt sem drýpur. Menn verða að gæta að því, að á sama tíma og grunnkaupshækkanir á laun hafa svo til engar verið, á sama tíma og Ólafslög eru farin að verka að því leyti sem tekur til skerðingar á launum fólks vegna viðskiptakjara, þá munar um hvað eitt, þótt smátt sé, þegar menn hafa ónóg. Það er kjarni málsins.

Ég skal ekki orðlengja um þá erfiðleika sem eru samfara söluskattinum og álagningu hans, og væri þó vissulega ástæða til að gera úr því langt mál. En við megum ekki gleyma því, að eftir því sem söluskatturinn verður hærri margfaldast þessir ágallar. Og það er augljóst og enginn vandi að sýna fram á það, að í sumum greinum er farið fram á að kaupmenn skili söluskatti sem þeir geta með engu móti gert sér grein fyrir hversu hár er. Þar á ég við þær verslanir sem gera ýmist að selja vörur með söluskatti eða vörur án söluskatts. Við getum tekið í þessu sambandi allar matvöruverslanir landsins. Þær matvörur, sem þar eru seldar, eru allar án þessa 22% söluskatts sem verið hefur eða án 23.5% söluskatts, ef þetta frv. nær fram að ganga. Sumt af þessu er sekkjavara. Það er ógerningur, eða hefur ekki verið gert, að halda því fé aðskildu sem fæst fyrir hinar söluskattsskyldu vörur, þannig að kaupmaðurinn eða sá maður, sem sér um bókhald hans, verður að reyna að búa til einhverja skrá yfir það í lok mánaðarins, hversu mikill hluti sölunnar hefur verið af söluskattsskyldum vörum og hversu mikill hluti af vörum undanþegnum söluskatti. Og allir menn, sem hafa komið nálægt slíkum rekstri eða slíku bókhaldi, vita að þetta er ekki hægt. Með þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi um söluskattinn, er ríkisvaldið að krefjast þess af einstökum borgurum, að þeir geri annaðhvort: að stela af sjálfum sér eða stela af ríkinu, vegna þess að þeir geta ekki hitt á hið rétta. Það er

ógerningur fyrir þá. Og með því að hækka söluskattinn enn með þessum hætti er verið að auka á þennan mismun og valda þannig margvíslegu óhagræði og ég vil segja óþægindum fyrir þá menn sem vissulega vilja standa í skilum og greiða keisaranum það sem keisarans er. Og það er mikið af fólki til sem þannig hugsar.

Það lýsir þessum erfiðleikum kannske best að taka sem dæmi þá menn sem hafa þessa útreikninga með höndum fyrir stærstu fyrirtækin, t. d. samvinnuhreyfinguna. Það eru menn sem engra hagsmuna hafa að gæta um það, hvort söluskatturinn sé örlítið meiri eða minni um hver mánaðamót. En þessir menn hafa, eins og ég sagði, engan möguleika til að staðreyna það, hvort þær skýrslur, sem þeir gefa út og leggja drengskap sinn við, séu réttar eða ekki. Það söluskattskerfi, sem við búum nú við, hefur gengið sér til húðar og það er æ meira aðkallandi, eftir því sem lengra líður, að það sé hreinlega niður lagt og tekið upp það sem kallað hefur verið virðisaukaskattur og ég skal ekki rifja upp hér. Ég vil aðeins benda á eitt atriði sem sýnir rangindin í þessum efnum. Ef tveir menn flytja t. d. vöru til staðar sem er lengst frá Reykjavík, við skulum segja til Raufarhafnar, og annar þeirra kaupir sínar vörur í gegnum kaupfélagið á staðnum, þá verður kaupfélagið að heimta söluskatt af þessum varningi, ef hann fer þannig í gegn og varan er á annað borð söluskattsskyld. Við getum tekið hjólbarða sem dæmi, varahlut í traktor eða eitthvert heyvinnslutæki. En ef maðurinn hefur skynsemi til þess að kaupa tækið í Reykjavík og flytja það á eigin kostnað norður, þá sleppur hann undan söluskatti. Bara þetta litla dæmi sýnir það mikla óhagræði sem landbyggðin hefur af söluskattinum. Þess vegna er það gífurlegt réttlætis- og hagsmunamál einmitt fyrir það fólk, sem fjærst býr Reykjavík, að þetta kerfi sé lagt niður og virðisaukaskatturinn tekinn upp. En um leið undirstrikar þetta það, sem ég hef áður tekið fram, að bæði þessi ráðstöfun og ýmislegt annað í sambandi við afgreiðslu fjárlaga sýnir okkur hversu mjög þessi ríkisstj. ber fyrir borð hagsmuni þess fólks sem fjærst býr Reykjavík.

Þegar ég fór fram á það hér fyrir páska, að málið yrði ekki keyrt í gegnum þingið á einum degi, var það að sjálfsögðu til þess að ríkisstj. hefði svigrúm til að bera þetta frv. sitt undir launþegasamtökin og hafa þannig við þau það samráð sem henni ber skylda til lögum samkvæmt. Ég sé enga ástæðu til að efast um að það hafi verið gert og að ríkisstj. hafi notað þennan tíma, sérstaklega daginn í gær þegar gott tóm gafst, til að ræða við launþegasamtökin bæði um söluskattinn og ekki síður hækkun tekju- og eignarskattsins, sem liggur einnig fyrir þinginu að afgreiða, og önnur þau mál, sem þeim koma við, vegna þess að meiri hlutinn af ríkisstj., einir sjö ráðherrar af tíu, eru einmitt menn sem samþykktu Ólafslög á sínum tíma. Ég veit að það hlýtur að vera þeim mikið kappsmál að sýna við afgreiðslu þessa máls nú, hversu ágæt sú lagasetning hefur verið í öllum greinum og hvílík trygging hún hefur verið launþegasamtökunum fyrir því, að sjónarmiða þeirra gætti í sambandi við álagningu opinberra gjalda. Ég vil því vænta þess, að hæstv. ríkisstj., þeir ráðherrar hennar sem með þessi mál fara, geri Alþ. grein fyrir þessum málum nú við 2. umr. málsins, þannig að fyrir liggi hvaða augum launþegasamtökin líta á þetta mál. Grunur minn er sá, að það, sem framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands sagði, sé í raun kjarni málsins. Hér er ekki um það að ræða að þyngja annaðhvort beina skatta eða óbeina. Hér er hvort tveggja gert í einu og samtímis. Það er lagt fram í Ed. frv. um að þyngja beinu skattana um leið og lagt er til í Nd. að óbeinu skattarnir séu hækkaðir.

Að sjálfsögðu má ræða þetta mál frá mörgum sjónarhornum. Það má benda á það í þessu sambandi, sem raunar blasir við, að með því að ríkisstj. leiddist út á þessa braut gafst hún upp. Þessi tvö frv. ætti í rauninni að sameina og skíra frv. um uppgjöf ríkisstj., vegna þess að þau sýna það í fyrsta lagi, að hún hefur ekki getað staðið við það ætlunarverk sitt að hækka ekki skattana, eins og hæstv. forsrh. lýsti yfir í viðtali við Vísi að ríkisstj. mundi ekki gera. Í öðru lagi hefur henni ekki tekist að halda þannig á málum, að kaupmátturinn héldist sá sami og áður, sem ráðherrar Alþb. lýstu yfir að væri grundvöllur þess að þeir tækju þátt í stjórnarsamvinnunni. Og í þriðja lagi er það alveg ljóst, að á þeirri niðurtalningarleið, sem ráðherrar Framsfl. töluðu um, ætla þeir aldrei að geta stigið fyrsta skrefið, hvað þá meir.

Bólu-Hjálmar orti:

> Oft hefur heimsins gálaust glys
> gert mér ama úr kæti.
> Hæg er leið til helvítis,
> hallar undan fæti.

Ég er nú ekki að segja að við séum langt komnir þangað. En hitt er alveg ljóst, að þar sem hallar undan, það er ekki í verðbólgunni — það hallar undan lífskjörunum og í því að landinu sé almennilega stjórnað.

Menn leiða að því getum og eru oft að tala um það, hvernig þessi ríkisstj. sé mynduð. Ég man eftir því frá síðustu misserum, að ýmsir hafa verið að tala um að ekki væri hægt að stjórna þessu landi án þess að Alþb. væri í ríkisstj., vegna þess að það átti að hafa einhver tröllatök á verkalýðshreyfingunni sem tryggði að engu skipti hvað ríkisstj. gerði, sem þeir ættu aðild að, aðilar vinnumarkaðarins, það mundi ekki koma til vinnustöðvana og verkfalla. Við sáum það á árinu 1979, að verkfallsdagarnir urðu ekki síður margir á því ári en mörgum öðrum. Og við sjáum það á því, sem er að gerast fyrir vestan núna, að það er ekki afskaplega friðvænlegt í þjóðfélaginu. Og þó að ég vilji ekki skilja ummæli Ásmundar Stefánssonar í Vísi sem beina hótun til ríkisstj. um að hafa sig nú hæga, þá er enginn vafi á því, að mikill þungi fylgdi hans ummælum. Við skulum ekki gleyma því, að þeir ráðh. Alþb., sem sitja í ríkisstj., hafa síður en svo orð á sér fyrir að vera einhverjir sérstakir fulltrúar launþega. Ég veit ekki einu sinni hvort einn einasti þessara manna hefur setið eitt einasta Alþýðusambandsþing eða BSRB-þing. Ég veit ekki hvort þeir hafa einu sinni orðið varamenn í einhverju litlu verkalýðsfélagi austur á landi. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Þeir hafa ekki verið það, nei, enda má nú oft heyra í ræðum þeirra að þeir eru ekki sérlega kunnugir hagsmunamálum launþega og vita ekki afskaplega mikið um þau. En það er enginn vafi á því, að hvað svo sem mönnum sýndist í versta skammdeginu, þá hefur sú ríkisstj., sem nú situr, ekki á sér yfirbragð þeirra manna sem hafa á undanförnum árum gert sér sérstakar grillur út af því fólki sem er lægst launað í þjóðfélaginu. Og það fer ekki fram hjá neinum, að það virðist vera nákvæmlega sama á hvaða nótur er slegið hér í sölum Alþingis í sambandi við kjaramálin. Það fólk, sem hæst hefur talað í þeim efnum á s. l. árum eða jafnvel áratugum, segir ekki eitt einasta orð núna, í hæsta lagi tekur í

nefið. Og hvernig skyldi standa á því? Við þurfum ekki að leita langt eftir svarinu. Sá maður, sem loksins komst á þing á því herrans ári 1979, formaður Verkamannasambands Íslands, hv. 7. þm. Reykv., veltir því áreiðanlega fyrir sér oftar en einu sinni, hvers vegna hann hafi ekki haldið sig utan við sali þessa húss, því að hann finnur að það verður ekki létt verk fyrir hann frekar en fyrir 8. landsk. þm., Guðrúnu Helgadóttur, að verja þessa stjórn falli og ryðja henni veginn ofan í vasa þess fólks sem ég vil segja að annar þessara þm. hafi gert að ævistarfi sínu að berjast fyrir.

Það er út af fyrir sig alltaf skemmtilegt að hlusta á það, þegar þessir hæstv. ráðh. reyna að verja aðför sína að launafólki nú. Þannig hefur það oftar en einu sinni komið fyrir, eins og ég vék að áðan, að hæstv. iðnrh. talar um það eins og eitthvert sérstakt gustukaverk sem hann hafi gert fyrir borgara þessa lands, þegar hann tók söluskattinn af nauðsynjavörunum. En hvað gerði hann í staðinn? Hann kleip nokkur prósent af launum. Það var ekki eins og hann væri að gera eitthvað „gratís", og það þarf enginn maður að halda það, að þegar ríkisstj. grípur til þeirra ráða að falsa framfærsluvísitöluna, þá sé það gert til þess að launþegar græði. Auðvitað er það gert til þess að launþegar tapi. Öll þessi vísitölusvik eru auðvitað gerð til þess. Ég veit vel að ef þeir menn, sem telja sig stuðningsmenn ríkisstj., sem telja sig vera sérstaka málsvara launafólks, kæmust með tærnar þar sem hv. 2. þm. Norðurl. e. er með hælana í sambandi við bændur, þá mundi frv. af þessu tagi ekki vera lagt fyrir þetta þing. Það er engin hætta á því, því að hv. þm. Stefán Valgeirsson sá fyrst um það að bændur fengju sitt. Ég á að vísu eftir að sjá að öll kurl séu komin þar til grafar, og ég öfunda ekkert þennan hv. þm. af því núna á næstu misserum að útskýra fyrir stéttarbræðrum sínum í Eyjafirði og víðar hvernig komið er hag landbúnaðarins eftir að Framsfl. er búinn að vera í ríkisstj. í 10 ár og hefur allan tímann haft þessi mál með höndum, allan tímann þangað til loksins núna að þeir hlupu til og náðu í einn úr okkar hópi, smygluðu honum út bakdyramegin til þess að gá hvort hann gæti ekki hresst upp á sakirnar. Og það þekki ég til hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssonar, þó svo að ég sé ekki sáttur við hann í bili og kunni honum litlar þakkir fyrir framtakið, þá ætla ég ekki að líkja því saman fyrir bændur hvaða munur það er að hafa hann þó fyrir sínum málum heldur en núv. formann Framsfl., þann mann sem gegndi því embætti áður, þó svo hann sé bandingi í ríkisstj. og þó svo ég viti að Framsfl. muni ekki hafa viðsýni til þess nú að láta sjálfstæðismenn alveg ráða ferðinni í landbúnaðarmálunum, því að það er það eina, sem verulega ríður á núna, að með heilbrigðum hætti sé að þessum málum staðið.

Það er svolítið merkilegt að hugsa sér það, eins og hv. 3. þm. Austurl. sagði fyrir páskana, að við í stjórnarandstöðunni mundum bera ábyrgð á því, ef þetta frv. næði ekki fram að ganga. Það yrði nú meiri þunginn, það hvíldi þungt á manni, ef maður gæti stöðvað þó ekki væri nema eitt einasta af öllum þessum skattahækkunarfrv. Maður mundi sofa betur eftir þá nótt. Það er alveg nægilegt þingfylgi fyrir því að koma til móts við þá sem búa við verst kjör í sambandi við húshitunarmálin, og við í Sjálfstfl. erum reiðubúnir til þess að ræða um það við ríkisstj., hvernig koma megi við sparnaði og hagsýni í ríkisrekstrinum til þess að koma til móts við þær þarfir. Við höfum aldrei skorast undan því. (Gripið fram í.) Nú sé ég að sómi Íslands er kominn í salinn. Hann hefur að vísu villst á deildum, en það verður að hafa það. Hann villist stundum á ýmsu og talar oft þar sem hann á að þegja, en það verður að hafa það. Ég held að sumir hefðu átt að hlusta á það sem haft var eftir Kaj Munk presti í Ríkisútvarpinu í morgun, þar sem hann talaði um að vel kristnir menn breiddu ekki yfir það þegar þjóðlöndum væri haldið niðri með ofbeldi og hroka og kölluðu slíkt frelsi. Ég held að ýmsir ættu að lesa meira eftir danska klerkinn, hvað hann hafði í þeim málum að segja, og kalla ekki hvítt svart.

Það er því miður svo, að þó að hægt sé að sýna fram á það með fullum rökum, eins og gert hefur verið bæði í fjvn. og hér í nefndum, þá er varla að þessi skattahækkunarfrv. fáist einu sinni rædd í þeim nefndum sem þeim er vísað til, að maður tali nú ekki um það, að aðilum vinnumarkaðarins sé gefið tækifæri til að skýra sín viðhorf. Þess vegna mun það vafalaust ganga í gegn, að söluskatturinn verður hækkaður með þessum hætti. Það hefur að vísu fengist fram, að hækkunin verði 25% minni en upphaflega var stefnt að, og má segja að það sé nokkur sigur. En auðvitað væri best að þetta frv. yrði fellt og ríkisstj. reyndi með þeim hætti að koma til móts við fólkið í landinu og meta að einhverju þær hógværu kröfur, sem Alþýðusamband Íslands hefur gert í sambandi við kjaramálin, þar sem aðeins er farið fram á 5% grunnkaupshækkanir. Ef það er borið saman við það sem gert var á vordögum 1977, þá var um það samið að grunnkaupshækkanirnar yrðu 42% á einu og hálfu ári, og þó var þá um fullkomnari verðbótavísitölu að ræða en nú er í gildi, svo að þetta er ekki mikið sem farið er fram á í 50—60% verðbólgu. En það mun sýna sig, ef þessi óskammfeilni heldur áfram, að það er nóg svigrúm upp á við. Það er hægt að auka kaupkröfurnar og það getur farið svo að launafólk eigi ekki annars úrkosta. Eða hvernig haldið þið að launafólkið í landinu hafi það núna í haust, ef ríkisstj. tekst það sem fjmrh. hefur raunar lýst yfir að hann ætli sér, að ekki verði samið við opinbera starfsmenn fyrr en búið verði að semja á hinum almenna launamarkaði? Ef engar grunnkaupshækkanir verða fyrr en guð má vita hvenær, kannske í haust eða kannske eftir ár, hvernig haldið þið að ástandið verði í landinu þegar skattseðlarnir koma? Menn geta rétt hugsað sér það. Þegar ofan á þetta koma afborganir af þeim verðtryggðu lánum, sem fólkið hefur orðið að taka á undanförnum árum, þegar verðbólgan þýtur svona upp og útlánavísitalan er miklu hærri en nemur kauphækkununum, þá geta menn rétt ímyndað sér hverjar afleiðingarnar verða. Þá mun það sýna sig, að það verður ekki létt verk að koma þessu saman.

Við skulum ekki gleyma því, að launþegar eru búnir að sýna mikla biðlund. Þetta er ólíkt því sem var þegar Geir Hallgrímsson var forsrh., þegar aldrei mátti bíða með neitt og þegar heil kosningabarátta var þannig háð að jafnvel gleymdist sá mikli launamismunur sem orðið hefur milli ýmissa aðila, eins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, BHM og Alþýðusambandsins, svo að eitthvað sé nefnt. Það var allt saman upp hafið og þeir gengu hér um, fóru hér ríðandi um héruð, fulltrúi frá Alþýðusambandinu, fulltrúi frá háskólamenntuðum mönnum og fulltrúi frá BSRB, og þeir sögðu að sá mikli sigur hefði nú unnist í baráttunni við íhaldið, að þessir þrír launþegahópar hefðu komið sér saman í eitt skipti fyrir öll um það heilaga mál, að samningarnir skyldu í

gildi. Og það var á þessum vordögum sem hv. 7. þm. Reykv. talaði um það 1. maí hér á Lækjartorgi, að hann ætlaði ekki að róa með kóngsins þjón yfir Skerjafjörð, — *í líkingum talað að hann mundi ekki sætta sig við það*, að við völd væri í landinu ríkisstj. sem gengi á þann samningsbundna kaupmátt. En upplitið á honum er ekki jafnbjart nú og það var þá.

Það er náttúrlega umhugsunarefni ekki aðeins fyrir þingheim, heldur fyrir fólkið í landinu, ekki aðeins fyrir stjórnarandstöðuna, heldur fyrir fólkið almennt í landinu, hvaða völd borgarinn á orðið, þegar þeir menn, sem ráða ríkjum, kunna sér ekki hóf. Hversu langt hefur ein ríkisstj. heimild til að ganga? Hversu lengi getur þingmeirihluti varið fyrir sjálfum sér að verja vonda ríkisstj. falli? Þetta er mikið umhugsunarefni. Og svo aftur sé vitnað í Kaj Munk, þá komst hann að þeirri niðurstöðu, að kristnir menn gætu þolað ýmislegt. Þeir gætu jafnvel þolað það að svelta, það mætti ganga býsna langt á þá, vegna þess að maður á að borga keisaranum það sem keisarans er. Og ef maður fylgir þeim þankagangi og ef maður hugsar sér það, að Íslendingar eigi að sýna þessari ríkisstj. alla þá auðmýkt sem einn kristinn maður getur sýnt vondum valdhöfum, þá má segja að það sé kannske langt í rauða strikið, ég neita því ekki. En að hinu leytinu held ég því fram, að það sé hægt að hugsa sér að það sé öllu betri ríkisstj. í landinu. Og ég leyfi mér að halda því fram, að þjóðin eigi það skilið að hafa betri ríkisstj. en þetta. Sumir eru meira að segja svo bjartsýnir, að þeir halda að henni verði komið frá án kosninga. Ég veit það ekki, það má vera. *Í ríkisstj. er einstaka maður sem ég er* ekki alveg úrkula vonar um að muni standa sig betur en hinir, sérstaklega sá eini, sem situr hér inni núna, hæstv. menntmrh. Ég hef einhverjar vonir um að hann muni reyna að standa sig betur en hinir. En ég verð að segja það, að eins og aðfarirnar hafa verið og eins og tildrögin voru að því að þessi ríkisstj. settist að völdum, þá finnur maður að það, sem réð þeim gerðum, var ekki að ríkisstj. *væri sammála um einhverja úrlausn í vandamálum þjóð*arinnar. Hún hafði ekki fundið neina stefnu, neinn sannleika, sem gæti leitt okkur út úr þessari eyðimörk, heldur var það bara þráin í stólana sem réð ferðinni. Þegar svo er komið veit maður náttúrlega ekki hversu lengi þetta getur staðið. Það er erfitt að gera sér grein fyrir því.

Ég vil sem sagt vara við þessu, vara hæstv. ríkisstj. við því í fullri góðvild og elskulegheitum að hún er að ganga býsna langt núna með því að bæta þessum sköttum ofan á þá skatta sem fyrir voru. Mér skilst að heildarskattheimta ríkis og sveitarfélaga þyngist um 54 milljarða á þessu ári og því síðasta. Það er 1.2 millj. á fimm manna fjölskyldu í landinu. Það er athyglisvert, að á sama tíma og þetta hefur gerst hafa þjóðartekjurnar minnkað jafnt og þétt. Það er ekki svo að ríkið sé að taka hlutdeild í auknum þjóðartekjum. Nei, þær hafa minnkað á mann. Öll þessi nýja skattheimta, 54 milljarðar, er af því sem atvinnurekenturinn og fólkið í landinu höfðu áður. Það hafa ekki bæst við neinar nýjar tekjur. Þess vegna er það líka sem við sjáum að atvinnuvegirnir eiga alltaf erfiðara *með að standa sig en áður. Þess vegna er það sem við* verðum vör við að ráðstöfunartekjur heimilanna hafa minnkað. Og ég verð að segja það, að þó að þessir ágætu menn geti huggað sig við að lesa það í einhverju blaði fyrir austan, að fólkið verði ekkert vart við það þótt söluskatturinn hækki, þá eru til allrar hamingju enn til í þessu landi hagsýnar húsmæður og ýmsir menn sem fylgjast nokkuð með, og það mun líka sýna sig þegar kemur að mánaðamótum, að margur mun eiga lítið eftir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt ofurkapp á að fá afgreitt sem allra fyrst. Hún lagði slíkt ofurkapp á afgreiðslu málsins, að hún ætlaði á tímabili að krefjast þess, að þm. ekki aðeins sætu á fundi fyrir páska bæði daga og nætur, heldur einnig á helgum dögum. Það var gert samkomulag um meðferð málsins og umr. hófst hér um hálfsex. Hæstv. forsrh., oddviti þessarar ríkisstj., hefur ekki verið við umr. Hæstv. fjmrh., sem er flm. þessa frv., hefur setið hér eins og kría á steini, verið með höppum og glöppum viðstaddur umr. Hæstv. iðnrh., sem þetta mál heyrir meira og minna undir, er ekki viðstaddur. Hæstv. *viðskrh., sem fer með verðlagsmál í þessu landi, — en* verði frv. þetta samþ. mun það hafa áhrif til stórhækkunar á vöruverði og til hömlunar því að menn komist út í margumrædda niðurtalningu verðbólgunnar, — hann er ekki við. Hæstv. utanrrh. fékk á s. l. vetri sett lög sem við hann eru kennd og kölluð Ólafslög, sem mæla svo fyrir að stjórnvöld skuli hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um lagasetningu eins og þessa. Þetta hafa stjórnvöld *ekki gert. Sá maður er ekki við sem þessi lög eru við* kennd. Hæstv. landbrh. er fyrir nokkru farinn úr húsinu. Hæstv. dómsmrh. hefur ekki verið viðstaddur þessar umr. Hæstv. sjútvrh., formaður stærsta stjórnarflokksins, er ekki viðstaddur. Hæstv. félmrh., sem á að sjá um að lagaákvæðin um samráð við verkalýðshreyfinguna séu virt, er ekki viðstaddur. Aðeins einn hæstv. ráðh., hæstv. menntmrh., hefur setið hér við þessar umr. af tíu ráðherrum. Aldrei hefur verið fjölmennari ríkisstj. á Íslandi en nú, og ég man ekki eftir því á mínum þingferli að hæstv. ráðh. hafi setið jafnilla þingfundi eins og nú. Þessari ábendingu vildi ég koma á framfæri við hæstv. forseta, sem hefur nú ákveðið að halda umr. áfram kl. 9. Ég ætla að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sjái til þess að þeir ráðh., sem því geti komið við, sinni þingskyldum sínum með því að vera hér viðstaddir þegar umr. hefst í kvöld. Verði þess ekki kostur, þá taki hæstv. forseti þá ákvörðun að fresta frekari umr. málsins.

Páll Pétursson: Herra forseti. Að gefnu tilefni vegna ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, *og aths. vil ég aðeins skýra frá því*, þar sem hann lýsti eftir ráðh., að hæstv. viðskrh. dvelst erlendis. Hann fór til London og það er kominn hér fyrir hann varamaður. Hæstv. utanrrh. hefur unnið í dag að undirbúningi fundahalda út af Jan Mayen-málinu og það situr líka varamaður fyrir hann hér á Alþ. Þeir eru sem sagt báðir tveir til annarrar kirkju kallaðir, og það verður að hafa það þó að þeir hafi misst af hinni ítarlegu ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals áðan.

Forseti (Alexander Stefánsson): Forseti mun koma tilmælum hv. 3. þm. Vestf. til réttra aðila, en fundi er frestað til kl. 9. — [Fundarhlé.]

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Skömmu fyrir matarhlé gerði ég aths. við það, að af tíu ráðherrum í hæstv. ríkisstj. væri aðeins einn viðlátinn og sá eini var hvorki flm. umræddsfrv., hæstv. fjmrh., né heldur oddviti ríkisstj. og sá ráðh. í ríkisstj. sem fer með efnahagsmál,

hæstv. forsrh., né heldur sá ráðh. sem málið varðar einna mest fyrir utan þessa tvo, hæstv. iðnrh. Ég bað forseta að reyna að sjá til þess, að hæstv. ráðh. — sem leggja mjög mikið upp úr því að fá þetta mál afgreitt — sinntu þingskyldum sínum, a. m. k. þeir ráðh. sem eiga sæti í þessari deild, og væru viðstaddir umr. hér í kvöld. — Ég sé mér til mikillar ánægju að einn af þeim þremur hæstv. ráðh., sem málið varðar mest, hæstv. iðnrh., er mættur til leiks, en hvorugur hinna tveggja, hvorki oddviti ríkisstj., hæstv. forsrh., né flm. frv., hæstv. fjmrh. Mér er nú hálfilla við að óska eftir hléi þangað til þessir tveir ágætu heiðursmenn koma í salinn, því að það væri þá í fjórða sinn sem yrði að gera hlé á umr. um frv. um orkujöfnunargjald vegna þess að hæstv. fjmrh., flm. frv., hefði ekki tíma til að sitja þingfundi. En ég vildi engu að síður óska eftir því við forseta þessarar deildar, að hann gerði ráðstafanir til að láta þessa tvo hæstv. ráðh., sem málið varðar mest, af því vita að það er fundur hér í deildinni í kvöld. Þeir eiga sæti í þessari hv. deild og það er verið að ræða mál sem varðar ríkisstj. þeirra mjög mikið, annar þeirra er flm. að því og hinn, hæstv. forsrh., er oddviti ríkisstj. (**Gripið fram í:** Hann er í Ed.) Hann er í Ed. að vísu, en hann er engu að síður oddviti ríkisstj. og hefur kannske áhuga á því að vera viðstaddur umr. um það mál sem hann leggur svo mikið ofurkapp á að fá afgreitt. Ef mjög löng bið verður á því, að flm. frv., hæstv. fjmrh., gangi í salinn, sé ég ekki aðra leið en gera enn einu sinni hlé á máli mínu og óska eftir því — það er þá í fjórða sinn við 2. umr. um þetta mál — að gert verði hlé á þingstörfum þangað til flm. frv. þóknast að vera viðstaddur.

Það er dálítið athyglisvert að bera saman annars vegar orð einstakra ráðh. í þessari ríkisstj. — bæði úr síðustu kosningabaráttu, stefnuskrám sem menn gáfu þá út, og enn fremur frá fyrstu dögum ríkisstj., — bera saman þau orð og þær yfirlýsingar, sem þessir ágætu menn létu þá falla, og efndirnar og þær aðgerðir sem þeir láta nú frá sér fara. Ég man t. d. vel eftir því, að í umr. um stjórnarmyndun að loknum kosningum í des. skar formaður Framsfl. sig nokkuð frá forustumönnum annarra flokka að því leyti, að hann var stöðugt, við öll möguleg og ómöguleg tækifæri, að gefa út alls konar yfirlýsingar um möguleg og ómöguleg mál, og hefur ekki í seinni tíð fundist annar forustumaður stjórnmálaflokks, sem er eins yfirlýsingaglaður og hæstv. ráðh., formaður Framsfl. Sú yfirlýsing, sem hæstv. ráðh. gaf á þeim tíma í blöðum og fjölmiðlum og lítill vandi er að fletta upp, — sú yfirlýsing sem hann gaf hvað oftast og var þó af mörgu að taka, var þess eðlis, að Framsfl. teldi að ekki ætti nú að hækka skatta. Hæstv. ráðh., formaður Framsfl., tók hvað eftir annað fram að efnahagsvandann og fjármálavanda ríkisins yrði að leysa án þess að til kæmi hækkun skatta. Hæstv. ráðh. tók þetta fram hvað eftir annað á meðan hann stóð í stjórnarmyndunarviðræðum, m. a. á fjölmörgum fundum, sem ég átti sæti á með honum, og við blöð og fjölmiðla á þessum tíma, og endurtók þessa yfirlýsingu sína í nafni Framsfl. og allra þm. hans, m. a. þeirra sem hér sitja nú og búa sig undir að greiða atkv. með söluskattshækkun upp á tæpan milljarðatug. Hann endurtók þetta ekki aðeins á meðan hann var í viðræðum við okkur og aðra um ríkisstjórnarmyndun. Hæstv. ráðh. margendurtók þetta eftir að til ríkisstj. hafði verið stofnað, bæði hér á Alþ. og í fréttum fjölmiðla. Þetta voru yfirlýsingarnar sem hæstv. ráðh. gaf í nafni Framsfl. fyrir nokkrum dögum. Nú er komið að því að flokkur hans ætlar að standa við stóru orðin. Og hann gerir það svona, eins og við höfum séð nú í dag og dagana áður en við tókum páskafrí.

Hæstv. forsrh., — sem er hættur að mæta hér á þingfundum nema rétt á meðan fundir eru settir kl. 2 á daginn, en svífur að öðru leyti í sjöunda himni síns virðulega embættis utan og ofan við þá atburði sem gerast hér í þingsölum, — margendurtók slíkar yfirlýsingar. Það er ekki langt síðan hann svaraði fsp. á vegum dagblaðsins Vísis, þar sem hann var m. a. spurður um skattamálin. Þá margtók hann fram að það væri ekki aðeins vilji hans og þeirra málaliða sem honum fylgja, að skattar verði nú ekki hækkaðir, heldur væri það stefna ríkisstj., stjórnarinnar sem hann veitti forstöðu, að nú ætti að taka öðruvísi á málum en aðrar ríkisstjórnir Framsóknar-kommaáratugsins hafa gert, nú ætti að leysa málin án þess að hækka skatta. E. t. v. veit hæstv. forsrh., — sem hefur, eins og ég sagði áðan, svifið um í sjöunda himni síns virðulega embættis utan og ofan við þá atburði sem gerst hafa hér á Alþingi Íslendinga undanfarna daga, — e. t. v. veit hæstv. forsrh. ekki að ríkisstj. hans hefur lagt fram ekki eitt, ekki tvö, heldur mörg frv. á undanförnum dögum, sem öll stefna í þveröfuga átt við það sem hann hafði lofað kjósendum sínum í kosningabaráttunni — og þjóðinni eftir að ríkisstj. var stofnuð. E. t. v. er hæstv. forsrh. ekki kunnugt um þetta. Og það er e. t. v. ekkert einkennilegt að honum sé það ekki kunnugt, því að hann er yfirleitt ekki viðstaddur þingfundi hér. En það væri þá ráð, að einhver góðviljaður maður segði honum frá því, svo að það kæmi honum ekki mjög á óvart næst þegar hann þarf að svara fsp. á vegum dagblaða, — svo að maður tali nú ekki um ef það dettur í hann að leita endurkjörs eins og Adenauer — ef það dettur í hann að fara að endurtaka yfirlýsingar sínar um það, að nú eigi að leysa málin án skattahækkana.

Hvað er það, sem formaður Framsfl., hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson, og varaformaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen, ásamt gáfumannafélaginu í Alþb., — hvað er það, sem þessir þrír aðilar í sameiningu hafa ýmist fengið afgreitt hér á Alþ. undanfarna daga eða biðja um afgreiðslu á í sambandi við skattamál og skattahækkanir? Það er búið að hækka útsvar um rúma 5 milljarða kr., um 10%. Þessi útsvarshækkun er, eins og öllum þm. er ljóst, brúttóskattur sem tekur lítið sem ekkert tillit til raunverulegra tekna þeirra, sem skattinn greiða, að því leytinu til að hann leggst af fullum þunga á lægst laun. Og ég spyr: Var það þetta, sem hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen bað fólk um að styðja sig til, þegar hann sóttist eftir atkvæðum þess í síðustu kosningum? Var það þetta, sem hæstv. félmrh. Svavar Gestsson fékk sín atkvæði út á í Reykjavík? Eða hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson? Eða hv. þm. Guðrún Helgadóttir? Eða hæstv. ráðh. Hjörleifur Guttormsson? Eða hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds? Var það þetta, sem þeir voru kosnir til að gera? Var það þetta sem þeir báðu um atkvæði fólksins til að gera í des. s. l.?

Þá hafa þessir sömu menn með fjárlagaafgreiðslu sinni og með frv. um skattstiga óskað eftir því, að tekjuskattar verði hækkaðir um 40% frá því fjárlagafrv. sem minnihlutastjórn Alþfl. lagði fram. E. t. v. vilja menn ekki miða við það, telja það óraunhæft. Þá skulum við miða við skattbyrðina sem hlutfall af tekjum greiðsluárs. Með þessari afgreiðslu er ríkisstj. að hækka skattbyrði í hlutfalli af tekjum úr 13.4% á árinu 1979 í um 14% á árinu

1980. Það er sem sé verið að hækka skattbyrði í tekjuskatti til viðbótar við hækkun skattbyrðar í útsvari. Var það þetta, hæstv. ráðh. Friðjón Þórðarson, sem þú baðst um atkvæði kjósenda þinna í Vesturlandskjördæmi til að gera? Var það til þess að gera þetta, hæstv. ráðh., sem þú varst kjörinn á þing? Hæstv. félmrh. Svavar Gestsson, var hann kjörinn hingað á þing til þess að standa að þessu? Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, var það þetta sem þið báðuð um atkvæði ykkar kjósenda í síðustu kosningum til að standa að að framkvæma.(**GJG:** Nei. Það var nú ekki þetta.) Það var ekki þetta. En það er ekki nóg með það, heldur flýgur það nú manna á milli hér í Alþ., að hæstv. ríkisstj. hafi komist að þeirri niðurstöðu, að sá skattstigi, sem hún lagði fram í frv. rétt fyrir páska, sé ekki nógu hár. Þrátt fyrir það að hæstv. ríkisstj. reikni í þessum skattstiga með því að hafa 2—3 milljarða upp á að hlaupa í tekjum af tekjuskatti umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir, þá telur hún, eftir því sem hvíslað er hér í sölum Alþingis, að þessi áætlun sé of lág. Og hún ráðgerir nú — hvort sem af því verður eða ekki — að fá stuðningslið sitt í þeirri nefnd, sem fjallar um frv. þetta, til að flytja till. um aukahækkun á tekjuskatti.

Nú liggur það fyrir — ég veit ekki hvort öllum þm. er það ljóst — en það liggur fyrir að sú tekjuhækkun, sem liggur til grundvallar þessum skattstiga, sú spá um tekjuhækkun milli ára er byggð á því, að tekjur á milli áranna 1978 og 1979 hafi vaxið um 45%. Á þeirri forsendu eru allir útreikningar skattstigans byggðir. Nú hafa flestallir einstaklingar á Íslandi skilað sínum skattframtölum og þegar hafa verið tekin úrtök úr þessum skattframtölum í nokkrum stærstu sveitarfélögum landsins. Þessi úrtök benda til að tekjur á milli áranna 1978 og 1979 hafi hækkað um meira en 45%, eða 46—47%. Það mun færa ríkisstj. 2—4 milljarða kr. tekjur af tekjuskatti umfram það sem áætlun hennar um skattstiga gerði ráð fyrir. Ég er alveg sannfærður um að hæstv. ríkisstj. og ráðh. hafa ekki flaggað þessum upplýsingum við stuðningsmenn sína á Alþ., sem þeir ætlast til að flytji nú till. í nefndum þingsins um að hækka þessa skattstiga, þannig að skattbyrðin í prósentum af tekjum greiðsluárs verður meiri, hækkar úr 13.4% á síðasta ári í 14% á árinu 1980.

Í þriðja lagi leggur hæstv. ríkisstj. fram frv. um að hækka söluskatt um 1.5%. Og samkv. orðanna hljóðan í því frv. á sá skattur allur að renna í ríkissjóð. Það er ekki gert ráð fyrir því í frv., að gildistíma þess séu nokkur takmörk sett, heldur gildi það hér eftir þangað til ákvæði laga um þessa skattheimtu verði numin úr gildi. Og það er heldur ekkert í frv. sem bindur núv. ríkisstj. né heldur þær, sem eiga eftir að taka við af þessari ríkisstj., — það er ekkert í frv. sem bindur ríkisstj. þessa eða þær komandi til þess að ráðstafa einhverjum hluta af þessari söluskattshækkun til jöfnunar kyndikostnaðar eða til úrbóta í húshitunarmálum, — ekkert. Þessi skattlagning hefur upphaf, en engan endi. Hún hefur þann almenna tilgang að útvega meira fé í ríkissjóð til almennrar greiðslu, en það er ekki stafkrókur í frv. sem bindur þær tekjur, sem aflað er samkv. frv., á einn eða neinn hátt, hvorki til jöfnunar kyndikostnaðar né annars þvílíks. Þetta er athyglisvert fyrir menn að gera sér í hugarlund, t. d. fólk eins og hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson eða hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, í þeim aðstæðum sem Alþ. á nú við að búa, þegar búið er að afgreiða fjárlög án þess að þar sé gert ráð fyrir neinu framlagi öðruvísi en með þessum hætti til jöfnunar kyndikostnaðar. Ef þessir hv. þm. gæfu nú gaum að málinu er ekki víst að þeir væru reiðubúnir að afgreiða slíka hækkun á söluskatti með upphafi, en engum endi, þ. e. að leggja upp í hendurnar á öllum ríkisstj. — bæði þeirri ríkisstj., sem þau styðja nú, og þeim ríkisstj., sem eiga eftir að taka við af henni einhvern tíma í framtíðinni og ekki er víst að þessir hv. þm. styðji — leggja öllum slíkum ríkisstj. upp í hendurnar 1.5% hækkun á söluskatti. Eru þessir þm. reiðubúnir að afgreiða þá söluskattshækkun án þess að eitt eða neitt sé sagt í því frv. um að tekjunum af hækkuninni eigi að verja t. d. til jöfnunar kyndikostnaðar? Hafa þessir hv. þm. hugleitt þetta?

Það gefur auðvitað auga leið, að jöfnun kyndikostnaðar hefur alls ekki vakað fyrir þeim hæstv. ráðh. sem þetta frv. hafa samið. Ef jöfnun kyndikostnaðar hefði vakað fyrir þeim og úrbætur í því, þá hefðu þeir auðvitað í frv. sjálfu bundið tekjuöflunina til þessara tilteknu þarfa. En það er ekki gert. Það eina, sem á eitthvað skylt við jöfnun kyndikostnaðar í þessu frv., er fyrirsögnin. Lögin, eins og þau eru úr garði gerð, eru lög um almenna tekjuöflun fyrir ríkissjóð, þar sem söluskattur verður hækkaður úr 22% í 23.5% án þess að þeirri hækkun sé nokkurn tíma ætlað að enda. Þetta er viðvarandi söluskattshækkun í fyrsta lagi og í öðru lagi án þess að tekjur af þeirri söluskattshækkun séu með nokkrum hætti bundnar til þess verkefnis í framtíðinni sem sagt er að þær eigi að renna til, þannig að t. d. við gerð næstu fjárlaga er sú ríkisstj. — hver svo sem það verður — sem annast gerð þeirra fjárlaga, alls ekki bundin við það að nota tekjurnar eða brot af tekjum af þessari söluskattshækkun til verðjöfnunar á kyndingarkostnaði. Hún gæti átt það til — alveg eins og núv. hæstv. ríkisstj. — að skila fjárlagafrv. sínu með þessum tekjum, en ekki með einnar einustu krónu útgjöldum til jöfnunar kyndikostnaðar, og koma svo aftur til Alþingis og sega við það.: Nú þurfum við 1.5% söluskattshækkun í viðbót í jöfnun kyndikostnaðar. Nú þurfum við að hækka söluskattinn úr 23.5% upp í 25%. — Og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, hv. þm. Guðrún Helgadóttir og aðrir þeir þm., sem ætla að styðja ríkisstj. í þessu, eiga sér enga vörn fyrir slíkum vinnubrögðum, vegna þess að þessir hv. þm. hafa ekki gætt þess í fyrsta lagi, að þessi söluskattshækkun ætti sér einhver endalok, hún stæði t. d. ekki nema bara á þessu ári og hana yrði síðan að endurnýja á næsta ári ef ekki fyndust aðrar leiðir. Þessir hv. þm. hafa ekki gefið gaum að því. Og þeir hafa ekki heldur gefið gaum að því að binda þá tekjuöflun, sem þarna á fram að fara, við þau útgjöld sem sagt er að verið sé að afla teknanna til. Þessir hv. þm. hafa m. ö. o. látið hlunnfara sig með fyrirsögninni og leggst þá lítið fyrir kappana.

Þá er mjög athyglisvert í sambandi við þetta mál og þau tíðindi, sem hafa orðið hér á Alþ. í sambandi við afgreiðslu þess, að hugleiða hver er staða hæstv. forsrh. og málaliða hans í þessari ríkisstj.

Þessir hv. þm., núv. hæstv. ráðh., komu fram fyrir kjósendur sína í desembermánuði s. l. og boðuðu allir eina ákveðna stefnu, sem var sameiginlegt einkenni á öllum málflutningi sjálfstæðismanna í síðustu kosningum, án tillits til þess, hvort þeir buðu sig fram á D-lista eða einhverjum öðrum lista. Það var sameiginlegt í málflutningi allra þessara manna að þeir sögðu: Ef kjósendur veita okkur traust og við komumst til áhrifa á landstjórnina, þá verður það okkar fyrsta verk að afnema

skatta vinstri stjórnarinnar, þá skatta sem við teljum ekki aðeins óþarfa, heldur rangláta. — Þetta var rauði þráðurinn í málflutningi allra sjálfstæðismanna í desembermánuði s. l., án tillits til þess, hvort þeir buðu sig fram á D-lista eða undir öðrum listabókstaf. Og þá var þetta líka sannfæring hv. þm. Alberts Guðmundssonar, því að þetta er sjálfsagt sú eina sannfæring hv. þm. sem hefur haldist nokkurn veginn óbreytt þann tíma sem hann hefur setið hér á þinginu, þangað til nú. Það var þetta, hæstv. landbrh., hæstv. dómsmrh., sem kjósendur ykkar áttu von á að þið munduð gera — ef þið fengjuð aðstöðu til — eftir að þið höfðuð verið kjörnir hingað til þings. En hver eru örlög ykkar og annarra þeirra sem ykkur fylgja að málum í Alþb. og Framsfl.? Jú, þeir búa sig ekki aðeins undir að framlengja alla þessa vondu skatta sem þeir börðust svo hart gegn fyrir einu ári og báðu um atfylgi kjósenda sinna til þess að afnema, þeir ætla ekki aðeins að sporðrenna þeim hverjum á fætur öðrum og öllum í einu, heldur ætla þeir að gera sér lítið fyrir og ganga skrefinu lengra. Þeir ætla að ganga í það verk sem við Alþfl.-menn neituðum að ganga í fyrir Framsfl. og Alþb., að bæta ofan á skattaklyfjarnar sem búnar voru til í fyrra. Þetta er hlutskipti hæstv. forsrh. og málaliða hans nú á þessum dögum. Var það þetta, hæstv. landbrh., sem þú varst kjörinn til að gera? Var það þetta, hæstv. dómsmrh., sem þú fékkst atkvæði kjósenda í Vesturlandskjördæmi til að framkvæma? Sjálfsagt þurfa einhverjir kjósendur ykkar að spyrja ykkur þessarar spurningar og ykkur vefst sjálfsagt ekki tunga um tönn að svara henni.

En það er mjög athyglisvert, að þessir hv. þm. og ráðh. hafa ekki sagt aukatekið orð um þær skattahækkanir sem hafa verið til umr. og afgreiðslu hér á þingfundum. Þeir hafa látið sér nægja að horfa í gaupnir sér og rétta síðan upp höndina þegar samráðherrar þeirra í Alþb. og Framsfl. hafa gefið þeim olnbogaskot. Og það er líka mjög athyglisvert, að þegar stöðugir fundir voru hjá stjórnarliðnu hér fyrir páska, þar sem mótmæli komu við áformum hæstv. ríkisstj. um að hækka söluskatt um 2%, þá komu þau ekki frá þessum mönnum. Þau komu ekki frá hæstv. forsrh., þau komu ekki frá hæstv. landbrh., þau komu ekki frá hæstv. dómsmrh. og þau komu ekki frá hv. þm. Eggert Haukdal, ekki aldeilis! Þessir menn höfðu ekkert við þessar fyrirætlanir að athuga. Nei, það voru nokkrir þm. í Framsfl. og Alþb. sem var nóg boðið. En þessir hv. þm., sem voru kjörnir hingað á Alþ. til þess að afnema skatta vinstri stjórnarinnar, höfðu ekkert til málanna að leggja annað en samþykki sitt. Þeir biðu tilbúnir með höndina — hvort sem það var sú vinstri eða hægri sem átti að rétta upp — þegar hæstv. félmrh. eða hæstv. iðnrh. þóknaðist að gefa sitt olnbogaskot. Og þeir bíða tilbúnir enn. Þessir hæstv. ráðh. þurfa enga grein að gera fyrir sinni afstöðu. Þeir sitja bara hér, hæstv. ráðh., ef þeir þá mæta á þingfundi, horfa í gaupnir sér, segja ekki eitt einasta aukatekið orð, en bíða tilbúnir með höndina.

Það er mjög athyglisvert, hver staða þessara manna er í núverandi stjórnarsamstarfi. Tvo dagana fyrir páska var ekki hægt að halda þingfundi á eðlilegum tíma vegna þess að þingflokkar Alþb. og Framsfl. voru á stöðugum fundum til þess að reyna að jafna ágreining um þessa nýju skattaöflun. Það var mjög lærdómsríkt að sjá hæstv. ráðh., félagsmenn Gunnars Thoroddsens, labba hér milli herbergja. Ég býst við að þeir hafi verið einu mennirnir í öllu Alþ. sem höfðu ekki hugmynd um hvað var að gerast. Það hafði enginn áhuga á því að leita álits þeirra. Þeir vissu ekkert hvað var að ske. Þeir voru að „spekúlera" í því, hæstv. ráðh., hvort þeir ættu að fara upp á skrifstofu hjá sér eða hvort fundur mundi hefjast eftir klukkutíma og hvað menn væru nú eiginlega að ræða um. Það hafði enginn áhuga á því að leita álits þeirra. Það hafði enginn áhuga á því að bera neitt undir þá, hafa samráð við þá um eitt né neitt. Og það er einkar lærdómsríkt, að eftir tveggja daga fundi og deilur í þingflokkum Alþb. og Framsfl. varð einum forustumanni í Sjálfstfl. gengið fram á forsvarsmann í Framsfl., síðla dags síðasta deiludaginn, og hann sagði honum það í óspurðum tíðindum, að nú væri búið að ná samkomulagi milli Alþb. og Framsfl. um að lækka hina fyrirhuguðu söluskattshækkun úr 2% í 1.5%. Þá varð viðkomandi forustumanni Sjálfstfl. að orði: En hvað segir Gunnar? — Þá var svarið: Ja, ég veit nú bara ekki hvort búið er að spyrja hann. — Þetta er nú staða ykkar, hv. þm. og hæstv. ráðh., í þessu stjórnarsamstarfi. Og þið vitið þetta. Hvort sem þið viljið viðurkenna það eða ekki, þá hlýtur ykkur að vera þetta ljóst.

Hér á dögunum, þegar blöð og fjölmiðlar biðu spennt eftir því að vita hvort Alþb. og Framsfl. tækist að verða sér úti um þingmeirihluta til þess að geta sest við stjórnvöl á þjóðarskútunni, þá var þungt í þessum mönnum pundið. Þá komu skyndilega margir menn í sviðsljósið sem höfðu ekki verið mikið í opinberri umræðu eða í sviðsljósinu á árunum áður. Þá skipti miklu máli hvorum megin hryggjar einstakir þm. lágu. En eftir að hæstv. ríkisstj. hefur verið mynduð hefur gengið á þessum sömu hv. þm. fallið niður í núll. Það hefur orðið algert gengisfall á þeim hér innan veggja Alþingis. Það er ekki einu sinni haft við þá samráð. Þeir vita ekki hvað er að gerast. Þeir koma af fjöllum þegar gerð er grein fyrir því, hvaða samkomulag hefur orðið á milli þeirra sem ráða ferðinni í ríkisstj., Alþb. og Framsfl.

Það er í sjálfu sér auðskilið, og við höfum allir okkar metnað. Enginn verður þm. öðruvísi en hafa talsverðan metnað fyrir sína hönd. Það er ósköp eðlilegt að sá metnaður verði mönnum oft fjötur um fót, og þarf ekki annað en að líta á hæstv. landbrh. til að sjá það. En það er að sjálfsögðu fleira sem hefur ráðið ferðinni hjá þessum ágætu þm., t. d. fylgispekt þeirra við þann merka mann, hæstv. forsrh., sem er mikil persóna og á margan hátt mikill stjórnmálamaður. Þessir hæstv. ráðh. halda sér í hann eins og í bjarghring. En það getur líka fokið í það skjól. Og hvað væri Björn í Mörk án Kára eða Ketill skrækur án Sveins? Og hvaða viðspyrnu hafa þessir hv. þm. í þeirri ríkisstj. sem þeir sitja í, eftir að þeir eru á annað borð komnir inn í hana? Viðspyrna og viðnám, sem flokkar geta veitt sem aðild eiga að ríkisstj., er auðvitað fyrst og fremst, að ef þeim líka ekki verk þau sem ríkisstj. ætlar sér að vinna, þá hafa þeir frelsi til þess að yfirgefa hana og beita sér gegn henni. Hafa hæstv. forsrh. og fylgismenn hans slíka viðspyrnu? Nei, það hafa þeir ekki lengur. Þeirra gengi er ekki lengur svo hátt. En hvað ætla þeir svo að gera? Hvað mundu þessir ágætu þm. gera ef þeir tækju nú þá ákvörðun, að þeim litist ekki betur en svo á þann framsóknarkommúnisma sem þeir verða nú að framkvæma, að þeir vildu kveðja ríkisstj.? (Gripið fram í.) Ættu þeir að fara aftur inn í Sjálfstfl. og biðja um náð og miskunn? Eða ættu þeir að stofna flokk? Og þá til hvers? Til þess að beita sér gegn stefnu ríkisstj. sem þeir voru í? Af hverju fóru þeir þá í hana? Til þess að berjast fyrir stefnu ríkisstj. sem þeir voru í? Af hverju

fóru þeir þá úr henni? Gengi þessara hv. þm. er komið langt niður fyrir núll. Og auðvitað vita þeir það. Þeirra pólitíska líf er fast njörvað við líf núv. hæstv. ríkisstj. Ef þeir ætla að halda sinni pólitísku vígstöðu, þá gera þeir það ekki öðruvísi en með því að halda lífinu í ríkisstj. Þess vegna er það alveg ljóst, að þeir menn, sem síðast fá nóg og síðast segja nei og ávallt verða neyddir til að samþykkja allt, sem Framsfl. og Alþb. koma sér saman um í þessari ríkisstj., eru hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen, Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson. Þetta vita Alþb. og Framsfl. Þess vegna telja þeir sig ekki þurfa að hafa samráð við þessa hæstv. ráðh. Það er nóg að segja þeim það áður en að atkvgr. kemur, hvernig þeir eigi að greiða atkv.

Við Alþfl.-menn höfum að sjálfsögðu ekki neitt á móti því, að þessi klofningur komi upp í liði Sjálfstfl., síður en svo. Þessi klofningur hefur verið þar lengi og gert bæði flokknum og öðrum, sem við hann hafa átt samstarf, erfitt fyrir. Það er ekkert við því að segja, þó að það brjótist út, alveg sjálfsagt að það komi einhvern tíma upp á yfirborðið sem lengi er búið að „grassera" undir niðri. Við hörmum það síður en svo, að þessi tíðindi hafi gerst hjá Sjálfstfl. Hitt er öllu verra, að þetta hefur gert ríkisstj., sem á að vera meirihlutastjórn hér á Alþ., að veikri stjórn, vegna þess að einn aðilinn af þremur í þessari ríkisstj. er alger bandingi hinna tveggja og verður ávallt að gera það og það eitt, sem hinir tveir ná samkomulagi um. Það er slæmt fyrir íslenska pólitík á viðsjárverðum tímum eins og nú eru að hafa slíka ríkisstj., sem á ytra borðinu er meirihlutastjórn, en er bæði veik og minnihlutastjórn í reynd. Og í öðru lagi er það hörmulegt, hvernig þessi leikaraskapur kemur til með að torvelda þingstörf hér á Alþ., þar sem ákveðnar venjur og siðir hafa skapast um samstarf manna og hópa og þingflokkar eru einhver þýðingarmesta stofnun þingsins. Að því leyti er þetta ekkert einkamál Sjálfstfl., heldur mál þingsins í heild. Það nær ekki nokkurri átt, að menn geti gert sér leik að því hér á Alþ., að torvelda störf þingsins með því að rýra og á sumum tímum að gera að engu jafnmikilvægar stofnanir á Alþ. eins og þingflokkar eru. Það verður að vera ákvörðun viðkomandi hvernig þeir halda á því máli í framtíðinni.

Herra forseti. A það hefur verið bent, að allt frá því að það mikla misrétti, sem er fólgið í hinum mikla mismun kyndikostnaðar, kom til hafi ríkisstj. talið nauðsynlegt að afgreiða fjárlög þannig að ríkissjóður legði eitthvað til til þess að leysa þennan vanda. Þau tvö fjárlagafrv., sem lögð voru fyrir þetta þing á haustdögum, gerðu bæði ráð fyrir því, að ríkissjóður legði fram sem sitt framlag til jöfnunar kyndikostnaðar 2.3 milljarða kr. Bæði þessi fjárlagafrv. voru þess eðlis, að ekki var gert ráð fyrir að efna þyrfti til sérstakra skattahækkana til þess að þetta gæti orðið, að ríkissjóður legði fram 2.3 milljarða til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Þetta var bæði í frv. minnihlutastjórnar Alþfl. og því frv., sem hæstv. fyrrv. fjmrh., Tómas Árnason, lagði fram. Fjárvöntunin í þessu sambandi, til jöfnunar kyndikostnaðar, var því 1.7 milljarðar kr. og fyrir báðum aðilum, bæði hæstv. þáv. ríkisstj. og minnihlutastjórn Alþfl., vakti að ná þessu fé með sérstökum hætti, 1.7 milljörðum sem upp á vantaði. Núv. hæstv. ríkisstj. er hins vegar fyrsta ríkisstj. á Íslandi síðan þessi húsakyndingarvandi skapaðist, sem telur verjandi að leggja fram fjárlagafrv. þar sem hún er búin að eyða í annað öllu því fé sem aðrir á undan henni höfðu gert ráð fyrir að verja til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Þannig hafði hún búið til fjáröflunarvanda vegna jöfnunar kyndikostnaðar sem var 1.7 milljarðar, en varð 4 milljarðar, 2.3 milljörðum kr. hafði hæstv. ríkisstj. eytt í annað, sennilega til þarfa hæstv. landbrh. sem virðist ganga með alla vasa gatslitna. Búið var að eyða þeim fjármunum í annað og búið að skapa fjárhagsvandamál upp á 4 milljarða kr.

Við þetta tækifæri, þegar fjárlög voru lögð fram, lýsti hæstv. fjmrh. því yfir hvað eftir annað, að ríkisstj. mundi sjá sérstaklega fyrir fjáröflun upp á 4—5 milljarða kr. vegna vanda þeirra sem kynda hús sín með olíu og rafmagni. Hæstv. ráðh. kom raunar fram með þá barnalegu skýringu, að þetta mál ætti ekki að fara í gegnum fjárlög þar sem hér væri um millifærslu að ræða. Þetta sagði hæstv. fjmrh., þó vonandi vitandi um að meginhlutinn af því fé, sem fært er inn og út af fjárlögum, er millifærsla. Það er verið að taka skatta af tilteknum þjóðfélagsþegnum, bæði beina skatta og óbeina, til þess að færa til tiltekinna þarfa. Og fjárlögin öll eru millifærsla, og auðvitað er þá engin sérstök röksemd að hafa þessa sérstöku millifærslu utan fjárlaga. Þannig væri þá hægt að meðhöndla hvaða millifærslu sem er, svo sem tekjutilfærslu vegna almannatrygginga. En látum það nú vera.

Yfirlýsing, sem hæstv. fjmrh. gaf hvað eftir annað, var að aflað yrði sérstakra tekna að upphæð 4—5 milljarðar til þeirra þarfa sem hér um ræðir. En þrátt fyrir þessa margítrekuðu yfirlýsingu er raunin sú, að þegar þessi fjáröflun sá dagsins ljós var ekki gert ráð fyrir að hún næmi 4—5 milljörðum, heldur 12—13 milljörðum. Þar af átti aðeins að nota 4 milljarða eða 4.5 milljarða til jöfnunar húshitunarkostnaðar og til annarra orkusparandi aðgerða. Afganginn ætlaði ríkissjóður að taka til sín sem aukna skattheimtu, þannig að þessi yfirlýsing stóðst ekki heldur. Það stenst ekki til kvölds sem hæstv. ráðh. segja að morgni. Og þeim datt í hug það snjallræði, hæstv. ráðh. í ríkisstj., að kalla þetta frv. til l. um orkujöfnunargjald. Það var auðvitað gert í tvennum tilgangi: Í fyrsta lagi að nota þetta heiti sem skálkaskjól fyrir almenna söluskattshækkun sem að mestu leyti á að ganga í ríkissjóð. Það var önnur skýringin. Hin skýringin var sú — og það er athyglisvert fyrir þá sveitarstjórnarmenn sem hér eru inni — að með því móti að kalla þetta orkujöfnunargjald, en ekki almenna hækkun á söluskatti, er komið í veg fyrir að sveitarfélögin fái sinn hluta af þessum tveimur söluskattsstigum, sem nú er orðið 1.5 söluskattsstig. Ef frv. héti „Frumvarp til laga um hækkun söluskatts", eins og frv. í rauninni er, þá fengju sveitarfélögin 8% af þeirri fjáröflun sem ráð er fyrir gert að ráðist verði í samkv. frv. Með því að kalla þetta frv. til l. um orkujöfnunargjald og láta í veðri vaka að þetta sé allt annað en almennur söluskattur er komið í veg fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái sinn hluta. Og svo eru þessir sömu þm. og eiga aðild að þessu með hástemmdar yfirlýsingar um hver fjárhagsvandi sveitarfélaga sé orðinn mikill og nauðsynlegt sé til þess að jafna þann fjárhagsvanda að heimila 10% hækkun á útsvari. Ég fullyrði að ef sveitarfélögin hefðu fengið sinn hluta af þessum tveimur söluskattsstigum, sem verið var að ræða um hér upphaflega, þá hefði ekki þurft að heimila þá 10% hækkun á útsvari, sem nýlega er búið að afgreiða á Alþ. að tilhlutan ríkisstj.

Þá vil ég leyfa mér að benda á það, að ef frv. þetta verður samþ., þá er almennur söluskattur — sem er þá

tekinn í þremur skömmtum — orðinn 23.5%. Næstum því fjórða hver króna, sem ýmsar nauðsynjavörur kosta, er þá söluskattur til ríkisins. Hvað halda menn að það hafi í för með sér fyrir þá sem innheimta söluskattinn fyrir ríkið, þegar fjórða hver króna, sem þeir taka á móti frá neytendum, er orðin í formi söluskatts? Nú vita það auðvitað allir, að söluskattur — þegar hann er orðinn jafnhár og hann hefur verið á Íslandi — er fyrir margar sakir einkar óheppilegur skattur. Þegar söluskattur er orðinn eins hár og hann hefur verið hér, þá er hann farinn að skipta ákaflega miklu máli fyrir þá aðila, sem innheimta skattinn fyrir ríkissjóð, og freistingin til að grípa einhvern hluta af þeim innheimtutekjum í eigin vasa verður stöðugt sterkari. Og við vitum það öll — hvort sem við viljum viðurkenna það eða ekki — að tilteknar atvinnustéttir, sem eiga að innheimta söluskatt fyrir ríkissjóð, standa ekki skil á nema broti af skattinum, vegna þess að það er gert að sameiginlegu hagsmunamáli þessara innheimtuaðila og viðskiptavina þeirra að svíkja undan skilum til þess að geta hagnast á því og þurfa ekki að skila söluskattinum.

Mér er það mætavel ljóst, að a. m. k. var málum þannig háttað í Alþb., að Alþb.-menn gerðu sér grein fyrir þessu og höfðu af því áhyggjur. En skyldu ekki áhyggjur Alþb.-manna vegna vanskila á söluskatti magnast þegar þeir hækka nú söluskattinn úr 22% í 23.5%, þannig að hartnær fjórða hver króna, sem almenningur greiðir fyrir ýmsar nauðsynjavörur, er söluskattskróna sem á að renna til ríkisins og er stórkostleg freisting fyrir þá sem taka við söluskattinum að halda eftir? Ég held að það sé orðið alveg ljóst, að eitt þýðingarmesta viðfangsefni okkar Íslendinga í skattamálum er að hverfa frá söluskatti á síðasta stigi viðskipta, ekki síst þegar söluskatturinn er orðinn eins hár og hann nú verður, 23.5%. Það hlýtur óhjákvæmilega að verða til þess að skapa slíkar freistingar til undanbragða frá skattinum, bæði fyrir þá, sem skattinn eiga að innheimta, og hina, sem eiga að greiða skattinn, að ég fullyrði og við vitum það allir, að það eru heilar atvinnustéttir í þessu landi, sem bókstaflega eru sagðar byggja afkomu sína á því að gera samninga við þá, sem njóta þjónustu þessara tilteknu stétta, um það að stela söluskattinum undan skilum. Þetta vitum við öll. Og þeim mun hærri sem þessi söluskattur, sem innheimtur er á síðasta stigi viðskipta, verður, þeim mun ríkari verður slík freisting.

Auk þess er söluskattskerfið orðið svo götótt vegna margfaldrar undanþágu frá söluskattinum, að það er varla að menn ráði lengur við að innheimta skattinn og leggja hann á. Og það er almennt viðurkennt af þeim mönnum, sem vel eru heima í skattamálum, að söluskatturinn — eins og hann er framkvæmdur á Íslandi — sé ekki lengur tækur til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Hér á landi hefur lengi verið rætt um að taka upp svonefndan virðisaukaskatt í stað söluskatts á síðasta stigi viðskipta, og eru nú 10 ár liðin síðan fyrsta skýrsla um framkvæmd slíkrar skattheimtu var samin fyrir stjórnvöld. Síðast var mjög ítarleg skýrsla um framkvæmd virðisaukaskatts miðað við íslenskar aðstæður samin og gefin út árið 1974 eða 1975 — ég man ekki hvort heldur var. Það er mikill viðbúnaður fólginn í því að semja frv. um slíkan skatt og gera sér grein fyrir því, hvernig hann verkar. En þrátt fyrir það, hversu mikið hefur verið um þetta mál talað, m. a. hér á Alþ., hefur aldrei verið tekin ákvörðun um það eða komið fram í samþykkt þáltill. eða með öðrum hætti, hvort vilji sé fyrir því hér á Alþingi, þannig að þá sé a. m. k. reynt að setja sérstaka vinnu í það að semja frv. til l. um virðisaukaskatt í stað söluskatts og slíkt frv. kynnt fyrir þeim aðilum sem hagsmuna eiga að gæta.

Þm. Alþfl. hafa lengi talið að það væri fyrir löngu orðið nauðsynlegt að leggja niður söluskattinn í þeirri mynd, sem við nú þekkjum hann, og taka upp virðisaukaskatt í staðinn. En það mál kemst ekki á neinn rekspöl fyrr en fyrir liggur hvort vilji er fyrir því að reyna að framkvæma þá hugmynd og stuðningur almennt við hugmyndina hér á Alþ. Þess vegna brugðum við á það ráð, Alþfl.-menn, að leggja fram á þskj. 134 till. til þál. um virðisaukaskatt í stað söluskatts á síðasta stigi viðskipta, þar sem ákveðið yrði af hálfu Alþingis, ef till. yrði samþ., að fela ríkisstj. að hefja nú þegar undirbúning að upptöku virðisaukaskatts, sem miðist við að frv. til l. um virðisaukaskatt verði lagt fyrir Alþ. á næsta hausti og stefnt síðan að því að hægt væri að ná afgreiðslu á slíku frv. á næsta þingi, þannig að virðisaukaskattur geti leyst núv. söluskatt af hólmi 1. jan. 1982, ef vilji væri fyrir því hér á Alþ. að gera slíka kerfisbreytingu, eftir að alþm. hefði verið með þessum hætti sýnt fram á, hvernig slík kerfisbreyting mundi verka og hvernig hið nýja skattform mundi verka við eðlilegar aðstæður. Í grg. með þessari þáltill. er nákvæmlega rakið, hvernig að slíkri framkvæmd væri hægt að standa. Þar er nákvæmlega sagt hvaða tíma menn telja sig þurfa til samningar frv., til að fjalla um frv. úti í þjóðfélaginu, í þingnefndum o. s. frv. Í raun réttri er lagt til að umræddri ákvörðun um virðisaukaskatt yrði skipt í tvö þrep, þar sem fyrst yrði leitað eftir því, hvort þingvilji væri hér á Alþ. fyrir því að láta vinna frv. og aðrar athuganir á þessari kerfisbreytingu, hvort fylgi væri á Alþ. við hugmyndina almennt, og síðan gæti Alþ. tekið ákvörðun af eða á, þegar fyrir lægi slíkt frv. ásamt aths. þeirra aðila í þjóðfélaginu sem hagsmuna eiga að gæta. Þessi till. til þál. var flutt í jan. s. l. Hún hefur ekki enn fengist tekin til umr. í Sþ. og fer nú senn að verða hver síðastur, ef á að vera hægt að viðhafa einhverja afgreiðslu á málinu fyrir vorið. En ég tel nauðsynlegt — og tel raunar löngu orðið nauðsynlegt miðað við hve hár söluskatturinn er orðinn — að breyta innheimtunni á honum, breyta honum frá söluskatti, sem er innheimtur á síðasta stigi viðskipta, yfir í virðisaukaskatt. Ég vara þess vegna mjög við því, hreint skatttæknilega séð, að afgreiða nú hækkun á söluskatti úr 22 í 23.5%, vegna þess að svo slæmur sem þessi skattur reyndist í innheimtu á meðan hann er 22%, þeim mun verri mun hann verða í innheimtu þegar búið er að hækka hann eins og til stendur.

Herra forseti. Menn hafa margvakið athygli á því, að í lögum, sem samþ. voru á Alþ. 7. apríl 1979, er sérstakur kafli sem helgaður er því viðfangsefni að stjórnvöld hafi samráð við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda um tiltekin mál. Þar stendur í 1. gr. kaflans, sem er 3. gr. laganna, að efla skuli reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks í efnahags- og kjaramálum. Í 4. gr. er nánar skýrt hvað átt sé við með orðinu stjórnvald í þessu sambandi, en þar er tekið fram að samráðsfundi skuli halda með fulltrúum ríkisstj. og fulltrúum viðkomandi samtaka, annaðhvort saman eða hver samtök fyrir sig. Það liggur því ljóst fyrir, að sú lagaskylda, sem er lögð á herðar stjórnvalda í þessu sambandi, er skylda hæstv. ríkisstj. sem á að skipa fulltrúa sína til þessa samráðs.

Í 5. gr. laganna er síðan fjallað um hver þessi samráð skuli vera. Þar er hæstv. ríkisstj. lögð sú skylda á herðar að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstj., í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála o. s. frv. Nú er nýbúið að leggja grundvöll að ákvörðunum á sviði opinberra fjármála með afgreiðslu fjárlaga. Ekkert samráð var haft við aðila vinnumarkaðarins um þá afgreiðslu. Það er nýbúið að afgreiða hér á Alþ. frv. um 10% hækkun á útsvari. Ekkert samráð var haft við aðila vinnumarkaðarins um þá afgreiðslu. Nú er til meðferðar hér í þinginu frv. um hækkun á söluskatti úr 22% í 23.5% og hæstv. ríkisstj. hefur ekki heldur haft nein samráð við aðila vinnumarkaðarins um þá stefnumótun, þó að það sé tekið fram í 2. tölul. 5. gr. laga um stjórn efnahagsmála o. fl., að eitt af því, sem skuli án undantekningar fjallað um á samráðsfundum við aðila vinnumarkaðarins, skuli vera tekjustefna ríkisins, — sú tekjustefna sem ríkisvaldið mótar við afgreiðslu laga um skattlagningu o. fl. Ekkert af þessu hefur þó verið gert.

Þegar hæstv. ríkisstj. var fyrst á þetta bent, virtist hæstv. félmrh. ekki hafa hugmynd um tilvist þessara laga. A. m. k. virtist það koma hæstv. ráðh. algerlega á óvart, þegar lesið var upp fyrir hann ákvæði þessa kafla. En eftir þá velviljuðu fræðslu ætti hæstv. ríkisstj. ekki að hafa komið neitt á óvart þar lengur. Hvernig stendur þá á því, að hæstv. ríkisstj. leggur fram hér á Alþ. frv. til l. um skattstiga og frv. til l. um hækkun söluskatts um 1.5% — var raunar 2% í upphafi — án þess að sinna þessum lagaskyldum sínum um að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, eins og henni er uppálagt að gera í lögum sem afgreidd voru héðan frá Alþ. fyrir nokkrum mánuðum og flestir ráðh. í ríkisstj. áttu sjálfir hlut í að afgreiða? Við stjórnarandstæðingar höfum ekki heldur fengið svar við þessari spurningu og fáum það sennilega aldrei. En hvernig stendur á því, að verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins krefja ekki ríkisstj. svars? Hvernig stendur á því, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson spyrst ekki fyrir um hvernig á því standi, að hæstv. ríkisstj. virðir að vettugi skilyrðislaus ákvæði laga um samráð við hans samtök og önnur samtök launafólks um jafnmikilvæg atriði og ákvörðun um að hækka tekjuskatt, um að hækka söluskatt og um að hækka útsvar? Hvers vegna gengur ekki hv. þm. eftir því, að ríkisstj., sem hann sjálfur styður, virði þessi ákvæði laga?

Ég held að það hafi verið hv. þm. Karvel Pálmason sem sagði hér fyrr í ræðu, að hann hefði kosið hv. þm. Guðmund J. Guðmundssyni annað hlutskipti og betra en að vera neyddur til að greiða atkv. með þessu frv. En hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson er ekkert neyddur til að greiða atkv. með þessu frv. Honum ber samkv. drengskaparheiti sínu og stjórnarskrá íslenska lýðveldisins að greiða atkv. eftir sannfæringu sinni. Það getur enginn neytt hv. þm. til að greiða atkv. með því sem hann vill ekki, og auðvitað greiðir hv. þm. ekki atkv. með öðru en því sem hann vill styðja. Ef mál er á ferðinni hér á Alþ. sem er hv. þm. andstætt, þá greiðir hann auðvitað ekki atkv. með því. Hver neyðir hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson til þess að greiða atkv. öðruvísi en samviskan býður honum?

Alþb. og þm. þess hafa komist upp á það í þeim ríkisstj., sem þeir hafa setið í, að leika tveimur skjöldum. Ráðherrar flokksins hafa komist upp með að krefjast útgjalda til þeirra verkefna sem þeir hafa farið með sem ráðh., en komist jafnframt upp með að mótmæla tekjuöflun til þeirra verka. Mér er t. d. í fersku minni þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson — sem þá var ekki orðinn formaður þingflokks Alþb. — lýsti því yfir á s. l. sumri, þegar hæstv. þáv. fjmrh., Tómas Árnason, krafðist tekjuöflunar fyrir útgjöldum sem stofnað hafði verið til, fyrst og fremst af ráðh. Alþb., að það væri ekki verkefni sitt eða annarra stjórnarsinna að afla tekna, það væri mál sem hæstv. fjmrh. ætti að sjá um einn og kæmi sér ekki nokkurn skapaðan hlut við. Það kærði hann sig ekkert um að ræða. Þannig hefur Alþb. komist upp með það í þeim ríkisstjórnum, sem það hefur átt sæti í, að leika þeim tveimur skjöldum að stunda kröfugerðir fyrir sín verksvið, en neita að standa að aðgerðum til tekjuöflunar á móti.

Nú hefur orðið breyting á þessu. Nú er Alþb. komið með fjármálin. Nú fer Alþb. ekki bara með útgjaldahlið í ríkisbúskapnum, heldur fjáröflunarhliðina líka. Og hvernig er starf þess í þeim efnum? Þegar við ræddumst við, hv. þáv. alþm. Svavar Gestsson, núv. hæstv. ráðh., um möguleika á myndun samsteypustjórnar með aðild Alþfl. og Alþb., þá var það hvað eftir annað tekið fram af þessum ágætu mönnum, að ekki kæmi til nokkurra mála fyrir ríkisstj. að fara að boða það — hvort heldur í viðræðum við samtök opinberra starfsmanna eða í forsendum fjárlaga — að ríkisstj. ætti að ganga út frá einhverri tiltekinni launastefnu. Það var margfaldlega tekið fram af þessum ágætu mönnum, að það væri ekki aðeins rangt, heldur heimskulegt að ríkisstj. færi að hafa uppi einhverjar áætlanir um það, hvað laun ættu að hækka í landinu þegar samningar væru lausir.

Ég minni hv. þm. á að það varð ekki svo lítill hvellur á Alþ. í fyrra þegar lagt var fram fjárlagafrv. sem byggðist á tilteknum launaforsendum. Alþb. krafðist þess, að það fjárlagafrv. yrði tekið og umreiknuð hver einasta tala í frv. og horfið frá allri launaspá í sambandi við fjárlagagerðina, en fjárlögin yrðu reiknuð á desemberverðlagi. Mér er sem ég sjái núv. hæstv. ráðh. Alþb. neita þessu, því að það þurfti að leggja í það sérstaka vinnu í fjmrn. að endurreikna allt fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar frá því í fyrra, vegna þess að Alþb. krafðist þess að launaforsendur yrðu aldeilis ekki teknar inn í það frv., heldur yrðu forsendur þess frv. byggðar á desemberverðlagi. Það var ekki ný stefna sem þeir héldu fram í viðræðum um stjórnarmyndun við okkur Alþfl.-menn, sem ég var að segja hér frá áðan. En þegar núv. fjárlagafrv. Alþb. kom fram, þá hafði orðið stefnubreyting í þessum málum. Það fjárlagafrv. var lagt fram með ákveðinni launaforsendu, með ákveðinni stefnu ríkisstj. og Alþb. um hver launaþróun í landinu ætti að vera árið 1980, þegar allir samningar eru lausir, — yfirlýsingu frá ríkisstj. um hvað launafólkið ætti að bera úr býtum.

Það var ekki nóg með það, að Alþb. hefði breytt grundvallarafstöðu sinni í þessu máli. Hver var launastefnan sem boðuð var í forsendum fjárlagafrv., stefna ríkisstj. um þau laun sem m. a. hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson á eftir að semja um? Launastefnan í fjárlagafrv. var sú, að á sama tíma og verðlag í landinu á að hækka um 46.5%, mættu laun ekki hækka um meira en 42%. Á þessu byggist fjárlagafrv. Alþb. og ríkisstj. Á þessari launastefnu byggist fjárlagafrv. Þetta er meginforsenda frv., sem sérstaklega var fram tekin í aths. Þetta er skoðun hæstv. ríkisstj. og Alþb. á því, hvað launa-

fólkið eigi að bera úr býtum á árinu 1980, þegar allir samningar eru lausir. Nú er ekki aldeilis verið að byggja fjárlög á desembergrunni. Nú er ekki aldeilis verið að halda því fram, að launamálin eigi að útkljá á grundvelli frjálsra samninga aðila vinnumarkaðarins, — ekki aldeilis. Nú er það bara boðað sem ein meginforsenda fyrir efnahagsbúskap ríkisins, að launin megi ekki hækka nema um 4.5% minna en verðlagið. Þetta er launaforsenda fjárlagafrv., þetta er það sem hæstv. ríkisstj. — þ. á m. hæstv. ráðh. Hjörleifur Guttormsson, hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds og hæstv. ráðh. Svavar Gestsson — segir hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni að hann megi semja um, þetta, en ekki krónu meira, vegna þess að ef hann semji um krónu meira sé hann að taka ábyrgð á því að gera fjárlögin, sem hv. þm. hefur samþ., að marklausu plaggi.

Til viðbótar við þetta hefur nú ríkisstj. Alþb., Framsfl. og Gunnars Thoroddsens og félaga hans hækkað tekjuskatt úr 13.4% í 14% af tekjum greiðsluárs, hækkað tekjuútsvar um 10%, ætlar að hækka söluskatt um 1.5% og hækka flugvallargjald, gengið hefur verið fellt um 8%, raunar um 11% síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Mér er spurn: Hvað þýðir þetta mikla kaupmáttarrýrnun til viðbótar þeirri kaupmáttarrýrnun, sem boðuð er í fjárlagafrv.? Að mati Þjóðhagsstofnunar þýða þessar aðgerðir ekki undir 3—4% kaupmáttarrýrnun. Með fyrstu aðgerðum sínum, að fjárlagafrv. meðtöldu, hefur hæstv. ríkisstj. sem sé boðað á árinu 1980 kaupmáttarskerðingu — einhvern tíma hefði nú Alþb. kallað það kauprán — upp á 8.5%. Svo segja menn eins og hv. þm. Karvel Pálmason, og hefur sjálfsagt orðið mismæli, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, sé neyddur til að greiða atkv. með þessu. Ég spyr: Hver neyðir hv. þm.? Hver neyðir hv. þm. til að greiða atkv. með þessu? Er þetta ekki það sama, hv. þm., eins og hún gerði, ríkisstj. sem við börðumst svo hart gegn á árunum 1974—1978? Væri ekki líklegt, hv. þm., að Verkamannasamband Íslands eða Alþýðusamband Íslands hefði verið búið að boða útifund á Lækjartorgi gegn þessum aðgerðum, ef þær hefðu verið gerðar fyrir þremur árum? Hver er það sem getur neytt formann Verkamannasambands Íslands og stjórnarmann í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til að greiða atkv. með slíku kaupráni hér á Alþ.? Og hvað ætla þessir hv. þm. síðan að gera, þegar þeir koma út í sín félög? Hvernig ætla þeir hv. þm. að réttlæta það, að félög launafólks berjist fyrir kauphækkunum og lagfæringum á launatöxtum, þegar þeir greiða hér á Alþ. atkv. með því að stefnan sé mörkuð á þann veg, að laun skuli lækka á árinu um 8.5%? Geta menn greitt atkv. með hægri hendi hér í Alþ. með kaupráni og farið svo út úr þessu þinghúsi og greitt þar atkv. með vinstri hendi með kauphækkunum? Hvernig er hægt að koma þessu heim og saman og hver neyðir þá hvern til hvers? Eru viðkomandi þm. neyddir hér innan þessara veggja til þess að greiða atkv. gegn sannfæringu sinni og með 8.5% kaupráni? Eða eru þeir neyddir af einhverjum aðilum utan þessara veggja til að greiða atkv. á móti sannfæringu sinni og með kauplækkun? Hvers konar kleyfhugastarfsemi er hér á ferðinni?

Það er athyglisvert, að núna kveður við þann tón í því merka blaði Þjóðviljanum, sem á að heita málgagn sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis, að það sé hlutverk blaðsins að vera ráðherrahollt blað. Þessi frækni flokkur, sem áður fyrr barðist fyrir réttindum launafólksins í landinu og átti blað sem segist vera baráttublað sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis, — þessi flokkur lýsir nú yfir að hann sé ráðherraflokkur og blaðið sé ráðherrablað og hlutverk blaðsins sé að gera og styðja allt það sem ranglátt sé. Það er ekki aðeins nýtt andlit, sem hefur komið á þennan flokk með þeim hv. þm. Svavari Gestssyni, Hjörleifi Guttormssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni. Þetta er líka nýtt innræti. Ráðherraflokkurinn og ráðherrablaðið eru ekki aðeins með ný andlit, heldur líka nýtt innræti. Þetta er allt annar flokkur heldur en sá flokkur sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson gekk einu sinni til liðs við, annar en sá flokkur sem Magnús Kjartansson stýrði einu sinni hér innan veggja Alþingis, annar en sá flokkur sem Lúðvík Jósepsson var einu sinni í forsvari fyrir. Þetta er allt annar flokkur en sá flokkur sem ég þekki t. d. úr mínu kjördæmi. Málgagn Alþb. í Vestfjarðakjördæmi telur það ekki höfuðskyldu sína að vera ráðherrahollt blað. Kjósendur Alþb. í Vestfjarðakjördæmi telja það ekki höfuðskyldu sína að vera varðhundar kerfisins. Hvaða flokkur er það nú á Íslandi sem berst fyrir því að allt verði óbreytt, það verði „status quo" í öllum málum — og ekki aðeins það, heldur verði alltaf beitt sömu vinnubrögðum? Það má ekki einu sinni breyta um vinnubrögð. Hvaða flokkur er það sem á Íslandi í dag er orðinn varðhundur kerfisins? Það er Alþb. Alþb. berst fyrir því að hér megi engu breyta. Alþb. berst harðast fyrir því t. d., að engu sé breytt í landbúnaðarpólitíkinni. Þar á bara að bæta við, þar má engu breyta. Alþb. berst fyrir því, að engar breytingar séu gerðar í sambandi við gerð fjárlaga eða í ríkisbúskapnum. Það eru aðeins sex mánuðir liðnir síðan söluskattur var hækkaður úr 20 í 22%. Nú er verið að hækka söluskattinn úr 22 í 23.5%. Þetta eru sömu vinnubrögðin, þetta eru sömu íhaldsúrræðin, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, eins og við börðumst á móti á sinni tíð. Þetta eru sömu íhaldsvinnubrögð, „status quo" í öllum málum, bara svolítið stærri skammtar, stærri íhaldsskammtar. Og svo kemur Þjóðviljinn, blað sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis, og segir: Mitt hlutverk er að vera ráðherrahollt blað. — Nú spyr ég hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, hvort hans hlutverk sé að vera ráðherrahollur þm., eins og það hlutverk Þjóðviljans að vera ráðherrahollt blað. Er það hans hlutverk hér á Alþ. að vera varðhundur óbreytts ástands á öllum sviðum, berjast gegn öllum breytingum? Er það nú orðið hlutskipti mannsins, sem einu sinni gamnaði sér við hugsjón byltingarinnar, að vera varðhundur óbreytts ástands, vera í svipuðu hlutverki og hæstv. forsrh., hæstv. dómsmrh. og hæstv. landbrh., að rétta upp höndina þegar honum er gefið olnbogaskot?

Það hefur margoft verið vitnað hér í álit Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. En góð vísa verður aldrei of oft kveðin. Í ályktun Alþýðusambands Íslands — þar sem ég held að Verkamannasamband Íslands sé stærsta aðildarsambandið — segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundi viðræðunefndar Alþýðusambands Íslands í dag var fjallað um þær auknu álögur, sem boðaðar eru í formi útsvarshækkunar, hækkunar tekjuskatts og söluskatts. Alþýðusambandið minnir á, að þetta gerist á sama tíma og kaupmáttur launa minnkar stöðugt." Er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, samþykkur þessu? Síðan segir: „Aðgerðirnar nú hljóta að auka dýrtíðina og rýra

almenna kaupgetu.“ Er þetta álit stjórnar ASÍ rétt, hv. þm.? Að lokum segir í ályktun Alþýðusambandsins: „aðgerðirnar eru þannig síst til þess fallnar að greiða fyrir kjarasamningum.“

Er það líka álit hv. þm. Guðmundur J. Guðmundssonar, að með því að greiða atkv. með frv. um hækkun söluskatts sé hann að torvelda kjarasamninga? Ætlar hv. þm. að standa ábyrgur fyrir því sem formaður Verkamannsambands Íslands að torvelda gerð kjarasamninga með atkv. sínu hér á Alþ., eða er hann andvígur þessari niðurstöðu Alþýðusambands Íslands? Ef hann er sammála þessari afstöðu Alþýðusambands Íslands, en ætlar samt sem áður að greiða atkv. í berhögg við Alþýðusambandið, þá er hann að eigin áliti ekki bara að auka dýrtíðina og rýra almenna kaupgetu, heldur með atkv. sínu að torvelda gerð nýrra kjarasamninga. Ætlar hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson að láta neyða sig til þess?

Mér er sagt, að hv. þm. Guðrún Helgadóttir sé í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Sú stjórn hélt fund um það mál sem hér er til umr. Ég veit ekki hvort hv. þm. og stjórnarmaður í bandalaginu hefur sótt þann fund. Ég veit það ekki, en ég vona það. Þessi fundur gerði ályktun, og mér er ekki kunnugt um annað en hún hafi verið gerð með atkvæðum allra stjórnarmanna, án þess að nokkur hafi skorist úr leik. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja mótmælir þeim starfsaðferðum ríkisstj. við undirbúning efnahagsráðstafana að hafa ekki samráð við samtök launafólks um heildarstefnu í þessum málum.“ Ég spyr: Er þetta skoðun stjórnarmannsins í BSRB, hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur? Mótmælir hún þessu líka, hv. þm., eða er hún neydd til þess að sætta sig við þetta? Í áframhaldi af þessari ályktun segir:

„Í lögum er gert ráð fyrir samráði við samtök launafólks og slík samráð eru einnig boðuð í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. En engin samráð hafa verið höfð við launþegasamtökin. Þær nýju stórfelldu álögur á almenning, sem þegar hafa verið samþykktar á Alþ. eða fyrirhugaðar eru samkv. stjórnarfrv., þ. á m. um orkujöfnunargjald, eru olía á verðbólgueldinn,“ segir stjórn BSRB. Er hv. þm. Guðrún Helgadóttir, sem á sæti í stjórn BSRB, sammála þessu? Er hún sammála því, að þær aðgerðir, sem hún hefur átt þátt í að samþykkja hér á Alþ., séu olía á verðbólgueld? Ef svo er, ef hún er samþykk því, hv. þm., gerir hún sér ljóst hvaða ábyrgð hún tekst á hendur með því að veita atfylgi sitt slíkum ráðstöfunum? Ef hún er ekki samþykk þessari niðurstöðu stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hefur hv. þm. þá látið það koma fram?

Þá segir einnig, að verðbólgueldurinn hljóti að magnast við gengislækkanir sem sífellt eru framkvæmdar. Er hv. þm. Guðrún Helgadóttir sammála þessu? Er hún sammála því, að þær gengislækkanir, sem ákveðnar eru af hennar eigin flokki í núv. hæstv. ríkisstj., séu þannig til þess fallnar að auka enn á verðbólgubálið, til viðbótar við þau mál sem hún sjálf hefur samþykkt hér í þinginu? Og ef svo er, ef hún er sammála félögum sínum í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hvers vegna beitir hún þá atkvæðisrétti sínum hér á Alþingi Íslendinga til þess að standa að slíkum aðgerðum? Ef hún er ekki sammála félögum sínum í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, af hverju gerir hún þá ekki grein fyrir þeirri sérstöðu sinni?

Okkur er uppálagt það, þm., að greiða atkvæði samkvæmt sannfæringu okkar. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir er í samtökum sem hafa mótmælt athöfnum hennar hér á Alþingi Íslendinga. Ætlar þessi hv. þm. að standa að þeim mótmælum gegn henni sjálfri? Ætlar hún að greiða atkvæði hér á Alþ. með hægri hendi með aðgerðum sem magna verðbólgubálið, sem rýra kaupgetu almennings o. s. frv., o. s. frv., fara síðan út úr þessu húsi, setjast á stjórnarfund í launþegasamtökunum, sem hún er aðili að, og greiða þar atkvæði með hinni hendinni til þess að mótmæla þeim aðgerðum sem hv. þm. gerir hér á Alþingi Íslendinga.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt, að þessir tveir hv. þm. geri grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls. Ég tel að það sé bráðnauðsynlegt, vegna þess að ég hreinlega trúi því ekki að til sé neinn sá aðili sem geti neytt þessa hv. þm. til að greiða atkvæði gegn félögum sínum í launþegasamtökunum og gegn þeirri sannfæringu sem þessir hv. þm. hafa haldið fram innan þessara launþegasamtaka að þeir hafi.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði í umr. um þetta mál fyrir páskana að það væri ekkert að því að halda fund á Alþ. á skírdag því að þá væri fólk í frystihúsum og verkafólk við sjávarsíðuna að vinna. Það er rétt hjá hv. þm., að þá er launafólkið að vinna. Nú skyldi maður ætla, þar sem ekki var fundur hér á Alþingi Íslendinga á skírdag, að hv. þm., formaður Verkamannasambands Íslands, hefði notað tækifærið til þess að kalla framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands saman svo að henni gæfist tækifæri til að fjalla um þau skatthækkunarmál sem liggja fyrir Alþingi Íslendinga. Ríkisstj. hefur átt að hafa samráð við þessa aðila um þau, en hefur svikist um það. Framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands hefur nú verið kölluð saman af minna tilefni. Hefur þetta verið gert?

Ég er sennilega ekki fundarglaðari maður en hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. En ég skal gera honum hér eitt tilboð í fullri alvöru. Nú skulum við nota tímann, hv. þm., og ganga um vinnustaði hér í Reykjavík, þar sem starfar fólk sem ber úr býtum lægstu launin í þessu þjóðfélagi og m. a. hv. þm. er sannur fulltrúi fyrir í stjórnmálalífinu. Hann er það, hefur ávallt verið það og er það enn — og verður það vonandi áfram. Við skulum nota frístundir okkar til þess að ræða við þetta fólk og spyrja það álits á þeirri aðgerð, sem verið er nú, að sögn hv. þm. Karvels Pálmasonar, að neyða hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson til að taka þátt í.

Ég held að þeir fundir væru mjög gagnlegir fyrir láglaunafólkið í Reykjavík. Og ég held að þeir fundir væru miklu gagnlegri fyrir hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, vegna þess að staðreyndin er sú, hv. þm., að hér greinir á annars vegar „gáfumannafélagið“ í Alþb., sem flytur þessi skattahækkunarfrv., og hins vegar launafólkið í landinu, fólkið í Alþýðusambandinu og BSRB, sem látið hefur frá sér fara það álit sem ég las upp áðan á þessum aðgerðum. Hin einfalda samviskuspurning er sú: Með hvorum ætlar hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson að standa í þessum ágreiningi, samtökum launafólksins eða „gáfumannafélaginu“ í Alþb.? Það verður lærdómsríkt að sjá það. Ég held að það væri mjög æskilegt fyrir alla aðila að hv. þm. léti sér ekki nægja að greiða bara atkvæði um málið, heldur líka að gera grein fyrir því, einkum og sér í lagi ef hann greiðir nú atkvæði með „gáfumannafélaginu“ gegn verkalýðshreyfingunni.

hvers vegna. Það getur vel verið hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson verði einhvern tíma aukafélagi í „gáfumannafélaginu", en ég óska honum ekki svo slæmra örlaga, það verð ég að segja alveg eins og er. (**Gripið fram í:** Hverjir eru í þessu félagi?) Það er langbest að hv. þm. skýri það sjálfur, ég held að hann sé kunnugri öllum hnútum í þessum félagsskap en ég. Og ég tek það fram í þessu sambandi, að þetta ágæta orð bjó hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson til sjálfur, þekkir þetta sennilega miklu betur en flestir aðrir hér inni, e. t. v. að einum manni undanteknum. (**Gripið fram í:** Er hann í félaginu?) Ekki virtist það vera síðast þegar hann fjallaði um „gáfumannfélagið", að hann væri í því. Hins vegar getur vel verið að það sé búið að draga hann í það núna. Ef svo er, þá er alveg víst hver hefur staðið fyrir því. (**Gripið fram í:** Þá er það súkkulaðidrengurinn.)

Herra forseti. Ég læt nú máli mínu lokið og ætla ekki að kveðja mér hljóðs aftur nema ástæða gefist til, sem e. t. v. verður, það er aldrei að vita. Þegar ráðh. eru farnir að tala fimm sinnum í einu og sama málin við eina og sömu umr., eins og gerðist hér í dag, þá er aldrei að vita nema þolinmæði okkar stjórnarandstæðinga bresti og við förum að halda lengri ræður en við ætluðum okkur upphaflega. Það verður að bíða og sjá til með það. Eini maðurinn, sem ég bíð eftir að hlusta á sérstaklega, er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og vonandi hv. þm. Guðrún Helgadóttir líka.

Að lokum ætla ég aðeins að benda á það enn og aftur, sem ég drap á í máli mínu áðan.

Í fyrsta lagi: Það er ekkert í þessu frv. sem skuldbindur þá, sem við fénu taka sem á að afla með frv., til að verja fénu til þeirra aðgerða sem látið er í veðri vaka í heiti frv. og í grg. með því að verið sé að afla fjár til. Því er spáð, að þessi hækkun á söluskatti muni skapa ríkissjóði auknar tekjur sem nemi um 2 milljörðum kr. fram yfir það sem nota þarf til að jafna kyndikostnað í landinu. Tekjuöflun með þessum hætti er auðvitað háð því, hver verðlagsþróunin í landinu verður. Ef verðlag í landinu hækkar meira en gert er ráð fyrir í þessari tekjuspá, þá verða auðvitað tekjur ríkissjóðs af söluskattshækkuninni þeim mun meiri. En upphæðin, sem á að ganga til verðjöfnunargjaldsins, er fastákveðin í fjárlögum. Hún hækkar ekki. Ef verðbólgan eykst, eins og allar líkur eru til, umfram það sem ráð er fyrir gert í frv., þá hækkar ekki sú fjárhæð sem verja á til jöfnunar kyndikostnaðarins, heldur hækkar sú fjárhæð sem ríkissjóður hefur í hreinar tekjur af þessari skattahækkun. Og ég ítreka: Það er ekkert, ekki einu sinni ákveðnar hundraðstölur af þeim tekjum sem aflað er í þessu skyni með 1.5% hækkun á söluskatti, sem bindur framlög til þeirra þarfa sem látið er í veðri vaka að vakað hafi fyrir mönnum með framlagningu frv. Þær ríkisstj., sem við taka geta notað þetta fé, sem aflað er með þessum sérstaka hætti, eins og þeim sýnist. Það er ekkert í frv. sem bindur menn til þess að nota þetta fé eða hluta þess til verðjöfnunar á kyndikostnaði. Og það sýnir auðvitað betur en flest annað, að það er ekki það sem vakir fyrir mönnum með samþykkt þessa frv., heldur fyrst og fremst að afla ríkissjóði almennra tekna. Þetta misrétti í húshitunarmálunum er svo notað sem eins konar skálkaskjól yfir þá athöfn.

Í öðru lagi er ekki heldur gert ráð fyrir því — það benti ég líka á í upphafi ræðu minnar — að þessi tekjuöflun taki neinn endi. Það er gert ráð fyrir því, að þetta sé almenn hækkun á söluskatti, og til þess að hún afnemist þarf að samþykkja lög sem fella þessi lög úr gildi. Og við vitum það, allir alþm., að slík lög verða aldrei samþykkt. Þegar þessi hækkun hefur einu sinni komist á, þá er hún komin á og mun verða að eilífu, þangað til söluskattur á síðasta stigi viðskipta verður afnuminn og látinn víkja fyrir öðru innheimtuformi. Þetta held ég að ýmsum stjórnarsinnum hafi sést yfir, þessar tvær staðreyndir, en ég held að þeir ættu að huga betur að þeim.

Að lokum, herra forseti, vil ég aðeins segja þetta: Stjórnmálaflokkar geta unnið landi sínu mikið gagn og látið mikið gott af sér leiða, þó að þeir séu ekki í ríkisstj. Sumir flokkar eru þannig, að þeim lætur betur og þeir gera landi sínu meira gagn í stjórnarandstöðu en í stjórnaraðstöðu. Það er ekki nokkur vafi á því. Og reynslan af undanförnum áratug hefur sýnt okkur fram á það, að Alþb. er slíkur flokkur. Alþb. lætur ekki að starfa í ríkisstj. Sem ríkisstjórnarflokkur gerir hann meira ógagn fyrir landslýðinn en gagn. Menn þurfa ekki annað en líta yfir valdaferil Alþb. s. l. tíu ár. Kaupmátturinn eftir þessi tíu ár er 10% minni en hann hefði verið, ef hinni umdeildu — og að áliti margra Alþb.-manna vondu stefnu viðreisnarstjórnarinnar hefði verið fylgt. Og hversu vond hefur þá ekki kjaramálastefna Alþb., sem hefur ráðið ferðinni í þessi tíu ár, verið? Hversu illa hefur þeim ekki tekist að vinna að hag þjóðarinnar, fyrst afleiðingarnar af stjórn þeirra eru svona miklu lakari fyrir launafólkið í landinu en verið hefði ef hin vonda viðreisnarstefna hefði fengið að lafa áfram.

Ég held að þetta sé augljósasta sönnun þess, að Alþb. er ekki flokkur sem getur verið í stjórn, vegna þess að það getur ekki látið þar gott af sér leiða. En það er ekki þar með sagt að Alþb. geti ekki gert landsfólkinu ýmislegt gott. Alþb. er ágætur stjórnarandstöðuflokkur, hentar ágætlega vel vegna eðlis flokksins til þess að veita ríkisstjórnum aðhald. Þar er verksvið Alþb.

Það er með Alþb. og Framsfl. nákvæmlega eins og áhöfn á skipi. Maður getur staðið sig vel á dekki þó hann henti ekki vel uppi í brú. Það held ég að verði íslenskum kjósendum ljóst hvenær svo sem þessu stjórnarfari lýkur, þar sem nokkrir þm. Sjálfstfl. hafa á elleftu stundu hlaupið undir bagga með Alþb. og Framsfl. til þess að hægt væri að viðhalda þeirri stjórnleysis- og óðaverðbólgustefnu sem tók hér við árið 1971. Þegar valdaferli þessar hæstv. stjórnar lýkur á ég ekki von á því, að neinir þm. verði lengur til þess að hlaupa undir okið. Þá held ég að þjóðinni verði ljóst að það sé rétt að gera tilteknar breytingar á áhöfninni á þjóðarskútunni til þess að ná betri árangri og breytingin sé fólgin í því, að þeir sem verið hafa í rórhúsinu s. l. tíu ár, verði fluttir fram í lúkar.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hér hafa nú verið haldnar langar og ítarlegar ræður um þetta mál og er eðlilegt að þm. sé mikið niðri fyrir þegar jafnmikil skatthækkun og raun ber vitni um er á ferðinni. En engu að síður hafi ég hugsað mér að flytja ekki langa ræðu, heldur drepa á nokkur atriði í þessu sambandi.

Það hefur verið vakin athygli á því við þessar umr., að frv. ber nafnið „frv. til l. um orkujöfnunargjald", en ljóst er þó að þar er um rangnefni að ræða. Ég hygg að það sé fátítt á hv. Alþ. að þm. finni sig knúða til að flytja sérstakar brtt. við fyrirsögn frv., en hv. 1. landsk. þm., Pétur Sigurðsson, hefur flutt sérstaka brtt. og lagt til að fyrirsögn frv. verði réttilega breytt og orðist þannig: Frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt, nr. 10/1969, með

áorðnum breytingum. Auðvitað er hér ekki um neitt annað að ræða en hækkun á söluskatti, sem á að hluta að nota til orkujöfnunar, en að hluta til almennrar eyðslu fyrir ríkissjóð.

Vandi þeirra, sem kynda með olíu, hefur oft verið til umr. á hv. Alþ. nú í vetur, og tilefni þeirra umr. hefur oftast komið frá þm. Sjálfstfl. Ég minni á frv. sem hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, flutti ásamt fleiri þm. í Ed., þar sem bent var á ákveðna leið til lausnar þessum vanda. Ég minni enn fremur á þáltill. hv. 11. landsk. þm. og hv. 7. landsk. þm., þeirra Egils Jónssonar og Halldórs Blöndals, þar sem þeir gerðu þetta að umtalsefni. Sú till. varð tilefni umr. í Sþ.

Ég hygg að flestir sjálfstæðismenn innan þings hafi verið og séu sammála um að ákveðnar aðgerðir séu nauðsynlegar til að koma til móts við það fólk sem býr við óheyrilegan upphitunarkostnað vegna síhækkandi olíuverðs. Auðvitað þarf að leita skynsamlegra leiða til slíkrar jöfnunar. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að aðgerðir í þessu skyni eigi að markast frekar sem viðlagaaðgerðir þ. e. aðgerðir til að koma tímabundið til móts við þá sem í mestum erfiðleikum eiga, en ekki að festa ákveðið kerfi til langframa í þessu efni og umfram allt ekki að samþykkja neitt sem gæti orðið til að draga úr frumkvæði manna til að nota innlenda orkugjafa, þá einkum jarðhita og rafmagn. En það vekur sérstaka athygli við þetta frv., að engin tilraun er gerð til þess að gera tillögur um hvernig ráðstafa eigi því fjármagni sem til þessa er ætlað, og verður maður þá að líta svo á, þar til annað upplýsist, að reiknað sé með að sömu reglur eigi að gilda um þetta efni sem gilt hafa að undanförnu.

Þegar hinar miklu umræður um erfiðleika þeirra, sem hita með olíu, eru hafðar í huga vakti það óneitanlega athygli þegar fjárlagafrv. var lagt fram, það frv. sem afgreitt var fyrir páska, að þeir 2.3 milljarðar, sem voru í 2. útgáfu fjárlagafrv., voru teknir út úr frv. og boðuð var sjálfstæð skattlagning og þá helst í formi orkuskatts til að koma til móts við þennan vanda. Það stóð þó lengi á því að tillögur um orkuskatt sæju dagsins ljós. Það fór ekki milli mála að um þetta var ágreiningur innan ríkisstj., um þetta var þrefað lengi og niðurstaðan birtist svo í því frv. sem hér er til umr. Þá hafði verið horfið frá orkuskatti, en sérstakur söluskattsviðauki tekinn upp í staðinn. Síðari umr. um þetta mál og yfirlýsingar einstakra þm. og einstakra ráðh. benda til þess, að ágreiningurinn hafi aðallega legið þannig að Framsfl., þ. e. ráðh. Framsfl., hafi verið á móti sérstökum orkuskatti, en Alþb. með orkuskatti, en þetta frv. hafi verið sú leið sem endanlega varð ofan á.

Þegar ljóst var og það spurðist út, að ágreiningur var á milli Framsfl. og Alþb. um að leggja sérstakan skatt á í þessu skyni, þá byggðu menn að sjálfsögðu miklar vonir við ráðh. Sjálfstfl. í hæstv. ríkisstj., ekki síst vegna þess að skattalækkanir höfðu verið á stefnuskrá þeirra eins og annarra sjálfstæðismanna fyrir síðustu þingkosningar. Og það lyftist heldur betur brúnin á þeim, sem eru á móti skattahækkunum, þegar hæstv. forsrh. gaf mjög afdráttarlausar yfirlýsingar um það í dagblaðinu Vísi, þ. e. á beinni línu, að skattar yrðu ekki hækkaðir. Það vakti vissulega vonir um að farnar yrðu aðrar leiðir í þessu efni, — leiðir sem vissulega voru færar, eins og fram kom í brtt. sem þm. Sjálfstfl. fluttu við fjárlagafrv. Þetta stjfrv. olli því verulegum vonbrigðum. Það virðist svo vera af þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál eftir á, a. m. k. hefur ekkert annað komið fram, að þeir ráðh. í hæstv. ríkisstj. sem tilheyra Sjálfstfl., hafi ekki haft ákveðna eða sjálfstæða skoðun á því, hvor leiðin skyldi farin. Og það fór ekkert á milli mála að ákvörðunin um lækkun úr 2 söluskattsstigum í 1.5 söluskattsstig var tekin á þingflokksfundum Alþb. og Framsfl. s. l. þriðjudag.

Það er margt athugavert við undirbúning og meðferð þessa máls. Þegar hæstv. fjmrh. lagði frv. fram fyrir páska flutti hann ræðu til rökstuðnings því, að nauðsynlegt væri að leggja á 2 ný söluskattsstig. Hann gat þess jafnframt að það mundi gefa í tekjur á þessu ári 7 milljarða, en af þeim áttu 4 að ganga til niðurgreiðslu á olíu eða til olíustyrks, hálfur milljarður til sérstakra orkusparandi aðgerða, en afgangurinn átti að renna í ríkissjóð sem almenn eyðsla. Daginn eftir voru komnar nýjar upplýsingar. Þá lá ljóst fyrir að fjmrh. hafði farið með rangt mál. Í stað þess að frv. gæfi 7 milljarða á þessu ári lá ljóst fyrir að það mundi gefa 8—9 milljarða og það mundi gefa 11—12 milljarða í tekjur á heilu ári, en af þessum upphæðum áttu aðeins 4 milljarðar að renna til olíustyrks.

Þá hófust fundarhöldin miklu sem við urðum vitni að í þingflokkum Alþb. og Framsfl. á þriðjudag, og spurðist fljótlega út af þeim fundum að það væri orðin niðurstaða að lækka söluskattsstigin úr 2 í 1.5. Varla var þessum þingflokksfundum lokið fyrr en hv. 4 þm. Reykn., Geir Gunnarsson, mælti fyrir brtt. við fjárlög um að orkujöfnunargjaldið ætti að gefa 6 milljarða í tekjur í staðinn fyrir 7 milljarða, en olíustyrkurinn þó áfram að vera 4 milljarðar. Þannig átti áfram að taka hluta af þessu gjaldi í ríkissjóð. Það átti að halda því áfram, sem að var stefnt upphaflega, að nota það sem almenna tekjuöflun fyrir ríkissjóðshítina.

Auðvitað er ósæmilegt með öllu að nota sér mál eins og þetta, að nota sér bágindi fólks sem á um sárt að binda, til að auka tekjur ríkissjóðs. Allur undirbúningur þessa máls er með eindæmum. Hér voru gefnar rangar upplýsingar, lagðir fram vitlausir útreikningar og fyrirsögn frv. er röng. Allt þetta er hæstv. ríkisstj. til vansæmdar og ber vott um flaustursleg vinnubrögð, stefnuleysi og rótleysi.

En það er fleira í undirbúningi og málsmeðferð sem athygli vekur. Hefur það reyndar verið gert ítarlega að umræðuefni við þessa umr. og skal ég ekki fara nákvæmlega út í það, en get þó ekki annað en minnst á hversu gjörsamlega hafa verið sniðgengin ákvæði laganna um stjórn efnahagsmála, svokallaðra Ólafslaga, sem samþ. voru á Alþ. í fyrravetur. Í þessum lögum er, eins og rakið hefur verið af öðrum hv. þm., sérstakur kafli sem heitir: „Um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda.“ Í 3. gr. segir:

„Efla skal reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum.“

Í 4. gr. segir hverjir skuli vera þátttakendur í þessu samráði. Það eiga að vera fulltrúar launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda og opinberra aðila. Og í 5. gr. er ákvæði um hver eigi að vera verkefni þessa samráðs. Þar segir m. a. í 2. tölul., að það eigi að vera verkefnið að fjalla um þjóðhags-, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, tekjustefnu og forsendur þeirra.

Það hefur verið rakið af öðrum hér, að þetta var að engu haft og þessi samráð voru gersamlega sniðgengin

við undirbúning þessa máls. En það er athyglisvert að rifja upp sögu þessa ákvæðis og hvernig það er til komið í lögin.

Í upphaflegu lagafrv. Ólafs Jóhannessonar, sem hann lagði fram í febr. í fyrra, var gert ráð fyrir samráði, en það átti að vera með ákveðnum hætti. Þar var gert ráð fyrir að sett yrði á stofn sérstakt kjaramálaráð sem hefði með höndum viðræður við samtök launafólks. Þessu hafnaði Alþb. alfarið í umræðum um þetta frv. og Alþb.-menn skrifuðu um það í málgagn sitt og héldu um það ræður á hv. Alþ. að slíkt fyrirkomulag samráðs væri með öllu óhæft. Þeir vildu alls ekki setja á fót sjálfstæða, sérstaka stofnun, sem héti kjaramálaráð, heldur vildu þeir koma á virku og lifandi samstarfi við samtök launafólks. Og þegar frv. loksins, eftir margra vikna samningaviðræður innan ríkisstj. og milli ríkisstjórnarflokkanna, sá dagsins ljós í apríl í fyrra hafði þessu verið breytt í það form sem það er nú í II. kafla laganna. Það var ein af fjöðrunum í hatti Alþb. að þessu ákvæði var breytt. Það var ein af niðurstöðum margra vikna samningaþófs milli stjórnarflokkanna um þetta mál. Og Alþb.-menn hældust sérstaklega um af því að þessu ákvæði hefði verið breytt í þetta form. Það var stolt hæstv. félmrh. Svavars Gestssonar, það var stolt hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds að hafa getað fengið þessu breytt, að hafa getað fengið breytt ákvæðinu í form sem fæli í sér virkara samstarf og virkara samráð milli ríkisvaldsins og samtaka launafólks.

Nú eru þessir hæstv. ráðh. í lykilstöðu til að framfylgja þessu ákvæði, til að koma á því virka samráði sem þeir hældust um fyrir ári að hafa komið í lög. En nú sjáum við árangur þess í þeim frv. sem þeir keppast um að leggja fram á Alþ., um hækkaðan söluskatt, um hækkaðan tekjuskatt, um hækkaða skatta á ýmsum öðrum sviðum, að þetta er gjörsamlega sniðgengið. Það var ekki fyrr en þingnefndin hér í hv. d. gerði kröfu um að kallaðir væru á fund fulltrúar BSRB og Alþýðusambands Íslands til að tjá sína skoðun á þessu frv. að fulltrúar þessara samtaka fengu að tjá sig. Ég ætla ekki að rekja þá skoðun, hún kemur fram í þingskjölum, hún kemur fram í fskj. með nál. þeirra þm. Matthíasar Á. Mathiesen, Alberts Guðmundssonar og Sverris Hermannssonar. En önnur samtök launþega hafa ekki verið kölluð til Hvað með samráðið við bændur, sem áskilið er í þessum lögum, hvað með samráðið við sjómenn, sem áskilið er í þessum lögum? Allt þetta hefur verið gjörsamlega sniðgengið. Sýnir þetta betur en flest annað hvern hug hæstv. ráðh., og þá ekki síst hæstv. ráðh. Alþb., sem í orði kveðnu telja sig sérstaka samstarfsaðila verkalýðshreyfingarinnar, bera í raun til þessara samtaka.

Ég minntist áðan á brtt. sem hv. 1. landsk. þm., Pétur Sigurðsson, hefur flutt. Hún er efnislega á þá leið að breyta fyrirsögn frv. í það rétta horf, að hér sé um að ræða breytingu á lögum um söluskatt. Ef brtt. verður samþ. og frv. að öðru leyti breytt í samræmi við það munu sveitarfélögin fá sinn hlut af þessum söluskattsauka. Því er enn möguleiki á því hér á hv. Alþ. að sveitarfélögin fái auknar tekjur og því möguleiki á að draga úr líkum á því að sveitarfélögin þurfi að nota það 10% álag sem hér var samþykkt á sínum tíma, þ. e. þurfi að fara upp í 12.1% af brúttóútsvarsstiganum.

Við þm. Sjálfstfl., sem ekki styðjum þessa ríkisstj., höfum talið óþarfa að leggja á sérstakan nýjan skatt eða skatta til að bregðast við þeim vanda sem við er að glíma. Við erum á móti sérstökum orkuskatti, við erum á móti sérstökum söluskattsauka eða sérstöku orkujöfnunargjaldi, eins og hér hefur verið lagt til. Í samræmi við það fluttu tíu þm. Sjálfstfl. brtt. við fjárlagafrv. Það var hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, sem var 1. flm. þeirrar till. og flutti fyrir henni ítarlega framsögu í Sþ. fyrir páska. Þar var bent á þá leið að taka 5 milljarða úr ríkissjóði í Orkusjóð, en lækka niðurgreiðslur að sama skapi. Það er mun eðlilegri leið en að leggja á aukna skatta í þessu skyni.

Það vekur líka athygli í þessu sambandi, að þrátt fyrir miklar umr. um þetta vandamál og þrátt fyrir að ýmsir hv. þm., sem styðja þessa ríkisstj., hafi talað mikið, sumir digurbarkalega, um nauðsyn þess að ráðast gegn þeim vanda sem fólkð, sem hitar upp með olíu, á við að glíma, þá er ekki gert ráð fyrir í frv. að það verði neitt lengra komið til móts við það en raunverulega er gert með þeim reglum sem nú eru. Þvert á móti þyngir þessi leið, sem hér er farin, hlut þessa fólks vegna þess að söluskatturinn leggst að sjálfsögðu á það með fullum þunga eins og aðra landsmenn.

Þegar þetta söluskattsfrv. bætist ofan á þau mörgu frv. sem eru að tínast inn á Alþ., að því er manni virðist skipulagslítið, um hverja skattahækkunina á fætur annarri, hlýtur maður að spyrja sjálfan sig: Hvers vegna allt þetta ráðleysi? Hvers vegna er þessi lélegi undirbúningur af hálfu hæstv. ríkisstj. þannig að gjörbreyta þarf frv. frá degi til dags eftir því sem nýjar upplýsingar koma fram? Ég held að svarið liggi í augum uppi. Það er augljóst að innan ríkisstj. er engin ákveðin stefna í efnahagsmálum eða fjármálum. Það kom glögglega fram þegar fjárlagafrv. var afgreitt, að þar er ætt áfram í sama ráðleysinu, í sömu óvissunni, án þess að nokkuð sé reynt að horfa fram á veginn. Það er sama ráðleysið og var hjá þeirri vinstri stjórn sem hér sat á síðasta ári og fór frá í október í haust.

Þessi stjórn er reikul í ráði, hún virðist hrekjast fyrir veðrum og vindi. Ég held að um hana megi segja eins og Jóhann Sigurjónsson sagði í einu kvæða sinna:

> Reikult er rótlaust þangið,
> rekst það um víðan sjá.
> Straumar og votir vindar
> velkja því til og frá.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Hér hafa verið haldnar brennandi ræður og síðast af hv. 3. þm. Vestf., sem hefur verið boðberi skattalækkana og allra þeirra aðgerða sem bættu kjör verkafólks og sér í lagi lækkunar allra þeirra skatta sem ýmist er verið að hækka eða hafa verið hækkaðir að undanförnu. Það vill nú svo skoplega til, að þegar þetta frv. var til umr. í hv. fjh.- og viðskn. Nd. var spurning hvort ekki ætti að taka til meðferðar samhliða frv. staðfestingu á brbl. Alþfl., sem voru framlenging á lögum vinstri stjórnarinnar og kemur í hlut núv. ríkisstj. að samþykkja, — brbl. flutt af hæstv. fyrrv. fjmrh., um að hækka söluskatt úr 20 í 22%. Nú langar mig til að spyrja, þegar þessi hv. þm. talar af heilagri vandlætingu um skatta vinstri stjórnarinnar og brigslar hæstv. ráðh. um að þeir hafi svikist um að afnema þá, og það mátti heyra á máli hv. þm. hversu hann var andvígur þeim: Skattar vinstri stjórnarinnar, góðir og slæmir, runnu hér í gegn með atkvæði 3. þm. Vestf., en hver neyddi hann? Hvenær kom þessi heilagi andi yfir hann á

móti skattahækkunum? Hér þarf samtímis þessu frv. að staðfesta brbl. sem hann gaf út um hækkun á söluskatti og hefði kannske verið við hæfi að taka það mál til afgreiðslu um leið.

Hitt er svo annað mál, að margt af því, sem hv. þm. sagði, var að ýmsu leyti satt og rétt þó að hann yfirkeyrði á ýmsum sviðum. (**Gripið fram í:** Ertu kominn í „gáfumannafélagið"?) Nei.

Það er spurt hvað hafi valdið því, að hér séu skattahækkanir sem þm. eins og t. d. sá sem nú talar samþykki. Hluti af því er vegna þess að þegar fram fóru stjórnarmyndunarviðræður gerði verulegur hluti af Alþfl. með hv. 3. þm. Vestf. í fararbroddi, þá kröfu að vísitölubætur hjá láglaunafólki, sem hann ber nú ótakmarkaða umhyggju fyrir jafnt sem öðrum, yrðu skertar. Að vísu — til að hafa rétt eftir — lagði hann til að þar yrði eitthvað mýkra tekið á málum, en vísitala þessa fólks yrði skert. Sumpart tókst ekki stjórnarsamvinna milli þessara flokka einmitt vegna afstöðu Alþfl. og hv. 3. þm. Vestf., sem gat ekki hugsað sér að stjórna þessu landi, — ég vil biðja hv. uppbótarþm. Karvel Pálmason að átta sig á því, að það sitja fleiri þarna megin í salnum en hann, — en hann gat ekki hugsað sér að stjórna þessu landi án þess að einhver kjaraskerðing færi þarna fram. Og e. t. v. er hluti ógæfunnar fólginn í því, að þessi hv. þm. var aldrei á neinu stigi reiðubúinn til að taka upp afdráttarlausa launamanna- og neytendapólitík þar sem tryggt yrði að almennt verkafólk yrði ekki fyrir áföllum. Á því stóð.

Hitt er rétt og hverju orði sannara, og núv. ríkisstj. mætti skrifa það vel hjá sér, að skattahækkanir eru ekki leið í baráttu gegn verðbólgunni. Skattahækkanir eru ekki leið til bættra lífskjara. Og vissulega verður núv. ríkisstj. að athuga vel sinn gang. Hún hefur ekki þingmeirihluta fyrir áframhaldandi skattahækkunum. Ógæfan er kannske fólgin í því, og verður að taka tillit til þess, að þessi fjárlög voru samþykkt undir sérstökum kringumstæðum og á stuttum tíma.

Það er satt hjá hv. þm., að miklu hefði verið gæfulegra að sjá verulega meira tekið til hendinni á fjárlögum upp á fjórða hundrað milljarða en gert er í fjárlögunum sem nú er nýbúið að afgreiða. Og víst er það satt og rétt, að slíkar skattahækkanir leiða ekki til góðra hluta og framkalla verri hluti. Hins vegar held ég að það liggi fyrir, að í þeirri baráttu er kannske mjög erfitt að snúa sér við vegna þess að það er ekki hægt að treysta Alþfl.

Hv. þm. býður mér á vinnustaði. Við skulum athuga þá göngu. En ég áskil mér þá rétt til að láta uppi þær kröfur sem Alþfl. var með í stjórnarmyndunarviðræðunum. Þær báru ekki vott djúpri umhyggju eða ást fyrir því launafólki sem Sjálfstfl. og Alþfl., sem að vísu Alþfl. getur sagt með mun meiri rétti, segjast bera umhyggju fyrir. Eftir kosningar var boðað að það væri gjörsamlega óhjákvæmilegt að draga úr lífskjörum og kaupmætti. En ég skal viðurkenna að þarna stóð Alþfl. ekki óskiptur. Og ég skal líka viðurkenna að það var tekið fram, m. a. af þm. Sighvati Björgvinssyni, að taka yrði sérstakt tillit til láglaunafólks.

Ég ætlaði ekki að fara að halda hér eldmessu í klukkutíma. Ég vildi aðeins taka fram, að ég hefði talið mun hyggilegra að þessi ríkisstj. hefði haldið þannig á fjármálum að þessi skattlagning væri óþörf og það væri hægt að komast hjá henni. Það er rétt, sem hv. 3. þm. Vestf. segir að hún á eftir að skapa erfiðleika. En vegna þess að ég treysti hvorki hv. þm. né flokki hans til að taka við stjórn öðruvísi en gera mun verri hluti, mun ég að þessu sinni fylgja þessari tillögu, en jafnframt láta hæstv. ríkisstj. vita að það eru til aðrir hlutir til lausnar á vanda en nýjir skattar. — Það er út af fyrir sig gott að lesið sé yfir þeim af og til.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru örfá orð. Að vísu hefur hv. 6. þm. Reykv. tekið af mér ómakið af því að mæla fyrir minni eigin brtt. um breytingu á nafni fyrirsagnar þessa frv., en hann benti réttilega á það, sem og ég hef haldið fram og geri með flutningi brtt., að hér er að sjálfsögðu ekki um annað að ræða en breytingu á söluskattinum til hækkunar.

Ég undirstrika við þá sveitarstjórnarmenn, sem hafa kvartað um að lítið kæmi í hlut sveitarfélaga frá ríkissjóði, og jafnframt þá sveitarstjórnarmenn, sem enn eru með böggum hildar yfir því að meiri hl. í sumum viðkomandi sveitarstjórnum ætlar sér að beita þeirri heimild, sem hér var samþykkt með meiri hluta atkvæða stjórnarliðsins, að bæta tólfta prósentinu við útsvarið: Ef við samþykkjum brtt., sem ég hef lagt fram, eru möguleikar til að afstýra þessu. Það gerist með því, að ef önnur fyrirsögn verður á frv. og frv. heitir það sem ég legg til, þá mun að sjálfsögðu hluti af þeim umframágóða, umframskattheimtunni, sem ríkisstj. ætlar sér að heimta renna samkv. lögum um söluskatt í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og skiptast þaðan eins og lög mæla fyrir um.

Það hefði satt að segja verið full ástæða til að ræða þetta mál á víðari grundvelli en hér hefur verið gert í kvöld. Þar á ég að sjálfsögðu við hina eilífu togstreitu um hagsmuni þeirra sem búa á þéttbýlissvæðinu, búa við hitaveitu eða ódýra rafmagnshitun, og hina, sem búa víðs vegar um landið og þurfa að nota olíu til kyndingar húsa sinna. Við höfum hins vegar, held ég, öll á hv. Alþ. verið sammála um að okkur beri að taka úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til að létta undir með þeim sem hvað þyngsta bagga bera vegna þessa. Að því er verið að stefna með þessari leið, þótt það sé ekki sú leið sem við sjálfstæðismenn t. d. lögðum til að farin yrði við afgreiðslu fjárlaga eða höfum lagt til í sambandi við önnur mál sem sjálfstæðismenn hafa flutt á þingi.

Það er líka alveg rétt, sem hv. 3. þm. Vestf. hefur komið inn á, að þegar söluskatturinn er orðinn þetta hár, eins og við horfum fram á að hann muni verða, 23.5%, er orðin gífurleg freisting fyrir þá sem hafa með innheimtu þess skatts að gera, ef þeir hafa einhvern möguleika á, að svíkja undan honum. Það kemur jafnvel fram í einu dagblaðanna í dag frá einum af ábyrgðarmestu mönnum verslunarinnar, sem skrifar um þetta atriði og bendir líka réttilega á það, að þeir aðilar, sem er skipað með íslenskum lögum að gerast innheimtumenn ríkisins fyrir þessum gífurlega stóru upphæðum, hafa aldrei fengið krónu í sinn hlut fyrir slíka innheimtu. Ef þeir hafa fengið eitthvað, það eru kannske einhverjir sem hafa þá orðið að taka það sjálfir.

Ég minnist þess, að Skúli heitinn Guðmundsson alþm. flutti till. um þetta á sínum tíma þegar söluskatturinn sá fyrst dagsins ljós á hv. Alþ. Ég tók þessa till. hans upp og flutti hana nokkrum sinnum, en hún átti ekki fylgi að fagna hjá páv. ráðamönnum.

Hér hefur verið talað um kjarasamningana og um mótmæli viðkomandi sambanda og um lagabrot, sem eru mjög í tísku um þessar mundir hjá hæstv. ríkisstj., — brot

á svokölluðum Ólafslögum. Að vísu hef ég alltaf haft þá skoðun, að það væri afskaplega lítið að brjóta, því þau væru bæði léleg og illa að þeim staðið, illa unnin og hefðu aldrei átt að vera í gildi stundinni lengur en kannske setningardaginn sjálfan eða samþykktardaginn, enda var það eitt af stefnumiðum sjálfstæðismanna í kosningabaráttunni að þessi lög yrðu þegar felld úr gildi. Við sjáum hér árangurinn af störfum sjálfstæðismannanna sem eiga sæti í núv. hæstv. ríkisstj.: Þeir hafa náð nokkru fram af kosningastefnuskrá Sjálfstfl., a. m. k. því, að óvirða þessi lög með öllu svo að þau eru talin hrein markleysa af þeim og öðrum.

En það, sem fékk mig til að koma upp í ræðustólinn að þessu sinni, og mér þykir leitt að þurfa að horfa upp á þann fýlusvip sem kom á andlit hæstv. forseta vegna þess að hann hélt að umr. væri lokið, það voru hinar einkennilegu umr. sem urðu á milli þeirra félaganna fyrrv., hv. 3. þm Vestf. og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundssonar, 7. þm. Reykv. Þarna þurftu þeir að kenna hvor öðrum um: þessi hefði viljað fara þessa leiðina til að skera af kjörum launþega og almennings. Annar sagði að hinn hefði viljað fara hina leiðina, sem væri verri leið, en einnig í því fólginn að skera af kjörum launþeganna, og það hefði ekki verið hægt að ná samvinnu við Alþfl. á s. l. hausti um myndun ríkisstj. því hann hefði viljað lækka kaupmátt verkalýðs og annarra launþega. Þá stóð upp fyrrv. fjmrh. Alþfl. og sagði: Nú vill Guðmundur J. Guðmundsson, form. Verkamannasambandsins, rýra þessi sömu kjör og kaupmátt launa með nýrri og nýrri og sífellt aukinni skattheimtu á sama fólkið. — En bíðum nú við. Hvernig væri nú að líta aðeins aftur í tímann, líta aftur í stjórnartíð þá sem hefur verið kennd við Geir Hallgrímsson, þegar þessir sömu tveir menn stóðu hlið við hlið og þessir sömu tveir flokkar? Hvað sögðu þeir þá? Hver var stefna þeirra í þessum málum þá? Var hún sú þá, að það þyrfti að skera af kaupmætti fólks? Ó nei, hún var sú, að það mætti stórauka hann, eins og reyndar stóð til og var gert í samningum sem þó var allt of langt gengið fram í. Þetta segi ég um leið og ég skal viðurkenna, til þess að við þurfum ekki að standa í neinum frekari umræðum út af því, að kaupmáttarskerðingin á undanförnu tímabili til að ná okkur upp úr þeirri lægð, sem þjóðarbúið var komi í, gekk út í öfgar í þeirri stjórnartíð. Hitt er staðreynd, að það tókst að vega sig upp úr þessu.

En það var ekki talið nóg af þessum stjórnmálaflokkum þá eða fulltrúum þeirra, hvorki þeim þm., sem hér hafa talað í kvöld frá Alþfl., né Alþb. Þeir tala þveröfugt nú við það sem þeir töluðu þá. Þá var allt talið hægt. Strax eftir lögin í febr. 1978 og reyndar miklu fyrr var með aðgerðum, sem staðið var fyrir innan verkalýðshreyfingarinnar, og komu þó sérstaklega við sögu hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, hv. þm. Guðrún Helgadóttir innan sinna samtaka o. fl. o. fl., þá var barist fyrir kaupmáttaraukningu á Alþingi og í öllum stéttarfélögum landsins, þau misnotuð eins og hægt var pólitíst til að koma þáv. ríkisstj. frá völdum vegna þess að hún treysti sér ekki og vissi að það var ekki hægt að halda uppi þeim kaupmætti sem samið var um vorið 1977 við verkalýðshreyfinguna. Og þótt það hefði verið hægt út af fyrir sig var ekki hægt að semja eins við alla þá sem í kjölfarið komu, enda var ráðist að þessari aðgerð í febrúaraðgerðunum í stjórnartíð Geirs Hallgrímssonar, vegna þess að sú ríkisstj., alla vega forsrh. þeirrar ríkisstj. og stuðningsmenn hans, sagði sannleikann og tók út þá refsingu sem þessir tveir hv. þm., Guðmundur J. Guðmundsson og Sighvatur Björgvinsson, töldu að hún hefði átt skilið. Það gerðist í kosningunum 1978 og þeir komust til valda. Hvað gerðu þeir? Hvað varð af öllum stóru kröfuorðunum og loforðunum frá þeim? Og hvar eru þau í dag? Nú rífast þeir um hvort þessi eða hin leiðin sé betri til að svíkja enn betur og meir þá launþega sem þeir segja að þeir séu hinir einu og sönnu baráttumenn fyrir. — Og Guðmundur J. Guðmundsson leyfði sér að segja úr ræðustól áðan: Alþfl. er skömminni skárri, þegar á að gæta hags launþega, en Sjálfstfl. Ég hef einu sinni sagt í ræðu á þessum sólarhring á hv. Alþingi: Ja, svei! Og ég ætla að ljúka þessari ræðu með þeim orðum.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Forseti vill taka það fram að hann situr glaður undir fróðlegum umr. hv. þm. meðan þeir hafa nenning að tala. Orðið er laust.

ATKVGR.

Brtt. 276 samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, SiggB. EBS, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, VG, AG, ÁG, BÍG, SvH greiddu ekki atkv.

5 þm. (FrS, GS, SkA, SteinG, BGr) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19:17 atkv.

2. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 291,1 samþ. með 22shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

Ákv. til brb. I samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 291,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

Ákv. til brb. II, svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 291,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

Ákv. til brb. III, svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 291,4 samþ. með 21:1 atkv.

Ákv. til brb. IV, svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 253 felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, VG, AG, ÁG, BÍG, EBS, SvH.

nei: GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, SiggB, FÞ.

4 þm. (SteinG, BGr, FrS, GS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. með 20:3 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, að loknum 57. fundi.

Orkujöfnunargjald, frv. (þskj. 295). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þó að ekki væri vanþörf á að endurflytja þá ágætu ræðu sem ég flutti áðan ætla ég samt sem áður að hlífa þm. við því. Erindi

mitt upp í ræðustól var að mæla fyrir lítilli brtt. sem ég ætla að flytja við 3. umr.

Áður en ég geri það ætla ég þó að vekja athygli á einni mjög athyglisverðri staðreynd. Hún er sú, að ríkisstj. hefur ekki þingmeirihl. í þessari deild til að afgreiða þetta mál. Nú er fullskipað stjórnarlið, sem hefur verið á þingfundi í dag, og þeir eru hér aðeins 20, þannig að af þeim stjórnarsinnum, sem sækja þingfund og hafa setið þingfundi í dag í hv. Nd., eru ekki til staðar nema 20. Í Nd. Alþingis er ekki þingmeirihl. fyrir málinu og væri ekki hægt að afgreiða málið frá d. ef ekki kæmi til, að stjórnarandstaðan hefur nú við 2. umr. tekið þátt í atkvgr. við nafnakall. Ef stjórnarliðar sætu einir á fundi hefðist málið ekki í gegn því að þá skortir til þess atkv. M. ö. o.: málið er komið í sjálfheldu hjá hæstv. ríkisstj. og þó að hún blási öllum sínum stuðningsmönnum til leiks hefur hún aðeins 20 atkv. í hv. Nd. og málið er stöðvað.

Það er athyglisvert fyrir þessa óskastjórn þjóðarinnar að hugleiða nú stöðu sína, enda sjáið þið það, hv. þm., á ráðh. sem sitja á ráðherrabekk, að ekki er djarft á þeim upplitið. Það verður að koma í ljós við atkvgr. á eftir hvort þessi 20 atkv. nægja ríkisstj. til að koma málinu frá sér. Stjórnarandstæðingar eiga að sjálfsögðu þar þann auðvelda leik að láta nú lokið að sinni, og ef stjórnarandstæðingar taka þann pól í hæðina er meirihlutaaðstaða ríkisstj. til að afgreiða mál nú sem stendur þar með úr sögunni. Málið er þá stöðvað, söluskattshækkun verður ekki komið fram. Menn þurfa ekki annað en líta á hæstv. ráðh. til að sjá að þeim er þetta aldeilis ljóst. Nú vantar hæstv. ríkisstj. málalíða. Nú er ekki seinna vænna að fara af stað, því að nú vantar hæstv. ríkisstj. atkv. Nú duga ekki þessi sem fengust á uppboðinu fyrir 8 vikum. Nú vantar meira. — Það má vel vera að ég eigi eftir að fara í framboð aftur, en ég er ekki alveg viss um að hæstv. landbrh. eigi eftir að gera það.

Ég ætla, áður en ég mæli fyrir þessari stuttu brtt. minni, að vegja athygli hæstv. fjmrh. og ríkisstj. allrar á mjög athylgisverðri yfirlýsingu sem einn af stjórnarþm. gaf áðan og hlýtur að hafa farið fram hjá hæstv. ráðh. því þeir voru ekki viðstaddir. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson lýsti því yfir úr þessum ræðustól fyrir um það bil 20 mínútum, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki þingmeirihl. fyrir áframhaldandi skattahækkunum. M. ö. o.: hv. þm. lýsir því yfir að hann muni ekki veita ríkisstj. atfylgi og styðja þau átorm ríkisstj. sem hún hefur uppi um að hækka eigin skattstiga frá þeim tillögum sem hún hefur kynnt þinginu. Ég vona að menn hafi veitt þessu athygli, því að annaðhvort verður hæstv. ríkisstj. að beygja sig í þessu máli eða hv. þm. að ganga á bak orða sinna.

Í öðru lagi er talað um að senda þingið heim kringum 15. maí til þess að hæstv. ríkisstj. geti fetað þá braut, sem hefur nú komið fyrir fleiri, að setja brbl. þegar að því kemur að kreppa fer að ríkisstj. um aukna tekjuöflun. Hæstv. ríkisstj. veit að hún hefur ekki þingmeirihl. fyrir slíkri lagasetningu og getur því ekki gripið til hennar, því að einn af stjórnarstuðningsmönnunum hefur lýst yfir úr þessum ræðustól að hann sé slíku andvígur og hann viti til þess að það hljóti að vera fleiri stjórnarliðar. Ríkisstj. hefur því ekki þingmeirihl. fyrir neinum slíkum aðgerðum.

Ég vildi vekja athygli hæstv. ríkisstj. á þessu athyglisverða máli, að nú er hana farið að bresta þingmeirihl. ekki aðeins hér í d. til að koma þessu máli í gegn, þar skortir hana atkv., heldur hefur einn af framámönnum stjórnarliðsins gefið þá yfirlýsingu hér úr ræðustól að hana bresti þingmeirihl. einnig fyrir aðgerðum sem hæstv. ríkisstj. hefur látið í veðri vaka að séu væntanlegar frá henni, þ. e. tillögum um hækkun á skattstiga, og hæstv. ríkisstj. hafi ekki þingmeirihl. fyrir neinum brbl. sem hún kynni að hafa áhuga á að gefa út um skattahækkanir í sumar. (**AG:** Hver segir það?) Hv. þm. Albert Guðmundsson hefur að vísu ekki gefið neina yfirlýsingu í þessu sambandi, en ég reikna fastlega með því að hv. þm. Albert Guðmundsson geti haldið fram á vor í þá sannfæringu sem hann hefur í dag. Geri hann það er víst og ljóst að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson styður ekki ríkisstj. í frekari skattaálögum. Hann hefur lýst því yfir.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson svaraði hins vegar engu þeirri spurningu minni, hvort hann væri sammála umsögn Alþýðusambands Íslands. Hann svaraði ekki þeirri spurningu minni, ef hann væri það, hvers vegna hann ætlaði engu að síður að greiða atkv. sitt þessu frv. Hann svaraði engu þeirri spurningu minni hvort hann teldi að slík atkvgr. af hans hálfu mundi torvelda kjarasamninga í þeim félögum sem hann sjálfur veitir forstöðu. Það er mál sem hv. þm. gerir upp á öðrum vettvangi.

Hins vegar vil ég taka það fram við hv. þm., að sú kjaraskerðing, sem þegar er orðin með því, sem boðað var í fjárlagafrv, og með þeim aðgerðum, sem ríkisstj. hefur nú þegar ýmist knúið í gegnum þingið eða er að knýja í gegnum þingið, er orðin meiri en hefði orðið ef fylgt hefði verið tillögum Alþfl. samkv. þeirri niðurstöðu sem Þjóðhagsstofnun komst að raun um. Hv. þm. getur ekki borið það fyrir sig að með því að greiða atkv. með ráðstöfunum ríkisstj. sé hann að koma í veg fyrir að kjaraskerðing verði jafnmikil og Alþfl. gerði ráð fyrir. Hún er nú þegar m. a. með stuðningi hv. þm., orðin meiri en jafnvel þó fylgt hefði verið tillögum Alþfl. frá því í desembermánuði s. l. og ég vil enn fremur rifja það upp fyrir hv. þm., að það er ekki rétt að hann og einhverjir félagar hans hafi ekki getað gengið til liðs við Alþfl. Ég veit ekki betur en þeim hafi komið mjög vel saman, hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni og Karli Steinari Guðnasyni þegar þeir ræddu um samstarfsgrundvöll fyrir þessa tvo flokka. Hv. þm. var búinn að samþykkja þann samstarfsgrundvöll. En þá komu aðrir til, sem kannske eiga aðild að því félagi sem hv. þm. hefur sjálfur gefið nafngiftina „gáfumannafélagið“. Það voru þeir sem réðu úrslitum um að ekki tókst samstaða um grundvöllinn sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og Alþfl. höfðu orðið ásáttir um.

Ég ætla nú ekki að ræða það frekar, en vek athygli á því, að við 2. umr. benti ég á tvö atriði í þessu frv. sem væri ástæða fyrir menn að gefa gaum að. Í fyrsta lagi, að ekkert ákvæði væri í frv. sem byndi tekjuöflunina, sem á að ná samkv. þessu frv., við þau útgjöld sem látið er í veðri vaka að tekjuöflunin sé til. Hér er um að ræða almenna tekjuöflun ríkissjóðs og 1.5% söluskattshækkun án þess að þær tekjur séu með einum eða öðrum hætti í frv. bundnar þeim þörfum sem látið er í veðri vaka að teknanna sé aflað til. Hér er því um að ræða almenna tekjuöflun. Ég benti einnig á að það væru ekki í frv. nein ákvæði um gildislok þessarar söluskattshækkunar, þannig að til að nema hana úr gildi og breyta 23.5% söluskatti í 22% þarf að samþykkja lög á Alþ. um að fella

þau lög úr gildi sem hér er verið að reyna að fá afgreidd. Þetta tel ég mjög varhugavert og ég trúi því vart að t. d. tveir þm., hv. þm. Guðrún Helgadóttir og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, vilji standa að því að ákveða með þessum hætti til frambúðar að söluskattur skuli vera 23.5% án tillits til þess hvernig teknanna er aflað. Þess vegna hef ég við 3. umr. leyft mér að flytja sérstaka brtt., sem er mjög einföld, við frv. þetta, þess eðlis að við 3. gr., síðustu grein frv. áður en kemur að ákvæðunum til bráðabirgða, þar sem fjallað er um gildistöku frv., bætist svo hljóðandi setning: Lögin falla úr gildi frá og með 1. jan. 1981. — M. ö. o standi þessi sérstaka fjáröflun aðeins út árið 1980. Strax í ársbyrjun 1981 falli þessi söluskattshækkun úr gildi, þannig að mönnum gefist þá ráðrúm til þess við fjárlagagerð að gera upp við sig hvort þeir ætli áfram að viðhafa þá söluskattshækkun, sem hér er verið að reyna að afgreiða, ellegar leysa kyndikostnaðarvandann með öðrum hætti.

Ég vil, eftir að hafa komið fram með þær ábendingar sem ég gaf áðan, að hv. stjórnarliðar taki afdráttarlaust afstöðu til þess, þ. á m. hv. stjórnarliðar Guðmundur J. Guðmundsson og Guðrún Helgadóttir, hvort þeir eru að afgreiða viðvarandi hækkun á söluskatti upp í 23.5%, sem skuli standa um aldir alda eða þangað til breytt verður þessu söluskattskerfi og án tillits til þess, hvaða ríkisstj. er við völd í landinu, eða hvort hér er um að tefla, eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson lét í veðri vaka, nauðvörn þessara hv. þm. í þeirri stöðu sem þeir nú eru þegar þeir telja nauðsynlegt að afla fjár á árinu 1980 til að jafna kyndikostnað í landinu, vilja gera það með þessum hætti, en vilja þó gera mögulegt að endurskoða þessa tekjuöflun og aðferðirnar til að afla fjárins fyrir gerð næstu fjárlaga, sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson gaf í skyn að þyrftu að vera betur úr garði gerð en þau fjárlög sem var verið að afgreiða. M. ö. o er brtt. að leggja til að við 3. gr. bætist að lög þessi falli úr gildi frá og með 1. jan. 1981. Þar með vil ég láta leiða afdráttarlaust í ljós hvort t. d. hv. þm., þeir sem ég nefndi, eru að afgreiða viðvarandi söluskattshækkun eða hvort það er rétt, sem þeir hafa látið í veðri vaka, að hér sé af þeirra hálfu um að ræða tímabundna nauðvörn sem yrði að viðhafa á árinu 1980 vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem þar er við að etja.

Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að leitað verð afbrigða fyrir þessari skriflega fluttu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 296) samþ. með 25 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á þeim ummælum, sem hv. 7. þm. Reykv. viðhafði í ræðu sinni áðan, Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, þegar hann tók alveg skýrt fram að þær miklu skattaálögur og það mikla stjórnleysi, sem hefði sýnt sig í sambandi við fjárlagafrv., hefði þegar haft skaðleg áhrif á vinnumarkaðinn. Hann tók einnig fram að það væri síður en svo af neinni bjartsýni eða með glöðum huga sem hann ætlaði að greiða því frv. atkv. sem hér um ræðir. Hann afsakaði það raunar í leiðinni að hann hygðist fylgja þeim skattahækkunum sem þegar hefði verið lagt fram frv. um. En á hinn bóginn urðu ummæli hans ekki skilin á annan veg en þann, að hann mundi kjósa helst að gildistaka laganna, sem nú á að samþykkja og felast í frv., næði ekki nema til þessa árs þar sem hann gerði sér vonir um að til annarra ráða yrði unnt að grípa við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1981. Þess er því fastlega að vænta að hv. þm. muni samþ. þá till. sem hv. 3. þm. Vestf. lagði fram áðan.

Ég verð að segja, að það er mjög virðingarvert af hv. þm. að hann skuli þrátt fyrir allt hafa manndóm í sér til að segja það umbúðalaust á Alþ. að hann sé kominn í þau málefnalegu þrot að verða að fylgja ríkisstj. eða vilja gefa ríkisstj. tækifæri þó að hann viti að hún sé á rangri leið, en með von um að honum takist að rétta af kúrsinn síðar meir á árinu. Hann hefur með þessum hætti einnig svarað þeim aðfinningum, sem að honum hefur verið beint, þó að hann á hinn bóginn geti ekki þvegið sig með þessum hætti af þeirri sök að hafa fyrir réttum tveim árum varið fé verkalýðshreyfingarinnar til að vinna því brautargengi í vorkosningum 1978 að til valda kæmu þeir flokkar sem lofuðu samningunum í gildi, en hafa svikið það allt saman, enda verður að segjast eins og er, að þeir flokksbræður hans, sem skipa ráðherrastólana, eru ekki í hópi þeirra þm. sem trausts njóta hjá verkalýðshreyfingunni.

En líka vekur athygli afstaða hv. 8. landsk. þm., Guðrúnar Helgadóttur, sem á sæti í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ferðaðist bæ frá bæ á árinu 1978 og birti stórar yfirlýsingar um að hún vildi koma samningunum í gildi. (**GHelg:** Og gerði það.) Og hefur ekki gert það, sveik það í borgarstjórn fyrst með frægum hætti þannig að það kostar málaferli. Hér eru ýmsir inni sem kunna að rekja þá sögu betur, og væri skemmtilegt að hún yrði rakin í þingsölunum. En hér liggur fyrir Alþ. samþykkt frá stjórn BSRB þar sem þessum skattahækkunum er mótmælt. Þessi þm. hefur rétt kjark til þess að grípa fram í þar sem hún stendur frammi á gangi í staðinn fyrir að koma inn í d. og reyna að tala fyrir máli sínu manneskjulega og af einhverri festu. En það er eins þarna og svo víða endranær hjá því fólki sem reynir að koma sér áfram á bakinu á launþegum í landinu með því að níðast á því trúnaðartrausti, sem það hefur aflað sér þar á röngum forsendum, — þegar það stendur frammi fyrir því að því er svarað hefur það ekki kjark til að skýra afstöðu sína og skoðanir.

Það er að sjálfsögðu algerlega ástæðulaust að láta þessa 3. umr. fara svo, að ég ítreki ekki enn sérstaklega, vegna þess að hv. 8. landsk. þm. hefur verið sá endemis vesalingur að taka ekki undir þær réttmætu kröfur sem ég hef gert til fjmrh. og ætlast til þess að hann svari núna, vegna þess að þetta er ekki í fyrsta skipti, heldur hef ég gert þetta hvað eftir annað, að ég óska eftir að vita hvernig staðan sé í samningamálum opinberra starfsmanna. Ég álít að það sé kominn tími til þess að einhver svör fáist við því, um leið og ég vek athygli hæstv. fjmrh. á því, að yfirlýsing hv. 7. þm. Reykv. áðan jafngildir því að þær loðnu yfirlýsingar um frekari skattahækkanir síðar á árinu, sem gefnar voru við 3. umr. fjárl. af hæstv. fjmrh., hafa greinilega ekki fylgi þessa þm. (**Fjmrh.:** Ímyndar þm. sér að við förum að ræða um kjaramál opinberra starfsmanna núna?) Ég hef gefið fjmrh. m. a. tækifæri til að gera það við fjárlagaafgreiðslu, þar sem rætt er um þær launaforsendur sem þar eru. Ég ímyndaði mér ekki að ráðh. mundi gera það hér. — (**Gripið fram í:** Á ekki slatti af þessu frv. að fara inn í ríkissjóð?) Vegna þess að ráðh. svarar ekki einföldum spurningum. Einu svörin sem opinberir starfsmenn fá frá fjmrh. og ríkisstj. eru

þau sem kastað er framan í blaðamenn, að ráðh. séu ekki til viðtals við opinbera starfsmenn fyrr en búið sé að semja á hinum almenna vinnumarkaði, fyrr fái þeir ekki raunverulegt tilboð. Þetta er sú fyrirlitning sem ríkisstj. sýnir opinberum starfsmönnum. Ég verð að segja að ég óska ríkisstj. til hamingju með fulltrúa opinberra starfsmanna í þessari d., því að ríkisstj. er sannarlega fullsæmd af þeim fulltrúa. Þar hæfir virkilega skel kjafti, svo að ekki sé meira sagt. En það er náttúrlega annað mál.

En mönnum eins og hv. 7. þm. Reykv., sem oft hefur þurft að standa í margvíslegum slag, dettur ekki í hug að láta þessa umr. fara svo að ekki heyrist frá honum. Hann vill að menn geri sér ljóst að hann er hundóánægður, hann er fúll. (**Gripið fram í:** Það má sjá það á honum.) Það má sjá á honum langar leiðir. Ég veit ekki nema hann fari með þrjár dósir á hverjum fundi, hann er svo önnum kafinn við að taka í nefið.

En það er sem sagt þetta sem ég vil lýsa eftir. Einkar fróðlegt væri að heyra hvað hv. 8. landsk. þm. hefur að segja um alla þessa skatta, um allt þetta skeytingarleysi fyrir kjörum opinberra starfsmanna. Og hæstv. fjmrh., það mætti bara spyrja beint, já eða nei: Er hann reiðubúinn til þess að rýmka samningsrétt opinberra starfsmanna? Já eða nei? — Ekkert svar. (**Fjmrh.:** Þm. hefur ekki lesið það svar sem ríkisstj. hefur gefið.) Ekki eitt einasta svar. (**Fjmrh.:** Auðvitað veit hann að svarið er jákvætt.) Jákvætt! Hvað þýðir jákvætt? Meinar hæstv. fjmrh. að hann ætlist til þess að opinberir starfsmenn slái af kröfum sínum að öðru leyti? Koma samningsréttarmál þannig við launþega? Eru ekki launþegar að krefjast fulls samningsréttar vegna þess að á þá hefur verið gengið. Þeir hafa ekki fengið þau kjör sem þeir ætluðust til af því að samningsréttur þeirra hefur verið skertur. Er málið ekki þannig vaxið? Og ef á að veita þeim eitthvað rýmri samningsrétt á að gera það strax, í upphafi samningstímabilsins núna, svo að þeir geti tekið ríkisstj. þeim tökum, sem hún á skilið, og staðið almennilega að því að kengbeygja hana, því að það á hún sannarlega skilið eins og hún hefur hagað sér gagnvart launþegum þann stutta tíma sem hún hefur setið að völdum.

Ég vek athygli á hinum mikla mun sem er á hv. þm. Alþb. í Reykjavík, sinn úr hvorum launþegahópnum, Guðmundi J. Guðmundssyni og Guðrúnu Helgadóttur, því að það er mikill mannamunur. Annar þeirra fellur vel í kramið hjá ríkisstj., en hinn ekki.

ATKVGR.

Brtt. 296 felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, VG, AG, ÁG, BÍG, EBS, SvH.

nei: GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, SiggB, FÞ.

4. þm. (SteinG, BGr, FrS, GS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur J. Guðmundsson: Sú brtt., sem hér er til atkv., fjallar um það eitt að setja ákveðin tímamörk á þessi lög. Megnið af þessari fjárupphæð á að ganga til niðurgreiðslu á kyndingarkostnaði. Við vitum ekkert um olíuverð um næstu áramót. Það má vel vera að þá séu ýmsar aðrar leiðir uppi. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hafa á gjaldinu tímamörk. Ég hef greitt atkv. með tillögunni um að leggja á þetta gjald og ég greiði líka atkv. með því að hafa það til skoðunar um næstu áramót og segi þess vegna já.

Frv. samþ. með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, SiggB, FÞ, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA.

nei: SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, BÍG, EBS, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SvH.

3. þm. (BGr, FrS, GS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Alþfl. er þeirrar skoðunar, að meðal mikilvægustu viðfangsefna Alþ. sé að gera tafarlausar ráðstafanir til að jafna húshitunarkostnað landsmanna með fjárveitingu úr ríkissjóði og með breyttum og bættum reglum um framkvæmd jöfnunar á kyndikostnað. Til þess að svo geti orðið hefur Alþfl. á undanförnum vikum þrívegis flutt tillögur á Alþ. um jöfnun kyndikostnaðar. Minnihlutastjórn Alþfl. lagði til í fjárlagafrv. sínu að 2.3 milljörðum kr. yrði varið úr ríkissjóði sem framlagi hans til lausnar vandans án þess að fjárins yrði aflað með hækkuðum sköttum. Að auki lagði minnihlutastjórn Alþfl. fram frv. til l. um orkuskatt til frekari jöfnunar á orkukostnaði. Bæði við 2. og 3. umr. fjárlaga nú á dögum lagði þingflokkur Alþfl. til að 4 milljörðum yrði varið úr ríkissjóði til jöfnunar á húshitunarkostnaði og jafnframt gerði þingflokkurinn tillögu um að önnur tiltekin útgjöld ríkissjóðs yrðu lækkuð að sama skapi. Af þessu má ljóst vera að þingflokkur Alþfl. hefur gert sér sérstakt far um að berjast fyrir tafarlausum aðgerðum til jöfnunar á kyndikostnaði og er eindregið þeirrar skoðunar að slík aðgerð krefjist ekki aukinnar skattheimtu. Frv. um 1.5% orkujöfnunargjald á söluskattsstofn er ekki ráðstöfun til að jafna kyndikostnað, heldur almennt tekjuöflunarfrv. fyrir ríkissjóð og mikil skattahækkun, þar sem húshitunarvandamálið er notað sem skálkaskjól fyrir hækkun söluskatts um hartnær einn tug milljarða á ári. (**Forseti:** Er þetta þula, en ekki grg.?) Ég er að verða búin hæstv. forseti. — Alþfl. er andvígur slíkri skattahækkun, sem hann telur ástæðulausa kjaraskerðingu gagnvart launafólki. Af þeim ástæðum greiða þm. Alþfl. atkv. gegn frv., þótt þeir séu eindregnir stuðningsmenn jöfnunar á kyndikostnaði, og þá segi ég loks nei.

Frv. afgr. til Ed.

Efri deild, 60. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, kl. 5.50 síðdegis.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 254). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á lögum um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, er liður í lausn erfiðrar deilu um fiskverð. Í jan. s. l. náðist samkomulag um fiskverð sem m. a. fól í sér að aðilar að því samkomulagi

höfðu rétt til að segja því upp ef breytingar yrðu á grundvallarforsendum.

Tveir aðilar sögðu því samkomulagi upp eftir 1. mars s. l., í fyrsta lagi sjómenn, sem sögðu upp samkomulaginu vegna þess að orðið hafði launahækkun í landi sem nam 6.67%, og í öðru lagi fulltrúar fiskvinnslunnar, sem sögðu samkomulaginu upp vegna þess að þeir töldu ekki lengur grundvöll til rekstrar fiskvinnslunnar vegna þeirrar kostnaðarhækkunar sem hafði orðið í landi, m. a. vegna launahækkunar 6.67% o. fl. Kom fram í þeirra máli að þeir töldu jafnvel að fiskverð þyrfti að lækka um 10—11%. Fulltrúi útvegsmanna sagði samkomulaginu hins vegar ekki upp.

Af þessu má sjá, að verulegur ágreiningur var þarna á milli aðila, enda reyndist lausn þessarar deilu mjög erfið og fór fljótlega til yfirnefndar. Þar voru haldnir mjög margir fundir án þess að árangur næðist.

Þegar málið hafði dregist nokkuð fram eftir marsmánuði má segja að sú lausn eða þær niðurstöður, sem hugsanlegar væru, gætu talist þrjár:

Í fyrsta lagi að samkomulag yrði gert með sjómönnum og útvegsmönnum um hækkun fiskverðs um 6.67%, en sú var krafa sjómanna, eins og ég sagði áðan, og reyndar einnig útvegsmanna eftir að málið kom til verðlagsnefndar. Þessu hefði að sjálfsögðu fylgt nauðsyn á verulegri lagfæringu á rekstrargrundvelli fiskvinnslunnar, sem taldi, eins og ég hef sagt, að fiskverð væri þegar um það bil 10—11% of hátt. Ekki hefði verið unnt að leiðrétta grundvöll fiskvinnslunnar svo að nokkru næmi nema með verulegri gengisbreytingu, eins og ég kem að síðar.

Í öðru lagi var rætt um þann möguleika að oddamaður úrskurðaði í þessari deilu. Það hefur gerst áður fyrir allmörgum árum. Þeirri hugmynd var mjög sterklega andmælt af öllum mönnum í Verðlagsráði og reyndar hótað af fulltrúum sjómanna og fleirum að þeir mundu hætta þátttöku í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Ég taldi þessa lausn því ekki koma til greina. Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur starfað í 18 ár og þó ýmislegt megi að því finna hafa menn ekki komið með annað betra kerfi til að ákveða fiskverð. Ég tel satt að segja að fara eigi aðrar leiðir til að bæta það, sem við höfum, heldur en sprengja það í loft upp, eins og segja má að gert hefði verið með slíkum einhliða úrskurði oddamanns.

Þriðji möguleikinn, sem segja má að komið hefði til greina, var sá að ná samstöðu með fiskvinnslunni um t. d. óbreytt fiskverð, en þá ýmsar lagfæringar til að mæta verulegum kostnaðarauka fiskvinnslunnar frá því að fiskverð var ákveðið í janúar, eða jafnvel lækkun fiskverðs, sem fiskvinnslan fór fram á. Það hefði þá að sjálfsögðu verið gert í fullri andstöðu við sjómenn og útvegsmenn. Ég hygg að menn geti verið sammála um það, að sú lausn var ekki heldur æskileg. Bæði er það svo, að sjómenn eiga vissulega rétt á nokkurri launahækkun í samræmi við það sem verður í landi, og einnig er ákaflega mikilvægt að halda sem mest friði á milli aðila að sjávarútvegi og fiskvinnslu.

Niðurstaða ríkisstj. varð sú, að 6.67% hækkun fiskverðs fylgi of mikil röskun á gengi — og að sjálfsögðu leiðir það allt til hækkunar á vísitölu, þannig að um það bil 3% hækkun á fiskverði leiðir til um það bil 1.5% lækkunar á gengi, sem hefur í för með sér um það bil ½% hækkun á vísitölu.

Einnig má sýna fram á að sjómenn hafa aukið ráðstöfunartekjur sínar allverulega á undanförnum árum eða um 20—25% meira en iðnaðarmenn og verkamenn frá árinu 1974. Ég vil alls ekki með þessu gefa til kynna að tekjur sjómanna séu óeðlilega háar. Ég veit að í þessari hækkun ráðstöfunartekna felst verulega aukin vinna, þannig að segja má að aukningin felist að nokkru leyti í meiri yfirvinnu og meiri aukavinnu. Hitt held ég að megi einnig sýna, að hluti af þessum auknu tekjum felst í meiri framleiðni, meiri afköstum bátaflotans, betri aðbúnaði að öllu leyti, að það er ekki óréttmætt að taka eitthvert tillit til þess. Það skal jafnframt viðurkennt, að með fiskverðshækkun í janúar var tekið nokkurt tillit til þessa, en þá varð fiskverðshækkun til skipta nokkru minni en launahækkun varð í landi, annars vegar 11% til skipta, en 13.2% launahækkun í landi.

Eftir verulegt þóf og viðræður manna innan Verðlagsráðs sjávarútvegsins náðist að lokum samstaða sem felst í því, að annar fulltrúi fiskvinnslunnar og oddamaður samþykktu þá niðurstöðu sem varð. Fulltrúi sjómanna og hinn fulltrúi fiskvinnslunnar sátu hjá, en fulltrúi útvegsmanna greiddi atkv. á móti. Þessi niðurstaða felst í því að olíugjald, sem hafði verið lækkað í janúar úr 9% í 5%, lækkar úr 5 í 2.5%. Hins vegar hækkaði fiskverð á móti um 4%, þ. e. 2.5% til að mæta þessari lækkun olíugjalds og 1.5% til viðbótar. Fiskverð til skipta hækkar því um 4% í stað 6.67%, sem sjómenn og útvegsmenn fóru fram á. Jafnframt var á vegum sjútvrn. gerð allítarleg athugun á rekstrargrundvelli fiskvinnslunnar og drög lögð að vissum endurbótum sem mér þykir rétt að nefna í örfáum orðum, þótt rétt sé að taka það fram strax, að ekki vega þær þungt í þeim vanda sem þar blasir við.

Þessar lagfæringar felast í því í fyrsta lagi, að vextir Fiskveiðasjóðs verði lækkaðir úr 5.5% í 4.25%, og var sú till. samþ. í ríkisstj.

Í öðru lagi lagði ég til að aðflutningsgjöld eða sölugjöld af nokkrum fjárfestingarvörum fiskvinnslunnar yrðu felld niður til samræmis við það sem þegar er orðið hjá svokölluðum samkeppnisiðnaði. Þetta var einnig samþ. Nemur tekjutap ríkissjóðs af þessum lækkunum 250—300 millj. kr. á ársgrundvelli, en líklega um 200—250 á þeim mánuðum, sem eftir eru af þessu ári.

Í þriðja lagi lagði ég til að stimpilgjald yrði lækkað frá því sem nú er, úr rúmlega 1.2% í 0.48%, eins og það var fyrir lagabreytingu 1978. Ekki var talið fært að verða við þessu nú. Þetta mundi hafa í för með sér um það bil 300 millj. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð og talið nauðsynlegt að kanna það mál betur.

Í fjórða lagi hefur sjútvrn. ákveðið að beita sér fyrir því, að lausaskuldum í sjávarútvegi og fiskvinnslu verði breytt eins og kostur er í föst lán. Lausaskuldir hafa aukist mjög mikið upp á síðkastið, vanskil alveg sérstaklega í því sambandi, og eru örugglega yfir 10 milljarðar, kannske nær 12 milljörðum. Þessi vanskil eru ekki að öllu leyti óeðlileg. Staðreyndin er sú, að rekstrarfjárþörf sjávárútvegs og fiskvinnslu hefur hvergi nærri verið fullnægt í vaxandi verðbólgu og því hafa þessi vanskil myndast og má segja að skuldaskil séu nánast leiðrétting á því sem þannig hefur orðið af verðbólgunnar völdum. Einnig var samþ. í ríkisstj. að þetta yrði þegar sett í gang, og er nú verið að byrja á því verki.

Þá var jafnframt ákveðið að gera þegar samanburðarathugun á aðstöðu útflutningsatvinnuvega okkar. Þar er nokkuð um það deilt, hvaða atvinnuvegur standi best. Ég

skal ekki dæma um það, en í þessari athugun sjútvrn. kom m. a. fram að uppsafnaður söluskattur hjá fiskvinnslunni er 3.8 milljarðar á ári á verðlagi ársins í ár og þar af um 2 milljarðar hjá frystihúsunum, sem náttúrlega gefur fyrst og fremst til kynna, að ástæða er til að kanna breytingu yfir í virðisaukaskatt fyrr en seinna, sem mundi skapa útflutningsatvinnuvegum okkar svipaða aðstöðu að þessu leyti.

Þó að þeir þættir, sem ég hef hér nefnt, vegi e. t. v. ekki þungt í 10—11 milljarða tekjuskorti hjá fiskvinnslunni, þá stuðluðu þeir þó allir að því, að sú afstaða til fiskverðsins fékkst sem ég nefndi áðan, þar sem annar fulltrúi fiskvinnslunnar greiddi atkv. með, en hinn sat hjá.

Ég veit að menn spyrja gjarnan: Hvernig stendur á þessari erfiðu aðstöðu eða afkomu fiskvinnslunnar? Það er ekki langt síðan fisverð var ákveðið með öllum atkv., þ. e. í janúar s. l. Ég hygg að ekki sé nein ein örugg skýring á því, en þó sýnist mér í hnotskurn að þessu verði e. t. v. best lýst með þeirri staðreynd að hækkun á hráefni, þ. e. fiskverði, og á vinnulaunum varð á síðasta ári, árinu 1979, um 55—60%, en hins vegar varð hækkun á útflutningsafurðum frystihúsanna um 30%, og er þá bæði tekið tillit til gengissigs og hækkaðs verðs á erlendum mörkuðum. Þarna er eflaust fleira sem skiptir máli, eins og samsetning aflans, sem ég mun ekki fara út í hér.

En hvað sem því líður, þá er það staðreynd, að sérstaklega á þeim mánuðum, sem liðnir eru af þessu ári, hafa þeir mælikvarðar, sem menn hafa á afkomu fiskvinnslunnar, sýnt að afkoman er mjög slök. T. d. hefur framlegð fallið verulega. En framlegð er reiknuð þannig fyrir þá sem ekki þekkja það hugtak — að kostnaður sem felst í hráefni, vinnulaunum og umbúðum, er dreginn frá heildartekjum og gefur þannig til kynna það sem eftir er í ýmsan annan kostnað. Almennt er talið að framlegð í sterku frystihúsi þurfi að vera um 18—20% og meiri þar sem skuldasöfnun hefur orðið mikil og vaxtakostnaður því hár. En það hefur sýnt sig við athugun Þjóðhagsstofnunar, að framlegð hefur fallið jafnvel sums staðar niður fyrir 10% í bestu frystihúsum og er að meðaltali í 12—15 bestu húsum í kringum 14—15% — og þegar ég segi: bestu hús að þessu leyti, á ég við þau hús sem nú koma út með einna hæsta framlegð. Þessu veldur að mínu mati einnig — þó undarlegt sé — mjög mikill afli og lélegri vinnsla úr miklu hráefni sem á land hefur borist, og ætla ég ekki að fara lengra út í það. Það er satt að segja umræðuefni út af fyrir sig. En ég get þess hér vegna þess að athugun á þessu kom mjög inn í þá viðleitni sem höfð var til að ná samkomulagi um fiskverð.

Ég vil geta þess hér, að í meðferð málsins í Nd. var það gagnrýnt að ég hefði ekki haft sérstaka fundi með fulltrúum sjómanna og annarra í Verðlagsráði. Þetta er að nokkru leyti misskilningur, því ég hitti alla fulltrúa í Verðlagsráði sjávarútvegsins og fékk að kynnast sjónarmiðum þeirra, m. a. fulltrúa sjómanna. Það er hins vegar rétt, að ég taldi ekki rétt að grípa fram fyrir hendur á oddamanni, sem gjörþekkir þessi mál og átti fjölmarga sérstaka fundi með öllum þessum fulltrúum og gerði mér grein fyrir þeim málum sem þar komu fram. Ég taldi það ekki nauðsynlegt, þar sem hann skýrði mér þegar frá því, að fyrir lægi að sjómenn mundu sitja hjá við þessa ákvörðun, og jafnframt hafði ég það frá þeim sjálfum, að það eina annað, sem kæmi til greina, væri 6.67% hækkun. Hins vegar átti ég nokkra fundi með fulltrúa útvegsmanna í tilraun minni til að fá þá til að sætta sig við þessa lækkun olíugjalds, en það tókst ekki. Ég átti einnig fund með fulltrúum fiskvinnslunnar til að upplýsa þá um þær aðgerðir aðrar sem ég nefndi áðan og í gangi voru, þannig að til þess mátti taka tillit í ákvörðun þeirra um afstöðu til endanlegrar ákvörðunar í ráðinu.

Ég nefni þetta hér af því að þetta bar nokkuð á góma í hv. Nd. Út af fyrir sig legg ég ríka áherslu á að samráð sé með stjórnvöldum og hinum ýmsu aðilum vinnumarkaðarins. En þess þarf þó að gæta, finnst mér, að ráðh. grípi þar ekki fram fyrir hendur þess manns, sem í umboði ríkisstj. hefur með slíkt samráð að gera, og fyrst og fremst komi ráðh. inn í slík mál þegar sá maður, fulltrúi hans, telur það nauðsynlegt. En um þetta má vitanlega deila og getur sýnst sitt hverjum.

Annað atriði, sem mjög hefur borið á góma í umr. Nd. um þetta mál, er hvort hér séu brotin lög eða samningur á útvegsmönnum. Um það varð samkomulag allra aðila, eins og ég sagði áðan, í janúar, að olíugjald skyldi verða 5% og þá lækkað úr 9% í 5%. Nú er þessu gjaldi breytt þrátt fyrir lög sem samþ. voru samhljóða á Alþingi og gera ráð fyrir að olíugjaldið gildi þannig í eitt ár. Þetta kom að sjálfsögðu strax í hugann þegar breyting á olíugjaldi kom til umr. Ég ræddi það þá við lögfróðustu menn, bæði innan ríkisstj. og utan. Þeir voru allir þeirrar skoðunar, að alls ekki væri hér um nein brot eða nein svik á þeim samningum að ræða, því grundvelli þeirra laga, sem samþ. voru í janúar, hafði verið sagt upp af tveimur af fjórum aðilum sem að þeim grundvelli stóðu, og þar með stendur að sjálfsögðu ekki samkomulagið á milli hinna aðilanna sem eru eftir. Samkomulagið var byggt á samþykki allra aðila í Verðlagsráði sjávarútvegsins og því er brostinn sá grundvöllur sem lögin frá því í janúar standa á, enda má þá varpa fram þeirri spurningu, hvort einn aðili í Verðlagsráðinu gæti notað nánast neitunarvald til þess að einhver breyting yrði gerð á olíugjaldi út allt árið, hvað svo sem gerðist með olíuna almennt þannig að ég held að þetta fái ekki staðist. Ég vil segja það eins og er, að mér var þetta verulegt umhugsunarefni og hef reyndar eftir þessar umr. og það nál., sem kom fram, rætt við fleiri lögfróða menn um þetta og þeir hafa allir tekið í þennan sama streng sem ég hef nú lýst.

En það er annað í sambandi við olíugjaldið sem er vert að menn hugleiði, og það er sú deila sem það hefur valdið á milli sjómanna og útvegsmanna. Olíugjald er greitt ofan á fiskverð og er ákveðið á aflamagn. Það er sem sagt hundraðshluti, má segja, ofan á aflamagn, en alls ekki eftir olíueyðslu, þannig að t. d. skip, sem sigla stutt til veiða og afla vel, fá mikið olíugjald. Og til eru dæmi um það, að togarar, sem nota svartolíu, hafi fengið meira olíugjald en allur olíukostnaður hefur verið í einstökum ferðum. Út af fyrir sig má segja að þarna sé þá um tilfærslu á milli fiskvinnslu og útgerðar að ræða, sem er í mörgum tilfellum á einni og sömu hendi. En þetta hefur engu að síður valdið mjög mikilli tortryggni og er liður í þeirri deilu sem nú er risin á Vestfjörðum, þar sem sjómenn þar leggja á það áherslu sem lið nr. eitt að olíugjaldið verði lækkað. Ég hef ætíð verið efins um olíugjaldið og ég tel að því eigi að breyta. Viðræður fara nú fram um hugsanlega breytingu á olíugjaldinu, þannig að það verði greitt af óskiptu miðað við ákveðið verð olíu og á grundvelli lítrafjölda. Sjómenn hafa verið efnis um slíka breytingu og ekki samþykkt hana, en ýmsar hugmyndir eru nú þar til umr. sem ég tel mikilvægt að haldið

verði áfram og reynt að leiða til lykta. Þetta tel ég einnig nauðsynlegt að komi hér fram vegna þeirrar umr. sem varð í Nd.

Jafnframt er rétt að ég nefni, eins og kemur fram í grg. með þessu frv., að menn eru nú bjartsýnni um olíuverð á næstunni en menn voru í janúar. Þá var spáð hækkun, en nú er því spáð að verð haldist svipað og það er. Jafnframt *eru komnir til landsins farmar af olíu sem eru ódýrari en* þeir sem nú eru seldir. Ég skal ekkert fullyrða um það að olíuverð lækki, en ég get aðeins nefnt það sem fróðir menn hafa sagt, að svo geti sem betur fer farið að einhver *lækkun verði þegar þessi olía kemur til sölu. Hins vegar* ber þar að sjálfsögðu að taka tillit til innkaupajöfnunarreiknings olíu, sem mun vera neikvæður, hygg ég, eins og nú er ástatt.

Herra forseti. Um þetta mál og reyndar allt sem því tengist mætti flytja langa ræðu, um fiskvinnsluna og sjávarútveginn. Ég hef reynt hér að drepa á meginþætti bæði þeirrar ákvörðunar, sem tekin var, og þau atriði sem að *baki liggja, og ég reyndi að nefna einnig þau atriði sem* gagnrýnd voru fyrst og fremst í hv. Nd. Báðar sjútvn. þingsins hittust sameiginlega á fundi um þetta mál og það er von mín að það verði til að hraða meðferð þess í *gegnum þingið. Ég veit að menn gera sér grein fyrir því,* að ekki er unnt að gera upp á milli útgerðar og fiskvinnslu fyrr en þetta er samþykkt. Eins og er í dag má segja að fiskvinnslunni beri að greiða 5% olíugjald. Það eru þau lög, sem eru í gildi, þannig að það er ákaflega æskilegt að svona mál fáist afgreidd sem fyrst. Er það von mín að þessi hv. d. sjái sér fært að gera það.

Að þessum orðum loknum legg ég til að málinu verði að þessari umr. lokinni *vísað* til 2. umr. og hv. sjútvn.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil fara fáeinum orðum um það frv. sem hér er til umr.

Það var mikill vandi sem Verðlagsráði sjávarútvegsins var á höndum þegar það var að taka fiskverðsákvörðun í janúar. Eftir því sem mér hefur skilist var gefið ákveðið vilyrði á þeim tíma um hratt gengissig, sem síðan var ekki staðið við, og því hefur mjög sigið á ógæfuhliðna fyrir fiskvinnslunni nú síðustu vikur og mánuði. Það var þá þegar ljóst að fiskvinnslan gat ekki búið við það fiskverð, sem þá var fyrir hendi, vegna mjög aukins innanlandskostnaðar, bæði hráefnis og launa. Segja má að það sé kannske ekki það, sem hér er til umr., heldur fyrst og fremst þetta olíugjald, og það má lengi skiptast á skoðunum um réttmæti þess. Þó held ég að við verðum að líta svo á, að olíugjaldið hafi í upphafi verið viðurkenning á auknum tilkostnaði útgerðarinnar og það hafi ekki eingöngu verið olían, heldur og veiðarfærin, sem þar ættu hlut að máli. Mikið af veiðarfærum er einmitt framleitt úr olíuvörum og hækkar að sama skapi og olían. Mér finnst ekki óeðlilegt þó að útgerðarmenn hafi reiknað með því, að sú ákvörðun um olíugjaldið, sem tekin var í byrjun mars, stæði út árið og þeir gætu í áætlunum sínum um rekstur ársins reiknað með því sem föstum lið í tekjum sínum.

Það má segja að nú hafi farið svo, að með þeirri fiskverðsákvörðun, sem tekin er, hafi einskis manns vandi verið leystur, heldur aðeins aukinn vandi annars. Ég held að full þörf hafi verið á því að þetta olíugjald héldist, 5%, og ekki aðeins héldist, heldur jafnvel hefði verið hækkað, vegna þess að ég held að útgerðin í landinu þurfi á ákveðnum hvata að halda til þess að skipunum verði haldið úti. Mikill hluti landsmanna byggir að mestu leyti á togveiðiútgerð yfir vortímann og sumartímann og atvinna margra byggðarlaga byggist að mestu leyti á *togveiðum. Og það vita allir, sem þekkja eitthvað til* sjávarútvegs, að olíukostnaður við togútgerð í dag er allt að því 30—40% af útgerðarkostnaðinum og jafnvel af tekjum skipanna. Því held ég að þetta, að olíugjaldið *hefur verið lækkað, geti haft þær afleiðingar að útgerð* dragist nokkuð saman, sérstaklega hjá bátaflotanum hér sunnan- og suðvestanlands, bæði við fiskvinnslu, fiskveiðarnar og humarveiðarnar, og þess vegna horfi mjög alvarlega í þessum efnum.

Ég ætla ekki að halda því fram, að hér hafi verið brotin lög við þessa ákvörðun. Það dettur mér ekki í hug að álíta, því að vissulega var búið að segja því samkomulagi upp, *sem þarna hafði verið gert, og fullur réttur til að* taka nýja ákvörðun. En þar fyrir held ég að það hafi verið röng ákvörðun, sem þarna var tekin. Mér finnst að þarna hafi menn í rauninni stungið höfðinu í sandinn, ekki viljað horfa á *þann mikla vanda, sem fyrir hendi er* bæði hjá fiskvinnslunni og sjávarútveginum, og látið vandamálin óleyst.

Hæstv. ráðh. benti á auknar tekjur sjómanna, sem *hefðu miklum mun betri kjör nú en landverkafólk,* sem tekjur þeirra hafa verið bornar saman við. Ég held að við megum vara okkur á því að einblína um of á þennan samanburð. Við sjáum það hér þegar við förum með *höfninni,* að mörg af okkar glæsilegustu og bestu fiskiskipum liggja bundin í höfn og verða þar á næstu mánuðum. Sjómönnum er bannað að bera sig eftir björg. Og svo mun verða um stóran flota landsmanna á næstu *mánuðum. Og* því alvarlegra er einmitt þetta mál, að vandi fiskvinnslu og sjávarútvegs hefur ekki verið leystur, að nú er sá tími sem framleiðsla er hvað mest og því þörf á því að fyrirtækin skili góðri afkomu til þess að búa sig undir þann erfiða tíma sem fram undan er í sumar og haust. Við vitum það, að þorskveiði er þegar komin langt fram úr því sem áætlað var og talið æskilegt, og því þarf að hefta mjög veiðar sjómanna okkar á næstu mánuðum og það sem eftir er af árinu. Þeir munu því bera mjög skarðan hlut frá borði, og því held ég að það sé ákaflega varhugavert að bera tekjur þeirra saman við tekjur annarra stétta, eins og þær hafa verið á þessu ári, því að vertíðin hefur gengið vel. Við vitum að á næstu mánuðum verður mjög að draga saman sjósókn.

Ég vildi aðeins láta það koma fram, að ég er á móti þeirri leið sem þarna hefur verið valin, því að ég tel að full þörf hafi verið á því að hvetja útvegsmenn, bæði togara og báta, til útgerðar frekar en að draga úr þeim. Ég tel að þarna hafi enginn vandi verið leystur, hann aðeins verið fluttur til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 61. fundur.

Fimmtudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Meinatæknar, frv. (þskj. 290). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur frammi um meinatækna, er samið í heilbr.- og trmrn. eftir beiðni Meinatæknafélags Íslands, og er það að verulegu leyti byggt á tillögum Meinatæknafélagsins. Frv. þetta er að flestu leyti samhljóða öðrum lögum, sem sett hafa verið á undanförnum árum til að tryggja hinum ýmsu heilbrigðisstéttum lögvernduð starfsréttindi og lögverndað starfsheiti.

Stétt meinatækna er tiltölulega ung hér á landi. Meinatæknafélag Íslands var stofnað í febr. 1967. Fljótlega eftir stofnun félagsins óskaði það eftir löggildingu á starfi og starfsréttindum meinatækna, en um þennan hóp giltu þá engin lög. Í framhaldi af þessari ósk félagsins skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd til að semja frv. til l. um tæknimenntað aðstoðarfólk við lækningar. Var frv. þessa efnis borið fram á Alþ. og staðfest sem lög árið 1971, þ. e. lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971.

Samkv. 2. gr. laganna um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir hafa þeir einir rétt til að starfa hér á landi sem heilbrigðistæknar sem lokið hafa prófi í einhverri grein heilbrigðistækni og hlotið löggildingu heilbrmrh. að loknu bóklegu og verklegu námi. Samkv. 2. gr. laganna setur ráðh. reglugerð með nánari ákvæðum um náms- og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt í þessari starfsgrein.

Í grg. með frv. því, sem síðar varð að lögum nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, kemur m. a. fram, að ekki verði hjá því komist að skapa málum heilbrigðisstétta lagalegan grundvöll til þess að unnt sé að:

1) veita nýjum heilbrigðisstéttum viðurkenningu í formi löggildingar;
2) útiloka vanmenntað fólk frá slíkum ábyrgðarstörfum.

Á grundvelli heimildar í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir setti heilbr.- og trmrn. reglugerð um meinatækna 1973, reglugerð nr. 180/1973, sem tvívegis hefur síðan verið breytt.

Á undanförnum árum hefur það farið mjög í vöxt, að ýmsir hópar svokallaðra heilbrigðisstétta hafa sótt um sérstaka löggildingu, og hefur þá jafnan verið gripið til þess ráðs að setja sérlög um viðkomandi hóp, þrátt fyrir tilvist laga nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Sannast sagna hefur einstökum tæknimenntuðum heilbrigðisstéttum verið heldur illa við að láta flokka sig undir hin almennu lög, þegar um aðrar heilbrigðisstéttir, sem ekki teljast tæknilegar, gilda sérstök lög um hvern starfshóp um sig. Á það skal enn fremur bent, að starfsvið heilbrigðisstétta getur verið mjög mismunandi. Þannig er oft óljóst hvort telja eigi heilbrigðisstétt tæknimenntaða eða ekki.

Lögin um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971, vernda ekki starfsheiti þeirra hópa sem undir þau falla, þar sem í lögunum er aðeins minnst á svokallaða heilbrigðistækna sem samheiti allra þeirra er vinna sem tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Þannig er starfsheitið meinatæknir ekki lögverndað sem slíkt.

Störf meinatækna eru á margan hátt vandasöm og eru því gerðar sérstakar kröfur til menntunar og þjálfunar þeirra aðila sem þau stunda. Störf meinatækna eru einkum fólkin í því að annast sjálfstæð og breytileg rannsóknastörf á sviði sýklafræði, blóðmeina- og meinafræði og lyfjafræði. Það er á verksviði meinatækna að gefa læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum leiðbeiningar um töku, meðferð og geymslu sýna, svo dæmi séu tekin. Við slík störf er mikil þörf á nákvæmni, árvekni og staðgóðri þekkingu á þeim sviðum sem nefnd eru hér að framan. Röng niðurstaða af rannsókn eða ruglingur á sýnum getur skipt sköpum fyrir sjúkling. Sérstaka gætni þarf enn fremur að sýna vegna sýkingarhættu við meðferð sýna.

Þótt hér að framan sé aðeins getið nokkurra atriða, sem að vísu skipta miklu máli, er augljóst að störf meinatækna eru margslungin og ekki á færi nema sérmenntaðs og sérþjálfaðs starfsfólks. Liggur því ljóst fyrir að nauðsynlegt sé að tryggja sem best að störf á þessum vettvangi skili sem bestum árangri landi og lýð til heilla.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að þeir aðilar, sem ekki hafa réttindi við gildistöku laganna, en eru í starfi, sem að einhverju leyti telst eðlilegast að meinatæknar gegni, geti fengið takmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi. Gert er ráð fyrir að ráðh. verði heimilað að fenginni umsögn Meinatæknafélags Íslands að veita slíku fólki umrædd tímabundin eða takmörkuð starfsleyfi, en slíku skal ekki fylgja réttur til að kallast meinatæknir. Ég tel rétt að útiloka ekki fólk, sem vinnur t. d. á sjúkrahúsum víðs vegar á landinu að störfum sem þessum, frá því að fá leyfi til að halda þeim störfum áfram. Enn fremur er nauðsynlegt að halda þeim möguleika opnum að unnt verði að ráða til meinatæknastarfa tímabundið, svo dæmi sé tekið, aðila sem hafa vissa þekkingu og starfsreynslu á þessu sviði í þeim tilvikum sem meinatæknar eru ófáanlegir.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara frekari orðum um einstakar greinar þessa frv., en vísa til aths. við frv. sjálft og einstakar greinar þess.

Herra forseti. Ég leyfi mér hér með að leggja til að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Orkujöfnunargjald, frv. (þskj. 295). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrir páska var lagt fram í Nd. stjfrv. um orkujöfnunargjald. Frv. þetta gerði ráð fyrir að greitt yrði 2% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lögin um söluskatt gera ráð fyrir, og var þó sá munur á þessu gjaldi og almennum söluskatti, að gjaldið skyldi renna óskipt í ríkissjóð. Frv. þetta hefur nú verið afgreitt frá Nd. með þeirri breytingu, að í stað þess að gjaldið sé 2% hefur það nú verið lækkað í 1.5%.

Í fjárlögum ársins 1979 var gert ráð fyrir útgjöldum til greiðslu olíustyrks í þágu þeirra, sem hita hús sín með olíu, sem nemur 900 millj. kr. Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að olíustyrkur til heimila, sem enn kynda hús sín með olíu, muni nema um 4 milljörðum, 4000 millj. kr. Gert er ráð fyrir að olíustyrkur, sem hækkaði verulega á síðari hluta seinasta árs, hækki enn og verði

um 20 þús. kr. að jafnaði, en hækki síðan í hlutfalli við þær breytingar á olíuverði, sem verða kunna á árinu, eða lækki ef því verður að skipta.

Í þessu frv. er fyrst og fremst fjallað um tekjuöflunina, en gert er ráð fyrir að frv. um ráðstöfun þessa fjár verði lagt fram í þinginu innan fárra daga. Þar verður væntanlega gert ráð fyrir að nokkur breyting verði á greiðslu olíustyrks, þannig að þar sem búa fáir í íbúð verði um að ræða hlutfallslega hærri styrk en þar sem eru margir saman í sömu íbúð eða sams konar íbúð, það verði sem sagt tekið meira tillit til fjölskylduaðstæðna en gert hefur verið. En að jafnaði yrði þarna um að ræða 20 þús. kr. styrk á einstakling, þó hann yrði hlutfallslega hærri þegar einn eða tveir eða þrír búa í íbúð en þegar 5, 6 eða 7 búa í íbúð.

Eins og kunnugt er eru það fleiri aðilar, sem njóta olíustyrks og þurfa á olíustyrk að halda, en heimili ein. Er sérstök ástæða til að nefna heimavistarskóla og aðra staði þar sem einstaklingar dvelja í hópum. Með hliðsjón af útgjöldum í þessu sambandi og með tilliti til frekari orkusparandi aðgerða, sem áformaðar eru, hefur ríkisstj. gert ráð fyrir að verja a. m. k. 500 millj. kr. til viðbótar þessum 4000 millj. í tengslum við þá olíukreppu, sem gengið hefur yfir, í því skyni að vinna gegn áhrifum hennar. Það verður sem sagt samtals 4500 millj. varið af þessari tekjuöflun til að vinna gegn áhrifum olíuhækkunarinnar.

Ég held að óhætt sé að fullyrða að allir stjórnmálaflokkar og allir alþm. hafi verið á einu máli um að greiðsla af þessu tagi sé óhjákvæmileg eins og á stendur, þótt að vísu hafi heyrst aðrar raddir annars staðar frá, og má nefna þar samþykkt Verslunarráðs Íslands, þar sem beinlínis er dregið í efa að styrkir af þessu tagi eigi nokkurn rétt á sér. Ég held að óhætt sé að fullyrða að hér á Alþ. hafi verið ríkur og almennur skilningur á því að styrkir af þessu tagi séu óhjákvæmilegir. Því hafa allir stjórnmálaflokkar gengið út frá því sem gefnu að afla þurfi fjár í þessu skyni.

Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um hvernig skynsamlegast og eðlilegast sé að afla fjár til að standa undir stórauknum kostnaði af þessum ástæðum. Er sérstök ástæða til að nefna hér frumkvæði Alþfl. í þessum efnum, því að fyrrv. iðnrh. starfsstjórnar Alþfl., Bragi Sigurjónsson, flutti fyrir hönd Alþfl. frv. sem gerði ráð fyrir tekjuöflun að upphæð 4.5 milljarðar á þessu ári eða um 9 milljarða á ársgrundvelli og átti að verja því fé í nákvæmlega sama tilgangi og hér er áformað. Í frv. Alþfl. var gert ráð fyrir að lagður væri sérstakur orkuskattur á allt selt rafmagn, 1 kr. á hverja kwst. Á hvern rúmmetra hitaveituvatns átti að leggja skatt sem nam frá 15 kr. upp í 30 kr. eftir hitastigi vatnsins. Hærri talan hefði sjálfsagt verið meginreglan, en lægri talan undantekning. Einnig átti að leggja 10 kr. skatt á hvern bensínlítra og 10 kr. skatt á hvern svartolíu- og dísilolíulítra. Ég held að Alþfl. hafi ekki um langt skeið lagt fram jafnviturlegar og vel samdar tillögur og fólust í þessu frv. Og ég held að hann hafi þarna vísað veginn, enda þótt niðurstaðan hafi orðið að önnur leið var valin.

Tekjuöflunin, sem Alþfl. gerði tillögu um, eins og sjá má á þskj. sem merkt er sem 151. mál Ed., yrði framkvæmd með verulegri skattlagningu á hvers konar orkusölu í landinu. Vissulega tel ég persónulega og minn flokkur að sú leið hefði á margan hátt verið eðlileg miðað við allar aðstæður. Því er ekkert að leyna að þessi leið var vandlega rædd meðal samstarfsaðila þessarar ríkisstj. Hins vegar er auðvelt að gagnrýna skatt af slíku tagi. Hann hækkar mjög verulega verð á heitu vatni, og hann leggst með talsverðum þunga á gasolíu, sem mundi hækka verulega útgerðarkostnað fiskiskipa, og einnig á bensínverð, sem þykir því miður nokkuð hátt. Það vantar því ekki að mjög auðvelt er að gagnrýna þá tekjuöflun og benda á að hún hefur margvíslega ókosti í för með sér. Það gildir að sjálfsögðu nákvæmlega sama um þá tekjuöflun sem að lokum varð fyrir valinu, að ná þessu með sérstökum söluskatti, orkujöfnunargjaldi, sem rennur óskipt í ríkissjóð og er sérstaklega tengt þessum útgjöldum ríkissjóðs. Vissulega er illt að þurfa að hækka vöruverð í landinu með þessum hætti, en hér er það nauðsynin sem kallar á. Menn eru ósköp einfaldlega að stinga höfðinu í sandinn ef þeir neita því að afla þurfi tekna í þessu skyni. Alþfl. og forustumenn hans neituðu ekki þessari nauðsyn meðan þeir báru ábyrgðina. Þó að þeir hafi talið sér henta að breyta um afstöðu eftir að þeir fóru úr ríkisstj. breytir það engu um þá afstöðu sem menn taka að sjálfsögðu meira mark á en síðari afstöðu þeirra í þessu máli.

Í grg. frv., þegar það var lagt fram, var gert ráð fyrir að skattur þessi aflaði ríkissjóði tekna á þessu ári sem næmi 7 milljörðum kr., að 2% söluskattur skilaði ríkissjóði tekjum sem næmu 7 milljörðum á þessu ári. Sú upphæð var þannig reiknuð af starfsmönnum fjmrn. og í samráði við forustumenn Þjóðhagsstofnunar, að áætlað var, hvað söluskattur gæfi á ársgrundvelli, og síðan reiknað út, hvað 2% viðbót gæfi á 7 mánuðum og 20 dögum, þ. e. frá 20. maí til ársloka, eða öllu heldur frá 10. apríl til 1. des., vegna þess að tekjur af söluskatti á seinasta mánuði ársins skila sér ekki í ríkissjóð á þessu ári. Þess vegna er reiknað með 7 mánuðum og 20 dögum, en ekki 8 mánuðum og 20 dögum, eins og mönnum kynni kannske að þykja liggja beinast við ef einungis er horft á dagsetningarnar. Útkoman úr þessu reikningsdæmi er og var 7 milljarðar, hvernig sem það er reiknað. Hitt er annað mál, að ef dæmið er reiknað á annan veg og reynt er að áætla hugsanlegar verðhækkanir á þessu ári og rekja sig fram til niðurstöðu um hversu miklu meira skattbyrðin skilar á síðari hluta ársins en á fyrra hluta ársins vegna verðbólgu komast menn að þeirri niðurstöðu að skatturinn skili meiri tekjum en hér var gert ráð fyrir. Þær upplýsingar komu fram við meðferð málsins í fjh.- og viðskn. Þar kom fram, að skatturinn mundi líklega gefa liðlega 8 milljarða ef reiknað væri með nokkurri verðbólguaukningu á þessu ári, eins og er auðvitað raunhæft að gera.

Einhver kynni nú að segja að orkujöfnunargjald sé rangnefni á þetta frv., vegna þess að ekki sé ætlunin að verja nema hluta þess, þó að það sé að vísu rúmlega helmingur þess, til þeirra verkefna sem ég hef hér getið um. En eins og kemur fram í grg. eru full rök fyrir því að gjaldið sé nefnt orkujöfnunargjald, ef tillit er tekið til þess að framlög til Rafmagnsveitna ríkisins og annarra verkefna á sviði orkumála hafa stóraukist á þessu ári í kjölfar orkukreppunnar. Þessi framlög eru framlög til orkuverðsjöfnunar. Framlög til Rafmagnsveitna ríkisins eru t. d. til þess fallin að halda niðri verði á raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins, sem hafa orðið að kynda undir kötlunum með talsvert dýrari olíu á seinasta ári en áður var. Hér er um að ræða upphæðir sem skipta mörgum milljörðum. Með það í huga að ríkissjóður hefur orðið að

taka á sig stærri bagga af þessum sökum en áður var og að breyting til hins verra í orkukostnaði hefur orðið til þess að gera fjárhagsstöðu ríkissjóðs erfiðari en áður var, minnka það svigrúm sem ella hefði verið fyrir hendi hjá ríkissjóði, þótti eðlilegt að kenna þennan skatt allan við orkuverðsjöfnun. Það má sannarlega til sanns vegar færa, þótt ekki sé um að ræða útgjaldaaukningu í svipinn frá því fjárlagafrv., sem lagt var fram fyrir mánuði, nema sem nemur 4.5 milljörðum. Hitt var komið áður á reikning ríkissjóðs og þar er um að ræða upphæðir sem eru talsvert hærri en þeir 6—7 milljarðar sem gert er ráð fyrir að skattur þessi skili. Það varð hins vegar niðurstaðan við meðferð málsins í Nd. og með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem bárust eftir að frv. var lagt fram, að lækka gjaldið úr 2% í 1.5%, og er nú gert ráð fyrir því í nýafgreiddum fjárlögum að gjaldið skili ríkissjóði 6 milljörðum kr.

Eins og hv. þm. vita var það nokkurt átak fyrir hv. Nd. að afgreiða þetta mál og tók dálítinn tíma, þótt ekki sé æskilegt að mál af þessu tagi séu að vefjast mjög lengi fyrir þm. Þegar í óefni var komið miðvikudag fyrir páska var um það samið milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu að fella niður frekari umr. um málið, svo að þm. kæmust á skikkanlegum tíma í páskaleyfi, en taka málið upp að nýju eftir páska og afgreiða málið á miðvikudegi og fimmtudegi eftir páska. Ég verð því að biðja hv. þm. í Ed. þingsins að hafa frekar hraðan á og tryggja afgreiðslu málsins, svo að unnt verði að láta þessa breytingu ganga yfir um helgina. Það þarf óhjákvæmilega nokkurn aðdraganda að því að hægt sé að leggja gjald af þessu tagi á og óhjákvæmilegt að nokkrir klukkutímar lifi enn af skrifstofutíma föstudags, eftir að málið hefur verið afgreitt, til þess yfirleitt að breytingin geti átt sér stað á mánudagsmorgni. Það nægir ekki að samþ. þessi lög í þinginu, heldur þarf einnig að birta þau með formlegum hætti. Þess vegna er bráðnauðsynlegt að málið verði afgreitt í dag — og ef það tekst ekki þá í allra seinasta lagi fyrir klukkan þrjú á morgun. Það væri hugsanlegt að láta athuga málið í dag og að það kæmi þá til atkvgr. við 2. umr. klukkan tvö á morgun og til 3. umr. strax á eftir. Ég vildi gera öllum þdm. grein fyrir þessum tímatakmörkunum, því að það mun koma sér ákaflega illa fyrir þá sem eiga að innheimta þetta gjald ef breytingin tengist ekki helginni. Þess vegna þarf d. að hafa lokið afgreiðslu málsins helst í kvöld, en þó í allra seinasta lagi fyrir klukkan þrjú á morgun. Ég tel að um þetta hafi verið samið milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég minni aðeins á að í Nd. hafa þegar verið gerðar breytingar á frv. sem að því lúta að það taki gildi á mánudagsmorgni.

Ég vil að lokum leyfa mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lauk ræðu sinni með því að minna á að nauðsynlegt væri að afgreiða þetta frv. nokkuð skjótlega. Mér fannst hann bera nokkurn ugg í brjósti um að það væri kannske ekki hægt. En hann sagði að það hefði verið samið um þetta milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu. Ég verð að gefnu tilefni að minna hann á að stjórnarandstaðan stendur alltaf við sína samninga.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri sameiginleg skoðun alþm. að nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir til að létta byrðar þeira sem búa við olíukyndingu í landinu. Ég tek undir það. Ekki hefur verið neinn ágreiningur um það. En einmitt í ljósi þess að svo er er saga þess frv., sem við nú ræðum, harla einkennileg þegar við höfum í huga að þarna er um að ræða mál sem er almenn samstaða um, þ. e. að greiða niður olíu hjá þeim sem nota hana til upphitunar húsa sinna, en það er sagt að sú sé ástæðan fyrir þessu frv. En auðvitað fjallar frv. þetta um annað. Það fjallar um hækkun á söluskatti.

Það hefur verið svo, að frá árinu 1977 hefur olía til upphitunar húsa verið greidd niður af fé sem til þess hefur verið ráðstafað á fjárlögum. Það hefur verið talið svo sjálfsagt að svara þessum mikilvægu þörfum að menn hafa talið eðlilegt að verja fé til þess af almennum skatttekjum ríkissjóðs. Menn hafa ekki á undanförnum árum verið með neinar refjar í þessu efni. Og ef menn meina eitthvað þegar þeir tala um þörfina á niðurgreiðslu olíu hlýtur það að þýða að ekki sé minni ástæða að gera ráð fyrir þessum útgjöldum ríkissjóðs af almennum skatttekjum ríkisins en hinum mörgu öðru útgjöldum. Það var líka þannig, að þegar byrjað var að leggja fram fjárlagafrv. fyrir árið 1980 var í fyrsta fjárlagafrv. gert ráð fyrir fjármagni til niðurgreiðslu á olíu og var gert ráð fyrir að það væri tekið af almennum skatttekjum ríkissjóðs. Í frv., sem núv. hæstv. viðskrh. Tómas Árnason lagði fram, var gert ráð fyrir að það væri varið til niðurgreiðslu á olíu 2.3 milljörðum kr. Það virtist svo sem ætlunin væri að halda áfram þeirri stefnu að verja fé í þessu skyni af almennum skatttekjum ríkissjóðs. Að vísu var það svo að þessi upphæð, 2.3 milljarðar kr., var allt of lág ef halda átti jafnmikilli niðurgreiðslu og niðurgreiðslan er nú og var þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Þegar annað fjárlagafrv. var lagt fram var enn á ný gert ráð fyrir að það yrði varið 2.3 milljörðum kr. til niðurgreiðslu á olíu. En það er sama um þá upphæð að segja og áður, að hún var allt of lítil til að svara þessum þörfum, miðað við að það yrði ekki dregið úr niðurgreiðslunni.

Með tilliti til þessarar forsögu málsins kom það harla spánskt fyrir sjónir þegar núv. hæstv. fjmrh. leggur fram fjárlagafrv. þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum útgjöldum til þessara þarfa. Það sýnir að annaðhvort hefur ekki verið mikið að marka það sem þessi hæstv. ráðh. og stjórnarliðið hafa á undanförnum mánuðum sagt um þýðingu þess að greiða niður olíu til upphitunar húsa eða þá að það eru einhverjar annarlegar ástæður fyrir því, að ekki var gert ráð fyrir fjárframlögum í fjárlagafrv. í þessar þarfir. Og auðvitað er um annarlegar ástæður að ræða. Það verður ekki annað séð en tilgangur þessa hafi verið að draga út úr fjárlögum ríkisins verulega upphæð útgjalda til að lækka fjárlögin og sér í lagi til að geta aflað tekna til að mæta þessum útgjöldum án þess að þær kæmu fram á fjárlögum. Auðvitað er það svo með stjórnarherrana núv. eins og allan almenning í þessu landi, að þeim hlýtur að blöskra skattheimtan þó þeir standi sjálfir fyrir henni. En þeim þykir þægilegra ef þeir geta dreift skattheimtunni og fært hana í ýmsan búning ef með þeim hætti væri ekki eins ljós sú óhæfa sem framferði þeirra allt er.

Nú er það svo, að mikill dráttur hefur orðið hjá stjórnarliðinu á að koma sér niður á með hverjum hætti það ætlaði að snúast gegn þeim vanda sem olíuniðurgreiðslan er. Og það hefur verið vitað, og það var ekki heldur annað ráðið af ummælum hæstv. fjmrh. hér áðan, en að verið hefði verulegur ágreiningur um það efni

innan ríkisstj. Hæstv. ráðh. talaði í þessu sambandi um orkuskatt. Það var næstum því að maður aumkaðist yfir hæstv. fjmrh., því að svo mikill var söknuður hans yfir því að ekki hefði verið farin hin frábæra leið sem Alþfl. hefði bent á, þ. e. farin leið orkuskattsins, og hæstv. fjmrh. vitnaði þá sérstaklega til þess frv. sem þáv. iðnrh., Bragi Sigurjónsson, flutti á Alþ. í haust eða vetur. Hæstv. fjmrh. segir nú að þetta frv. sé eitt það besta eða kannske albesta sem Alþfl. hafi nokkru sinni komið fram með. Og við heyrum þennan boðskap. En ég er ekki viss um að margir fleiri en hæstv. fjmrh. séu hrifnir af þessu — og kannske einhverjir, ef einhverjir eru, í hans flokki sem eru honum sammála um þetta efni. Mig grunar að það sé svo, að jafnvel Alþfl. kæri sig ekki um að fá lögfest frv. sem lagt var fram af ráðh. þeirra fyrr í vetur um orkuskatt. En hæstv. núv. fjmrh. virðist telja að það hefði verið besta leiðin. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvers vegna fór hann ekki bestu leiðina? Hverjir voru á móti því að farin væri þessi besta leið sem hann taldi? Og hver eru rökin af hans hálfu að fara ekki bestu leiðina, því að auðvitað hefur fjmrh. sjálfur haft mest um að segja hvaða leið væri farin? (**StJ:** Vill hv. þm. ekki fara hinn breiða veg og veit hann hvert hann stefnir?) Það er ekkert á móti því að fara hinn breiða veg ef hann stefnir í rétta átt, hv. þm. Stefán Jónsson. Það er það, sem skilur á milli feigs og ófeigs, að fara í rétta átt.

Nú vil ég segja hæstv. fjmrh. það til lofs, að heldur hefur hann sveigt í rétta átt með því að hvika frá hugmyndinni um orkuskattinn og til þess, sem hér er lagt til með frv., að hækka söluskattinn. En ég segi: Heldur sveigt í rétta átt. Það er ekki mikið sagt með því, því að miðað við þær aðstæður, sem eru í þjóðfélaginu, er það ekki góður kostur að fara þá troðnu slóð að hækka söluskattinn. Og mátt hefði ætla að hér væri um svo þýðingarmikið mál að ræða, þar sem er niðurgreiðsla á olíu til upphitunar húsa, að það hefði réttlætt að fara aðra leið en þessa.

Nú segir hæstv. fjmrh., og það er gert ráð fyrir því í grg. með frv., að 4 milljarðar kr. fari til niðurgreiðslu á olíu. Ég sagði áðan, að í tveim fjárlagafrv., fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar og fjárlagafrv. Sighvats Björgvinssonar, hefði verið gert ráð fyrir fjármagni í þessu skyni að upphæð 2.3 milljarðar kr., en ég sagði jafnframt að það hefði verið allt of lítil upphæð. Í grg. fjárlagafrv., sem hæstv. núv. fjmrh. hefur lagt fram, er gerð grein fyrir því hver fjármagnsþörfin er í þessu skyni. Þar er sagt að miðað við óbreyttar styrkveitingar vegna olíukyndingar þurfi á árinu 1980 3.6 milljarða kr. Nú er lagt til að það sé varið 4 milljörðum í þessu skyni. Ég leyfi mér að fullyrða að talan 3.6 milljarðar er síst of há. Ég leyfi mér jafnframt að halda því fram, að miðað við 4 milljarða kr. á þessu ári geti niðurgreiðsla á olíu ekki orðið meira en áþekk því sem hún er og hefur verið. M. ö. o.: Það er í raun og veru ekki gert ráð fyrir neinni breytingu í þessu efni. Eftir allt tal manna um mikilvægi þess að gera átak í þessum efnum, eftir allt tal manna um þá sérstöku erfiðleika sem fólkið víðs vegar um landsbyggðina býr við, það sem býr við upphitun húsa sinna með olíu, eftir lýsingar á raunverulegu neyðarástandi í þessum efnum víðs vegar um land leyfir hæstv. ríkisstj. sér eftir allar vangavelturnar, eftir allan drátttinn í undirbúningi þessa máls, að leggja til að ástandið verði óbreytt. Ég verð að segja: Að óreyndu hvarflaði ekki annað eins að mér. Mér kom aldrei annað í hug en að hæstv. ríkisstj. mundi manna sig upp í það að gera eilítið betur.

En það er ekki nóg með þetta, heldur er það svo, að til þess að láta olíukyndingarfólkið verða þeirrar náðar aðnjótandi að forminu til að búa við það sama og það hefur búið við á undanförnum mánuðum er þessu fólki gert raunverulega að greiða fyrir það í hækkuðum söluskatti. Og miðað við það, sem þessi söluskattur, sem gert er ráð fyrir í frv. því sem við hér ræðum, gefur á ársgrundvelli, mætti ætla að það fólk, sem býr við olíukyndingu, muni greiða um 1.5 milljarð á ári í hækkuðum söluskatti til að verða þeirrar náðar aðnjótandi að fá að forminu til jafnmikla niðurgreiðslu á olíu og hingað til. Og þá er þess látið ógetið, að auk þess þarf sama fólk að greiða um 800 millj. á ársgrundvelli í aðflutningsgjöld fyrir þá olíu sem það notar til upphitunar húsa sinna.

Þetta er ljót saga. Mig grunar að hæstv. fjmrh. og aðrir í hæstv. ríkisstj. finni þetta. Ég kemst ekki hjá því að láta mér koma til hugar að það sé einmitt vegna þessarar sektarkenndar sem í grg. frv. er farið að tala um aðra hluti varðandi orkumál en niðurgreiðslu á olíu. Og þá á ég við það, að í grg. eru því gerðir skórnir að greiða eigi um 500 millj. til orkusparandi ráðstafana. Ekkert segir frekar um hverjar þær orkusparandi aðgerðir eigi að vera og með hverjum hætti eigi í raun og veru að ráðstafa þessu fé. Það orkar að sjálfsögðu ekki tvímælis að nauðsynlegt er að gera orkusparandi ráðstafanir. En það verð ég að segja, að það orkar tvímælis, svo ekki sé meira sagt, að klípa utan úr fjármagni sem eðlilega ætti að fara til að leysa úr bráðustu neyð þeirra sem búa við olíukyndingu. Í raun og veru er það svo, að það þarf, ef á að gera markvert átak í þessu efni, stórar fjárhæðir, einnig þarf að skipuleggja markvissar aðgerðir í því efni og á ekki að tengja það ráðstöfunum til að greiða niður olíu og allra síst í því skyni að klípa utan úr því fjármagni sem réttilega ætti að fara til niðurgreiðslu á olíu.

Það þarf að gera heildaráætlun um þetta. Það vill svo til, að ég og níu samflokksmenn mínir hafa flutt till. til þál. um framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar þar sem gert er ráð fyrir þessum þætti málanna.

Þá er í grg. fyrir frv. því, sem við nú ræðum, enn fremur talað um að gert sé ráð fyrir verulegum framlögum til Rafmagnsveitna ríkisins og til annarra verkefna á sviði orkumála og að þau framlög hafi veikt stöðu ríkissjóðs. Það verð ég að segja, að nokkra óskammfeilni þarf til að tefla fram rökum sem þessum. Hvers vegna er það? Það er vegna þess að hæstv. núv. ríkisstj. hefur staðið að afgreiðslu fjárlaga sem í ýmsum efnum er einsdæmi hvað varðar orkumálin. Í fjárlögum, sem við vorum að samþykkja og afgreiða fyrir nokkrum dögum, er ekki ráðstafað fjármagni til sveitarafvæðingar. Þar er ekki ráðstafað fjármagni til styrkingar dreifikerfa rafmagns í sveitum. Það er ekki ráðstafað fjármagni af fjárlögum til jarðhitaleitar. Það er ekki ráðstafað fjármagni af fjárlögum til hitaveituframkvæmda. Allt þetta, sem ég hef nú nefnt, eru einir þýðingarmestu þættir í orkumálum landsins og sér í lagi með tilliti til þess að leysa olíuna af hólmi sem orkugjafa til húshitunar.

Ef við athugum nánar, hvers eðlis fjárframlögin eru til þeirra þátta orkumála sem ég nefndi, sjáum við hvílík fjarstæða þetta framferði hæstv. ríkisstj. er. Ég vil, til þess að taka af öll tvímæli, láta þess getið að komið hefur fyrir að aðrar ríkisstj. hafi brotið af sér í þessum efnum. En ég held því hiklaust fram: Það hefur engin ríkisstj. hagað sér eins og núv. ríkisstj. vegna þess að alltaf áður

hefur einhver ju fjármagni úr ríkissjóði verið ráðstafað til þessara þátta orkumálanna þar til í ár. (**StJ:** Þessi ríkisstj. er undir forustu Sjálfstfl.) Ég heyri að einmitt þetta kemur við hjartað í hv. þm. Stefáni Jónssyni. En ef hv. þm. Stefán Jónsson finnur svona til, hvað mætti þá segja um mig sjálfan ef ég tryði þeirri fjarstæðu, sem hv. þm. slær hér fram, að ríkisstj. sé undir forustu Sjálfstfl.?

Ég sagði: Það hefur aldrei komið fyrr fyrir að ríkisstj. hafi gjörsamlega þurrkað út öll framlög úr ríkissjóði til þessara þátta orkumálanna. Við skulum athuga þetta nánar. Þetta eru framlög til Orkusjóðs. Orkusjóður á að ráðstafa því sem fer til sveitarafvæðingar til óafturkræfra framlaga. Það eru óafturkræf framlög sem á að ráðstafa til styrkingar rafdreifikerfa í sveitum, og það er að miklum þætti óafturkræft sem ráðstafað er til jarðhitaleitar. En ráðslag og búhyggindi núv. hæstv. ríkisstj. eru þau, að það á að útvega Orkusjóði lán með þeim vaxtakjörum, sem nú eru á hinum almenna markaði, til að afhenda svo peningana sem óafturkræft framlag. Hæstv. fjmrh. var í ræðu sinni áðan að tala um að stinga höfðinu í sandinn. Ég held þetta sé gott dæmi um hvernig menn fara að því.

Ég sagði áðan að frv. það, sem við hér ræðum, væri frv. til laga um hækkun á söluskatti. Þetta er liður í allsherjaraðför hæstv. ríkisstj. gegn skattborgurum landsins. Þetta er liður í þeirri skæðadrífu skattheimtufrumvarpa sem dynja yfir okkur, hvort heldur er fyrir eða eftir páskahelgi. Við vitum öll hvað þessar skattahækkanir þýða. Og sú vinstri stjórn, sem nú situr, á ekki sökina á öllum skattahækkunum sem hafa orðið frá því að giltu þau skattalög sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar bar ábyrgð á og hæstv. núv. forsrh. var ráðh. í. En hækkunin samtals má ætla eins og er að nemi a. m. k. 25 milljörðum í beinum sköttum og öðru eins í óbeinum sköttum. Og nú er hér um að ræða eitt skattafrv. enn.

Ég sagði áðan að það kynni að vera að hæstv. ríkisstj. gerði sér einhverja grein fyrir hvílík óhæfa væri þetta framferði hennar í álögum á fólkið í landinu. En ef það kynni að vera einhver vafi um að hæstv. ríkisstj. gerði sér grein fyrir þessu, þá er enginn vafi á að almenningur í landinu gerir sér grein fyrir þessu og hin margvíslegu hagsmunasamtök. Á Alþ. höfum við verið sérstaklega áminnt um þetta hina síðustu daga, því að það hefur borið svo við að við höfum þurft í ýmsum þingnefndum að leita álits, t. d. aðila vinnumarkaðarins, um þau skattamál sem við höfum verið að ræða. Og það er vitað að einmitt forsvarsmenn aðila vinnumarkaðarins bera mikinn kvíðboga fyrir þessum málum vegna hinna almennu skattahækkana, sem ekki síst koma niður á því fólki sem er innan Alþýðusambands Íslands og BSRB, svo að eitthvað sé nefnt. En jafnframt hefur það komið fram í viðræðum og viðtölum við forsvarsmenn aðila vinnumarkaðarins, að þeir bera þungar áhyggjur út af þróun þessara mála vegna þeirra áhrifa sem hún hlýtur að hafa á framvindu kjaramálanna og þeirra samningaumleitana sem nú fara fram.

Ég vil leyfa mér, til þess að skýra þetta betur fyrir hv. d. og leggja áherslu á þessi sjónarmið, að lesa upp álit sem við höfum fengið í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar varðandi þessi efni. Þannig segir í áliti, sem við fengum frá Alþýðusambandi Íslands 1. apríl, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi viðræðunefndar Alþýðusambands Íslands í dag var fjallað um þær auknu álögur sem boðaðar eru í formi útsvarshækkunar, hækkunar tekjuskatts og söluskatts. Alþýðusambandið minnir á að þetta gerist á sama tíma og kaupmáttur launa minnkar stöðugt. Aðgerðir stjórnvalda nú hljóta að auka dýrtíðina og rýra almenna kaupgetu. Aðgerðirnar eru þannig síst til þess fallnar að greiða fyrir kjarasamningum, og mótmælir viðræðunefndin þeim því harðlega.“

Hér heyrum við boðskap Alþýðusambands Íslands. En ég er með í hendi annan boðskap sem við fengum í fjh.- og viðskn. frá stjórn BSRB. Ég vil leyfa mér að lesa það álit, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn BSRB. mótmælir þeim starfsaðferðum ríkisstj. við undirbúning efnahagsráðstafana að hafa ekki samráð við samtök launafólks um heildarstefnu í þessum málum. Í lögum er gert ráð fyrir samráði við samtök launafólks og slík samráð eru einnig boðuð í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. En engin samráð hafa verið höfð við launþegasamtökin.

Þær nýju stórfelldu álögur á almenningi sem þegar hafa verið samþ. á Alþ. eða fyrirhugaðar eru samkv. stjfrv., þ. á m. um orkujöfnunargjald, eru olía á verðbólgueldinn, sem enn hlýtur að magnast við gengislækkanir sem sífellt eru framkvæmdar.

Því mótmælir stjórn BSRB. eindregið þessum nýju álögum.“

Frá Vinnuveitendasambandi Íslands hafa fjh.- og viðskn. borist athugasemdir vegna frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem liggur fyrir n., og frv. til l. um orkujöfnunargjald, þ. e. frv. það sem við hér ræðum nú. Ég vil leyfa mér að lesa seinni hluta þessa bréfs til að tefja ekki tíma deildarinnar of mikið, en það fjallar einmitt um það frv. sem við hér ræðum. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er varðar frv. til l. um orkujöfnunargjald, sem felur í sér 9% hækkun söluskatts, vill Vinnuveitendasambandið taka fram, að með því er beinlínis verið að magna verðbólguna. Jafnframt mun þessi aðgerð auka kostnað atvinnufyrirtækja og þrengja kost þeirra. Augljóst má vera að sérhvert skref í þá veru getur haft alvarlegar afleiðingar við núverandi aðstæður.

Sérstök ástæða er til þess að brýna fyrir Alþ. að allar þessar skattahækkunarráðstafanir geta valdið miklum erfiðleikum við þá endurnýjun kjarasamninga sem nú stendur fyrir dyrum. Að því hefur verið stefnt, að nýir kjarasamningar leiddu ekki til aukinnar verðbólgu. Skattahækkanirnar ganga því þvert á ríkjandi stefnu í launamálum og eru í algjörri mótsögn við þau markmið sem sett hafa verið í þeim efnum. Verðbólguáhrif þessara ráðstafana gætu af þeim sökum orðið miklu meiri en þegar má sjá fyrir. Í ljósi þessara aðstæðna mótmælir Vinnuveitendasambandið þessum ráðstöfunum harðlega.“

Ég þarf ekki með fleiri orðum að lýsa því hver alvarlegum augum aðilar vinnumarkaðarins líta á framferði núv. hæstv. ríkisstj. í skattamálunum. Og það er ekki ein báran stök hjá núv. hæstv. ríkisstj. í viðskiptum hennar við hagsmunasamtök almennings í landinu. Hæstv. ríkisstj. virðir ekki þessi samtök viðlits, hefur engin samráð, engar viðræður um þau mikilvægu mál, sem skattamálin hljóta alltaf að vera, og um mál, sem svo er kveðið á í lögum að haft skuli samráð við þessa aðila. Hæstv. ríkisstj. er ber að því að virða einskis þessa löggjöf. Þó var þessi löggjöf eitt af því sem ýmsir, sem nú eiga sæti í hæstv. ríkisstj., voru að stæra sig af þegar hún

var sett. En þegar þeir virða svo að vettugi og fyrirlíta landsins lög er kannske ekki að furða þó að þeir leggi lítið upp úr eigin stjórnarsaminingi. Og það get hvorki ég né aðrir láð þeim, því að það gerir raunar enginn.

Hæstv. forseti. Ég hef nú rætt nokkuð tilefni þessa frv., sögu málsins og ýmsa sérstaka þætti sem við hana koma. Þetta hefur verið gert að gefnu tilefni, því að þó frv. sé að formi til ekki annað en hækkun á söluskattinum eru ástæður fyrir því sagðar þær að fjármagnið, sem hækkun söluskattsins gefur, renni til niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa. Það er stórt mál og ég og ýmsir aðrir í öllum flokkum höfum talið fram á síðustu daga að það þyrfti að gera miklu meira í þeim efnum en nú er talað um. Við sjálfstæðismenn lögðum til við afgreiðslu fjárlaga að varið yrði 5 milljörðum kr. til niðurgreiðslu á olíu og ekki lagður á neinn nýr skattur til að mæta þeim útgjöldum, heldur yrðu önnur útgjöld ríkissjóðs skorin niður. Menn sjá hve hlutur þess fólks, sem býr við olíukyndingu, hefði getað orðið betri ef farið hefði verið að ráðum okkar sjálfstæðismanna. Því miður var það ekki gert. Ákveðnir voru aðeins 4 milljarðar á fjárlögum til niðurgreiðslu olíu og jafnframt ákveðið af hálfu ríkisstjórnarflokkanna að lagður yrði á skattur, sem þetta fólk, sem í nauðum er statt, verður að verulegu leyti að standa sjálft undir til þess að því hlotnist þeir 4 milljarðar sem um er rætt.

En þó að við höfum ekki getað fengið lögfest það sem við vildum við afgreiðslu fjárlaga varðandi 5 milljarða til niðurgreiðslu olíu, þá mætti segja að hálfur sigur væri unninn ef við núna felldum þetta frv. Það stæði eftir sem áður að ríkissjóður ætti að greiða 4 milljarða til niðurgreiðslu olíu. Og það verður að gera þá kröfu, jafnvel til slíkrar ríkisstj. sem nú situr, að hún geti fundið leiðir til að spara og skera niður óþörf útgjöld til að mæta þessum þörfum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það var vikið að því áðan nokkrum orðum, og það gerði síðasti ræðumaður, hv. 4. þm. Vestf., með hverjum hætti þetta mál ber að. Það er vissulega með þeim hætti að þetta mál kemur til kasta Alþingis, að um það er ástæða til að fara sérstaklega nokkrum orðum.

Það er þá í fyrsta lagi til þess að vitna, að í lögunum, sem ranglega hafa verið kennd við hæstv. núv. utanrrh. og nefnd Ólafslög, en fjalla um stjórn efnahagsmála, eru skýr og skilmerkileg ákvæði um hvernig skuli háttað samráði við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda, eins og II. kafli laganna raunar heitir. Segir í 3. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Efla skal reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum."

Og í 4. gr. segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Þátttakendur í samráði samkv. 3. gr. skulu vera fulltrúar launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda og opinberra aðila. Samráðsfundi má halda með fulltrúum einstakra samtaka og fulltrúum ríkisstj. og öllum samráðsaðilum í senn."

Hér eru skýr og ótvíræð tilmæli um að samráð skuli haft við þessa tilteknu aðila um aðgerðir sem þessar sem hér eru nú á döfinni með lagasetningu. En það er ekki aðeins að um þetta séu skýr lagaákvæði, sem núv. ríkisstj. hefur tvímælalaust brotið og haft að engu, heldur er það ekki í fyrsta skipti sem slíkt gerist.

Þá segir og í svokölluðum stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens, með leyfi forseta, í kaflanum um kjaramál:

„Á undanförnum árum hafa staðið yfir mikil átök um launamál. Ríkisstj. leggur höfuðáherslu á að leysa þau mál með samstarfi og samráði. Skal í því sambandi lögð áhersla á eftirgreind meginatriði." — Herra forseti. Ég vildi raunar mælast til þess, ef unnt væri, að einhver af ráðh. ríkisstj. gæti verið viðstaddur og hlustað á þessa umr. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. gengur í salinn.) Já, það er svo sem hann hafi heyrt þetta, og er það vissulega vel. (**Fjmrh.:** Ég heyrði það með öðru eyranu.) Er það vissulega til bóta að það skuli a. m. k. einn fulltrúi ríkisstj. hafa nennu til að hlýða á þessar umr., þó nokkuð séu orðnar langar kannske.

En það er ekki aðeins að ákvæði laganna um efnahagsmál um samráð við samtök launafólks hafi verið þverbrotin hér, heldur gengur ríkisstj. líka þvert á eigið plagg, svokallaðan stjórnarsáttmála sem gefinn var út 8. febr. 1980. Þar eru skýr ákvæði um samráð. Nú hefur komið fram í þessum umr., kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf. mjög skýrt og skilmerkilega áðan, að ekkert samráð var haft við samtök launafólks um þessa nýju skattlagningu. Og það er ástæða til hér, ég held að ráðh. hæstv. ríkisstj. heyri það aldrei of oft, að ítreka og minna enn á mótmæli BSRB, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn BSRB mótmælir þeim starfsaðferðum ríkisstj. við undirbúning efnahagsráðstafana að hafa ekki samráð við samtök launafólks um heildarstefnu í þessum málum. Í lögum er gert ráð fyrir samráði við samtök launafólks og slík samráð eru einnig boðuð í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. En engin samráð hafa verið höfð við launþegasamtökin.

Það liggja fyrir umsagnir Alþýðusambands Íslands og BSRB. Ég hefði hins vegar kosið og mun óska þess við meðferð málsins í n. að fengnar verði umsagnir fleiri aðila. T. d. væri ekki ófróðlegt að heyra álit stjórnar Verkamannasambands Íslands á þessu máli. Oft hefur þótt ástæða til að spyrja þá góðu menn álits, og ég held að það sé ekki síður nú en endranær sem ástæða væri til að heyra sjónarmið þeirra.

Af því að ágæt bændastétt á í þessari d. marga góða fulltrúa held ég að það væri ekki heldur fjarri lagi að heyra hvert álit stéttarsamtök bænda hafa á þessu frv. og þessari nýju skattheimtu.

En þó svo að ákvæði laganna um efnahagsmál hafi verið brotin og þó svo að hér sé gengið þvert á það sem stendur í stjórnarsáttmálanum, þá gefur það kannske bara til kynna með hverjum hætti stjórnin lítur á það plagg. Það segir raunar þar á næstu síðu, að stefnt skuli að lækkun útsvars á lægstu tekjum o. s. frv. Þetta er náttúrlega svo sem allir vita. Stjórnin virðist hafa þennan sáttmála sinn að engu og er þá eins gott að fólk viti það og geri sér grein fyrir því.

Um það mál, sem hér er fjallað um, orkujöfnunargjald, eru engar deilur því að draga þarf úr því hróplega misrétti sem ríkt hefur varðandi þann mismun á hitakostnaði sem landsmenn verða að una eftir því hvort þeir kynda hús sín með olíu eða heitu vatni. Um það er ekki deilt. Þann mun á að leiðrétta. Um það hygg ég að allir hv. þm. séu sammála og hæstv. ríkisstj. sjálfsagt líka. Hins vegar er um það deilt, hvernig skuli finna fjármagn til þessara hluta, hvar það skuli taka og hvernig þess skuli aflað. Hitt er hins vegar furðulegt, þegar talað er um mismunandi hitunaraðferðir, að nú skuli svo komið að gjald fyrir

hitun húsa á Reykjavíkursvæðinu er svo hlægilega lágt að þeir, sem það greiða, fyrirverða sig fyrir að segja frá, hvað það kostar að kynda húsin, þegar þeir ræða við þá sem verða að una því að kynda hús sín með olíu. Þessu gjaldi er haldið niðri á sama tíma og olíuverð hækkar stöðugt. Gjaldinu er haldið niðri þannig að Hitaveita Reykjavíkur, sem ætti að öllu jöfnu að geta verið öndvegisfyrirtæki rekstrarlega séð, á nú við stórfellda örðugleika að etja, getur fyrirsjáanlega ekki útvegað vatn til nýbygginga á sínu svæði, — sem er miklu stærra en Reykjavík, það er Hafnarfjörður líka. Á sama tíma og olíuverðið þýtur upp úr öllu valdi og þeir, sem kynda hús sín með olíu, eiga stöðugt við meiri erfiðleika að etja er markvisst af hálfu stjórnvalda haldið niðri gjöldum Hitaveitunnar, þannig að misvægið verður enn þá meira og raunar, ef svo heldur sem horfir, verið að eyðileggja rekstrargrundvöll Hitaveitu Reykjavíkur.

Hæstv. fjmrh. minntist áðan á frumkvæði Alþfl. í þessum efnum. Það er rétt að Alþfl. hafði frumkvæði með því að leggja fram hér tillögur um orkuskatt. Það var á ráðh. að heyra að flokkur hans væri hlynntur þessum tillögum, því að hann fór um þær hinum fegurstu orðum sem ég hef heyrt hann viðhafa um nokkuð það sem frá Alþfl. hefur komið fyrr eða síðar, en hins vegar hefðu þeir orðið undir, væntanlega þá við atkvgr. í ríkisstj. Við þessu er auðvitað ekkert að segja. Ég hygg þó að æ fleiri hafi orðið ljóst, þegar hugmyndirnar um orkuskatt eins og við settum þær fram á sínum tíma eru skoðaðar betur, að það mál þarf nokkru meiri athugunar við. Ég er alls ekki að segja með þessu að sú leið, sem þar er bent á, sé ófær. Hún er það ekki. Ég hygg hins vegar að það þurfi að skoða betur hvaða hugsanlegar hliðarverkanir hún geti haft og hvaða áhrif almennt úti í þjóðfélaginu áður en til hennar er gripið. Ég held að grundvallarhugmyndin, sem þar er sett fram, sé rétt, en vera má og ég er á því að það mál þurfi svolítið nánari athugunar við.

Hér er sem sagt um það að ræða að hækka almennan söluskatt. Um 2% átti það að vera fyrst, en stjórnin heyktist á því áformi sínu þegar sýnt var að hér var ekki aðeins um að ræða að afla fjár til að jafna upphitunarkostnaðarmun, heldur var um almenna skattheimtu að ræða að langmestu leyti. Jú, það var fallist á það til málamiðlunar við þá, sem óánægðastir voru í búðum stjórnarliðsins, að lækka þetta um 0.5%. Að vísu munu flestir þeirrar skoðunar, að vel hefði dugað að hafa þetta 1% og hefði samt náð tilgangi sínum, en að vísu gæfi það fjmrh. ekki umframfé til ráðstöfunar. Í þessu frv. segir að þetta gjald skuli renna óskipt til ríkissjóðs, en ekki er eitt orð um það meir, hvernig því skuli ráðstafað. Að vísu boðaði hæstv. ráðh. áðan að einhvern tíma í óvissri framtíð, jafnvel þó næstu daga, væri væntanlegt frv. sem kvæði nánar á um það. En um það er ekkert ljóst þegar verið er að samþykkja frv. Það segir bara að hækka skuli söluskattinn, hækkunin skal kölluð orkujöfnunargjald og gjaldið renna óskipt til ríkisins, — ekkert meira. Og gildistíminn er ótakmarkaður. Það er heldur glæsilegt fyrir hæstv. forsrh., sem í sjónvarpi og útvarpi lofaði þjóðinni því að skattar skyldu ekki hækka. Hann sagði: Ég get að vísu ekki lofað skattalækkun, en skattar verða ekki hækkaðir. — Og hverjar eru svo efndirnar? Númer eitt: Það á að hækka útsvörin. Númer tvö: Það á að hækka tekjuskattinn. Að vísu á að lækka hann á félögum samkv. hinni nýju stefnu Alþb. Númer þrjú: Það á að hækka söluskattinn. Þetta eru efndirnar. Og þetta er að gera ríkisstj. undir forsæti þess manns sem var kosinn á þing undir því kjörorði að afnema alla skatta sem vinstri stjórnin kom á. Þeim er ekki aðeins haldið, heldur hressilega ofan á þá bætt.

Í því fjárlagafrv., sem þáv. fjmrh., Tómas Árnason, lagði fram s. l. haust, var gert ráð fyrir ákveðinni fjárhæð til jöfnunar hitakostnaðar, 2.3 milljörðum kr. Í því fjárlagafrv., sem Sighvatur Björgvinsson lagði fram sem fjmrh., var einnig gert ráð fyrir sömu upphæð. Í því fjárlagafrv., sem hæstv. núv. fjmrh. lagði fram, var ekki gert ráð fyrir þessari upphæð og þeim fjármunum hafði verið ráðstafað til annars. Það er að vísu nú búið að setja ákvæði inn í frv. um þetta en í frv. eins og ráðh. lagði það fram var ekki orði á það minnst.

Við meðferð fjárlaga í þinginu voru af hálfu Alþfl. fluttar tillögur um hvernig mætti leysa þennan vanda, afla 4 milljarða kr. til að jafna hitakostnað, afla nokkurs fjár til félagslegra aðgerða í húsnæðismálum og afla fjár til að lækka tekjuskatt. Þetta vildum við gera m. a. með því að lækka nokkuð framlög til niðurgreiðslna, útflutningsbóta, ýmissa fjárfestingarlánasjóða. Sérstaklega var það einn sjóður sem kannske flokkast ekki alveg undir það, þó menntun sé auðvitað fjárfesting, Lánasjóður ísl. námsmanna. Við lögðum til að framlög til hans yrðu ekki hækkuð nema um 50% í staðinn fyrir 141%. Allir þm. virðast sammála um að það mál sé löngu komið úr böndum og tímabært að athuga það nánar. — Allar þessar tillögur voru felldar. Í staðinn er gripið til nýrrar skattlagningar.

Það var hægt og er hægt að leysa þennan vanda innan ramma fjárlaganna án þess að til nýrrar skattlagningar komi. Málið er bara það, að ríkisstj. skortir til þess vilja.

Hæstv. ráðh. hefur samkv. fjárlögum heimild til að lækka útgjöld ríkissjóðs. Á 6. gr. fjárlaga er honum veitt sérstök heimild til þess. Hann getur, ef hann vill, notfært sér hana og dregið þar með úr útgjöldum ríkisins. Og hann gæti líka þess vegna dregið úr skattheimtu á almenning. En þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar þessarar hæstv. ríkisstj. er það alls ekki ætlunin. Það er langt frá því.

Herra forseti. Eins og hér hefur fram komið var um það rætt að þetta mál yrði afgreitt héðan úr þessari d. í síðasta lagi á morgun. Að sjálfsögðu verður við það staðið, þó að það virðist koma hæstv. stjórnarliðum raunar svolítið á óvart að stjórnarandstaðan skuli ætla að standa við orð sín. En ég mun, eins og ég sagði áðan, óska eftir því, að þegar þetta mál kemur til meðferðar í n. verði fengnar umsagnir fleiri aðila um efni frv. Ég hygg þó að ef þær umsagnir fáist á þeim tíma, sem nú er til stefnu, muni efni þeirra ekki koma mönnum á óvart, því að ég held að umsagnir manna um það, sem nú er að gerast hjá hæstv. ríkisstj., séu allar á eina lund. Sá meðbyr, sem hún kann að hafa notið fyrstu vikur lífs síns, er nú orðinn mótbyr og það er farið að slá í bakseglin.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætla sannarlega ekki að tefja umræður með löngum ræðuhöldum, en vegna orða, sem féllu hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Eiði Guðnasyni, get ég ekki orða bundist.

Í fyrsta lagi gerði hann mikið veður út af því, að þetta frv. hefði ekki verið sent til umsagnar aðila vinnumarkaðarins áður en það var lagt fram. Þar með taldi hann að lög hefðu verið brotin. Raunar er þetta ekki nýr söngur

hér, að manni skilst, að afhenda eigi fjárlögin eða fjárlagafrv. aðilum vinnumarkaðarins áður en þau eru lögð fyrir þm. og eins sé um öll skattlagningarmál. Raunar er kvartað líka yfir því, að ekki sé fylgt lögum hvað það snertir að lánsfjáráætlun hafi ekki fylgt fjárlagafrv. Þetta eru sem sagt lögbrot á lögbrot ofan, að því er manni skilst, og er þá spurning hverjar eru refsingarnar.

En mig langar til að spyrja hv. þm.: Hvenær gerðist það að fjmrh. starfsstjórnar Alþfl. kynnti fjárlagafrv. sitt fyrir aðilum vinnumarkaðarins. Hvenær gerðist það? Hvaða dag? Og hvaða svör fékk hann? (**EG:** Það verður ráðh. að spyrja hann um.) Ég tel að hv. þm. beri ekkert síður ábyrgð á því en þm. Sighvatur Björgvinsson ef þarna var um lögbrot að ræða, sem ég býst við að hljóti að vera eftir þessum skilningi þm.

Og ég vil spyrja í öðru lagi: Hvenær var samráðsfundur, sem hann telur að lögum samkv. hljóti að hafa átt sér stað, milli hæstv. fyrrv. iðnrh., Braga Sigurjónssonar, og aðila vinnumarkaðarins áður en hann lagði fram sitt orkuskattsmál? Það skyldi þó ekki vera að sá fundur hafi líka farist fyrir og að þar hafi verið um stórkostlegt lögbrot að ræða að áliti þm.

Auðvitað er þetta ekkert annað en hjal út í bláinn. Við vitum að það stendur oft þannig á með undirbúning mála fyrir þingið að ekki er ráðrúm til að leggja mál fyrir fjöldamarga aðila utan þingsins. Það þarf að hraða þingstörfum til að þjóðlífið geti gengið með eðlilegum hætti. Þannig stóð á bæði varðandi framlagningu fjárlaga og varðandi framlagningu þessa máls. Jafnvel þótt vilji hefði verið fyrir hendi var tæknilega útilokað að fara að standa fyrir samráðsfundum um efni þessa máls áður en það var lagt fram. Og ég dreg satt að segja í efa að það sé nokkurt ákvæði í lögum sem beri að skilja á þann veg að ríkisstj. megi ekki bera fram frv. í þinginu án þess að halda fundi um efni þeirra fyrir fram utan þingsins. Ég held að fyrst og fremst verði að skilja þessi ákvæði á þann veg, að eftir að frv. hafa verið lögð fram sé óhjákvæmilegt að efni þeirra sé rætt við viðkomandi samtök og þeim gefinn kostur á að segja álit sitt á þeim. Það var gert í þessu tilviki, sem við erum að ræða um, varðandi orkujöfnunargjaldið. Það komu fulltrúar frá þessum samtökum á fundi fjh.- og viðskn. og fengu tækifæri til að segja álit sitt á þessari skattlagningu. Það hafa þeir gert, eins og hér hefur verið rakið.

Ég tel sem sagt að síbyljusöngur þeirra Alþfl.-manna um að lögbrot hafi verið framin í sambandi við undirbúning þessa máls eða annarra mála hér í þinginu hljóti fyrst og fremst að hitta þá sjálfa. Þessi lög voru í fullu gildi þegar þeir voru í ríkisstj., og mér er ekki kunnugt, og sjálfsagt ekki neinum öðrum, að slíkir samráðsfundir hafi verið haldnir þegar þeir lögðu fram nákvæmlega hliðstæð mál. Það tekur að sjálfsögðu enginn mark á áróðri af þessu tagi.

Ég vil svo fá að leiðrétta það sem kom fram hjá hv. þm. áðan, að við Alþb.-menn hefðum orðið undir í atkvgr. í ríkisstj. um þessi mál. Ég sagði einungis áðan að við Alþb.-menn hefðum verið mjög opnir fyrir því að fara þá leið sem Alþfl. hafði bent á. En það er ekki svo í þessu stjórnarsamstarfi að mál séu afgreidd með atkvgr. í ríkisstj. Það er nokkuð gott samkomulag í þessari stjórn og þar eru mál afgreidd með samkomulagsleiðum, en ekki atkvgr. Það er því fjarstæða að slíkt hafi átt sér stað. Við Alþb.-menn unum eftir atvikum því að þessi leið er farin. Eins og ég rakti áðan er það síður en svo að orkuskattsleiðin sé óumdeild. Á henni eru bersýnilega stórir og miklir gallar og auðvelt að benda á að hún hafi ekki verið mjög heppileg frá ýmsum sjónarmiðum.

Svo vil ég rétt að lokum segja það, að ég tel af og frá að hv. fjh.- og viðskn. d. fari að senda þetta mál til umsagnar. Við erum að tala um að afgreiða málið í kvöld eða í allra seinasta lagi strax og þing kemur saman kl tvö á morgun. Eins og ég upplýsti, þegar þetta mál var rætt milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu, gæti það kannske sloppið að málið væri ekki afgreitt fyrr en kl. hálfþrjú til þrjú á morgun, en það er líka í allra seinasta lagi. Annars verður væntanlega að fresta gildistöku frv. um eina viku í viðbót. Það var um það rætt og frá því gengið, að a. m. k. mundi 2. umr. um málið ljúka í dag, þannig að ekkert væri eftir annað en greiða atkv. og láta síðan 3. umr. fara fram, að sjálfsögðu þá á þeim forsendum að hún stæði ekki lengi yfir frekar en venja er. En ég vil sem sagt undirstrika það hér, að ef ætti að senda málið til umsagnar yrði það auðvitað ekkert annað en tilraun til að skjóta málinu á frest í heila viku eða svo.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég mun reyna að verða ekki til þess að rjúfa heitstrengingar Ed. um að afgreiða málið á umsömdum tíma. Um örfá atriði langaði mig til að leggja orð í belg.

Það fer auðvitað ekki milli mála að hér er um stórmál að ræða þar sem er annars vegar niðurgreiðsla á olíu til húshitunar. Ég hygg að það séu engar ýkjur að víða úti um landsbyggðina hafi menn áhyggjur af því að hinn óbærilegi hitunarkostnaður muni óhjákvæmilega valda verulegri búseturöskun ef ekki verður eitthvað að gert. Það mun í sumum tilfellum kveða svo rammt að þessum þungbæru útgjöldum að meira en helmingur venjulegra daglauna verkamanns fari til að borg hitun hússins og er þá í nokkurt óefni komið.

Ég hlýt að taka undir orð hv. 4. þm. Vestf. um að þessir 4 milljarðar muni því miður ekki hrökkva mjög langt til að létta undir með þessu fólki. Þess ber og að geta og leggja áherslu á að þau 25% landsmanna, sem ekki njóta nú jarðvarma í upphitun, greiða sinn hluta af hinum aukna söluskatti, sem ég hygg muni nema um 1 milljarði af þessum 4. Ég veit að erfitt er að haga olíustyrk þannig að hann komi eins réttlátlega niður og æskilegt er og þá fyrst og fremst með það fólk í huga sem býr við olíuhitun. Ég tek einnig undir að það þyrfti eftir einhverjum leiðum að finna þessum styrk betri farveg en tíðkast hefur hingað til. En út í það skal ég ekki fara nánar.

Það, sem var helsta tilefni þess að ég kvaddi mér hér hljóðs, var atriði sem raunar aðrir ræðumenn hafa minnst á. Það er hið svokallaða samráð við aðila vinnumarkaðarins sem nú upp á síðkastið er orðið eitt af skrautorðum, slagorðum í íslenskri pólitík. Mér fannst að það hljómaði undarlega í eyrum þegar ég hlustaði á sjálfan fjmrh., fulltrúa þess flokks sem hvað hæst hefur hampað þessum hugsjónum um samráð við launþega. Hann telur það hjal út í bláinn þegar fundið er að því að við meðferð þessa máls hafi verið sveigt allmikið frá fyrirheitum og raunar lagafyrirmælum um slíkt samráð.

Hv. 5. þm. Vesturl. vitnaði í svokölluð Ólafslög um ákvæði hér að lútandi, sem eru allafdráttarlaus, um að þetta samráð skuli haft. Það var ekki látið sitja við lögin ein saman. Í anda þeirra og beint á þeim byggð var gefin út reglugerð s. l. haust, sem byggðist á þessu ákvæði í

efnahagslögum Ólafs Jóhannessonar frá aprílmánuði 1979, þar sem kveðið er mjög nákvæmlega á um hvernig samráði skuli hagað. Segir, með leyfi forseta, í 1. gr. reglugerðarinnar:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir reglubundnu samráði og samstarfi við eftirtalin samtök launafólks, bænda og atvinnurekenda um efnahags- og kjaramál með samráðsfundum og gagnkvæmri upplýsingamiðlun."

Síðan eru taldir upp þeir hópar sem eiga skulu aðild að þessari samráðsnefnd. Þar er efst á blaði Alþýðusamband Íslands, síðan Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, BSRB, BHM, Samband ísl. bankamanna, Stéttarsamband bænda, Samband ísl. sveitarfélaga, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Vinnuveitendasamband Íslands. Þetta eru níu aðilar. En síðar í reglugerðinni er kveðið á um hve margir fulltrúar frá hverju skuli skipa samráðsnefndina. Samtals eru það 20 manns.

Ég vil ekki gera lítið úr því að hér liggi góður vilji á bak við. En þessi nefndarskipun ein með 20 manna aðild gefur sannarlega ekki vonir um að slík nefnd næði miklum árangri. Það má líka deila um með hverjum hætti þetta samráð geti tekist í raun, hvað sem sett er í lög og reglugerðir. En það verð ég að segja um rök hæstv. fjmrh. um að samráð hefði verið haft um frv. sem hér liggur frammi um orkujöfnunargjald, að það hefur verið haft á þann hátt að lagafrv. var lagt fram í fjh.- og viðskn. hinn 1. apríl s. l., þegar að sjálfsögðu allar ákvarðanir höfðu verið teknar í málinu og ætlunin var að hespa málið af á einum til tveimur dögum, enda er það orða sannast að þeir fulltrúar launþegasamtakanna, sem hér hefur verið vitnað í, talsmenn BSRB og ASÍ, sem komu þarna báðir, m. a. forseti ASÍ, voru býsna framlágir og býsna hnuggnir á fundi fjh.- og viðskn. Og þótt þeir væru ekki orðmargir var greinilegt að þeim var allmikið niðri fyrir og þótti að lítið væri gert úr efndum stórra loforða.

Ég er ákaflega hlynnt samráði við launþegasamtökin. Ég hugsa þó að við séum öll sammála um að launþegasamtökin í landinu geta aldrei sagt Alþ. og ríkisstj. fyrir verkum, hvað eigi að gera þegar stórar ákvarðanir í efnahags- og almennum peningamálum standa fyrir dyrum á Alþingi. Ég tel samráð mjög mikilvægt og nauðsynlegt í þeim tilgangi að reyna einmitt að halda upplýsingamiðlun í gangi, reyna í samráði og samræðum við þessa aðila að sætta sjónarmið áður en til árekstra kemur í illvígum kjaradeilum, auka skilning forsavarsmanna launþegasamtakanna á ákvörðunum sem Alþ. og ríkisstj. telur nauðsynlegt að gera hverju sinni. En hitt er auðvitað stórhættulegt, ef Alþ., kjörið af hinum almennu kjósendum í landinu, á að hlíta fyrirmælum þessara aðila.

Það var að vonum að hv. 5. þm. Vesturl. fengi sitt frá fyrrv. samstarfsráðh. þeirra kratanna um að lítið hefði farið fyrir þessu samráði í tíð vinstri stjórnar sem Alþfl. átti aðild að. Auðvitað var það alveg sama sagan. Alþfl. hefur síst af miklu að státa í þessum efnum. Það var talað hátt, að ég ekki segi galað hátt, í kosningabaráttunni 1978 um kjarasáttmála sem Alþfl. setti allt sitt traust á. Og þá var líka galað hátt af Alþb.-mönnum, sem sögðu að hornsteinn stjórnarsamstarfs, sem þeir ættu aðild að, yrði einmitt traust samráð við launþegasamtök landsins. Ég held þess vegna að alveg nauðsynlegt sé að stjórnvöld geri heiðarlega grein fyrir því, hvað átt er við með hinu margumtalaða samráði við launþegasamtökin. Hingað til hefur þetta reynst glamur eitt og notað í harðvítugri kosningabaráttu til að smjaðra fyrir hinu vinnandi fólki í landinu og fá það til að bíta á hið pólitíska agn sem þarna þótti tiltækast til að afla hinum svokölluðu verkalýðsflokkum fylgi.

Ég held að það hljóti að koma að því að hinn almenni launþegi í landinu og þjóðin öll láti ekki lengur hafa sig að fíflum í þessu efni. Og það er tími til kominn að ríkisstjórnir á Íslandi hætti að setja slíkt sem þetta í stjórnarsáttmála ef þær eru hugsanlega fyrir fram ákveðnar í að standa ekki við gefin heit, þ. á m. núv. ríkisstj. sem segir í stjórnarsáttmála að leggja eigi höfuðáherslu á þetta títt umtalaða samráð. Ég held að tími sé til kominn að fólk opni augun og fari að hugsa um hver raunverulega er tilgangurinn með slíkum yfirlýsingum. Og þótt ég geri mér grein fyrir því og hæstv. fjmrh. hefði að sumu leyti rétt að mæla þegar hann talaði um að ekki væri hægt að hlaupa með alla skapaða hluti og leggja til umsagnar allra aðila vinnumarkaðarins, þá verður að standa betur að en gert hefur verið.

Ég held að sá trúnaðarbrestur, sem talað er um að orðinn sé á milli almennings og íslenskra stjórnmálamanna, verði ekki minni við þessar aðgerðir núv. ríkisstj., sem hét því í upphafi ferils síns að hækka ekki og þyngja ekki skattabyrðina frá fyrrv. vinstri stjórn, en gengur nú á undan með meiri og þungbærari skattaálögum, en dæmi eru til.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður og ekki fara mjög nákvæmlega út í það mál sem hér er á dagskrá, enda hefur það fengið mikla umfjöllun í hv. Nd. og í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna. Ég vil þó gera nokkur atriði að umtalsefni.

Í fyrsta lagi gerði hæstv. ráðh. grein fyrir því, þegar hann hóf framsögu fyrir þessu máli, hversu mikla fjárhæð gjaldið gæfi í ríkissjóð. Nú skal ég ekki draga í efa að hann fari þar með rétt mál. En það vakti athygli mína að hann gerði einungis ráð fyrir því, þegar hann var að tala um það, eins og rétt er, að tekjur af þessu gjaldi, sem legðust á frá 1. des. til áramóta, rynnu ekki í ríkissjóð á þessu ári og menn yrðu að gera sér grein fyrir því. Á hinn bóginn vil ég vekja athygli á því, að að sjálfsögðu leggst þetta gjald á skattborgarana frá 1. des. til áramóta, og það skiptir talsverðu máli í mínum huga að menn geri sér grein fyrir því, hvaða álögur hér er um að ræða.

Það hefur einnig borið á því í sambandi við annað mál, sem hér hefur verið til umr., svokallaða skattstiga, að menn hafa talað mikið um óvissu í afkomu ríkissjóðs. Aftur á móti hefur lítið verið talað um óvissu skattborgaranna, sem vita ekki enn og vita kannske ekki fyrr en miklu síðar á árinu hversu háa tekjuskatta til ríkissjóðs þeir kunni að greiða á þessu ári. Ég held að menn ættu að gera sér grein fyrir því, að ekki er síður óvissa í þessu efni fyrir skattborgarana og ekki síður ástæða til að hafa áhyggjur af því en óvissunni fyrir ríkissjóð, þó ég telji mig bera talsverða umhyggju fyrir þeim ágæta sjóði sem allir vilja fá greitt úr, en enginn vill borga í. (**StJ:** Það viljum við í Alþb.) Já, það er gott að hv. þm. greiðir glaður skattana sína, eins og sagt var í ágætu blaði á sínum tíma.

Það var annað atriði, sem kom fram í máli hæstv. ráðh., sem ég vil gera nokkrar aths. við. Hann sagði efnislega að þó þetta orkujöfnunargjald gæfi talsvert miklu meira og allt að því tvöfalt meira í tekjur fyrir ríkissjóð en ætlunin væri að greiða niður húshitunar-

kostnað olíu með, þá væri samt sem áður réttnefni að kalla þetta orkujöfnunargjald vegna þess að framlög ríkissjóðs hefðu stóraukist m. a. til Rafmagnsveitna ríkisins og annarra orkumála. Hér hlýtur að vera um einhvern misskilning að ræða hjá hæstv. ráðh. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 1 milljarðs framlagi úr ríkissjóði til Rafmagnsveitna ríkisins, en af þessum milljarði eru 600 millj. kr. lántaka, þannig að af samtímatekjum ríkissjóðs greiðir hann einungis 400 millj. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins á þessu ári. (**RA:** Það er allt óafturkræft framlag.) Já, það er óafturkræft framlag.

Jú, það er nýmæli að ríkissjóður greiði framlag til Rafmagnsveitna ríkisins, það er rétt hjá hæstv. ráðh., en þarna er einungis um 400 millj. kr. að ræða plús lántöku, alls milljarður. Þá vil ég vekja athygli hæstv. ráðh, á því, að á móti þessu vegur að beint framlag ríkissjóðs í Orkusjóð lækkar að raungildi frá því í fyrra um 500 millj. kr. Þessar tölur fæ ég þannig að ég dreg einfaldlega verðjöfnunargjaldið frá því sem ríkissjóður leggur Orkusjóði til, sem er eðlilegt þar sem verðjöfnunargjaldið er sérstakur skattur á skattborgarana, og þá fæst úr því dæmi að beint framlag ríkissjóðs til Orkusjóðs hefur minnkað á milli áranna að raungildi um 500 millj. Eins hefur verið fellt út úr fjárlögum framlag sem var í fyrra og hefur verið í fjárlögum síðan svokölluð olíuprósenta var lögð á. Þar er um að ræða beint framlag úr ríkissjóði til styrkingar dreifikerfa í sveitum sem var í fyrra 220 millj. kr. beint framlag úr ríkissjóði og væri núna, ef raungildi ætti að haldast, 320 millj. kr. Enn fremur er niður fellt beint framlag úr ríkissjóði, sem var hluti af þessari olíuprósentu, til hitaveitulána. Það var 330 millj. kr. í fyrra. Samtals er um að ræða skerðingu á raungildi beinna framlaga úr ríkissjóði um 1300 millj. kr. — Við skulum reikna með því að fullu að Rafmagnsveitur ríkisins fái þá 1 milljarð úr ríkissjóði núna, en þá er með engu móti hægt að réttlæta að orkujöfnunargjaldið sé réttnefni með því að vísa til þess, eins og hæstv. ráðh. sagði, að framlög til Rafmagnsveitna ríkisins úr ríkissjóði hafi stóraukist og þess vegna sé hægt að kalla þetta orkujöfnunargjald og það sé réttnefni þrátt fyrir að ekki nema rétt um helmingur af orkujöfnunargjaldinu renni til niðurgreiðslu á olíu.

Ég held að það þurfi ekkert að deila um að hér er um að ræða almenna fjáröflun til ríkissjóðs öðrum þræði. Og ég get verið hæstv. ráðh. alveg sammála um það, eins og frá fjárlögum hefði verið gengið að öðrum kosti, að ekki er vanþörf á að afla fjár til ríkissjóðs miðað við það sem hugmyndin er að spenna ríkisútgjöldin út. Ekki var vanþörf á að fjárlög væru í betra jafnvægi en í stefndi áður en þetta gjald var lagt á og það tekið inn í fjárlög. En ég er hæstv. ráðh. mjög ósammála um að það sé fær leið — og ég man ekki betur að hann sjálfur minnti á þetta æðioft áður og aðrir Alþb.-menn — að bjarga fjárhag ríkissjóðs sí og æ með nýjum og nýjum sköttum, og alveg sérstaklega ekki þegar svo er ástatt að það er árlegur viðburður að söluskattur sé hækkaður um allverulegar fjárhæðir, eins og t. d. var gert í fyrra, en sú söluskattshækkun gefur ríkissjóði á þessu ári 10 milljarða kr. Svo kemur önnur söluskattshækkun í ár sem gefur aðeins lægri upphæð. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvað ætlar hann að gera á næsta ári ef fjárþörfin vex? Ætlar hann að leggja á nýjan söluskatt á næsta ári til að bjarga ríkissjóði? Ég er ósammála hæstv. ráðh. um að þetta sé fær leið. Fara verður aðrar leiðir að því að finna svigrúm til nýrra útgjalda eða aukinna útgjalda ríkissjóðs, sem alltaf eru til og verða í þjóðfélagi sem er í mótun og framför. Það verður að finna aðrar leiðir en auka sífellt og þyngja skatta á öllum sviðum.

Ég er búinn að tala mikið og lengi um skatta hæstv. núv. ríkisstj. og fyrrv. á þessu þingi og skal nú láta því lokið að sinni.

Þá er það eitt atriði frv., sem ég vil gera að umtalsefni, og það er hvaða áhrif það hefur á verðbólgu í landinu.

Nýleg athugun Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar á því, hvað framfærslukostnaður muni aukast 3 mánuði, frá febr. til maí, bendir til þess að almennar hækkanir á framfærsluvísitölu verði um 11.8% eða við getum sagt 12%. En þessi skattlagning hækkar vísitöluna um 0.7% og inn í þessa tölu, sem ég nefndi áðan, er ekki komin gjaldskrárhækkun hjá fyrirtækjum eins og Hitaveitu, Rafmagnsveitu og Strætisvögnum Reykjavíkur. Gera má ráð fyrir að hækkun framfærsluvísitölu á þessu tímabili, frá febr. til maí, verði a. m. k. 13—14% í samanburði við það sem hún var síðustu 3 mánuði á undan, sem var 9.1%. Það má kannske segja að þessi 0.7% séu ekki stór keppur í sláturtíðinni, en það sýnir hvaða áhrif ráðstafanir sem þessar hafa og hvert hæstv. ríkisstj. stefnir á þessum sviðum. Ég fullyrði að þrátt fyrir hina nýju skattlagningu standi ríkissjóður það tæpt að gera megi ráð fyrir að ríkisfjármálin á þessu ári verki svipað á verðbólguna og áður, það verði sama seðlaprentunin og áður. Lánsfjáráætlun stefnir í glórulausa vitleysu í lántökum, sérstaklega erlendum lántökum. Það liggur þegar fyrir að ríkissjóður sjálfur ætlar að fjórfalda erlendar lántökur á þessu ári. Þessu til viðbótar bólar ekkert á því, að sparifjáreigendur geti átt von á að sparifé þeirra brenni ekki upp í verðbólgunni. Sparnaður mun því sennilega ekki vaxa mikið á næstunni. En allt eru þetta grundvallaratriði í því að ráð niðurlögum verðbólgunnar. Þetta frv. er sem sagt einn þátturinn í þeirri endileysu, sem ég hef kallað stefnu núv. hæstv. ríkisstj. í verðbólgumálum. Satt að segja finnst mér að þegar menn reiða sig á það í öðru orðinu, að með stjórnvaldsákvörðunum eða lagaboði sé hægt að telja niður kaupgjald og verðlag í landinu, sé um nánast hlægilega stefnu að ræða.

Ég geri ráð fyrir að það hafi ekki mikið upp á sig að benda hæstv. ríkisstj. á þetta. Ég tel engu síður skyldu mína að minna á að menn eru að fara út í fyrirsjáanlega ófæru og að stefna ríkisstj. í verðlagsmálum og efnahagsmálum er í rauninni sprungin. Þetta frv., sem hér er til umr., er aðeins einn liðurinn í því að kollvarpa þeirri stefnu í verðlagsmálum þegar á fyrstu starfsvikum núv. hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 62. fundur.

Fimmtudaginn 10. apríl, kl. 5.20 síðdegis.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 254, n. 297 og 298). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 frá 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa. Sem kunnugt er er frv. þetta flutt til að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs frá 1. mars 1980 og felur í sér lækkun olíugjalds til fiskiskipa utan skipta úr 5% í 2.5%. Í frétt frá Verðlagsráði sjávarútvegsins, þar sem greint er frá ákvörðun nýs fiskverðs, segir svo, með leyfi forseta:

„Það er forsenda þessarar ákvörðunar að lögunum nr. 3/1980 um tímabundið olíugjald til fiskiskipa verði breytt þannig að olíugjaldið lækki úr 5% í 2.5% af skiptaverði frá og með 1. mars 1980. Ríkisstj. hefur lýst því yfir að frv. þess efnis verði lagt fram á Alþingi.

Þegar tillit hefur verið tekið til þessarar væntanlegu lagabreytingar má lýsa niðurstöðu fiskverðsmálsins að þessu sinni í meginatriðum á eftirfarandi hátt:

1) Skiptaverð til sjómanna hækkar um 4%.
2) Hlutur útgerðar í fiskverði hækkar um 0.6%.
3) Hráefniskostnaður fiskvinnslunnar hækkar um 1.7%."

Eins og ég gat um í upphafi hefur n. athugað frv. og átt sameiginlegan fund með sjútvn. Nd. þar sem mættir voru Jón Sigurðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar og Ingólfur Ingólfsson fulltrúi sjómanna í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Nefndin varð ekki sammála í afstöðu sinni til málsins og klofnaði, en undirritaðir nm. leggja til að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 254. Undir þetta rita: Stefán Guðmundsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur Bjarnason og Eiður Guðnason með fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Norðurl. e. klofnaði sjútvn. í áliti sínu um mál þetta. Treystir minni hl. n. sér ekki, miðað við þær aðstæður sem nú eru í íslenskum sjávarútvegi, til að standa að samþykkt þessa frv. og leggur til að það verði fellt.

Eins og fram hefur komið eru mjög miklir erfiðleikar í íslenskum sjávarútvegi. Bæði fulltrúi sjómanna og reyndar annar fulltrúi fiskkaupenda í yfirnefnd Verðlagsráðsins sátu hjá við þessa afgreiðslu yfirnefndarinnar, fyrst og fremst vegna þess að með þeirri fiskverðsákvörðun, sem nú er tekin, og þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, hefur hvorki vandi fiskveiða né vinnslu verið leystur. Fiskvinnslan átti í mjög miklum erfiðleikum og hefur átt í misjafnlega miklum erfiðleikum á undanförnum árum og sannarlega er hlutur hennar ekki betri nú en áður var. En það má segja að nú sé sú breyting orðin á, að erfiðleikarnir eru um land allt í stað þess að áður fyrr voru þeir staðbundnir og bundnir fremur við Suður- og Vesturland. Nú er orðið jafnerfitt að gera út hvar sem er á landinu.

Það kom fram í máli sjútvrh. í gær að framlegð í fiskvinnslu þyrfti að vera um 20%. Ég held að miðað við þær breytingar, sem nú eru orðnar í vaxtamálum, megi framlegð alls ekki vera minni en 22 — 23% í fiskvinnslunni. Þessar ráðstafanir, sem reyndar var lofað að gerðar yrðu, eru hvergi nærri nógar. Ég tel að miðað við þær aðstæður, sem nú eru, hefði verið full ástæða til, enda gátu útgerðarmenn vænst þess, að olíugjaldið héldist út þetta ár. Það var ástæða til að hvetja fremur útgerðina en letja og þess vegna hefði olíugjald átt að vera óbreytt.

Minni hl. n. leggur til að frv. verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
2. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Orkujöfnunargjald, frv. (þskj. 295, n. 300, 301 og 302). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. N. hefur fjallað um þetta mál og vil ég þakka meðnm. mínum fyrir snör handtök og góðan samvinnuvilja við afgreiðslu málsins milli funda í dag.

Eins og fram hefur komið í umr. er þetta frv. flutt af ríkisstj. Af hálfu fjmrh. og í öðrum umr. í þinginu hafa komið fram þær meginröksemdir sem liggja að baki þessu frv. Sé ég ekki ástæðu til að tíunda þær hér, en við stuðningsmenn ríkisstj. sem myndum 1. minni hl. fjh.- og viðskn., leggjum eindregið til að frv. verði samþykkt.

Frsm. 2. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það varð ekki samkomulag um þetta mál í hv. fjh.- og viðskn. Við í 2. minni hl. fjh.- og viðskn. lítum á þetta frv. sem skattheimtufrv. og í þetta sinn er um að ræða hækkun á söluskatti. Við erum þess vegna andvíg frv. og leggjum til að það verði fellt.

Við vekjum enn athygli á því, að frv. þetta er flutt undir því yfirskini að útvega fjármagn til að standa undir niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa. Við erum þeirrar skoðunar, að jöfnun upphitunarkostnaðar og niðurgreiðsla á olíu í því skyni sé svo stórt og sjálfsagt mál að ekki komi annað til álita en veitt sé fjármagn til þess af almennum skatttekjum ríkissjóðs, eins og verið hefur á undanförnum árum. Við lítum svo á, að með því að fara þá leið, sem hæstv. ríkisstj. gerir í þessu máli, sé hún að finna tækifæri og tilefni til að stofna til aukinnar skattheimtu, og teljum ekki á bætandi í því efni. Við minnum á að Sjálfstfl. lagði til við afgreiðslu fjárl. að veittir yrðu á árinu 1980 5 milljarðar til niðurgreiðslu olíu og það yrði gert án þess að auka skattheimtu ríkissjóðs. Við erum enn á sömu skoðun, að það sé hin eðlilega leið.

Nú er ákveðið í fjárlögum þeim sem nú hafa verið samþ. fyrir þetta ár að einungis sé varið 4 milljörðum til niðurgreiðslu olíu. Það fylgir þó böggull skammrifi. Ef ríkisstj. fær vilja sínum framgengt er gert ráð fyrir að það fólk, sem býr við vanda olíukostnaðarins, þurfi, ef svo mætti að orði komast, að greiða fyrir þá aðstoð sem felst í þessum 4 milljörðum. Það á að skattleggja þetta fólk til að standa undir fjárútlátum ríkissjóðs því sama fólki til aðstoðar. Við teljum að farið sé rangt að. Í raun og veru sé það svo, að bæði upphæð olíustyrksins, 4 milljarðar eins og ákveðið er í fjárlögunum sem nú hafa verið samþykkt, og fyrirætlanir um skattheimtu þá, sem frv. þetta fjallar um, þýði að olíukyndingarfólkið, sem menn hafa svo mjög rætt um á undanförnum vikum og mánuðum varðandi aðstoð til þess að fá aukna aðstoð frá því sem verið hefur, standi ekki einu sinni jafnfætis því sem það stóð eða hefur

staðið, heldur verði hlutur þess enn lakari en hann hefur verið.

Frsm. 3. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, að fjh.- og viðskn. hefur haft heldur nauman tíma til að fjalla um þetta mál.

Ég hafði óskað eftir því í dag að fengnar yrðu umsagnir um þetta frv., efni þess og tilgang, frá fleiri aðilum en gert hefur verið til þessa. M. a. hygg ég að ekki hefði verið ófróðlegt að heyra hvað Verkamannasamband Íslands hefði haft um málið að segja svo og Stéttarsamband bænda. Skemmst er frá því að segja að til þessa vannst ekki tími. Lofað hafði verið að afgreiða þetta mál með tilteknum hætti á tilteknum tíma og við það verður auðvitað staðið.

Ég hygg að flestir muni hafa nokkurn grun um hvers eðlis umsagnir aðilanna tveggja hefðu orðið, hefðu þær náð hingað. Þetta frv. gerir sem sagt ráð fyrir að söluskattur hækki um 1.5%. Þá er söluskattur hér orðinn með því alhæsta sem nokkurs staðar þekkist, eftir því sem mér er kunnugt um. Flest lönd hafa raunar tekið upp virðisaukaskatt í stað söluskatts. Söluskattur er þó enn í Finnlandi í sömu mynd og hér og er þar 16.28%. Sé litið til annarra landa hér í kring er virðisaukaskattur alls staðar lægri, og hníga sterk rök að því, að því hærri sem þessi skattur er þeim mun lakar muni hann innheimtast.

Það hefur oft verið haft á orði á Alþ. að ekki muni allur sá söluskattur, sem á er lagður, komast til skila rétta boðleið til ríkisins. Ég held að sá hluti, sem eftir verður, muni ekki minnka við þessa breytingu, síður en svo.

Það hefði verið ástæða til samhliða þessu að herða eftirlit með innheimtu söluskattsins. En það er eins og annað, að það virðist ekki sérstakur áhugi á því hjá þeirri ríkisstj. sem nú situr. Um skattaeftirlit eru þrjú orð í stjórnarsáttmálanum. Þau eru, með leyfi forseta: „Skattaeftirlit verði hert", annað ekki. (**StJ:** Er það ekki aðalatriðið?) Það væri kannske ekki úr vegi að eitthvað meira væri sagt, en auðvitað er rétt hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni að aðalatriðið er að skattaeftirlitið verði hert. En þegar hvorki eru hafðir uppi tilburðir til þess að gera það né neitt annað í þessu sambandi fer auðvitað svo, eins og með fleira sem stendur í þessari ágætu bók, að gildi hennar verður, held ég, minna eftir því sem menn lesa hana oftar og eftir því sem tíminn líður. (**StJ:** Stjórnin hefur aðeins setið tvo mánuði.) Ég held að þetta verði æ marklausara plagg og það muni sannast þegar lengra líður og litið verður til baka.

Hluta þess, sem söluskattshækkunin á að skila, á að verja til að jafna upphitunarkostnað. Svo sem margsinnis hefur komið fram er ekki um það deilt hér, heldur hvernig þessa fjár skuli aflað. Við afgreiðslu fjárlaga var á það bent af hálfu Alþfl. og fluttar um það till. að fjár til olíustyrkja mætti afla innan ramma fjárlaganna með því að skera niður útgjöld, án þess að kæmi til nýrrar skattlagningar. Hin ágæta ríkisstj., sem nú situr, valdi hins vegar skattlagningarleiðina þrátt fyrir fyrri loforð og yfirlýsingar. Till. Alþfl. um að afla þessa fjár með öðrum hætti voru allar felldar. Um það sáu stuðningsmenn ríkisstj.

Alþfl. er andvígur þessu frv., eins og það er, og telur að innan ramma fjárlaga sé hægt að afla þess fjár sem hér skortir. Það á ekki að notfæra sér neyðarástand þeirra, sem eru svo illa í sveit settir að þurfa að hita upp hús sín með olíu, og hafa það að yfirvarpi fyrir stóraukinni skattheimtu. Alþfl. leggur til að frv. verði fellt, en fjár til jöfnunar kyndikostnaðar verði aflað innan ramma fjárlaganna, enda sýnist skattheimta ríkisstj. yfirleitt stefna í þann farveg að slíkt ætti að vera næsta auðvelt. Og það hlýtur í raun að vera hlálegt og það hlýtur að vera erfitt hlutskipti fyrir hæstv. núv. forsrh., sem var kosinn til setu á Alþ. undir kjörorðinu að nú skyldi afnema alla skatta vinstri stjórnarinnar, að sitja nú í hinum virðulega stól ráðherrans og beita sér fyrir hverri skattbylgjunni á fætur annarri sem nú brotnar á þegnum þjóðfélagsins. Það er sannarlega ekki öfundsvert hlutskipti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 11:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 63. fundur.

Fimmtudaginn 10. apríl, að loknum 62. fundi.

Orkujöfnunargjald, frv. (þskj. 295). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. 3. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Í 3. gr. þessa lagafrv. er gert ráð fyrir að þessi lög öðlist gildi frá og með 14. apríl 1980 og gildi ótímabundið. Ég held að slíkt sé óeðlilegt um gjald af þessu tagi. Ég held að rétt sé að því sé ætlaður markaður gildistími. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að flytja svo hljóðandi brtt.:

„Við 3. gr. bætist: Lögin falla úr gildi frá og með 1. janúar 1981."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 303) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 303 felld með 11:5 atkv.

Frv. samþ. með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvJ, DA, GeirG, GB, GTh, JH, ÓRG, SigrM, StefG, StJ, GGísl.

nei: EB, SigurlB, GK, LJ, SalÞ, ÞK.

3. þm. (EgJ, KSG, KJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er um réttlætis- og sanngirnismál að ræða, en sú fjáröflunarleið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er að mínu mati röng og óæskileg, hægt er að afla fjárins með öðrum hætti, og því segi ég nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 304).

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 254). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 305).

Neðri deild, 59. fundur.

Fimmtudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 167, n. 251, 182, 256, 292). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er frv. til l., 109. mál, sem flutt var af þeim hv. þm. Alexander Stefánssyni og Þórarni Sigurjónssyni. Menn komu að máli við okkur nm. skömmu fyrir páska og létu í ljós miklar áhyggjur yfir að frv. hafði ekki náð fram að ganga, en ekki hefur verið hægt að afgreiða mál öryrkja að undanförnu vegna þess að beðið hefur verið eftir því, hvort þarna yrði um hækkun að ræða. Þetta mál var svo afgreitt úr n. skömmu fyrir páska til að reyna að greiða fyrir því að það mætti ná fram að ganga þá.

Satt að segja hafði n. ekki mikinn tíma til að athuga þetta mál að öðru leyti en því, sem fram kemur í frv., að hækka beri þessar upphæðir. Önnur skoðun á lögum um þessi mál fór ekki fram í n., þótt ég geri mér grein fyrir því, að það hefði verið full ástæða til þess. Það var sem sagt fyrst og fremst vilji n. að greiða fyrir því, að þessi hækkun næði sem fyrst fram að ganga þannig að hægt væri að afgreiða málefni öryrkja. Að vísu lá fyrir brtt. á þskj. 182 frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna Gunnarssyni um að heimild væri til að hækka þessar upphæðir með tilliti til verðlagsþróunar á hverjum tíma. Ég geri mér fulla grein fyrir að nauðsynlegt er að þessar upphæðir fylgi verðlagsþróun. En það er út af fyrir sig spurning sem menn verða að svara: Er ástæða til að setja slík sjálfvirk ákvæði í miklum mæli inn í okkar löggjöf? Eg held að mjög orki tvímælis að allar ákvarðanir séu meira og minna bundnar verðlagi. Hitt er svo annað mál, að slíkt verður að gera í tilfellum sem þessum. En það er einnig hægt að gera með breytingum með nokkru millibili, jafnvel þótt menn séu sammála um að þessar upphæðir skuli hækka. N. sem slík gerir því ekki tillögu um að slík breyting verði á. Ég vísa þá til þess, að n. fór ekki í að athuga þessa löggjöf að öðru leyti.

Ég sé að það er einnig komin brtt. frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um að ekki megi selja bifreiðar fyrr en að fjórum árum liðnum frá kaupdegi og í öðrum tilfellum að þremur árum liðnum frá kaupdegi. Þetta eru atriði sem n. hefur ekki fjallað um. Ef menn vildu gera slíkar breytingar og ýmsar aðrar á þessari löggjöf við þá umfjöllun, sem nú fer fram, sé ég ekki annað en að n. þurfi að taka málið fyrir að nýju milli 2. og 3. umr. Ég er a. m. k. ekki tilbúinn til að tjá mig um brtt. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur fyrr en við höfum fengið tækifæri til að athuga hana. Það er sjálfsagt ýmislegt fleira sem þyrfti að breyta í þessari löggjöf.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjalla um þetta mál hér. N. mælir sem sagt með því að frv. verði samþ. Hv. þm. Karvel Pálmason undirritar nál. með fyrirvara, en fjarverandi afgreiðslu málsins voru þeir hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Hermannsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Guðrún Helgadóttir: Forseti. Mér er ljóst að brtt. mín er kannske óþægilega seint fram komin, en þingstörf hafa verið með þeim hætti að það hefur verið erfitt að gefa sér tíma til að kanna slíkt mál.

Brtt. þarf ekki langa skýringu. Hér er einungis um það að ræða að festa í lög það ákvæði, sem verið hefur, að þessa bíla megi ekki selja fyrr en að liðnum ákveðnum tíma. Það hefur verið ákvörðun ráðh. hverju sinni. Það hafa verið reglur í rn. um langt skeið — mér er óhætt að segja um árabil — að ekki megi selja birfreiðarnar fyrr en að fjórum eða fimm árum liðnum, þ. e. bifreiðar þeirra, sem lægri greiðsluna fá, eftir fimm ár, en hinna, sem hafa fengið hærri niðurfellinguna, eftir fjögur ár. Hér er því einungis um að ræða að sá tími styttist hjá báðum hópunum um eitt ár.

Þegar þetta frv. kom fram tók ég til máls og beindi þeirri áskorun til ráðh. að breyta tímatakmörkunum í þessa veru. Ég er ekki þar með að segja að hann hefði ekki gert það, en ég held að tryggara sé að þetta sé hreinlega bundið í lögunum sjálfum.

Ég held að það þurfi varla skýringu af hverju farið er fram á að þessi tími styttist. Það er auðvitað ljóst að fyrir mjög fatlaðan mann er erfitt að reka fimma ára gamlan bíl. Þetta er gamalt baráttumál öryrkja. Bæði hafa bílarnir komist í mjög lítið verð, þegar þeir loksins geta selt þá, — og eins hafa bílarnir verið farnir að bila mjög mikið áður en þeir gátu skipt um. Ég held þess vegna að þetta sé mál sem allir geti verið sammála um. Hv. þingheimur hefur þegar í umr. í vetur lýst áhuga sínum á að leysa mál öryrkja á myndarlegan hátt og hér er einungis um að ræða að sýna lit á því.

Þegar ég var að kanna hvernig ég ætti að orða brtt. tók ég eftir einu sem ég vil leyfa mér að vekja á athygli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Mér sýnist að brtt. hennar, sem ég vil endilega styðja, miðist einungis við 2. mgr. 1. gr. Ég fæ ekki séð af hverju hún ætti ekki að miðast við 3. mgr. líka. Þetta er kannske ritstjórnaratriði sem væri hægt að laga, en mig langar til að biðja hv. þm. að athuga hvort hugsun hennar sé ekki að báðir flokkarnir fylgi verðlagsþróun. Skrifstofustjóri hv. Alþingis taldi að þetta mál væri kannske hægt að laga ritstjórnarlega, en ég held að það væri öruggara jafnvel að breyta þessu hér. Ég vil hins vegar leggja á það mikla áherslu, að hv. þdm styðji brtt. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég held að með því að hækkun á þessum greiðslum sé ævinlega háð ákvörðunum ráðh. sé á engan hátt tryggt að hagsmunum öryrkja sé borgið í þessum efnum. Ég fæ ekki séð að það væri neitt óeðlilegt að binda þetta jafnframt í lagagreinina.

Ég vil að lokum leggja á það áherslu að þessi dráttur á málinu í hv. þingi hefur valdið öryrkjum miklum vanda. Síðasta úthlutun á bifreiðum fór fram um miðjan febr. Bílasölurnar eru komnar með þessa bíla, en þeir hafa ekki verið afgreiddir vegna þess að beðið er eftir af-

greiðslu hv. Alþingis. Ég vil þess vegna fara þess á leit að afgreiðslu þessa máls verði hraðað sem mest má vera. Margir öryrkjar bíða eftir að málið nái fram að ganga.

Að lokum skora ég á hv. þdm. að veita liðsinni brtt. minni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. og formanni fjh.- og viðskn. gafst æðilítill tími til skoðunar á þessu máli eins og mörgum fleiri sem verið hafa til umræðu eða umfjöllunar í þinginu á undanförnum vikum. Það kom líka greinilega fram hjá síðasta hv. ræðumanni, Guðrúnu Helgadóttur, að m. a. s. stjórnarsinnunum sjálfum er farið að þykja nóg um hversu erfitt er að fylgjast með öllu því sem ætlast er til að menn afgreiði hér svo að segja án þess að sjá það.

Ég skal ekki ræða frekar um það. En eins og kom fram hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni var hér flutt brtt. af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna Gunnarssyni. Því miður var það nú svo, að sú brtt. kom aldrei til umfjöllunar í n., en það eru mistök. Ég vil ekki ásaka formann með þessum orðum. Þau mistök stöfuðu að sjálfsögðu af því hinu sama og hv. þm. Guðrún Helgadóttir nefndi áðan, að menn höfðu bókstaflega ekki tíma til að átta sig á hlutum sem var verið að gera. Ég vænti þess að brtt. valdi ekki neinum deilum í þinginu.

En út af því, sem Guðrún Helgadóttir sagði áðan, þá er meiningin með þessari brtt. að við 1. gr. bætist. Það stendur þarna: „Við 2. mgr. 1. gr. bætist", en á að vera: Við 1. gr. frv. bætist. Ef forseti óskar sérstakrar brtt. sem lagfæri textann verður að sjálfsögðu orðið við því. En meiningin með brtt. er sem sagt að við 1. gr. bætist.

Við þessa brtt. hef ég flutt brtt. á þskj. 256. Í till. þeirra Jóhönnu og Árna segir: „Heimild er að hækka þessa undanþágu árlega með tilliti til verðlagsþróunar á hverjum tíma." — Mín brtt. er um að í stað „verðlagsþróunar", sem þarna er nefnd, komi: þróunar framfærsluvísitölu. Þannig sé það ákveðið sem við er miðað og þá alveg á hreinu að þessar breytingar eigi að fylgjast að eftir því hver þróun framfærsluvísitölu er.

Það er út af fyrir sig rétt sem fram kom hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, að það er spurning í hve miklum mæli eigi að binda í löggjöf að allt hafi sjálfvirkar verkanir. Ég held þó að í þessu tilfelli geti menn verið sammála um að málið sé svo sjálfsagt að ekki eigi að þurfa, ef það á að breyta til hækkunar, í hvert skipti sex umr. á Alþ. til að fá slíka breytingu fram. Þó er ég ekki með þessum orðum að segja að ég sé því samþykkur að tekið verði alfarið upp að hafa viðmiðanir sem þessar sjálfkrafa í öllu kerfinu. En þetta mál tel ég að sé þess eðlis að réttlætanlegt sé að þarna gerist slíkt með þessum hætti og ekki þurfi að eyða í það tíma, kannske löngum, eða bíða eftir því að svona leiðrétting fáist með sex umr. í báðum deildum.

Ég þarf að sjálfsögðu ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vænti þess, að hv. þm. séu sammála um þetta þó að svo hafi til tekist að brtt. á þskj. 182 fékk ekki umfjöllun í n. Vegna þess að það varð ekki skrifaði ég upp á nál., sem hér liggur fyrir, með þeim fyrirvara að ég flyt brtt. við þessa till. En ef hæstv. forseti óskar sérstakrar brtt. með hliðsjón af því sem hér hefur komið fram verður hún að sjálfsögðu flutt.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef áður í umr. um þetta mál lýst stuðningi mínum við það frv. sem hér um ræðir. Hins vegar hef ég haft ýmislegt við það að athuga. Í fyrsta lagi, eins og fram kemur í brtt. okkar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, höfum við allan hug á því að þessar breytingar, sem þurfa að verða á hverju ári á eftirgjöf, fylgi einhverjum ákveðnum „skala" sem þá breytist ár frá ári, eins og verðlagsvísitölu, framfærsluvísitölu eða byggingavísitölu. Einnig má hugsa sér að eftirgjöfin fylgi breytingum á gengi. Það fyrirkomulag, sem nú er á þessum málum, er bæði seinvirkt og það er ósvinna að þingið skuli þurfa á hverju ári að taka ákvörðun um þessi mál.

Ég gat þess einnig, þegar ég ræddi um þetta mál, að endurskoða þyrfti allt það kerfi sem fylgir úthlutun þeirra leyfa sem hér um ræðir, — leyfa til þeirra karla og kvenna sem fá lækkun á verði bifreiðar vegna fötlunar. Ég minnti á það, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh., sem um þessi mál fjallar, hugleiði það, hvort ekki væri unnt að koma á því formi við afhendingu og úthlutun þessara leyfa að meira tillit væri tekið til efnahags þeirra sem leyfin fá. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að fólk með háar tekjur, góðar tekjur, fái niðurfellingu á gjöldum af bifreiðum ef það á annað borð hefur full ráð á því vegna eigin efnahags að festa kaup á bifreiðum á því verði sem allur annar almenningur kaupir þær á. Ég vildi eindregið mælast til þess að þetta mál verði athugað mjög gaumgæfilega og það fólk, sem hefur það erfiða hlutverk að úthluta þessum leyfum, geri sér fulla grein fyrir því, að hér er mjög erfitt mál á ferðinni. Þau vandamál, sem komið hafa á borð þeirra í hvert sinn sem leyfaúthlutun fer fram, eru stór og mikil, einfaldlega vegna þess hversu allt er laust í reipunum.

Mig langar vegna fram kominnar brtt. frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að varpa fram þeirri spurningu, hvort með brtt. sé ekki verið að binda einum of mikið það fólk, sem þessa bíla fær, með því beinlínis að banna því að selja bíla sína. Einhvern veginn leggst það þannig í mig að betra væri að orða ákvæðið á þann veg, að viðkomandi fengju ekki lækkun fyrr en eftir svo og svo mörg ár, í stað þess að banna því að selja bíla sína, sem eru nokkrir fjötrar á hverjum manni í kapitalísku þjóðfélagi.

Herra forseti. Ég tel fulla ástæðu og tek undir það að flýta þurfi afgreiðslu þessa máls eins og unnt er vegna þess að mikill fjöldi manna bíður eftir að fá þessar bifreiðar. Þær eru tengiliðir fatlaðs fólks við tilveruna, ef þannig má að orði komast, sú brú sem tengir heimili og vinnustaði þess og umhverfið sem það lifir í. Við þurfum að hraða því að það geti fengið bíla á því verði sem það ræður við.

En að endingu vil ég endurtaka það, að ég tel mikla nauðsyn á að það verði kannað vandlega hvaða breytingar megi gera á þeim úthlutunarreglum sem nú eru í gildi. Og einkum og sér í lagi vil ég leggja þunga áherslu á að mér finnst ekki koma til nokkurra greina, eins og mörg dæmi eru um, að stórefna fólk, sem hefur getað sýnt læknisvottorð um einhverja örorku af einhverju tagi, fái niðurfellingu á bifreiðaverði og fái ódýrari bíla, rétt eins og fólkið sem hefur tvímælalaust mjög brýna þörf fyrir þá.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fjh.- og viðskn. fyrir að hafa afgreitt málið frá n. þó að með annmörkum sé. Ég held að öllum hv. alþm. sé ljóst að þessi lagabreyting, sem var lögð fram í byrjun þessa þings, hefur orsakað að þeirri úthlutun, sem ör-

yrkjar eiga að fá árið 1980, hefur verið frestað. Það er búið að úthluta þessum 400 bifreiðum, en ekki búið að tilkynna úthlutun vegna þess að beðið er eftir örlögum þess frv. til l. sem hér er til umr.

Þegar ég flutti framsögu fyrir þessu máli fyrr á þinginu óskaði ég sérstaklega eftir að því yrði hraðað, einmitt með tilliti til þess sem ég hef áður sagt. Þær undirtektir, sem frv. fékk í d., voru þess eðlis að gera mátti ráð fyrir að svo yrði. Hins vegar hafa örlögin orðið þau, að þessi dráttur er á orðinn. Einmitt vegna þess, sem hér hefur komið fram, vil ég rifja upp, að þegar þessi lagabreyting var gerð 1979 fórum við þáv. flm. þess máls mjög vandlega í málið hjá þeim stofnunum sem um þetta eiga að fjalla, þ. e. fjmrn. og tollayfirvöldum, í samráði við samtök öryrkja. Niðurstaðan varð sú, að talið var neikvætt að setja í vald fjmrh. að gera þá breytingu, sem hér hefur verið lögð fram brtt. um, að hækka eftirgjöfina árlega með tilliti til verðlagsþróunar eða breytingar á vísitölu. Það var talið svo flókið mál og mundi hafa þau eftirköst gagnvart ýmsum öðrum þáttum, að þessir opinberu aðilar töldu það neikvætt og vildu ekki fallast á það. Þar af leiðandi var lagafrv. afgreitt á þinginu 1979 í sama formi og hér liggur fyrir í frv. á þskj. 167, þannig að það var ákveðin upphæð samþykkt. Hins vegar tökum við fram í grg. með frv. á þskj. 167 að við flm. höfum þá skoðun að rétt væri að athuga hvort setja ætti í lögin ákvæði um að heimila fjmrh. að hækka árlega niðurfellingu gjalda, þar með talið innflutningsgjald, í samræmi við verðlagsbreytingar, og það komi í stað lagabreytingar.

Það hefði verið æskilegt í þessu tilfelli að fjh.- og viðskn. hefði haft aðstöðu til að fá umsögn fjmrn., embættis tollstjóra og úthlutunarnefndar og samtaka öryrkja um málið til að hægt væri að fjalla um það ítarlegar, en eins og fram kom hjá frsm. n. hefur ekki gefist tími til þess. Ég hefði talið eðlilegt að fara fram á það nú í hv. d. við þá aðila, sem flytja brtt., að þær yrðu dregnar til baka, en gefið vilyrði um að málið yrði tekið til athugunar fyrir næsta þing og þá miðað við að gera fleiri breytingar og víðtækari á ákvæðunum um bifreiðar til öryrkja, þá ekki hvað síst miðað við þær aths. sem komu fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., sem eru alveg réttmætar, og margar fleiri aths. hafa verið gerðar í umfjöllun um þetta mál. Öryrkjarnir sjálfir eða samtök þeirra hafa jafnvel ýmislegt um þetta ákvæði í lögum að segja. Ég hefði þess vegna talið að æskilegt væri, ef orðið gæti um það samkomulag hér, að afgreiða frv. óbreytt nú til að flýta fyrir þeirri afgreiðslu sem þegar er búið að úthluta eftir, en samkomulag yrði um það í hv. deild að þm. kæmu sér saman um að undirbúa heildarlöggjöf um þetta atriði og jafnvel taka fleiri atriði inn í það fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ég held að við gerðum þeim öryrkjum, sem bíða eftir breytingu, mestan greiða með því að afgreiða málið á þennan hátt. Ég er ekki þar með að tala gegn brtt. sem hér liggja fyrir, því efnislega er ég þeim samþykkur. En ég þykist vita af þeirri reynslu sem ég hef fengið í samtölum við þá aðila sem um málið eiga að fjalla, að það getur orðið erfitt að afgreiða svona breytingu á síðustu stundu án þess að þessir aðilar hafi fengið um slíkt að fjalla og gera aths. Ég vil þess vegna endurtaka að ég óska eftir því í fyllstu einlægni að hægt væri að koma sér saman um þetta til að flýta málinu í gegnum þingið nú.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hugðist bera fram sömu ósk til flm. brtt., að þeir drægju þær til baka a. m. k. til 3. umr. En út af því, sem hér hefur verið sagt í sambandi við umfjöllun á þessu máli í n., tók ég skýrt fram að það var ósk n. og ætlun hennar að flýta fyrir því að fjárhæðir eftirgjafar mundu hækka. Það má vel vera að ýmsir þdm. þurfi að fá umsagnir um hvort fjárhæð eigi að hækka úr 500 þús. í 750 þús. eða úr 1 millj. í 1500 þús. Nefndin taldi samt enga ástæðu til að leita neinna umsagna um það. Við töldum enga ástæðu til að kalla á embættismenn og spyrja þá hvort þeim þætti eðlilegt að hækka um eina fjárhæð eða aðra. Okkur þótti þetta vera algerlega pólitískt mál sem þyrfti engrar umsagnar við og svo einfalt að við þyrftum út af fyrir sig ekki að liggja mjög lengi yfir því. Það var ljóst að eftirgjöfin mundi þýða 200 millj. kr. tollatap miðað við að þessar bifreiðar væru keyptar hvort eð væri, sem má sjálfsagt draga í efa. Það var þó fyrst og fremst málið sem þurfti að taka ákvörðun um og það gerðum við eftir að fjárlagaumfjöllun var komin vel á veg.

Ég verð að segja það um brtt. frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að sjálfsagt er mikið nauðsynjamál að lækka þau mörk sem þar er um að tefla, því mér skilst að það, sem hún á við, sé að þessir aðilar geti fengið úthlutun fyrr í seinni skipti. En það er ekki nóg að gera slíka breytingu því það eru biðlistar og ekki hægt að uppfylla allar þær umsóknir sem berast. Mér finnst það út af fyrir sig breyting sem lítt væri til bóta á þessari löggjöf að stytta þennan tíma án þess að fjölga leyfum og setja þá meira fjármagn til þessara hluta. Að mínu mati er nóg af alls konar biðlistum og hraðlistum og forgangslistum í kerfi okkar og verið að hlaða þeim upp. Mér finnst ekki vera mjög heiðarlega að staðið að fara að breyta löggjöf ef slíkt hefði einungis í för með sér að biðlistarnir yrðu lengri. En ég tel að ef þessi brtt. á að koma til atkv. þurfum við að taka málið fyrir að nýju í nefndinni.

Ég er sammála mörgu af því sem hv. þm. Árni Gunnarsson sagði áðan. Ég er þess fullviss að taka þarf þessa löggjöf til endurskoðunar. Það, sem hér er um að ræða, er þó fyrst og fremst að hækka fjárhæðir þannig að úthlutun geti farið fram núna. Í sjálfu sér væri þá mjög æskilegt að áhrif breytinga, sem þessar brtt. hafa í för með sér og kannske ýmsar aðrar, gætu legið fyrir fljótlega í skýrslu t. d. með þeim hætti að hæstv. ráðh. skipaði nefnd til að fjalla um það eða þá að nokkrir þm. tækju sér fyrir hendur eða jafnvel n. að endurskoða þessa löggjöf. En ég vil taka það skýrt fram, að það var ósk, n. og stefna hennar að greiða fyrir því að hækkun á upphæðum eftirgjafarinnar gæti náð fram að ganga helst fyrir páska. Hún taldi sig ekki þurfa neinar umsagnir um það og málið fékk alveg nægilega umhugsun og umfjöllun í n. því okkur þótti ekki erfitt að huga að því hvort fjárhæð hækkaði úr 1 millj. í 1500 þús.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru örfá orð út af því sem hefur komið fram.

Ég sé enga ástæðu til að draga brtt. alfarið til baka á þessu stigi málsins, eins og var farið fram á af hv. þm. Alexander Stefánssyni, 1. flm. frv. Ég get ekki ímyndað mér að öryrkjar eða samtök þeirra hafi á móti því, að það, sem þarna er á ferðinni, fylgi verðlagsþróun í landinu og ekki þurfi að leita umsagna um slíkt. Ég tel augljóst að slíkt hlýtur að vera vilji þessara aðila. Um hitt má kannske frekar deila, hvort eitthvað í kerfinu eða af opinberri hálfu er andstætt þessu. Þá standa menn frammi fyrir því, hvort þeir vilja taka tillit til þeirra

sjónarmiða eða ekki. Ég er einn af þeim sem vilja láta taka meira tillit til óska þeirra einstaklinga og samtaka sem þarna eiga hlut að máli í stað þess að láta einhverja úr kerfinu stilla sér upp við vegg og segja að þetta sé ekki hægt. Spurningin er bara um það: Ætla menn enn einu sinni, í ekki stærra máli en þessu, að láta kerfið koma í veg fyrir að þessi sjálfsagða breyting nái fram að ganga? Ég vænti þess að 1. flm. þessa frv. gangi ekki í fylkingarbrjósti fyrir því að kerfiskarlarnir stöðvi þessa eðlilegu breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Sjómannalög, frv. (þskj. 143). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var lagt fram af fyrrv. hæstv. samgrh., hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, og ég verð að viðurkenna að ég taldi að mál þetta hefði farið til n. En það var misskilningur og mæli ég því nú fyrir þessu frv. og legg til að því verði vísað til n., sem hafi það til meðferðar, og legg áherslu á að málið verði afgreitt á þessu þingi.

Þetta frv. er liður í svokölluðum félagsmálapakka, sem samið var um í lok ársins 1978 gegn 3% lækkun á verðbótavísitölu. Ég ætla ekki að rekja hin ýmsu atriði sem þá var samið um. Ég get út af fyrir sig tekið undir það, að seinna hefur gengið en æskilegt er að koma ýmsu þar til framkvæmda. En staðreyndin er þó sú, að margt hefur náð fram að ganga og kannske fleira en menn gjarnan muna eftir á. Og einnig er það staðreynd, að sum þau mál, sem þar var um að ræða, voru og eru þess eðlis að nauðsynlegt var að ná samstöðu með aðilum vinnumarkaðarins. Í raun og veru var í mörgum tilfellum um að ræða atriði sem eðlilegt er að tekin væru upp í frjálsum samningum þessara aðila.

Ég vek athygli á því gagnvart sjómönnum, að í ágúst voru settar reglur sem vörðuðu öryggismál sjómanna, svo sem frágang grandaraspila, línu, netaspila o. fl. Þá hafa einnig verið settar reglur um aðbúnað áhafna á fiskiskipum og lagfæringar undirbúnar á veðurþjónustu við sjómenn, sem er komið til framkvæmda. Þá liggur fyrir og er komið til n. í Ed. frv. um lögskráningu sjómanna. Um það mál mætti ýmislegt segja. Staðreyndin er sú, að þar er að öllum líkindum fremur um bætta framkvæmd að ræða heldur en breyt. á lögum. Framkvæmd er í höndum sýslumanna, sem fara þar að tilmælum samgrn., en þar á hefur orðið brestur og er ljóst að eftir samþykkt þess frv., sem liggur fyrir, er nauðsynlegt að tryggja að framkvæmd verði betri en verið hefur. Þá setti fyrrv. samgrh. reglugerð um aðbúnað sjómanna um borð í fiskiskipum. Til sjómannastofa mun hafa verið ákveðin sérstök fjárveiting á síðasta ári. En eftir því sem ég kemst næst mun vera brotalöm á framkvæmd þar. Nokkur fjárveiting er á þeim fjárlögum, sem nýlega hafa verið samþ., þó hvergi nærri nægjanleg til þess að gera þar það átak sem þörf er á. Sýnist mér að það mál þurfi að taka til nánari athugunar og meðferðar.

Um þetta frv. vil ég hins vegar segja það almennum orðum, að með frv. er að því stefnt að bæta rétt sjómanna í veikinda- og slysatilfellum frá því, sem nú er í gildandi ákvæðum 18. gr. sjómannalaganna, og færa þennan rétt til samræmis við það sem landverkafólki er áskilið með lögum nr. 19 frá 1978.

Í raun og veru er samanburður að ýmsu leyti vandkvæðum bundinn, því að réttur hinna ýmsu hópa er breytilegur. T. d. má segja að lög þessi valdi ekki neinum breytingum gagnvart yfirmönnum á farskipum. Hins vegar yrði breytingin nokkru meiri gagnvart hásetum á farskipum samkv. frv., ef að lögum verður. Þeir eiga nú rétt til launa í 5 mánuði eftir 10 ára starf, en þeir fengju auk þess með frv. einn mánuð greiddan samkv. staðgengisreglunni svonefndu. En langmest er breytingin gagnvart undirmönnum á fiskiskipum. Lágmarksréttur þeirra er í dag 14 daga laun, þar af 2 dagar samkv. staðgengisreglu og 12 á kauptryggingu. Í ákvæði frv. um staðgengislaun er hins vegar ekki breyting á gildandi lögum að því er varðar sjómenn á fiskiskipum. Gagnvart þeim hafa ákvæði gildandi sjómannalaga verið skilin og skýrð af dómstólum sem fyrirmæli um staðgengislaunagreiðslur. Um er að ræða breytingu varðandi afskráningu af skipum, sem oft hefur verið framkvæmt þannig að gerir nánast marklausa ráðningartíma sjómanna eða getur gert það.

Ég vil taka það fram, að um þetta frv. hefur að sjálfsögðu verið haft samráð við bæði útvegsmenn og sjómenn, Farmanna- og fiskimannasambandið m. a. Er frv. samið af fyrrv. hæstv. samgrh. eftir slíka fundi og slík samráð. Reynt er að sigla nokkuð á milli skers og báru, en sum ákvæði frv. geta orkað tvímælis.

Ég hef ekki tekið þátt í undirbúningi þessa máls. Ég hef, eftir að ég tók við embætti samgrh., hins vegar leitað mér upplýsinga frá viðkomandi hagsmunaaðilum. Ég fékk þau svör frá Landssambandi ísl. útvegsmanna að það teldi frv. viðunandi. Einnig fékk ég svipuð svör frá fulltrúa Farmanna- og fiskimannasambandsins. Hins vegar gengu á minn fund fulltrúar sjómanna og ASÍ og höfðu ýmsar og mjög ákveðnar og viðamiklar brtt. að gera við frv. Þó ég taki ekki efnislega afstöðu til þeirra brtt., en telji eðlilegt að málið verði rannsakað í n., sem fær það til meðferðar, og þar verði tekin afstaða, til þeirra, þykir mér þó rétt að greina í örfáum orðum frá þeim meginathugasemdum sem fulltrúar sjómanna og Alþýðusambands Íslands höfðu fram að færa.

Í fyrsta lagi gera þeir aths. við 2. mgr. frv., seinni hluta hennar, setninguna þar, sem er þannig: „Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabila, sem eru hefðbundin og þekkt fyrir fram", sú setning falli brott. Hér er um ágreiningsatriði að ræða við útvegsmenn.

Einnig fara þeir fram á að síðasti hluti 3. mgr., sem byrjar á orðunum: „Sé skipverji í launalausu fríi, er hann veikist eða slasast" og aftur til greinaskila, falli út. Þarna er einnig um ágreiningsatriði að ræða. Það orkar tvímælis að maður, sem er í launalausu fríi, e. t. v. langan tíma, fari aftur á launaskrá þótt hann verði fyrir slysi utan síns vinnutíma og í sínu fríi. Er skiljanlegt að útvegsmenn hafi við þetta athugasemdir að gera. Ég er hins vegar, eins og ég sagði áðan, ekki að meta þetta atriði, þó að mér þyki einnig rétt að gera grein fyrir því, að atvinnurekendur hafa sterkar aths. við það að gera að þessi setning falli brott og framkvæmdin verði þá á þann veg sem ég lýsti.

Þá gera fulltrúar sjómanna aths. við 6. mgr., sem hefst

á orðunum: „Nú verður skipverji vinnufær aftur “, og óska eftir að sú mgr. falli brott.

Og loks gera þeir aths. við síðustu mgr., sem þeir óska eftir að verði umorðuð.

Ég nefni þetta til þess að vekja athygli á því, að þarna er enn um verulegan ágreining að ræða á milli sjómanna og Alþýðusambands Íslands annars vegar og útvegsmanna hins vegar og málið því í raun og veru alls ekki í höfn komið.

Ég veit að af hendi fyrrv. hæstv. samgrh. var unnið mikið í málinu og reyndar af þeim sem á undan honum var. Í þeirri vinnu komu þessir erfiðleikar fram og þeir urðu til þess að tefja fyrir framgangi málsins.

Þar sem málið er komið fram, þótt um það sé deilt eins og ég hef nú rakið, taldi ég hyggilegra að það héldi áfram til n. og þannig yrði þess freistað að málið fáist afgreitt á þessu þingi. Ég tel það mjög mikilvægt. Ég leit svo á, að ef hafin yrði vinna við gerð nýs frv. á vegum rn. yrði það til að tefja málið frekar.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Margt fleira mætti segja um þau atriði sem ég hef nefnt. En ég læt það vera og lýk þessari framsögu minni með því að leggja til að málinu verði vísað til samgn. og 2. umr. að lokinni þessari umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það frv., sem hér hefur verið lagt fram, hefur marga augljósa galla. Eins og menn vita er áhætta mikil í sjávarútvegi, og vegna þess hefur það lengi tíðkast að hlutafélög sæju um rekstur fiskiskipa eða réttara sagt að þau væru í eigu hlutafélaga. Þetta gerir það að verkum, að þó að ákveðinn sjómaður hafi nánast allt sitt líf verið á snærum sömu fyrirtækjanna eða sömu aðilanna, þá getur hann verið í störfum hjá mörgum hlutafélögum á þessu tímabili. Vegna þess að svo er hagað þessum málum hlýtur það t. d. að vera ákaflega hæpið að setja hér upp bótakerfi með mismunandi rétti til greiðslubóta eftir því hve lengi hann hefur starfað hjá viðkomandi aðila. Ég held t. d. að mgr., sem hljóðar svo: „Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns“, eigi alveg skilyrðislaust að falla út.

Ég vil sérstaklega koma því á framfæri, að mér sýnist af þeirri ástæðu, sem ég hef getið hér að framan, að útgerð er yfirleitt rekin af hlutafélögum, að fráleitt sé að gera ráð fyrir að t. d. við tilkomu nýs skips, sem e. t. v. væri stofnað nýtt hlutafélag um, töpuðu skipverjar, sem hefðu verið að vinna hjá sömu aðilum að undanförnu og réðu sig í skiprúm á hinu nýja skipi, við það einhverjum réttindum sem þeir hafa áður unnið sér með störfum á eldra skipi hjá systurhlutafélagi sem er kannske með sömu hluthöfum.

Þessu vildi ég sérstaklega koma á framfæri, því ég skil mjög vel þá afstöðu sjómanna að þeir vilji ekki una þeirri uppsetningu sem hér er.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með að þetta frv. er nú tekið til afgreiðslu í þessari hv. d. Hæstv. samgrh. sagði að það væri sjónarmið margra að eðlilegra væri að taka þessi atriði upp í frjálsum kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna. Það má vel vera. En staðreyndin er engu að síður sú, að réttur sjómanna og þá einkum undirmanna á farskipum og þó alveg sérstaklega undirmanna á fiskiskipum er í dag skammarlega lítill, svo að það nálgast þjóðarskömm, ekki síst þegar tekið er tillit til mikilvægis starfsins og þess, hve slysahætta við þessi störf er mikil, eins og reynslan sýnir. Ég endurtek það og undirstrika að hér er um lágmarksákvæði að ræða. Enginn bannar mönnum að semja um betri kjör.

Hæstv. ráðh. kom inn á gagnrýni sem gengur út á það, að ekki sé reiknað með að mönnum sé tryggt kaup í hefðbundnum hléum milli veiðitímabila. Það er rétt, að þetta er eitt af þeim atriðum sem mikið var deilt um. Útvegsmenn eða fulltrúar þeirra sögðu að ef þetta yrði ekki haft svona mundu þeir einfaldlega ekki ráða menn nema yfir hvert veiðitímabil fyrir sig, þannig að réttur sjómanna í reynd mundi ekki aukast við það þótt þessi klásúla væri höfð á einhvern annan hátt.

Varðandi greiðslur í launalausum fríum, þá er reiknað með því í frv. að sjómaður, sem er á togara t. d. þar sem launalaust frí er fjórða hvern túr, er hann veikist á miðju þessu tímabili, fái ekki sjálfkrafa kaup strax þennan sama dag, heldur frá þeim degi sem hann ætti að byrja að vinna aftur. Það er ekki beinlínis ætlast til að menn græði fjárhagslega á veikindum, heldur að þeir verði ekki fyrir tapi. Maður, sem slasast í launalausu fríi, fengi annars meiri greiðslur en ef hann slasaðist ekki. Ef einhver sérstök atvik koma upp á, þá eru sjúkrasjóðir þessara félaga sterkir og gætu þeir gripið inn í ef sérstaklega stæði á. Um leið og maðurinn á að byrja að vinna aftur fær hann sín fullu réttindi. Enn fremur er gert ráð fyrir að maður, sem veikist áður en hann fer í launalaust frí, haldi fullu kaupi þannig að þá verði ekki um neinn frádrátt að ræða.

Eins og kom fram hjá hæstv. samgrh. var þetta frv. rætt mjög mikið og ítarlega við alla aðila. Þess var freistað að ná þeirri samstöðu sem gerði það að verkum eða a. m. k. gæfi vonir um að frv. fengi skjóta afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi. Auðvitað eru mörg atriði sem eru álitamál í þessu frv. Mér finnst sjálfsagt, eins og kom fram hjá hæstv. samgrh., að þær till. verði allar athugaðar í samgn. þessarar hv. d. Ef menn geta komist að samkomulagi um einhvern annan hátt í einstökum atriðum, þá er það út af fyrir sig gott. Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að þessi aðferð er ábyggilega fljótvirkust, og er því henni algerlega samþykkur.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Að sjálfsögðu fagna ég því að þetta frv. er loksins lagt fram hér í þinginu formlega, þótt ég hins vegar harmi að það sé lagt fram svo seint að það sé nær útilokað, miðað við forsendur, að ná því fram áður en þingi lýkur á þessu vori. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli vegna þeirra aðfinnslna, sem fram hafa komið, að viðkomandi nefnd, sem fær málið til umfjöllunar, verður að kalla á fulltrúa hagsmunaaðila til að reyna að ná samkomulagi um atriði sem ekkert samkomulag er um og gífurlegt stríð á milli þeirra um. Þetta stríð er í sjálfu sér ekki eingöngu að kenna embættismönnum eða fyrrv. ráðh. Ég skal fúslega viðurkenna að það er líka vegna þess vandamáls sem við er að glíma innan launþegahreyfingarinnar, ekki klofnings, heldur hins margskipta fyrirkomulags, sem þar ríkir, og þeirrar staðreyndar, að það er fjöldi aðila sem fer með samninga fyrir hina ýmsu hópa.

Varðandi þetta frv. og þau lög, sem hér er verið að leggja til að breyta, er fjöldi félagasamtaka sem þarf að ræða við, þótt það væri máski hægt að láta nægja að ræða

við fjóra aðila frá launþegahlið vinnumarkaðarins. Þá á ég við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sem gerir samninga fyrir yfirmenn bæði á far- og fiskiskipum, Alþýðusambandið, Sjómannasambandið og svo Sjómannafélag Reykjavíkur sem fer nálægt einfarið með samninga fyrir undirmenn á farskipum. Ég tek einmitt eftir því, að í þessu frv. virðist nokkuð vera gengið á mis við þá staðreynd að þeir eru líka sjómenn og að þessi lög ná yfir þá einnig.

Ég verð að lýsa nokkurri furðu minni á orðum hv. síðasta ræðumanns, sem nýstiginn er úr stóli félmrn., er hann lætur hafa eftir sér að réttur undirmanna á far- og fiskiskipum sé skammarlega lítill, svo jaðri við þjóðarskömm. Ég get tekið undir þetta með hæstv. fyrrv. ráðh. En ég bendi honum á það, að hann og ríkisstj., sem hann sat í á þeim tíma er þeir settu brbl. t. d. um undirmenn á farskipum, orðuðu þau þannig að meginþungi þeirra, sem varðaði undirmenn, var einmitt á þann veg, að það hefði verið nokkuð hægt að rétta þetta skammarlega hlutskipti þeirra. En hæstv. ráðh. létu hjá líða að láta það atriði ná fram, létu þau lönd og leið, en létu sér nægja að halda góðri samstöðu við Vinnuveitendasamband Íslands.

Það var ánægjulegt, satt að segja, að heyra í ræðumanni áðan, hv. 5. þm. Vestf. Við sjómenn höfum öðlast þar góðan baráttumann, hann var með góða ábendingu sem er rétt að fara eftir, vegna þess að mér sýnist í frv. vera tekið upp mjög gamalt orðalag um samfellda ráðningu. Þetta orðalag var tekið upp á sínum tíma, man ég eftir, þegar ég sat í slíkum samningum sjálfur fyrir Sjómannafélag Reykjavíkur. Það var tekið upp m. a. til þess að halda góðum mönnum hjá viðkomandi útgerðum. Viðkomandi útgerðir lögðu meira af mörkum til þeirra manna, sem héldust í starfi hjá þeim um nokkurra ára skeið, og vildu borga nokkuð fyrir það. Síðan breyttist þetta með árunum, þannig að þetta gilti innan greinarinnar allrar, en ekki hjá aðeins einu félagi, hvort sem það var hlutafélag, samvinnufélag eða eitthvað annað rekstrarform á því. Ég tel rétt að taka þessa ábendingu hv. þm. til greina.

Hæstv. ráðh. benti á þau atriði sem hafa hvað mest stungið þá aðila sem þetta mál varðar. T. d. sýnist mér einsýnt að 6. mgr. verður að fara út, því að hún kallar á svo mörg vandamál, þegar menn fara að skoða hana, að það nær ekki neinu tali. Af einu skipi geta komið í land menn sem sigla með samninga við 10—11 stéttarfélög og eiga svo að fara og vinna í landi eftir samningum enn annarra, jafnvel margra stéttarfélaga. Þegar á svo að fara að samræma það, eftir hvaða kjörum og töxtum þessir menn eigi að vinna, þá sýnist mér að ávinningurinn af þessu öllu sé afskaplega vandfundinn og væri best að sleppa þessu atriði, enda held ég að ef menn eru komnir það vel til heilsu að þeir geti farið að starfa í landi, þá sé í flestum tilfellum hægt að koma þeim til sjós mjög fljótlega aftur. Ég þekki a. m. k. mjög fáar kaupskipaútgerðir í dag, nema þær örfáu sem eru með sín skip í langsiglingum og koma ekki heim mánuðum saman, sem ekki eru með skip hér heima á fárra daga fresti tiltölulega, þannig að þetta á ekki að vera stórt atriði.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég er fylgjandi því að reyna að koma málinu áfram, þótt ég beri ugg í brjósti um að það takist að ljúka afgreiðslu þess. Má vera að það takist ef verður haft samráð við þá sem hlut eiga að máli. Ég hef hins vegar ekki trú á að það takist helst með því að senda málið til samgn. þessarar hv. d. Ef ég man rétt, forseti leiðréttir mig annars, þá minnir mig að samsvarandi mál hafi verið í höndum sjútvn. viðkomandi d. Þetta getur verið misminni og ég skal ekki gera neinn ágreining vegna þess. Hins vegar getur það flýtt eitthvað fyrir vinnu í sambandi við frv., að í sjútvn. eiga aðilar m. a. sæti frá hagsmunasamtökum útgerðarmanna, sjómanna og bænda.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Mig langar aðeins að gera fsp. í sambandi við 3. mgr. þess frv. sem hér er til umr. Þar segir svo um hversu lengi skipverjar skuli halda launum, með leyfi forseta: „þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, en einn mánuð, ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipinu".

Það vekur athygli mína hvers vegna þessi mismunun er gerð. Varðandi slysatryggingar allra launamanna í landinu er eitt látið yfir alla ganga og sömu tímatakmörk gilda um allar starfstéttir. Ég vil þess vegna leyfa mér að varpa fram fsp. til hæstv. sjútvrh., hver hugsun sé raunverulega í þessum mismun.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Vegna fsp. frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur vil ég upplýsa það, að þetta er þannig til komið að þessi yfirmannafélög hafa þennan rétt í dag. Það er verið að auka rétt þeirra, sem hafa lítinn rétt, hafa ekki nema 14 daga nú, upp í mánuð eftir staðgengisreglunni. Hinir hafa þennan rétt í dag og þótti ekki ástæða til að hafa hann minni í lögunum heldur en hann er í samningum í dag. Auðvitað skil ég vel þessa aths. og var alveg sama sinnis og fyrirspyrjandi þegar byrjað var að athuga þessi mál. En þetta er skýringin.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það var raunar það sama og hv. síðasti ræðumaður var að skýra fyrir fyrirspyrjanda, hv. 8. landsk., sem ég vildi koma hér að. Það er alveg hárrétt hjá honum, að þessi mismunur er fyrir í samningum. Til viðbótar get ég upplýst þennan hv. þm. um það, að þeir, sem hafa farið með samningamál fyrir undirmannafélögin, hafa á seinni árum ekki litið hærra en svo, að þeir hafa gert kröfur um það, að ef þeir, sem samið er fyrir, misstu líf sitt af slysförum í starfi, þá yrðu sömu tryggingabætur fyrir þá sem eftir lifðu, hvort sem það væru undirmenn eða yfirmenn sem látist hafa. En þeir hafa ekki haldið fast við þá kröfu að slík jöfnun væri í lifanda lífi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgn. með 26:1 atkv.

Sameinað þing, 43. fundur.

Mánudaginn 14. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Jón Helgason): Eftirfarandi bréf hafa borist:

„11. apríl 1980.

Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Jón Sveinsson lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara rannsókn kjörbréfs í sameinuðu þingi.

Garðar Sigurðsson,
forseti Nd."

„Reykjavík, 11. apríl 1980.

Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég af heilsufarsástæðum mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Einar Kr. Guðfinnsson námsmaður, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Garðar Sigurðsson,
forseti Nd."

„Reykjavík, 11. apríl 1980.

Formaður þingflokks Framsfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Þórarins Sigurjónssonar, 1. þm. Suðurl., sem vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Böðvar Bragason sýslumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Garðar Sigurðsson,
forseti Nd."

„14. apríl 1980.

Ritari þingflokks sjálfstæðismanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Steinþórs Gestssonar, 2. þm. Suðurl., sem er fjarverandi af heilsufarsástæðum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Sigurður Óskarsson framkvæmdastjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Garðar Sigurðsson,
forseti Nd."

Þar sem þessir varamenn hafa ekki átt sæti á Alþingi eftir kosningar þarf að fara fram rannsókn kjörbréfa og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka þau til athugunar. Ég gef fundarhlé í 10 mínútur á meðan. — Fundinum er frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað í fyrsta lagi kjörbréf Jóns Sveinssonar, sem tekur sæti Alexanders Stefánssonar, 1. þm. Vesturl., í öðru lagi kjörbréf Böðvars Bragasonar, sem tekur sæti Þórarins Sigurjónssonar, 1. þm. Suðurl., í þriðja lagi kjörbréf Sigurðar Óskarssonar, sem tekur sæti Steinþórs Gestssonar, 2. þm. Suðurl., og í fjórða lagi kjörbréf Einars Kr. Guðfinnssonar, sem tekur sæti Matthíasar Bjarnasonar, 1. þm. Vestf. Kjörbréfanefnd er sammála um að mæla með því, að þessi kjörbréf verði tekin gild og kosning varamanna samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þm., sem ekki hafa átt sæti á Alþingi áður, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir eru: Jón Sveinsson, 1. þm. Vesturl., Böðvar Bragason, 1. þm. Suðurl., Sigurður Óskarsson, 2. þm. Suðurl., og Einar Kr. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.

Forseti (Jón Helgason): Hinir nýju þm. hafa undirritað eiðstaf og býð ég þá velkomna til starfa hér á Alþingi.

Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra, þáltill. (þskj. 226). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting kolmunna og vinnslustöð á Austurlandi, þáltill. (þskj. 227). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Geðheilbrigðismál, þáltill. (þskj. 240). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefnumörkun í menningarmálum, þáltill. (þskj. 285). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Útibú frá Veiðimálastofnun, þáltill. (þskj. 11, n. 259). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur fjallað á fundum sínum um till. til þál. um útibú frá Veiðimálastofnuninni á Austurlandi og leitað umsagnar frá veiðimálastjóra um þetta mál. Hefur það orðið niðurstaðan, að mæla með samþykkt till. eins og hún er á þskj. 11.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Eins og kemur fram á þskj. 259 hef ég ritað undir nál. með fyrirvara. Ég tel rétt að það komi hér fram, að fyrirvarinn byggðist á því einu að fjvn. þyrfti að athuga þetta mál þegar þar að kæmi. Það er mín skoðun, að hægt sé að reka útibú frá Veiðimálastofnun án mikils kostnaðar af hálfu ríkisvaldsins. Þar sem ég á sæti í fjvn. auk hv. atvmn. vildi ég ekki stöðva þetta mál til frekari rannsókna á kostnaðinum, en skrifaði undir með fyrirvara.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er myndarlegt að tarna. Það lá ljóst fyrir að þingheimur var tilbúinn til þess að samþykkja þáltill. um að stofna útibú frá Veiðimálastofnuninni á Austurlandi. En þegar kom til kasta fjárveitingavaldsins var enginn eyrir til að sjá af til þeirra starfa. Það er auðvitað gersamlega þýðingarlaust að standa þann veg að málum eins og hér ber raun vitni um. Ég hef ekkert um málið annað að segja en það, að ég fylgi því fram og greiði atkv. með till., en þarna skýtur skökku við og myndarlegra væri af þeim, sem stjórna fjármálum, að hinkra við með samþykktir á fjármálatillögum og fjármálaútlátum, eins og þessi till. felur í sér, þangað til þeir eru tilbúnir að fylgja þeim eftir með fjárveitingum.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 313).

Aukin nýting í fiskvinnslu, þáltill. (þskj. 105). — Frh. einnar umr.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa langt mál um þessa till. Ég gerði það á sínum tíma þegar hún var hér lögð fram. Sannarlega er nú búið, ef við gætum talað á sjómannamáli, að kútta þessari umr. svo rækilega niður að menn geta nánast varla fylgst með því sem farið hefur fram og er það miður þegar svo er um slík mál.

Ég vildi þó aðeins segja hér nokkur orð til viðbótar í þessu máli. Allt fram á síðasta áratug voru um og yfir 90% af verðmæti vöruútflutnings okkar sjávarafurðir. Árið 1979 mun það hafa verið um 74—75%. Tugir þúsunda vinna árið um kring í fiskiðnaðinum og mörg byggðarlög og heilir landshlutar eiga nánast allt undir því að hér takist vel til í þessari atvinnugrein, en því miður er allt of víða baslað enn með hjólbörurnar í stað færibanda, goggum og stingum er beitt án tillits til skemmda á verðmætum, og miklum verðmætum er hreinlega hent. Allt of víða er gengið þannig um þessa lífsbjörg okkar allra að þar gæti engan grunað að um matvæli væri að ræða.

Hv. þm. Tryggvi Gunnarsson sagði í ræðu sinni um þessi mál: Hvernig við förum að þessu öllu er ekkert smámál. Fiskurinn er oft ákaflega lélegur þegar hann kemur að landi. — Ég vildi segja í þessu sambandi að ég er Tryggva ekki alveg sammála. Fiskurinn er að vísu misgóður þegar hann kemur að landi, en staðreyndin í málinu er að um byltingu hefur verið að ræða í meðferð á fiski um borð í veiðiskipunum sjálfum. Skoðun mín er aftur á móti sú, að fyrst og fremst sé um að ræða að hráefnið skemmist eftir að það er komið frá borði veiðiskips.

Kassavæðingin breytti hér verulega um til bóta, og furðulegt má það vera, að alls engar tilraunir hafa farið fram um það, hvort við raunverulega notum hentugustu gerð af fiskkössum sem kostur er á. Hér hefur skort skilning á mikilvægi þess að þessi úttekt fari fram.

Við sáum í sjónvarpi ekki alls fyrir löngu þegar var verið að losa fiskiskip sem landaði lausum fiski. Þar var umgengnin við móttöku slík að undrun sætir hvernig með gott hráefni er farið og að það skuli óátalið látið.

Ég minntist líka á það í sambandi við stingina, að það er hrein undantekning ef þeir eru notaðir um borð í togurum nú. Slíku er búið að henda fyrir löngu og er það vel.

Ég sagði það í framsöguræðu minni, að ég ætlaði ekki hér og nú að deila um hvaða prósentu við ætlum að gefa okkur í aukinni nýtingu. Það, sem skiptir máli og er augljóst, er að verulega miklum árangri má ná með bættri meðferð á hráefninu fyrir utan þau gífurlegu verðmæti sem ekki er komið með að landi.

Á síðasta fundi í Framkvæmdastofnun ríkisins var tillaga borin fram sem fellur vissulega að þessu efni og ég vona að geti hjálpað hér til, en hún er þannig, með leyfi forseta:

„Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkir að fara þess á leit við hæstv. ríkisstj., að hún hafi forgöngu um að komið verði á fót nefnd sem skipuleggi sókn til framleiðniaukningar í fiskiðnaði."

Þessi tillaga fellur svo til nákvæmlega að því sem fyrir okkur flm. vakir. Við ætlumst til þess að ríkisstj. geri þetta, og því fagna ég því að þessi tillaga er þarna komin fram.

Í grg. segir:

„Það er skoðun stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, að Byggðasjóður eigi nú að beina fjármagni sínu meira til þess sem verða má til framleiðniaukningar í fiskiðnaði. Það sýnir sig að mjög mikill munur er á afkomu iðjuvera, sem að öðru jöfnu ættu að skila svipaðri afkomu. Ástæðunnar til þess virðist einkum vera að leita í vanköntum á stjórnun, t. a. m. allri meðferð og nýtingu hráefnis og skorti á tækniþekkingu við starfrækslu vélbúnaðar."

Ég tek undir þetta og fagna samþykkt Framkvæmdastofnunar ríkisins. Með þessari samþykkt Framkvæmdastofnunar ríkisins undirstrikar hún þörfina og telur sig reiðubúna til aðstoðar í þessum málum.

Ég vildi aðeins segja hér, og segi ég ykkur þar sjálfsagt ekkert sem þið vissuð ekki áður, en þó efast ég um að menn geri sér almennt grein fyrir því, hvernig við Íslendingar stöndum í dag í þessum efnum. Ég las merkilega grein eftir mann sem er búinn að vinna í áraraðir við móttöku og vinnslu á lifur. Hann segir þar, að það séu

miklir markaðir fyrir okkur í Tékkóslóvakíu, Hollandi, Frakklandi og Þýskalandi, og m. a. sé ein ástæðan fyrir því, hve vel við stöndum í þessum ríkjum með sölu á lifur, sú að lifur frá mörgum þjóðum sé svo menguð að hún sé ekki samkeppnisfær við það sem við Íslendingar erum að bjóða. Það er því mikils virði að ganga hér manneskjulega um og eiga hreint og ómengað haf.

Ég vil einnig taka undir það, sem kom fram í ræðu Skúla Alexanderssonar um þessa þáltill. okkar, að mikils virði er að búa þannig að starfsfólki þessarar atvinnugreinar að hún geti vænst þess að hafa gott starfsfólk. Það er ekki um of brýnt fyrir aðilum þessarar atvinnugreinar, þó að á mörgum stöðum hafi verið myndarlega að staðið og til tekist.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég fagna, eins og ég sagði, þeim umr., sem orðið hafa um till., og vonast til þess að ríkisstj. taki myndarlega á þessu máli. Ég er sannfærður um að í vannýtingu þess sjávarfangs, sem veiðist, liggur sá sjóður sem þarf til að standa undir auknum rekstrarkostnaði fyrirtækjanna. Í þeirri trú að svo sé er þessi till. til þál. flutt. Ég vil þakka þær jákvæðu umr., sem orðið hafa um þetta mál, og vona, að þær verði til að hvetja stjórnvöld til aukinna aðgerða.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 118). — Frh. einnar umr.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er orðið nokkuð langt síðan mælt var fyrir þessari till. til þál. Það eru kannske einhverjir búnir að gleyma efni hennar, en ég vona að svo sé ekki.

Það má segja margt hvað varðar iðnaðinn. Ég hugsa að það sé flestum orðið ljóst, hversu brýnt er að standa við bakið á honum yfirleitt ef hann á að geta sinnt því hlutverki sínu að verða ein af meginstoðum í efnahagslífi okkar.

Eins og fram hefur komið á iðnaður okkar í ört vaxandi samkeppni við erlenda iðnaðarframleiðslu, ekki aðeins í samkeppni á erlendum vettvangi, heldur — og ekki síður — á hann í ört vaxandi samkeppni og harðvítugri baráttu á heimamarkaði. Það er auðvitað nauðsynlegt að standa við bakið á útflutningsiðnaði okkar með gjaldeyrisöflun að markmiði, en ég hygg að hitt sé þó ekki síður mikilvægt, að rækta heimamarkað okkar með gjaldeyrissparnað í huga og þann fjölda fólks sem óhjákvæmilega verður að leita athvarfs í iðnaðarstörfum á næstu árum.

Sú till. til þál., sem hér er fjallað um, er að mínum dómi mjög jákvætt innlegg í alla þá umfjöllun sem á sér stað um iðnaðinn nú á tímum. Ég tel eðlilegt að Alþ. láti frá sér fara viljayfirlýsingu af því tagi sem hér er lagt til, þ. e. að opinberir aðilar sýni frumkvæði á því að skipta við íslensk fyrirtæki, íslenska framleiðendur, a. m. k. ætíð þegar það þykir fært.

Á 38. Iðnþingi voru samþykktar fjölmargar ályktanir um hin margvíslegustu málefni iðnaðarins. M. a. lét Iðnþing frá sér fara ályktun um það efni sem þessi till. til þál. fjallar um, þ. e. um innkaup opinberra aðila. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Iðnþing skorar á alla opinbera aðila að setja fastar viðmiðunarreglur um viðskipti og val verktaka, þannig að opinberum innkaupum verði markvisst stefnt til innlendra aðila innan ramma raunhæfs samanburðar á verði og gæðum. Enn fremur bendir Iðnþing á að hið opinbera hefur oft með sinni ákvarðanatöku beint eða óbeint úrslitaáhrif á ýmis stór innkaup. Sérstaklega má þar nefna innflutning og viðgerðir skipa, val verktaka og innkaup vegna stórframkvæmda, svo sem orkuvirkja eða stóriðjuframkvæmda. Þá þurfa opinber innkaup að vera skipulögð þannig að þau geti stuðlað að örri þróun, nýsköpun og vexti í innlendum iðnaði.

Iðnþingið bendir á eftirtalin atriði, sem opinberir aðilar þurfa að hafa í huga:

Nauðsynlegt er að innkaupastofnanir og innkaupastjórar setji sér þá almennu reglu að athuga, hvort vara eða þjónusta sé fáanleg innanlands, og gefi innlendum aðilum ævinlega kost á að gera tilboð.

Setja ber reglur um mat og samanburð á innlendum og erlendum tilboðum opinberra aðila þar sem tekið sé mið af fleiri atriðum en tilboðsupphæð. Er þá átt við atriði eins og það að innlend tilboð megi vera ákveðinni hlutfallsupphæð hærri en erlend, t. d. 20—30%.

Útboð þurfa að koma með það löngum fyrirvara að innlendum fyrirtækjum sé mögulegt að bjóða í verkið.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að oft er ekki á færi innlendra aðila að afgreiða vöru eða inna af hendi þjónustu á jafnskömmum tíma og erlend fyrirtæki. Lengri afgreiðslufrestur kemur því í mörgum tilfellum innlendum aðilum til góða. Ástæða er því til að hvetja innkaupastjóra og stofnanir til að hraða gerð útboðs frá því að ákvörðun er tekin um framkvæmd eða innkaup. Stuttur afgreiðslutími veldur því í sumum tifellum að jafnvel gefst ekki tími til öflunar hráefna, sem oftast koma erlendis frá, hvað þá að tími gefist til að vinna úr efninu. Þetta hefur margoft valdið því að innlendir aðilar hafa hreinlega engin tök á að bjóða í verk.

Hins vegar ætti í mörgum tilfellum að vera hægt að anna fleiri stórum verkefnum á íslenskan mælikvarða ef innlendum aðilum væri gefinn kostur á að afhenda vöru eða vinna að verkefnum í fleiri og smærri áföngum vegna þeirrar sérstöðu umfram erlendu aðilana að vera á staðnum svo að segja, en slíkt er oft ekki hægt þegar seljandi eða verktaki er erlendur. Þannig gæti lengri afgreiðslufrestur unnist upp og jafnvel sparast kostnaður.

Einnig má benda á að víða hjá hinu opinbera eru mörg smáinnkaup sem mætti bjóða út í einu og stuðla þannig að vöruþróun og skapa stærri markað. Í hönnun bygginga og í útboðsskilmálum almennt eru oft ónauðsynleg ákvæði um það efni sem nota skal. Er af þessum sökum oft ógerlegt að nota íslenska framleiðslu þó jafngóð sé og fullnægi að öllu leyti kröfum um notagildi sem gera þarf."

Ég tel ekki óeðlilegt að kynna þingheimi þessa ályktun 38. Iðnþings.

Í grg. með þeirri till. til þál., sem hér er fjallað um, er lítillega minnst á þá herferð sem gerð var á dögunum undir nafninu „Íslensk iðnkynning." Ég held að það hafi verið samdóma álit manna að sú herferð hafi glætt mjög skilning á íslenskum iðnaði, ekki aðeins ráðamanna, heldur og ekki síður almennings í landinu og hafi vakið hugi almennings virkilega til baráttu fyrir málefnum iðnaðarins.

Í þessu sambandi hljótum við að vera sammála um að íslenskri iðnkynningu má raunverulega aldrei ljúka. Sú till., sem hér er til umfjöllunar, þ. e. um innkaup opinberra aðila, er vissulega gott fordæmi og ég er sammála um efni till. Hins vegar vil ég ítreka að það er ekki síður mikilvægt að almenningur í landinu sé sér alltaf meðvitandi um þjóðhagslegt gildi þess að við kaupum íslenskar iðnaðarvörur, að við skiptum við íslensk fyrirtæki.

Herra forseti. Að endingu: Síðasti hv. ræðumaður talaði um fiskkassa. Eigum við ekki að stefna að því að framleiða umrædda fiskkassa á Íslandi?

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ávöxtun skyldusparnaðar, þáltill. (þskj. 166). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef ásamt þm. Páli Pétursyni. Stefáni Valgeirssyni, Alexander Stefánssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni lagt fram svo hljóðandi þáltill. um ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks verði ekki lakari en ávöxtun ríkistryggðra skuldabréfa."

Á undanförnum mánuðum og árum hafa orðið miklar umræður um ávöxtun skyldusparnaðar. Þær umræður hefur borið hingað inn í þingið og get ég t. d. í því sambandi nefnt að hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, lagði fyrir 97. löggjafarþingið svo hljóðandi fsp., sem ég vil lesa, með leyfi forseta:

„Hvað hyggst ríkisstj. gera til þess að leiðrétta vísitölu- og vaxtareikning á inneign skyldusparnaðarinnleggjenda hjá Byggingarsjóði ríkisins og hvenær má vænta þess að leiðrétting verði gerð?"

Þessari fsp. var á sínum tíma ekki svarað.

Eins og reyndar flestir, sem hér eru inni, vita, er samkv. lögum nr. 30 frá 1970 öllum einstaklingum á aldrinum 16 — 25 ára skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sjóð til íbúðarbyggingar eða bústofnunar í sveit. Upphaflega var þessi prósentutala um 6%. Fé það, sem á þennan hátt safnast, er nú ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

Í lögunum segir:

„Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkv. 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr, kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, sbr. e-lið 12. gr. — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkv. 1. mgr. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var innlagt, og með viðbót samkv. kaupgjaldsvísitölu."

Þá segir í lögunum:

„Undanþegnir sparnaðarskyldu eru: a) Gift fólk, sem hefur stofnað heimili. b) Skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám. c) Unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu. d) Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 75 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá. e) Þeir, sem kaupa eða byggja íbúðir til eigin þarfa."

Með lögum nr. 87 frá 1975 voru undanþáguheimildir veittar öryrkjum, einstæðum foreldrum og námsmönnum.

Rétt er að benda á að í þessum umræddu lögum eru sérstök ákvæði sem heimila 25% hærri lánveitingar til þeirra sem skyldusparnað leggja inn á þennan hátt. En mér er tjáð að engin dæmi muni vera til um að þetta ákvæði hafi verið notað.

Á undanförnum árum hefur sparifé þeirra ungmenna, sem með lögum hafa verið skyldað til að leggja fyrir fé, rýrnað mjög í vörslu opinberra sjóða. Hafa ungmenni þannig verið skyldað til að leggja fyrir fé með mun lakari ávöxtun en þau gætu fengið með öðrum sparnaðaraðferðum. Ræður þar mestu um hvaða útreikningsaðferð er beitt við ávöxtun fjárins, en andi laganna verður vart skilinn á annan hátt en þann, að hið skyldusparaða fé skuli fyllilega verðtryggt samkv. kaupgjaldsvísitölu.

Reiknireglur veðdeildar Landsbankans við ávöxtun skyldusparnaðar fela í sér eftirtalin atriði:

1. Verðbætur reiknast einu sinni á ári.
2. Verðbætur reiknast 1. febr. ár hvert og þá á upphæð skyldusparnaðar eins og hún var 1. febr. árið áður.

Dæmi: Einstaklingur, sem hefur skyldusparnað 1. febr. 1979 og leggur mánaðarlega fyrir fé og á 300 þús. kr. á skyldusparnaðarreikningi 1. febr. 1980, fær engar verðbætur það ár, því að lægsta innistæða 1. febr. árið áður er 0.0 kr. 1. febr. 1981 gæti innistæða hans t. d. verið orðin 800 þús. kr. Þá fær hann verðbætur reiknaðar á 300 þús. kr. eða þá innistæðu sem inni var á reikningi 1. febr. 1980 eða árið áður.

3. Verðbætur reiknast ekki á verðbætur. Verðbætur eru hins vegar lagðar á sérstakan reikning til hliðar við aðalreikning skyldusparanda og er sá reikningur vaxtalaus og ekki útleysanlegur fyrr en við lokauppgjör.

4. Þeir sem undanþegnir eru skyldusparnaði, t. d. vegna náms, leggja samt til hliðar 15% launa sinna. Þetta fé fá þeir síðan endurgreitt, en þá engar verðbætur, ef féð er leyst út fyrir 1. febr. Vexti fá þeir hins vegar 4%. Þessir vextir ásamt verðbótum, ef einhverjar eru, fást þó ekki greiddir út fyrr en reikningur er endanlega útborgaður. Vextirnir eru lagðir á bók sem verðtryggist á ofangreindan hátt með 4% vöxtum.

Samkv. þessum reglum er hugsanlegt, og e. t. v. raunar dæmi um það, að ungmenni, sem skyldað er til að leggja fyrir fé, hljóti engar verðbætur á fé sitt í nærfellt tvö ár. T. a. m., ef við búum okkur til dæmi, mundi einstaklingur, sem leggur inn eða hefur skyldusparnað 15. febr. 1979, engar verðbætur fá 1. febr. 1980 vegna þess að innistæðan var engin 1. febr. 1979. Ef þessi einstaklingur síðan af einhverjum ástæðum breytti svo högum sínum að hann keypti íbúð og næði því að taka þetta fé sitt út — við skulum segja í des. 1981 — fær hann fé sitt útgreitt vegna íbúðarkaupanna, en engar verðbætur vegna þess að verðbætur eru ekki reiknaðar fyrr en 1. febr. 1982. Þarna er því um aldeilis fráleitar reiknireglur að ræða, og getur hver maður séð í hendi sér hversu undarleg dæmi geta upp úr þessu komið og hvert réttlæti getur verið í því fólgið að skylda ungt fólk á aldrinum 16 — 25 ára til að leggja fyrir verulegan hluta af tekjum sínum á slíkum kjörum.

Af þessum reiknireglum leiðir margs konar óréttlæti. Ungt fólk er þannig skyldað til að leggja fyrir fé með mun lakari ávöxtun en það getur fengið með öðrum hætti. Þessu til skýringar má búa til ýmis dæmi. Við höfum sett fram í grg. með þessari þáltill. athugun á ávöxtun 2 millj. kr. í fimm ár með þrennu móti. Til þess að skýra málið betur og til einföldunar er í dæmunum reiknað með 50% hækkun kaupgjaldsvísitölu og framfærsluvísitölu á ári. Hér er eingöngu valin þessi prósenta til að sýna að þessar reiknireglur verða þeim mun óréttlátari sem verðbólgan er meiri og sérstaklega þegar litið er til þeirrar óðaverðbólgu sem við höfum búið við að undanförnu.

Í fyrsta lagi: Ef við hugsum okkur að einstaklingur leggi 2 millj. kr. inn á skyldusparnaðarreikning með ávöxtun sem nú gildir um skyldusparnað ungs fólks á hann að fimm árum liðnum á þessum reikningi um 8 millj. kr. Ef þessi einstaklingur leggur hins vegar 2 millj. kr. inn á tólf mánaða vaxtaaukareikning, sem nú er með 43.5% vöxtum, á hann að fimm árum liðnum 12 millj. kr.

Hátekjumaður, sem hins vegar er skyldaður með skattalögum til að leggja 2 millj. kr. fyrir og lætur þær ávaxtast samkv. þeim reglum sem nú gilda um skyldusparnað hátekjumanna, ætti eftir fimm ár 15 millj. kr. Hefðu 2 millj. kr. verið lagðar í ríkistryggð skuldabréf væri ávöxtunin mun meiri.

Af þessu sést, ef borinn er saman skyldusparnaður hátekjumanna og skyldusparnaður ungs fólks, miðað við þessar forsendur, að fé hátekjumanna er nær tvöfalt betur ávaxtað. Skyldusparnaður hátekjumanna er þó talinn til skattlagningar, en skyldusparnaður ungs fólks er hugsaður til þess að búa í haginn fyrir það í framtíðinni.

Inngreitt fé í skyldusparnað mun á árinu 1979 hafa numið um 6 milljörðum kr. Verulegur hluti þess, eða um 5 milljarðar, mun hafa verið endurgreiddur á árinu, ýmist vegna undanþága eða lokauppgjörs. Þeir tæpu 6 milljarðar, sem inn komu á tímabilinu frá 1. febr. 1978 til 1. febr. 1979, verðbætast ekki á því ári. Hins vegar eru greiddir á féð 4% vextir. Skólanemandi, sem vinnur sér inn fé yfir sumartímann og leggur 15% launanna í skyldusparnað, fær nokkrum mánuðum seinna féð útgreitt án verðbóta, en með 4% vöxtum, sem haldið er þó fyrir honum við lokaávöxtun í mörg ár. Ríkið hefur þannig orðið sér úti um ódýrt lánsfé.

Ekki er ljóst hvert eftirlit er af opinberri hálfu með því að skyldusparnaður, sem tekinn er af ungmennum, komi til skila í opinbera sjóði. Á þessum aldri eru ekki allir hirðusamir um fé sem ekki fæst útgreitt fyrr en eftir mörg ár. Mikil ábyrgð hvílir á opinberum aðilum að ungt fólk beri ekki af þessu fyrirkomulagi enn frekara tjón en er lýst að framan.

Samkv. lögum nr. 10 frá 1961 höfum við flm. helst skilið það svo að bankaeftirlit Seðlabankans eigi að hafa eftirlit með ávöxtun skyldusparnaðar. Við höfum sagt í grg. að óljóst sé hvernig það eftirlit fari fram. Forstöðumaður bankaeftirlitsins hefur tjáð mér að hann telji það ekki hlutverk bankaeftirlitsins að fylgjast með ávöxtun skyldusparnaðar og hafi bankaeftirlitið því ekki skipt sér af því máli. Það vekur auðvitað enn á ný sterkar upp þá spurningu, hversu eftirliti sé háttað með framkvæmd þessara laga.

Í frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem nú liggur fyrir Alþ., eru ákvæði um skyldusparnað ungs fólks. Segir þar að verðtrygging skyldusparnaðar skuli vera samkv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands. Ekki er kveðið á um hversu reikna skuli. Er þá litlu eða engu betur komið en í eldri lögum þar sem kveðið er á um verðtryggingu samkv. kaupgjaldvísitölu. Þetta kann mörgum að þykja nokkuð harkalega orðað, en þetta er þó sagt af biturri reynslu. Ég segi það, að mér er ómögulegt að skilja anda hinna eldri laga á annan veg en þann að skyldusparnaður ungs fólks skuli ávaxtaður samkv. kaupgjaldsvísitölu. Framkvæmdin er þessi vegna reiknireglnanna. Samþykki menn á Alþ. lög um að skyldusparnaðurinn skuli í stað þess að vera ávaxtaður eftir kaupgjaldsvísitölu vera ávaxtaður samkv. lánskjaravísitölu fullyrði ég að við erum engu betur komin nema nánar sé kveðið á um hversu reikna skuli.

Í Ólafslögum svonefndum er kveðið á um skilyrði verðtryggingar og jafnframt um grundvöll verðtryggingar. Seðlabankinn hefur sett sérstakar reglur um lánskjaravísitölu og jafnframt um verðbætur, — þá á útlán að því er ég best fæ skilið. Þær reglur, sem Seðlabankinn hefur sett, ná því að mínu viti engan veginn yfir ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks. Þess vegna er alveg óhjákvæmilegt að alþm. taki ákvörðun í þessu máli og geri sérstaka samþykkt, því ég hygg að það hljóti að vera alveg ljóst að þegar alþm. á sínum tíma samþykktu að skyldusparnaður ungs fólks skyldi ávaxtaður samkv. kaupgjaldsvísitölu hafi enginn þeirra reiknað með þeirri framkvæmd sem nú hefur komið fram í reynd.

Mikil nauðsyn og réttlætismál er að nú þegar og án tafar verði útreikningsreglum um ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks breytt á þann veg að ávöxtun þessa lögþvingaða sparnaðar verði eigi lakari en ríkistryggðra skuldabréfa. Ella verður þessi lögþvingaði sparnaður ungs fólks ekki skilinn öðruvísi en sérstök skattlagning á þessa hópa í þjóðfélaginu. Slík skattlagning brýtur að líkindum í bága við stjórnarskrá landsins. Skyldusparnaður af þessu tagi er því aðeins réttlætanlegur að féð sé ávaxtað með bestu fáanlegu kjörum. Þessi þáltill. er flutt hér á Alþingi til að taka af öll tvímæli.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er alfarið sammála hv. flm. þeirrar þáltill., sem hér er á dagskrá, um að ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks hefur frá byrjun verið mjög ábótavant. Einkum og sér í lagi á þetta við eftir að óðaverðbólga síðustu allmargra ára kom til sögunnar. Aftur á móti fæ ég með engu móti séð né skilið hvers vegna þeir, þ. e. hv. flm., telja sig þurfa að rangtúlka svo mjög efni frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins varðandi þetta atriði. Einmitt vegna þess að ég er sammála hv. flm. þáltill. um nauðsyn skjótra úrbóta í þessum málum beitti ég mér fyrir gerbreytingu í þessum efnum með frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, en þar er einn kaflinn um þetta atriði sérstaklega og er svo einnig í núgildandi lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Í 70. gr. þess frv. segir m. a. um endurgreiðslu skyldusparnaðar, með leyfi forseta:

„Skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkv. 1. mgr. með sömu vöxtum og gilda á hverjum tíma fyrir lán samkv. 1. tölul. 10. gr. frá þeim tíma, er það var lagt inn, að viðbættum verðbótum samkv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands samkv. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðarbygginga frá Byggingarsjóði ríkisins og mega þau lán vera allt að 5% hærri en gildandi lánahlutfall samkv. 32. gr. þessara laga er á hverjum tíma.“

Í lögum nr. 13 frá 1979, sem oft eru nefnd Ólafslög, en til þeirra er vitnað í frv., og í reglum, sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga, er skýrum stöfum sagt hvernig fara skuli með verðtryggingu fjárskuldbindinga. Lánskjaravísitalan er reiknuð út mánaðarlega og er að 2/3 hlutum bundin framfærsluvísitölu og að 1/3 hluta bundin byggingarvísitölu.

Hv. 12. þm. Reykv. segir að lánskjaravísitala Seðlabankans eigi eingöngu við um lánsfé, ekki spariinnlán, ekki verðtryggð ríkisskuldabréf. **(Gripið fram í:** Útlán.) Útlán, já, eingöngu um útlán, en ekki verðtryggð ríkisskuldabréf. Í 39. gr. laga um efnahagsmál o. fl., sem lánskjaravísitalan byggist á, er á mörgum stöðum tekið fram að lánskjaravísitalan eigi við bæði um inn- og útlán. Þar segir t. d., með leyfi forseta:

„1) Að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn; 2) að við endurlán verðtryggðra peningalána standist verðtryggingarákvæði í aðalatriðum á í báðum samningum."

Enn fremur: „Seðlabankinn skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum."

Greinilegt er því, að löggjafinn ætlast til sams konar verðtryggingar inn- og útlána. Þar við bætist svo, að einmitt þessa dagana er Seðlabankinn að auglýsa sölu á verðtryggðum ríkisskuldabréfum sem bera 3.5% vexti og eru verðtryggð samkv. sömu lánskjaravísitölu og gengið er út frá í frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Í þessum efnum fer því ekkert á milli mála og ekkert gefur hv. flm. tilefni til að segja: Ekki er kveðið á um hversu reikna skuli o. s. frv.

Í 70. gr. frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins með tilvitnun til laga um efnahagsmál o. fl., nr. 13 frá 1979, og reglum, sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga, er þessu m. a. slegið föstu:

1) Að reiknaðir skuli 3.5% vextir af skyldusparnaðarfénu, en það eru sömu vextir og áætlaðir eru af almennum útlánum Byggingarsjóðs ríkisins.

2) Að vextir og verðtrygging skuli reiknað frá þeim degi, sem skyldusparnaðarféð er lagt inn, og til þess dags, er sparnaði lýkur og féð er tekið út.

3) Að höfuðstóll, áunnir vextir og verðbætur skuli hækka samkv. lánskjaravísitölu Seðlabankans mánaðarlega. — M. ö. o. að skyldusparnaðarféð skuli a. m. k. jafnvel verðtryggt og væri það í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Texti 70. gr. frv. var sérstaklega borinn undir sérfræðinga Seðlabankans til þess að ganga úr skugga um að verðtryggingin væri eins góð og um verðtryggð ríkisskuldabréf væri að ræða. Voru sérfræðingarnir á einu máli um að svo væri.

4) Er því slegið föstu að skyldusparendur fái framlög sín dregin frá tekjum við álagningu tekjuskatts og útsvars, sbr. 69. gr. frv., en það fá menn hvorki við kaup verðtryggðra ríkisskuldabréfa né við skyldusparnað hátekjumanna, svo tekin séu dæmi hv. flm. þessarar þáltill. Slíkt skattfrelsi fylgir reyndar engum öðrum sambærilegum sparnaði. Vextir og verðtrygging skyldusparnaðarins svo og endurgreiðsla hans er einnig skattfrjáls. Enn fremur er hann skattfrjáls sem eign.

5) Að skyldusparendur sitji fyrir um lánveitingu frá Húsnæðismálastofnun og eigi auk þess rétt á hærri lánum en aðrir.

Um þetta allt segja hv. flm. þeirrar þáltill. sem hér er á dagskrá: Er þá litlu eða engu betur komið en í eldri lögum. — Hvílík fjarstæða.

Ég er sammála flm. þáltill. um nauðsyn skjótra breytinga frá því sem nú er í þessum efnum. Aftur á móti er þáltill. óþörf með öllu ef frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins verður að lögum á þessu þingi, því þar er gengið mun lengra til móts við hagsmuni skyldusparenda en þáltill. gerir ráð fyrir. Á blaðamannafundi í sept. s. l., þar sem stefnumótun þáv. ríkisstj. í húsnæðismálum var kynnt, kom ég inn á galla núv. kerfis varðandi ávöxtun skyldusparnaðar ungmenna og lýsti því þá yfir að úr yrði bætt með nýjum lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Auk þess sem áður segir um efni frv. að þessu leyti er þetta ítrekað og undirstrikað í grg. þess og í framsöguræðu minni með því. Fullyrðingar hv. flm. þáltill. um þetta atriði frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins eru því að mínu mati bæði ómaklegar og algjörlega rangar.

Hitt er svo annað mál, að ekkert útlit virðist vera fyrir að núv. hæstv. ríkisstj. ætli að standa við það loforð í stjórnarsáttmálanum að ný löggjöf um húsnæðislánakerfi komi hið fyrsta til framkvæmda, eins og það er orðað. Í nýsamþykktum fjárlögum eru markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna skornir niður um tæplega 3.9 milljarða kr., hvorki meira né minna, eða um meira en þriðjung. Með þessu er verið að eyðileggja alla möguleika til uppbyggingar öflugs veðlánakerfis í næstu framtíð og þar með allar meiri háttar umbætur í húsnæðislánamálum. Þar við bætist að þessi niðurskurður markaðra tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna er brot á samkomulagi sem á sínum tíma var gert við launþegasamtökin.

Það er auðvitað hægt að bjargast eitt og eitt ár með auknum lántökum til veðlánakerfisins, en það er ólíku saman að jafna: lántökum annars vegar og tekjum af mörkuðum tekjustofnum hins vegar. Við byggjum aldrei upp öfluga lánasjóði með auknum lántökum og endurlána síðan fé með lægri vöxtum og til lengri tíma. Þvert á móti tæmum við sjóðina með þeim hætti. Það liggur í augum uppi.

Það er algjört grundvallaratriði fyrir meiri háttar umbótum í húsnæðislánakerfinu, sem aldrei verður nægilega undirstrikað, að núv. tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna verði óskertir næstu 10 — 12 árin. Ef þannig verður á málum haldið og ef frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins verður lítt breytt að lögum geta umræddir sjóðir aukið í áföngum lán sín til húsbyggjenda úr 10—30%, eins og þau eru, í 80% á næstu 9—10 árum og geta að þeim tíma liðnum staðið á eigin fótum án verulegra ríkisframlaga. Eftir þann tíma þyrftu ríkisframlögin einungis að mæta vaxtamismun á útlánum Byggingarsjóðs verkamanna.

Ég endurtek: Fyrst verður að byggja sjóðina upp, en það verður aldrei gert ef markaðir tekjustofnar þeirra verða skornir niður eins og nú er gert í fjárlögum. Það verður aldrei gert ef stefna fjárlaganna í þessum efnum verður ráðandi.

Ef svo illa fer, sem ég óttast vegna þessa niðurskurðar í fjárlögum, að lítið verði gert til raunverulegra umbóta í húsnæðismálum eða húsnæðislánamálum og ef tafir verða á afgreiðslu frv. þess um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem ég lagði fram í des. s. l., má segja að samþykkt þáltill., sem hér er til umr., gæti orðið til bóta. Þó

finnst mér hún í aðra röndina sýndarmennskan einber. Þá skoðun mína rökstyð ég með því að önnur aðalforsenda þáltill. er sú, að ekki sé nægilega tryggilega gengið frá þessum málum í frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi. Ég tel mig hafa sýnt fram á að sú forsenda sé röng.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Við raunvaxtamenn hljótum auðvitað að fagna þeim liðsauka sem okkur hefur bæst í dag — þeim fimm hv. þm. sem eru flm. að þessari þáltill. Ég vil segja það strax, að ég er stuðningsmaður þessarar till., en undirstrika þó þá fyrirvara sem fram komu í máli hv. 5. þm. Suðurl., Magnúsar H. Magnússonar, áðan. Og ég er honum sammála um það einnig, að manni dettur óneitanlega í hug að hér sé um sjónarspil að ræða, líka vegna þess að frumvarpssmíð — og frv. er óneitanlega sterkari pappír en þáltill. — er ekki ýkjamikill vandi í þessum efnum. Jafnfær þm. og hv. 12. þm. Reykv. vissulega er, einkum í slíkum efnum, á auðvitað ekki að þurfa að beygja sig fyrir sérfræðingavaldi og biðja sérfræðinga um að semja slíkt frv. fyrir sig. Það er það sem þáltill. gengur út á, en slíkt er hann fullfær um á eigin spýtur. — Þegar við óbreyttir þm. Alþfl. fluttum raunvaxtastefnuna inn á Alþ., gerðum við það vitaskuld ekki með þáltill., ekki með því að skora á ríkisstj. að taka hana upp. Slíkt væru dauðir pappírar. Það, sem við auðvitað gerðum, var að bera stefnuna fram í formi frv. Sú stefna sigraði hér á 6 — 7 mánuðum og fór inn í þau lög sem gjarnan hafa síðan verið uppnefnd og kölluð Ólafslög.

En það má hafa um þetta fleiri orð. Ég vil þó undirstrika það sem fram kom hjá hv. 5. þm. Suðurl., Magnúsi H. Magnússyni, að þessi stefna er til í formi frv. og liggur fyrir þinginu, þ. e. í formi frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Það, sem mestu máli skiptir í verðtryggingarmálum, er að raunvaxtastefnan sem slík nái fram að ganga. Hún gerði það í lögum nr. 13 frá árinu 1979, en sem kunnugt er hefur ríkisstj.heykst á því að framkvæma slíka stefnu. Hins vegar er ég út af fyrir sig nákvæmlega sammála flm. þessarar þáltill. um að það geti verið réttlætanlegt að taka einstaka þætti út úr og verðtryggja þá sérstaklega með sérstökum lögum, m. a. vegna þess að ríkisstj. eru misgóðar eða misvondar eins og við vitum. Það getur alltaf komið ríkisstj. sem við vitum að heykist á raunverulegri ávöxtun sparifjár eða framkvæmd raunverulegrar raunvaxtastefnu. Þá er rétt að hafa eins konar öryggislög. Slík lög verða t. d. að vera til að því er varðar verðtryggingu dómkrafna. Ég vil greina Sþ. frá því, að fyrir u. þ. b. viku eða svo var hæstv. dómsmrh. afhent fullbúið mjög ítarlegt frv. um verðtryggingu dómkrafna og hann gæti þess vegna lagt það frv. fram með engum fyrirvara. Ég vek á því athygli í þessu samhengi vegna þess að þar er eðlislægt alveg um sama málið að ræða: fullkomna verðtryggingu skyldusparnaðar ungs fólks.

Það er alveg ljóst að skyldusparendur hafa verið beittir óþolandi rangindum á undanförnum árum. Það er auðvitað siðlítið eða siðlaust með öllu að með einum lögum megi skylda fólk eða neyða til að leggja eigið fé til hliðar, en haga annarri lagasetningu svo, — þá á ég við lagasetningu í vaxtamálum, — að fólk fái ekki greitt til baka nema brot af því sem það er skyldað til að leggja til hliðar. Auðvitað sér hver maður að þetta er enn ein ranghverfan á verðbólgunni, sem við eyðum sennilega 2/3 af tíma okkar í að reyna að verjast með einum eða öðrum hætti. Þessi till. til þál. er táknræn varnarumræða gegn verðbólgunni.

Ég vona að málið sé ekki flutt í þessu formi, þ. e. í þál.-formi, vegna þess að flm. viti að auðvitað komi ekkert út úr því. Þó ég hafi ekki langa þingreynslu, eða frá miðju ári 1978, fullyrði ég við hv. flm., að það er alveg steindautt form sem þeir hér leggja til. Það hefur mikil umræða farið fram um ávöxtun skyldusparnaðar í fjölmiðlum og annars staðar. Það er til útfærsla í lagafrv., eins og hv. þm. Magnús Magnússon greindi frá áðan. Að koma núna með þetta mál í formi þál. er því miður heldur óvænleg leið. Ég geri ráð fyrir að hér valdi lítil þingreynsla hv. 1. flm. Ég viðurkenni sjálfur að ég hélt, þegar ég kom hér fyrst inn, að þessi mál gengju öðruvísi fyrir sig, en reynslan, þó ekki sé hún löng, hefur kennt mér að þáltill. er steindautt form. Því er nú verr og miður.

Það gengur á ýmsu að því er varðar vaxtastefnuna í landinu. Hún er þó sjálfur grundvöllur þessa. Það vitum við auðvitað öll mætavel. Við vitum líka að ríkisstj. eru misjafnar og að svo getur vel farið að hér verði rekin mjög neikvæð vaxtastefna á næstu árum. Þess vegna er réttlætanlegt að taka einstök réttlætismál út úr og hafa um þau eins konar baklög eða varalög til þess að tryggja hagsmuni þeirra sem hlut eiga að máli.

Ég held að það sé samt í þessu sambandi og þessu samhengi rétt að vekja athygli á því, hvernig Bandaríkjamenn fara að við svipaðar kringumstæður og hvernig þeirra efnahagskerfi vinnur. Þeir hafa nú staðið um nokkurra mánaða skeið frammi fyrir 18% verðbólgu eða mestu verðbólgu í sögu sinni. Þar hvarflar ekki að neinum manni eitt augnablik að reka lánakerfi með neikvæðum ávöxtunarkjörum, heldur eru vextir þegar í stað, forvextir hjá lykilbönkum, settir upp í 18,5%, enda sér auðvitað hvert barn að efnahagskerfi gengur ekki öðruvísi en að lántakendur borgi lán til baka og sparendur séu tryggðir. Þess vegna finnst mér, þó að ég viti auðvitað um góðan hug — og vil satt að segja biðja afsökunar á því ef orð mín hafa gefið annað í skyn — þeirra sem þessa till. til þál. flytja, að kannske vanti helst á hinn almenna skilning á réttmæti raunvaxtastefnunnar, á réttmæti þeirrar stefnu að lántakendur borgi lán sín til baka og sparendur séu tryggðir fullkomlega. Ef hér væru raunhæf ávöxtunarkjör þyrftum við hvorki sérstök lög um skyldusparnað né sérstök lög um dómvexti. Það er kjarni málsins. Ég fellst á það með flm. líka, vegna þess hvaða ríkisstj. situr í landinu, að það er ekki víst að þetta náist á allra næstu árum. Þess vegna eru dómvextir rétt mál. Þess vegna er þessi till. til þál. ekki aðeins rétt mál, heldur einnig réttlætismál.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Með till. þeirri til þál., sem hér er til umr., er sannarlega hreyft þörfu og nauðsynlegu máli. Framkvæmd ávöxtunar skyldusparnaðar ungs fólks er með öllu óhæf eins og henni er nú háttað og stjórnvöldum til vansæmdar að hafa ekki fyrir löngu gert bragarbót á.

Ungt fólk er skyldað til að leggja til hliðar 15% af launum sínum í því skyni að mynda varasjóð til íbúðarbygginga eða kaupa eða til bústofnunar í sveit, og er sá tilgangur bæði þarfur og góður. Í lögunum segir að fé þetta skuli ávaxta með 4% vöxtum og með viðbót samkv. kaupgjaldsvísitölu, og mætti því ætla að málum væri vel borgið og sparnaðurinn tryggður. En þegar málin eru

skoðuð nánar kemur í ljós að framkvæmdin er meingölluð.

Í grg. með þáltill. eru þessi mál rakin og útskýrð svo ítarlega, jafnframt því sem 1. flm. till. hefur gert nánari grein fyrir málunum, að óþarft er að tefja tímann með því að fara um þessi mál öllu fleiri orðum. Þó get ég ekki stillt mig um að ítreka og benda á dæmið um skyldusparnað hátekjumanna og samanburðinn við skyldusparnað unga fólksins, sem sett er upp í grg., en þar er greint frá því, að ef einstaklingur leggur 2 millj. inn á skyldusparnaðarreikning með ávöxtun, sem nú gildir um skyldusparnað unga fólksins, á hann að fimm árum liðnum á reikningi sínum 8 millj. kr. Ef hátekjumaðurinn hins vegar, sem skyldaður er með skattalögum til að leggja 2 millj. kr. fyrir, lætur þær ávaxtast eftir þeim reglum, sem gilda um skyldusparnað hátekjumanna, á hann eftir fimm ár rúmar 15 millj. Ef höfuðstóllinn er dreginn frá er ávöxtunin í fyrra dæminu 6 millj., en í seinna dæminu 13 millj. Skattlagning hátekjumannsins er meira en tvöfalt betur ávöxtuð en skyldusparnaður unga fólksins. Hér hefur ríkið orðið sér úti um ódýrt lánsfé. Byggingarsjóður ríkisins hefur vissulega notið þess.

Ljóst er að þegar — ég segi: þegar, því það er óhjákvæmilegt — þessi framkvæmd ávöxtunar sparifjárins verður leiðrétt missir Byggingarsjóður ríkisins spón úr aski sínum og við því verður að bregðast á viðunandi hátt. Vissulega þarf Byggingarsjóðurinn á fjármagni að halda, en það réttlætir ekki margumrædda meðferð á þessu sparifé unga fólksins. Þetta er í raun skattlagning eins og nú er að málum staðið.

En það verða einnig aðrir en ríkissjóður sér úti um ódýrt lánsfé. Ég hef nýlega heyrt dæmi um að fyrirtæki nokkurt greiddi ungum námsmanni út það fé er það hafði af honum tekið í skyldusparnað í s. l. sumri. Fyrirtækið hafði ekki skilað fénu til réttra aðila, heldur notað sjálft í veltu sinni og greiddi það nú út með 4% vöxtum, en að sjálfsögðu án allrar verðtryggingar. Það er kannske ekki verra að fyrirtæki í atvinnulífinu njóti þessa ódýra lánsfjár en Byggingarsjóður ríkisins, en þetta er þó ljóst dæmi um það ástand sem ríkir í þessum málum.

Í frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem nú liggur fyrir Alþ., er ákvæði um skyldusparnað unga fólksins. Í umr. um frv. það í Ed. Alþ. 16. jan. s. l. ræddi ég lítils háttar um þessi mál, en í 70. gr. þess frv. segir, með leyfi forseta:

„Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkv. 1. mgr. 69. gr., hefur náð 26 ára aldri eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr, kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkv. 1. mgr. með sömu vöxtum og gilda á hverjum tíma fyrir lán samkv. 1. tölul. 10. gr., frá þeim tíma er það var lagt inn, að viðbættum verðbótum samkv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands samkv. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979."

Þetta var tilvitnun í frv. til 1. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Lánskjaravísitala Seðlabankans er reiknuð mánaðarlega og ætti því að vera hægt að reikna út upphæð verðbóta á hverjum tíma í stað einu sinni á ári eins og nú er. En hér þarf að mínu mati að kveða nánar á um málsmeðferðina. Það er ekki nóg að það standi í lögum svona. Það þarf að gera betur grein fyrir hvort verðbætur eigi að leggjast við höfuðstólinn árlega og bera þar með vexti og verðbætur eins og skyldusparnaðurinn sjálfur eða hvort þær eigi áfram að liggja á biðreikningi vaxta- og bótalausar eins og nú er.

Í svari þáv. hæstv. félmrh. og núv. hv. 5. þm. Suðurl., sem reyndar kom inn á þessi mál nokkuð í umræðunum fyrr, segir svo, með leyfi forseta:

„Varðandi skyldusparnaðinn er það að segja, að það var rétt, sem hv. 5. þm. Norðurl., e. sagði, að haft hefur verið verulegt fé af ungmennum á undanförnum árum. Verðbæturnar eru reiknaðar út einu sinni á ári, í febrúar. Síðan eru þær settar á sérstakan reikning og ekkert verðbættar meira. Einungis grunnurinn er verðbættur. Við höfum þannig snuðað ungmennin um kannske helminginn af þeim vöxtum sem þau hefðu raunverulega átt að fá.

Þannig eru gömlu lögin. Það hefur verið látið reyna á þetta fyrir rétti og þessar reglur dæmdar löglegar, en þær eru langt frá því að vera eðlilegar."

Síðan segir í þessari tilvitnun til orða fyrrv. hæstv. félmrh.:

„Það er tekinn af allur vafi um það í kaflanum um skyldusparnað, VI. kaflanum, að skyldusparnaður skuli vera verðtryggður eins og best er gert annars staðar. Það á ekki að vera neinn vafi á því í sjálfum kaflanum og í reglunum, að verðtryggingin á að vera eins og best er á verðtryggðum bréfum."

Svarið felur í sér viljann til úrbóta, en mér finnst ákvæðin ekki vera nægjanlega ljós í frv. frekar en í eldri lögunum.

Frv. það um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem ég hef hér vitnað til, er nú til meðferðar í n., en ekki er enn þá ljóst hvenær þeirri umfjöllun lýkur né hvenær Alþ. tekst að afgreiða það sem lög, vegna umfangs þess og nauðsynjar á að það fái góða og vandaða meðferð. Því tel ég rétt að þessi þáltill. fái skjóta afgreiðslu og meðferð í þeirri von að án frekari tafar sé hægt að leiðrétta þann ranglæti sem ungt fólk er beitt með núverandi aðferðum við útreikning verðbóta og ávöxtun fjár þess.

Þingreynsla kennir mönnum að sjálfsögðu ýmislegt og vera kann að till. til þál. sé marklaust plagg, en illt er, ef satt er, að allri vinnu og öllum tíma, sem fer í þáltill. á hæstv. Alþ., sé varið til einskis.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að tala í þessu máli og skal þess vegna gera það að litlu leyti, þótt auðvitað sé ástæða til að ræða vaxta- og verðbótamál á hv. Alþingi.

Hér er verið að ræða um anga af stóru máli, þ. e. það sem snýr að verðbólgunni, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason benti réttilega á. Okkur er væntanlega ljóst að með verðbótum eða bundnum vöxtum, raunvöxtum sem hann kallar svo, er ekki verið að koma í veg fyrir sjálfa verðbólguna, heldur það sem skiptir kannske enn meira máli: koma í veg fyrir verstu afleiðingu hennar, þ. e. þá afleiðingu sem lýsir sér í því að fjármagnið rennur til framkvæmda, sem ekki eru arðbærar, og að þannig eru lífskjör almennings rýrð. Það liggur í augum uppi að skyldusparendur hljóta að eiga að njóta forgangs um ávöxtunarkjör. Þeir hafa um það lítið að segja og peningarnir eru af þeim teknir án þess að þeir séu spurðir. Það gegnir þess vegna jafnvel öðru máli um þá en þá sem vegna þess að þeir eiga til skiptanna, eiga umfram það sem þeir þurfa að nota á hverjum degi, geta keypt ríkisskuldabréfin. Þannig finnst mér vera algjörlega augljóst

mál að skyldusparendur eiga að ganga fyrir og njóta bestu kjara, ef við á annað borð erum að burðast með skyldusparnaðarkerfi.

Ég skal gjarnan viðurkenna það, og ég held að gott sé að þau sjónarmið komi fram hér í sölum hv. Alþingis, að ég hef stundum velt fyrir mér hvort réttlætanlegt sé að efna til skyldusparnaðar á borð við þann sem hér er verið að ræða um, einfaldlega vegna þess að eftir reglum um hann er ekkert farið. Þeir, sem eru skyldaðir til að spara, njóta t. d. ekki þess hjá Húsnæðismálastofnuninni að fá lán eða ganga fyrir um lán, þótt það standi skýrum stöfum í reglunum. Til viðbótar er fjöldi manna, eins og hér hefur komið fram og er gamalt mál, undanþeginn þessum reglum, en aðrir þurfa samt að sæta því að peningar séu af þeim teknir, geymdir í ákveðinn tíma og borgaðir síðan á verðbólgutímum, ekki síst þegar við höfum hæstv. ríkisstj. sem tryggir okkur upp í 60—70% verðbólgu á ári, nánast án nokkurra vaxta. Þannig var það til skamms tíma.

Ég stóð hér upp til að segja frá því m. a., að ég rak á sínum tíma mál fyrir iðnnema hér í bænum sem ákvað að geyma peninga sína með þessum hætti og njóta seinna þeirra fríðinda sem skyldusparnaðarreglurnar áttu að bjóða honum. Hann fékk ekki skattfrádrátt út á þetta, vegna þess að honum var heimilt að fá peningana endurgreidda. — Þetta nefni ég hér vegna þess að ríkisvaldið og þeir, sem standa að framkvæmd laga, reyna oftast eins og þeir geta að hlunnfara þá sem lána þeim fé, eins og hér er um að ræða, og ekki síst þá sem ekki hafa kosningarrétt og geta ekki talað sínu máli í þjóðfélaginu í almennum kosningum. Það er þess vegna spurning hvort það sé réttlætanlegt yfirleitt að efna til skyldusparnaðar á borð við þennan sparnað, hvort ekki sé kominn tími til þess að vaxtakjörum í landinu sé breytt á þann veg, að hver og einn sem vill geti lagt til hliðar fjármagn og fengið það að fullu endurgreitt. Þá á ég við að höfuðstóllinn komi að fullu til baka.

En á meðan við höfum ríkisstjórnir í þessu landi sem sinna ekki einu sinni lögum sem meiri hl. þeirra hefur staðið að verður auðvitað að fara þá leið sem hér er verið að leggja til. Á meðan við höfum ríkisstjórnir í þessu landi sem hundsa lög eins og svokölluð Ólafslög, en í þeim segir skýrt og skorinort að í lok þessa árs eigi að vera komið það vaxtastig í landinu að fólk eigi að fá höfuðstólinn bættan, þá er auðvitað nauðsynlegt að efna til andstöðu á þinginu með öllum tiltækum ráðum til að ná því fram sem menn vilja fá fram. Ég skil vel hina ungu þm. Framsfl., að þeir skuli gera uppreisn með þessum hætti gegn þeim herrum sem þeir hafa sjálfir valið til forustu í landinu, og ég lýsi því yfir að ég mun styðja viðleitni þeirra til þess.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þær ágætu undirtektir sem þessi þáltill. hefur hlotið hér. Ég geri mér, eftir að hafa heyrt þær, vonir um að þessi till. ætti að geta gengið nokkuð hratt í gegnum þingið.

Það, sem gefur mér aðallega tilefni til að standa hér upp aftur, eru orð hv. 5. þm. Suðurl., Magnúsar H. Magnússonar. Ég vil byrja á að reyna að sannfæra hann um að þessi þáltill. er hvorki flutt til að koma höggi á hann né gera lítið úr frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Það er langt frá því. Hins vegar ber nokkuð á milli í skilningi okkar á ákvæðum frv. varðandi skyldusparnað ungs fólks. Ég veit ekki hvort það hefur þýðingu — ég hef reynt það áður — að gera hv. þm. grein fyrir í hverju það liggur að ég tel þessi ákvæði frv. ekki nægilega skýr, en að gefnu tilefni held ég að ég verði að fara örfáum orðum um það.

Hv. 5. þm. Suðurl., Magnús H. Magnússon, segir að samkv. 70. gr. frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins og Ólafslögum svonefndum, ásamt þeim reglum sem á grundvelli þeirra laga hafa verið settar, sé skýrum stöfum sagt hversu fara skuli með verðtryggingu á skyldusparnaði ungs fólks. Ég fullyrði að þetta er rangt. Þetta er rangur skilningur þm. Ég hef reynt að bera þetta saman, lesa þessar reglur, og ég verð því miður að segja að með þessu eru alls ekki tekin af öll tvímæli. Nú kann vel að vera að einhver segi: Er ekki verið að elta ólar einum of langt við orðhengilshátt? Það má vel vera að einhver segi: Er ekki fulllangt gengið í að vantreysta þessum orðum um verðtrygginguna? En því svara ég aftur, að bitur reynsla fortíðarinnar sýnir okkur að það verður að taka af öll tvímæli í þessu máli. Hjá því verður alls ekki komist.

Lítum aðeins á það sem hér er um að ræða. Í 70. gr. frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins segir að þetta fé skuli verðbætt samkv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands. Fyrri lögin sögðu að verðbætt skyldi samkv. kaupgjaldsvísitölu. Á þessu er ekki grundvallarmunur. En höldum áfram. Í viðbót við þetta vísar þm. til Ólafslaga. En hvað segja Ólafslög? Ólafslög eru sérstök lög, sem sett voru og kveða á um heimild til verðtryggingar, skilyrði verðtryggingar og grundvöll verðtryggingar. Þar er jafnframt sagt um grundvöll verðtryggingar að hann skuli miða við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma, hvort sem það er lánskjaravísitala, kaupgjaldsvísitala eða hvað sem það er. Það er eingöngu kveðið á um að grundvöllinn skuli miða við opinbera vísitölu. En fyrri lögin miðuðu líka verðtryggingu skyldusparnaðar ungs fólks við opinbera vísitölu, nefnilega kaupgjaldsvísitölu. Samt gerist þetta.

Jafnframt vísar þm. til þeirra reglna sem settar hafa verið á grundvelli þessara laga. Þá mætti halda að þær reglur tækju af öll tvímæli um hversu reikna skuli. Þær reglur, sem ég hefi fundið og fengið upplýsingar um í Seðlabankanum, sem settar eru á grundvelli þessara laga, eru í fyrsta lagi auglýsing Seðlabankans frá 29. maí 1979, en þar segir eingöngu að reiknuð skuli mánaðarlega lánskjaravísitala. Önnur auglýsing Seðlabankans frá 29. maí 1979, en þar segir eingöngu að reiknuð skuli mánaðarlega lánskjaravísitala. Önnur auglýsing Seðlabankans er frá 29. nóv. 1979, en þar eru taldar upp þær tegundir verðtrygginga sem heimilt er að beita í lánssamningum utan lánastofnana. Reglurnar, sem þarna er talað um, miðast eingöngu við útlán og þær eru með þeim hætti að engin leið er að miða ávöxtun skyldusparnaðar við þær, enda alls ekki til þess ætlast. Og hvað er það þá sem þm. er að segja? Hvernig getur hann staðið hér upp og sagt að frv., Ólafslög og þær reglur, sem á grundvelli þeirra hafa verið settar, kveði skýlaust á um að verðtrygging skyldusparnaðar ungs fólks skuli reiknuð með þeim hætti sem hann lýsti hér? Þetta eru nokkuð stór orð, og ég er hræddur um að þm. eigi erfitt með að standa undir því, ekki síst ef sett yrði svo á grundvelli slíkra laga reglugerð með svipuðum hætti og sú fyrri. Og nú skulum við líta svolítið nánar á málið. (**HBl:** Hvaða máli skiptir hvað stendur í Ólafslögum?) Það getur skipt talsverðu

máli hvað stendur í lögum. En við skulum líta svolítið nánar á þetta mál.

Hvað er það sem kemur í veg fyrir að reglugerð yrði sett, þrátt fyrir allt þetta, sem kveði á um að verðtrygging skyldusparnaðar ungs fólks skyldi reiknuð einu sinni á ári? Hvað er það sem kemur í veg fyrir að þetta yrði ákveðið þrátt fyrir frv. og þessi lög og reglur sem hv. 5. þm. Suðurl. vitnaði til? Hvað er það sem kemur í veg fyrir að áfram yrði miðað við að reikna verðtryggingu skyldusparnaðar ungs fólks 1. febr. ár hvert og ekkert þar á milli? Þm. segir: Lánskjaravísitalan er reiknuð einu sinni í mánuði. — kaupgjaldsvísitalan er líka reiknuð á þriggja mánaða fresti. Í fyrri lögum er vísað til hennar. Samt er þetta ekki gert nema einu sinni á ári.

Því miður er hér ekki næg trygging. Ég efast ekkert um að hæstv. fyrrv. félmrh. hefur hugsað þetta eins og hann var að lýsa áðan. Vandinn er bara sá, að það er hægt að skilja þetta á aðra vegu og þarna er engan veginn nægilega tryggilega frá gengið. Við höfum hreinlega ekki efni á því hér að fara eina ferðina enn að ákveða lánskjaravísitölu og lenda svo í svipuðum reiknireglum og eru núna gildandi. Það held ég að við hljótum að vera öll sammála um. Ég hygg að jafnvel væri hægt að teygja sig með reglugerð yfir í það að verðbætur væru ekki verðbættar, þrátt fyrir að talað væri um verðbætur samkv. lánskjaravísitölu, ef þær væru reiknaðar einu sinni á ári og síðan jafnvel lagðar til hliðar í sérstaka bók. Þetta má alls ekki gerast aftur. En jafnvel þó að þm., sem talaði áðan talsvert um sýndarmennsku og undarlegar fullyrðingar, hafi meint það, sem hann sagði varðandi verðtrygginguna, og ætlast til að hún yrði þannig er því miður ekkert sem tryggir það.

Þá skulum við koma svolítið nánar að kafla Magnúsar H. Magnússonar þm. Hann vildi gjarnan breyta þessum reglum. Hann hefur sagt það hér að hann telji þessa ávöxtun skyldusparnaður ungs fólks algjörlega óviðunandi. Hann var þó nokkuð lengi félmrh. Ég held að honum hefði verið innan handar að takast á við þetta mál fyrr. Og þegar hann tókst á við það, úr því við erum farnir að tala á annað borð um sýndarmennsku hér, var algjörlega rangt að flétta þetta mikla réttlætismál inn í flókinn lagabálk um önnur og óskyld efni. Ég held að það hefði verið miklu nær í þessu stóra máli alls ungs fólks í þessu landi að taka það sérstaklega út úr, leggja það fyrir þingið og reyna að hraða því í gegn. Ég hef ekki nokkra einustu trú á öðru en allir þm. séu sammála um að ástæða sé til að breyta þessu. Þess vegna var rangt að flétta málið inn í þetta mikla og langa frv. um önnur og óskyld efni. Það mætti kannske segja, hv. þm. Magnús H. Magnússon, að það hafi að sínu leyti verið sýndarmennska að reyna ekki að leiðrétta þetta mál strax í stað þess að flétta það inn í frv. sem öllum er ljóst að þyrfti ítarlega umfjöllun hér í þinginu og gæti dregist og jafnvel, eins og þm. reyndar sagði í ræðustól áðan, er óvíst að nái fram að ganga á þessu þingi. Ég vona þó að það komist fram og ég skal vera tilbúinn að leggja mitt af mörkum til að reyna að flýta því.

Því miður er það svo, að frv., sem fyrir liggur, tekur ekki af öll tvímæli, hversu góður hugur sem því fylgir. Vegna biturrar reynslu er algjörlega nauðsynlegt að tekin séu af öll tvímæli um hvað það er sem löggjafarvaldið ætlast til að ákveðið verði í þessu sambandi.

Hv. þm. Vilmundi Gylfasyni vil ég svara. Þetta er þáltill., það er alveg rétt. Ég hygg þó að þm. hafi tekið nokkuð stórt upp í sig í ræðustól áðan þegar hann sagði að þáltill. væri steindautt form og út úr því kæmi ekkert og væri fyrir fram algjörlega vonlaust. Þessi þm. er þekktur að því að taka stórt upp í sig og hefur iðulega tekið miklu stærra upp í sig en hann er maður til að standa fyrir. Ég ætla ekki að ræða það frekar hér. En ég vil ekki trúa því fyrr en á reynir að þáltill., bein viljayfirlýsing Alþingis í þessu efni, sé ekki tekin strax til greina af ríkisstj. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða og þingsályktunarformið var valið vegna þess að við höfðum þá trú að það mundi ganga fljótar í gegnum þingið en frv. sem þyrfti þrjár umr. í hvorri deild.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um raunvaxtastefnu eða vaxtamálin yfirleitt. Það væri sjálfsagt tilefni til þess. Hv. þm. sagði sem svo áðan, að ýmsar þjóðir hækkuðu vextina jafnóðum og verðbólgan hækkaði til að raunvextir héldust. Ég held að okkur Vilmund Gylfason hafi alltaf dálítið greint á um annars vegar raunvaxtastefnu og hins vegar verðtryggingarstefnu. Hann talaði um að 18.5% vextir væru komnir í einhverju landi, sem hann nefndi, til þess að koma í veg fyrir neikvæða vexti. En menn verða að horfa á það alveg sérstaklega að grundvallarmunur er á verðtryggingarstefnu og raunvaxtastefnunni sérstaklega að því er lýtur að lengri lánum.

Það mun ekki vera tími til að halda þessu áfram öllu lengur hér því nú eiga þingflokksfundir að fara fram. Ég ætla ekki heldur að lengja umr. um þetta mál, þó að ástæða væri til að fara um það frekari orðum. Ég vil þó segja það vegna þess sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði áðan um að sú ríkisstj., sem nú sæti, væri að hundsa Ólafslög varðandi verðtryggingu, sem minn skilning á þeirri stefnu sem þar kemur fram, að þar er kveðið á um að jákvæðum vöxtum skuli náð í árslok og þeim skuli náð í áföngum. Það er ekki kveðið á um hversu mörgum áföngum, hvenær þeir áfangar skuli vera eða hversu háir hver og einn þeirra skuli vera. (**Gripið fram í:** Veit þm. það?) Nei, það er ekki heldur endilega ákveðið, enda má laga það nokkuð að aðstæðum. En lokapunkturinn er ákveðinn. Og ég vil minna hv. þm., sem situr í ritarasæti, á að hægt er að ná þessu á tvenna vegu: annars vegar með því að hækka vexti og hins vegar með því að lækka verðbólguna. Augljóst var það markmið að lækka verðbólguna, hvort sem það næst með fyrstu ákvörðun, sem hér hefur verið gagnrýnd. En fyrst í árslok, þegar ljóst er að þessu marki hefur ekki verið náð, hafa þm. ástæðu til að tala um að ríkisstj. hundsi lög, en ekki fyrr, vegna þess að ekkert hefur verið brotið í þeim lögum varðandi þessa vaxtastefnu enn þá.

Ég vil síðan leggja til að þessari þáltill. verði vísað til allshn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af seinni ræðu hv. 12. þm. Reykv.

Hann sagði að það hefði verið rangt af mér, og sagði að það jaðraði jafnvel við sýndarmennsku, að flétta tillögur um úrbætur í skyldusparnaðarmálum ungmenna inn í langan lagabálk um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem krefðist ítarlegrar umfjöllunar og gæti því hæglega dregist á langinn að næði samþykki hins háa Alþingis. Nú er það svo, að lög um skyldusparnað ungmenna hafa ávallt verið liður í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Auk þess taldi ég mig hafa fulla tryggingu fyrir því frá þáv. samstarfsflokkum í ríkisstj. að frv. mitt til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins yrði samþ. á

þessum vetri, m. ö. o. að enginn tími tapaðist við að hafa þennan hátt á.

Hv. 12. þm. Reykv. segir að í lögum um efnahagsmál o. fl., nr. 13 frá 1979, sé talað um heimildir til að setja reglur um lánskjaravísitölu og það á fleiri en einn veg. Það er laukrétt. Það, sem síðan hefur gerst, er einfaldlega að Seðlabankinn hefur lagt fram ákveðnar tillögur um lánskjaravísitölu og útreikning hennar, sem ríkisstj. hefur fyrirvaralaust samþ. Þar er m. a. kveðið á um að lánskjaravísitalan skuli reiknuð út í mánuði hverjum. Svo kemur hv. 12. þm. Reykv. og segir að ekkert sé því til fyrirstöðu að ákveða síðar að lánskjaravísitalan skuli reiknuð út einu sinni á ári. Ekki er nú traustið á ríkisstj. mikið.

Þessa dagana auglýsir Seðlabankinn í öllum fjölmiðlum sölu á ríkistryggðum skuldabréfum þar sem verðtryggingin er fólgin í lánskjaravísitölu Seðlabankans og lánskjaravísitölunni einni saman. Samkv. málflutningi hv. 12. þm. Reykv. er ekkert líklegra en að Seðlabankinn og ríkisstj. svíki allar þessar tryggingar og ákveði einhliða einn góðan veðurdag að nú skuli lánskjaravísitalan aðeins reiknuð út einu sinni á ári.

Ég held að enginn stjórnarandstæðingur láti sér detta í hug að núv. hæstv. ríkisstj. muni svíkjast þannig aftan að fólki. Því er furðulegt að stuðningsmaður stjórnarinnar skuli væna hana um þvílík vinnubrögð. Mér er spurn: Ef vænta má þess, að ríkisstj. svíki svo gjörsamlega fyrri samþykktir og fyrri loforð, þótt lögbundin séu, hvaða gagn er þá í því að samþ. þá þáltill. sem hér er til umr.?

Herra forseti. Ég er því miður hræddur um að samþykkt nýrra laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins muni dragast úr hömlu, þrátt fyrir loforð í stjórnarsáttmálanum um annað. Af þeirri ástæðu og þeirri ástæðu einni mun ég greiða atkv. með þeirri þáltill. sem hér er til umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Launa- og kjaramál, þáltill. (þskj. 217). — Fyrri umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég flyt á þskj. 217 ásamt hv. 1. landsk. þm., Pétri Sigurðssyni, og hv. 1. þm. Norðurl. v., Páli Péturssyni, till. til þál. um bætta skipan launa- og kjaramála. Till. sjálf hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa samstarfsnefnd eftir tilnefningu frá aðilum vinnumarkaðarins, er falið skuli að athuga og gera tillögur um breytta og bætta skipan íslenskra launa- og kjaramála.

Meginmarkmið og verkefni slíkrar athugunar skulu vera:

1. Að gera tillögur um, hvernig einfalda megi og samræma uppbyggingu launakerfa í landinu með því m. a. að afnema eða draga úr álögum á kaup og aukagreiðslum, en fella þessa þætti inn í taxtakaup.

2. Að endurskoða kauptaxta hinna ýmsu starfsstétta með hliðsjón af raunverulegu lágmarkskaupi. Í kjarasamningum verði í auknum mæli miðað við greidd laun, en ekki taxtakaupið eitt.

3. Að endurskoða reglur um ákvæðisvinnu, uppmælingartaxta og bónusgreiðslur.

4. Við gerð kjarasamninga verði viðfangsefni sérviðræðna afmörkuð betur en nú tíðkast, þannig að árangur þeirra liggi sem gleggst fyrir áður en aðalsamninganefndir hefja samningaviðræður.

5. Að efla almennar kjararannsóknir og í því sambandi að endurskoða starfssvið og starfshætti Kjararannsóknarnefndar.

6. Að gera tillögur um, á grundvelli fyrirliggjandi vitneskju og gagna, hvernig stuðla megi að aukinni innbyrðis samvinnu og samráði helstu heildarsamtaka launþega og koma á markvissri umræðu og fræðslu á þeim vettvangi um ástand efnahagsmála hverju sinni og um grundvallaratriði atvinnu- og efnahagslífs þjóðarinnar.

7. Sú upplýsinga- og fræðslustarfsemi, er felst í 6. lið, haldist í hendur við traust og skipulegt samráð ríkisvaldsins við aðila vinnumarkaðarins.

Samstarfsnefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Þannig hljóðar sjálfur texti till. Ég hafði í upphafi vonast til að ég fengi þm. úr öllum flokkum til að gerast meðflm. till. og leitaði nokkuð fyrir mér í því skyni. Þrátt fyrir mjög svo vinsamlegar undirtektir við efni till. treystust þó Alþb. og Alþfl. ekki til þess, þegar á hólminn kom, að standa að flutningi hennar. Það var haft á orði af hálfu Alþb. að till. væri í sumum atriðum of afdráttarlaus, og af hálfu Alþfl. var því haldið fram, að önnur till. sama efnis lægi fyrir Alþ., flutt af þremur Alþfl.-mönnum. Hér er annars vegar till. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum, flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Karli Steinari Guðnasyni og Karvel Pálmasyni, á þskj. 14. Um þetta vil ég segja að gefnu tilefni, að mér var fullkunnugt um till. þeirra þremenninganna. Ég hafði kynnt mér hana vandlega og tel hana um margt merkilega og athyglisverða og vissulega í svipuðum anda og till. sú er hér liggur fyrir. En á till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og félaga hennar er, að ég tel, sá höfuðgalli að hún er allt of yfirgripsmikil. Þar er fyrst of mikið í fang eigi till. á annað borð að taka alvarlega og eigi hún að öðlast samþykkt á Alþingi. Ég rökstyð þetta álit mitt ekki frekar hér, til þess þyrfti mjög langan tíma. Mér finnst að þetta liggi nokkuð í augum uppi.

Í till., sem hér er fjallað um á þskj. 217, er leitast við að draga fram nokkur meginatriði sem við flm. teljum að geti skipt sköpum í framkvæmd launa- og kjaramála í landi okkar. Hún felur vissulega ekki í sér neinn stórasannleik eða eitthvað sem aldrei hefur heyrst áður. Þvert á móti eru þar settar fram ábendingar og hugmyndir sem hafa flestar verið að velkjast um árum saman í almennri umræðu og karpi um þessi mál.

Enginn hefur haft sig upp í það, ekki mannað sig upp í það að spyrna fótum við þeirri óheillaþróun, sem orðið hefur í þessum málum, til að koma fram umbótum og leiðréttingum sem ég tel að flestir séu í rauninni alveg hjartanlega sammála um að þurfi að gera. Það, sem við þurfum nú, eru því ekki fleiri orð, svo ég vitni til grg. till. Við þurfum að taka markvissar ákvarðanir strax, framkvæma aðgerðir í jákvæðum sáttaanda með velferð þjóðarheildarinnar fyrir augum án þess þó að gleyma neinum. Flokkspólitískt rifrildi og pex má ekki standa í vegi fyrir því, að menn geti tekið höndum saman og unnið að því af alvöru og einlægni að ráða bót á því öngþveiti sem launamál og kjarasamningamál eru komin í nú. Það er sannfæring mín, að það sé hægt ef nægur vilji og skilningur er fyrir hendi hjá þeim aðilum sem mestu ráða um stefnumörkun og ákvarðanir á þessu sviði.

Ég hygg að þegar liggi fyrir nægilega mikið af upplýsingum og gögnum til að hægt væri að hefjast handa strax um undirbúning að breytingum þeim og endurbótum á skipan launa- og kjaramála sem farið er fram á í till. Eftir nokkrar vangaveltur um hvaða leiðir mundu heillavænlegastar og árangursríkastar til að ná fram þeim markmiðum, sem felast í till., varð niðurstaðan þó ekki frumlegri en raun ber vitni, að skora á ríkisstj. að skipa samstarfsnefnd til að vinna að þessu mikilvæga verkefni. Lagafrv., þar sem farið væri fram á að þessum málum væri skipað í lögum, hefði að mínu áliti verið óeðlilegt. Alþ. setur ekki lög um slíka hluti. Það reynir að ná þessum málum fram í samráði við þá menn, sem þekkja gerst til, og slíkt samkomulag er margfalt vænlegra til árangurs en ef Alþ. segði verkalýðshreyfingunni fyrir með lögum hvernig þarna skuli skipað málum.

En um nefndarskipunina segir svo í grg.:

„Það er þannig ekki til lítils ætlast af samstarfsnefnd þeirri, sem hér er gerð tillaga um, og varðar öllu að vel takist til um skipan hennar. Það er með ráði gert að tiltaka ekki nánar en gert er í till. um það, hvernig hún skuli skipuð. Eðlilegt er og sjálfsagt að leitað sé til aðila vinnumarkaðarins um tilnefningu nefndarmanna. Það er hins vegar skoðun flm., að nefndin eigi að vera fámenn, 3—5 menn með staðgóða þekkingu og reynslu á sviði verkalýðs- og kjaramála án þess þó að tilheyra hinum innsta hring í forustusveit launþega og vinnuveitenda, sem alfarið bera hita og þunga samningamálanna. Nefndin ætti þannig að vera eins hlutlaus og unnt er, skipuð hæfum og velviljuðum mönnum, sem njóta almenns trausts og eru líklegir til að meta málin af yfirsýn og óhlutdrægni."

Fyrstu tveir töluliðir till. fjalla um atriði sem fullyrða má að séu nú eitt hið brýnasta markmið og verkefni sem leysa þarf, þ. e. einföldun og samræming í uppbyggingu launakerfa í landinu og aðlögun kauptaxta að raunverulegu lágmarkskaupi. Í dag eru greidd laun á Íslandi eftir 600—700 mismunandi launatöxtum. Aðeins innan eins fyrirtækis nema kauptaxtar 500, hjá Flugleiðum hf. Hjá Sláturfélagi Suðurlands eru þeir tæplega 350, hjá Slippstöðinni á Akureyri 85. Ég tel fráleitt að störf innan þessara fyrirtækja séu í eðli sínu svo margbreytileg eða svo misjafnlega mikilvæg fyrir viðgang þeirra að slík aðgreining í launum geti átt nokkurn rétt á sér eða samrýmist yfirleitt heilbrigðri skynsemi — og það, sem er verra og okkur er öllum jafnvel kunnugt um, er sú staðreynd, að allur þessi aragrúi af mismunandi kauptöxtum er síður en svo í þágu jafnvægis og réttlætis, heldur nánast markleysa ein, þar sem óteljandi álögur og aukagreiðslur skekkja kauptaxtann svo að hin raunverulega kaupgreiðsla er meira og minna á huldu þegar upp er staðið.

Ég tel að einmitt þarna sé einn hinn versti þrándur í götu fyrir skynsamlegri og réttlátri framkvæmd íslenskra launa- og kjaramála. Hinn almenni launþegi er ráðvilltur, veit ekki lengur sitt rjúkandi ráð. Hann hefur svo sem engin tök á því að fylgjast með og skilja hvernig launin, sem hann fær fyrir vinnu sína, eru til komin. Fyrir hann er það í senn neikvætt og niðurlægjandi og til þess fallið að skapa tortryggni og spennu milli starfsstétta, jafnvel á milli fólks sem vinnur hlið við hlið á sama vinnustað.

Hér þurfum við því að ganga beint til verks og hreinsa til, skýra línurnar og umfram allt að gera hlutina einfaldari. *Það væri öllum aðilum jafnt í hag: launamanninum,* þeim, sem greiðir honum launin, og hinum, sem fer með hið vandasama hlutverk samningamannsins í umboði samningsaðila. Það mundi bæta andrúmsloftið í samningaviðræðum og draga úr, ef ekki binda endi á baktjaldamakkið allt og laumuspilið sem einkennt hefur í allt of ríkum mæli öll vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Það ætti jafnframt að tryggja aukið jafnvægi á launamarkaðinum, meiri frið um kaup og kjör og skiptingu hinnar svokölluðu „þjóðarköku".

Þriðji og fjórði liður till. eru í beinu áframhaldi og tengjast beint og óbeint tveimur þeim fyrstu. Hin svokölluðu „hvetjandi launakerfi" hafa rutt sér mjög til rúms hérlendis á síðari árum. Mun óhætt að segja að sú þróun er æskileg, og víst væri allra best að hver fengi borgað eftir því sem hann vinnur til. En þó eru hér ýmsir agnúar á og vafalaust eiga þessi launakerfi, bónusgreiðslur, uppmælingataxtar og önnur ákvæðisvinna, sinn þátt í því hve umsamdir launataxtar eru í mörgum tilvikum lítt til marks um hið raunverulega kaup eða ráðstöfunarfé sem launþeginn fær í hendur. Full þörf er þess vegna á að endurskoða gildandi reglur í þessum efnum, sem í reynd munu mjög svo margbreytilegar. Munu margir vera þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að setja þarna eitthvert hámark eða þak, sem þá tengist einnig spurningunni um eftir- og næturvinnu, en segja má að eftirvinna sé orðin landlægur ávani — eða öllu heldur óvani — á íslenskum vinnumarkaði. Þetta er ekki eingöngu spurning um peninga, heldur jafnframt og e. t. v. öllu fremur um vinnuvernd og um leið fjölskylduvernd. Tvímælalaust verður að stefna að því allra hluta vegna að draga svo sem unnt er úr eftirvinnunni, en borga hins vegar betur fyrir dagvinnu.

Þess ber einnig að gæta þegar talað er um ákvæðisvinnu, bónusgreiðslur og fleira, að því er ákaflega misskipt milli launþega í landinu hvaða tækifæri launþeginn hefur til að afla sér aukatekna eftir slíkum leiðum. Það út af fyrir sig eru nokkur hlunnindi, þrátt fyrir að okkur er að vissu leyti þyrnir í augum hve bónusgreiðslurnar og yfirvinna koma þungt niður, stundum of þungt, á fólki sem vinnur við framleiðslustörfin. Þá á ég ekki hvað síst við fiskvinnsluna, þegar bjarga þarf verðmætum, oft með óhæfilega löngum vinnudegi, hvort sem fólkið vill það eða vill ekki. Hins vegar eru það að öðru leyti hlunnindi að geta drýgt tekjur sínar svo verulega sem þetta fólk á kost á. Stórir starfshópar hafa enga möguleika á slíkum tekjuauka.

Ég vil einnig í sambandi við yfirvinnuna og vinnutímann minnast á atriði, sem mér er mikið áhugamál, en það er að koma á sveigjanlegum vinnutíma sem víðast á vinnustöðum. Sjálfstfl. hefur gert þetta mál að stefnumáli sínu. Við sjálfstæðiskonur, Landssamband sjálfstæðiskvenna og sjálfstæðiskvennafélagið Hvöt hér í Reykjavík, héldum ráðstefnu um þetta efni í nóvember 1978 þar sem gerð var rækileg könnun eftir því sem hægt var að gera á viðhorfum til þessarar nýbreytni á vinnumarkaðinum. Sú nýbreytni er í rauninni komin á sums staðar. Olíufélagið Skeljungur reið á vaðið fyrir allmörgum árum, 5—6 árum hygg ég, og fleiri hafa komið í kjölfarið. Það er einróma álit þeirra, sem vinna við slíka vinnutilhögun, að hún sé til stórra bóta. Á henni eru auðvitað bæði kostir og gallar og það er ekki alls staðar hægt að koma þessum sveigjanlega vinnutíma við, en meginkjarni þessarar hugmyndar er í stuttu máli að gefa *fólki kost á að aðlaga vinnutíma sinn persónulegum*

kjörum og einkahögum miklu meira en nú tíðkast, draga dálítið úr harðstjórn stimpilklukkunnar og hins afmarkaða fast setta vinnutíma, sem margir eiga nokkuð bágt með að halda þannig að öllum kröfum sé fullnægt.

Ég hlýt að benda á að fyrir Alþ. liggur nú þáltill., flutt af tveimur sjálfstæðismönnum, hv. þm. Friðrik Sophussyni og Salome Þorkelsdóttur, þar sem farið er fram á að ríkisstj. geri athugun á möguleikum á sveigjanlegum vinnutíma á opinberum stofnunum á vegum ríkisins. Ég vænti þess, að sú till. fái góðan byr og að hæstv. ríkisstj., hvort sem það verður þessi eða einhver önnur sem fær það til framkvæmdar, láti ekki sitja við orðin tóm.

Þessi atriði, svo ég víki aftur að sjálfri till., undir þriðja og fjórða lið munu að jafnaði meðal viðfangsefna sérviðræðna í kjarasamningum, en sérviðræður taka oft miklu lengri tíma en góðu hófi gegnir. Jafnframt verður ætíð sú raunin á, að einstakir þrýstihópar ná í gegnum sérkröfur sínar launa- og kjarabótum sem skekkja hið almenna launamat sem niðurstöður aðalsamningsins byggðust á. Afleiðingin er auðvitað gamalkunn og sí-endurtekin: launalægsta fólkið, almennir verkamenn, iðnverkafólk, Sóknarkonur, verða að láta sér lynda að aðgangsharðir sérkröfuhópar fái drjúga kaupauka eftir ýmsum krókaleiðum ofan á aðalsamninginn sem gengið var frá áður. Í kjarasamningunum 1977 náðu sérkröfur hjá sumum sérgreinasamböndunum á annað hundrað prósentum. — Eg hef þessar upplýsingar sem og ýmislegt fleira, sem ég byggi á mína tillögugerð, úr mjög fróðlegri og merkilegri bók eftir Baldur Guðlaugsson lögfræðing, sem heitir „Hvernig kaupin gerast á eyrinni". Ég hygg að öllum þeim, sem hafa áhuga á þessum málum, væri mikill fengur að því að lesa þá bók. Mér sýnist hún samin bæði af þekkingu og lofsamlegri hlutlægni.

Við þurfum í þessu efni, að því er kjarasamningana varðar og sérviðræðurnar, þess vegna að söðla um þannig að aðalsamningurinn geti tekið mið af niðurstöðum sérviðræðna, alveg öfugt við það sem nú tíðkast. Það er alveg ljóst, að eins og málum er háttað nú er það hin mismunandi samsetning launanna sem skiptir sköpum í kjarasamningum. Það er tómt mál að tala um launajafnvægi eða launajöfnun á meðan ekki er horfið frá þeim vinnubrögðum er tíðkast hafa við gerð kjarasamninga. Að sjálfsögðu vegur hér einnig þungt á metunum það vísitölukerfi sem við búum við og viðheldur jafnvægisleysi og ranglæti meira en góðu hófi gegnir. Það er óhæfa hvernig þessar víxlverkanir og hvernig prósentuhækkun eftir vísitölukerfinu í 50—60% verðbólgu fer með launajafnvægi í landinu.

Í fimmta lið till. er lagt til að almennar kjararannsóknir verði efldar og í því sambandi verði endurskoðað starfssvið og starfshættir Kjararannsóknarnefndar. Til nefndarinnar var stofnað fyrir 15 árum með aðild fulltrúa frá ASÍ, Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandinu. Kjararannsóknarnefndin hefur tvímælalaust gegnt mjög mikilvægu hlutverki, m. a. með söfnun upplýsinga um kaup og kjör innan ASÍ, en það er auðsætt, að gagnlegt væri og nauðsynlegt að færa út starfssvið nefndarinnar þannig að það nái til alls vinnumarkaðarins, verði þar almennur vettvangur rannsókna og upplýsinga um ástand launa- og kjaramála í landinu. Þannig virtist mér það kjörið verkefni fyrir allsherjar kjararannsóknarnefnd að kanna og upplýsa þau atriði sem sérstaklega er fjallað um í þessari till., þ. e. samsetningu launanna, vægi kauptaxta, álagsgreiðslur, launahlutföll á vinnumarkaðinum, svo að nokkuð sé nefnt. Væri starfssvið nefndarinnar fært út með þessum hætti kæmi að sjálfsögðu til nauðsyn á endurskoðun á fjármögnun hennar, en starfsemi hennar er nú kostuð af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Um það markmið, sem felst í sjötta lið till., verður, að ég hygg, naumast deilt þótt hægara muni sagt en gert að koma því í framkvæmd. Reynslan hefur fram að þessu sýnt að ráð og nefndir, sem stofnað hefur verið til í þessum tilgangi, eru því miður ekki uppörvandi. Þar hefur þó mikið verið talað, að mér er sagt — ég hef ekki setið í þessum nefndum, en minna orðið um athafnir og framtak á þessu sviði. Það væri mikið unnið ef hægt væri eftir einhverjum leiðum að gera hinum almenna launþega, hinum vinnandi manni, hvar í stétt sem hann stendur, kleift að fylgjast með og fræðast um eigin stöðu í síbreytilegu samfélagi, auka þekkingu sína og skilning á högum annarra og tillitssemi. Og ég held að ef vel tækist til um framkvæmd þeirrar nefndar, sem til er lagt að stofnað verði til, mundi hún hafa mikil og góð áhrif fyrir alla aðila. Ég er sannfærð um að hún mundi, ef hún reyndist hlutverki sínu vaxin, verka til góðs og hugsanlega draga nokkuð úr þeim óheillavænlega metingi og spennu milli starfshópa sem sjúklegt verðbólguástand hefur magnað sífellt ár frá ári.

Í sambandi við sjöunda og síðasta lið till. ber þess að geta, að 27. sept. s. l. var gefin út reglugerð samkv. efnahagslögum Ólafs Jóhannessonar, svokölluðum Ólafslögum, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason vill greinilega frekar kenna við sjálfan sig og kalla Vilmundarlög. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að skipuð skuli samráðsnefnd til að sjá um samráð stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins. Þar er gert ráð fyrir 20 manna samráðsnefnd er skipuð skal fulltrúum allra helstu samtaka launþega og vinnuveitenda. Það eru níu samtök samkv. reglugerðinni sem þarna koma til og fulltrúarnir eru samtals 20. Reglugerðin er til komin samkv. laganna hljóðan, áður tilgreindum Ólafslögum, en mér vitanlega er ekki búið að skipa þessa nefnd enn. Ég bind fyrir mitt leyti ekki miklar vonir við starf svo fjölmennrar nefndar til þessa hlutverks sem henni er í raun og veru ætlað.

Í málefnasamningi núv. hæstv. ríkisstj. er því lýst yfir, að hún sé „fyrir sitt leyti reiðubúin til þess að stuðla að einföldun launakerfisins í landinu með því að beita sér fyrir samstarfi helstu samtaka launafólks um stefnumótun í launamálum". Þetta ákvæði stjórnarsáttmálans hefði að skaðlausu mátt vera ákveðnara, en vissulega felur það í sér vísbendingu um góðan vilja, sem er í sjálfu sér mikils virði og ég vona að verði þessu máli til stuðnings.

Annars væri kapítuli út af fyrir sig, sem ég gef mér ekki tíma til nú að fjalla um, þetta svokallaða samráð stjórnvalda við launþegasamtökin og vinnuveitendur. Þetta er orðið að nokkurs konar skrautorði, nokkurs konar tískuorði í íslenskum stjórnmálum, sem ég tel að hafi verið fram sett af undanförnum vinstri stjórnum sem pólitískt agn frekar en að það hafi verið meining manna að þetta væri raunverulega hægt. Og ég spyr: Er raunhæft að tala um það samráð eins og það hefur verið túlkað af svokölluðum vinstri verkalýðsflokkum fyrir kosningar?

Ég held að samráð sé nauðsynlegt, alveg nauðsynlegt sem vettvangur almennra skoðanaskipta og upplýsingamiðlana á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins,

en að það geti sagt ríkisstj. og Alþ. fyrir verkum er auðvitað fásinna. Þess vegna held ég að tími sé til kominn að það verði skilgreint rækilega við hvað er átt með þessu fallega slagorði: „samráð við aðila vinnumarkaðarins". Það er greinilegt að hingað til hefur það verið, því miður, svo til nafnið tómt. Þess er skemmst að minnast nú við afgreiðslu fjárlaga hve fulltrúar launþegasamtakanna báru sig sáran undan fullkomnu sambandsleysi við Alþ. og fyrst og fremst ríkisstj., sem ekki lét svo lítið að minnast á viðamikil lagafrv. sem földu í sér stórkostlega íþyngjandi skattaálögur á launþega og þjóðina alla. Því var það, að mér fannst það koma úr hörðustu átt þegar hæstv. fjmrh. lét þau orð falla í hv. Ed. við umr. um orkujöfnunargjaldið og þetta samráð við launþegasamtökin barst í tal, en hann sagði orðrétt, að samráð við launþegasamtökin og aðila vinnumarkaðarins væri auðvitað bara „hjal út í bláinn". Það getur hver flett upp í þingtíðindum og staðfest hvort ég fer hér rangt með.

Ég fjölyrði ekki frekar um þetta, en hér þarf að koma til meiri einlægni og hreinskilni en hefur átt sér stað í stjórnarathöfnum síðustu ára. Ég neita því ekki, að ég á fyrst og fremst við þær vinstri ríkisstjórnir sem hér eiga hlut að máli og hafa flaggað þessu óspart. **(Gripið fram í:** Hvaða þingtíðindi eru þetta?) Það eru þingumræður. Ég býst við að þetta hafi verið hljóðritað eftir hæstv. ráðh. eins og annað það sem fram fer á Alþ. og þm. getur kynnt sér það þegar það kemur hljóðritað í umræðuparti Alþingistíðinda.

Ég fjölyrði ekki um þetta frekar. Þessi till. er borin fram af einlægni og alvöru í þeim tilgangi að hér verði eitthvað gert til bóta, að við reynum að leggja til hliðar, eftir því sem unnt er, flokkspólitískan meting og slagorð og tylliorð, sem eiga að ganga í eyrun á fólki, en reynum að taka á þannig að til bóta verði fyrir allt vinnandi fólk í landinu og fyrir þjóðina alla. Ég hverf senn af þingi, en ég vona að þessi till. fái góða umfjöllun. Þó hún gerði ekki annað en að vekja til alvarlegrar umræðu um þessi málefni og þessi atriði, sem á er drepið, tel ég að betur hafi verið af stað farið en heima setið.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Sú þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., er í sjálfu sér góðra gjalda verð svo langt sem hún nær og get ég efnislega tekið undir það sem í henni felst. Ég kemst þó ekki hjá því að minna á í þessu sambandi aðra þáltill., sem liggur fyrir hv. Alþ., um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum, á þskj. 14, sem ég er flm. að ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni og Karvel Pálmasyni og hv. flm. þessarar þáltill. kom raunar lítillega inn á áðan. Sú till. tekur til nær allra þeirra þátta sem þáltill. á þskj. 217 gerir ráð fyrir, en till. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum var lögð fram á 100. löggjafarþingi og aftur í byrjun þessa þings. Sú till. er þó mun yfirgripsmeiri en sú till. sem hér er til umr., en hún gerir einnig ráð fyrir ýmsum undirstöðukönnunum sem nauðsynlegt er að framkvæma ef hægt á að vera að einfalda og samræma uppbyggingu launakerfa í landinu, sem er aðalefnisinnihald þeirrar till. sem hér liggur fyrir.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði áðan að till. mín væri of yfirgripsmikil til að hægt væri að taka mark á henni. Ég tel engu að síður nauðsynlegt að slík yfirgripsmikil könnun sé framkvæmd til að hægt sé af þekkingu og heildaryfirsýn að taka raunhæft á þessum málum og við getum byggt á traustum upplýsingum ef breyta á launamálastefnunni. Þetta eru undirstöðuþættir sem verður að framkvæma til að hægt sé að einfalda og samræma launakerfin eins og þessi þáltill. gengur út á. Annað er óraunhæft.

Ljóst er, að ef einfalda á og samræma launakerfin í landinu, m. a. með því að afnema eða draga úr álögum á kaup- og aukagreiðslum og fella þessa þætti inn í taxtakaup, og að endurskoða kauptaxta hinna ýmsu starfsstétta með hliðsjón af raunverulegu kaupi, eins og í till. á þskj. 217 felst, auk þess, eins og fram kemur í till., að í kjarasamningum verði í auknum mæli miðað við greidd laun, en ekki taxtakaupið eitt, eru þessir hlutir vart framkvæmanlegir nema við þekkjum orsök vandans og gerum okkur áður glögga grein fyrir hvernig uppbygging launagreiðslna hefur þróast og hvert er hlutfall hinna ýmsu launakerfa í launakjörum almennt, þannig að hægt sé að sjá hvaða þáttur launakjara er mest ákvarðandi um launakjör almennt. Einnig má benda á nauðsyn þess að rannsaka forsendur flokkaskipunar og annarra kjaraatriða hinna margvíslegu kjarasamninga, þ. e. meta vægi hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar með tilliti t. d. til ábyrgðar, áhættu, starfsreynslu og fleiri þátta. Þekking á þessum þáttum ásamt mörgum fleiri þáttum, sem í till. felast sem ég hef lagt fram um kannanir á tekjuskiptingu og launkjörum, er algjör forsenda fyrir því, að hægt sé að framkvæma á raunhæfan hátt það sem í till. felst sem hér er til umræðu. Staðreyndir hafa einfaldlega ekki legið fyrir til að draga af réttmætar og sanngjarnar ályktanir af þróun þessara mála undanfarna áratugi svo að hægt sé að samræma og einfalda launakerfin í landinu, enda má ætla að einföldun kjarakerfa í landinu hefði þegar verið framkvæmd hefðu þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru, legið fyrir. Þeirrar þekkingar er hægt að afla ef framkvæmdar eru þær till. sem í þáltill. um tekjuskiptingu og launakjör felast, enda gerir sú till. ráð fyrir að að fengnum þeim upplýsingum verði aðilum vinnumarkaðarins falið að samræma og einfalda kjaraákvæði og launataxta í landinu. Er þar um sambærilegt atriði að ræða og í till. sem hér er til umræðu. Auðvitað geri ég mér ljóst að slíkt tekur nokkurn tíma, en úr upplýsingum er hægt að vinna jafnóðum og þær liggja fyrir. Sum atriðin er hægt að framkvæma á tiltölulega stuttum tíma, önnur taka lengri tíma, enda felst í þeirri till. að niðurstöðurnar verði lagðar fyrir Alþ. jafnan þegar þær liggja fyrir.

Það hefur margsinnis komið fram hjá stjórnmálaflokkunum vilji til að framkvæma það sem felst í till. á þskj. 217 sem hér er til umr. En ég geri ráð fyrir að í reynd hafi enn enginn treyst sér í framkvæmd þeirra mála vegna þess að í dag byggjum við ekki á nógu traustum upplýsingum um ýmsa undirstöðuþætti í uppbyggingu kjaraatriða og launakerfa í landinu.

Herra forseti. Þeir flm., sem að þessari till. standa, hljóta að sjá, séu till. tvær bornar saman sem ég hef hér fjallað um, að í till. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum felast öll þau atriði sem fill., sem hér er til umr., hefur að geyma. Geri ég mér því góðar vonir um að flm. þáltill. á þskj. 217 muni styðja þáltill. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum og telji að með samþykkt hennar sé tilganginum með tillöguflutningnum á þskj. 217 náð, en sú till. hefur nú verið afgreidd úr n. þar sem allir nm. hafa mælt með samþykkt hennar. Hefur hún einnig hlotið jákvæðar undirtektir aðila vinnumarkaðarins, þó svo hún sé svo yfirgripsmikil að hv. þm. Sigur-

laug Bjarnadóttir telji orka rvímælis að taka mark á henni, en það er furðuleg röksemdafærsla. Till. má framkvæma í áföngum, eins og ég kom inn á áðan, en hún mun skila betri og traustari upplýsingum um alla þætti kjaramála til að hægt sé að byggja upp sanngjarna launamálastefnu og einfalda hin flóknu launakerfi sem við búum við.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er fram komin þáltill. um bætta skipan launa- og kjaramála. Andi þessarar till. er yfirleitt ekki deiluefni. Það er vafalaust öllum ljóst, að sú tilhögun að hafa 600—700 mismunandi launataxta er ekki byggð á neinum skynsamlegum rökum. Hins vegar vekur það athygli mína og dálitla undrun að hv. flm. og frsm. till. eyddi alllöngum tíma í að gera lítið úr annarri þáltill., sem hér er í þinginu og er komin frá n., eins og greint hefur verið, og hlaut þar jákvæðar undirtektir. Ég held nefnilega að það sé rétt, að efnislega nái sú þáltill. mestöllu af því sem hér er. Með því er ég ekki að gera lítið úr þessari till., en að mínu viti er um það mál að ræða í þessu sambandi að við búum við frjálsa kjarasamninga og það er tómt mál að tala um að við breytum þar einu eða neinu nema með samkomulagi. Ég held að grundvöllur slíks samkomulags hljóti að vera mjög veigamikil athugun á þessum málum áður en út í breytingar er farið. Þess vegna finnst mér t. d. dálítið fast að orði kveðið í 1. lið þessarar till. að slá því föstu að afnema eða draga úr álögum á kaup og aukagreiðslur. Það er nú einu sinni svo, að öll ákvæðisvinna byggist á mjög flóknum útreikningum. Ég veit ekki hvort þessi setning bætir tillöguna.

Hins vegar hvarflaði það að mér í glettni að gaman hefði verið ef hv. 6. landsk. þm. hefði verið staddur hjá okkur í kvöld, því að vafalaust hefðu þá orðið fjörugri umr., eins og löngum hefur orðið þegar hv. flm. þessarar þáltill. og hv. 6. landsk. þm. hafa mætt saman og rætt málin.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér fáu við að bæta það sem ég sagði áður. Það er náttúrlega alger rangtúlkun á mínu máli að segja að ég vilji gera lítið úr till. á þskj. 14, sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason og Karvel Pálmason eru flm. að. Ég tók það fram, að ég teldi hana athyglisverða og merka. En það er skoðun mín, sem ég ítreka hér, að ég tel að það, sem við þurfum nú, sé ekki að velta þessum hlutum lengur fyrir okkur, þessum meginatriðum sem ég get vel fallist á að felist, ef grannt er að gáð, í till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En mér sýnist, og ég endurtek það, að ef við eigum að taka þessa till. alvarlega og gera ekki þær umbætur, sem ég tel að séu aðkallandi, nema með þeim hætti sem till. á þskj. 14 gerir ráð fyrir, þá hjökkum við enn um sinn nokkur árin í sama farinu. Ég hef heyrt menn, sem til þekkja, láta svo um mælt að það séu þegar fyrir hendi það haldgóðar upplýsingar um þau atriði, sem till. okkar þremenninganna fjallar um, að í rauninni sé hægt að hefjast handa strax. Ég er ekki að tala um að þetta kæmi til framkvæmda við þá kjarasamninga sem nú standa yfir. Ég veit að þar verður allt við það sama. Ég hlakka ekkert til þeirrar viðureignar sem fram undan er, ég segi það af einlægni, og ég held að fáir hlakki til að sjá endurtekna þá vinnuhætti sem tíðkast hafa við kjarasamninga undanfarin ár.

Ég lýsi því yfir, að að sjálfsögðu styð ég till. á þskj. 14, mér dettur ekki í hug að greiða atkvæði gegn henni því það er ekkert í henni sem ég er mótfallin, síður en svo. En ef við eigum að taka hana eins og hún er lögð fram og tökum hana alvarlega, eins og ég sagði áðan, tekur nokkur ár að koma í framkvæmd því sem hv. 1. flm. till. telur nauðsynlegt sem grunnvinnu og undirbúningsupplýsingar. Alla vega horfir málið þannig við mér.

Mér þykir leitt að hv. 5. þm. Vestf. hefur, eins og stundum áður, misskilið það sem sagt er í ræðustól hér. Ég lagði áherslu á að þessum málum þyddi ekki að skipa með lagaboði. Það hefur hann skilið á þann hátt, að ég vildi ekki skipa þeim með samkomulagi, auðvitað þveröfugt við það sem ég sagði. Ég taldi einmitt að þetta yrði að gerast með samkomulagi og samráði við þá aðila sem þarna eiga hlut að máli, þ. e. hina svokölluðu aðila vinnumarkaðarins.

Ég þarf ekki að orðlengja þetta frekar. Ég hygg, að þessi till. ætti heima hjá hv. allshn. Sþ., og leyfi ég mér að leggja til að henni verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr. — Hæstv. forseti og skrifari benda mér á að atvmn. væri eðlilegri og ég get vel fallist á það. Ég tek þá aftur till. mína um allshn., en fer fram á að till. verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útreikningur framfærsluvísitölu í hverju kjördæmi, þáltill. (þskj. 178). — Frh. einnar umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórarson): Herra forseti. Ég sakna þess að hæstv. félmrh. er ekki staddur hér. Þegar umr. dragast jafnmikið á langinn og átt hefur sér stað með það mál sem nú er tekið aftur til umr. gerir það umræðuna mjög erfiða að þeir, sem deildu á till., eru ekki við þegar ég hef lokatölu um málið.

Mér fannst skjóta nokkuð skökku við hjá hæstv. ráðh. þegar hann lýsti því yfir, að hann væri andvígur þessari till., og kom með ýmsar „billegar" glósur, eins og þær, að Kópavogur væri svo nálægt Reykjavík að ekki þyrfti af þeirri ástæðu að reikna út framfærsluvísitöluna í Reykjaneskjördæmi. Nú er það svo, að á bak við neyslukönnunina liggur athugun á lifnaðarháttum hjá 100 fjölskyldum. Að sjálfsögðu væri það eðlilegur vinnumáti að byrja á því, þegar neyslugrunnurinn væri gerður, að velja þessar fjölskyldur úr hverju kjördæmi fyrir sig, þ. e. 100 úr hverju kjördæmi, og dreifa þeim um kjördæmið í samræmi við þéttleika byggðar á því svæði.

Ég vil líka alfarið mótmæla þeim hugmyndum sem fram komu hjá sumum, að það væri dulbúin árás á höfuðstaðinn að flytja þessa till. Sannleikurinn er sá, að það er ekki hægt að líta á þetta svæði á annan veg en sem stór-Reykjavíkursvæði. Reykjavíkurborg vex að vísu ekki mjög ört, en ástæðan fyrir því, að þar hefur ekki orðið mjög ör fólksfjölgun, er fyrst og fremst að einbýlishúsahverfi borgarinnar eru í öðrum sveitarfélögum. Þessu veit ég að hver einasti maður gerir sér grein fyrir sem sest niður og hugleiðir þessi mál.

Ég tel að með þeirri þáltill., sem hér er lögð fram, muni aftur á móti koma mjög skýrt í ljós í afstöðu manna til hennar, hvort þeir eru í eðli sínu eða innst inni hlynntir jöfnun lífskjara í þessu landi eða hvort þeir eru það ekki. Það segir ekkert um hvernig eigi að hagnýta sér niðurstöður. Það er farið fram á að þessir útreikningar verði gerðir.

Það kom líka fram hjá hæstv. ráðh., að svokölluð byggðanefnd hefði ekki lagt til að það yrði reiknuð út vísitala í hverju kjördæmi. Það er rétt. Hún lagði ekki til

að það yrði reiknuð út vísitala í hverju kjördæmi, en hún lagði engu að síður til að vísitalan yrði reiknuð út á ýmsum stöðum úti á landi. Á þeim tillögum byggi ég mína till. Hún lagði til að vísitalan yrði reiknuð á fjórum stöðum utan Reykjavíkur. Ég sé engan grundvallarmun á því að reikna hana út á fjórum stöðum utan Reykjavíkur og á því að reikna hana út í hverju kjördæmi.

Ég vænti þess að hæstv. félmrh. endurskoði afstöðu sína í þessu máli, gefi sér tíma til að kynna sér það betur, geri sér grein fyrir því, að ójafn framfærslukostnaður stuðlar að fólksflutningum innan þessa lands sem geta þegar til lengdar lætur — og hafa nú þegar — skaðað þjóðfélagið.

Ég vil þakka þeim ræðumönnum, sem tóku til máls um þessa till., og þó sérstaklega þeim sem lýstu yfir stuðningi við hana. Þar sem hv. 9. þm. Reykv. er ekki heldur staddur hér mun ég láta ógert að svara þeim aths. sem frá honum komu og var kannske meira beint til mín persónulega en að þáltill. því að hann lýsti yfir efnislegum stuðningi við hana.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til að þessari þáltill. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áætlanagerð, þáltill. (þskj. 131). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 131, ásamt hv. þm. Lárusi Jónssyni, Pálma Jónssyni og Friðjóni Þórðarsyni, að leggja fram þáltill. um nýja aðferð við áætlunargerðir. Það skal tekið fram, að þessir hv. þm. áttu eftir desemberkosningarnar síðustu allir saman sæti í hv. fjvn., en þær breytingar hafa á orðið síðan, að í stað Pálma Jónssonar hefur þangað komið Guðmundur Karlsson.

Áður en lengra er haldið vil ég taka það fram, að mörgum leiðist orðið „núllgrunnur." Á sínum tíma sendi ég þetta orð íslensku málnefndinni og bað um betra orð í staðinn, en því miður hefur ekki enn fundist annað og betra orð og læt ég þess vegna þetta flakka í þeirri von að það skipti ekki svo miklu máli — það sé fyrst og fremst efni till. sem hafi þýðingu.

Það má segja að þessi till. hafi áður komið fram efnislega á Alþ. þegar ég flutti hana á 100. þinginu, fyrir um það bil ári, þá ásamt hv. þm. Lárusi Jónssyni og Ellert B. Schram, sem situr þessa stund á þingi sem varaþm. Orðalag till. er þó aðeins breytt. Það er fyllra og gefur betri lýsingu á því sem við er átt. Á 100. löggjafarþinginu var till. send fjvn., en dagaði uppi, kom aldrei úr n. Málið hefur þó verið athugað í fjárlaga- og hagsýslustofnun, og ég tel að það sé eðlileg meðferð að þetta mál fái nokkuð vandlega athugun áður en því verður slegið föstu að gera eigi jafnróttækar breytingar á allri fjárlagagerð.

Í grg., sem fylgir till., er nokkuð nákvæmlega skýrt frá því, út á hvað „núllgrunnsáætlanagerðin" gengur, eins og reyndar kaflafyrirsagnirnar benda til. Í fyrsta kaflanum er bent á að hingað til hefur það fyrst og fremst verið hefð, sem ræður fjárveitingum, fremur en þörf. Það þekkja þeir, sem starfað hafa í hv. fjvn., og reyndar þingheimur allur, að jafnvel er erfitt að detta út af fjárlögum hafi verkefni einhvern tíma komist inn á þau. Fjárlagagerðin er öll heldur íhaldssöm, enda eru fjárlögin þannig byggð upp að mjög erfitt er að ná fram verulegum breytingum á þeim.

Á síðu 2 í grg. er sagt frá því, hvað „núllgrunnsáætlunargerð" sé, þá fjallað um megineinkenni slíkrar áætlunargerðar og markmiðin með henni og loks á það bent, að áherslan hvílir á því að fjárveitingar gangi til verkefna, en ekki stofnana. Í lokin er dreginn upp samanburður á hefðbundinni áætlunargerð, eins og hingað til hefur tíðkast, og „núllgrunnsáætlunargerð," sem hér er lagt til að tekin verði upp. Sá samanburður er fenginn úr ritgerð sem samin hefur verið um þetta mál og reyndar gefin út af Stjórnunarfélagi Íslands.

Þeir aðilar, sem fyrst og fremst hafa beitt sér fyrir því hér á landi að kynna þetta mál, eru Björn Friðfinnsson og Þórður Sverrisson. Þeir hafa á vegum Stjórnunarfélagsins og á vegum opinberra aðila kynnt þetta mál. Á sínum tíma átti ég þess kost að kynnast þessu allrækilega, þegar ég dvaldist um skeið í Bandaríkjunum, en þaðan er þessi aðferð komin og þar hefur hún verið reynd áður en hún var flutt út til Evrópulandanna. Þessi aðferð er ekki einungis notuð í opinberum rekstri, heldur enn fremur hjá einkafyrirtækjum, en þar er heldur viðurhlutaminna að taka upp nýjar stjórnunaraðferðir en hjá hinu opinbera þar sem gætir oftast miklu meiri íhaldssemi.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla ítarlega um þetta mál á þessari stundu. Ég get vitnað til þess, að á 100. þinginu flutti ég nokkuð yfirgripsmikla ræðu, sem hefst í dálki 3722, og ég bendi þeim, sem vildu kynna sér málið nánar, á að þar er hægt að lesa sér til um það.

Í ræðu minni ræddi ég ekki eingöngu um „núllgrunnsáætlanagerðina," heldur enn fremur um aðrar stjórnunarhugmyndir sem færu nokkuð í sömu átt og „núllgrunnsáætlunargerðin" og ættu það sammerkt að með þeim væri reynt að koma í veg fyrir útþenslu ríkisbáknsins. Þar var rætt um markmiðabundna stjórnun, um kerfisbundnar kostnaðarlækkanir og loks um hugmynd sem er nokkuð skyld þessari. Ég vil leyfa mér, ef forseti er því ekki á móti, að lesa örfáar línur úr þeirri ræðu:

„Meðal þeirra nýju stjórnunarhugmynda, sem hafa verið kynntar hér á landi og geta komið til greina í opinbera rekstrinum, eru markmiðabundin stjórnun, kerfisbundnar kostnaðarlækkunaráætlanir, en hvort tveggja hefur verið kynnt hér á landi. Ég ætla ekki frekar að fara út í að lýsa þessum aðferðum. En í þriðja lagi vil ég nefna þá sem helst ber á um þessar mundir og er í tísku jafnt austan hafs og vestan, en það er svokölluð sólarlagsaðferð sem er notuð víða, en hún byggist á því að fjárframlögum er veitt fyrst og fremst til verkefna, en ekki stofnana, og það er tekið fram við slíkar samþykktir að þær skuli aðeins gilda í ákveðinn tíma. Að þeim tíma loknum, sem er kannske 1 — 4 ár, falla fjárframlögin niður af sjálfu sér. Þetta er auðvitað gert til þess að snúa sönnunarbyrðinni við, til þess að styrkja stöðu þeirra, sem starfa við fjárveitingavald, gagnvart þeim, sem sækja á um aukið fjármagn til þeirrar starfsemi sem þeir vinna við, og er ákaflega mikilvægt atriði. Og það er atriði sem ekki einungis íslenska fjárveitingavaldið á við að glíma, heldur er þetta alþjóðlegt fyrirbrigði."

Þegar þetta mál kom fyrst fyrir á hv. Alþ. urðu ekki miklar umr. um það, eins og oft vill verða þegar um er að ræða mál sem ekki snerta hvern og einn í þjóðfélaginu beint, heldur með óbeinum hætti, jafnvel þótt slík mál hafi kannske miklu meiri þýðingu en þau mál sem taka mestan umræðutíma á hv. Alþ. Hv. fjvn.-mönnum er þó

vandinn við fjárlagagerðina öðrum hv. þm. ljósari, og ég vil, með leyfi forseta, vitna til ummæla Eiðs Guðnasonar, núv. formanns fjvn., sem hann viðhafði við þær umr. sem fóru fram á 100. þinginu um þetta mál. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Ég vil aðeins í mjög stuttu máli fagna því, að till. er komin fram um þetta efni, og fagna því, að þeir hv. þm. Friðrik Sophusson og meðflm. hans skuli hafa tekið upp þessa till. sem Björn Friðfinnsson lögfræðingur, eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, vakti, að ég held, fyrstur manna máls á hér og kynnti ásamt fleirum. Þetta bar m. a. á góma í umr. í Nd. fyrr í vetur er rætt var frv. til l. um ríkisendurskoðun sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson flutti á sínum tíma. Þá vakti ég máls á þessu. Ég lýsi stuðningi við þessa till., en tel þó að n. sú, sem fær þetta mál til skoðunar, ætti að athuga, ef flm. geta fallist á, að þetta sé ekki takmarkað við „núllgrunnsáætlanagerð," heldur komi þarna einnig til álita fleiri nútímahugtök og nútímaaðferðir við stjórnun. Má þar minnast t. d. á svokallaða „sólseturslöggjöf," sem hefur einnig vakið athygli og verið að ryðja sér til rúms. Þetta bendi ég á til athugunar. Ég tel að þarna mætti taka inn fleiri atriði af nútímastjórnunaraðgerðum heldur en „núllgrunnsáætlunargerðina" eina, þótt góð sé, en lýsi annars stuðningi við málið."

Ég hef leyft mér að rifja upp þessi ummæli hv. þm. þar sem hann sat þá ekki í fjvn., en situr þar nú sem formaður nefndarinnar.

Ég vil enn fremur í þessu sambandi lýsa yfir stuðningi við þá till., sem minnst er á í ræðu Eiðs Guðnasonar, sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson flutti á sínum tíma. Ég sakna þess satt að segja að hún skuli ekki hafa verið lögð fram aftur á þessu þingi, en ég veit að hv. þm. Halldór Ásgrímsson gerir það áreiðanlega því að þar er um að ræða afar athyglisvert mál sem ég veit að kemur til með að hafa áhrif á fjárlagagerð og ríkisreikning og endurskoðun ríkisfjármála.

Ég tel að það sé jafnframt sjálfsagt að „sólsetursaðferðin" sé um leið og „núllgrunnsáætlunargerðin" gerð að umtalsefni og skoðuð, þar sem hér er um náskyld mál að ræða. Aðalrökin fyrir „sólsetursaðferðinni" eru í fyrsta lagi, að hún styrkir fjárlagagerð og bætir og ýtir undir sífellda endurskoðun, sönnunarbyrðinni er snúið við og auðveldara er að setja þak á fjárlög, en margir hv. þm. hafa einmitt lýst þeirri skoðun sinni að nauðsynlegt sé að setja þak á fjárlög og síðan eigi framkvæmdavaldið að spila úr þeim fjármunum sem það fær á milli handa, en ekki, eins og hingað til hefur tíðkast í langflestum tilvikum, að fyrst er spurt um, hvað hlutirnir kosta og hvað við viljum gera, og síðan er skattheimtuvélin sett af stað. Venjulegast fer það þannig, að stuðningsmenn viðkomandi hæstv. ríkisstj., og dreg ég þá enga ríkisstj. undan, verða eins og handaupprettingavélar eða afgreiðsluvélar fyrir viðkomandi hæstv. ríkisstj. Sem betur fer er nú að verða einhver breyting á þessu, eins og mér skilst að hafi orðið í síðustu viku þegar nokkrir hv. þm. stjórnarinnar lýstu yfir að nú þyldu þeir ekki lengur fyrir hönd þjóðarinnar að vaðið væri dýpra ofan í vasa skattborgaranna. Fagna ég vissulega þeim yfirlýsingum.

Í öðru lagi eru það rök fyrir „sólsetursaðferðinni," að hún kemur oft í veg fyrir kostnaðarsamt eftirlit ríkisstofnana með alls konar rekstri í landinu. Slík mál hafa komið upp hér á landi og eru til skoðunar og verður fróðlegt að fylgjast með því, hvernig fjárlaga- og hagsýslustofnuninni tekst að eiga við slík mál, en það má segja að sú stofnun hafi aðeins risið undir hálfu nafni og sé í raun ekkert annað en fjárlagastofnun. Um hagsýsluhlutverk hennar er afskaplega lítið að segja, nánast ekkert á nokkrum síðustu árum.

Í þriðja lagi er talið að miklu betra yfirlit fáist yfir ríkisútgjöldin og að „sólsetursaðferðin" hafi nánast sömu þýðingu fyrir löggjafarvaldið og „núllgrunnsáætlunin" fyrir framkvæmdavaldið. Má segja að hvort tveggja bæti hitt upp.

Til viðbótar við þessa aðferð, sem í sjálfu sér er ákaflega einföld, hefur það tíðkast jafnframt hjá ýmsum ríkisstj: að gefa út reglur eða láta samþykkja lög, þá hefur löggjafarþingið samþ. lögin, þar sem bannað er að veita fé af fjárlögum til ríkisstofnana ef þær hafa ekki verið skoðaðar eftir ákveðnum leiðum hagsýslustofnana með ákveðnu millibili. Þannig er það t. d. í sumum ríkjum Bandaríkjanna, að ef líða meira en sex ár milli þess að stofnanir, sem settar hafa verið á laggirnar, eru skoðaðar fellur af sjálfu sér niður fjárframlag til þeirra. Verður það oftast til þess að þær leggjast niður alveg eða þær keppast um að endurnýja sig og sýna fram á að þeir eigi að lifa.

Því miður er það þannig, og það er ekki sérískenskt fyrirbrigði heldur, að opinberar stofnanir hafa tilhneigingu til þess að öðlast eilíft líf. Það er nánast óþekkt fyrirbæri að opinberar stofnanir leggist niður. Það er í sjálfu sér skiljanlegt, vegna þess að í þessum stofnunum og opinberu fyrirtækjum er fólk sem hefur lífsframfæri sitt af því að starfa þar, en það er allt of sjaldan spurt hvort sama fólkið gæti fengið vinnu við sitt hæfi annars staðar og þá væri hægt að spara heilmikið ef hægt væri að leggja niður viðkomandi stofnanir. Hér er bryddað á aðferð til þess að ýta undir að opinberir aðilar, ekki síst hv. þm., hugsi annað slagið eitthvað í þá veruna, hvort ekki sé ástæða til að staldra aðeins við og kanna hvort það, sem við höfum verið að gera síðustu áratugina, sé endilega það sem við hefðum átt að gera. Það er allt of algengt að ríkisstofnanir eru settar upp til að leysa ákveðið vandamál, sem er uppi á ákveðnum tíma, síðan breytast ytri skilyrði, vandamálin leysast jafnvel með öðrum hætti, en ríkisstofnanirnar og reyndar aðrar opinberar stofnanir hjá bæjar- og sveitarfélögum halda áfram að vera til eða búa sér jafnvel til nýtt hlutverk án þess að spyrja löggjafarvaldið að því. Það er einmitt heybrókarhátturinn, sem lýsir sér hjá hv. Alþ. gagnvart slíkum stofnunum, sem veldur því að það virðist vera lögmál í sjálfu sér að ríkisbáknið þenjist út. Og það er athyglisverð staðreynd, að á nokkrum síðustu árum, jafnvel tveimur áratugum, hefur opinberum starfsmönnum hlutfallslega fjölgað þrisvar sinnum hraðar en þjóðinni. Ef áfram heldur sem horfir þurfum við ekki að bíða lengi eftir því, að allir Íslendingar verði orðnir opinberir starfsmenn. Ég veit að sjálfsögðu að sumir vildu kannske af pólitískum ástæðum að það gerðist, en fyrir hina, sem telja að það sé spor í ranga átt, held ég að sé kominn tími til að reyna að finna haldbærar aðferðir sem geta gert það að verkum að hægt sé að sporna við fæti.

Herra forseti. Með þessari till. er verið að beina athyglinni að nýjum aðferðum við fjárlagagerð, sem styrkt geta þingið í fjárveitingastarfi sínu og koma í veg fyrir útþenslu ríkisbáknsins. Það er von mín, að þessi till. hljóti stuðning þm. og verði send hv. fjvn. til umfjöllunar og frekari skoðunar og komi svo aftur inn á fund hv. Sþ. og hljóti fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, þáltill. (þskj. 196). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Hér fyrr í dag urðu nokkrar umr. um hvort þáltill. væru marktæk plögg og hv. 9. þm. Reykv. fullyrti að svo væri ekki, þess vegna skyldu menn heldur bera fram frv. þar sem von væri til þess að þau væru tekin alvarlega. Ég hélt þá að þetta væri töluvert alvarleg ásökun á hendur hv. þingheimi, en ég sé nú að eitthvað virðist vera til í þessu. Alla vega er ekki að sjá að hv. þm. Sþ. hafi mikinn áhuga á þáltill. En ekki átti ég annan kost en að bera fram till. til þál. í því máli sem hér liggur fyrir á þskj. 196, þar sem þar er ekki um lagabreytingu að ræða, heldur framkvæmdaatriði. Ég treysti því hins vegar að það hafi meiri þunga að fá álit hv. þm. á máli mínu en taka upp síma og hringja í hæstv. samgrh.

Till. sú, sem hér liggur fyrir, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að samgrh. feli Póst- og símamálastofnuninni að framkvæma reglugerð nr. 426/1978 um eftirgjöf á afnotagjaldi síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum á þann veg, að íbúar allra sérbyggðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja njóti umræddrar niðurfellingar afnotagjalda, enda uppfylli þeir skilyrði reglugerðarinnar að öðru leyti.“ Á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög beitt sér fyrir byggingu íbúðarhúsa fyrir aldrað fólk. Einnig rekur Sjálfsbjörg slíka byggingu fyrir öryrkja, sem eru mikið fatlaðir, en annast sig að verulegu leyti sjálfir. Í Reykjavík eru nú fjögur hús sem í eru eingöngu íbúðir ætlaðar öldruðum. Í húsi Sjálfsbjargar og þremur húsanna fyrir aldraða hafa íbúarnir notið niðurfellingar afnotagjalds af síma, en nú hefur komið í ljós, að íbúar hins fjórða njóta ekki þessara hlunninda. Þetta hús er að Dalbraut 27, og eru þar bæði einstaklingsíbúðir og hjónaíbúðir. Ástæðan mun vera sú, að nokkru meiri þjónusta er í þessu húsi en hinum, en benda má á að íbúarnir greiða líka hærri húsaleigu þess vegna, eða 20 þús. kr. hærri leigu á mánuði.

Í öllum þessum húsum er auðvitað almenningssími til afnota fyrir íbúana. Sími er hins vegar svo mikilvægt tæki hinum öldruðu til að vera í sambandi við ættingja og vini, að almenningssími dugar þar ekki til. Þess vegna leggja hinir öldruðu mikla áherslu á að halda síma sínum þó að þeir flytjist í hús þar sem þeir búa við ákveðið öryggi, en flestir þeirra nutu þessara hlunninda hvort sem er áður í þeim íbúðum sem þeir bjuggu í. Þeir, sem einungis njóta tekjutryggingar til viðbótar ellilífeyri — og það er skilyrði fyrir niðurfellingunni — og búa að Dalbraut 27, eiga erfitt með að greiða símagjöld sín ekkert síður en áður.

Í reglugerð nr. 426/1978 er ekkert sem segir að þessi réttur skuli framkvæmdur á þennan veg. Skilyrði fyrir þessari niðurfellingu eru einungis þau, að maður njóti óskertrar tekjutryggingar til viðbótar við ellilífeyri sinn, búi einn í íbúð og ekki sé annar sími í íbúðinni. Þegar um er að ræða hjón skulu báðir aðilar njóta óskertrar tekjutryggingar.

Þar sem ekki hefur verið talið eðlilegt að sjúklingar á stofnunum hafi síma á sjúkrastofu njóta slíkir vistmenn ekki þessara réttinda og á það verður að teljast eðlilegt að fallast. Hins vegar er óumdeilanlegt að í þessu húsi sem og öðrum slíkum er um íbúð að ræða. Ég hygg að hv. þm. fallist á að íbúð sé einhver tala herbergja ásamt eldhúsi og baði. Í þessu húsi er óumdeilanlega um slíkar íbúðir að ræða. Eini munurinn á þessu húsi og öðrum slíkum, t. d. í Reykjavík, og ég hygg að slík hús rísi víðar á landinu, er raunverulega sá, að vistmenn eða íbúar borða eina máltíð á dag skilyrðislaust í sameiginlegu mötuneyti.

Ég hygg að óþarft sé að fjölyrða um slíkt sjálfsagt réttlætismál. Ég á vissulega þá von, að sá dagur rísi, og hef raunar leyft mér að leggja fram tillögu um það til endurskoðunarnefndar sem nú situr við að endurskoða lög um almannatryggingar, að allar ívilnanir öryrkjum og ellilífeyrisþegum til handa geti fallið niður og greiðsla til þessa fólks nái þeirri upphæð að það geti sjálft greitt þjónustu til jafns við aðra launþega í landinu, svo sem síma, afnotagjöld af útvarpi og sjónvarpi og annað slíkt. En á meðan almannatryggingabætur eru svo lágar, að vonlaust er að þeir, sem þeirra njóta, ráði við slíkar greiðslur, verðum við enn að hyggja að því að eitt verði látið yfir alla ganga með slíkar ívilnanir.

Ég treysti því, að við þurfum ekki að halda uppi löngu máli út af svo sjálfsögðu réttlætismáli, og vil treysta því, að hv. þm. greiði nú fyrir því að þetta mál fái fljóta afgreiðslu. Þessi litla till.er búin að liggja hér, að ég hygg, á áttundu viku. Íbúar þessa húss, sem munu vera liðlega 100 manns, bíða óþreyjufullir eftir að úr þessu verði skorið. Í trausti þess, að unnið verði skjótt og vel að lagfæringu, leyfi ég mér að leggja til að þessari till. verði vísað til hv. allshn. í von um fljóta og góða afgreiðslu.

Forseti (Pétur Sigurðsson): Nú er úr vöndu að ráða. Það er einn þm. á mælendaskrá, en hann situr í forsetastól og hinir forsetarnir ekki viðstaddir til að leysa hann af. En ég skal ekki tefja fyrir því að málið komist til n. Ég get alveg eins leiðrétt misskilning, sem hefur komið fram, við nm. Ég mun þess vegna falla sjálfur frá orðinu til að flýta fyrir málinu.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég skal ekki heldur tefja þetta mál. Ég vil á allan hátt greiða fyrir því eins og í mínu valdi stendur. Ég kem hér aðeins til að lýsa stuðningi mínum við þessa till. til þál. um að fella niður afnotagjald af síma elli- og örorkulífeyrisþega. Það veldur mér þó nokkrum vonbrigðum, að hún skuli ekki ganga lengra, a. m. k. kom það ekki fram í máli hv. flm., og að þetta sé ekki aðeins bundið við ákveðin sérbyggð hús fyrir aldraða, heldur væru þarna ekki undanskildir þeir aldraðir sem búa einir, eins og reyndar er gert ráð fyrir í lögum, þó að það sé í eigin íbúðum.

Ég ítreka það, að ég lýsi stuðningi mínum við þáltill. eins og hún liggur fyrir, og við skulum vona að áframahld verði á og allir elli- og örorkulífeyrisþegar fái að njóta þessarar sjálfsögðu fyrirgreiðslu, hvar sem þeir búa, ef þeir búa einir.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hv. 4. landsk. þm. fyrir stuðning við till. Ég vil leyfa mér að leiðrétta þann misskilning sem kom fram í máli þm. og kann að vera sjálfri mér að kenna, — ég satt að segja hljóp yfir í grg. til að stytta mál mitt, — en sannleikurinn er sá, að allir þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem njóta

óskertrar tekjutryggingar og búa einir, njóta þessara réttinda. Þess vegna er till. mín lögð fram, að þetta gamla fólk, sem nú flytur og flutti að Dalbraut 27, sem langsamlega flest er með óskerta tekjutryggingu og hefur búið eitt, hefur haft þessi réttindi, en þar sem Póstur og sími treystir sér ekki til þess að líta á þessar íbúðir öðruvísi en sem stofnun eða jafnvel sjúkrastofnun hefur enn ekki fengist viðurkennt að þetta fólk búi áfram eitt í íbúð eins og það hefur þegar gert og þess vegna hefur það misst þessi réttindi þegar það flutti símann yfir í Dalbraut 27. Það má segja að þetta sé framkvæmdaatriði sem leikur einn ætti að vera að fá leiðrétt með samþykkt ráðh. og í samráði við stofnunina. En þar sem það hefur dregist úr hömlu síðan í nóv. kaus ég að vekja athygli á þessu máli hér, eins og ég gat um áðan, í trausti þess, að eindreginn vilji þm. vegi það þungt að snarlega verði unnið að því að lagfæra þetta.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi segja það, að alltaf þegar um eftirgjöf fyrir ákveðinn hóp er að ræða vill fara svo, að nýtt ranglæti skapast, ef svo má segja, og væri miklu eðlilegra ef hægt væri að hafa almennar reglur um þessi efni. En ég tek líka undir það, ekki síst eftir þá söluskattshækkun sem orðið hefur á símgjöldum upp á síðkastið, að nauðsynlegt sé að reyna að koma til móts við þetta fólk.

En ég vil vekja athygli á því, að það eru fleiri hús en þarna er talað um sem undir þetta heyra, eins og Hrafnista við Jökulgrunn og Hrafnista í Hafnarfirði. Ég vil vekja athygli á því, að þetta mál hljóti góða athugun og athygli sé vakin á þeim sérréttindum sem aldraðir njóta að þessu leyti. Það er alltaf svo þegar um slík sérréttindi er að ræða, að fjöldi fólks veit ekki um möguleika sem í slíku felast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 15. apríl, kl. 2 miðdegis.

Stórvirkjun, fsp. (þskj. 223). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 223 fsp. til hæstv. iðnrh. um staðarval næstu stórvirkjunar. Fsp. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hefur næstu stórvirkjun „utan eldvirkra svæða" í raun verið valinn staður með orðalagi í grg. fjárlagafrv. um að 500 millj. kr., sem ráðstafa á til virkjunarrannsókna, skuli varið „að meginhluta á Austurlandi"?

Hversu langt eru rannsóknir á veg komnar varðandi Blönduvirkjun?"

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á undanförnum árum hefur staðið nokkur styrr um staðarval stórvirkjana í landinu, en þeim hefur öllum verið valinn staður á Þjórsársvæðinu, og undanfarið hafa verið nokkur blaðaskrif um að það væri hagkvæmast að halda áfram að virkja á því svæði. Í málefnasamningi ríkisstj. er þannig komist að orði, að það verður að skilja svo að næsta stórvirkjun skuli vera utan eldvirkra svæða, sem þýðir það í raun að næsta stórvirkjun verði þá ekki á Þjórsársvæðinu.

Síðan gerðist það, að í þriðju útgáfu fjárlagafrv. var orðalagi nokkuð breytt í aths. Þá var ákveðið að hækka fjáröflun til virkjunarrannsókna og jafnframt skotið inn í aths. að þessu fé skyldi að meginhluta varið á Austurlandi. Þess vegna er fsp. mín til hæstv. iðnrh., hvort með þessu orðalagi beri að skilja það svo, að næstu stórvirkjun hafi þar verið valinn staður í raun, og jafnframt þá að spyrjast fyrir um hversu rannsóknir séu á veg komnar varðandi Blönduvirkjun.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér er ljúft að svara þeirri fsp. sem hér er fram borin af hv. þm. Lárusi Jónssyni varðandi staðarval næstu stórvirkjunar. Svar mitt er á þessa leið:

Næstu stórvirkjun utan eldvirkra svæða hefur enn ekki verið valinn staður. Samkv. fjárl. 1980 er gert ráð fyrir 500 millj. kr. fjárveitingu undir liðnum virkjunarrannsóknir. Er það gert til þess að herða á nauðsynlegum rannsóknum á virkjunarkostum utan eldvirkra svæða umfram þær rannsóknir sem Orkustofnun vinnur að. Í ár verður þessu fjármagni varið að meginhluta til rannsókna á Austurlandi, nánar tiltekið á virkjun Jökulsár í Fljótsdal. Tilgangur þessara rannsókna er að koma tæknilegum undirbúningi virkjunar Jökulsár í Fljótsdal á sambærilegt stig og aðrir þeir virkjunarkostir eru sem til álita koma fyrir landskerfið, þ. á m. Blönduvirkjun. Nauðsynlegt er að taka sem fyrst ákvörðun um næstu virkjun eftir Hrauneyjarfossvirkjun, en til þess að það sé unnt er æskilegt að koma tæknilegum undirbúningi þeirra virkjunarkosta, sem til greina koma, á sambærilegt stig. Með þessu fyrirkomulagi í fjárveitingum er farið út á þá braut að útvega lánsfé til þess hluta virkjunarrannsókna sem kominn er af almennu rannsóknarstigi og beinist að framkvæmdatilhögun virkjunar. Gert er ráð fyrir að virkjunaraðili standi undir þessum rannsóknarkostnaði, þegar í virkjun verður ráðist, svipað og gert hefur verið á vegum Landsvirkjunar varðandi þróun virkjunarkosta á hennar vegum. Iðnrn. hefur falið Rafmagnsveitum ríkisins að gegna hlutverki virkjunaraðila varðandi umræddar rannsóknir í Fljótsdal og að hafa um þær samráð við Orkustofnun og fleiri aðila. Svipuð tilhögun þarf að koma til álita á næstunni varðandi aðra virkjunarkosti á mótunarstigi utan Landsvirkjunarsvæðisins, sérstaklega um Blönduvirkjun. Viðleitni stjórnvalda til stofnunar eins öflugs fyrirtækis til að sjá um meginraforkuöflun og raforkuflutning hefur m. a. beinst að því að tryggja að virkjunarkostir sem víðast á landinu komi til álita og að unnt sé að standa að undirbúningi þeirra með svipuðum hætti og Landsvirkjun hefur haft bolmagn til. Verkefni Orkustofnunar er sem lög bjóða almennar rannsóknir á sviði orkumála, þ. á m. frumathugun virkjunarkosta. En þegar nær dregur verkhönnun og framkvæmdastigi er nauðsynlegt að virkjunaraðili sé til kvaddur og hafi forustu um frekari undirbúning.

Varðandi 2. lið fsp., um það, hversu langt rannsóknir eru á veg komnar varðandi Blönduvirkjun, er rétt að upplýsa í stuttu máli að þær rannsóknir og tæknilegur undirbúningur eru á því stigi, að næst liggur fyrir að vinna hina verkfræðilegu hönnunaráætlun og er ætlað fé til þess á fjárhagsáætlun Orkustofnunar í ár, en Orkustofnun er nú að yfirfara fjárveitingar sínar eftir að fjárlög

hafa verið samþykkt. Að lokinni þeirri hönnunaráætlun er virkjunin komin á svokallað verkhönnunarstig. Ýmis önnur mál varðandi Blönduvirkjun eru enn óútkljáð, svo sem mál sem tengjast landnýtingu, en nauðsynlegt er að leysa slík mál á fullnægjandi hátt áður en ákvörðun er tekin eða ráðist er í framkvæmdir um virkjun. Nauðsynlegt er að huga einnig að þessum málum varðandi aðra virkjunarkosti, svo sem við Jökulsá í Fljótsdal. Þegar fyrrgreindum undirbúningi er lokið og ákvörðun hefur verið tekin um virkjun, hver sem hún verður, liggur næst fyrir að gera útboðsgögn og jafnframt því að framkvæma ýmsar viðbótarrannsóknir. Gerð útboðsgagna fyrir virkjun má ætla að taki eitt ár eða svo og getur verið eitthvað lengri tími, eftir því hve miklu fjármagni er til þess varið eftir að ákvörðun hefur verið tekin um virkjun.

Að lokum vil ég segja þetta: Það er nauðsynlegt, að á hverjum tíma liggi fyrir fleiri en einn kostur um næstu virkjun fyrir landskerfið. Brýnt er því að stöðugt sé unnið að rannsóknum á orkulindum landsins og samanburði á hagkvæmustu nýtingu þeirra. Við val á virkjunarkosti þarf að taka tillit til væntanlegrar raforkunotkunar, bæði hvað varðar þörf hins almenna markaðar, sérstakt átak til útrýmingar innfluttra orkugjafa til húshitunar svo og ný iðnfyrirtæki af ýmsu tagi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er svo sem til lítils að taka þátt í umr. um svo veigamikil mál og hafa til umráða tvær mínútur, en ég þarf ekki að hafa málalengingar í frammi því að ekkert kom fram í svari hæstv. ráðh. sem bitastætt er. Það er þó öllum vitanlegt og ljóst, að einstefna sú í virkjunarmálum, sem ríkt hefur á Íslandi um alllangt árabil, heldur óhikað og ótrufluð áfram, — einstefna sem Sjálfstfl. ber höfuðábyrgð á, var frumkvöðull að og virðist stefna áfram með undir forustu Alþb.-mannsins hæstv. Hjörleifs Guttormssonar iðnrh. Það vill svo til, að í hvert skipti sem talin er brýn þörf á að leggja stórt undir í virkjunarmálum, þá er tilbúið næsta stóráta kið á Þjórsársvæði og það er formaður Landsvirkjunar sem semur um það við aðalbankastjóra Seðlabankans hvernig haldið skuli áfram þar, og það samkomulag hefur tekist með ágætum, sú samingsgerð öll.

Ég minnist þess, að þegar við strituðum hér á sínum tíma með lánsfjáráætlun ár eftir ár, þá henti það jafnan á næstsíðasta eða síðasta degi fyrir jólahlé að datt á borð manna álíka upphæð og við höfum verið að togast á um á milli okkar, a. m. k. í Framkvæmdasjóði og hluta hans af lánsfjáráætlun, eins og formanni Landsvirkjunar og aðalbankastjóra Seðlabankans, sem er raunar einn og sami maðurinn, þóknaðist hverju sinni að taka til handa sér við stórvirkjanir á eldvirka svæðinu við Þjórsá. Svona hefur þetta gengið og þeir hafa vafið tungu um höfuð sér hver fram af öðrum, hæstv. iðnrh. og orkumálaráðh., í þessu máli, ekkert síður hæstv. núv. forsrh. meðan hann var orkumálaráðh. heldur en núv. hæstv. orkumálaráðh., sbr. útgáfu hans korter fyrir tólf á lögum til þess að ráðast í Bessastaðaárvirkjun 11. okt. s. l., daginn sem hann veltist þá úr sessi. Og það er eðlilegt, (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. Ég sé að núv. hæstv. forseti passar klukkuna miklu betur en framsóknarmaðurinn sem er aðalforseti. En ég þarf ekki, eins og ég segi, mörgu við þetta að bæta. Ég vissi ekki fyrr — og það var það eina sem ég heyrði nýtt í máli hæstv. ráðh. — að Blönduvirkjun væri komin lengra á veg í undirbúningi heldur en Fljótsdalsvirkjun. Þetta vissi ég ekki. En þetta upplýsir mann um það, sem ég þykist hafa ráðið í að undanförnu, að Blönduvirkjun er auðvitað það sem að er stefnt núna, enda kannske að sumu leyti skiljanlegt.

Ég hélt þó að það væri ýmislegt annað eftir fyrir austan um landnýtinguna eins og nyrðra, því að mér skilst að nýlegar samþykktir hjá hreppsnefndum eystra stefni ekki beinlínis í þá átt að greiða fyrir þessu máli. En allt er málið þann veg farið, að menn þyrftu betri tíma og lengri að ræða það heldur en okkur gefst nú. Að hinu leytinu vil ég geta þess, að Samtök sveitarfélaga á Austurlandi gerðu ályktun um þessi virkjunarmál í sept. s. l. á Höfn í Hornafirði, þar sem sú stefna, sem ég hafði haldið fram frá upphafi, var alfarið samþykkt.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ekki skal ég öfundast yfir því, að fé sé veitt til rannsókna á Austurlandi. Ég hef fram að þessu stutt það að stórvirkjanir risu og stóriðja að vissu marki, og sjálfsagt er að hraða undirbúningi þess. Hins vegar hygg ég að stefnt muni vera að því að leggja aðra línu til Austurlandsins, þannig að um hringtengingu verði að ræða, og þess vegna yrðu auðvitað raforkumál Austfirðinga í miklu betra lagi og miklu meira öryggi þar heldur en verið hefur að undanförnu. Hitt er alveg ljóst, að það er Blanda, sem næst á að virkja, og kemur þar margt til sem enginn tími vinnst til að rökstyðja hér, enda er undirbúningi þar lengra komið og það á strax að hefjast handa um virkjun hennar.

Það er engin leið að sætta sig við það, að einhverjir örfáir menn geti stöðvað slíka stórframkvæmd. Ég er sannfærður um að það má ná samningum við landeigendur, við bændur í Húnavatnssýslu og Skagafirði, ef vel er að því máli staðið. Og það ber að gera, jafnvel þó að það kynni að kosta það að virkjunin yrði eitthvað minni en hún hefur nú verið hönnuð eða verið er að hanna hana og landspjöll þar af leiðandi eitthvað minni. Hún er engu að síður mjög hagstæð virkjun, og það heppilega er, að nú má flytja raforku eftir byggðalínu frá Blöndu bæði austur á við og til Suðurlandsins. T. d. má sjá málmblendiverksmiðjunni fyrir rafmagni um nokkurra ára skeið að norðan, á meðan verið er að koma upp orkufrekum iðnaði þar, sem að sjálfsögðu kemur í smáum eða stórum stíl. Nú er t. d. verið að ræða um steinullarverksmiðju í Skagafirði, sem vonandi verður byggð, en tekur að vísu ekki mjög mikið rafmagn, en engu að síður: mjór er mikils vísir.

Ég get ekki — úr því að ég er kominn hér í pontuna — látið hjá líða að mótmæla þeim ummælum sem hv. síðasti ræðumaður lét falla um formann Landsvirkjunarstjórnar, vegna þess að ég veit að hann er mjög mikill áhugamaður um það að virkjanir rísi annars staðar en á Þjórsársvæðinu. Og það vill svo einkennilega til, að við ræddum þetta mál saman einmitt í fyrradag og hann hvatti mig mjög til þess að gera allt sem í mínu valdi stæði til þess að einmitt Blanda yrði virkjuð næst.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Á þeim stutta tíma, sem menn hafa til umráða, er ekki mikið hægt að ræða um orkumál, virkjanir og virkjunarrannsóknir, en mér finnst þó vera ástæða til að láta það koma fram, að ég held að það sé rétt að það orðalag, sem notað er í fjárlagafrv. á bls. 185, þar sem segir að fjármagnið eigi að fara til ráðstöfunar að meginhluta á Austurlandi, hafi ekki fundist í fyrri fjárlagafrumvörpum. Vegna setu

minnar í hv. fjvn. langar mig til þess af forvitni um fjárlagagerð að fá um það upplýsingar, hvernig þetta orðalag fer inn í fjárlagafrv., hver það er sem í upphafi setur þetta orðalag inn, hvort það sé hæstv. iðnrh. eða hvort það sé hæstv. fjmrh. sem ber meginábyrgð á frv., hvort þetta sé á vitund allrar ríkisstj., sem í raun ber ábyrgð á þessu frv. sem stjfrv., og þá sérstaklega hvort hæstv. landbrh., sem er mikill áhugamaður um Blönduvirkjun, hafi verið spurður um það, hvort þetta orðalag ætti að birtast þarna á ábyrgð ríkisstj. Ég held að það væri athyglisvert fyrir þá, sem sitja í fjvn., ekki síst vegna þess að grg. og aths. með fjárlagafrv. hafa talsverða þýðingu, að þeir verði ásamt þingheimi upplýstir um hvernig svona orðalag og svona breyting á milli frv. verður til og hvernig það er unnið af hálfu þeirra sem bera ábyrgð á fjárlagafrv.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans enda þótt mér fyndust þau dálítið afslepp. Það kom þó greinilega fram, að með þessu orðalagi er ekki búið í raun að ákveða hvar næsta stórvirkjun skuli vera utan eldvirkra svæða. En þá vaknar sú spurning, hvort það að vinna nú sem mest að því að athuga marga virkjunarkosti utan eldvirkra svæða geri það ekki að verkum að menn missi af strætisvagninum í þessu efni, því að mér skilst að það þurfi að vinda bráðan bug að því að byrja fljótlega á næstu stórvirkjun í landinu til þess að forða mönnum frá orkuskorti, eftir því sem fram hefur komið af hálfu ýmissa aðila um það efni. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðh. hvort hann treysti sér til þess að gefa þingheimi upplýsingar um það, hvenær þurfi að hefja framkvæmdir við næstu stórvirkjun að hans mati og hvort fyrir liggi nú þegar nægjanlegar upplýsingar um hagkvæmni Blönduvirkjunar t. d. gagnvart Jökulsá í Fljótsdal.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Að sjálfsögðu er enginn tími til þess að ræða virkjunarmál í örstuttum fyrirspurnatíma. Ég vil þó í tilefni af fsp. frá hv. þm. Friðrik Sophussyni, hvort venjulegt sé að taka svo til orða um ráðstöfun á fjármagni sem gert er í aths. með fjárlagafrv. nú, að fé það, sem er undir liðnum virkjunarrannsóknir, skuli notað að mestu leyti á Austurlandi, taka það fram, að ég held að það sé engin nýlunda. Í aths. fjárlagafrv. er þetta iðulega orðað með nokkuð svipuðum hætti, að fé til slíkra hluta eigi að verja á tilteknum svæðum að meira eða minna leyti.

Varðandi það, sem hér hefur verið rætt um virkjanaröð og það undirbúningsstig sem er á einstökum virkjunarkostum, þá skýrist þetta atriði af því, sem raunar kom fram hjá hæstv. iðnrh., og staðfestir það, sem kom fram hjá Jakob Björnssyni orkumálastjóra í sjónvarpi, að ég hygg í gær eða fyrradag, að Blönduvirkjun er komin að hönnunarstigi. Fljótsdalsvirkjun á eftir 1—2 ár að ná slíku hönnunarstigi og Sultartangavirkjun á eftir eitt ár til þess að ná þessu hönnunarstigi. Þess vegna er eðlilegt að rannsóknarfé, sem varið er til rannsókna áður en hönnunarstigi er náð, sé varið að verulegu leyti á Austurlandi, eins og gert er ráð fyrir samkv. fjárlagafrv. Hitt er svo annað mál, að á þessu ári er nauðsynlegt að taka ákvörðun um næstu stórvirkjun. Ríkisstj. hefur sett það í sinn stjórnarsáttmála, að næsta stórvirkjun skuli vera utan eldvirkra svæða. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að úr því verði skorið á þessu ári, hvort um Blönduvirkjun eða Fljótsdalsvirkjun verður að ræða, og þá ákvörðun á auðvitað að taka á hagkvæmnisgrundvelli og í ljósi þeirra rannsókna sem hafa verið gerðar þegar líður á árið. Það þarf enginn að efast um áhuga minn í þessu efni, en ég hlýt þó, vegna þess hvað stórvirkjanir kosta gífurlega fjármuni, að líta svo til að hagkvæmni eigi að ráða vali virkjunarkosta á milli þessara tveggja sem hér er um rætt. Verði það svo, að ekki náist niðurstaða um það, á hvorum staðnum eigi að virkja næst, í Blöndu eða austur í Fljótsdal, þá vitum við að næst verður virkjað áfram á Þjórsár- eða Tungnaársvæðinu, því að hvað sem menn vilja togast á um þessi mál, þá getum við ekki stöðvað virkjunarframkvæmdir í landinu vegna þess að raforkuþörfin rekur hratt á eftir. Þess vegna tel ég mjög nauðsynlegt að unnið verði fastlega að því að leysa þau vandamál sem enn standa fyrir því að hægt sé að taka ákvörðun og því lokið á þessu sumri sem í hönd fer, þannig að unnt verði að taka ákvörðun með haustinu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það eru örfá atriði sem fram hafa komið í umr. og sumpart í fsp.-formi til mín, sem ég tel rétt að víkja að í stuttu máli.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson vék að því, að virkjunarkostir virtust ævinlega vera tilbúnir á Þjórsársvæðinu, en erfiðlegar gengi í öðrum landshlutum. Þetta eru engin ný sannindi. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að þannig hefur þetta gengið fyrir sig, og á þessu ber löggjafinn og fleiri aðilar í þjóðfélaginu ábyrgð. Ástæðan fyrir þessu er hvernig staðið hefur verið að skipulagsmálum raforkuiðnaðarins í landinu um langt skeið. Ég held að það sé nú orðið flestum hv. alþm. ljóst, að besta leiðin til að snúa þessu við er að ná betri tökum á skipulagsmálum raforkuiðnaðarins. Það er afar brýnt, að það megi takast. Ég vænti þess hins vegar, að það komi ekki í veg fyrir að næsta virkjun fyrir landskerfið verði — eins og um hefur verið samið í stjórnarsáttmála — utan eldvirkra svæða og þá utan Landsvirkjunarsvæðisins. En til að það megi takast þarf að standa vel í ístaðinu varðandi rannsóknir. Fjármagn má ekki skorta til þeirra og það verður að vinna skipulega að málum til þess að koma slíkum undirbúningi í höfn. þannig að næsta virkjun á eftir Hrauneyjarfossvirkjun verði tiltæk til raforkuframleiðslu í tæka tíð.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson vék að því, að Austfirðingar ættu í vændum nokkra úrlausn á sínum raforkumálum með því að fá línu úr annarri átt en að norðan, eins og nú er, og fá þeir raunar orkuna flutta um langan veg, allt frá Tungnaársvæðinu um 2/3 hluta landsins eða svo til Austurlands. Það er alveg rétt, að að stofnlínum hefur verið unnið og það færist nær að unnt sé að hringtengja. En það gagnar ekki aðeins Austurlandi. Það er að sjálfsögðu þýðingarmikið fyrir öryggi þess fjórðungs, þó að það sé aðeins takmarkað öryggi sem þannig fæst, en það eykur á öryggi í landskerfinu öllu — og einnig á Norðurlandi vestra — að fá slíka hringtenginu, því að menn hafa orðið varir við það, að ekki þarf mikið að bjáta á í veðráttu til að truflanir verði á þessari þó öflugu stofnlínu til Norðurlands, t. d. á kaflanum milli Hvalfjarðar og Borgarfjarðar, og þess gætti t. d. í fyrravetur. En ef við hefðum hringtengingu eru líkurnar á slíkum truflunum til muna minni, ekki aðeins tvöfalt minni, heldur eru líkindin margfalt minni á slíkum truflunum. Það er því mjög eðilegt að að slíku sé stefnt. En það leysir ekki þörfina á að dreifa virkjunum með eðli-

legum hætti um landið til þess að draga úr orkutapi og þróa raforkukerfið og treysta jafnframt undirstöðu atvinnulífs í hinum einstöku landshlutum þannig að nokkurt jafnræði sé þar á. Þar er orkan að sjálfsögðu mikil undirstaða.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurðist fyrir um það, hver bæri ábyrgð á orðalagi í fjárlagafrv. sem til er vitnað í fsp. Það orðalag er komið inn með vitund og samþykki ríkisstj. Ég man það að vísu ekki til að fullyrða um það, hvort það var í fyrstu útgáfu fjárlagafrv. á s. l. hausti, en alla vega var þar inni upphæð, að vísu heldur lægri, undir þessum fjárlagalið til virkjunarrannsókna, og um það var rætt og samið, að þetta fjármagn, sem þá var til þess ætlað, gengi fyrst og fremst til virkjunarrannsókna á Austurlandi. Um atriði af þessu tagi bera fagráðherrar sig saman við fjmrn. við mótun fjárlagafrv., en síðan er það ríkisstj., að jafnaði sem fer yfir fjárlagafrv. og sér texta þess allan áður en það er fram lagt. Og þannig var um fjárlagafrv. að þessu sinni.

Hv. fyrirspyrjandi vék að því, að tvísýnt væri að keppa að því að hafa marga kosti til reiðu í sambandi við virkjanir, sérstaklega eins og á stæði nú, þar sem naumur tími gæti verið til stefnu til þess að undirbúa næstu virkjun. Ég get alveg tekið undir það með honum, að það verður að gæta ákveðins hófs í því og miða nokkuð við aðstæður. En þó ber okkur tvímælalaust að færast nær því marki að hafa ekki bara einn og ekki bara tvo kosti úr að velja í því sambandi, heldur fleiri. En til þess að svo megi verða þurfum við að standa betur að undirstöðurannsóknum í orkumálum og undirbúningi okkar virkjunarmála, og þar skipta skipulagsmálin og nýting þess mannafla, sem við höfum til að taka á þessum málum og sinna þeim, mjög verulegu máli. Ég vil m. a. benda á í því samhengi, að það er illt til þess að vita, að vegna takmarkana í skipulagsmálunum og þess, að Landsvirkjun er fyrirtæki sem fyrst og fremst er ætlað að sinna Suður- og Suðvesturlandi, þá nýtist sú mikla þekking og það góða starfslið, sem Landsvirkjun hefur komið sér upp á liðnum árum, mjög takmarkað til athugana og rannsókna á öðrum stöðum. M. a. af þeim sökum er nauðsynlegt að þessir aðilar geti komið við sögu og nýst við athuganir og undirbúning virkjana um landið allt. Slíkt átti að tryggja með stofnun landsfyrirtækis, en það má tryggja með öðrum hætti. Það er brýnt að mínu mati að við nýtum krafta okkar að þessu leyti sem best.

Hv. fyrirspyrjandi vék einnig að spurningunni um hagkvæmni þeirra virkjana utan eldvirkra svæða sem einkum hafa verið til umræðu og eru til athugunar og hljóta að koma til ákvörðunar innan tíðar, hvor fyrir vali verður, Blönduvirkjun eða Fljótsdalsvirkjun. Því er til að svara, að þau mál eru til athugunar jafnhliða öðrum þáttum er þetta varða. Þar er á margt að líta og koma vissulega fleiri þættir inn í þá mynd en tölurnar einar, m. a. spurningin um samninga varðandi mannvirkjagerðina, landnýtingu og annað þess háttar sem þarf að taka inn í þennan undirbúning.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, þó ég geti tekið undir það með þeim, sem hér hafa tekið þátt í umr., að hér er um stórt mál að ræða sem hægt væri og vert væri að ræða lengur en þessi fsp.-tími gefur möguleika til.

Efri deild, 64. fundur.

Þriðjudaginn 15. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 231, n. 310, 312 og 316, 317). — 2. umr.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Í fjarveru formanns og frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn., hv. 11. þm. Reykv., Ólafs Ragnars Grímssonar, mun ég gera hér grein fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn., en þar segir á þskj. 310:

„Nefndarálit um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Nefndin hefur athugað frv. og skilar þremur álitum. Við undirritaðir leggjum til að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson. Guðmundur Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson."

Frsm. 2. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið urðu menn ekki sammála í hv. fjh.- og viðskn. um þetta frv. Við, sem skipum 2. minni hl. n., hv. þm. Lárus Jónsson og Sigurlaug Bjarnadóttir ásamt mér, leggjum til að frv. verði fellt.

Í þessu sambandi vil ég minna á það, hvernig þetta flugvallagjald varð til. Ég skal vera stuttorður um það, vegna þess að ég vék að því máli við 1. umr. þessa máls. Flugvallagjald þetta er frá því árið 1975. Það var þá liður í víðtækum efnahagsráðstöfunum sem gerðar voru jafnhliða gengisbreytingu í febrúar það ár. Til þess að draga úr kostnaðaráhrifum gengislækkunarinnar voru lækkaðir skattar. Tekjuskattur var lækkaður, söluskattur var felldur niður af sérstökum vörutegundum og tollar voru lækkaðir og í sumum tilfellum felldir niður. Þetta hlaut að hafa í sér fólgna tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð. Það þurfti líka að líta á þá hlið málsins. Það var m. a. gert með því að samþykkja víðtækar heimildir til þess að lækka ríkisútgjöldin. Það var gert með því að stofna til skyldusparnaðar. Og það var gert með því að lögfesta flugvallagjaldið. Þannig kom þetta flugvallagjald til við sérstakar tímabundnar aðstæður, og ég held að enginn hafi látið sér koma til hugar að það ætti að vera áfram um næstu framtíð, hvað þá alla framtíð.

Nú er það svo, að við búum nú við ástand og aðgerðir í efnahagsmálum sem ganga þvert á það sem verið var að gera með efnahagsráðstöfununum 1975 og ég vitnaði til. Nú er ekki verið að lækka eins og þá var gert. Nú er ekki verið að lækka eða afnema tolla af tilteknum nauðsynjavörum. Nú er ekki verið að lækka söluskatt á tilteknum nauðsynjum. Hvað er verið að gera núna? Það er verið að hækka söluskattinn. Og það er ekki verið að lækka tolla. (**GeirG:** Er það ekki?) Ég held að það sé rétt, hv. þm. Geir Gunnarsson, að það sé ekki verið að lækka tolla, en ef ástæða er til að gera aths. við þá yfirlýsingu mína, þá veit ég að hv. þm. gerir það. (**GeirG:** Ég geri það.) Það, sem ég hef nú sagt, undirstrikar það, að þó að ástæða hafi verið til að leggja flugvallaskattinn á á sínum tíma, þá er ekki ástæða til þess núna að hækka þennan skatt eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Þá vil ég og vekja athygli á því, að öll skattlagning og allir skattar hafa að sjálfsögðu sína ókosti. En sum skattlagning hefur ókosti sem önnur hefur ekki, og í því efni er það verst ef fólkinu í landinu er mismunað með skattlagningu. En það er einmitt það eðli flugvallaskattsins sem við þurfum að gjalda varhug við.

Ég þarf ekki að lýsa því hér, að þessi skattur kemur fyrst og fremst niður á fólkinu í dreifbýlinu sem verður að sækja margháttaða þjónustu til höfuðborgarinnar, — þjónustu, sem hvergi annars staðar er að fá, og þjónustu, sem þetta fólk getur ekki verið án. Það verður að ferðast til og frá höfuðborginni, oft og tíðum með ærnum tilkostnaði. Og þróunin hefur orðið sú í samgöngumálum okkar á undanförnum árum og áratugum, að fólkið úti á landsbyggðinni hefur orðið sífellt meira og meira háð flugsamgöngum. Þess vegna er flugvallagjaldið óréttmætt gjald. Það á að létta af því misrétti sem hér er um að ræða, en ekki að auka það.

Með tilliti til þess, sem ég hef þegar sagt, er augljóst að það ákvæði sem er að finna í þessu frv. og gerir ráð fyrir að flugvallagjaldið hækki framvegis samkv. vísitölu, er ekki af hinu góða, vegna þess að það stuðlar beinlínis að því að festa þennan skatt. Það er enn fremur mjög varhugavert að fara þá leið að hækka skatt eins og flugvallagjaldið í samræmi við byggingarvísitölu því að það kann að vera að hreyfingar á byggingarvísitölunni — og þá hef ég fyrst og fremst í huga hækkanir á byggingarvísitölunni — geti orðið svo miklar, og hafa orðið svo miklar, að hækkun flugvallagjaldsins eftir þeim mælikvarða geti raskað því sem einhverjir kynnu að segja að þyrfti þó að vera hæfilegt hlutfall milli þessa gjalds og verðlagningar flugfélaganna á flugfargjaldinu.

Það er sama hvar drepið er niður í þessu máli, alls staðar verður komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé annað svar við þessu frv. en snúast gegn því og fella það. Þess vegna höfum við í 2. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. lagt það til.

Frsm. 3. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég reifaði þetta mál lítillega þegar það var til 1. umr. og sagði að okkur Alþfl.-mönnum litist ekki á þá miklu hækkun á flugvallagjaldinu, sem hér væri fyrirhuguð, og þó einkum og sér í lagi í ljósi þess að ríkisstj. gengi þannig á undan með því að heimta í sinn hlut meira en aðrir, á sama tíma og hún gerði ráð fyrir að draga úr verðbólgunni. Það væri haft á orði að markmiðið væri einhvers staðar í kringum 30% og í leiðinni ætti af verðlagsástæðum að skerða lífskjör almennings um 4.5%, og þá væri ekki rétti tíminn til þess að ríkið heimtaði stórkostlega hækkun á gjöldum í sinn hlut, 60% að viðbættri einhverri byggingarvísitöluþróun, sem enginn veit hver verður eða hvernig ráðh. muni ráðskast með að nýta heimild um. Við höfum þvert á móti verið þeirrar skoðunar, að ríkið þyrfti að ganga nokkuð á undan í þessum efnum, sýna aðhald, það gæti ekki gengið að ríkið ætlaði öðrum aðhald, en hrifsaði sífellt meira í sinn hlut.

Ég hef hér skilað nál. í samræmi við þessi sjónarmið sem er svo hljóðandi:

„Í ljósi þeirrar gífurlegu skattheimtu, sem ríkisstj. ryður nú fram á öllum sviðum, er ekki stætt á því að hækka sérstaklega um 60% flugvallagjald, sem innheimt er af öllum flugfarþegum eins og fyrirliggjandi frv. gerir ráð fyrir, enda er það andstætt tilraunum til viðnáms gegn verðbólgunni.

Þvert á móti á ríkisvaldið að gæta þess, að álögð gjöld af þess hálfu hækki minna en áætluðum verðhækkunum nemur, og ryðja þannig brautina og sýna fordæmi um niðurtalningu verðbólgunnar.

Í annan stað er að ýmsu leyti óréttlátt að innheimta flugvallagjald af innanlandsflugi og skattleggja þannig sérstaklega dreifbýlið, sem verður að reiða sig í ríkum mæli á flugsamgöngur. Til þess að sníða þessa agnúa af fyrirliggjandi frv. er á sérstöku þskj. flutt brtt. um að flugvallagjald verði ekki innheimt af innanlandsflugi, en af flugi til útlanda hækki það um ca. 35% í stað þeirrar 60% hækkunar sem fyrirliggjandi frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir."

Nánar tiltekið er þessar brtt. að finna á þskj. 317, þar sem í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að í 1. gr. frv. komi 7400 kr. í stað 8800 kr. Þetta á við flugför til útlanda annarra en Færeyja og Grænlands.

Í annan stað er gerð till. um það, að orðin „innanlands eða" í 1. málsl. 3. gr. falli niður, og einnig að niður falli 4.—7. málsl. gr.

Í þriðja lagi er síðan gert ráð fyrir því, að 3. gr. orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1980.

Ég tók eftir því, þegar talað var fyrir áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn., að hún mælti með því að frv. yrði samþykkt óbreytt. Í 3. gr. frv. segir að lög þessi öðlist gildi 1. apríl 1980. Hann er liðinn. Er það hugmynd 1. minni hl. að sendir verði bakreikningar til allra flugfarþega innanlands og erlendis fyrir tímabilið sem liðið verður frá 1. apríl þegar lög þessi öðlast gildi? Ef svo er, þá hefði ég gjarnan þegið upplýsingar um það innheimtuform sem verður notað við innheimtu flugvallagjalds sem fellur á tímabilið frá 1. apríl og þangað til þetta frv. yrði orðið að lögum. Það er vegna þess að ég taldi vissa agnúa á þessu og að innheimta aftur fyrir sig með þessum hætti yrði torveld og kostnaðarsöm sem ég flutti líka brtt. um að gildistíminn breyttist í samræmi við það sem ætla má að hæfilegt sé.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 286). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að við afgreiðslu síðustu skattalaga var framtalsskylda tekna af sparifé aukin án þess að um væri að ræða verulega breytingu á eldri ákvæðum um skattfrelsi þessa fjár. Nú er það svo, að af gildandi lögum verður helst ráðið að vaxtatekjur einmitt af sparifé geti skert tekjutryggingu hjá öldruðum og öryrkjum. Ég trúi því ekki, að það hafi verið ætlun löggjafans að skerða tekjutryggingu fólks vegna hugsanlegra tekna sem það hefur haft af sparifé. Á undanförnum árum hefur sparifé sem sagt ekki verið framtalsskylt og það hefur í raun og sannleika ekki reynt á það ákvæði, hvort sparifé gæti skert tekjutrygginguna.

Það frv., sem hér er flutt, er flutt til að taka af öll tvímæli í þessum efnum, að það sé ekki vilji Alþingis — jafnvel þótt gamalt fólk hafi einhverjar tekjur af sparifé sínu — að það verði til þess að skerða tekjutryggingu

þess. Ég held að þetta sé sjálfsagt mál. Ég vil benda á í þessu sambandi að eigi gamalt fólk eitthvert sparifé, þá er áreiðanlega búið að rýra það hörmulega mikið að verðgildi á undanförnum árum með þeirri neikvæðu vaxtastefnu sem fylgt hefur verið í landinu. Það væri því að bera í bakkafullan lækinn, að höggva tvisvar í sama knérunn, að ætla sér fyrst að stela stórum hluta af raunverulegri eign fólksins með neikvæðri vaxtastefnu í þessari gífurlegu verðbólgu og láta það síðan skerða líka tekjutryggingu þess.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. til l. Ég vænti þess, að skilningur minn á því, hver sé vilji löggjafans í þessum efnum, sé réttur og þetta mál fái greiða afgreiðslu í gegnum þingið. Ég mæli með því, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 287). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Alþfl. hefur á mörgum undanförnum þingum flutt frv. og tillögur sem hníga í þá átt að landið væri sameign, það væri óréttlátt að menn gætu auðgast sérstaklega á því t. d., að jarðskorpan væri þynnri þar sem þeir búa heldur en annars staðar. Hann hefur líka flutt frv. með tilliti til þess, að land hækkar í verði í nágrenni þéttbýlis, ekki fyrir framtak búandans sjálfs, heldur fyrir tilverknað annarra, þ. e. þeirra sem þéttbýlið hafa byggt.

Sömu sögu má segja í sambandi við vegalagningu. Við lagningu þjóðbrauta hækkar land í verði samkv. þeim lögmálum sem gilda í grennd við þjóðbrautina, án þess að sá, sem landið á, hafi nokkru til kostað. Svo öfugt er þessu meira að segja farið, að það er ekkert tillit tekið til þess, þegar eignarnámsmat er framkvæmt, að landið í grennd við þjóðbrautina hafi hækkað í verði. Það er reyndar svo, að nýlega er genginn dómur einmitt í máli af þessu tagi. Það varðaði Vesturlandsveg. Hann hafði verið fluttur um set og Vegagerðinni var gert að greiða fyrir það land sem hefur farið undir hinn nýja veg. Ríkissjóður gerði þá lítilmótlegu kröfu, að til frádráttar yrði fært að það, sem væri eftir af landskikanum í grennd við veginn, hefði hækkað í verði og mætti því verðhækkunin af völdum þess að vegurinn hefur verið lagður dragast frá þeirri fjárhæð sem landið væri metið á er undir veginn fór. Hæstiréttur dæmdi samkvæmt gildandi lögum að við slíku væri ekki hægt að verða.

Þessa dagana er bújörðin Fífuhvammur í Kópavogi auglýst til sölu í dagblöðum og það er yfirlýst af hálfu eigenda, að hæfilegt verð að þeirra dómi sé um einn milljarður kr. Það er reyndar jafnframt upplýst, að fasteignamat sé um 885 millj. Enn má það tilfæra, að í Dagblaðinu nýverið var þess getið, að hugsanlega mundi Reykjavíkurborg kaupa þessa landareign í sveitarfélaginu Kópavogi. Nú dettur auðvitað engum í hug að það sé svo blómlegt búskaparlag í Fífuhvammi eða landeigandi hafi hýst jörðina svo vel, að hún sé 800 til 1000 millj. kr. virði. Hliðstæð jörð með húsum í Stafholtstungum, Skútustaðahreppi eða á Barðaströndinni fengist fyrir lítið brot af því verði sem hér er til umr. Skýringin á þessum verðmismun liggur sem sagt alls ekki í framtaki eða atorku ábúandans í Fífuhvammi. Hún liggur í því, að fyrir framtak fjölda annars fólks og atorku hefur risið þéttbýli í Kópavogi og nærtækt land fyrir frekari þróun þéttbýlisins þar er m. a. og kannske ekki síst í landi Fífuhvamms. Hliðstæða sögu má segja um okurverð á landi víðs vegar að af landinu, t. d. úr Keflavík, þar sem menn hafa tekið á sig miklar og þungar byrðar við að kaupa land undir byggðina. Og nýlega átti svipað sér stað á Eskifirði, svo að aðeins fáein dæmi séu nefnd.

Þéttbýlissveitarfélögin standa þannig frammi fyrir því, að eðlilegur viðgangur þeirra og vöxtur sé kyrktur með afarkjörum á nærtæku landi, sem taka má til skipulags, og þá stendur verðlagning landsins ekki í neinu samhengi við afrakturinn af því til þeirra nota sem það er í, heldur hugsanlegt söluverð til lóðaúthlutunar. Þær reglur, sem hafa verið í gildi við ákvörðun eignarnámsbóta og reyndar fasteignamats, hafa í raun og sannleika rennt stoðum undir þetta óréttlæti, sbr. líka hæstaréttardóminn sem ég vitnaði til áðan, og komið ýmsum sveitarfélögum í óbærilega aðstöðu vegna þess að matsreglurnar grundvallast á svonefndu markaðsverði. Landeigandinn skákar þannig í skjóli þeirrar aðferðar sem er beitt við eignarnámsmatið sjálft fyrir opinbera tilstuðlan og eftir opinberri formúlu. Það er opinber blessun yfir því, hvernig verð á landi er ákveðið með þessum hætti. Með þessu móti geta fjársterkir aðilar ráðið byggðaþróun í raun og sannleika. Og samkvæmt þeim hugmyndum, sem kynntar voru í greininni í Dagblaðinu um að Reykjavíkurborg kaupi land í Kópavogskaupstað, gætu auðvitað fjársterk sveitarfélög keypt upp land í umdæmi fjárvana sveitarfélaga. Spyrja má hvort sá háttur geti leitt til þess, að Hafnarfjarðarbær stundi lóðabrask á Siglufirði, Húsavíkurkaupstaður stundi það á Reyðarfirði og Akureyri stundi lóðabrask á Selfossi. Það er hliðstætt við þá hugleiðingu sem uppi er um að Reykjavík kaupi land í Kópavogskaupstað.

Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að hér er fetuð röng braut. Allir sanngjarnir menn vilja auðvitað að við eignarnám sé hverjum og einum umbunað fyrir það sem frá honum er tekið, en sú umbun á ekki að fara fram úr þeim afrakstri sem hann hafði af eign sinni til þeirra nota sem hún er í, og með opinberri blessun, með aðferðum sem ákveðnar eru fyrir opinbera tilstuðlan, á ekki að sprengja verð á land upp eins og nú er gert.

Nú vill svo til, að með því að breyta aðferðum við ákvörðun eignarnámsbóta — og það er hlutverk Alþingis — má einmitt tryggja framgang þeirrar stefnu, að menn fái umbun í samræmi við þann afrakstur sem menn hafa haft af eigninni. Það má þannig með þessum hætti afnema það óréttlæti, sem nú viðgengst, og jafnframt koma þéttbýlissveitarfélögunum úr þeirri úlfakreppu sem þau eru nú í. Ef eignarnámsbætur eru miðaðar við þá notkun sem eignin er í þegar beðið er um eignarnámsmat, þá er mörkuð ný braut í þessum efnum.

Tilgangur þess frv., sem hér er flutt, er að tryggja framgang þeirrar stefnu, að eignarnámsbæturnar séu miðaðar við þá notkun sem eignin er í þegar beiðni um eignarnámsmatið hefur borist, en ekki metnar verðbreytingar sem rekja má til tilgangs eignarnámstökunnar

eins og nú er gert. Frv. um þetta efni var flutt af Braga Sigurjónssyni, Ágústi Einarssyni, Braga Níelssyni og Karli Steinari Guðnasyni á 100. löggjafarþingi. Það frv., sem nú er flutt, er samhljóða því frv. Í grg. með frv. þeirra Braga Sigurjónssonar o. fl. á 100. löggjafarþingi sagði — ég ætla að leyfa mér að lesa það — með leyfi hæstv. forseta:

„Í áliti nefndar þeirrar, sem undirbjó lög nr. 11 6. apríl 1973, er að því er vikið, að nefndin hygðist semja sérstakt frv. til l. um fjárhæð bóta vegna eignarnáms fasteigna eða sameina slíkt frv. því frv. til l. sem nefndin samdi. Af því hefur ekki orðið og er ætlunin að bæta úr því með þessu frv.

Í áðurgreindu nál. voru talin ýmis vandkvæði á því að taka í lög ákvæði um fjárhæð eignarnámsbóta. Stafi það m. a. af því, að ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um „fullt verð" setji slíkri löggjöf vissar óhagganlegar skorður. Þá sé ákvörðun eignarnámsbóta margþætt og flókið viðfangsefni, sem naumast verði settar tæmandi reglur um, eða a. m. k. ekki reglur sem leiði sjálfkrafa til afdráttarlausrar niðurstöðu. Því virðist varla annað og meira koma til greina en að lögfesta vissar meginreglur um fjárhæð eignarnámsbóta. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til að svo verði gert varðandi ákvörðun eignarnámsbóta þegar fasteign er tekin eignarnámi.

Við framkvæmd eignarnáms hér á landi hefur lengi gætt misræmis varðandi túlkun ákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar um „fullt verð". Í lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms, voru ákvæði þess efnis, að verð eignar skyldi miðast við gangverð sem eignin hefði í kaupum og sölum. Í núgildandi lögum, nr. 11/1973, er hins vegar enga slíka viðmiðurnarreglu að finna.

Gamla reglan þótti orka tvímælis og var túlkun ákvæða um eignarnámsbætur á ýmsan veg í úrskurðum dómkvaddra matsmanna og er svo enn.

Eitt umdeildasta atriðið í sambandi við eignarnámsbætur er það, hvort taka skuli tillit til fyrirhugaðra nota lands, eftir að eignarnám hefur farið fram og eftir að eignarnemi hefur með skipulagi og síðari framkvæmdum breytt möguleikum til nýtingar þess. Margir eru þeirrar skoðunar, að eðlilegast sé að miða eignarnámsbætur við þá raunverulegu eða eðlilegu nýtingu, sem eigandi hefur af landinu þegar til eignarnáms kemur.

Á móti þessu eru borin fram þau rök, að eigandi fasteignar, sem verður að þola eignarnám, verði lakar settur en nágranni hans, sem eigi land utan þess svæðis, en njóti hagræðis, t. d. af lagningu hraðbrautar, í hækkun verðs á landi sínu. Skattfrelsi ávinnings af slíkri verðhækkun lands, sem ekki stafar af aðgerðum eiganda, hefur styrkt þessa skoðun, en það er skoðun flm. frv. þessa, að lögfesta beri verðaukaskatt, sem skattleggi ávinninginn í þessu tilviki til ríkissjóðs. Flm. telja ekki rétt, að eigandi lands njóti ávinnings vegna framkvæmda, sem ætlunin er að ráðast í eftir að land hans hefur verið tekið eignarnámi, eða ávinnings vegna framkvæmda opinberra aðila í nágrenni við hann, án þess að hann hafi átt þar nokkurn hlut að máli.

Bent hefur verið á dæmi um óeðlilega niðurstöðu matsmanna við mat á verðmæti lands, t. d. í sambandi við þarfir sveitarfélaga, vegna nauðsynlegrar vegagerðar, orkuvinnslu o. s. frv.

Sveitarfélögin hafa m. a. talið á sig hallað í ýmsum tilvikum með úrskurðum matsmanna á eignarnámsbótum. Má um það atriði vísa til niðurlags grg., sem núv. formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jón G. Tómasson, samdi að tilhlutan sambandsins og send var með tillögum þess til stjórnarskrárnefndar Alþingis hinn 29. jan. 1975."

Í 1. gr. þessa frv. til l. er auðvitað að finna meginreglur þær sem eiga að gilda samkv. þessu um ákvörðun eignarnámsbóta, þegar fasteign er tekin eignarnámi, og meginsjónarmið varðandi mat á eignarnámsbótum, en almennt er viðurkennt að lögfesting slíkra viðmiðunarreglna með almennum lögum brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er þess að geta, að ákvæði greinarinnar eru sniðin eftir sams konar ákvæðum norskra laga frá 26. jan. 1973 um bætur vegna eignarnáms fasteigna. Ákvæði 105. gr. norsku stjórnarskrárinnar eru reyndar hliðstæð ákvæðum 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar, þannig að þar er líka um vissa samsvörun að ræða.

Þá má geta þess, að hæstiréttur Noregs hefur skorið úr því, að áðurnefnd lagaákvæði fari ekki í bága við ákvæði norsku stjórnarskrárinnar. Hér er auðvitað ekki stigið til fulls það skref, sem Alþfl. hefur boðað varðandi sameign á landi. Hér er í staðinn leitast við að sníða agnúa af því kerfi, sem fyrir hendi er í landinu, sníða af óréttlæti sem skapar öngþveiti hjá þéttbýlissveitarfélögum mörgum hverjum. Við viljum freista þess enn að fá þetta lögfest hér í þinginu með tilliti til þess, að hér er um að ræða himinhrópandi óréttlæti, sem alls ekki er með neinum hætti hægt að verja, og jafnframt því er verið að bjóða upp á að skipulag sveitarfélaga fari úr skorðum, að fjársterkir aðilar geti kyrkt viðgang sveitarfélaganna, að sterk sveitarfélög geti jafnvel farið að braska með land í öðrum sveitarfélögum. Alla þessa agnúa má sníða af með samþykkt þessa frv. sem ég mæli hér fyrir hönd okkar flm.

Ég vil vænta þess, að þetta frv. fái greiða afgreiðslu hér í þinginu. Hér er um ákaflega takmarkað mál að ræða með tilliti til þess heildarstefnumiðs sem við Alþfl.-menn höfum boðað, en þetta ætti að geta verið skref í rétta átt.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 219, n. 308, 318 og 319, 308, 315, 320). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur á nokkrum fundum tekið til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum, sem birt er á þskj. 219 og er 127. mál. Ed. Sumir þessara funda voru sameiginlegir

nefndarfundir með fulltrúum úr fjh.- og viðskn. Nd. einnig. Á þessa fundi komu m. a. fulltrúar frá Þjóðhagsstofnun, Reiknistofnun Háskólans og fleiri aðilum.

Á þskj. 308 hefur 1. minni hl. fjh.- og viðskn. leyft sér að birta nál. þar sem segir m. a.:

Nefndin hefur fjallað um frv. og skilar þremur álitum. **Við, sem skipum 1. minni hl. nefndarinnar, flytjum á sérstöku þskj. brtt. við 2., 3. og 4. gr. frv. Þær fela í sér nýjan skattstiga, þar sem m. a. er ákveðið að 50% greiðsla komi ekki fyrr en við 7 millj. kr. markið. Einnig er persónuafsláttur hækkaður í 525 þús. kr. úr 440 þús. og barnabætur hækkaðar í 150 þús. kr. með fyrsta barni úr 130 þús. kr. og 215 þús. kr. með hverju barni umfram eitt, sem er einnig hækkun, var 200 þús. kr. Í till. er kveðið á um að fyrir börn yngri en 7 ára skuli barnabætur vera 65 þús. kr. hærri og barnabætur með börnum einstæðra foreldra skuli þó ætíð vera 280 þús. kr. með hverju barni.**

Þessar brtt. gera ráð fyrir að ríkissjóður taki meiri áhættu vegna skattkerfisbreytingarinnar en áður hafði verið reikanað með. Þær fela í sér um 1.5 milljarða kr. lækkun tekjuskattsins miðað við fyrri forsendur. Sú lækkun kemur einkum til góða hjónum með tvö börn eða fleiri, hjónum sem njóta innan við 2 millj. kr. tekna eiginkonu, öðrum hjónum með lægri miðlungstekjur og ýmsum tekjuhópum einstaklinga. Allir þessir tekjuhópar munu samkv. grundvelli tillögugerðarinnar bera lægri tekjuskatt en á síðasta ári.

Í frv. ríkisstj. var gert ráð fyrir að ríkissjóður tæki minni áhættu vegna skattkerfisbreytingarinnar. Einnig kom í ljós skekkja í tæknilega reiknilíkaninu sem lagt var til grundvallar upphaflegum tillögum. Hafði sú skekkja verið í líkaninu frá áramótum, en hefur nú verið leiðrétt. Tillögur okkar taka mið af þessari leiðréttingu, jafnframt því sem við leggjum til að áhætta ríkissjóðs verði aukin með fyrrgreindri lækkun tekjuskattsins.

Á fundum nefndarinnar voru lögð fram gögn frá dr. **Þorkatli Helgasyni um óvissumörk álagningaráætlunarinnar, sem eru nú óvenjumikil vegna skattkerfisbreytingarinnar, og einnig endurskoðuð áætlun Þjóðhagsstofnunar um tekjubreytingar milli áranna 1978 og 1979. Niðurstaða dr. Þorkels Helgasonar er að óvissumörk álagningarinnar nú séu a. m. k. plús eða mínus 2 milljarðar kr. og geti jafnvel numið enn hærri upphæð. Þótt Þjóðhagsstofnun telji í nýrri spá, dags. 10. apríl 1980, að tekjuhækkun milli ára geti orðið 1—2% hærri en gert er ráð fyrir í frv. — meðalhækkun á framteljanda á öllu landinu 46—47% samkvæmt grg. Þjóðhagsstofnunar — þá er sú hækkun innan fyrrgreindra óvissumarka. Hækkun tekna um 1% milli ára jafngildir um 1 milljarði fyrir ríkissjóð. Þótt tekjuhækkun verði í hærri mörkum endurskoðaðrar áætlunar Þjóðhagsstofnunar er ljóst að tekjuskattur til ríkissjóðs gæti samt sem áður orðið minni en nú er gert ráð fyrir ef óvissan reyndist ríkissjóði óhagstæð. Tekjutap ríkissjóðs gæti jafnvel numið 1—2 milljörðum kr. Verði óvissan hins vegar ríkissjóði hagstæð yrði um tekjuaukningu að ræða. Á þessu stigi er ógerlegt að fullyrða hvort heldur verði.**

Þessi mikla óvissa er óhjákvæmileg afleiðing þeirrar skattkerfisbreytingar sem var lögleidd á fyrri hluta ársins 1978 af þáv. ríkisstj. Þar eð við teljum nauðsynlegt að Alþ. geri sér skýra grein fyrir þessari óvissu birtum við í nál. grg. dr. Þorkels Helgasonar sem lögð var fram hjá nefndinni.

Í lok grg. dr. Þorkels segir hann m. a.:

„Ég hef í fyrri grg. til hv. þingnefnda giskað á að heildaróvissa í mati á tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga sé allt að 2 milljörðum kr. til eða frá, að því tilskildu að áætlun um meðaltalsbreytingu reynist rétt. Í ljósi ofangreindra dæma mætti ætla að heildaróvissa geti verið mun meiri. Talan tveir milljarðar í þessu sambandi grundvallast því einkum á þeirri óskhyggju, að óvissuþættirnir vegi hvern annan upp að einhverju leyti, en leggist ekki allir á sömu hliðina."

Þetta segir í lok grg. dr. Þorkels Helgasonar.

Í samræmi við framangreinda afstöðu leggjum við undirritaðir til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem við flytjum till. um á sérstöku þskj., þskj. 309, og ég var áður búinn að gera grein fyrir.

Undir þetta rita Ólafur Ragnar Grímsson, Guðmundur Bjarnason og Davíð Aðalsteinsson.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar klofnaði í afstöðu sinni til þess frv., sem hér er á dagskrá, og einnig til þeirra brtt. sem fylgismenn núv. hæstv. ríkisstj. flytja á sérstöku þskj. Nál. 2. minni hl. n . er á þskj. 318.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason hefur gert grein fyrir till. 1. minni hl. n., og kom þar fram að 1. minni hl. telur að hér sé verið að lækka skatta um 1.5 milljarða kr. frá þeim forsendum sem fyrr var gengið út frá. Það er því miður mjög mikil blekking að halda því fram, að hér sé verið að lækka skatta um 1.5 milljarða. Gengið var út frá því með frv. **því sem hér er til umr., að tekjuskattar og** eignarskattar yrðu 1.5 milljörðum hærri en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir, en þessar tillögur 1. minni hl. gera ráð fyrir að tekju- og eignarskattur verði eins og áætlun fjárlagafrv. eða nokkurn veginn þannig. Hér er því ekki um 1.5 milljarða lækkun að ræða frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., heldur er verið — að færa þessar tillögur til samræmis við áætlun fjárlaga.

En þessar tillögur 1. minni hl. fjh.- og viðskn. fela í raun í sér 2—3 milljarða kr. hækkun á tekjuskatti einstaklinga frá tekjuáætlun fjárlaga. Í fjárlögunum er gert ráð fyrir að innheimta í ríkissjóð alla þá skattahækkun **sem vinstri stjórn lagði á með afturvirkum sköttum** haustið 1978. Þessar tillögur 1. minni hl. fjh.- og viðskn. bæta 2—3 milljörðum við tekjuskattsbyrði einstaklinga ofan á vinstristjórnarhækkanirnar. Þetta frv. og brtt. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. eru því einn þáttur í þeirri gífurlegu skattahækkun sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir og almenningur finnur nú fyrir í æ ríkara mæli með hverjum deginum sem líður.

Þegar fjallað er um skattstiga og álagningu tekjuskatts er auðvitað grundvallaratriði að gera sér grein fyrir því, hverjar þær tekjur eru, sem verið er að leggja skattinn á, og hvernig þær tekjur dreifast. Fram að síðasta fundi fjh.- og viðskn., sem haldinn var á föstudag, var í þessu efni gengið út frá því, að tekjur hefðu hækkað á milli áranna 1978 og 1979 að meðaltali um 45%. Var þá stuðst við áætlun Þjóðhagsstofnunar sem reist var á

breytingum kauptaxta og annarra þátta sem áhrif hafa á tekjur. Betri og nákvæmari aðferð er að taka úrtak úr skattframtölum og áætla tekjubreytingar milli ára með þeim hætti.

Á fundi nefndarinnar s. l. fimmtudag óskaði ég eftir því, að n. fengi upplýsingar um slíka úrtaksathugun Þjóðhagsstofnunar sem mér var kunnugt um að væri að fara fram. Þessu var ekki vel tekið í fyrstu í n. af hv. formanni, en sæst á að spyrja hvort slíkar upplýsingar lægju ekki á lausu. Daginn eftir var svo lagt fram í n. plagg frá Þjóðhagsstofnun, dags 10. apríl 1980, sem ber yfirskriftina: „Áætlun um breytingar á tekjum einstaklinga 1978—1979." Þessi grg. er birt sem fskj. I með áliti 2. minni hl. n. Í grg. kemur fram að úrtaksathugun hefur farið fram á nokkrum stöðum á tekjubreytingum milli áranna 1978 og 1979 samkv. skattframtölum, og þar segir orðrétt:

„Niðurstöður úrtaksathugunarinnar eru eftirfarandi:
Breyting atvinnutekna 1978—79 í %:

Reykjavík	46%
Hafnarfjörður	54%
Keflavík	48%
Grindavík	52%
Sandgerði	55%."

Síðan segir orðrétt: „Meðaltal þessara staða vegið með tekjum 1978 er 47%."

Þá segir enn orðrétt í grg.: „Milli áranna 1977 og 1978 hækkuðu meðalbrúttótekjur á ofangreindum stöðum um 56.2%, en annars staðar á landinu um 60%. Óvíst er hvort munurinn er sá sami nú, þar sem tekjuhækkun hjá bændum var óvenjumikil 1978, en á hinn bóginn var tekjuhækkun sjómanna og þeirra, er vinna við fiskvinnslu, meiri en meðaltalshækkun í fyrra og vegur það þyngra utan þess svæðis sem úrtakið nær til."

Af framangreindum tilvitnunum í skýrslu Þjóðhagsstofnunar er líklegust tekjubreyting milli áranna 1978 og 1979 47—48%, og alveg er ljóst að hún verður talsvert meiri en 45%, sem gengið er út frá í tillögum hv. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Skylt er að geta þess, að fram kom hjá sérfræðingi Þjóðhagsstofnunar, sem kom á fund n., að ætti hann að nefna eina tölu um tekjubreytingu milli ára mundi hann telja að hún væri 47%.

Í tekjuáætlun fjárlaga er miðað við að álagður tekjuskattur á einstaklinga nemi 43 milljörðum 500 millj. kr. Samkv. tölvuútreikningi hafa brtt. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. í för með sér að þessi upphæð næst og þó ívið betur, miðað við að tekjubreyting milli áranna 1978 og 1979 hafi verið 45%. Nú er það ljóst samkv. nýjustu upplýsingum, sem ég las hér áðan, að tekjubreytingin verði 47—48%, og jafnframt er það upplýst, að hvert prósentustig í tekjubreytingum milli ára til hækkunar frá 45% leggur einn milljarð í auknar skattálögur á almenning. Tillögur 1. minni hl. fjh.- og viðskn. munu því hafa í för með sér 45.5—46.5 milljarða og tekjuskattsálögur á einstaklinga í ár þá hækka, eins og ég sagði áðan, um 2—3 milljarða kr. og verða 2—3 milljörðum kr. hærri en 1. minni hl. n. vill vera láta.

Það er athyglisvert í þessu sambandi, að þeir þm., sem styðja núv. hæstv. ríkisstj., og ríkisstj. sjálf hafa annaðhvort ætlað að leyna almenning þeirri vitneskju sinni, að tekjubreyting væri meiri milli ára en gert var ráð fyrir við gerð fjárlaga og tekjuskattar yrðu þar af leiðandi meiri og þyngri, eins og ég hef gert hér grein fyrir, eða þá að hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar hefur ekki gert sér grein fyrir þessum breyttu forsendum þegar skattstiginn var ákveðinn sem 1. minni hl. fjh.- og viðskn. leggur hér fram í umboði ríkisstj.

Mikil skæðadrífa nýrra og hækkaðra skatta hefur dunið yfir þjóðina að undanförnu. Nú er svo komið að heildarskattheimta ríkis og sveitarfélaga þyngist á yfirstandandi ári um hvorki meira né minna en 54 milljarða vegna aðgerða núv. ríkisstj. og fyrri vinstri stjórnar. Hér er um að ræða hvorki meira né minna en 1300 þús. kr. í auknar skattaálögur á hverja fimma manna fjölskyldu í landinu. Ítarleg grein hefur verið gerð fyrir þessum auknu skattaálögum í umr. um fjárlög og enn fremur í nál. okkar í 2. minni hl. fjh.- og viðskn. og skal ég því ekki rekja það nákvæmlega hér, en stikla á stóru.

Af þessari 54 milljarða kr. skattahækkun af völdum þessara tveggja ríkisstj. hækka beinir skattar um 25 milljarða frá því sem verið hefði ef sama hlutfall tekna gengi til greiðslu þeirra og á árinu 1978. Tekju- og eignarskattar, sjúkratryggingagjöld, útsvar og fasteignaskattar námu árið 1978 11.6% af brúttótekjum skattgreiðenda á greiðsluárinu. Hér er átt við venjulega álagningu það ár, áður en afturvirku sköttunum var bætt við. Þessir skattar eru að mati Þjóðhagsstofnunar í ár 14.2% af brúttótekjum yfirstandandi árs, þ. e. greiðsluársins. Í þeirri áætlun Þjóðahgsstofnunar er einungis gert ráð fyrir að tekju- og eignarskattar verði í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrv., en ekki 2—3 milljörðum hærri, og að heimild til 10% hækkunar útsvars verði aðeins nýtt að hálfu. Raunsærra er því að gera ráð fyrir að þetta hlutfall verði í framkvæmd 14.6—14.8%.

Þjóðhagsstofnun hefur áætlað brúttótekjur framteljenda 820 milljarða kr. 1980 miðað við 47% tekjubreytingu milli áranna 1978 og 1979. Miðað við álagningarreglurnar 1978 yrðu beinir skattar í ár 95 milljarðar, en þeir hækka upp í 120 milljarða samkv. þeim till. sem hér eru til umr. frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um tekju- og eignarskatt og miðað við aukna heimild til álagningar útsvara svo og gildandi lög um sjúkratryggingagjald og fasteignaskatta. Hér er því um að ræða 25 milljarða kr. skattahækkun óbeinna skatta frá álagningarreglum sem giltu 1978 og er þá — ég ítreka það og endurtek — reiknað á grundvelli hlutfalls af tekjum á greiðsluári.

Óbeinir skattar í ár verða 31 milljarði kr. þyngri vegna ákvarðana núv. ríkisstj. og vinstri stjórnarinnar síðan haustið 1978. Þeir hækka brúttó um 45.5 milljarða, en frá þeirri tölu dregst niðurfelling söluskatts á matvörum og tollalækkunum 14 500 millj. kr., þannig að eftir stendur skattahækkun óbeinna skatta um 31 milljarð.

Hér er um að ræða hækkun söluskatts og vörugjalds, sem ákveðin var í fyrrahaust af vinstri stjórninni og leggur í ár 18 milljarða skattaálögur á þjóðina, en í fyrra voru þessar skattahækkanir 2.7 milljarðar vegna þess hversu seint hækkunin kom til framkvæmda á árinu. Gjald á ferðalög til útlanda, nýbyggingagjald, skattur á verslunarhúsnæði og aðlögunargjald eru allt nýir skattar sem fyrst voru lagðir á af vinstri stjórninni. Orkujöfnunargjald, sem í raun er almenn söluskattshækkun og er uppfinning núv. hæstv. ríkisstj., leggur nýja skattbyrði á sem nemur 6 milljörðum í ár en á 12 mánuðum tæplega 8 milljörðum. Þessir skattar eru innifaldir í þeim 31 milljarði sem ég nefndi áðan. Það er nýir hækkaðir óbeinir skattar af völdum vinstri stjórnar og núv. hæstv. ríkisstj. Í þeirri tölu er einnig innifalinn 10.1 milljarður, sem eru

auknar skattaálögur á bensín frá árinu 1978 umfram verðlagshækkanir.

Skattaálögur á bensín hafa þrefaldast að krónutölu síðan 1978, og er nú svo komið að hvergi í veröldinni eru meiri skattar á rekstrar- og stofnkostnað bifreiða en á Íslandi. Samtímis þessum gífurlegu skattaálögum hafa bein framlög úr ríkissjóði til vegaframkvæmda verið skoin niður og verða rúmum 2 milljörðum minni að raungildi en 1978, og skattur á bensín rennur í æ ríkara mæli beint í ríkissjóð. Rúmlega helmingur, þ. e. 51%, skatttekna af bensíni gengur til vegaframkvæmda 1978, en samkv. fjárlögum 1980 fara einungis 38% af bensínsköttum í Vegasjóð.

Það kemur því úr hörðustu átt, þegar hæstv. fjmrh. lætur hafa eftir sér í fjölmiðlum að síðasta bensínhækkunin, síðasta skattahækkunin á bensíni, sem varð í gær, gangi öll til vega því að nú sé afráðið að ríkissjóður leggi Vegasjóði til einn milljarð kr. á þessu ári. Sannleikurinn í því máli er sá, að ríkissjóður hefur á hverju einasta ári undanfarinn áratug lagt Vegasjóði til fé af þeim sköttum, fyrir utan bensíngjaldið, sem lagðir hafa verið á umferðina. Í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. var í fyrsta skipti gert ráð fyrir því, að ríkissjóður legði Vegasjóði ekki til krónu af þessum skatttekjum. Við fjárlagaafgreiðsluna var horfið frá því og einn milljarður lagður af skatttekjum ríkissjóðs af umferðinni í Vegasjóð. Til samanburðar var framlag ríkissjóðs 1978 1500 millj. kr. á verðlagi þess árs. Raungildi þess fjármagns í ár væri yfir 3 milljarðar kr., þannig að ríkissjóður hefur á þessu ári skert framlög sín til Vegasjóðs um 2 milljarða, en ekki aukið um einn milljarð eins og hæstv. ráðh. vildi að fólk skildi sig.

Eins og kunnugt er hækkaði verð á bensínlítra í gær um 60 kr. Þar af renna 42 kr. í ríkissjóð og er bensíngjald þó ekki nema rúmlega 20 kr. af því. Eftir þessa hækkun sundurliðast verð á bensíni þannig: Bensíngjald í Vegasjóð 96.31 kr. á lítra, söluskattur og tollur 156.14 kr. á lítra, til olíufélaganna 182.50 á lítra. Samtals eru þetta 430 kr. Til ríkisins ganga af þessu verði á bensínlítra 247.50 kr. eða 57.6%, en 21.2% af verðinu fara til vegaframkvæmda. *Öllum sæmilega viti bornum mönnum hlýtur að skiljast að hér er stefnt út í algera ófæru.*

Eitt arðbærasta félagslega verkefni, sem bíður úrlausnar með þjóðinni, er gerð varanlegra vega. Bundið olíumalarslitlag með 1000 bíla ársumferð er 6—7 ár að borga sig í sparnaði á viðhaldi vegarins. Slíkt slitlag sparar einnig 21% af eldsneytiskostnaði, 170% í viðhaldi hjólbarða, 45% í viðhaldi bifreiða og meðaltalsslit bifreiða er talið 63% meira á malarvegi en vegi með bundið slitlag.

Vegagerð ríkisins telur að 2000—2500 km af íslenskum vegum séu með þeirri ársumferð að arðbært sé að leggja á þá varanlegt slitlag. Þegar slík félagsleg stórvirki bíða úrlausnar er það óskiljanleg fjarstæða að auka sífellt skattálögur til almennra þarfa ríkissjóðs á rekstrar- og stofnkostnað bifreiða, svo að heimsmet er slegið, og minnka samtímis framlög af því fé til vegamála.

Mörgum þótti nóg um hina gífurlegu skattahækkun vinstri stjórnarinnar þá 13 mánuði sem hún sat að völdum frá haustinu 1978. Í kosningabaráttunni í vetur var það eitt af grundvallarstefnumiðum Sjálfstfl. að afnema alla vinstristjórnarskattana og leggja tekjuskattinn niður sem almennan launaskatt. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur farið alveg öfuga leið. Hún viðheldur öllum vinstristjórnarsköttunum og bætir álögum á þjóðina næstum daglega. Hún ber ábyrgð á að söluskatts- og vörugjaldshækkunin, sem ákveðin var í fyrrahaust, leggur á þessu ári 15 milljörðum kr. meiri skattaálögur á almenning en í fyrra. Hún heimilar sveitarfélögunum að leggja á að giska 4—5 milljarða aukaútsvar á skattborgarana. Hún bætir 2—3 milljörðum við tekjuskatta einstaklinga ofan á hækkun vinstri stjórnarinnar og leggur á rýtt orkujöfnunargjald sem eykur skattbyrði um 6 milljarða. Aukaskattreikningur hennar eftir rúmlega tveggja mánaða setu lítur því þannig út:

1. Hækkun á vörugjaldi og söluskatti 15 milljarðar kr.
2. Hækkun útsvara 4.5 milljarðar.
3. Hækkun tekjuskatta 2.5 milljarðar.
4. Orkujöfnunargjald 6 milljarðar.

Samtals 28 milljarðar kr.

Við þetta skattaregistur mætti bæta okurskattlagningu á bensín, sem núv. hæstv. ríkisstj. heldur áfram, og hækkun flugvallagjalds. Fleira mætti tína til. Núv. hæstv. ríkisstj. ber því ábyrgð á meira en helmingi þeirrar auknu skattbyrði sem lagst hefur á skattborgarana frá haustinu 1978. Á tveimur mánuðum hefur hún slegið skattamet vinstri stjórnar sem sat í þrettán mánuði við völd.

Það hefur verið gert mikið úr því, að óvissa ríki um tekjuöflun ríkissjóðs samkv. þeim lögum sem gilda núna um tekjuskatt og eignarskatt. Það kann að vera, að einhver óvissa ríki, einkum um tekjuskatt af félögum, en mér er til efs að sú óvissa sé eins mikil og af er látið af aðstandendum ríkisstj. Og svo mikið er víst, að það væri ástæða til fyrir þá að hafa áhyggjur af þeirri óvissu sem skattborgararnir í landinu hafa verið í á þessu ári, pínulítið meiri áhyggjur en þeir hafa og aðeins einstaka sinnum koma með svolítið millispil um það, hvað skattborgararnir í landinu hafa verið í mikilli óvissu á þessu ári, innan um það sem þeir tala um óvissu um tekjuöflun í ríkissjóð.

Við fulltrúar þingflokks Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar erum algerlega andvígir þessari skattastefnu. Fyrr í vetur fluttum við tillögur um skattstiga ásamt fulltrúa Alþfl. í nefndinni. Þær tillögur voru *áfangi á þeirri leið að afnema tekjuskatt af almennum* launatekjum. Þeirri stefnu hefur verið haldið fram af sjálfst. mönnum í meira en áratug og hefur hún víða hlotið hljómgrunn. Þessar tillögur voru felldar m. a. á þeim forsendum, að skoða þyrfti betur hugmyndir um skattstiga, persónuafslætti og fleiri atriði varðandi álagningu tekju- og eignarskatts.

Við fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni flytjum hér enn brtt. við þetta frv. Þessar brtt. fela í sér eftirfarandi meginatriði, og er þá miðað við álagningarhlutfall á tekjur þess árs sem skattarnir eru á lagðir:

1. Að álagning tekju- og eignarskatta hjá einstaklingum og félögum sé sú sama eða sem hliðstæðust og hún var 1978 eftir þeim lögum sem sjálfstæðismenn báru ábyrgð á.
2. Að afnumdir séu afturvirkir skattar sem vinstri stjórnin lagði á haustið 1978 og gilt hafa í einu eða öðru formi síðan. Þessir skattaukar felast m. a. í till. 1. minni hl. fjh.- og viðskn.
3. Að tekjuskattar ríkisins lækki að nokkru á móti þeirri hækkun á útsvörum sem heimiluð var hér á hinu háa Alþingi fyrir forgöngu ríkisstj.

Við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. teljum að allir þm., sem kosnir voru á Alþ. af listum sjálfstæðismanna, hafi skuldbundið sig til að fylgja slíkri meginstefnu í

álagningu tekju- og eignarskatta. Við teljum enn fremur að hér sé um lágmarksskref að ræða til þess að framkvæma þá yfirlýstu stefnu að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.

Í tillögum okkar er lagt til að tekjuskattsstigar einstaklinga verði þannig: 25% af fyrstu 4 millj., 35% af næstu 4 millj. og 45% af hærri tekjum en 8 millj. kr. Við teljum upphæðir barnabóta og persónuafslátt ekki óeðlilegar í tillögum 1. minni hl. fjh.- og viðskn. og gerum ekki brtt. um þær. Þetta þýðir 7.2 milljarða kr. lægri tekjuskatt á einstaklinga en 1. minni hl. gerir ráð fyrir. Hækkun fyrsta skattþrepsins léttir 5 milljörðum af skattbyrði einstaklinga, en annars þrepsins 2.2 milljörðum kr. Skattalækkun verður að meðaltali 16.4% verði þessar tillögur samþykktar, hjá einstaklingum 12% og hjónum 17%. Hjá barnmörgum hjónum mundi skattbyrðin léttast um allt að 33%.

Eftir að heimild var samþykkt um 10% álag á útsvar eru tekjur í efsta skattþrepi samkv. till. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. skattlagðar þannig, að af hverjum 100 kr. fara 64.80 til ríkis og sveitarfélaga. Þessi háa skattprósenta sundurliðast þannig: Tekjuskattur með álagi til Byggingarsjóðs 50.5%, útsvar 12.1%, kirkjugarðsgjald 0.2%, sjúkratryggingagjald 2.0%. Samtals eru þetta 64.8%. Með slíkri skattlagningu er stórlega verið að draga úr framtaki almennings, og það getur varla verið hugmynd þeirra sem ráða skattstefnunni. Skárra er að afla fjár í ríkissjóð með neysluskötturn, að svo miklu leyti sem þörf er á, eyðsluskattum heldur en tekjuskattum sem keyra svo úr hófi. Því er lagt til í tillögum okkar að efsta skattþrepið verði ekki hærra en 45%, þótt æskilegt sé að jaðarskattur samtals fari ekki yfir 50% af tekjum. Í því sambandi þarf að hafa hliðsjón af verðbólgu þegar um eftirágreidda skatta er að ræða. En það er yfirlýst stefna sjálfstæðismanna að jaðarskattur fari ekki yfir 50% í raun.

Um eignarskatta er gerð sú tillaga, að þeir verði eins og 1978 að því er varðar einstaklinga. Sem fyrsti áfangi í lagfæringu eignarskatts er lagt til að hann verði frádráttarbær frá tekjuskatti hjá félögum. Vegna breytinga á ársuppgjöri félaga má búast við verulegri hækkun eignarskatta þeirra. Hlýtur að koma til athugunar að breyta þessari skattheimtu, þar sem hún mun nánast óþekkt annars staðar en hér á landi og er því til þess fallin að draga úr samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega.

Framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands kom á fund nefndarinnar og gat þess, að heildarálag fasteignaskatta ásamt með sérstökum skatti á verslunarhúsnæði legði á atvinnuvegina 3.85% í eignarsköttum og að þann veg greiddi hvert einasta atvinnufyrirtæki — eða a. m. k. flest atvinnufyrirtæki — allar eignir sínar til hins opinbera á 25 ára fresti samkv. þeim lögum sem nú gilda um eignarskatta á atvinnurekstur.

Þær breytingar, sem hér eru lagðar til um lækkun tekjuskatta félaga og eignarskatta einstaklinga, má áætla að dragi úr tekjum ríkissjóðs um 2.5 milljarða kr. Heildartekjutap ríkissjóðs vegna þessara brtt. er því um 9.7 milljarðar. Þegar haft er í huga, að meiri tekjuhækkun almennings milli ára gæti fært ríkissjóði 2—3 milljarða upp í þessa skattalækkun, ætti að vera unnt að finna leiðir til að skera niður útgjöld um 6—7 milljarða kr. til þess að þoka skattheimtunni í framangreinda réttlætisátt. Við undirritaðir erum reiðubúnir til samstarfs um slíkan niðurskurð, enda teljum við útilokað að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs með skattahækkun ofan á skattahækkun oft á ári eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Herra forseti. Ég sagði áðan að á þessu ári mundi skattbyrði þyngjast á öllum almenningi vegna aðgerða vinstri stjórnarinnar og núv. hæstv. ríkisstj. um 54 milljarða kr. og um væri að ræða 1300 þús. kr. auknar álögur á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þetta fé hefðu heimilin handbært ef sömu álagningarreglur skatta til ríkis og sveitarfélaga giltu og 1978, áður en vinstri stjórnin tók við völdum, þ. e. þegar sjálfstæðismenn réðu síðast ríkisfjármálum. Hér er komið að kjarna þess pólitíska ágreinings sem ríkir um skattheimtu hins opinbera. Eru þessar 1300 þús. kr. — eða bróðurparturinn af þeim — betur komnar í ríkissjóði undir pólitískri stjórn en undir stjórn heimilanna í landinu? Er þessi aukna íhlutun hins opinbera rétta leiðin til framfara og aukinnar velferðar almennings? Ef menn svara þessu alfarið játandi, þá vaknar önnur spurning: Hvers vegna krefjast ekki almannasamtök, t. d. ASÍ og BSRB, sífellt hærri skatta og þannig aukinnar velferðar ef það er tilfellið, að forsjá hins opinbera sé svo miklu betri en einstaklinganna og heimilanna í landinu fyrir eigin málum?

Framsóknarmenn og Alþýðubandalagsmenn hafa sýnt það í verki, að þeir sjá ekki aðra leið vænlegri til heilla almennings en að hækka skatta ofan á skatta og skerða þannig ráðstöfunarfé heimilanna til þess að auka ríkisafskipti af málefnum þjóðfélagsþegnanna. Sama stefnan ríkir gegn atvinnuvegunum. Ráðstöfunarfé þeirra og aðgangur að fjármagni er þrengdur til þess að auka ríkisútgjöldin. Alþfl. dansaði með að þessu leyti í vinstri stjórninni og ber þunga ábyrgð á skattastefnu hennar. Þetta eru ekki ný sannindi. Stefna þessara flokka hefur ætíð verið þessu marki brennd. Aftur á móti hefur sjálfstfl. ætíð haft þá grundvallarstefnu, að skattheimtu beri að stilla í hóf til þess að heimilin í landinu, einstaklingarnir og forráðamenn atvinnuveganna gætu sem best fundið fótum sínum forráð sjálfir. Það hefur verið skoðun sjálfstæðismanna, að sú stefna leiddi til framfara og farsældar í landinu. Það er því nokkur nýlunda, að nú taka nokkrir þm. Sjálfstfl. ábyrgð á þeirri gegndarlausu skattpíningarstefnu sem ég hef hér gert að umræðuefni, þrátt fyrir skýr fyrirheit um annað fyrir síðustu kosningar.

Frsm. 3. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er víst liðið hátt í tvo mánuði síðan þessi skattstigamál bar fyrst á góma í þessari hv. deild. Þá taldi hæstv. fjmrh., og reyndar hæstv. forsrh. líka, að nauðsynlegt væri að athuga þessi mál langtum betur og undirbúa, og hæstv. fjmrh. hafði meira að segja á orði að það kynni að vera nauðsynlegt að grípa til þess úrræðis að nota skuggamyndavélar til að útskýra hvernig hlutirnir kæmu út. En einmitt þann sama dag hafði einn af flokksbræðrum hæstv. fjmrh. haft orð á því, að þær breytingar, sem verið væri að gera á skattalögunum, væru stökk út í myrkrið. Vegna þess að ekki var gripið til þess ráðs á þeim tíma að ákveða skattstigann urðu allir venjulegir framteljendur að ganga frá framtölum sínum án þess að hafa hugmynd um hverjir skattarnir yrðu. Þeir voru skildir eftir í myrkrinu.

Nú hefur hæstv. fjmrh. haft ágætan tíma og allt stjórnarliðið til þess að fara ofan í það, hvernig skattstiginn ætti að vera, og vafalaust framkvæmt mikla og

ítarlega athugun á því. Það er því varla um að efast, að allt, sem stjórnarliðar leggja nú til, sé gert að vel athuguðu máli, ekki bara af því er varðar heildarskattlagninguna, heldur líka hvernig hún skiptist á hina einstöku þjóðfélagshópa. Allar þessar ákvarðanir eru teknar eftir þennan langa umhugsunartíma og væntanlega og áreiðanlega að vel yfirveguðu máli.

Nú verður það að segjast um þær tillögur, sem hér liggja fyrir, að þær fela í sér verulega skattahækkun, ég spyr nú ekki að ef maður tekur líka tillit til þeirrar hækkunar á útsvari sem stjórnarliðar hafa samþykkt. Þannig mun heildarskattbyrði til ríkis og sveitarfélaga aukast um nálega 8 milljarða kr. samkv. fyrirliggjandi áætlunum frá Þjóðhagsstofnun um 47% hækkun tekna — sem er líklega vanáætlað frekar en hitt — og þeim útreikningum sem Reiknistofnun hefur gert, enda verði þá heimildin til 10% hækkunar á útsvörum ekki nýtt nema í 55% tilvika. En verði sú heimild nýtt í eitthvað ríkari mæli en í 55% tilvika, þá eykst auðvitað skattbyrðin umfram þessa 8 milljarða sem reiknaðir hafa verið út af Þjóðhagsstofnun og Reiknistofnun Háskólans.

Þessa skattahækkun boðar ríkisstj. samtímis því sem hún gerir ráð fyrir 4.5% kjaraskerðingu af völdum verðlagshækkana. Ég held að öllum ætti að vera ljóst hvert óráð það er, að ríkisvaldið gangi þannig á undan að heimta sem mest í sinn hlut á sama tíma og það boðar aðhald hjá öðrum. Með þeim tillögum, sem hér liggja fyrir, er meira að segja farið fram úr fjárlögum að því er varðar lagningu tekjuskatts á einstaklinga, á venjulega launþega í landinu, og reyndar á sama tíma og gerðar eru sérstakar ráðstafanir til þess að lækka tekjuskatt af fyrirtækjum og félögum samkv. till. hæstv. fjmrh.

Ég verð að segja það eins og er, að ég kannast ekki beinlínis við það úr boðskap hæstv. fjmrh. áður fyrr að þannig ætti að fara að, að hækka sérstaklega tekjuskattinn á launþegum í landinu, en lækka hann á fyrirtækjunum.

Það hefur verið stefna Alþfl., að gæta þurfi aðhalds á öllum sviðum efnahagslífsins, en þó alveg sérstaklega í ríkisbúskapnum, en jafnframt ætti að vernda raunkjör launafólks, eftir því sem mögulegt væri, með því að draga úr tekjuskattsheimtu, einkum hjá hinum tekjulægstu, enda tekjuskatturinn að ýmsu leyti óréttlátur skattur eins og dæmin sanna. En skattastefna ríkisstj. gengur að öllu leyti í þveröfuga átt. Heildarskattbyrði eykst. Skattar af lægstu tekjum hækka. Skattar af miðlungstekjum eru stórauknir. Og meira að segja skattar hjá einstæðum foreldrum hækka líka. Kannast nokkur við að það hafi verið boðskapur hæstv. fjmrh. fyrir nokkrum vikum eða mánuðum að einkum og sér í lagi bæri að hækka skatta á einstæðum foreldrum?

Sannleikurinn er sá, að með offorsi sínu í skattlagningu kippir ríkisstj. stoðunum undan allri viðleitni til að hafa hemil á verðbólgunni. Sú leið að rýra lífskjör launaþega alveg sérstaklega með skattaálögum er ógæfusamleg, eins og nú er ástatt í þjóðarbúi okkar. Við í Alþfl. teljum að af þessari braut verði að snúa. Þess vegna er hér flutt brtt. um skattstiga sem er efnislega samhljóða því, sem við höfum áður talað fyrir, og kemur til móts við launafólkið. Samkv. þessum tillögum okkar Alþfl.-manna yrði álagður tekjuskattur einstaklinga nettó um 35 milljarðar kr. í stað um 46 milljarða kr. samkv. fyrirliggjandi tillögum ríkisstjórnarflokkanna, og er þá í báðum tilvikum miðað við 47% tekjuaukningu milli ára samkv. úrtaki Þjóðhagsstofnunar.

Samkv. þeim till., sem ég mæli fyrir hér fyrir hönd okkar Alþfl.-manna, yrði innheimtur tekjuskattur um 7.5 milljörðum kr. lægri en fjárlög gera ráð fyrir, enda höfum við flutt till. um samsvarandi niðurskurð útgjalda og erum tilbúnir til þess að standa að því hvenær sem er.

Sú lækkun, sem við viljum ná fram til þess að afstýra því, að út í það fen verði vaðið sem ríkisstj. vill endilega komast út í, sú lækkun mundi m. a. koma til góða hinum tekjulægstu, fólki með miðlungstekjur svo og einstæðum foreldrum. Það er athyglisvert að líta á það, hvernig tekjuskattur og sjúkratryggingagjald að frádregnum skattafslætti og barnabótum koma út miðað við annars vegar tillögur Ragnars Arnalds eða ríkisstjórnarflokkanna núna og hins vegar ríkisstjórnar Alþfl. Fyrir barnlaus hjón mundu tillögur okkar Alþfl.-manna vera 2.2 milljörðum lægri en samkv. því sem hér er gert ráð fyrir, það mundu vera 12 milljarðar í staðinn fyrir 14.2. Fyrir hjón með eitt barn mundi þetta verða 9.7 milljarðar kr. samkv. þeim till. sem stjórnin talar hér fyrir, en 8.0 milljarðar samkv. því sem við Alþfl.-menn höfum lagt til. Þannig má áfram telja. Það munar u. þ. b. hálfum milljarði fyrir hjón með tvö börn og u. þ. b. einum milljarði ef börnin eru þrjú, hvað skattatillögur Alþfl. eru lægri en það sem ríkisstjórnarflokkarnir bera nú á borð fyrir okkur. Ekki gildir þetta síður ef við lítum á hjón þar sem eiginkonan hefur tekjur upp á 1—2 millj. kr. Þar mundi muna tæpum 2 milljörðum miðað við 45% tekjuaukningu milli ára, en sjálfsagt yrði munurinn eitthvað meiri ef tekjuaukningin verður meiri, eins og gera verður ráð fyrir.

Hjá einhleypum, sem margir hverjir eru meðal hinna tekjulægstu í þjóðfélaginu, nefnilega ekkjur, gamalt fólk og námsfólk, hefði samkv. till. Alþfl. og samkv. þeim till., sem ég tala hér fyrir, miðað við 45% tekjuaukningu milli ára, heildarskattur — tekjuskattur og sjúkratryggingagjald að frádregnum skattafslætti og barnabótum — numið 10.2 milljörðum. En samkv. því frv., sem hér er flutt fyrir hönd ríkisstj., yrðu það 14.7 milljarðar kr. sem lagðir yrðu á þennan hóp.

Að því er varðar einstæð foreldri með eitt barn, þá er það svo að samkv. gamla skattkerfinu hefðu þau fengið eilítinn skatt, um 20 millj. kr. í heild sem hópur. Stjórnarliðar nú ætla að hækka þennan skatt upp í 200 millj. kr., úr 20 millj. í 200 millj. En samkv. till. okkar Alþfl.-manna hefði þessi hópur fengið 100 millj. kr. endurgreiddar til að mæta útsvari og til beinnar útgreiðslu. Sama verður líka uppi á teningnum varðandi einstæða foreldra með tvö börn. Þar höfum við Alþfl.-menn — og samkv. þeim till. sem ég mæli hér fyrir — gert ráð fyrir að komið yrði sérstaklega til móts við þetta fólk núna, þegar talað er um að kjörin skerðist vegna verðlagsþróunar og gert ráð fyrir aukningu endurgreiðslu til að mæta útsvari og til beinnar útgreiðslu sem nemur 200 millj. kr. En þess sér engan stað í þeim till. stjórnarliðanna sem hér liggja fyrir. Þannig er allt á eina bókina lært í þessum efnum.

Það er fróðlegt að bera saman og taka nokkur dæmi um það, hver yrði tekjuskattur hinna ýmsu gjaldþegna miðað við annars vegar þær till., sem við Alþfl.-menn mælum hér fyrir, og hins vegar þær, sem ríkisstj. hefur nú áhuga á að lögleiða. Ef við tökum t. d. barnlaus hjón, þar sem bóndinn vinnur fyrir 3.5 millj. kr. og konan fyrir 2.5,

þá hefði tekjuskattur orðið 250 þús. kr. samkv. till. okkar Alþfl.-manna, en 505 þús. kr. samkv. því sem hér er boðað. Þetta er 100% hærra en við Alþfl.-menn höfðum gert ráð fyrir. Það verður svipað uppi á teningnum ef þessi hjón eiga eitt barn og bóndinn ynni fyrir 6 millj. kr., en konan fyrir 3 millj. Þá mundi skatturinn verða rúmlega 1 millj. kr. samkv. till. okkar, en tæp 1400 þús. samkv. því sem ríkisstj. leggur til. En sé farið yfir í hærri tekjur, þar sem bóndinn ynni fyrir 7.5 millj. og eiginkonan fyrir 7 millj., þá hefur bilið mjókkað. Þar er skatturinn samkv. till. Alþfl. einungis örlítið eða 6% lægri en samkv. þeim till. sem stjórnarliðar boða nú. Af þessu sést að það eru þeir, sem lægri hafa tekjurnar, sem fyrst og fremst eiga að bera þyngri skatt samkv. þeim till. sem ríkisstj. talar hér fyrir, öfugt við það sem við Alþfl.-menn höfum gert að till. okkar. Og þeir, sem eru einstæðir, eiga reyndar að bera langtum hærri skatt.

Ég vil benda á fylgirit með því nál. sem hér er lagt fram, sem eru samanburðardæmi um tekjuskatt af lægstu tekjum og eru prentuð aftan á nál. Ef bráttótekjurnar hefðu verið 3 millj. hjá einhleypum manni, t. d. ekkju eða námsmanni, þá hefði samkv. gömlu skattalögunum tekjuskatturinn verið á bilinu 91—121 þús., eftir því hvernig frádrætti hefði verið háttað. En hvað er hann samkv. þeim till. sem hér eru boðaðar? Hann er 152 þús. hjá þessum manni sem hefur til ráðstöfunar 225—250 þús. kr. á mánuði. Það er verið að auka skattana um 30—60 þús. eða 34—67% hjá þessari ekkju sem hefur ekki nema 225—250 þús. á mánuði. Það skyldi þó ekki vera að hana munaði um þessa skattahækkun? Samkv. till. okkar Alþfl.-manna hefði þessi aðili 35 þús. kr. í skatt í staðinn fyrir 152 þús. samkv. þeim till. sem stjórnin ber hér fram og gera sérstaklega ráð fyrir því að hækka tekjuskattinn á lægstu tekjunum eins og þessi dæmi sanna.

Svipað verður uppi á teningnum þó að tekjurnar væru örlítið meiri, bráttótekjurnar t. d. 3 millj. 167 þús. Þá munar allt að 68 þús. kr. á því, hvort farið er eftir gamla skattkerfinu eða þessum nýju till. ríkisstj. Ríkisstj. þarf líka að næla sér í 68 þús. kr. af honum, en náttúrlega ekki öllu meira en hún nældi sér í af þeim sem var með heldur lægri tekjurnar.

En þetta er vafalaust gert eftir vandlega íhugun, eftir mikla yfirvegun. Ríkisstj. taldi sig þurfa tíma til að gera það upp við sig, hvar hún ætti að grípa niður, á hvaða hópum ætti sérstaklega að hækka skattana. Og þetta er ávöxturinn af hugarverki ríkisstj., að hækka sérstaklega t. d. á þessum hóp, einhleypu fólki með mjög lágar tekjur, ekkjum, námsmönnum, ekklum og þess háttar, — eða á ellilífeyrisþegum sem eru að reyna að vinna sér inn eitthvað smávegis.

Þetta bil hefur reyndar aukist. Skattbyrðin á þessum hóp hefur aukist við seinustu meðferð ríkisstj. á þessu máli. En hins vegar er það augljóst, að maður, sem er með t. d. 10—12 millj. kr. tekjur, fær skattalækkun upp á um 85 þús. kr. eftir seinustu meðferð málsins. Þannig hefur nú farið með stefnumörkunina í þessum efnum.

Ef við lítum á skattleysismörkin fyrir einstakling, fyrir einhleypan mann eða konu, þá gerðum við Alþfl.-menn ráð fyrir því og gerum hér till. um það, að þau verði 2 millj. 870 þús. kr. miðað við bráttótekjur, en skattleysismörkin samkv. þeim till., sem hér eru boðaðar, eru 500 þús. kr. lægri. Samkv. till. ríkisstj. mega menn ekki fara yfir 2 millj. 333 þús. í bráttótekjur, eða tæpar 200 þús. kr. á mánuði, — þá verða menn að gera svo vel að borga tekjuskatt. Þetta er meira að segja lægri tala en samkv. gömlu skattalögunum því að samkv. þeim var þetta á bilinu 2 millj. 400 þús. til 2 millj. 500 þús., eftir því hvernig frádrætti væri hagað. Það er því ekki einungis að hér sé gert ráð fyrir að fara langtum lengra niður, seilast dýpra til þeirra sem minnstar hafa tekjurnar en við Alþfl.-menn höfum gert ráð fyrir, heldur er meira að segja seilst dýpra en samkv. gamla skattkerfinu sem íhaldsstjórnin, samstjórn íhalds og Framsóknar, setti á sínum tíma og íhaldsfjmrh. er kannske fyrst og fremst ábyrgur fyrir. Kannast nokkur við að það hafi sérstaklega verið tekið fram í málflutningi Alþb. fyrir nokkrum mánuðum að einkum og sér í lagi ætti að skattleggja þá sem lægstar hafa tekjurnar, eða að það ætti að lækka skattleysismörkin frá því sem í gildi var hjá ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar? Ég kannast ekki við það. En þetta er nú engu að síður raunin.

Það er eins og mig rámi líka í það, að Alþb. og hæstv. fjmrh. hafi stundum talið að það væri ekki úr vegi að standa svolítinn vörð um kjör einstæðra foreldra. En það er fróðlegt að sjá hvernig skattbyrði þeirra breytist samkv. þeim till. sem hér eru boðaðar. Við skulum taka þessar sömu lágu bráttótekjur, 3 millj. kr., hjá einstæðu foreldri með eitt barn. Samkv. gamla kerfinu hefði verið borgaður 20% skattur af fyrstu 2 millj. 855 þús. Við skulum segja að frádráttur hafi numið 5% af tekjum. Þá hefðu fengist 510 þús. kr. í skatt. Skattafsláttur er 672 þús. kr. og samkv. gamla kerfinu líka. Þá eru barnabætur 146 þús. kr. Miðað við að bráttótekjurnar séu 3 millj. kr. og nettótekjurnar 2 millj. 850 þús., þ. e. 5% frádráttur af tekjunum — það er eins og lífeyrissjóðsgjald, rétt rúmlega það — þá hefði afgangur til að mæta útsvari og til hreinnar útborgunar samkv. gamla kerfinu orðið tæpar 249 þús. kr. En samkv. till. núna eru það 129 þús. Ef þessi einhleypingur hefði verið að basla við að kaupa íbúð eða eitthvað slíkt, þá hefði hann sjálfsagt verið með meiri frádrátt. Hann hefði kannski verið með 10% af tekjum sínum í frádrátt, þannig að mismunurinn á nettó- og bráttótekjum væri 300 þús. kr. Þá hefðu 279 þús. kr. verið til útborgunar. Ef 15% munur á nettótekjum og bráttótekjum hefðu verið 309 þús. kr. til útborgunar samkv. gamla kerfinu. En samkv. nýja kerfinu eru það 129 þús. kr. Það er 25% skattur af þessum 2.7 millj. kr. innan við 3 millj. Það gerir 675 þús. Persónuafslátturinn er 525 þús. og barnabæturnar eru 280 þús. Það gerir 130 þús., eða með því að taka tillit til byggingasjóðsgjalds 129 þús. kr. í útborgun, í staðinn fyrir að samkv. gamla kerfinu hefði þetta verið á bilinu 250—280 þús. kr. Þarna er þessi hópur skattlagður sérstaklega, samkv. þeim till. sem nú liggja fyrir, um 120—150 þús. kr. Hann verður að taka á sig útsvarsgreiðslur og verða af greiðslu á negatífum tekjuskatti, útgreiðslum sem nema 120—150 þús. kr. Það er skorið niður um helming frá því sem var áður. Ég hefði haldið að einstætt foreldri með kannske 225—250 þús. kr. til ráðstöfunar á mánuði munaði um hálf mánaðarlaun, og að ekki væri sérstök ástæða til — eins og nú hagar til í þjóðfélaginu — að Alþb. fylgdi í reynd þeirri stefnu að skattleggja þennan einstakling, þetta einstæða foreldri með eitt barn, aukalega umfram það, sem áður hefur verið, um 120—150 þús. kr. En þetta er sjálfsagt gert að vel yfirveguðu ráði.

Ég skal ekki lengja þessa umr. öllu frekar. Það hefur komið fram, að skattar eru stórlega auknir með till.

stuðningsmanna ríkisstj. Það er rangt, það er hættulegt á þessum tímum, á sama tíma og menn tala um að draga úr verðbólgunni, á sama tíma og menn tala um að rýra lífskjör vegna verðlagsþróunar um 4.5%, að skattleggja menn sérstaklega og skattpína í ofanálag og einkum og sér í lagi þá sem lægstar hafa tekjurnar, eins og ég hef hér rakið, einhleypt fólk með mjög lágar tekjur, einstæð foreldri með mjög lágar tekjur.

Við Alþfl.-menn höfum viljað freista þess að ná fram nýrri stefnu í þessum efnum sem þjónaði betur þeim aðstæðum sem nú ríkja í þjóðfélaginu, þar sem komið væri til móts við fólkið í landinu við þær aðstæður sem nú ríkja, þannig að ráðstöfunartekjur þess væru heldur auknar hlutfallslega með skattlagningarstefnunni en rýrðar, og þar sem sérstaklega væri gert ráð fyrir að létta sköttum af þeim sem verst eru settir. Þær till., sem ég tala hér fyrir fyrir hönd okkar Alþfl.-manna, eru efnislega samhljóða því sem við höfum flutt áður og þær ná einmitt þessu markmiði.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á tvær ítarlegar ræður fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur ítarlega skýrt **frá hvað sú skattheimta þýðir fyrir borgarana í landinu** sem núv. hæstv. ríkisstj. stendur að. Hann hefur komið með fjölmörg dæmi máli sínu til skýringar. Á sama hátt hefur hv. 2. þm. Reykn. komið með fjölda dæma, dæmið um fátæku ekkjuna og öll hin dæmin.

Það er eðlilegt að menn setji hljóða þegar þeir hlýða á **þetta, enda virðist svo að hv. stjórnarsinnar geri það.** Ég segi hv. stjórnarsinnum það ekki til lasts að þeir sitji þögulir yfir þessu, því að það ber vott um að þeim er ekki rótt út af þessu máli. En það verður að líta svo á, að þau dæmi, sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa hér dregið fram máli sínu til skýringar, standi, a. m. k. meðan ekki er gerð minnsta tilraun af hálfu stjórnarliðsins til **þess að hnekkja þeim. En ég skil ósköp vel hvers vegna** hv. stjórnarliðar eru ekki óðfúsir til þess að gera slíkt. Það er auðvitað vegna þess að það er ekki hægt að mæla í móti því, að skattlagning hæstv. ríkisstj., sérstaklega gagnvart þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, er komin út fyrir öll velsæmistakmörk.

Nú væri það að bera í bakkafullan lækinn ef ég héldi áfram að tiltaka fleiri hliðstæð dæmi eins og fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa þegar gert. En það vakna ýmsar spurningar í sambandi við þetta mál. Hvernig stendur á því, að hv. stjórnarliðar ganga svo fram í skattamálunum sem raun ber vitni um? Ég held að það leyni sér ekki, að þeir leggja ekki til grundvallar í þessum efnum hvert gjaldþol skattþegnanna er. En er nú alveg rétt að líta fram hjá slíku? Á ekki jafnmikinn rétt á sér að spyrja um það eins og að spyrja um hvað ríkið þarf mikið til þess að standa undir þeim útgjöldum sem stjórnarherrunum á hverjum tíma þóknast að það geri? Og það er einmitt það sem stjórnarsinnar gera sig seka um í þessu efni. Þeir líta ekki á gjaldþegnana fyrst og fremst, heldur fyrst og fremst á það, hvað mikið þarf í hítina sem **þeir eru búnir að búa til. Og meðan svo er stjórnað, meðan stjórnað er í þessum anda, þá er ekki við góðu að** búast.

Það er vegna þessa sem ríkisútgjöldin hafa verið stöðugt að hækka, þó mismunandi sé eftir því hverjir hafa verið við stjórn, en alltaf tekið fjörkipp upp á við þegar þetta viðhorf hefur verið í skattheimtumálunum. Það er vegna þessa sem hlutfall ríkisútgjaldanna af þjóðarframleiðslu hefur verið að hækka. Og það segir sína sögu. En það, sem segir kannske skýrasta söguna í þessum efnum, er sú staðreynd, að hlutfall framkvæmdaútgjalda ríkissjóðs hefur stöðugt verið að lækka, og það svo að ef við höldum þessari þróun áfram, þá sjáum við fram á að fjárlög ríkisins verði lítið annað en rekstraráætlun, áætlun um rekstur ríkisins, en ekki jafnframt framkvæmdir.

Árið 1975 var þetta hlutfall framkvæmdaútgjalda 25% af ríkisútgjöldunum, þ. e. ¼ fór til framkvæmda, til þess að leggja vegi, til þess að byggja hafnir, skóla, sjúkrahús o. s. frv. En árið 1978 er þetta hlutfall komið niður í 20.4% og árið 1979 í 19%. Og svo á fyrsta stjórnarári og við fyrstu fjárlagagerð núv. vinstri stjórnar hrapar þetta á einu ári niður í 16.7%. Ég er ekki að segja, hv. þm. Stefán Jónsson, að það hafi ekki getað sigið eitthvað í ógæfuátt þegar betri flokkar voru við stjórn en eru nú. En ég sagði að þegar þetta viðhorf til skattþegnanna, **sem ég lýsti áðan, hefur verið ákveðnast, — þegar vinstri menn hafa ráðið stefnunni, — þá hefur þróunin verið örust í þessa óheillaátt.**

Hvað þýðir svo þetta? Þýðir það að framkvæmdir í landinu, sem ríkið stendur að, minnki í sama hlutfalli og þetta? Nei, það gerir það ekki. En hvaða leið er farin og eftir því sem maður heyrir verður farin af hæstv. núv. ríkisstj. frekar en nokkru sinni fyrr? Hún er sú, að ríkisframkvæmdir, sem áður var venja að fjármagna með framlögum úr ríkissjóði, eru fjármagnaðar með lántökum. Við eigum eftir að sjá það núna, þegar lánsfjáráætlunin kemur, að aldrei hefur verið gengið lengra á þessari braut heldur en nú. En hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það, að slíkar fjármálaaðgerðir eru verðbólguhvetjandi vegna þess að það er allt of lítið af framkvæmdafénu tekið af sparnaði, það er tekið með erlendum lánum sem verka sem olía á verðbólgubálið. Það er þetta kerfi ríkisfjármálanna sem núna er búið að ganga sér til húðar, og það er þetta kerfi sem stefna núv. ríkisstj. í skattamálum er miðuð við til viðhalds kerfinu. Þess vegna er þessi skattheimta til þess fallin að ýta undir það frekar en nokkru sinni fyrr, að við stefnum beint í foraðið.

Það, sem nú þurfti að gera, var að móta nýja stefnu. Mér kemur í hug í þessu sambandi hvað gerðist fyrir 20 árum, þegar á ýmsan hátt var mjög svipað ástatt í okkar þjóðfélagi eins og í dag. Þá var það svo, að það skipulag, sem hafði verið einn aðalhvati verðbólgu, dragbítur á **hagvöxt og orsök lakari lífskjara en þurft hefði að vera,** hafta- og styrkjakerfið, var búið að ganga sér til húðar. Það var þá ekki lengur hægt að halda áfram á sömu braut og gert hafði verið. Menn geta haft skiptar skoðanir á ýmsu sem viðreisnarstjórnin gerði. En við höfum fram á þennan dag búið við það, notið þess, að viðreisnarstjórnin hvarf frá þessu skipulagi og enginn stjórnmálaflokkur í dag hefur það á stefnu sinni að hverfa aftur til þess sem var í þessu efni.

Nú hefur maður heyrt sagt að það sé ekki sanngjarnt að ætlast til að núverandi hæstv. ríkisstj. geti á tiltölulega skömmum tíma mótað nýja stefnu og valdið **straumhvörfum í þessu efni. Ég verð að segja það, að mér** hefur fundist tal sem þetta, sem hefur komið frá **stjórnarliðum, bera vott um að þeir vildu nota þetta sem** einhvers konar afsökun eða skálkaskjól fyrir athafnaleysi sínu. Á árinu 1959 var að ýmsu leyti svipað ástand í stjórnmálum landsins eins og var árið 1979. Það voru

tvennar kosningar á árinu 1979. Haustkosningar voru síðla í október og fjárlagafrv. fyrir árið 1960 var ekki samþ. fyrr en í aprílmánuði það ár. Vegna hvers var þetta? Vegna hvers var það ekki samþykkt fyrr? Það var vegna þess að þessi stjórn taldi nauðsynlegt að móta stefnu, móta nýja stefnu og aðlaga fjárlögin og skattheimtuna þeirri stefnu. Menn geta deilt um stefnur, en ég er að vekja athygli á þessu vegna þess að ég er að tala um vinnubrögð. Hæstv. núv. ríkisstj. hefur ekki mótað neina stefnu í þessum málum. Hún anar áfram án þess að það sé nokkuð markvisst eða hnitmiðað sem að er stefnt. Það er einungis miðað við það að afla tekna til þess að halda því vonlausa kerfi gangandi sem við búum því við í dag.

Það er að vísu þannig, að ekki er hægt að gera allt í einu, og margt af því, sem þarf að gera, eru slíkar langtímaráðstafanir að þær taka eðlilega nokkurn tíma. En sumt af því, sem þarf að gera, er þess eðlis að það eru skammtímaráðstafanir sem þola ekki bið. Það eru ráðstafanir sem þýða það í sjálfu sér að stjórnvöld og þjóðin undir öflugri forustu segi: hingað og ekki lengra. Það skortir einnig á þetta hjá hæstv. ríkisstj. Þegar tekist verður á við vandamálin, þá hafa þau því miður aukist fyrir það að hæstv. núv. ríkisstj. hefur ekki einu sinni sýnt manndóm til þess að grípa til neinna skammtímaráðstafana sem gætu þýtt að það væri brotið blað í þessum efnum.

Við fulltrúar Sjálfstfl. höfum lagt til í okkar brtt., eins og hér hefur verið lýst, lækkun tekjuskatts og eignarskatts frá því sem gert er ráð fyrir í till. stjórnarliðsins. Þetta þýðir að tekjur ríkissjóðs lækka sem svarar 9.7 milljörðum kr. Það má spyrja um það, hvort nægilega langt hafi verið gengið hjá okkur fulltrúum Sjálfstfl. í þessu efni. Það má spyrja um það, hvort ekki hafi verið ástæða til þess að gera till. um meiri skattalækkun. En það verður að segjast eins og er, að við hljótum að taka nokkurt mið af því, hvað við treystum hv. stjórnarliðum til að gera í þessu efni. Og við höfum ekki viljað vantreysta þeim til þess að þeir athugi þessar till. í alvöru og ljái máls á því að samþykkja þær. Ef hv. stjórnarliðar standa á móti þessum till. og fella þær, þá verð ég að segja, því miður, að við höfum kannske treyst þeim um of.

Ég veit að það, sem talað verður um í þessu sambandi er hvernig á að mæta þessum tekjumissi ríkissjóðs. Þetta mál verður allt miklu einfaldara ef menn ganga út frá því, að höfuðatriðið í þessu efni er að meta hvað gjaldþegnarnir þola. Og það er það sem við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á. Það er ríkisstjórnarinnar að gera ráðstafanir til þess, að þessum tekjumissi verði mætt með því að skerða ríkisbáknið. Við sjálfstæðismenn höfum ýmsar hugmyndir um hvernig það skuli gert, og ég þarf ekki að tíunda það. Við höfum við fjárlagaafgreiðslu m. a. lagt til að niðurgreiðslur á búvöruverði verði stórlega lækkaðar, við lögðum til um 5 milljarða. Við höfum lagt til að lækkað verði framlag til námslánasjóðs. Við höfum lagt til að gerðar verði ráðstafanir til þess að spara á þann veg að ráða ekki þegar í stað í laus embætti hjá ríkinu. Og fleira og fleira mætti telja. Þessi skerðing, sem hér er um að ræða, nemur ekki nema tæpum 3% af heildarútgjöldum ríkisins, og það mætti vel hugsa sér að meira að segja gæti komið til greina flatur niðurskurður á þessari upphæð, ef jafnframt er sýndur manndómur til aukinnar hagræðingar í rekstri ríkisins og þar með að tryggja að þeir missi einskis í sem síst skyldi. (Gripið fram í.) Ég vil segja við hæstv. fjmrh., að ég er reiðubúinn að setjast niður með honum og gefa honum fjölda ráða til þess að leysa þetta mál.

Mér þykir ágætt að hæstv. fjmrh. hefur verið viðstaddur þessa umr., en mér hefði þó þótt enn þá betra ef hæstv. forsrh. hefði líka verið hér. (**StJ:** Hann er farinn á þingflokksfund.) Já, en það á við, sem ég ætla að segja núna, að aldrei er góð vísa of oft kveðin. Og ég hygg að einmitt það, sem mér er efst í huga núna, höfum við hæstv. forsrh. oft talað um á þingflokksfundum Sjálfstfl. Og ég verð að segja það, að þegar ég er að velta vöngum yfir því, hvort það geti nú þrátt fyrir allt ekki skeð, að till. okkar sjálfstæðismanna til skattalækkunar verði samþykktar í þessari hv. d., þá hef ég nú — með fullri virðingu fyrir hæstv. fjmrh. — einkum haft í huga hæstv. forsrh. Og það er engin tilviljun að ég hef haft hæstv. forsrh. í huga. Ég minnist þingflokksfunda, eins og hv. þm. Stefán Jónsson var nú að nefna, og ég tel mig vita nokkuð hver stefna hæstv. forsrh. hefur verið í þeim efnum sem ég hef verið að ræða um. Og það vill svo til, að ég hef hér í höndunum ekki ómerkara blað en Morgunblaðið, þar sem er grein eftir hæstv. núv. forsrh. — blaðið er frá 28. nóv. 1978. Það er ekki langur tími síðan, þannig að það getur ekki verið fyrnt sem hér er sagt.

Einn meginþátturinn í því, sem ég hef viljað túlka hér í þessari ræðu minni, er að ríkisfjármálin séu meginorsök **verðbólgunnar. Hvað segir hæstv. núv. forsrh.** um þetta? Hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Í viðureign við verðbólgu er afkoma ríkissjóðs meginmálið.“ Við erum sammála um þetta. Ég hef lagt áherslu á það, að við þyrftum að minnka ríkisbáknið, og það þýðir að minnka ríkisútgjöldin. Hvað segir hæstv. núv. forsrh. um þetta? Hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta verður að gerast með því að lækka ríkisútgjöldin.“ Ég er alveg sammála honum um þetta.

Hæstv. fjmrh. hafði einhverjar áhyggjur út af niðurskurði. **Ég held að hæstv. fjmrh.** ætti að ræða það við hæstv. forsrh. Ég taldi að það væru margar leiðir til þess að lækka útgjöld ríkissjóðs. Hvað sagði hæstv. núv. forsrh. um þetta? Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta: „T. d. mætti ákveða að þau“ — þ. e. fjárlögin „skuli á næsta ári vera 10% lægri en fjárlagafrv., sem vinstri stjórnin lagði fram í október, og hljóðuðu upp á 350 milljarða kr.“ Ekki erum við ósammála um þetta, ég og hæstv. núv. forsrh.

Eigum við að halda áfram? Ég nefndi í ræðu minni áðan, að það væri hægt að skera niður niðurgreiðslu á búvöruverði, og ég minnti á það, að við sjálfstæðismenn lögðum þetta til við afgreiðslu fjárlaga. Hvað segir hæstv. núv. forsrh. í þessari sömu grein — ég vitna alltaf í sömu greinina — með leyfi hæstv. forsrh.? (**StJ:** Frá 1978?) Frá 1979, 28. nóv. Það er bara nokkrum dögum áður en hæstv. núv. forsrh. fór í samningamakk við Alþb. og Framsfl. um nýja stjórnarmyndun, eins og nú er upplýst. Hvað segir hæstv. forsrh. nokkrum dögum áður en þetta skeður? Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurgreiðslur úr ríkissjóði á landbúnaðarvörum kosta nú milli 20 og 30 milljarða á ári og eru komnar úr hófi. Hér má spara milljarða. Bændur sjálfir og samtök þeirra hafa látið í ljós, að þær megi helst ekki verða meiri en mismunur á framleiðsluverði og söluverði. Þessar miklu niðurgreiðslur skekkja verðlag og draga úr hvöt til að ráðast í nýjar búgreinar. Þær bjóða heim hættu á misnotkun og spillingu. Þær leiða til þess, að

þeir ríku fái meira í sinn hlut úr ríkissjóði en þeir snauðu.“

Ég sé ekki annað en ég sé alveg sammála hæstv. forsrh. í þessu efni. Mér þykir mjög leitt, herra forseti, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hérna, því að ég hefði haft margfalt meiri ánægju af því ef hann hefði verið hér við. En **ég vil ljúka þessu með því að segja: Er það nokkur furða að mér komi til hugar, nú þegar við ræðum það frv.** sem hér er á dagskrá, að það geti verið möguleiki á því að hæstv. forsrh. sjái sér fært að greiða atkv. með till. okkar **sjálfstæðismanna? Mér finnst það engin goðgá a. m. k. að** láta sér detta slíkt í hug. Og ég verð að segja að það er eitthvað einkennilegt við þá siðgæðisvitund að boða þetta kjósendum í landinu nokkrum dögum fyrir kjördag og ætla svo gersamlega að snúast gegn þessu. Það er eitthvað siðferðilegt vandamál við þetta.

Má ég að lokum, herra forseti, láta heyrast hvað hæstv. forsrh. segir um slíkt siðferðismál. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðbólgan er ekki aðeins efnahagsmál, heldur *einnig og ekki síður sálrænt og siðferðilegt vandamál.*“

Ég leyfi mér að vona að hæstv. forsrh. láti þetta ekki sannast á sér við afgreiðslu þessa frv. hér í hv. deild.

Frsm. 3. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er einungis stutt athugasemd. Mér þykir nú heldur rislágt að forsrh. sé fjarstaddur jafnágæta ræðu og hér var flutt áðan og er í sjálfu sér ástæða til þess að halda umr. áfram og þeim orðaskiptum sem nauðsynleg eru í þessu sambandi. Í annan stað þykir mér súrt í brotið og heldur rislágt að fjmrh. geri hér ekki grein fyrir máli sínu og þeirri stefnu sem hann fylgir fram um það að hækka sérstaklega skatta á þeim sem tekjulægstir eru í þjóð**félaginu, einstæðum foreldrum og einhleypu fólki.**

Ég legg til að umr. verði frestað og haldið áfram við betra tækifæri þegar ráðh. eru betur upplagðir.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef þegar mælt fyrir því frv., sem hér er til umr., og hef þar fáu við að bæta. Ég tel ekki ástæðu til að lengja þessa umr. því að ég sé ekki að hér hafi neitt nýtt komið fram sem krefjist þess að menn haldi uppi löngum rökræðum.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson og flokksbræður hans hafa flutt hér till. sem fela í sér verulega skattalækkun, og sama gildir um hinn stjórnarandstöðuflokkin, Sjálfstfl. Þm. hans hafa flutt hér till., sem fela í sér verulega lækkun á tekjuskatti. Þessum ágætu þm. er að sjálfsögðu heimilt að flytja hér hverjar þær till. sem þeim sýnist, hvort sem þær geta talist skynsamlegar eða ekki.

Ég er hins vegar sannfærður um það, að öllum þeim, sem þekkja hvernig ástandið er í fjármálum þjóðarinnar og hvernig ástatt er með þá miklu verðbólgu sem geisar í *landinu, er fullljóst að það er ekki nokkurt svigrúm til* skattalækkana, almennra skattalækkana eins og á stendur. Með slíkum ráðstöfunum væri beinlínis verið að gera vandann meiri og stærri en hann er nú.

Það er alveg laukrétt, sem kom hér fram hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni áðan og hann nefndi sem mjög mikilvægt og stórt atriði þessa máls, að afkoma ríkissjóðs sé í sæmilegu lagi. Ég tek mjög sterklega undir þetta sjónarmið sem fram kom hjá honum áðan. En það verður ekki ef menn eru að leika sér að því að gleðja kjósendur sína með skattalækkunum í stórum stíl, sem vissulega hljóta að leiða til þess að ríkissjóður yrði rekinn með verulegum halla. Svo þykjast menn ætla að afla *tekna með ýmsum undraráðum, eins og t. d. þeim að* lækka verulega niðurgreiðslur. Það á að taka verulegan hluta af því fé, sem forgörðum fer við skattalækkun samkv. till. Sjálfstfl. og Alþfl., með því að lækka niðurgreiðslurnar. En hefur það dæmi verið reiknað til enda og hafa menn gert sér grein fyrir því, hvað lækkaðar niðurgreiðslur hafa í för með sér mikinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð? Gera menn sér grein fyrir því, að ef t. d. þeir 24 milljarðar, sem í niðurgreiðslur fara, væru afnumdir úr fjárlögum og vöruverð í landinu hækkaði að sama skapi, þá mundu laun almennt hækka um 8%? Það mundi auka útgjöld ríkisins um u. þ. b. 8 milljarða, auk þess mundi það auka greiðslu tryggingabóta frá ríkinu um aðra 8 milljarða, þannig að það er nokkuð ljóst að menn eru ekki bara að spara þá upphæð sem felst í lækkun niðurgreiðslna, heldur verða þeir að koma þá á móti með tekjur upp í þann mikla kostnaðarauka sem því fylgir að niðurgreiðslur eru lækkaðar. Auk þess mundi auðvitað af þessu hljótast það, að landbúnaðarvörur *mundu seljast tregar og hægar og útflutningsvandi* bænda aukast að sama skapi, sem er enn önnur hlið málsins.

Nei, auðvitað eru þetta ekkert annað en gervitillögur. Það vita hv. stjórnarandstæðingar fullvel og þeir gera því ekki kröfu til þess í fullri alvöru, að við — hvorki ég né **forsrh. — stöndum hér í löngum viðræðum um till.** af slíku tagi. Það vita allir sem vilja vita, að ekkert svigrúm er til almennra skattalækkana í þjóðfélaginu öðruvísi en að það komi niður á fjárhag ríkissjóðs og leiði með þeim hætti til verulegrar verðbólgu. Og það er mjög slæmt, að fjárhagur ríkissjóðs sé erfiður þegar ástandið í efnahagsmálum er eins og það er nú.

*Hér hefur verið fjölyrt um það, að sú breyting á skatt*stiga, sem hér er gerð till. um, feli í sér svo og svo mikla hækkun fyrir þennan hópinn eða hinn. Auðvitað segir það sig sjálft, og það á við um alla skattstiga sem eiga að skila nokkurn veginn sömu tekjum og fyrra skattakerfi átti að gera — og þetta kefi er miðað við að skila ná**kvæmlega sömu tekjum og gömlu skattalögin hefðu gert, — það segir sig sjálft, að þegar breytt er um kerfi þannig** að sumir fá minni skatt, þá hljóta einhverjir aðrir að fá ívið meiri skatt. Við teljum hins vegar að hvergi sé um mjög ósanngjarnan mun að ræða, og við erum sannfærðir um að það væri leitun að því skattakerfi sem kæmi þannig út að allar hliðar þess yrðu eins og best yrði á kosið. Slíkt skattakerfi er áreiðanlega ekki til. Í þessu nýja skattakerfi, sem nú er verið að taka upp, er meginbreytingin auðvitað sú, að skattar á hjón, sem bæði vinna úti, aukast heldur, einkum og sér í lagi ef tekjur eiginkonu eru yfir 2 **millj. kr., en meginreglan um einstaklinga er aftur á móti** að skattar þeirra lækka. Þetta er sú mynd sem skín í gegn, ef tölvukeyrslur þessa skattkerfis eru nákvæmlega skoðaðar.

Vissulega er það ákveðið áhyggjuefni, að við tölvukönnun á þessu nýja skattkerfi, sem við erum að taka upp, koma einstæðir foreldrar ekki eins vel út og við hefðum helst kosið. Þeir nutu mjög verulegra fríðinda í hinu gamla kerfi, en það er ekki hægt að sýna fram á það, þegar þetta nýja kerfi er tekið upp og þeir fá mjög hliðstæð fríðindi, að þau skili sér með nákvæmlega sama hætti og þau gerðu í gamla kerfinu. Það er alveg hárrétt. En munurinn er mjög óverulegur í þeim tiltölulega fáu tilvikum sem þetta á við. Það, sem hefur verið gert fyrir

einstæða foreldra, er, eins og menn vita, fyrst og fremst það að þeir fá tvöfaldar barnabætur með öllum börnum sínum og það hæstu barnabætur, eins og öll börn væru undir 7 ára aldri. En eins og menn vita eru veittar aukabarnabætur fyrir börn undir 7 ára aldri og það eru veittar hlutfallslega meiri barnabætur þegar börnin verða fleiri. Einstæðir foreldrar njóta þessara hlunninda í eins ríkum mæli og hægt er að veita. Það hefur verið talin viðunandi lausn á þeirra vanda, þótt hitt skuli viðurkennt, að einstæðir foreldrar í hinum einstöku tekjuhópum koma ekki nákvæmlega eins út og þeir gerðu samkv. fyrra skattkerfi. Þar er alltaf einhvern mun hægt að finna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég hef áður gert grein fyrir því í ítarlegri framsöguræðu. Hér er fáu við að bæta. En vegna þeirra ögrandi orða, sem hér voru mælt af hv. þm. Kjartani Jóhannsyni, þótti mér rétt að bæta fáeinum orðum í belg. Ég ítreka það sem ég hef sagt hér, að till. stjórnarandstæðinga um skattalækkanir eru óraunhæfar yfirborðstillögur, sem þeir vita sjálfir að standast ekki í reynd ef menn hafa vilja til þess að berjast gegn verðbólgunni. Ég tel því ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessar till. Ég vil bara bæta því við, að þetta er 2. umr. málsins og þó að forsrh. hafi ekki átt þess kost að hlýða á þessar umr. nú, þá ætti hann að geta svarað þeim fyrirspurnum, sem menn vildu beina til hans, við 3. umr. málsins. Því legg ég áherslu á að þessari umr. ljúki nú og menn haldi þá áfram umr. þegar færi gefst til þess við 3. umr. málsins, að lokinni atkvgr. eftir 2. umr.

Frsm. 3. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég get fyrst tekið undir áskorun hæstv. fjmrh. áðan til hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar um að hann endurtaki ræðu sína við 3. umr. þegar forsrh. er viðstaddur. Ég held að það sé holl ábending og eitt af því skásta sem hefur komið frá hæstv. fjmrh. mjög lengi.

Annars tel ég að það hafi verið mjög gott að hæstv. fjmrh. skyldi gefa þær yfirlýsingar sem hann gaf hér áðan, að ekki væri um ósanngjarnan mun að ræða hjá neinum þjóðfélagshópum að hans dómi í skattlagningu miðað við gamla kerfið, ef það hefði verið framreiknað, og svo það sem stjórnarliðar leggja nú til að verði notað.

Ég tók líka eftir því, að hæstv. fjmrh. orðaði það svo, að einstæðir foreldrar hefðu samkv. þeim skattalögum, sem giltu í tíð íhaldsstjórnarinnar, notið verulegra fríðinda — verið nokkurs konar forréttindahópur, þangað til núv. hæstv. fjmrh. gerir á þessu bragarbót, væntanlega með því að hækka sérstaklega á þeim skattana. Ég kannast ekki við að hæstv. fjmrh. hafi fyrr gefið yfirlýsingar af þessu tagi, um það, að að hans áliti væru einstæðir foreldrar — eða hefðu verið — eins konar forréttindahópur. (**Fjmrh:** Hvorki fyrr né síðar hef ég gefið slíka yfirlýsingu. — **Gripið fram í:** Íhaldið er alltaf best.) Ég heyrði ekki betur í þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. gaf hér, en að þeir hefðu notið alveg sérstakra fríðinda og í því felist einmitt þetta sem ég hef sagt. En það er mjög athyglisvert, að hæstv. fjmrh. skuli gefa þá yfirlýsingu, að hér sé hvergi um ósanngjarnan mun að ræða, það sé um óverulegan mun að ræða.

Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan, að ég er alls ekki þessarar skoðunar, hvorki að því er varðar þá einhleypinga, sem ég gerði hér sérstaklega að umræðuefni, með mjög lágar tekjur, né heldur einstæða foreldra. Ef framreiknað er samkv. gamla skalanum annars vegar og hins vegar samkv. þeim till., sem stjórnarflokkarnir eru nú að gera, á þær tekjur sem menn höfðu á árinu 1979, þá kemur hér að mínum dómi fram mjög verulegur munur og mjög veruleg skattaþynging á fólki með mjög lágar tekjur. Og ég tel að fólk á þessu tekjubili, með kannske 225—250 þús. kr. á mánuði, muni um það þegar lagt er á það aukalega 120—150 þús. kr., eins og dæmið um einstæða foreldra hér áðan sannar. Það er það sem felst í þessum till., að einstæðu foreldri með eitt barn á þessu tekjubili er gert að greiða 120—150 þús. kr. meira en samkv. gömlu skattalögunum. Ég tel, að um mjög verulegan mun sé að ræða og hann mjög ósanngjarnan, og er því mjög ósammála hæstv. fjmrh. um þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 60. fundur.

Þriðjudaginn 15. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 255). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og er á þskj. 255, flyt ég ásamt fimm hv. þm. og er frv. þetta endurflutt. Það var fyrst flutt á 100 löggjafarþinginu, en þá svo seint að það kom ekki til umr. Fyrsti flm. frv. þá var núv. hæstv. forsrh. og meðal meðflm. tveir aðrir ráðh. núv. hæstv. ríkisstj., þeir hæstv. dómsmrh. og hæstv. landbrh. Þótt ég þykist vita að stuðningur þeirra ráði ekki úrslitum um stuðning hæstv. ríkisstj. við frv., þykist ég þó vita að fleiri en þeir úr liði hæstv. ráðh. telji að í þessum sem öðrum opnum hagsmunasamtökum almennings beri að auka lýðræðisleg áhrif hins almenna félagsmanns, um leið og ég veit — og hef raunar sannanir fyrir — að allt slíkt er fjarri vilja sumra, enda andstætt stefnu þeirra að gera neitt sem gæti dregið úr valdaaðstöðu fylgihnatta þeirra innan verkalýðshreyfingarinnar.

Ég þykist vita, að margir hv. þm. muni spyrja af hverju við flm. séum að hreyfa jafnþýðingarmiklu máli svo seint á þessu þingi, og skal ég skýra það nokkrum orðum.

Allar brtt. við lög þau, sem hér er um að ræða, hafa verið um langan aldur litnar hornauga af meiri hl. verkalýðshreyfingarinnar og í sumum tilfellum sýnd mikil andstaða þótt skynsamlegar hafi verið og þess virði að athugast. Þetta hefur ekki verið að ástæðulausu, því tilfelli hafa komið upp sem hafa gefið ástæðu til slíkra viðbragða. Þeir skammsýnu menn hafa verið til sem ekki hafa borið skynbragð á þann hugsanagang sem ríkir meðal alls þorra almennings í launþegahreyfingunni, að lög um stéttarfélög og vinnudeilur séu þeirra skjöldur og um leið sverð í viðskiptum þeirra við viðsemjendur sína, vinnuveitendur. Er það þveröfugt við það sem forustumenn kommúnista héldu fram þegar lög þessi voru í undirbúningi og til umr. og afgreiðslu hér á Alþ. á sínum tíma. Þess vegna hefur að sjálfsögðu verið snúist til varnar með kjafti og klóm þegar lagðar hafa verið fram till. um einhliða og vanhugsaðar breytingar til skerðingar þess réttar sem í lögum felst á sviði þess sem heyrir til at-

hafna og aðgerða í kjarabaráttunni. Það er jafneðlilegt **að viðbragða af þessu tagi gæti í slíkum tilfellum, eins og** það er óeðlilegt að löggjöf, sem komin er nokkuð á fimmtugsaldurinn og fjallar um jafnþýðingarmikil atriði og starfsreglur í samskiptum launþega og vinnuveitenda, þurfi ekki endurskoðunr og breytingar við í samræmi við þá stórkostlegu þróun, framfarir og tæknibyltingu sem orðið hafa á öllum sviðum atvinnulífsins á síðustu 3—4 áratugum.

En þessi lög fjalla um meira. Þau fjalla um innri mál verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar, skipulag hennar og réttindi þeirra einstaklinga sem hana skipa. Þótt ég telji að Alþ. geti að sjálfsögðu breytt þessum lögum sem öðrum, sé meiri hl. fyrir hendi, er ég ekki svo skyni skroppinn að ætla slíku máli framgang án umsagnar viðkomandi samtaka sjálfra, efnislegrar umræðu og helst meirihlutavilja innan samtakanna sjálfra um framgang málsins. Ég tel ekki rétt að endanleg afstaða til svo þýðingarmikils máls sé tekin fyrir hönd samtaka með þúsundir eða tugþúsundir félagsmanna á fámennisfundi pólitískra toppmanna þessara samtaka. Ég tel því eðlilegt að þing sem flestra launþegasamtaka fái slíka till. til umsagnar og umræðu.

Nú í ár eru mörg slík þing, bæði einstakra sérsamtaka og heildarsamtaka, haldin, þ. á m. hið langstærsta, þing ASÍ. Mín ósk er sú, að þegar 1. umr. er lokið hér í hv. d. og frv. hefur verið vísað til n. — sem ég tel eðlilegt að verði allshn. hv. d., í samræmi við það sem áður hefur tíðkast, þá verði frv. sent til umsagnar þeim samtökum, sem lög þessi taka til, með þeirri ósk frá Alþ. að þing þessara samtaka, sem haldin verða á þessu ári, taki mál þetta til efnislegrar umr. og segi sitt álit á því. M. a. vegna þessarar skoðunar minnar á meðferð þessa máls hef ég unnið ítarlega að öflun gagna fyrir framsögu málsins svo að þær röksemdir og aðrar, sem fram kunna að koma — að sjálfsögðu bæði með og móti, geti orðið hjálpargagn fyrir þá aðila í samtökum launþega sem skoða vilja málið hlutlægt. Fordæmi um meðferð frv. um þetta efni, sem áður hefur verið flutt hér á Alþ., höfum við. Einnig höfum við hér á Alþ. nær árleg dæmi fyrir okkur um að mál, sem hér eru fram borin, séu auk þess að vera skoðuð í n. send þingi viðkomandi hagsmunaaðila. Á ég hér að sjálfsögðu við Búnaðarþing.

Í stuttri grg., sem fylgir með frv. því sem hér er til umr., er skýrt frá þeim hvata sem lá að þessum frv.-flutningi. Segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi verkalýðsráðs Sjálfstfl., sem haldinn var að Hellu á Rangárvöllum 14. og 15. okt. 1978, var gerð eftirfarandi samþykkt:

Ráðstefnan felur stjórn verkalýðsráðs að hefja nú þegar undirbúning að gerð lagafrv. um hlutfallskosningar við stjórnar- og fulltrúakjör í launþegasamtökunum. Stóraukið vald samtaka þessara og beiting þess á sviði efnahags- og atvinnumála þjóðarinnar gerir þá kröfu til Alþingis, að það setji slík lög. Slík löggjöf mun draga úr hættu á því, að valdi samtakanna sé misbeitt í pólitískum tilgangi, og tryggja eftirlit og gagnrýni lýðræðislega kjörins minni hluta."

Á fundinum var samþykkt að óska eftir því við þingflokk Sjálfstfl. að taka mál þetta til flutnings á Alþ. Nokkru síðar var haldinn sameiginlegur fundur verkalýðsráðs og þingflokks um þetta mál og önnur sem rædd voru á Hellufundinum.

Í febr. 1979 sendi þingflokkur og miðstjórn Sjálfstfl. frá sér ítarlega stefnuyfirlýsingu um efnahagsmál o. fl., og ber hún heitið:

„Endurreisn í anda frjálshyggju." Í 8. kafla þessarar stefnuyfirlýsingar er fjallað um kjaramál og skyld atriði. Þar er því lýst yfir, að Sjálfstfl. skuli stuðla að því að koma á hlutflallskosningum í stéttarfélögum." — Svo sagði í grg. með frv.

Eins og ég hef þegar tekið fram er óhjákvæmilegt — þegar till. um slík stórmál er borin fram eftir að margir áratugir eru liðnir frá umr. þess hér á Alþ. — að skoða þann aðdraganda sem er að slíkum tillöguflutningi og á hverju hann sé grundvallaður. Mál þetta er nefnilega ekki nýtt innan verkalýðshreyfingarinnar þótt því hafi ekki verið hreyft lengi. Síðast mun það hafa verið gert þegar endurskoðun laga og skipulagsreglna ASÍ stóð yfir fyrir nokkrum árum. Ég hreyfði þá máli þessu innan **þeirrar nefndar sem að því starfi vann, en í henni átti ég** sæti þá. Ekki átti till. mín fylgi að fagna. Má vera að sumir nm. hafi óttast að auglýsa rýrt fylgi sitt innan samtakanna ef þeir þyrftu á þeim vettvangi að ganga til kosninga eftir lýðræðisreglunni um hlutfallskosningar. En mál þetta hefur verið tekið upp af sjálfstæðisfólki og öðrum innan launþegasamtakanna og í framhaldi af því á Alþ., eins og ég mun koma nánar inn á í ræðu minni. M. a. vegna þess flutti Jóhann Hafstein tvívegis frv. á Alþ. um að skylt væri að viðhafa hlutfallskosningar innan stéttarfélaga og við kosningu fulltrúa til stéttarsambands ef 1/5 hluti félagsmanna krefðist þess.

Í hið fyrra sinn flutti hann frv. sitt í Nd. 1946 og í hið síðara 1948, einnig í Nd., og voru þá meðflm. hans allir þm. Sjálfstfl. sem sæti áttu í deildinni, þ. á m. hæstv. núv. forsrh.

Fyrir tilmæli og og vegna góðrar samvinnu við félagasamtök sjálfstæðisverkamanna flutti Bjarni Snæbjörnsson, þáv. þm. Hafnfirðinga, frv. á Alþ. árið 1939, sem fól í sér brtt. við lög um stéttarfélög og vinnudeilur, sem samþ. höfðu verið árið áður á Alþ., árið 1938. Í brtt. Bjarna var lagt til að viðhafðar yrðu hlutfallskosningar innan verkalýðsfélaganna til stjórnar og trúnaðarstarfa ef ákveðinn hluti meðlima félaganna óskaði þess. Í frv. hans voru einnig fleiri brtt. við sömu lög sem miðuðu að því að tryggja jafnrétti meðlima verkalýðsfélaganna.

Nefnt frv. var afgreitt frá Alþ. með samkomulagi þáv. stjórnarflokka, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., er fólst í till. til rökstuddrar dagskrár sem forsrh., Hermann Jónasson, flutti og byggðist á trausti þess, að efni frv. mundi ná fram að ganga með frjálsu samkomulagi og lagaákvæða væri þá ekki þörf. Hin rökstudda dagskrártillaga, eins og hún **var samþ., hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:**

„Í trausti þess, að samningar takist milli fulltrúa þeirra verkamanna, sem lýðræðisflokkunum fylgja, er leiði til þess, að einungis eitt félag fyrir hverja stétt verði á hverju félagssvæði og engir geti gerst meðlimir þess aðrir en menn þeirrar stéttar, er félagið er fyrir; enn fremur að hið bráðasta verði gerðar nauðsynlegar breytingar á ASÍ til þess, að það verði óháð öllum stjórnmálaflokkum og tryggt verði, að öllum meðlimum félaga sambandsins verði veitt jafnrétti til allra trúnaðarstarfa innan við*komandi félags án tillits til stjórnmálaskoðana, þá tekur* d. **að svo stöddu ekki afstöðu til frv. þessa og tekur fyrir** næsta mál á dagskrá."

Til að skýra dagskrártillögu þessa og forsendu hennar er nauðsynlegt að fara enn aftar í sögu verkalýðshreyfingarinnar. Frá stofnun Alþýðusambandsins 1916 og allt

fram að árinu 1930 voru menn frjálsir að sínum pólitísku skoðunum þótt kjörnir væru á þing þess. Sátu menn þar án tillits til þess, hvaða stjórnmálaflokki þeir fylgdu að málum. Eftir fullveldi okkar 1918 fer skipan stjórnmálaflokka hér á landi að breytast, og þegar Jafnaðarmannaflokkurinn var stofnaður var biðlað markvisst til verkamanna og verkalýðsfélaga, enda stofnendur flokksins margir þeirra sem forustu höfðu innan verkalýðshreyfingarinnar. Þessir menn töldust til þeirra sem höfðu hugsjónir lýðræðis við hún. Þess fór þó fljótlega að gæta, að styrkleiki kommúnista innan þessara raða fór vaxandi. Fljótlega urðu allhörð átök milli þessara aðila: annars vegar þeirra, sem vildu stefna að þjóðfélagsbyltingu, jafnvel vopnaðri, með yfirtöku og alræði öreiganna að kjörorði og markmiði, og hins vegar þeirra, sem ná vildu aukinni velmegun og skilyrðum til betra lífs með hægfara en stöðugri þróun. Þessi ágreiningur, sem fór vaxandi, olli klofningi í röðum Alþfl.-manna, og **1930 er Kommúnistaflokkur Íslands stofnaður sem deild úr alþjóðasamtökum kommúnista. Þeir höfu þegar hatramma baráttu gegn sínum fyrri félögum, bæði í ræðu og riti, sem hefur staðið æ síðan. Að vísu hafa orðið nokkur hlé á, en sagan hefur endurtekið sig. Samvinnutilboð og fagurgali þeirra við Alþfl. síðari áratugi hefur alltaf verið undanfari nýs klofnings út úr Alþfl., sem markvisst hefur verið unnið að af kommúnistum á bak við tjöldin meðan** samvinnan hefur staðið yfir.

Þeim átökum, sem komu fram í dagsljósið 1930, svöruðu Alþfl.-menn með því að misnota meirihlutaaðstöðu sína innan Alþýðusambandsins og breyta lögum þess í þá veru, að aðeins flokksbundnir Alþfl.-menn mættu skipa trúnaðarstöður í verkalýðshreyfingunni og sækja þing Alþýðusambandsins. Þá urðu lög Alþfl. og Alþýðusambandsins sameiginleg og þau sömu.

En þróun verkalýðshreyfingarinnar hélt áfram og styrkur hennar óx, m. a. með því að þeir launþegar gerðust þar félagsmenn sem öðrum fullmótuðum stjórnmálaflokkum fylgdu að málum. Á síðasta sameiginlega þingi þessara aðila, ASÍ og Alþfl., 1940, var skilnaður þessara aðila samþykktur í beinu framhaldi af þeirri samþykkt Alþingis, að í trausti þess að viðkomandi aðilar kæmu sér saman um að framkvæma efnisatriðin úr frv. Bjarna Snæbjörnssonar mundi Alþ. að svo stöddu ekki taka afstöðu til frv.

Sjálfstæðismenn hafa æ síðan viðurkennt að fyrri hluta þessarar till. hafi verið framfylgt á Alþýðusambandsþingi 1940, en síðari hluta hennar, þ. e. jafnrétti til trúnaðarstarfa án pólitískra skoðana, hvorki þá né síðar. Þessi réttarbót fékkst fram fyrst og fremst vegna markvissrar baráttu sjálfstæðismanna. Þeir höfðu forustu á Alþ. um setningu vinnulöggjafarinnar, laga um stéttarfélög og vinnudeilur, sem við ræðum hér, 1938. En þau lög voru af andstæðingum þeirra, kommúnistum og vinstri krötum, kölluð þrælalög, tugthúslöggjöf o. fl. í þeim dúr.

Í þessum lögum hefur þó ekki mátt breyta stafkrók þrátt fyrir þær stórfelldu þjóðfélagsbreytingar sem hafa átt sér stað á þeim meira en 40 árum sem liðin eru síðan. Þeir, sem áður notuðu framangreindar lýsingar á lögum þessum, telja þau nú helgasta vé verkalýðshreyfingarinnar og allar breytingar á þeim árás á þá sömu hreyfingu, eins og ég kom inn á í byrjun ræðu minnar.

Til að berjast fyrir lýðræðislegum rétti hins almenna launþega — hvaða stjórnmálaskoðun sem hann hefði — stofnuðu sjálfstæðisverkamenn og sjómenn málfundafélög víðs vegar um land og var hið fyrsta þeirra stofnað í Reykjavík 1937. Þeir hófu þá einnig skipulagt starf innan verkalýðssamtakanna til að mæta misnotkun þeirra og náðu umtalsverðum árangri innan þeirra og utan, m. a. að ná fram framangreindum breytingum á lögum Alþýðusambandsins. Að fenginni þessari réttarbót drógu sjálfstæðismenn úr starfi sínu í verkalýðshreyfingunni. Þeir héldu að með auknu lýðræði og auknu jafnrétti innan þeirra skapaðist friður, en það var öðru nær.

Það er eftirtektarvert að veita athygli þeim sögulegu **staðreyndum sem blasa við þegar litið er til baka nokkra** áratugi yfir starf íslenskrar verkalýðshreyfingar. Þegar pólitísk misnotkun þeirra hefur keyrt úr hófi hafa sjálfstæðismenn innnan hennar gripið til gagnaðgerða og tekið upp baráttu gegn ofbeldi kommúnista og fylgifiska þeirra þar, sem þeir eru æ ofan í æ staðnir að — þessari misnotkun að segja — sínum pólitísku húsbændum og samtökum til framdráttar. En þegar slík stundarmisnotkun hefur verið knúin á bak aftur og réttlætisáfanga náð hafa sjálfstæðismenn dregið sig í hlé sem pólitískt afl innan samtakanna, trúir þeirri hugsjón sinni að verkalýðshreyfingin eigi að vera lýðræðisleg samtök allra launþega — hvaða pólitíska skoðun sem þeir hafa sem einstaklingar — sem ráði málum sínum sjálf og vinni á faglegum grundvelli að hag allra félagsmanna sinna og þjóðarinnar í heild.

Þessum áföngum hefur verið náð með þrotlausri vinnu og baráttu og því sem alltaf verður sterkasta vopnið, réttlætiskennd hins almenna félagsmanns innan verkalýðshreyfingarinnar.

Á stríðsárunum stórjuku kommúnistar fylgi sitt, — ég veit að sumir munu telja það helgispjöll að nota þetta nafn áfram eftir að fram á þetta árabil er komið, en ég mun samt nota það, því eðlið er eitt og hið sama,— þá náðu þeir sæti í miðstjórn Alþýðusambandsins 1942 og þeir náðu meiri hluta þar 1944. Og á þinginu 1946 höfðu kommúnistar næstum $^2/_3$ af fulltrúunum á þingi Alþýðusambandsins. Þessum meiri hluta var m. a. náð með því ólýðræðislega kosningafyrirkomulagi sem þá gilti og gildir enn innan verkalýðshreyfingarinnar og var þá sem nú notað til hins ýtrasta af kommúnistum. Á því tímabili, sem fór í hönd eftir stjórnaryfirtöku þeirra, hófst pólitísk misnotkun samtakanna á ný og hefur æ síðan verið þegar þeir hafa verið í hreinum meiri hluta eða stjórnað með sínum tryggu meðreiðarsveinum. Misnotkunin hefur komið fram á margan hátt: í pólitískum verkföllum og ýmsum ofbeldisaðgerðum. Má benda þar t. d. á a. m. k. tvo milliríkjasamninga sem Alþ. hefur beitt sér fyrir og gert, en þá hafa þessi samtök gert tilraun til þess að hafa áhrif á gerðir Alþingis með ofbeldi. Þau hafa verið með pólitískar samþykktir og aðgerðir gegn löglega kjörnum stjórnvöldum, sem túlkaðar hafa verið sem samhljóða vilji allra félagsmanna. Og hjá þeim hefur verið ríkjandi sú gegndarlausa misnotkun síðari ára sem öllum er kunnugt um og best sést á algerum sinnaskiptum á fáum mánuðum þegar þeir taka við stöðu húskarla hjá pólitískum húsbændum sínum.

Stax árið 1945 var svo komið, að sjálfstæðisverkamenn og sjómenn höfðu gert sér grein fyrir því, í hverju þessi möguleiki til misnotkunar var fólginn. Á landsfundi þeirra það ár var eftirfarandi ályktun samþykkt, með leyfi forseta:

„Landsfundur sjálfstæðisverkamanna og sjómanna, haldinn í júní 1945, skorar á þm. Sjálfstfl. að beita sér

fyrir því á Alþ., að komið verði á hlutfallskosningu til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa í öllum stéttarsamtökum landsmanna, svo sem verkalýðsfélögum, iðnaðarmannafélögum, búnaðarfélögum og samböndum stéttarfélaga.“

Þá þegar hafði þetta kosningafyrirkomulag verið tekið upp í kosningum til Búnaðarþings og hefur gilt þar síðan. — Hér er rétt að skjóta inn í til frekari áherslu smákafla sem fylgdi því frv., með leyfi forseta:

„Með þessu kosningafyrirkomulagi er bændum gefinn kostur á að hafa áhrif á skipun Búnaðarþingsins eftir því sem þeir hafa vilja og aðstöðu til. Einmitt með þessari skipun Búnaðarþings ætti það að vera tryggt, að það væri nokkurn veginn rétt mynd af því viðhorfi er bændurnir hafa til helstu áhugamála sinnar stéttar og reyndar þjóðmála yfirleitt. Líklegt er að öllum þyki vænt um þessi lagafyrirmæli. Þau svipta engan bónda réttindum, heldur þvert á móti veita bændunum mikilsverð réttindi sem þeim að sjálfsögðu ber og hefðu átt að vera búnir að fá fyrir löngu, en hefur þó dregist til þessa. Nú mun þeim af öllum frjálshuga mönnum fagnað.“

Þess má geta, að þegar Stéttarsamband bænda var stofnað var ákveðið að viðhafa þar hlutfallskosningar.

Í framhaldi af fyrrnefndri samþykkt sjálfstæðisverkamanna og sjómanna 1945 tók landsfundur Sjálfstfl., sem haldinn var sama ár, þetta mál til umr. og í ályktun fundarins er m. a. þessi kafli, með leyfi forseta:

„Fundurinn telur að tryggja beri að ópólitísk félagasamtök til almenningsheilla, svo sem samvinnufélög, búnaðarfélög, verkalýðsfélög og önnur stéttarsamtök, séu eigi misnotuð til framdráttar einstökum pólitískum flokkum og því sé skylt að viðhafa lýðræðislegar reglur í stjórnarháttum þeirra, svo sem hlutfallskosningar til allra trúnaðarstarfa. Mælist fundurinn eindregið til þess, að þm. Sjálfstfl. beiti sér fyrir framkvæmd þess á Alþingi.“

Þegar hér var komið þessari sögu ákvað Jóhann Hafstein, þá ungur að árum, nýkjörinn á Alþ., að flytja frv. í samræmi við þær viljayfirlýsingar sem hér hefur verið greint frá. Árið 1946 flytur hann fyrra frv. sitt, en hið síðara 1948, eins og áður segir. Voru þau í bæði skiptin samhljóða og voru á þá leið efnislega, að skylt væri að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga til stjórnar og trúnaðarstarfa, svo sem við kosningu fulltrúa stéttarfélaga til stéttarsambands, ef 1/5 hluti félaganna krefst þess.

Miklar umr. urðu um frv. þetta strax við 1. umr. hér á Alþ. En að henni lokinni var málinu vísað til allshn. Nd. Þá var fram undan 19. þing Alþýðusambandsins. Þótti **rétt að óska eftir umsögn þess um málið og bíða með** afgreiðslu þess frá nefnd á meðan.

Með það í huga, sem hér er áður sagt um styrkleika kommúnista á þessu þingi, þykir mér ekki undarleg sú umsögn sem Alþýðusambandsþing sendi Alþ. um frv. þetta. Í henni kom fram þá strax sú helgislepjugríma sem kommúnistar setja alltaf upp ef þeir telja að eitthvað eigi að gera sem hróflað geti við völdum þeirra. Breytir þá engu þótt þeir geri kröfur um sams konar eða skyldar breytingar annars staðar þar sem þeir telja sig ekki njóta lýðræðislegra áhrifa um stjórn í samræmi við fylgi sitt, sbr. afstöðu Sigurjóns Péturssonar, forseta borgarstjórnar Reykjavíkur, á landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga í sept. 1978.

Jóhann Hafstein og Garðar Þorsteinsson lentu í minni hl. í allshn., en þeir gáfu út mjög ítarlegt nál. og hröktu þar lið fyrir lið þær fullyrðingar sem komið höfðu fram í umsögn þessa Alþýðusambandsþings, enda allsérstæðar eins og fleira sem frá kommúnistum kemur þegar valdið er þeirra.

Ég mun nú í mjög stuttu máli draga fram þau rök, sem komu fram gegn frv., bæði í umsögn þessari og í umr. á Alþ., og notuð eru enn í dag, og þau gagnrök sem á móti eru færð. (**Forseti:** Mætti ég spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni?) Já, töluvert, ég er kominn nokkuð fram yfir miðjan fimmta áratuginn, en það er nokkuð eftir af ræðunni. (**Forseti:** Ég hafði hugsað **mér að gefa kaffihlé í hálftíma.**) Ég gæti lokið ræðunni á **hálftíma.** (**Forseti:** Það eru ýmis mál eftir.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni að ég var farinn að minnast á þau rök, sem voru færð gegn þeim frv.-flutningi sem ég vitnaði til, og eins þau rök, sem færð voru með málinu, bæði frá Alþýðusambandinu sjálfu og eins hér á Alþingi.

Í umsögn frá 19. þingi Alþýðusambandsins segir svo **orðrétt, með leyfi forseta: „Á frv. þetta má líta sem árás** á félagafrelsið í landinu, óskammfeilna tilraun til þess að skerða óumdeilanlegan rétt verkalýðsfélanna og annarra samtaka til að ráða sínum innri málum,“ eins og það var orðað í umsögninni.

Í þessu felst ásökun um það, að frv. sé brot á stjórnarskránni sem verndar félagafrelsið í landinu. En það fær að sjálfsögðu á engan hátt staðist, enda um breyt. á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, 3. gr. þeirra, en þar segir svo: „Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum sem sett eru í lögum þessum.“ Það er gert ráð fyrir því í löggjöfinni sjálfri að setja **takmörk á starf þessara félaga. Það kemur þarna fram,** að löggjafinn ráðgerir vissar takmarkanir á því að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf, og mundi frv. það, sem hér greinir frá, heyra undir eina slíka takmörkun.

Þá er enn fremur sagt, með leyfi forseta, að „frv., ef að lögum yrði, mundi beinlínis lögfesta pólitíska sundrungu innan samtakanna og lögfesta stjórnmálaerjur í verkalýðssamtökunum,“ eins og sagt var orðrétt. Þetta byggist á misskilningi, þar sem ekkert ákvæði frv. hneig að lögfestingu sundrungar í þá tíð né heldur gerir mitt frv. og **samflm. minna það nú. Það er hvergiýjað þar að pólitísk**um eða ópólitískum áhrifum frv.-flutningsins.

Saga verkalýðshreyfingarinnar í þau 33 ár, sem liðin eru síðan þetta frv. var flutt, hefur margsannað, en þó aldrei jafnáþreifanlega og síðustu misserin, að pólitísk sundrung og pólitísk misnotkun, sem komin er út í hreinar öfgar, hafa fært samtökin á barm klofnings. Eiga hlutfallskosningar engan þátt í slíku, en gætu hins vegar að mínu mati hindrað að sú óhamingja hendi þau.

Í umsögn þessa 19. þings Alþýðusambandsins sagði einnig, með leyfi forseta, að „slík lagasetning mundi stöðugt verða uppspretta ófriðar meðal verkamanna og verka lamandi á starfsemi verkalýðsfélaganna, en gera lýðræðið að skrípamynd“. Þetta verður að telja einstæða ályktun eða skoðun í lýðræðislandi, að hlutfallskosningafyrirkomulag, í stað kosningafyrirkomulags þar sem einfaldur meiri hl. ræður úrslitum, geti gert lýðræðið að skrípamynd, þar sem hlutfallskosningafyrirkomulag bæði hér á landi og annars staðar í heiminum er einmitt fram komið og framkvæmt

til þess að fullnægja betur en hitt kosningafyrirkomulagið hugsjónum og kröfum lýðræðisins. Ég endurtek þetta sem ég sagði: Það er sett fram til þess að fullnægja betur en hitt kosningafyrirkomulagið hugsjónum og kröfum lýðræðisins.

Það komu einnig fram í umsögnum þá — og reyndar hef ég heyrt slíkar umsagnir síðan hjá mönnum sem spurðir hafa verið á götu um þetta mál — ýmsir sleggjudómar um það, að með samþykkt slíks frv. væri verið að löghelga afskipti stjórnmálaflokka af innri málefnum verkalýðssamtakanna. Eins og ég gat um áðan hefur ekkert komið fram — hvorki áður fyrr í frv. sem flutt voru né nú hjá mér og meðflm. mínum — í þá átt, og þeir, sem hafa aðallega talað gegn þessu fyrirkomulagi, bæði kommúnistar og aðrir, hafa alltaf sniðgengið þá staðreynd, að hlutfallskosningafyrirkomulagið er það lýðræðislegasta sem þekkist og um leið það réttlátasta og þeim þekkilegt ef þeir telja sig sjálfa hafa pólitískan hag af, eins og ég gat um áðan, sbr. landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga og ummæli forseta bæjarstjórnar Reykjavíkur á því þingi eða eftir það.

Í umr. á þessu sögufræga þingi mæddi mjög á þáv. **forseta Alþýðusambandsins, Hermanni Guðmundssyni,** en þá sat hann hér á Alþ. fyrir kommúnista og var framsögumaður meiri hl. allshn. er málið kom til 2. umr. Það er eftirtektarvert, hve hann og fleiri andmælendur frv. lögðu mikla áherslu á að undirstrika hve ólýðræðislegt það væri, að minni hl., 1/5 félagsmanna, gæti gert kröfu um hlutfallskosningafyrirkomulag ef hann óskaði þess. Er ekki annað að sjá en verið sé að læða því inn, að verið sé að rýra hlut þeirra 4/5 félagsmanna, sem vilja hreina meirihlutakosningu. Þetta er auðvitað argasta fölsun því þessir aðilar, eins og allir félagsmenn, munu njóta kosningarréttarins jafnt með hlutfallskosningum áfram. Það **mun að sjálfsögðu áfram vera meiri og minni hl. nema** samkomulag sé um annað. Breytingin er sú, ef slíkt frv. yrði samþykkt, að meiri hl., ef hann skapast, fer ekki lengur með skoðanir minni hl. sem sínar. Allir fá sama lýðræðislega réttinn til að koma skoðunum sínum á framfæri, ef vissum skilyrðum er fullnægt, sem nú er loku **fyrir skotið allt of víða.**

Sú röksemd, sem þarna kom fram, verður beinlínis hlægileg þegar haft er í huga að einmitt á næsta þingi Alþýðusambandsins, 1948, voru samþykktar reglur um allsherjaratkvæðagreiðslu við kosningu stjórnar trúnaðarmannaráðs og fulltrúa til sambandsþings í félögum Alþýðusambandsins. Og í 1. gr. reglugerðarinnar, sem samþ. var af þessum sömu gagnrýnendum frv., eru ákvæði þess efnis, að allsherjaratkvæðagreiðsla skuli fara fram ef minnst 1/5 hluti fullgildra félagsmanna krefst þess skriflega. Hvar er þá réttur meiri hl.? Þetta finnst mér vera einn þáttur í þessari svokölluðu sýndarmennsku sem ríður húsum ekki aðeins hér á Alþ. heldur og innan verkalýðshreyfingarinnar.

Ég hef í þessu máli mínu vitnað nokkuð til umr. sem urðu á Alþ. um áðurnefnt frv. Jóhanns Hafsteins 1948, og eins og ég hef þegar bent á geri ég það vegna þess að mörg rök, sem þá voru notuð málinu til framdráttar, gilda enn í dag. Sama er að segja um gagnrök. Þau eru hin sömu sem notuð eru nú þótt að sjálfsögðu sé af meiru að taka nú 32 árum síðar. En til viðbótar vil ég draga fram enn eitt atriði.

Í umr. 1948 hafði Gylfi Þ. Gíslason sig allnokkuð í frammi sem andmælandi frv., og vitnaði hann m. a. í harða andstöðu sjálfstæðismanna gegn lagaákvæðum um hlutfallskosningar til Búnaðarþings á sínum tíma. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagfirðinga og einn af meðflm. Jóhanns Hafsteins, svaraði Gylfa og skýrði frá því, hvers vegna þessi lagaákvæði voru tekin út síðar. Það var gert með samkomulagi Búnaðarþings og ríkisstjórnar, enda áfram ákveðið að hafa ákvæðið um hlutfallskosningar **bundið í lögum Búnaðarfélagsins, og þarf þar 2/3 þingfull**trúa til að breyta þeim. Síðan sagði Jón Sigurðsson fyrrum alþm. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú kem ég að því, sem ég tel mest vert í þessu sambandi. Hvernig hefur þessi skipun reynst? Ég held að mér sé óhætt að segja, að það sé samróma álit allra, að hún hafi reynst vel. Ég segi það jafnt þó að ég hafi á sínum tíma verið henni andvígur. Þetta fyrirkomulag varð m. a. til þess að auka að miklum mun samstarf milli þeirra sem eiga að vinna saman að sameiginlegum hagsmunamálum. Áður fyrr, meðan einn og sami flokkur fékk annaðhvort alla fulltrúana eða engan, myndaðist oft óeðlilegt kapp sem hjá þeim, sem töldu sig afskipta, olli oft sársauka sem torveldaði alla samvinnu milli þeirra sem saman þurftu að vinna. Þetta hefur horfið mikið. Ég fullyrði að samstarfið hefur orðið miklu betra síðan þessi breyting komst á. Þetta var orsökin til þess, að þegar Stéttarsamband bænda var stofnað, sem er að sumu leyti hliðstæðara verkalýðssamtökunum en Búnaðarfélag Íslands, þá var þar ákveðin hlutfallskosning, eða menn hafa rétt til að hafa hana sé þess óskað. Það sýnir hvernig þetta fyrirkomulag hefur gefist. Það er stundum svo, að það þarf nokkuð til að vekja athygli manna á hvað sé heppilegast, og ég fyrirverð mig ekki neitt fyrir það," **sagði Jón Sigurðsson, „þó að ég nú líti öðruvísi á þessi** mál en ég gerði fyrir 12 árum. Ég tel skyldu mína, ef ég kemst að því að ég hafi ekki á réttu að standa, að breyta **um og fylgja því sem réttara eða betra reynist,** hver sem afstaða mín kann að hafa verið áður fyrr. Þetta er sú regla sem ég hef fylgt, og samkvæmt þessari reglu og samanborið við þá reynslu sem ég tel að bændastéttin hafi hér fengið, þá hikaði ég ekki við að gerast meðflm. að þessu frv. þó ég telji eðlilegast að upp úr þessu kæmi það, að verkalýðsfélögin hyrfu sjálfkrafa að þessu ráði og ákvæðu það fyrirkomulag sem hér er lagt til, og ég gæti vel trúað að þessi tilraun, sem hér er gerð, yrði til þess, að verkalýðsfélögin tækju þetta fyrirkomulag upp í lög sín, eins og Búnaðarfélagið gerði á sínum tíma, og þar með er þá líka okkar tilgangi náð.

Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð," sagði Jón Sigurðsson enn fremur. „Það er sannfæring mín, að slík breyting yrði verkalýðsfélögunum aðeins til góðs. Þess vegna tel ég rétt að fylgja málinu og stuðla þannig að því að það geti komist á rekspöl."

Ég tek þessa tilvitnun fram af ásettu ráði, vegna þess hugsanagangs sem kemur fram hjá þessum þá reynda þm. Og mig langar að lokum að vitna í aðra ræðu, nokkrar málsgreinar úr ræðu Ólafs Thors við sömu umr., með leyfi forseta. Ólafur Thors sagði:

„Ég get látið mér nægja í þessu máli þau rök sem flutt voru fram af þessum unga manni Sjálfstfl." — þ. e. Jóhanni Hafstein — „sem þessi ungi maður Alþfl." — þ. e. Gylfi Þ. Gíslason — „talaði um með svo miklu yfirlæti og kenndi hann í þeim tilgangi við ásku. Þessu litla sem var ósvarað af því sem hv. þm. Reykv. talaði um" — þ. e. Jóhann Hafstein — „hefur hv. 2. þm. Skagf." — þ. e. Jón Sigurðsson — „gert full skil. Hann stakk svolitlum prjóni í belginn, svo að út fór allur vindurinn. Það kom mér

engan veginn á óvart og þarf engum að koma á óvart, þannig eru ræður þessa hv. þm." — og þar átti Ólafur við sinn síðari vin, Gylfa Þ. Gíslason. Síðan hélt hann áfram:

„Mig undrar hins vegar hvað þetta mál sætir miklum andmælum hér í d., því að þetta getur í hæsta lagi verið álitamál, hvort hér sé um réttlætismál að ræða. Ég held að það sé ekki hægt fyrir neinn mann, sem nokkra reynslu hefur fengið í lýðræðislegum eða félagslegum efnum, að mæla gegn slíku frv. með þeim ofsa sem hér hefur verið gert. Þeir munu sanna það, þessir hv. þm., að þeir munu síðar iðrast þessara orða sinna og skilja að þetta er eitt af þeim málum sem lífið ber fram til sigurs. En þeirra framkoma er ekki verri en annarra sem gert hafa slíkt. Ég hef líka stritast á móti málum, sem lífið hefur síðan kennt mér að var skammsýni að vera ekki með frá öndverðu, eins og togaravökulögunum. Þetta er ekkert einsdæmi. Menn spyrna á móti góðum málum, en það er engum til ánægju og ekki heldur til sóma.

Ég get tekið undir það, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, að ég mundi helst kjósa að þessi ákvæði gætu náð fram að ganga á þann hátt, að verkalýðsfélögin samþykktu þetta fyrirkomulag hjá sér sjálf, og ef þetta frv. gæti orðið til þess að tryggja þessa skipan þannig, eða skapa líkur fyrir því, þá yrðum við flm. ánægðir með það."

Frá því að þetta mál var rætt á Alþ. fyrir rúmum þrem áratugum hafa orðið stórkostlegar breytingar í framfaraátt í okkar þjóðfélagi. Tækni, vísindi og almenn verkmenning er talið til hins sjálfsagða hjá atvinnuvegum okkar. Fátækt hefur verið útrýmt að mestu leyti og sífellt fleiri þegnar verða eignafólk í hinum eiginlega skilningi þessa orðs. Atvinnuleysi þekkist vart nema vegna sérstakra óhappa eða aflabrests, en tryggingar gegn því, slysum, veikindum, örorku og elli eru til staðar auk margs konar samhjálpar við þá sem bágstaddir eru af einni eða annarri ástæðu.

Íslensk launþegasamtök hafa átt aðild að og sinn þátt í þessari framþróun. Þetta hefur æ oftar verið viðurkennt af löggjafanum, og með lögum frá Alþ. hefur samtökum launþega verið sýndur trúnaður til starfa í ráðum, stjórnum og nefndum, sem hafa ótrúlega mikið vald í þjóðfélaginu, og þar eru iðulega teknar ákvarðanir sem hafa áhrif á gerðir stjórnvalda til stuðnings — og hindrunar einnig. Jafnframt hafa samtökin fengið til ráðstöfunar stórar upphæðir af fé skattborgaranna til ráðstöfunar að hagsmunamálum félagsmanna sinna. Með kjarasamningum sínum hafa launþegasamtökin náð til ráðstöfunar gífurlegum fjármunum beint og óbeint. Félagsgjöld eru víðast í formi launaskatts, 0.75% til 1%, þar við bætast margvíslegir sjóðir, t. d. sjúkra- og styrktarsjóðir og Atvinnuleysistryggingasjóður, sem löggjöf stendur að vísu að baki. En mest munar þó um lífeyrissjóðina. Til þeirra renna 10% af launum, þar af 4% frá launþegunum sjálfum. Þá má benda á bankastofnun, sparisjóði, húseignir, orlofshús o. fl., og er hér um milljarðaverðmæti að ræða sé í krónum talið.

Það getur naumast verið álitamál, að hinn almenna launþega varðar það miklu, hvernig þessu mikla fjármagni sé varið, og hann á kröfu til þess, að réttur minni hl. sé tryggður í þeim efnum. Það hefur naumast farið fram hjá neinum, að sum verkalýðsfélög hafa notað sjóði sína og eigur í pólitískum tilgangi, og nægir í þeim efnum að skírskota til þeirra útvarpsauglýsinga sem dundu í eyrum manna út af pólitískum deilumálum fyrir aðeins nokkrum misserum. Með hlutfallskosningum í þessum samtökum er ekki verið að leggja til að óviðkomandi aðilar fái rétt til óþarfahnýsni eða valda innan þeirra, heldur að eigendurnir sjálfir fái meðaðild að ráðstöfun þessara verðmæta, að þeir fái rétt til að gagnrýna ef þeim finnst að misfara eigi eða fara á rangan hátt með eigur félagsmanna.

Hlutfallskosningafyrirkomulagið er að sjálfsögðu hægt að nota til annars en pólitískrar ákvarðanatöku, t. d. innan ASÍ til að gæta hins faglega réttar minnihlutahópa. En réttur þeirra til tjáningar og áhrifa innan samtakanna er nú æ oftar fótum troðinn af pólitískum yfirtroðslumönnum, sem nota fjölmenn landssambönd sín til pólitískra viðskipta í nafni heildarasamtakanna, stundum þvert ofan í hagsmuni félagsmanna, en til framdráttar pólitískum húsbændum ráðamanna sinna. Slík löggjöf mundi tvímælalaust draga úr því, að hluta launþegasamtakanna yrði misbeitt í pólitískum tilgangi, um leið og réttur lýðræðislega kjörins minni hl. til gagnrýni og eftirlits verður tryggður. Það á að vera liðin tíð, að félagsmenn launþegasamtaka fái ekki að fylgjast með hvernig og hvers vegna ákvarðanir séu teknar, hvað þá að hafa áhrif á ákvarðanatökuna nema í orði kveðnu. Ljósasta dæmið um þetta var kúvending verkalýðshreyfingarinnar gagnvart núv. eða fyrrv. ríkisstj., þar sem skýringarlaust var fallið frá kröfunni um samninganna í gildi og fallist á að samningsrétturinn sé nánast tekinn af verkalýðshreyfingunni og settur í hendur pólitískra fámennishópa.

Dæmi sama eðlis er það, að grundvöllur kaupgjaldsvísitölunnar er til endurskoðunar. Verkalýðshreyfingin forðast það eins og heitan eldinn að taka það mál til opinberrar umr., heldur eiga launþegar að bíða þess aðgerðalausir, hverjar málslyktir verða, og sætta sig síðan við þá niðurstöðu umyrðalaust. Vinnubrögð af þessu tagi heyra til liðinni tíð og eru í hróplegri mótsögn við þá kröfu sem uppi er í þjóðfélaginu um opna umr. og rétt minni hl. til að fylgjast með og hafa áhrif á gang mála.

Þau pólitísku öfl, sem mestu ráða nú innan launþegasamtakanna, kommúnistar og kratar, hafa það að opinberri stefnu að beita þeim fyrir sitt pólitíska tvíeyki og telja verkalýðsfélögin vera tæki í hinni pólitísku baráttu.

Stór hluti félagsmanna verkalýðshreyfingarinnar er á móti þessari stefnu. Ef hlutfallskosningar kæmust á í samtökunum er því ekki verið að innleiða pólitíska starfsemi í þau, heldur að fyrirbyggja misnotkun þeirra í þessum tilgangi. Má í því sambandi minna á hvatningu þm. kommúnista, sem enn er í minni, um að beita samtökum verkalýðsins í pólitískum tilgangi gegn löggjafarsamkundu þjóðarinnar.

Mín skoðun er sú, að nú hafi verið tímabært að endurflytja þetta frv., sem Jóhann Hafstein og fleiri sjálfstæðismenn fluttu á sínum tíma, með nokkrum breytingum í samræmi við breytt skipulag Alþýðusambandsins, til þess að fá fram umr. um málið innan verkalýðshreyfingarinnar. Það má vera að þessi leið verði til þess að næsta Alþýðusambandsþing taki þessa ákvörðun sjálft án aðstoðar löggjafans, en alla vega hefur málinu verið hreyft hér, og vonandi verður orðið við þeirri ósk minni að senda málið til umsagnar næsta Alþýðusambandsþingi og vonandi fleiri þingum sem haldin verða á þessu ári.

Um frumvarpsgreinina sjálfa er þetta að segja: Minnstu félögin eru samkv. ákvæðum hennar undanþegin þessari skyldu þótt skilyrðum væri fullnægt. Er

þetta m. a. vegna þess, að minni félögin hafa í flestum tilfellum ekki á að skipa starfskröftum til að vinna að framkvæmd málsins, enda vankantar þeir, sem áður eru upp taldir, frekar til staðar hjá hinum stærri félagseiningum, en þó öllu helst hjá landssamböndum og heildarsamtökum. Þess vegna eru ákvæðin skilyrðislaus um hlutfallskosningu til stjórnar landssambandanna og heildarsamtakanna. En þær stjórnir fara með hið raunverulega vald milli þinganna, ekki aðeins sambandanna sjálfra, heldur einnig einstakra félaga innan þeirra.

Það skal tekið fram, að kosningafyrirkomulag er breytilegt hjá félögum einstakra heildarsamtaka. Þar á ég við auk Alþýðusambandsins bæði BSRB og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, og er sums staðar viðhöfð mjög lýðræðisleg kosning, sem ég hef þó ekki haft aðstöðu til að kynna mér mjög ítarlega.

Ég minntist á það í upphafi ræðu minnar, að samkvæmt gamalli hefð ætti mál þetta heima í allshn., en við nánari athugun í kaffihléi finnst mér — og reyndar forseta líka — að málið eigi fullt eins heima í félmn., sem þá mun ekki hafa verið til á Alþingi. Ég legg því til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til félmn. hv. d., og ég endurtek þá ósk mína, að Alþýðusambandsþing á næsta hausti verði beðið að tjá sig um mál þetta.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr. og flutt er af hv. þm. Pétri Sigurðssyni — og fleirum raunar, hygg ég vera skynsamlegt frv. og vil lýsa þeirri skoðun minni strax, að ég hygg að þær breytingar, sem hér er verið að leggja til, séu af hinu góða. Ég hygg einnig að það sé rétt hugsun, sem fram kemur í fyrstu og raunar einu grein þessa frv., sem sé sú, að skilyrða þetta með þeim hætti, að ef 1/5 hluti félagsmanna krefst þess eða fer fram á það að hlutfallskosningar séu teknar upp í félögum launþega, þá eigi þeir rétt á slíku. Ég vil orða það svo, að hér sé ekki um það að ræða að verið sé að níðast á réttindum verkalýðsfélaga eða félaga launafólks, heldur sé þvert á móti verið að vernda rétt minnihlutahóps. Og ég er jafnvel þeirrar skoðunar, að þetta sé of hátt hlutfall. Þetta hefði mátt vera 1/10, þ. e. ef tíundi hver félagsmaður fer fram á slíkar hlutfallskosningar, þá sé það skylda í félögum yfir ákveðinni stærð að viðhafa slíkar kosningar.

Ég vil þegar í stað vísa á bug rökum af því tagi, að hér sé verið að ganga inn á hið frjálsa félagakerfi. Ég held þvert á móti að það eigi að vera starf Alþingis m. a. að vernda réttindi hvers konar minnihlutahópa í samfélaginu, og ef minnihlutahópur í launþegafélagi er 1/5 eða fimmti hver félagsmaður, þá er það orðinn býsna stór minnihlutahópur, og ef slíkur minnihlutahópur krefst þess að njóta þessara félagslegu réttinda, sem hlutfallskosningar vissulega eru, þá á hann að vera lögverndaður með slíka kröfu.

Ég ítreka þá skoðun mína, að ég hygg að almennt talað sé þetta frv. af hinu góða, og ég held líka að það sé bæði vel og snyrtilega fram sett, þannig að fyrir því ætti að geta verið meiri hl. fulltrúa hér á hinu háa Alþingi.

Það er auðvitað aldrei ofsagt, að verkalýðsfélögin í landinu eru orðin feikilega öflugur hluti stjórnkerfisins. Það er jafnvel talað um að aðilar vinnumarkaðarins myndi hinn fjórða meið stjórnarskrárinnar, að það sé ekki lengur um þrískiptingu valds að ræða í framkvæmdavald, löggjafarvald og dómsvald, heldur séu aðilar vinnumarkaðarins orðnir hinn fjórði armur. Þekktir og viðurkenndir og virtir lögfræðingar hafa haldið þessari skoðun á lofti. En það er auðvitað að fara út fyrir efni þessa máls, ef sú hugmynd út af fyrir sig er gerð að umræðuefni, en engu að síður lýsa þessara skoðanir því, að við erum ekki að tala hér um smávaxið mál.

Þá má nefna, eins og kom fram í framsöguræðu hjá hv. frsm., að armar launþegafélaganna teygja sig víða. Félagsgjöld mynda háa upphæð. Í lífeyrissjóði og aðra slíka sjóði renna svo risavaxnar upphæðir að það skiptir miklu máli að svo sé um hnúta búið, að raunverulegt lýðræði í þessum félögum sé mikið.

Ég vil skjóta því hér inn, að þetta frv. er náskylt frv. sem flutt var hér á næstliðnu þingi af hv. þm., sem þá var, Finni Torfa Stefánssyni, ásamt okkur fleiri jafnaðarmönnum. Það var lýðræði í Sambandi ísl. samvinnufélaga, en eins og allir vita, sem um það vilja vita, er í Sambandi ísl. samvinnufélaga eins konar þrepalýðræði og óravegur frá æðstu stjórn, framkvæmdastjórn, „niður" til hins — og ég undirstrika þessi orð — **niður** til hins almenna félagsmanns. Það sem við jafnaðarmenn lögðum til — og hlustuðum fyrir vikið á einhverjar hysteríska umr. sem ég hef heyrt á hinu háa Alþingi — var það að æðsta stjórn samvinnuhreyfingarinnar væri kosin beinni kosningu af öllum þeim sem í kaupfélögum eru félagar með einum eða öðrum hætti. Þetta náði ekki fram að ganga, en við höfum í okkar hóp rætt um að endurflytja þetta frv. á þessu þingi. Ég vil aðeins vekja athygli á skyldleika þessara tveggja mála. Ég hygg að frumhugsunin sé sú sama í báðum tilvikum.

En til þess að koma aftur að launþegafélögunum, þá er það auðvitað ljóst, að þó að þetta séu að stofni og hugmyndum og hugsjónum sömu félögin og þau sem stofnuð voru á árunum fyrir og eftir 1916, þá hefur margt breyst. Þessi félög eru víða auðvitað miklu fjölmennari, enda þjóðfélagið allt orðið fjölmennara. Þau eru ekki lengur að berjast fyrir sömu frumþörfunum og barist var fyrir á bernskárum verkalýðshreyfingarinnar — og guði sé lof fyrir það. M. a. fyrir tilstilli verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar er allur þorri félagsmanna hennar ekki lengur nauðþurftafólk, heldur er þetta orðið oft fólk í góðum álnum, svo er verkalýðshreyfingunni sjálfri ekki síst fyrir að þakka. En jafnframt eru þó félög þau, sem hér um ræðir, ekki lengur fátæk félög, heldur stundum forrík og beinlínis bákn. Og vegna þess að svo er, þá hefur hugsjónaljóminn kannske fölnað eitthvað. Þetta er rekið meira eins og fyrirtæki og minna eins og hugsjónafélagsskapur og það þarf ekki að vera eingöngu af hinu illa. Það getur verið beinlínis af hinu góða. En vegna þessara breyttu aðstæðna, þó að meiðurinn sé auðvitað sá sami, þurfum við að hugsa margt í þessari hugmyndafræði alveg upp á nýtt.

Og eitt er það mál sem hér er verið að leggja til. Hugsum okkur félag með á fimmta þús. manns, eins og Dagsbrún í Reykjavík, eða Verslunarmannafélag Reykjavíkur, sem er með hátt í 10 þús. manns. Auðvitað hlýtur það að vera óþolandi, að 40% minni hl. hafi enga möguleika á því að koma manni í stjórn þessara félaga. Og auðvitað vitum við líka af hverju þetta er svona. Þetta er oft varnarkerfi — ég er ekki að tiltaka þessi sérstöku félög, heldur lýsa málinu almennt — þetta er varnarkerfi tiltölulega mjög þröngs valdahóps, sem kannske fyrir árum eða áratugum hefur sest að völdum í félagi og hefur — oft með illa auglýstum aðalfundum, löngum og leiðinlegum og svo fráhrindandi að þangað nenna ekki að

koma nema nærri því „félagslegir maníakkar," aðrir koma ekki á slíka fundi, og þannig er völdunum haldið ár eftir ár. Þetta þekkja auðvitað allir sem nálægt slíkum málum hafa komið eða tekið þátt í félagslífi yfirleitt. Enn eitt hefur líka breyst. Hér á árum áður, á frumárum verkalýðshreyfingarinnar, gerði verkalýðsfélagið meira en að annast kjaramál. Þetta voru bókmenntafélög. Þetta voru skákklúbbar. Þetta voru íþróttafélög. Félagslífið hefur breyst og orðið fjölþættara, guði sé lof fyrir það. **(Gripið fram í:** Og stúkur líka). Jafnvel. Núna tefla menn skák í skákklúbbum eða stunda sínar íþróttir í íþróttafélögum og fá sína andlegu næringu annars staðar. Það er af hinu góða. En það þýðir auðvitað það, að starfsvettvangur launþegahreyfingarinnar hefur í raun þrengst, jafnvel þó að í boði sé sama fjölbreytni og áður. Fjölbreytni í félagslífinu almennt hefur töluvert breytt áherslum þessarar starfsemi.

Af þessu dreg ég þá ályktun, að það sé lýðræðislega og félagslega rétt, að kosningar í stórum verkalýðsfélögum — ég skal út af fyrir sig ekki segja hvort talan 300 er nákvæmlega sú rétta, það er auðvitað flókið matsatriði — fari fram á þennan hátt.

Hitt er svo annað mál og orkar auðvitað alltaf tvímælis og vekur alltaf spurningar, hvort hv. Alþ. er nákvæmlega rétti vettvangurinn til þess að taka ákvörðun af þessu tagi. Hv. þm. Pétur Sigurðsson endaði raunar mál sitt á því að leggja til að þetta frv. yrði sent Alþýðusambandsþingi til umfjöllunar. Ég er honum sammála um það, þó ég sé beinlínis trúaður á að hér sé um rétt frv. að ræða, að auðvitað er samráð af hinu góða, a. m. k. fyrst í stað. Samráð við launþegaforustu hefur sína galla. Það hefur þá galla, að það er hætta á að þar sé verið að hafa samráð við aðila sem beinlínis eiga hagsmuna að gæta í því, að svona frv. verði ekki samþ., jafnvel þó að allur þorri félgasmanna sé gagnstæðrar skoðunar. Það er valdakerfið að verja sig. Sú hætta er auðvitað alltaf og ævinlega fyrir hendi. Engu að síður er þetta frv., sem hér hefur verið mælt fyrir, af hinu góða. Það er skylt öðrum hugmyndum sem menn hér hafa verið að velta fyrir sér, skylt frv. sem mælt var fyrir hér í fyrra og ég hef þegar gert grein fyrir.

Því má aldrei gleyma, að þetta frv. á ekkert skylt við þann öfgafulla og oft dólgslega áróður gegn verkalýðshreyfingunni sem í vaxandi mæli hefur verið haldið á lofti af svokölluðum nýfrjálshyggjumönnum erlendis og lærisveinum þeirra hérlendis. Það kemst ekkert þjóðfélag af án sterkrar og voldugrar launþegahreyfingar. Og alveg eins og atvinnufyrirtæki eru misjafnlega sterk, en mörg þeirra sterk og það er af hinu góða, þá verða auðvitað launþegar líka að hafa sín sterku samtök til þess að verja hagsmuni sína og félagsmanna sinna og sækja fram til betra lífs. Ég vara við því að blanda framsöguræðu fyrir frv. eins og því, sem við hér erum að ræða, eða orðum mínum saman við hinn dólgslega áróður gegn verkalýðshreyfingunni, hugmyndir eins og þær, að verðbólga eigi rætur í verkalýðshreyfingunni einni, — eins og hægri „intelligentar" á Bretlandi halda mjög stíft fram og hafa gert um margra ára skeið, — að allt illt sé frá verkalýðshreyfingunni komið. Slíkar hugmyndir geta verið stórhættulegar.

Ég lít ekki svo á, og það var ekki heldur að heyra á framsöguræðu hv. frsm. fyrir þessu frv., að þetta sé verkalýðsfjandsamlegt frv. Ég játa það, að ég hef oft heyrt þessi orð um sjálfan mig og í mínum eigin flokki, að ég sé verkalýðsfjandsamlegur maður. Ég er sannfærður um að það byggist á misskilningi þeirra sem slík orð láta falla. Engu að síður er ég þeirrar skoðunar, alveg eins og fram kemur hjá hv. frsm., að verkalýðshreyfingin sé um margt félagslega steinrunnin og að fyrir því séu vissar ástæður, þetta sé ekki alfarið tilviljun, þetta sé vörn valdakerfis sem situr og hefur setið. Ég er þeirrar skoðunar, að þessu frv. sé ætlað að kippa þar í spotta réttlætis. Ég er þeirrar skoðunar, að það séu rétt vinnubrögð sem lýst var af hv. frsm., að við höfum svo mikið samráð sem unnt er við svo marga sem mögulegt er, en þó er það endanlega Alþ. sem slíkar ákvarðanir tekur. Og jafnvel þó að neikvæðar umsagnir kæmu frá verkalýðsforustunni um þetta, þá er ég sannfærður um að vilji alls þorra félagsmanna, hinna almennu félagsmanna, venjulegra manna sem vinna sína vinnu, tefla sína skák og leika sínar íþróttir, — að vilji þeirra stendur til þess að frv. af þessu tagi nái fram að ganga. Sem þm. og kjörinn af hluta kjósenda, vil ég hafa samráð, en að lokum er mér skylt að taka sjálfur ákvörðun og það mun ég gera. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Pétur Sigurðsson eigi við það, að við skulum fara okkur hægt í þessum efnum. En endanlega vil ég styðja þetta frv. með þeim fyrirvörum sem ég hér hef lýst. Ég vil að það verði að lögum.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég get efnislega tekið undir það sem fram kemur í þessu frv., þó það mætti ganga lengra að mínu mati til þess að auka áhrif hins almenna félagsmanns. Hins vegar teldi ég þó eðlilegra að þessar breytingar kæmu frá heildarsamtökum launafólks, eins og ég tel að núgildandi lög gefi svigrúm til, að þessar breytingar geti komið beint frá þeim án þess að þær fari fyrir Alþingi.

Ég tel þó að nái þetta frv. fram að ganga muni það geta tryggt lýðræðislegri vinnubrögð við kosningar til trúnaðarstarfa í stéttarfélögum en nú er. Eins og þessum málum er háttað nú er það hreint ekki vinnandi vegur fyrir hinn almenna félagsmann að hafa nein áhrif á kjör til stjórnar eða annarra trúnaðarstarfa í stéttarfélögum og er of skammt gengið í þá átt í þessu frv. Það sést best á því, að algengt er að viðhöfð sé allsherjaratkvæðagreiðsla í stéttarfélögum til stjórnarkjörs og kjörs til trúnaðarmannaráðs. Það gerist á þann hátt, að viðkomandi stéttarfélög auglýsa að viðhöfð skuli allsherjaratkvæðagreiðsla, og er slíkt nær undantekningalaust auglýst á þann veg að skila þarf listum á 2—3 dögum og þá gjarnan hafður sá háttur á, að auglýst er á föstudegi, en frestur renni út á mánudegi, eða tveggja daga frestur til þess að skila listum. Það segir sig sjálft, að hér er svo girt fyrir að nærri vonlaust er fyrir hinn almenna félagsmann að hafa hin minnstu áhrif á þessar kosningar eða brjótast í gegnum þennan múr. Honum er gert — óski hann að koma t. a. m. einum manni að í stjórn eða trúnaðarmannaráð — að skila fullskipuðum lista, þ. e. aðalstjórn, varamönnum í aðalstjórn, trúnaðarmannaráði, sem oft er fjölmennt, kannske 30—50 manns, og að auki varamönnum í trúnaðamannaráð. Algengt er að hafa þurfi svo 100—200—300 meðmælendur, eftir stærð stéttarfélagsins. Og til að ná fjölskipuðum listum til stjórnar og trúnaðarmannaráðs auk fjölda meðmælenda, sem þarf að fylgja, hefur viðkomandi 2—3 daga til að vinna þetta verk. Þar við bætist að oft ber þá daga upp á helgi.

Nei, hér hefur verið búið svo um hnútana, að það er

ótrúlegt að slík vinnubrögð, sem bæði eru ófélagsleg og ólýðræðisleg, skuli viðhöfð í launþegasamtökum þessa lands. Við heyrum oft talað um félagsdeyfð, og forustumenn launþegasamtaka kvarta tíðum yfir slælegri fundarsókn og litlum félagslegum áhuga félaga í stéttarfélögum. En hverjum er um að kenna? Er það nokkuð síður forustumönnum stéttarfélaga að kenna, sem búa svo um hnúta og halda fast í reglur sem viðhafðar eru við kjör í trúnaðarstöður og eru þannig að lítil eða engin tök eru fyrir hinn almenna félagsmann að hafa áhuga á gang mála?

Hér er um afar mikilvægt atriði að ræða í félagslegum samskiptum innan launþegasamtakanna, einkum þegar fámenn en sterk öfl innan launþegasamtakanna ráða ferðinni, ekki aðeins kjörum meðlima sinna, heldur hafa á margan hátt mótandi áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar. Því er lýðræðisleg uppbygging verkalýðshreyfingarinnar einn af hornsteinum þjóðfélagsins, og það hlýtur að vekja þá spurningu, hvort lýðræðið sé nógu virkt innan verkalýðshreyfingarinnar. Hafa t. d. hin fámennu ráðandi öfl innan verkalýðshreyfingarinnar skapað hinum almenna félagsmanni þau tækifæri að hann geti haft mótandi áhrif á gang mála í sínu verkalýðsfélagi, eða er vísvitandi lokað dyrum á hann til áhrifa? Væri valdaáhrifum fámenns ráðandi hóps innan verkalýðshreyfingarinnar kannske um of ógnað ef ögn væri opnuð meira gátt lýðræðisins til áhrifa í verkalýðshreyfingunni? Ógnaði það svo völdum þessara valdaafla innan verkalýðshreyfingarinnar, að þau snerust gegn því ef gerð væri till. um að ögn væri aðgengilegra fyrir hinn almenna félagsmann að komast inn í stjórnir eða trúnaðarmannaráð verkalýðsfélaganna til þess að hafa þar mótandi áhrif?

Auðvitað geri ég mér ljóst að hér er hreyft viðkvæmu máli. Engu að síður er ljóst að um þetta þarf að skapa umr. í þjóðfélaginu og að fyrr eða síðar hljóta ráðandi öfl innan verkalýðshreyfingarinnar að verða að svara þessum spurningum. Það er knýjandi nauðsyn að um þessi mál fari fram opinská umr. innan verkalýðshreyfingarinnar og á vinnustöðum, úti á meðal launþega, og hugsanlega að kannanir verði gerðar þar á afstöðu félagsmanna í stéttarfélögum til þessara mála.

Það verður að leita leiðar, sem allir aðilar geta sæst á til að auka virkni og lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar. Þar er vettvangurinn — og hefði raunar verið nauðsynlegt og gagnlegt að niðurstaða slíkra umr. og kannana hefði legið fyrir áður en Alþ. samþykkti breytingar í þessa veru á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. En hv. flm. þessa frv. kom reyndar inn á það einnig, að nauðsynlegt væri að heildarsamtökin fjölluðu um þetta mál áður en það yrði samþ.

Við skulum ekki loka augunum fyrir því, að sinnuleysi hins almenna félagsmanns og óvirkni hans í stéttarfélögum er ekki síst forustunni að kenna, þar sem illkleift er að hafa mótandi áhrif á gang mála. Það hlýtur aftur að vekja þá spurningu, hvort valdaöflin innan verkalýðshreyfingarinnar vilji í raun ekki breytingu, að allar breytingar í lýðræðisátt ógni því valdi, sem þeim er nú búið innan verkalýðshreyfingarinnar og þau hafa sjálf skapað sér. Hér verður að brjóta í blað og verða breyting á.

Eins og uppbyggingin er og lýðræðið innan verkalýðshreyfingarinnar hefur þróast er lítil trygging fyrir því, að það sé vilji hins almenna félgasmanns sem ávallt ræður ferðinni í mörgum veigamiklum ákvörðunum sem hafa ekki einungis áhrif á kaup og kjör launafólksins, heldur hag þjóðarbúsins í heild. Og önnur spurning er einnig knýjandi. Þróun sú og uppbygging, sem við búum nú við til áhrifa innan verkalýðshreyfingarinnar, skapa ekki það aðhald sem nauðsynlegt er hverri forustu í stéttarfélagi, og slíkt aðhaldsleysi er hættulegt lýðræðinu innan verkalýðshreyfingarinnar. Ef við eigum að treysta lýðræðið innan verkalýðshreyfingarinnar verðum við að brjóta í blað og opna hinum almenna félagsmanni greiðari leið til þess að hafa áhrif á gang mála. Og þótt smuga sé opnuð hér með þessum frumvarpsflutningi, þá er hvergi nóg að gert. Og þó skylt sé samkv. þessu frv. að hafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga með 300 félagsmenn eða fleiri ef 1/5 hluti félagsmanna óskar þess, þá minnkar það ekki báknið eða „apparatið" sem til þarf til þess að bjóða fram í trúnaðarstöður, þótt þessi leið skapi óneitanlega meira aðhald að forustunni innan verkalýðshreyfingarinnar og gefi hinum almenna félagsmanni aukið svigrúm til áhrifa.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vil þó beina því til þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, að a. m. k. verði reynt við meðferð nefndarinnar á frv. að ganga ögn lengra, t. d. að til komi breyting á því, sem feli í sér að ef viðhöfð er allsherjaratkvæðagreiðsla í stéttarfélagi, þá skuli skylt að gefa lengri frest en nú er til þess að skila listum til kjörs í stjórn og trúnaðarmannaráð. Ég nefni t. d. mánuð í því sambandi. Með því móti yrði komið meira til móts við lýðræðið, sem skilyrðislaust ber að auka í stéttarfélögum, en enn eigum við langt í land í því efni.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur eru, eins og hér má sjá, frá árinu 1938. Það er því ekki að undra þó að eitt og annað standist ekki tímans tönn og þurfi endurskoðunar við. Ég persónulega er þeirrar skoðunar, að það þurfi að endurskoða þau lög öll. En mér er fullkomlega ljóst að ef það á einhvers staðar við að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, þá er það náttúrlega í málum sem þessum. Endurskoðun þessara laga, án þess að aðilar vinnumarkaðarins séu þar hið mótandi afl, getur ekki átt sér stað.

Ég tel að sú hugsun, sem liggur á bak við það að taka upp hlutfallskosningar, sé eðlileg og lýðræðisleg, og það hlutfall að miða við 1/5 af fjölda félagsmanna er líka rökrétt ef um fimm manna stjórn er að ræða. Aftur á móti finnst mér að það liggi ekki full rök fyrir því, hvers vegna binda skuli það við 300 félagsmenn, að þetta sé heimilt. Ég fæ ekki séð að fram hafi komið í þessum umr. neitt sem mælir með því, að lýðræðið skuli skert ef félagsmenn séu innan við 300.

Ég fagna þeirri tilhögun, sem kom fram hjá flm., að senda þetta frv. til umsagnar Alþýðusambandsþingi, og vil vekja á því athygli, að Alþýðusambandsþing er þannig skipað, að þar er enginn einn stjórnmálaflokkur með meiri hl. fulltrúa og því ástæðulaust að ætla annað en að það muni taka á þeim málum fullkomlega á lýðræðislegan hátt, hvort sem sumir væru þeirrar skoðunar að það yrði ekki gert ef annan veg væri fulltrúum skipað, sem ég vil nú ekkert fullyrða um.

En burt séð frá því, þá er jafnaugljóst að þetta mál, sem hér er flutt er ekki samstiga því máli sem hv. 9. þm. Reykv. talaði um áðan. Það er þrepalýðræði hjá Alþýðusambandi Íslands, það ætti honum að vera fullkunnugt um. Það er þrepalýðræði hjá Sambandi ísl. sam-

vinnufélaga, það ætti honum sömuleiðis að vera fullkunnugt um. Og það er þrepalýðræði hjá sambandi ísl. samvinnufélaga. Og mér finnst það dálítið „billeg" sagnfræði og dálítið „billegur" málflutningur og minnir mig örlítið á páskafræðsluna þegar slíkt er sett fram.

Það getur vel verið að fyrir hv. 9. þm. Reykv. vaki að gera Samband ísl. samvinnufélaga að pólitískum orrustuvelli. Ég veit ekki betur en að innan samvinnuhreyfingarinnar hafi menn úr öllum stjórnmálaflokkum getað starfað og starfi. En hitt mun ljóst vera, að þeim gengur betur að komast þar til metorða, sem eru hreyfingunni vinveittir, en hinum, sem í orði og æði virðast leggja mest upp úr því að níða hana niður. Jafnframt má benda á það, að sá reginmunur er á varðandi samvinnuhreyfinguna, að það er enginn maður skyldugur að vera í henni, það er enginn maður skyldugur að greiða henni skatta. En hver einasti maður, sem starfar í þessu landi, þarf annaðhvort að greiða skatt til stéttarfélags eða þá til opinbers aðila og þar skilur allverulega á.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en vildi koma þessum sjónarmiðum á framfæri um leið og ég þakka flm. þess frv., sem hér er fram komið, fyrir innlegg þeirra í þetta mál. En heildarniðurstaða mín er sú, að það þurfi að endurskoða þessi lög í heild og að það verði að gera í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 86, n. 299). —2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til meðferðar, er gamall kunningi. Það fjallar eingöngu um það, að landbrh. fái heimild til að veita leyfi til slátrunar í sláturhúsum sem ekki hafa fengið löggildingu. Síðast mun þetta hafa verið til umr. hér á hv. þingi fyrir tveimur árum, og þessi heimild nú skal veita til ársloka 1982.

Fyrir rúmum 10 árum var nefnd sett á laggirnar til þess að gera áætlun um uppbyggingu sláturhúsanna. Ekki man ég hvernig það stóð þá, en skömmu áður voru sláturhús, sem var slátrað í, 116. Á s. l. hausti mun hafa verið gefið leyfi til að slátra í 56 sláturhúsum, en þar af voru aðeins 11 með löggildingu. Ég sé það í áætlun frá nefndinni, frá n. sem skipuð var 1969 og skilar áliti í mars 1970, að þá var gert ráð fyrir að byggja upp 12 sláturhús á næstu fimm árum. Í fyrsta og öðru sæti þar eru sláturhúsið á Patreksfirði og endurbygging sláturhúss á Ísafirði. Það er ekki farið að byggja þessi sláturhús enn. Og það verður að segjast eins og er, að þessi mál standa engan veginn nógu vel. A. m. k. á sumum þeim stöðum, sem eru með undanþágu, er ástandið þannig að við það er ekki hægt að búa til langframa.

Árið 1974 var aftur skipuð nefnd til þess að gera áætlun til næstu fimm ára, og eins og í fyrra tilvikinu hefur þessi áætlun ekki staðist, þó að vissulega hafi þokast ögn á leið, því að 11 sláturhús eru þó komin með löggildingu, 3—4 eru í uppbyggingu og menn fara að sjá fyrir endann á því að þau muni fá löggildingu, sennilega á þessu ári.

Ég vil drepa á þetta hér vegna þess að menn hafa talið að nokkurt fjármagn þyrfti til þess að byggja upp vinnslustöðvar landbúnaðarins, en þrátt fyrir það er þetta verk ekki nema svo sem hálfnað. T. d. á Vestfjörðum er ekki nema eitt hús með löggildingu. Það er að vísu verið að byggja annað og endurbyggja það þriðja, en á Vestfjörðum var slátrað á tólf stöðum á s. l. hausti, og a. m. k. á sumum þessum stöðum er ástandið þannig að það verður ekki slátrað þar aftur.

Þetta mál var borið fram í Ed. og þar af leiðandi láðist okkur í landbn. Nd. að kanna formið á frv. Því miður mun vera á því formgalli. Í öðru lagi hefur komið fram ósk um það, bæði frá einum nm. í landbn. og enn fremur frá hagsmunaaðilum, að n. athugi frv. á milli 2. og 3. umr. Það væri kannske ekki mikið mál að biðja hæstv. forseta að sjá til þess, að komið yrði réttu formi á till., því að þessi breyting er ekki við 1. gr., heldur við 2. gr. frv. En þar sem n. þarf að fjalla um þær beiðnir, sem komið hafa fram, mun verða boðað til fundar í n. milli 2. og 3. umr. og málið athugað frekar í heild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 65. fundur.

Miðvikudaginn 16. apríl kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 219, n. 308, 318 og 319, 309, 315, 320). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 315,1 felld með 10:6 atkv.
Brtt. 320,1 felld með 10:9 atkv.
Brtt. 309,1 samþ. með 10:3 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 309,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 315,2 og 320,2 komu ekki til atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 315,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 309,3 og 320,3 komu ekki til atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
5. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 315,4 felld með 10:6 atkv.
6. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 315,5 felld með 10:6 atkv.
7. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 315,6 felld með 10:6 atkv.
8. gr. samþ. með 10:1 atkv.
9. — 10. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 231, n. 310, 312 og 316, 317). — Frh. 2. umr.

Brtt. 317,1 felld með 10:9 atkv.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 317,2 felld með 10:9 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 317,3 felld með 10:1 atkv.
3. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 61. fundur.

Miðvikudaginn 16. apríl, kl. 2 miðdegis.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 86, n. 299). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 255). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 311). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Hér er ekki um stórpólitískt mál að ræða, en hins vegar um að ræða lagfæringu til samræmingar sem mikilvæg er fyrir nokkurn hóp manna.

Með lögum nr. 3/1977 voru sett ákvæði um sérstaka uppbót á lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði bænda árin 1976 og 1977. Var það gert til samræmis við samkomulag Alþýðusambandsins og vinnuveitenda frá því í febr. 1976 og þá breytingu sem gerð hafði verið á lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Þessar ráðstafanir voru síðan framlengdar til ársloka 1979 með nýju samkomulagi launþega og vinnuveitenda í júnímánuði 1977, og með lögum nr. 64/1977 var sams konar framlenging uppbótargreiðslna frá Lífeyrissjóði bænda fest í lög.

Með lögum frá 1979 um eftirlaun til aldraðra hafa ofangreindar uppbótargreiðslur, sem um var samið 1976 og 1977, verið framlengdar um þrjú ár, fyrir tímabilið 1980 — 1982. Í þeim lögum eru jafnframt ákvæði um hvernig útgjöld til uppbótargreiðslna samkv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda skuli borin þetta tímabil, og er þá gert ráð fyrir framlengingu ákvæða laga nr. 64/1977. Í því frv., sem ég er hér að mæla fyrir, er einmitt kveðið á um slíka framlengingu.

Auk þeirra ákvæða, er varða lífeyrishækkanir fyrir árin 1980 — 1982, eru í l. gr. frv. ákvæði um breytingar á 2. gr. núgildandi laga um skilyrði fyrir aðild að Lífeyrissjóði bænda. Þar er annars vegar um það að ræða að verið er að lækka aldursmarkið úr 20 árum í 16 ár og hins vegar er verið að veita rýmkaða heimild til að launþegar í landbúnaði geti fengið aðild að sjóðnum. Þessi ákvæði eru í fullu samræmi við þróun undanfarinna ára, sbr. lög frá 1974 um starfskjör launþega og lögin um forfalla- og afleysingarþjónustu í sveitum og þann undirbúning sem átt hefur sér stað fyrir lagasetningu um almenna þátttökuskyldu í lífeyrissjóðum.

Með ákvæðum 2. gr. þessa frv. er tryggt að lífeyrisfjárhæðir þær, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins og ríkissjóður eiga að standa undir, sbr. 19. gr. laga nr. 101 frá 1970, breytist árlega eftir sömu reglu og undanfarin ár þann tíma sem hin sérstaka uppbót skal borin með þeim hætti sem lögin frá 1979 kveða á um. Þá er gert ráð fyrir að sama gildi um hluta lífeyrissjóðsins ef lífeyrisþegi samkv. II. kafla laganna á að hluta rétt samkv. I. kafla.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. þetta. Frv. er flutt til samræmingar. Nauðsyn er að það verði afgreitt áður en þing lýkur störfum sínum í vor. Ég vil því mælast til þess við hv. fjh.- og viðskn., sem ég legg til að fái málið til meðferðar að lokinni þessari umr., að hún skili áliti hið fyrsta svo að tryggt megi verða að málið hljóti afgreiðslu í vor.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 167, 182, 256, 292). — 3. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haldið fund um mál það sem hér er á dagskrá með tilliti til þeirra umr. sem áður urðu. Við kvöddum á okkar fund fulltrúa fjmrn., deildarstjóra í tolladeild, Björn Hafsteinsson, og einnig fulltrúa frá tollstjóraskrifstofunni.

N. telur að þær brtt., sem fram hafa komið, eigi fullan rétt á sér og séu allrar athygli verðar, og n. telur einnig að ýmsar aðrar breytingar þurfi að gera á þessari löggjöf. Það er t. d. spurning hvort málefni öryrkja eigi heima í tollskrárlögum, hvort þau eigi ekki fremur heima í tryggingalöggjöfinni.

N. hefur orðið ásátt um að skrifa fjmrn. svo hljóðandi bréf og stíla það til tolladeildarinnar:

„Í framhaldi af umræðum á fundi fjh.- og viðskn., þar sem þér voruð viðstaddur, óskar n. eftir því, að ákvæði 27. liðs 3. gr. um tollskrá o. fl. verði tekin til endurskoðunar, m. a. með tilliti til meðfylgjandi brtt. Greinagerðir og tillögur til úrbóta óskast sendar n. fyrir 10. okt. n. k."

Okkur í n. er ljóst að þessar reglur þurfa endurskoðunar við. Út af fyrir sig skiptir ekki höfuðmáli hvort breytingar á þeim verða lögfestar nú vegna þess að úthlutun á leyfum hefur í reynd þegar farið fram. Hins vegar hefur ekki verið hægt að senda þau út vegna þess að staðið hefur á löggjöf frá Alþ. Fjöldi öryrkja bíður því eftir að þessi löggjöf verði samþykkt. Við viljum því mjög reyna að greiða fyrir að þessi lög öðlist sem fyrst gildi á Alþingi, en það er ljóst að öryrkjar hafa í reynd þegar tapað nokkuð á þessum drætti. Gengi hefur breyst og söluskattur hefur einnig breyst.

Þær brtt., sem vísað er til í bréfi okkar, eru þær till. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur flutt og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Þær höfðu að vísu reiknað með að breyta orðalagi þessara brtt., og n. hefur þegar fengið hið breytta orðalag í hendur. Við munum senda rn. brtt. í því formi sem þær liggja nú fyrir í.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál. Ég vænti þess að það geti hið fyrsta gengið

til Ed. þannig að það fólk, sem lengi hefur beðið eftir því að fá eftirgjöf á tollum vegna bifreiða sinna, geti fengið afgreiðslu hið fyrsta.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er ljóst að mikil tímaþröng kemur í veg fyrir að hægt verði að gera þær breytingar á þessum lögum sem nauðsynlegt væri að gera. Allir hafa lýst því yfir, að þeir séu fúsir og þess mjög fýsandi að flýta afgreiðslu þessa máls svo að unnt verði að afgreiða þau leyfi til öryrkja sem þeir hafa beðið lengi eftir og hér er um að ræða.

Nú liggja fyrir um 630 umsóknir um þann afslátt sem hér um ræðir, en það eru ekki nema 400 sem hans munu njóta. Þannig er alveg ljóst að ekki þarf einungis að gera mjög veigamiklar breytingar á lögunum, heldur þarf að hugleiða hvort ríkisvaldið geti ekki komið enn betur til móts við það fólk sem þarf á þessum bifreiðum að halda.

Á fundi fjh.- og viðskn. í morgun var gerð grein fyrir brtt. sem flm. að eru Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir og Árni Gunnarsson, þar sem höfuðáherslan er lögð á að fjölga raunverulega leyfisveitingunum eða stytta tímann á milli þeirra í 3 og 4 ár og einnig að undanþágurnar, þ. e. fjárhæðin, sem dregin er frá bílverðinu, eða sá peningur, sem ríkissjóður annars tekur til sín, verði bundnar vísitölu framfærslukostnaðar. Ástæðan fyrir þessu er mjög einföld. Það þarf á hverju þingi að afgreiða tiltekna upphæð sem rennur til frádráttar eða til lækkunar á bílverði sem þetta fólk greiðir. Með því að binda upphæðirnar við vísitölu framfærslukostnaðar þyrfti ekki að afgreiða þetta mál á hverju einasta þingi og það gengi þá sjálfkrafa.

Formaður fjh.- og viðskn., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, hefur skýrt frá því, að hann muni rita fjmrn. bréf þar sem farið verði fram á endurskoðun á þessum lögum. Flm. þessara brtt. treysta því og vilja fá það nagl- og múrfast, að slík endurskoðun fari fram, og treysta formanni n. til að ganga hart eftir því að það verði gert, því að breytingin er orðin mjög nauðsynleg. Sama er raunar að segja um lögin í heild. Það eru ekki bara þessi atriði sem þarf að endurskoða, heldur leiðir til þess að gera þeim þjóðfélagsþegnum, sem þarna um ræðir, auðveldara að lifa í þessu samfélagi.

En í trausti þess, að þetta verði endurskoðað, hafa brtt. verið dregnar til baka eða lagðar til hliðar. Mun af hálfu flm. ekkert verð gert frekar í þessu máli sem gæti orðið til að tefja afgreiðslu þess, enda er orðið mjög brýnt að það fái afgreiðslu á hinu háa Alþingi svo að þeir, sem bíða eftir leyfum, geti fengið þau.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka það fram að ég er samþykkur afgreiðslu þessa frv., enda var fjh.- og viðskn. þegar búin að afgreiða frv. þegar brtt. bárust og þær voru ræddar á sérfundi fjh.- og viðskn. í morgun, eins og fram hefur komið.

Ég vil aðeins ítreka og leggja áherslu á það sem ég sagði á fundinum í morgun til að fá það inn í þingtíðindi og það verði tekið til greina í svari hv. fjmrn. við því bréfi sem formaður fjh.- og viðskn. mun skrifa því fyrir hönd n., að ég get ekki með nokkru móti skilið hvers vegna Alþ. takmarkaði á sínum tíma úthlutun bifreiða til öryrkja við nokkra tölu, 400 eða nokkra aðra tölu. Við viljum leysa vandamál öryrkja. Í dag var upplýst á fundi fjh.- og viðskn. að 630 umsagnir hefðu borist, en við erum að úthluta 400 bifreiðum. Við erum sem sagt ekki að leysa allan vanda þeirra sem þurfa á því að halda, heldur hluta af honum.

Innan þessa þrönga ramma er gert ráð fyrir að 25 bifreiðum verði úthlutað til öryrkja sem eru mjög bæklaðir á einhvern hátt. Af hverju 25? Ef öryrkjarnir, sem þurfa og hafa læknisvottorð um að þeir séu mjög bæklaðir, eru 26 eða 27 eða 100, af hverju þá ekki leysa vanda þeirra allra?

Ég vil fullyrða að við viljum öll auðvelda og auka ferðafrelsi þeirra meðbræðra okkar sem hafa sérþarfir, — allra, ekki bara hluta þeirra. Og ég þori að fullyrða, þó að ég viti það ekki með vissu, að í hverjum einasta mánuði, kannske vikulega, kemst einhver Íslendingur með sérþarfir á þann aldur að hann megi taka bílpróf. Guð má vita hvað sá ungi bílstjóri þarf að bíða lengi án þess að fá þeim þörfum sínum fullnægt að eignast bíl. Þegar svo kemur að því að úthluta er það aðeins gert á ákveðnum tíma ársins. Af hverju? Af hverju þarf bæklað fólk að bíða eftir einhverjum lagaboðum eða hlíta duttlungum rn. áður en það má sækja um slíka fyrirgreiðslu? Af hverju má ekki selja fötluðu fólki bíla á hverjum einasta degi? Hvað er því til fyrirstöðu? Jú, ég giskaði á það í morgun, sem var reyndar staðfest af ráðuneytismönnum að ríkið væri að gefa í þessu tilfelli eftir 750 millj. Þetta er öfugur hugsunargangur því að fæst af þessu fólki kaupir bíl ef það fær ekki fyrirgreiðslu. Oftast nær eru bifreiðar þess dýrari en venjulegar bifreiðar vegan sérútbúnaðar og sérhönnunar í sumum tilfellum. Ríkið fær alls engar tekjur í flestum tilfellum frá þessu fólki ef þessi fyrirgreiðsla er ekki myndarleg frá Alþ., þannig að ríkið getur orðið af tekjum og er alls ekki að gefa einum eða neinum nokkurn skapaðan hlut. En kerfið er kerfið og við erum að berjast við það.

Ég sé ekki nokkra ástæðu út af fyrir sig til að skrifa rn. og biðja um umsögn, upplýsingar eða jafnvel leyfi til að gera nokkurn skapaðan hlut. Það er í okkar höndum. Við getum tekið þessi lög upp og við skulum gera það — það er ekki tími til þess núna — og breyta þeim þannig að það verði komið eins fram við fatlað fólk og hvern annan sem þarf á bifreið að halda. Fatlað fólk er kannske ekki fært um að hreyfa sig á milli staða öðruvísi en með hljálp svona tækja. Við skulum þakka guði fyrir að við, sem hér erum stödd, þurfum ekki aðstoð að sækja í þetta kerfi sjálf.

Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram hér, og vil ljúka máli mínu með því að taka undir þær brtt. sem fram hafa komið. Þær eru til mikilla bóta, t. d. að stytta þann tíma sem viðkomandi öryrkjar eru skyldaðir til að eiga þessar bifreiðar. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að skylda fatlað fólk til að eiga bifreiðar í fimm ár. Það er langur tími og bifreið þarf löngu fyrir þann árafjölda á verulegri viðgerð að halda, sem er dýr. Yfirleitt eru viðgerðir mjög dýrar. Þetta fólk á að fá að endurnýja bíla sína miklu örar. Ég tala nú ekki um ef við höfum í huga að bifreiðar geta kannske enst á höfuðborgarsvæðinu þennan tíma, en þær geta alls ekki enst í 5 ár í eigu öryrkja eða annarra úti á landsbyggðinni vegna þess hve vegir eru slæmir.

Ég taldi rétt að þetta kæmi fram, þannig að þegar rn. svarar væntanlegu bréfi frá formanni okkar ágætu fjh.- og viðskn. verði bent á að þessi sjónarmið eru til í Alþingi.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Á 100. löggjafarþingi var lagt fram sams konar mál og hér er til umr.,

um breytingar á tollskrá o. fl. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins um að ræða breytingar í samræmi við hækkun á verðlagi sem orðið hefur frá þeim tíma þegar Alþ. samþykkti sams konar mál á 100. löggjafarþingi.

Við 1. umr. um þetta mál flutti ég brtt. þess efnis að heimilt skyldi að hækka þessar undanþágur árlega í hlutfalli við breytingar á verðlagi. Ég taldi sjálfsagt að slíka brtt., svo sjálfsögð sem hún er, ætti einmitt að samþykkja hér á Alþ. samhliða þessu frv. til þess að við þyrftum ekki á hverjum tíma að fjalla um þetta mál á Alþ. og láta það ganga í gegnum sex umr. og nefnd, en svo sjálfsagt er að þetta fylgi verðlagsþróun. Ég lagði brtt., eins og ég sagði, fram við 1. umr. þannig að n. hefði átt að geta haft nægan tíma til að athuga málið. Samt var það svo, að við 2. umr., þegar þetta mál kom á dagskrá, hafði n. ekki haft brtt. mína til umfjöllunar.

Fram kom í þeirri umr., sem þá fór fram, hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni, að þegar sams konar mál var lagt fram á 100. löggjafarþingi hefði það ekki verið ósk Öryrkjabandalagsins að sá háttur yrði hafður á sem fram kemur í brtt. minni, eftirgjöfin mundi haldast í hendur við verðlagshækkanir. Ég kynnti mér þetta milli 2. og 3. umr. hjá fulltrúum Öryrkjabandalagsins. Þarna var ekki rétt með farið vegna þess að í umsögn, sem fylgdi með frv. á 100. löggjafarþingi og gefin var af Öryrkjabandalaginu, kemur einmitt fram ósk Öryrkjabandalagsins um að tollaeftirgjöfin haldist í hendur við hækkun á verðlagi.

Það hefur komið fram ósk frá formanni n. um að ég dragi till. núna til baka. Í sjálfu sér sé ég ekki mikla ástæðu til að draga hana til baka, sérstaklega þegar liggur fyrir að hér er um að ræða einnig ósk frá Öryrkjabandalaginu. En með tilliti til þess að fram hafa komið fleiri brtt. og það er skoðun n. að þær þurfi nánari athugunar við, auk fleiri atriða og sjónarmiða sem uppi voru í n., get ég, þó með semingi sé, dregið till. mína til baka og fallist á að ekki sé einn þáttur af þeirri endurskoðun, sem fram á að fara, tekinn út úr og samþykktur. Og með vísan til þess bréfs, sem hv. formaður fjh.- og viðskn. hefur lagt hér fram um að þessi mál verði í heild skoðuð af rn. og sú endurskoðun liggi fyrir í októbermánuði n. k., og í trausti þess, að brtt. í þá veru, sem ég hef lagt fram og hv. þm. Guðrún Helgadóttir — ég styð brtt. hennar einnig, verði lagðar strax fram í byrjun þings í haust, mun ég fallast á að draga till. mína til baka. En eitt er víst, að það verður grannt fylgst með að slíkar brtt. verði lagðar fram næsta haust, en þær verði hvorki svæfðar í n. né rn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil að flestu leyti taka undir það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði áðan. Mér finnst að við getum haft ýmislegt við meðferð till. okkar að athuga. Það er afskaplega erfitt að sjá hvers vegna er svona flókið að gera breytingar á þessari löggjöf eins og hún nú er, þó í smáu sé og vera kunni að lögin þarfnist allsherjar endurskoðunar. Ég vil benda á að það frv. til l., sem hér liggur fyrir á þskj. 167, er auðvitað smávægileg breyting og einungis breyting á hluta laganna, og mér er fyrirmunað að skilja hvers vegna var svona erfitt að samþykkja till. okkar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Árna Gunnarssonar. Það er óumdeilanlegt og hefur verið vitað lengi að loforð um breytingu á eignartíma þessara bifreiða er ekki neitt sem hægt er að treysta. Þetta hefur verið ályktunarefni hvers bandalagsþings sambanda öryrkja um árabil og aldrei fengist nein lausn á því, og þess vegna varðandi brtt. mína var meiningin að festa það nú í lög þannig að það færi ekki á milli mála hver eignartíminn væri.

Ég vil einnig taka undir flest sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði áðan. Vitaskuld er það fáránlegt að Alþingi Íslendinga skuli ákveða hversu margir öryrkjar þurfi á bifreið að halda hverju sinni. Vitaskuld er þjóðfélagið skyldugt til að greiða fyrir því, að það fólk, sem er gersamlega háð bifreið vegna sjúkleika eða fötlunar, fái bifreið og fyrirgreiðslu í sambandi við hana. En með tilliti til þess loforðs, að nú verði rn. skrifað bréf með beiðni um tillögur, þá væntanlega um breytingu á lögum nr. 120 frá 1976, hlýt ég að fallast á að draga till. mína til baka svo að ekki verði henni um kennt að ekki sé hægt að afgreiða þær bifreiðar eða þau leyfi sem þegar hafa verið veitt. En ég vil taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að það mun grannt verða fylgst með hverjar efndir verða á þessu máli. Það eru allir orðnir dauðþreyttir að bíða eftir þessari lagfæringu.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég minnast á það, og mætti þá kannske skila því til rn., að í húsi Sjálfsbjargar býr mjög fatlað fólk sem margt átti sínar bifreiðar áður en það flutti inn í þetta sérhannaða hús þar sem það átti að geta lifað mannsæmandi lífi í íbúðum sérhönnuðum við þess hæfi og síðan átti það að ferðast um á sínum bifreiðum. Það sakar ekki að upplýsa hv. Alþ. um að flestum þessara bifreiða hefur að sjálfsögðu verið lagt vegna þess að það eru alls engir peningar til að reka þær og auðvitað ekki heldur að kaupa nýjar, ef skipta þarf, þar sem það fólk, sem fyrir er greitt af sjúkratryggingum uppihald, hefur núna 20 þús. kr á mánuði til þess að lifa af.

Ég held að hv. Alþ. ætti að fara að huga alvarlega að því, að við erum ekki að tala hér um nein smámál. Við erum beinlínis að tala um hluti sem skipta því máli, hvort ákveðnir meðbræður okkar, eins og hv. þm. Albert Guðmundsson sagði svo fallega áðan, geta haft minnstu möguleika á að lifa eins og annað fólk í þessu þjóðfélagi. Bílamálin, sem við erum nú að biðja um endurskoðun á, eru verulegur liður í því máli, þar sem þessu fólki er meinað að ferðast um á sama hátt og annað fólk gerir. Og ég vil ítreka að ég mun leggja á það mikla áherslu og ganga fast eftir því, að ekki degi seinna en 10. okt. í haust verði komið svar frá rn. og eitt allra fyrsta frv., sem lagt verður fram á hv. Alþ. á næsta þingi, verði frv. um þetta efni.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Í framhaldi af þessari umr. og vegna þess, sem hér hefur verið fjallað um, langar mig að beina orðum mínum til hæstv. félmrh.

Hér á landi er gert talsvert að því að lækka verð á hvers konar hjálpartækum til fatlaðs fólks, öryrkja og annarra. Það er hins vegar eitt atriði í því máli, sem ég hef rekist mjög hastarlega á, en það er verðlagning á gleraugum. Mig langar að spyrja ráðh. að því, hvort hann hafi hugleitt að gleraugu eru hjálpartæki fyrir sjóndapra. Á þeim er hins vegar frjáls verðlagning. Ég vil eingöngu nota þetta tækifæri og beina þeirri spurningu til ráðh., hvort ekki sé orðið fyllilega tímabært að kanna þennan þátt í því máli sem hér hefur verið til umr.

ATKVGR.

Brtt. 182, 256 og 292 teknar aftur.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 45. fundur.

Fimmtudaginn 17. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Pétur Sigurðsson): Mér hafa borist svo hljóðandi bréf:

„Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varam. Alþb. í Reykjavík, Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

Og enn fremur:

„Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er nú á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með skírskotun til 138 gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður minn, Sigurlaug Bjarnadóttir menntaskólakennari, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

Hingað hefur borist kjörbréf Guðrúnar Hallgrímsdóttur, sem er undirritað af yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis. Það hefur ekki borist enn kjörbréf frú Sigurlaugar Bjarnadóttur, en staðfesting þess er á leiðinni og verður að bíða um sinn að staðfesta rétt hennar til þingsetu. Ég bið hana hins vegar velkomna að sitja fund á meðan. Þetta eru aðeins formsatriði.

Ég óska eftir því, að kjörbréfanefnd hv. taki nú þegar til athugunar kjörbréf Guðrúnar Hallgrímsdóttur. Ég fresta fundi á meðan í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og tekið fyrir kjörbréf Guðrúnar Hallgrímsdóttur, 1. varamanns Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi, sem tæki sæti Ólafs Ragnars Grímssonar, 11. þm. Reykv., sem hefur tilkynnt forföll. Kjörbréfanefnd er sammála um að leggja til að kosning Guðrúnar Hallgrímsdóttur verði tekin gild og kjörbréf samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Pétur Sigurðsson): Guðrún Hallgrímsdóttir hefur ekki setið á þingi áður og mun nú undirrita eiðstaf.

Guðrún Hallgrímsdóttir, 11. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Pétur Sigurðsson): Þingmaðurinn hefur undirritað eiðstaf, og býð ég Guðrúnu Hallgrímsdóttur velkomna til starfa hér á Alþingi.

Hafnargerð við Dyrhólaey, þáltill. (þskj. 306). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Áætlanagerð, þáltill. (þskj. 131). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ávöxtun skyldusparnaðar, þáltill. (þskj. 166). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Útreikningur framfærsluvísitölu í hverju kjördæmi, þáltill. (þskj. 178). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, þáltill. (þskj. 196). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Launa- og kjaramál, þáltill. (þskj. 217). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 36 shlj. atkv.

Rannsókn kjörbréfs.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Hv. kjörbréfanefnd hefur komið saman og kannað kjörbréf

Sigurlaugar Bjarnadóttur eins og það kom staðfest í svo hljóðandi símskeyti, með leyfi forseta:

„Við talningu atkvæða í alþingiskosningunum, sem fram fóru 2. og 3. des. 1979, hlaut Sigurlaug Bjarnadóttir, Njörvasundi 15A, Reykjavík, kosningu sem 1. varamaður D-lista, Sjálfstfl., í Vestfjarðakjördæmi.

Yfirkjörstjórn Vestfjarða,
Jón Ólafur Þórðarson form."

Hv. kjörbréfanefnd samþykkti samhljóða að mæla með samþykkt kjörbréfsins.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Forseti (Pétur Sigurðsson): Frú Sigurlaug Bjarnadóttir, sem hefur setið áður á þingi og undirritað eiðstaf, hefur nýverið setið hér sem landsk. þm., og nú býð ég hana velkomna til starfa sem 4. þm. Vestf.

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef óskað þess að taka til máls utan dagskrár vegna skyndilegrar og óvæntrar óskar fjmrh. um að fresta umr. um skattstiga sem áttu að fara fram í kvöld.

Eftir því sem lesa má í blöðum í dag og ljóst er af dagskrá Alþingis hefur hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, tekið miklum sinnaskiptum undir miðnættið í gærkvöld. Í gærdag var hæstv. fjmrh. ólmur í að ljúka umr. um skattstigafrv. sem fyrst, og hann og ýmsir aðrir stjórnarliðar reyndu reyndar að þvælast fyrir því af öllum mætti að ósk okkar Alþfl.-manna um útvarpsumræður næði fram. Það gerðu þeir m. a. á þeim rökum að það tefði fyrir afgreiðslu málsins. Þá var greinilega ætlun hæstv. fjmrh. að renna málinu í gegn með hraði. Nú hefur sami ráðh. hins vegar óskað eftir því, að umr. verði frestað fram yfir helgi, eftir því sem heyra má í fjölmiðlum. Því vil ég spyrja hæstv. ráðh. og biðja hann um að gera þingheimi grein fyrir því, hvað valdi þessum miklu sinnaskiptum hans. Það er nefnilega í hæsta máta óvenjulegur gangur máls að heimta fyrst að öllu sé flýtt eftir fremsta megni og m. a. s. að þvælast fyrir ósk um útvarpsumræður, vera t. d. með óraunhæfar tillögur um að þær færu fram í gærkvöld, sem þó var vitað að væri tæknilega ómögulegt, en koma svo nokkrum klukkustundum seinna og biðja um margra daga frest. Ætli það sé ekki einsdæmi í sögu Alþingis að flm. óski þess sérstaklega að hlaupa þannig skyndilega undan umr. um eigið mál, biðja um frestun á umr. á eigin máli rétt eftir að hafa viljað flýta því? Á þessu finnst mér eðlilegt að þingheimur fái skýringar.

En það er ekki úr vegi í þessu sambandi að rekja ástæður þess, að við Alþfl.-menn óskuðum eftir útvarpsumræðum um skattstigafrv., og hver viðbrögð hafa verið við því, svo dæmalaust er það og rétt að öllum þingheimi sé það ljóst nú þegar ráðh. gerir væntanlega grein fyrir sinnaskiptum sínum á eftir.

Við 2. umr. um þetta mál í Ed. s. l. þriðjudag gerði ég grein fyrir því, bæði í nál. og í ræðu, hvernig skattbyrði ykist samkv. tillögum ríkisstjórnarflokkanna. Ég benti reyndar á að við seinustu meðferð ríkisstjórnarflokkanna hefði skattur lækkað á einum hópi skattþegna, nefnilega þeim með alhæstu tekjurnar, hann hefur lækkað á þeim um 85 þús. kr., en hins vegar væri ætlunin samkv. þeim tillögum, sem væru til umr. og stjórnarliðið allt greiddi atkv. með í Ed. í gær, að stórauka skattbyrði á lægstu tekjum, sérstaklega hjá einhleypum, svo sem ekkjum og ungu fólki, sem er að byrja að fara út í lífið, og hjá einstæðum foreldrum, t. d. einstæðum foreldrum með eitt barn. Ég gerði grein fyrir þessu og benti á það t. d., að ef bruttótekjur hefðu verið 3 millj. kr. hjá einhleypum manni, t. d. ekkli eða ekkju, hefði samkv. gömlu lögunum, ef þeim hefði verið fylgt, tekjuskatturinn verið á bilinu 91—121 þús. kr. eftir því hvernig frádrætti hefði verið hagað, en samkv. þeim tillögum, sem boðaðar eru, yrði hann 152 þús. kr. hjá þeim manni sem hefur til ráðstöfunar 225—250 þús. kr. á mánuði, hjá þessum aðila, t. d. ekkju, væri verið að auka skattana um 34—67%. Reyndar er það svo, að samkv. tillögum okkar Alþfl.-manna hefði þessi skattur farið ofan í 35 þús. kr. í staðinn fyrir að hann verður hækkaður upp í 152 þús. kr., eins og stjórnarliðarnir samþ. í Ed. í gær.

Ég rakti líka dæmi af því, hvernig meðferðin væri á einstæðum foreldrum með eitt barn með mjög lágar tekjur. Ég tók sama dæmið, um 3 millj. kr. tekjur. Samkv. gamla kerfinu hefði verið borgaður 20% skattur af fyrstu 2.8 millj. rúmlega og ef við segjum að skattgreiðandinn hafi haft 5% af bruttótekjum sínum í frádrátt hefði honum verið reiknaður skattur samkv. gamla kerfinu upp á 510 þús. kr., en skattafsláttur hefði þá verið 672 þús. og barnabætur 146 þús. hjá hinu einstæða foreldri. Þannig hefðu komið til útborgunar upp í útsvar og skatt samkv. gamla kerfinu 249 þús. kr., en samkv. þeim tillögum, sem stjórnarliðarnir vildu endilega fá að samþ. í Ed. í gær, væri útkoman 129 þús., eins og ég rakti í Ed. fyrir atkvgr. til sömu einstæðu móður með eitt barn. Það er sem sagt verið að auka skattinn um 120 þús. kr. í þessu tilviki.

Það má finna önnur dæmi þar sem er enn meiri aukning og má segja að aukningin sé á bilinu 120—150 þús. kr. Ég vakti ítrekaða athygli á þessu í umr. í Ed. í gær. Þetta er himinhrópandi dæmi. Ég benti reyndar á að mér hefði ekki verið ljóst, að það væri sérstakt markmið Alþb. að auka skattbyrði á þessum hópum, og mig ræki ekki minni til þess að Alþb. hefði fyrir kosningar boðað sérstaka skattahækkun hjá einstæðum foreldrum og t. d. ekkjum með lágar tekjur.

Það var ekki fyrr en eftir ítrekaðar tilraunir sem ráðh. fékkst til að ræða málið einu sinni, og þá sagði hann að hvergi væri um ósanngjarnan mun að ræða á skattlagningu eftir nýja kerfinu, sem hann var að tala fyrir, samanborið við það sem áður hefði gilt, allur munur væri óverulegur og hvergi ósanngjarn. Hann sagði m. a. s. að einstæðir foreldrar hefðu notið verulegra fríðinda eftir gamla kerfinu, og veit ég ekki hvort á að skilja það svo, að þeir hafi verið einhver sérstakur forréttindahópur í gamla kerfinu. Það hafði ég þó aldrei orðið var við í málflutningi Alþb. Að öðru leyti einkenndist málflutningur ráðh. af því, að hann vildi helst ekki ræða málið og svaraði allri gagnrýni á heldur hrokafullan hátt, það ætti bara að hraða afgreiðslu málsins.

Þegar þessi afstaða ráðh. og stjórnarflokkanna var ljós þótti okkur Alþfl.-mönnum rétt að ráðh. og þeir

stjórnarliðar gerðu grein fyrir máli sínu frammi fyrir alþjóð, leyfðu fólkinu að heyra rök sín fyrir þessari skattastefnu og sérstakri hækkun á skatti hjá einhleypu fólki og einstæðum foreldrum með mjög lágar tekjur. Það var ekki síst ástæða til þess að slík almenn umr. færi fram frammi fyrir alþjóð með tilliti til þess, að ráðh. og stjórnarliðarnir höfðu áður gert mikið veður út af því að skattstigann yrði að undirbúa vel. Nú höfðu þeir haft *rúmlega tvo mánuði til þess og í öllum málflutningi mátti* merkja að nú væri málið vel undirbúið og allar ákvarðanir teknar að vel yfirveguðu ráði. Við Alþfl.-menn vildum ekki að þetta athæfi færi fram hjá þjóðinni, stórkostlegar skattahækkanir á hina tekjulægstu, ekki síst þar sem ríkisstj. er í rauninni að boða þessar aðgerðir sínar undir yfirvarpi skattalækkunar. Þess vegna töldum við rétt að fá útvarpsumræðu.

Nú verður hins vegar ekki annað séð en að ráðh. og ríkisstj. hafi guggnað þegar á að standa frammi fyrir því að verja gerðir sínar frammi fyrir alþjóð. Vonandi verður það svo, að það frumkvæði Alþfl. að krefjast útvarpsumræðna, sem stjórnarliðarnir töluðu reyndar um sem upphlaup í gær, verði til þess að ráðh. og ríkisstj. sjái sig um hönd. Ég vil a. m. k. vona það. Með því teldum við Alþfl.-menn að nokkrum áfanga væri náð, að tilganginum væri náð, að svo miklu leyti sem gengið er til móts við sjónarmið okkar. En það verður ekki annað séð en stjórnarliðið hafi brostið kjark til þess að verja athæfi sitt þegar það stóð frammi fyrir því að eiga að verja það frammi fyrir alþjóð.

Það væri gott að ráðh. svaraði því hvort hann ætli nú að taka gagnrýni okkar Alþfl.-manna til greina, eins og kannske liggur í ýmsum þeim orðum sem hann lætur hafa eftir sér í dag, og hversu langan umhugsunartíma ráðh. hefur hugsað sér að taka núna í því máli, sem hann vildi flýta svo mikið í gær, og hvenær umr. fari fram.

Hinu trúir auðvitað enginn, að ráðh. og stjórnarliðar hafi eftir tveggja mánaða umfjöllun verið svo illa að sér að þeir vissu ekki hvað þeir voru að gera. Ætlar ráðh. kannske að halda því fram að svo sé? Ef það er svo, þá held ég að ráðh. og hans lið ætti að hætta að stússast í þessu. Það, sem þeir sjá ekki eftir tvo mánuði, trúi ég að þeir sjái seint eða aldrei.

Það hlýtur hins vegar að teljast aumlegt yfirklór þegar hæstv. ráðh. heldur því nú fram, að komið hafi í ljós misræmi í útreikningum, og gefur í skyn að útreikningar Reiknistofnunar sýni ekki rétta mynd, sýni t. d. ekki þau atriði sem ég gerði sérstaklega að umræðuefni í Ed. á **þriðjudaginn. Útreikningar Reiknistofnunar sýna** auðvitað þessa mynd. Við getum t. d. tekið einstæða foreldra með eitt barn. Það sést mjög greinilega á bls. 10 í útreikningum Reiknistofnunar að skattbyrðin stóreykst. Í staðinn fyrir að samkv. gamla kerfinu væru 20 millj. í skatta eru það 200 millj. samkv. nýja kerfinu. Það sést að fyrir tekjuhópinn 2—3 millj. hjá einstæðum foreldrum er *meðalaukningin upp á 63 þús. kr. og á næsta bili fyrir* ofan, 3—4 millj., 119 þús. kr. Þetta stendur allt saman í útreikningum Reiknistofnunar og þarf engum að koma á óvart, og er auðvitað aumlegt yfirklór að ætla að halda því fram að þetta sjáist ekki í útreikningum Reiknistofnunar. Las ráðh. kannske aldrei útreikninga Reiknistofnunar — og til hvers voru þeir þá gerðir? Eða er það svo, að ráðh., sem hafði uppgötvað þetta í útreikningum Reiknistofnunar, sá ekki ástæðu til að skoða þessar tölur nánar og fara nánar ofan í dæmið?

Útreikningar á sköttum eru reyndar ekki flóknari en svo, að smáútreikninga á dæmi af þessu tagi geta menn gert á örstund. Menn geta jafnvel gert þá í huganum. Það þarf enga Reiknistofnun Háskólans til þess. Það getur verið notalegt að hafa smátölvu, eins og allir ganga nú með í vasanum, en það er ekkert skilyrði til að framkvæma útreikninga af þessu tagi. Við getum t. d. tekið dæmið af einstæða foreldrinu með eitt barn og 3 millj. í *brúttótekjur og 2.7 millj. kr. í nettótekjur.* Útreikningarnir eru svo einfaldir að það er hægt að fara yfir þá á örstund. Eftir gamla kerfinu eru 20% af 2.7 millj. 540 þús. mínus persónuafsláttur upp á 672 þús., mínus barnabætur upp á 140 þús. Útkoman er 278.8 þús. til þess að mæta greiðslum á útsvari og upp í beina útgreiðslu eftir gamla kerfinu. Eftir tillögum stjórnarinnar **er útreikningurinn svona: 25% af 2.7 millj. eru 675 þús.,** persónuafsláttur 525 þús. til frádráttar og barnabætur 280 þús. Útkoma 130 þús. í staðinn fyrir tæp 280 þús. til að mæta útsvarsgreiðslu og til beinnar útgreiðslu til þessa fólks sem hefur kannske 225—250 þús. kr. til ráðstöfunar á mánuði hverjum. Svona einfaldir eru þessir útreikningar og ég trúi því ekki að ráðh. hafi aldrei í þessa tvo mánuði sest niður með penna til að reikna svona einfalt dæmi fyrir þá sem verst eru settir og hann hefur haldið fram að hann væri sérstaklega að verja kjörin hjá hér í landinu.

Ég óska eftir að ráðh. geri grein fyrir því, hvað valdi þeim sinnaskiptum sem nú hafa orðið hjá honum, hvers vegna hæstv. ráðh. guggni á því að verja í kvöld frammi fyrir alþjóð það hugarfóstur sem hann var svo stoltur af í gær. Hvers vegna vill hann nú að umr. verði frestað? Telur ráðh. kannske enn að hvergi sé ósanngjarn munur á sköttum eftir nýja kerfinu og gamla kerfinu, eins og *hann hélt fram í umr. á þriðjudag, eða er að vænta* tillagna frá ráðh. um breytingar? Er ætlun ráðh. nú að taka gagnrýni okkar Alþfl.-manna að einhverju leyti til greina? Þetta tel ég að þingheimur þurfi að vita, nóg er **óvissan samt undir leiðsögu núverandi stjórnarherra.**

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn., hefur borið fram fyrirspurn um 3. umr. í Ed. um frv. um tekju- og eignarskatt og hvenær hún fari fram. Er það í sjálfu sér ekkert óeðlileg spurning, miðað við að áður hafði verið gert ráð **fyrir að hún færi fram í kvöld. Hitt er annað mál, að** hv. þm. væntir þess vafalaust ekki að fá ítarleg svör við spurningu sinni og allra síst væntir hann þess að ég fari að ræða hér málið efnislega að öðru leyti.

Eins og kunnugt er hefur 2. umr. í Ed. þegar farið fram og 3. umr. var fyrirhuguð í dag. Það átti að vera útvarpsumræða. Hins vegar stendur svo á, að fyrir sex dögum var tekin ákvörðun um verulega breytingu á frv. því, sem lagt hafði verið fram, og gerð tillaga um nýja og breytta skattstiga. Sú breyting var gerð á frv. við afgreiðslu *málsins í Ed. við 2. umr.*

Nú er það svo, að þegar útvarpsumræða fer fram um mál er eðlilegt og nauðsynlegt að málið sé komið í endanlegan búning, og við töldum að svo væri nokkuð örugglega. En síðari hluta dags í gær, eftir að ákvörðun hafði verið tekin um útvarpsumræður, að vísu nokkuð óvænt og skyndilega, bárust fjh.- og viðskn. Ed. nýir útreikningar frá ríkisskattstjóra sem beðið hafði verið um fyrir helgi, en voru að koma fyrst í gær. Því er alls ekki að leyna að í vissum atriðum er niðurstaðan í þessum

útreikningum nokkuð á annan veg en verið hafði í útreikningum sem við höfðum fengið frá Reiknistofnun Háskólans. Því er ekki að leyna að niðurstaðan stingur í stúf við þá útreikninga sem áður lágu fyrir.

Á þessu geta auðvitað verið ýmsar skýringar. Kannske finnst mönnum nærtækust sú skýring, ef menn vilja vera illgjarnir, að síðari upplýsingarnar eru handunnar, en þær fyrri eru tölvuunnar. En þetta er þó ekki skýringin ef nánar er að gáð. Það er ljóst að í þessum útreikningum eru mismunandi forsendur lagðar til grundvallar, einkum og sér í lagi hvað snertir frádrátt frá tekjum eða frádrátt frá skatti samkv. eldri lögum. Nú erum við að taka upp skattkerfi þar sem framteljendum er heimilt að draga 10% af skattgjaldstekjum frá áður en skattur er á lagður, en sú heimild var ekki áður fyrir hendi. Menn geta gefið sér svolítið mismunandi forsendur við hvað eigi að bera saman þegar borið er saman nýtt kerfi að þessu leyti og gamalt kerfi þar sem þessi heimild var ekki fyrir hendi. Ég tel víst að munurinn á þessum tveimur útreikningsdæmum liggi að verulegu leyti í því, að menn hafa gefið sér mismunandi forsendur í þessum efnum.

En hver svo sem skýringin er á þessum mismun þótti okkur rétt, eftir að þessir útreikningar lágu fyrir, að þeir yrðu teknir til nánari skoðunar og gengið rækilega úr skugga um að ekki væru einhverjir þeir vankantar á skattstiganum, eins og hann liggur fyrir eftir 2. umr. í Ed., sem ekki væri unnt að una við. Því hefur verið ákveðið að ríkisstj. og stjórnarþm. gefi sér tíma til þess fram yfir helgi að skoða þessi mál nánar og athuga hvort ástæða sé til að gera tillögur til breytinga.

Að sjálfsögðu höfum við ekki neitt á móti því að þetta mál sé tekið til umr. þannig að útvarpað sé frá henni. En okkur þótti einfaldlega rétt að fresta seinustu umr. í fyrri deild áður en málið væri endanlega afgreitt frá deildinni, og þar með frestast útvarpsumræðan af sjálfu sér. Þá fáum við í stjórnarmeirihlutanum, eins og ég sagði áðan, tíma til að skoða málin, eins og það heitir á nútímaíslensku, og stjórnarandstæðingar fá þá líka kærkomið tækifæri til að brýna vopn sín og fínpússa ræðurnar. En við göngum út frá því að 3. umr. um málið verði útvarpað, nema samkomulag verði um að útvarpað verði einhverri umr. í Nd.

Ég vænti þess, að þessar upplýsingar séu fullnægjandi fyrir hv. þm.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, 2. þm. Reykn., að það er með fullkomnum ólíkindum, og er maður þó ýmsu vanur af núv. hæstv. ríkisstj., hvernig hún hefur staðið að verkstjórn í því að ræða þessi skattstigamál.

Í hv. fjh.- og viðskn. Ed. var lögð á það mjög rík áhersla fyrir páska að n. féllist á, ef hugmyndir kæmu fram frá ríkisstj. um skattstiga fyrir páskahátíð, að þetta mál yrði keyrt í gegn á tveimur eða þremur dögum eftir páskaleyfi þingmanna. Það leið og beið og ekki komu hugmyndir frá hæstv. ríkisstj. um skattstiga fyrir páskahátíð. Síðan var tekið til fyrir nokkrum dögum og þá lágu frammi nýjar hugmyndir frá hæstv. ríkisstj. um skattstiga. Þá skyldi málið keyrt það hratt fram að það var í rauninni gert ráð fyrir að það væri þegar afgreitt frá hv. Ed. eða yrði a. m. k. í síðasta lagi í dag. Raunar var út frá því gengið að það hefði getað orðið í gær. Síðar var ákveðin útvarpsumræða í Ed. sem átti að fara fram í kvöld. Þessi ákvörðun var tekin í gær, en svo berast okkur fjh.- og viðskn.-mönnum þau boð seint í gærkvöld að það væri komin fram ósk frá hæstv. fjmrh. um að fresta þessari umr. fram yfir helgi.

Ég vil láta í ljós þá von að þessi frestun og nánari umfjöllun verði til að draga úr þeirri óvissu sem skattborgarar í þessu landi hafa verið í á meðan fjallað hefur verið um þessi mál hér á hinu háa Alþingi með þeim ólíkindum sem ég hef rakið. Það hefur komið mjög fram í máli hæstv. ráðh. að ástæða væri til þess að vera hræddur um að ríkissjóður yrði fyrir einhverjum skakkaföllum út af óvissu sem væri á þessu sviði. Ég hefði viljað leggja áherslu á að það eru ekki síður skattborgararnir í landinu sem hefur verið haldið í óvissu allt of lengi út af því hvaða skatta þeir ættu að greiða á þessu ári. Eru það í rauninni algjörlega óviðunandi og forkastanleg vinnubrögð.

Það hefur komið fram hér að lagðar voru fram í þessu máli tillögur frá stjórnarandstöðunni í hv. Ed. Grundvallartillögur okkar sjálfstæðismanna byggðust á því, að horfið væri frá að leggja á þær auknu álögur á tekju- og eignarskatta, sem vinstri stjórnin gerði 1978 og hafa haldist í skattalögum í einu eða öðru formi síðan, og jafnframt að skapa nokkurt svigrúm fyrir skattborgarana á móti þeirri hækkun útsvars sem fyrirhuguð er og heimiluð hefur verið af hv. Alþ. fyrir forgöngu ríkisstj. og stuðningsliðs hennar. Ég vil vekja athygli á því, að hv. þm. Alþfl. í Ed. treystu sér ekki til að fylgja þessari stefnu okkar sjálfstæðismanna. Þeir bera ábyrgð á vinstristjórnarsköttunum. Þeir bera ábyrgð á því, að íslenskir skattborgarar í heild greiða nú eða munu greiða, ef að líkum lætur, 4—5 milljörðum kr. meira í tekjuskatta, og ofan á það bætast stórar fúlgur í eignarskatta vegna þeirra ráðstafana sem vinstri stjórnin gerði á sínum tíma. Mér finnst því að þeir ágætu vinir mínir, kratarnir, megi muna að þeirra saga í skattamálum hefur ekki verið sérlega fögur hin síðustu ár þó þeir tali fagurlega núna.

Það hafa komið fram ýmsar nýjar upplýsingar, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. M. a. var búið að vekja athygli á því í hv. Ed., að það er staðreynd að tekjubreyting milli ára verður meiri en gert er ráð fyrir í öllum útreikningum hæstv. ríkisstj. Það leggur á skattborgarana 2—3 milljarða í auknum tekjuskatti ef ekki verður gert ráð fyrir þessari auknu tekjubreytingu frá 45%, sem gert er ráð fyrir í útreikningum hæstv. ríkisstj., í 47—48%, eins og kemur fram í upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun. Síðast í gær komu fram upplýsingar um einstök dæmi sem sýna t. d. að lágtekjufólk fer illa út úr þeim breytingum sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér að gera á skattstigunum. Er það að sjálfsögðu ekkert síður áhyggjuefni okkar í stjórnarandstöðunni en hæstv. ríkisstj.

Ég geri ráð fyrir að við sjálfstæðismenn munum leggja fram nýjar tillögur í ljósi hinna nýju upplýsinga við 3. umr. í Ed. Ég get greint frá því hér, að við höfum hugsað mikið út í það, að ef breytingar eru gerðar á skattþrepunum munu þær koma fleiri til góða en láglaunafólki. Þannig er einna nærtækast, a. m. k. í mínum huga, að gera nokkrar breytingar á sjúkratryggingagjaldinu til hagsbóta fyrir láglaunafólk að því er þetta varðar. Þá hef ég látið mér detta í hug að sjúkratryggingagjald ætti ekki að leggja á tekjur sem eru fyrir neðan 2 eða 3 millj. kr., sem mundi þýða að lægst launaða fólkið fengi þar nokkra ívilnun sem aðrir fengju ekki. Auðvitað koma fleiri leiðir til greina í þessu efni, en það er alveg ljóst að breyta þarf fyrirhuguðum hugmyndum hæstv. ríkisstj. þannig að

þetta fólk fari ekki verr út úr skattlagningunni núna en það gerði áður.

Enn fremur er það svo, að hæsta skattþrep er orðið **mjög hátt þegar farið er að greiða tæpar 65% af síðustu** tekjum ársins í ríkissjóð og til sveitarfélaga. Við sjálfstæðismenn, sem höfum alltaf fylgt þeirri stefnu að jöðarskattur óbeinna skatta bæði til ríkis og sveitarfélaga fari ekki yfir 50%, teljum því að hér sé svo freklega að staðið að það komi fyllilega til greina frá okkar hálfu að leggja fram enn þá róttækari tillögur í þessum efnum en við gerðum við 2. umr. í Ed.

Ég legg áherslu á að það þarf að sníða þessa hnökra af hugmyndum hæstv. ríkisstj. og þess vegna fagna ég því *öðrum þræði að það skuli gefast betra tóm til þess en á* horfðist í gær vegna þess offors sem var þá á afgreiðslu þessa máls.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil fagna því alveg sérstaklega að ríkisstj. skuli taka sér nokkurt hlé til að íhuga betur það skattalagafrv. sem liggur fyrir Ed., því að það felur í sér mjög verulegar hækkanir á beinum sköttum.

Það er hægt að bera beina skatta saman með margvíslegum hætti. Ef maður staldrar við kosningarnar 1978, sem mjög hafa markað stjórnmálaþróunina síðan, og íhugar þá skatta, sem voru á því ári, kemur í ljós að hækkun skatta á s. l. ári, þ. e. hækkun tekjuskatts á s. l. ári, þó sleppt sé afturvirka tekjuskattinum eða skattaukanum, var 20—25%. Og ef fjárlögin eru lögð til grundvallar einnig varðandi skattana 1980 kemur í ljós að heildarskattahækkunin miðað við 1978 er rúm 34%. Þetta er ekkert lítið þegar jafnframt er haft í huga að á þessum tíma hefur verkafólk, launþegar almennt, gefið eftir 2% af launum sínum vegna loforðs síðustu ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar um skattalækkanir, um lækkun beinna skatta. Þetta er athyglisverð þróun og sýnir ljóslega hversu hlunnfarið var verkafólk og almennir launþegar á s. l. tveim árum í viðskiptum sínum við þá ríkisstj. sem hélt á loft merkinu um samningana í gildi og mest hefur gumað af því að hafa hvers konar samráð og samstarf við launþega, og nú er svo komið að höfuðvinur verkalýðshreyfingarinnar, Alþb., ræður yfir sæti fjmrh.

Eins og fram kom í orðum hæstv. fjmrh. áðan er þýðingarlaust að hefja efnislegar umr. um skattamál á þessu stigi við ríkisstj. Hann tók skýrt fram, að það væri nánast hlægilegt að láta sér detta í hug að ríkisstj. væri yfirleitt reiðubúin til að taka þátt í þvílíkri umr., á sama hátt og hann hefur hvað eftir annað á liðnum vikum virt það að vettugi, ekki virt mig svars þegar ég hef spurt hann um þá stefnu sem kjaradeila opinberra starfsmanna við ríkisstj. er að taka. Ég skal ekki ræða það nánar nú, en ég minni á að í blöðum ber núna mjög á mótmælum hvaðanæva að vegna tómlætis og seinagangs ríkisstj. gagnvart starfsmönnum sínum.

Í mínum huga er enginn vafi á að skattstigarnir, eins og þeir eru nú í skattalagafrv., eru of háir. Það þarf að lækka þessa skattstiga verulega. Athygli þingheims, vonandi einnig ríkisstj., hlýtur að beinast að því nú með hvaða hætti þessir skattstigar verði lækkaðir.

Kjartan Jóhannsson, hv. 2. þm. Reykn., gerði áðan samanburð á gömlu skattalögunum og því kerfi sem nú á að taka upp. Í þeim samanburði miðaði hann við skattalögin eins og þau voru í fyrra, en það gefur ranga mynd vegna þess að sú ríkisstj., sem þá sat, hafði komið fram verulegum þyngingum á gömlu skattalögunum, einkum gagnvart lægst launaða fólkinu. Sú mynd var því villandi og sömuleiðis sú mynd sem Alþfl. gefur upp í þskj. í Ed. þar sem hann rekur þessi mál, eins og ég mun víkja að þegar þessi mál koma til umr. í Nd.

Ég vil vekja athygli á því, að við 3. umr. fjárlaga m. a. lýsti hæstv. fjmrh., sem ég sé að hefur vikið af fundi, yfir að hann gæti ekki á þessu stigi málsins og raunar treysti sér ekki til þess að lofa því að tekju- og eignarskattslögin, eins og frá þeim yrði gengið, mundu standast þá þolraun sem álagningin yrði, þar sem hér væri um grundvallarbreytingu að ræða í skattalögum, og hann lofaði því við 3. umr. fjárlaga, að ef ríkissjóður tapaði meira en áætlað væri yrðu nýir skattar á lagðir. Hins vegar kom ekki fram hvað hæstv. fjmrh. hygðist lækka skattstigana ef þeir reyndust vera of háir, og hefði þó verið skemmtilegt að fá *þá yfirlýsingu einnig. En ég vil aðeins vekja athygli á því* að síðustu atburðir í Ed., ekki aðeins ummæli hæstv. fjmrh., heldur þeirra þriggja annarra sem á undan honum voru, *gefa vissulega tilefni til þess að þingflokkarnir* fylgist með framkvæmd þessara tekju- og eignarskattslaga. Ég álít að nauðsynlegt sé að hver þingflokkur eigi *fulltrúa sem fylgist með framkvæmd þessara laga, þannig* að inn í sé hægt að grípa og þingheimur geti fylgst með því ef þar verður um stórslys að ræða. Ég held að óhjákvæmilegt sé fyrir fjh.- og viðskn. Ed. að nálgast málið með þeim hætti hvernig Alþ. gefist bestur kostur á að fylgjast með framkvæmd laganna eftir að þau hafa verið **afgreidd frá Alþ., svo mörg stórslys sem orðið hafa í sögu** þessarar löggjafar frá því hún var sett, ef marka má þau ummæli sem hæstv. fjmrh. hefur látið falla.

Ég vil svo að síðustu ítreka það, sem ég hef áður sagt og m. a. hefur komið fram á fundi í verkalýðsráði Sjálfstfl. og einnig í ummælum Guðmundar J. Guðmundssonar, formanns Verkamannasambands Íslands, hér á Alþ., að sú skattpíningarstefna, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur markað, kemur til með að torvelda þá samningagerð á hinum almenna vinnumarkaði sem nú stendur yfir. Með því að sýna sanngirni og hóf í sambandi við tekjuskattinn og í sambandi við sjúkratryggingagjaldið er einhver von til þess að launþegar sætti sig við þær hóflegu kjarabætur sem þeir hafa nú farið fram á. En **ef hæstv. ríkisstj. ætlar að miða skattalögin við 60—70%** verðbólgu hljóta launþegar einnig að svara því með jafnósvífnum kröfum og skattheimta þessarar hæstv. ríkisstj. hefur verið ósvífin síðan hún settist að völdum.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég mun ekki verða til þess að lengja þessa umr. að mun. En ég held að nú sé svo komið að full ástæða sé til þess að vekja athygli á og leggja þunga áherslu á hið gífurlega stjórnleysi og stefnuleysi sem einkennir störf núv. hæstv. ríkisstj. Ég vil benda á það m. a. að hæstv. fjmrh. treystist ekki til að hefja þá útvarpsumr., sem fram átti að fara í kvöld, vegna þess að hann hafði ekki þau gögn í höndum sem hann þurfti að hafa og hefði raunverulega átt að hafa. Ég vil *einnig benda á að þetta stjórnleysi kemur m. a. fram í nær* óstöðvandi skattahækkunum, sem virðast engan enda ætla að taka. Ég held að hv. þm. verði að átta sig á því að *þetta snertir ekki bara okkur sem hér sitjum, heldur allan* almenning í landinu, sem er orðinn óttasleginn og fyllist öryggisleysi sem eykst hvern daginn sem líður.

Ég vil minna á að hæstv. ríkisstj. hefur hækkað útsvör um yfir 10%, tekjuskatta yfir 40%, söluskatt um 1.5 stig

og fyrirsjáanlegar eru hækkanir á sjúkratryggingagjaldi og ferðamannaskatti. Á sama tíma hefur hæstv. ríkisstj. lækkað gengið, hún boðar stórfellda hækkun á erlendum lántökum. Það er augljóst að ríkisstj., sem þannig hagar sér, hefur enga stefnu, hvorki í skatta- né efnahagsmálum.

Ég vil líka vekja athygli á því sem framundan er á efnahagsmálasviðinu. Það eru allir kjarasamningar lausir. Það er fyrirsjáanlegt samkv. upplýsingum Hagstofunnar að verðbótavísitala hækki um næstu mánaðamót um allt að 12%, en þá eru ekki teknar inn í hækkanir á hitaveitu, rafmagni, strætisvögnum og hækkanir sem eru afleiðing söluskattshækkunar, þannig að verðbótavísitalan getur hækkað enn meira. Þetta kemur á sama tíma og ganga verður til erfiðra og viðkvæmra kjarasamninga.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að fáar ríkisstj. hafa valdið eins miklum erfiðleikum hjá almenningi í þessu landi gagnvart eigin fjárhag, gagnvart eigin efnahagsmálum, persónulegum efnahagsmálum, og þessi ríkisstj. hefur gert. Það er nánast allt látið reka á reiðanum. Það er engin ákvörðun tekin um nokkurn hlut og þegar hún er tekin er hún tekin of seint og hlutirnir „fara í svíl", eins og það er nefnt á sjónum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að flest er nú að verða með eindæmum í landi okkar. Hér í forsrh.-stól, ef hann væri skipaður, sæti maður sem er í senn oddviti ríkisstj., forsrh. landsins og leiðtogi stjórnarandstöðunnar sem varaformaður stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar og stærsta stjórnarandstöðuflokksins.

Í einum og sama manninum sameinast þannig annars vegar oddviti ríkisstj., og hins vegar oddviti stjórnarandstöðu. Þetta er alveg furðulegt ástand og er lýsandi dæmi um hver ósköp dynja nú yfir Alþingi og íslensku þjóðina.

Í gær gerist það svo hér, og þykir sæta miklum tíðindum, að annar stjórnarandstöðuflokkurinn tók inn í sínar raðir — og fagnar honum vonandi vel — einn af þm. ríkisstj. Þá eru stjórnarsinnar í stjórnarandstöðuflokki orðnir hartnær fjórðungur af þingflokknum eða kannske rúmlega það.

Það hefur heldur aldrei áður gerst, að ég hygg, í allri sögu Alþ. að ráðh., sem leggur mál fyrir þingið, eins og hæstv. fjmrh. hefur gert, slæst í því frá morgni til kvölds að fá málið afgreitt, verður að láta undan síga og taka málið til útvarpsumræðu, að hann, sjálfur flutningsmaður frv., krefjist þess rétt fyrir miðnætti að umr. sé frestað. Ég man ekki til þess, og hef nú verið að reyna að kynna mér það í þskj. og hef ekki fundið að það hafi nokkurn tíma gerst í allri þingsögunni að sá fjmrh. hafi verið til á Íslandi sem hefur fengið mál frá sér tekið til útvarpsumræðu og hafi síðan krafist þess í alvöru að þeim útvarpsumræðum yrði frestað vegna þess, eins og fram kemur núna, að hæstv. ráðh. telur sig ekki hafa haft tíma til að hugsa málið nægilega vel.

Þannig rekur hvert fádæmið annað á þessum dögum: þessi fádæma stjórn með þennan fádæma forsrh. og þessi fádæma stjórnarandstöðuflokkur, þar sem Sjálfstfl. er, með það fádæma þinglið sem þar virðist eiga sæti. Virðast þar eiga sæti fulltrúar allra hugsanlegra sjónarmiða innan veggja Alþ.: í fyrsta lagi þeirra sem eru með ríkisstj., í öðru lagi þeirra sem eru á móti ríkisstj. og í þriðja lagi þeirra sem eru hlutlausir. Þetta er allt í einum flokki. Það má segja að í húsi föður míns séu mörg herbergi og furðulegar vistarverur.

Ég vil nú ekki segja margt um þessa undarlegu framkomu annað en að vekja athygli á því, að hv. þm. og vinur minn Guðmundur J. Guðmundsson hefur ekki sést í þingsalnum í dag, og er það merki um að það séu einhverjir til enn þá með samvisku í Alþb., þó að það sé ekki hæstv. fjmrh.

Ég vil vekja athygli á því í tilefni af því sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði áðan, að nú gerist það í fyrsta sinn í erfiðu ástandi á vinnumarkaði að Alþb. fer með einn mikilvægasta þátt atvinnurekendavalds í landinu. Það er Alþb. sem fer nú með samningamál íslenska ríkisins, stærsta vinnuveitanda á öllu Íslandi. Hver er fulltrúi stærsta vinnuveitanda á öllu Íslandi? Það er Alþb. Hæstv. fjmrh. er nú stærsti atvinnurekandi á öllu Íslandi.

Nú vita menn að það hvorki gengur né rekur í samningamálum á vinnumarkaðinum. Skyldi ekki Alþb. hafa einhvern áhuga á því, fyrst það er orðið fulltrúi öflugasta atvinnurekendavaldsins í landinu, að leysa vinnumarkaðinn úr þessari sjálfheldu og ryðja einhverja braut? Skyldi Alþb. ekki hafa áhuga á að leysa þann rembihnút sem verið er að hnýta? Það hefur enginn betri aðstöðu til þess en Alþb. Það fer með öflugasta atvinnurekendavaldið á Íslandi. En hvað gerir hæstv. fjmrh., fyrrum formaður Alþb. og formaður þingflokks m. m., þegar hann hefur þetta gríðarmikla vald í hendi sinni? Hæstv. fjmrh. lýsir því yfir, að hann og Alþb. allt á eftir honum ætli að skýla sér á bak við atvinnurekendavaldið í vinnuveitendasamtökunum. Íhaldið í vinnuveitendasamtökunum á að semja fyrir Alþb. á Alþ. Og hæstv. fjmrh. lýsir því yfir aftur og aftur í útvarpi og sjónvarpi að hann ætli sér ekki að hafa neina skoðun á launamálum opinberra starfsmanna og alls ekki svara opinberum starfsmönnum fyrr en hinn frjálsi vinnumarkaður sé búinn að ljúka sér af, m. ö. o. ekki fyrr en íhaldið í atvinnurekendasamtökunum er búið að tilkynna verkalýðshreyfingunni hvað það treysti sér að semja um. Þá ætla hæstv. fjmrh. og Alþb. að lötra í slóðina.

Ég vildi vekja athygli á nokkrum þeim fádæmum sem eru nú að gerast í þjóðfélagi okkar. Ég held að það síðasta, sem ég vakti athygli á, sé einna lærdómsríkast og umhugsunarverðast fyrir launþega þessa lands.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Auðvitað er það að gerast hér og nú að það er að komast upp um þann svikavef á hverjum núv. hæstv. ríkisstj. er reist. Það er auðvitað fáheyrt og á sér áreiðanlega engin fordæmi í þingsögunni, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson rakti áðan, að ríkisstj. skuli hafa verið að berjast fyrir því að flýta tilteknu máli, að þessu sinni umr. um skattstiga, en skuli síðan koma á hnjánum og biðja um, að sömu umr. verði frestað, og bera við vitlausum reikningum.

Kjarni þessa máls er auðvitað sá, að sú óvissa, sem fólkið í landinu verður að búa við, er með eindæmum. Landið er stjórnlaust í raun og veru. En það eru óvart fleiri hliðar á þessu máli. Hvað er það sem gerir núv. hæstv. ríkisstj. svo feimna við útvarpsumræður? Hvers vegna treystir núv. hæstv. ríkisstj. sér ekki til þess að flytja stefnuræðu sína? Auðvitað er málið það, að hegðun hins þingreynda hæstv. forsrh., Gunnars Thoroddsens, er með eindæmum. Hann situr í þingflokki

Sjálfstfl., þar vill hann eingöngu njóta réttindanna, en ekkert hafa með skyldurnar að gera.

Hugsum okkur, hv. þm., að útvarpsumræður hefðu verið haldnar annað kvöld. Gunnar Thoroddsen hæstv. forsrh. situr í Ed. (**Gripið fram í:** Núna í kvöld.) Já, ég bið afsökunar, núna í kvöld. — Hvað ætlaði hæstv. forsrh. að gera? Ætlaði hann að tala og ef hann ætlaði að tala hvernig ætlaði hann að tala? Ætlaði hann að tala í ræðutíma Sjálfstfl.? Hann getur ekki talað í ræðutíma Eggerts Haukdals því hann situr víst í Nd., eftir því sem ég hef fregnað. Hvernig ætlaði hæstv. forsrh. að fara að? Það, sem er að gerast, er að hæstv. forsrh. er með annan fótinn í þingflokki og hinn fótinn fyrir utan. Hann vill heimta réttindin sem því fylgja að vera í þingflokki, en vill ekkert hafa með skyldurnar að gera. Ég er ekki vanur að nota stór orð og mun ekki gera það að þessu sinni heldur, en þetta er auðvitað framkoma fyrir neðan allar hellur.

En hvað er málið? Málið er það, að vegna hinnar sérstöku innri baráttu, sem forsrh. heyr við metnaðinn í sjálfum sér, verður fólkið í landinu að bíða og kannske í fullkominni óvissu um skattamál. Hæstv. fjmrh. var svo einfaldur, því hann er einfaldur maður í háttum og hegðan, þegar þetta barst í tal hér, nákvæmlega þetta, út af umr. um stefnuræðuna sem aldrei var flutt, að hann endaði umr. með því að spyrja hreinskilnislega hvort hv. þm. skildu ekki hvað þetta mál snerist um í raun og veru nefnilega það, að ómögulegt var að koma því fyrir í þeim þingsköpum sem í gildi eru, hvernig með skyldi fara okkar virðulega forsrh.: hvar hann ætti að tala, hvernig hann ætti að tala og með hverjum hætti. Og vegna hvers er forsrh. að hluta til í þingflokki? Þar sem hann getur grætt á því, en hinu neitar hann sem vinnur gegn honum persónulega. Auðvitað er það kjarni málsins.

Hv. Alþ. verður að fara að gera upp við sig hvernig með hv. þm. Gunnar Thoroddsen á að fara. Er hann í þingflokki eða er hann ekki í þingflokki? Við getum ekki þolað að þjóðin fái ekki að vita um skattstiga, sem þjóðin t. d. fær að vita um í formi útvarpsumræðna, vegna þess að metnaður Gunnars Thoroddsens er í rembihnút, eins og allir vita. Þetta er auðvitað lykilástæðan fyrir því að ekki verða útvarpsumræður í kvöld. Þetta er auðvitað höfuðástæðan fyrir því að ekki var hægt að hafa umr. um stefnu stjórnarinnar. Það veit enginn hvort hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen er í þingflokki eða ekki í þingflokki. Það veit enginn í hvaða ræðutíma hann á að tala.

Þetta er auðvitað innanflokksmál Sjálfstfl. Sú hefð er hér samkv. þingsköpum, að þegar um fjóra þingflokka er að ræða, að viðbættum Eggert Haukdal, er ræðutíma skipt í fjóra jafna hluta. Sjálfstfl. fær sinn fjórðung. Og hvað ætti hann að gera við hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen? En að metnaður Gunnars Thoroddsens verði til þess að fólkið í landinu sé í fullkominni óvissu um, hvað það á að borga í skatta, vikum og mánuðum saman er auðvitað einum of mikið. Hæstv. forsrh., Gunnari Thoroddsen er þess vegna skylt að segja þinginu hvort hann er í sérstökum þingflokki með vinum sínum eða hvort hann er einn á báti. Er hann í þingflokki Sjálfstfl. með þeim réttindum og þeim skyldum sem slíku fylgja? Auðvitað getur hæstv. forsrh. verið óháður þm. Þá hefur hann ekki skyldur og ekki heldur réttindin sem starfi í þingflokki fylgja.

Þetta er auðvitað lykilástæðan, því að þessi útvarpsumræða hefði vel getað farið fram og auðvitað væri þar tekið sanngjarnt tillit til þess ef það verður reiknivilla í tölvu einhvers staðar eða í handavinnu. Auðvitað skilja það allir og engum dettur í hug að vera með ódrengilegar athugasemdir af þeim sökum. Það segir sig alveg sjálft. En það er ekki kjarni málsins. Þetta er í annað skiptið sem það kemur fyrir að útvarpsumræðu er frestað og skýringarnar eru í bæði skiptin þær sömu: rembihnútur metnaðarins er slíkur að auðvitað er kostulegt hér innan veggja, en harmsögulegt utan þessara veggja fyrir fólkið sem þarf að líða fyrir sérkennilega samsetningu ríkisstj. sem hvorki er til hægri né vinstri.

Því má svo bæta við þetta, að vitaskuld er hæstv. ríkisstj. ekki mynduð nema utan um eitt mál, þ. e. óbreytt ástand og ýkt í landbúnaðarmálum. Þessir miklu skattar, sem við höfum verið að samþ. einn af öðrum, og það, sem nú er sérstaklega verið að tala um, sem er skattstiginn, með hvaða þunga skattar eiga að leggjast á launafólk, allt er þetta tilfærsla í gegnum skattakerfið. Stundum heitir það „út at olíuvanda" og stundum út af einhverju öðru. Allt er þetta tilfærsla meira og minna í hina botnlausu hít sem landbúnaðurinn er orðinn. Því er hann tilgreindur að það er eini málaflokkurinn þar sem hægt er að henda reiður á einhverri stefnu hjá núv. hæstv. ríkisstj. Hún er mynduð annars vegar utan um landbúnaðinn og hins vegar utan um metnaðinn í dr. Gunnari. Þessi ríkisstj. á engar aðrar forsendur en þessar tvær. En þegar svo er komið sem skynsamir og skýrir menn gátu sagt sér þegar í upphafi, að metnaðurinn í dr. Gunnari og landbúnaðarhítin eru farin að valda því, að mánuðum saman er fólk í fullkominni óvissu um hvað það á að greiða í skatta, er gamanið orðið nokkuð grátt.

Auðvitað á að segja þetta hreinskilnislega. Menn hafa verið að tæpa á þessu hér og farið eins og köttur í kringum heitan graut með þetta. Auðvitað er þetta sjálfur vandinn sem um er að ræða. Enginn hefur nefnt það hér fyrr en maður, sem er einfaldur í háttum og kostum, hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds, missti þetta út úr sér, að ég hygg óvart, og dauðsá eftir því um leið og hann var búinn að því. En það var gott hjá honum, því einfeldnin getur oft verið af hinu góða.

Ég held að segja megi bæði pólitískt og fræðilega að vafasamt er hvort hægt er að kalla núv. ríkisstj. þingræðisstjórn, alla vega er meiri hl. tæpur í þinginu. Þá á ég ekki aðeins við kommann með samviskuna, hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, sem er farinn að vera æ sjaldséðari gestur í þinginu, sem sýnir enn og undirstrikar kenningu mína um samvisku hans, heldur á ég einnig við að allt samspilið innan Sjálfstfl. er með þeim hætti að óljóst er, hvort dr. Gunnar, hæstv. forsrh., og félagar hans eru í þingflokki Sjálfstfl. eða ekki, og ef þeir eru í honum, hvort þeir beygja sig þá undir samþykktir hans eða ekki. Það er allt óljóst með hvort þessi stjórn hefur raunverulega þingræðislegan meiri hl. Hún hefur getað komið nokkrum málum í gegn, en það hefur verið með herkjum. Nú er að stranda enn eitt málið í þinginu, tölvunni kennt um það sem raunverulega er dr. Gunnari að kenna.

Ríkisstj., sem svona starfar, er auðvitað engin ríkisstj. Þetta er kjarni málsins, og ég held að það sé að renna upp fyrir þeim skynsamari hjá kommunum, vinum mínum, að þetta er auðvitað sjálft málið. Þeir voru svo ákafir í að kljúfa íhaldið á sínum tíma að þeir gleymdu að ríkisstj. þarf að vera mynduð utan um fleira en metnað og klofning ef vel á að fara. (**Gripið fram í:** Hefur hv. þm. svona mikinn áhuga á aga í Sjálfstfl.?) Ég hef áhuga á aga, hvar

sem hann er að finna, og m. a. við þetta borð þarna, hjá sessunaut mínum!

Allt um það, ríkisstj. ræður ekki við þingið. Ég hygg að hún ætli að reyna að lifa fram á haust. Ég spái því, að hún lendi í mjög verulegum vandræðum með önnur fjárlög sín ef hún lifir svo lengi. Lífsvon hennar er fólgin í því að geta sent þingið sem fyrst heim og stjórnað með brbl. Þá reynir ekki á hvernig og hvort þingmeirihluti er til. Við skulum orða það svo, að það er leikinn línudans á mörkum þingræðis. Það eru ill örlög fyrir hámenntaðan mann, fjölgáfaðan mann, sem kom hingað inn 1934 og hefur langa reynslu og mikla sögu, að enda þannig, hafandi verið lagaprófessor og hæstaréttardómari, — og raunar yrði ég fljótari að telja hin embættin, sem hann ekki hefur gegnt. En að enda svo, að dansa línudans á sjálfu þingræðinu með þeim hætti sem hér er verið að gera, það er afleitt. Dr. Gunnar Thoroddsen verður vegna fólksins í landinu að fara að gera upp við sig, hvort hann er í þessum þingflokki eða ekki. Það er ótækt og auðvitað óþolandi að stefnuræða sé ekki flutt, henni átti að útvarpa. Nú er sama vandamál komið upp. Það er ekki hægt að ræða skattamál fyrir framan fólkið í landinu nú af sömu ástæðu, af því að þingið veit ekki hvernig með dr. Gunnar skal fara. Fólksins vegna, dr. Gunnar, þessa hluti verður að fara að gera upp. Það er gaman að mynda ríkisstj., en það getur verið erfitt að stjórna landi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þetta gerast æðifróðlegar umr., sem von er til. Hv. 3. þm. Vestf. hefur mjög miklar áhyggjur út af innanhússvandamálum í Sjálfstfl. Ef honum er einhver huggun í því get ég upplýst hann um að það hafa fleiri. Á mínum fyrstu árum hér höfðum við margir hverjir allmiklar áhyggjur út af þingflokki Alþfl. — Það er kominn tími til að fleiri taki þátt í að vera áhyggjuefni á þingi — og það var vegna þess að þingflokkur Alþfl. var að þurrkast út. En það voru smáræðisáhyggjur á borð við þær sem við fengum þegar allt stóðið smalaðist inn í hann 1978. Þannig hefur þetta gengið í eilífum sveiflum, að menn hafa svo sem haft sem mest að vinna og mörgu að sinna og mörg áhyggjuefnin að þeim sótt. Ég læt hæstv. forsrh. um að svara því, hvar í þingflokki hann er staddur, en síðast þegar ég vissi til — það var í gær — var hann allur inni í þingflokki Sjálfstfl.

Hv. 9. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, talaði hér í ræðustólnum eins og Eggert, hv. 6. þm. Suðurl., sé enn utan þingflokks og eigi einhvern sérræðutíma hér. Svo er ekki. Hann var tekinn inn með miklum fögnuði, leiddur inn í hús föður síns þar sem eru margar vistarverur, þannig hljóðaði það, í gær rúmlega fjögur, þannig að ekki er afgangs neinn sérræðutími fyrir hann úr þeim flokki.

Ég hafði svo sem fáu við umr. að bæta og það efni sem þær snerust um núna. Það má heita að menn veigri sér við því að eiga orðastað við hæstv. ríkisstj. eins og nú er komið hennar málum. Það er auðvitað erfitt að hugsa sér að allir tíu hæstv. ráðh. séu gengnir af göflunum, en það er alveg öruggur meiri hl. sem þannig er ástatt fyrir í hæstv. ríkisstj. Það bera ekki allir tíu þau einkenni með sér, ekki hér í þingsölum enn þá, hvernig svo sem þeir haga sér uppi í stjórnarráði. En fyrir þessu er alveg öruggur meiri hl. í hæstv. ríkisstj., hjá því fer ekki eins og öll mál ganga til hér á hinu háa Alþingi, eins og við fáum að sjá í öllum málatilbúnaði í sambandi við fjárlög og fjáröflun hins opinbera.

Þetta tekur auðvitað engu tali. Ekkert af því, sem gert er og máli skiptir, er í samræmi við það sem upp var sett í því hrófatildri sem nefnt hefur verið stjórnarsáttmáli. Blátt áfram ekki neitt! Þar eru helmingaskipti, eins og jafnan hefur verið haft á orði, í þeim stjórnarsáttmála, þar sem helmingurinn er tekinn frá Framsfl. og hinn helmingurinn frá Alþb. og þeim sullað saman (**Gripið fram í:** Það eru þrír helmingar.) Það eru halarófur þar, nokkrir halar á, nokkrir skrauthalar sem eru saumaðir á Framsóknar- og Alþýðubandalagsfargangið, það er nú ekki meira, — nokkrir skrauthalar við alla hina skrauthalana. En Framsfl. og Alþb. hafa ekki séð um að reynt yrði með einhverju móti að framkvæma þá stefnu sína, sem er til helminga í þessum stjórnarsáttmála. Ekki er svo að sjá. Allt, sem gert hefur verið í fjárlögum og í fjáröflunarmálum ríkisins, stefnir þvert á yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. um að reyna að draga úr verðbólgunni, — alveg þvert, hvert einasta aukatekið atriði.

Það er misskilningur hjá hv. 3. þm. Vestf., a. m. k. að einhverju leyti er það misskilningur, ætlaði ég mér að segja, að íhaldið í Vinnuveitendasambandinu eigi að sjá um samninga fyrir hæstv. ríkisstj. Ég sé ekki betur en að hv. 6. landsk. þm., Karvel Pálmason, sé búinn að taka skrið í þeim efnum heldur bærilega vestur þar, ef ég hef fylgst nægjanlega glögglega með því sem fram hefur farið þar í Bolungarvíkinni hin síðustu dægrin. Það verða því fleiri til þess að leggja henni lið e. t. v. en íhaldið í Vinnuveitendasambandinu.

Varðandi vinnumarkaðinn sjálfan er að sjálfsögðu hið sama uppi á teningnum, að allt það, sem er aðhafst með þeim hætti sem raun ber vitni um, um nýjar skattaálögur, er auðvitað til þess að torvelda stórkostlega alla þá möguleika sem manni virtust betri en jafnan áður á því að ná skaplegum samningum á vinnumarkaðinum. Ég minnist þess ekki um árabil um áramót eins og nú, að þannig væri ástatt á vinnumarkaðinum að reikna mætti með skaplegu ástandi og skaplegum samningsmöguleika, og á ég þá líka við að séð yrði til þess að þeir lægst launuðu eða lægra launuðu fengju rétt sinn hlut. Í heild tekið mátti segja að skaplega horfði, einmitt skaplega með það fyrir augum að takast mætti að draga úr hinni feiknalegu spennu og æðinu á verðbólgunni. En þá er ástandið notað, þessar girnilegu ástæður, sem ég vil kalla, þar sem þetta er þýðingarmikið atriði í allri fjármálastjórn ríkisins, og farið alveg öfugt að. Þá er spanað áfram með þeim hætti að engin dæmi eru til um slíkt, jafnvel ekki í upphafsskrefum vinstri stjórnarinnar á árinu 1971, og var þó stórt lagt undir þá.

Til hvers halda menn að þetta leiði, eða hvað hugsar hæstv. ríkisstj. um framhaldið þegar stefnir nú í 12% hækkun kaupgreiðsluvísitölu hinn 1. maí? Og hvernig ætla menn að bregðast við þessu? Með því að halda áfram að draga í milljarðatali inn tekjur til ríkissjóðs? Það dugar ekkert í áflogum við verðbólgu ef öllu er eytt aftur um leið og meira til. Það stefnir í að lánsfjáráætlun tvöfaldist á einu einasta ári. Og það virðist hver fagráðh. keppa sem ákafast við hinn. Allt þetta stefnir upp úr öllu valdi og öllum mönnum sýnilegt og vitanlegt að þetta getur ekki borið í skauti sínu annað en enn hraðari snúningi verðbólguhjólsins, enn miklu, miklu hraðari, þannig að við stefnum ekki í 30 eða 35%, heldur 65 eða 70% eða guð má vita hvað, ef þessum ókjörum linnir ekki sem hæstv. ríkisstj. gildrar til sjálf.

Það er ekkert undarlegt þó að ríkisstj. viti ekki frá degi til dags hvernig eigi að bregða við. Það er ekkert undarlegt þó að hún veigri sér við því að flytja stefnuræðu sína og verja hana. Og það getur vel verið að hæstv. forsrh. kunni því ekkert illa að hafa ekki samkv. þingsköpum málfrelsi í fjölmiðlum fyrir framan alþjóð í eldhúsdagsumræðunum eða þegar farið er svo til að útvarpa frá hinu háa Alþingi. Það getur vel verið að hv. 9. þm. Reykv. hafi rétt fyrir sér að því leyti, sem mér skildist á honum, að þannig væri ástatt fyrir hæstv. formanni ríkisstj. að hann treysti sér ekki til — **(Gripið fram í:** Og varaformanni Sjálfstfl.) Og varaformanni Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Nei, það er að vísu misskilningur hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni. Hann er það ekki í bili, og það er aðallega vegna þess að hann kýs ekki að vera það. En formlega séð er hann varaformaður Sjálfstfl. og gæti sjálfsagt tekið þau völd að sér núna ef hann seildist svo langt um hurð til lokunnar. En það er svo annað mál.

Það kann að vera að svona standi á fyrir hæstv. forsrh., og ég verð að segja að eins og nú stendur í bæli hæstv. ríkisstj. eru ráðh. ekki öfundsverðir af því að verða að verja orð hennar og gerðir. En þá hlýtur spruningin að vakna: Hví í ósköpunum koma þeir sér með þeim hætti fyrir eins og þeir liggja nú? Á þessum örskamma tíma hefur þeim tekist að koma sér þannig fyrir að með öllu er óverjandi. Samþ. er stórkostleg hækkun fjárlaga og síðan ekki nóg með það að margfalda sérskatta til að standa undir öllum útgjöldunum, heldur er reynt í viðkvæmu máli og gert í viðkvæmu máli, eins og orkujöfnunarmálinu, þá er tækifærið notað til að draga inn tvöfalt í ríkissjóðshítina, tvöfalt við það sem á að nota til að jafna og leysa úr þeim gífurlegu örðugleikum sem fólkið í landinu á við að búa að þessu leyti. Það er aldrei látið hendi óveifað á mestu þenslutímum, sem við höfum lifað í þessu landi, til þess að ausa bensíni á eldinn. Það er eðlilegt að fólkið í landinu sé farið að spyrja hverju gegni. Og það er auðvitað eðliegt að hv. þm. fari að ókyrrast mjög þar sem allt stefnir í eina átt, þessa ófæru leið sem menn hafa rætt hér áratugum saman um að mundi leiða til ófarnaðar fyrr en seinna ef ekki er hægt að stemma stigu við.

Það hefur verið lögð geysileg áhersla á að hraða þessum stórmálum, sem hljóta að kallast, þ. e. skattamálunum og ýmsum öðrum málum, sem hæstv. ríkisstj. þarf auðvitað að fá sett í lög. En síðan eru málin undirbúin þannig og slík er auðvitað undiraldan meðal stjórnarflokkanna, að frá degi til dags bera öll störfin á hinu háa Alþingi merki þess, að þeir vita vart orðið sitt rjúkandi ráð, eins og kemur fram í þessum ráðgerðu útvarpsumræðum, hálftíma á flokk, sem þeir áttu að ræða þetta mikilvæga mál. Þá þykjast þeir fá nýjar upplýsingar sem hafi svo gagnger áhrif í þessu efni að ekki sé hægt að taka málið til umræðu. Var þá ekki einmitt hægt að nota tækifærið til þess að upplýsa um þær breytingar sem hefðu orðið á niðurstöðunum eftir þessa handavinnu, — auðvitað var þetta ekki handavinna, þetta er allt handarbakavinna hjá hæstv. ríkisstj., — og breyta þá, ef þetta hafði örlagarík áhrif, að því leyti að þyngja eða þá létta, sem mér hefur oft skilist að hæstv. ríkisstj. hefði meiri áhyggjur af, skattaálögur á fólk? Mátti þá ekki skýra hreinskilnislega frá því í umr. og tilkynna fólki á hverju það gæti átt von? Og ef ríkisstj. var búin að leggja það glöggt niður fyrir sér með hvaða hætti þessir skattar skyldu leggjast á fólkið ætti að vera auðvelt mál að setja sig í nýjar stellingar, taka nýjar ákvarðanir og skýra jafnóðum frá þeim. En það er eitthvað meira sem að baki býr. Hæstv. ríkisstj. þarf að geta haldið fundi með sínum stuðningsmönnum um eitthvað stærra en þá útreikninga sem upplýstir hafa verið. Hún er vonandi orðin hrædd við afleiðingarnar af gerðum sínum og ætlar nú að breyta til í þá átt að halda ekki þeim ókjörum áfram sem nú blasa við og hefur verið sýnt fram á tölulega.

Hvaða afsökun er það fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa ekki áttað sig fyrr á þessu máli, þar sem henni hefur verið sýnt fram á það af skilgóðum mönnum hér um alllanga hríð hvert stefndi um skattaálögur? Það er alls engin afsökun fyrir þessu. Það er brostinn flótti í lið hæstv. ríkisstj. og er að vonum. **(StJ:** Nei, nei, Sverrir.) Það er ekki nokkur minnsti vafi á því og þetta eru bara mannalæti hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni. Þetta hef ég séð undanfarnar vikur þegar ég mæti honum á ganginum, hvað þá heldur ef ég hef séð hann í ræðustól. Nei, þannig standa mál nú að það er varla gerandi að standa hér uppi til þess að halda einhverjar lokuræður yfir þessum ókjörum. Menn eru það þrumu lostnir að þeir mega vart af sér bera, en menn verða samt að reyna að halda uppi merkinu í þeirri von að hægt verði að koma einhverju viti fyrir — eigum við að segja meiri hl. af hæstv. ríkisstj.

Ég orðlengi ekki meir um þetta mál, nema að því leyti að ég fullyrði að ef hæstv. ríkisstj. hefði frá upphafi ekki haldið þann veg á fjármálum og fjáröflunarmálum öllum hjá ríkinu hefði henni ekki átt að verða skotaskuld úr því að mæta til leiks og ræða þau þannig að skikkanlega færi úr hendi eina kvöldstund í Ríkisútvarpinu. Það er auðvitað háðulegt fyrir hæstv. ríkisstj. eftir nokkurra vikna setu að þora ekki í fyrsta lagi að ræða fyrir framan alþjóð um stefnuskrá sína, svo sem segir í þingsköpum, í öðru lagi að skjótast þann veg fyrir horn nú í sambandi við að ræða skattamálin fyrir framan alþjóð. Þetta er auðvitað eitt það háðulegasta sem sést hefur í þingi. Í þau 9 ár, sem ég hef átt sæti á hinu háa Alþingi, hefur ekkert sambærilegt heyrst eða sést, að þeir skyldu nú ekki manna sig upp og reyna að tala í hálftíma hver í útvarpinu til þess að verða sér ekki til þeirrar háborinnar skammar sem við höfum nú fyrir augum! Mér satt að segja rennur þetta til rifja, þó að ég eigi ekki að gæta bræðra minna nokkurra sem þarna eru í bland við tröllin, því að það kemur að því að við þurfum að fara að vinna að skynsamlegum málum með þessum mönnum, vonandi fyrr en síðar. Og því legg ég á það áherslu að þótt stjórnarandstæðingum blöskri allt framferðið mega þeir ekki gefast upp við að reyna eftir mætti að vísa hæstv. ríkisstj. til réttari vegar en þess sem hún hefur nú fetað og getur ekki leitt til neins annars en ófarnaðar sem allir hv. þm. og þjóðin sjálf veit að er upphaf og endir þess, hvort við búum við góðan hag í þessu landi í náinni framtíð. Það er hið mikla mál verðbólgan og áflogin við hana. En ég fæ ekki betur séð en svo sé í hverju einasta atriði fjármálalegs eðlis, og það skiptir auðvitað öllu máli, að stefnt hafi í þá átt að magna verðbólgudrauginn þannig að vandræði okkar aukist að miklum mun og voru þó ærin fyrir.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessum umr. utan dagskrár hafa útvarpsumr., stefnuræða og eldhúsdagsumr., verið dregnar inn í.

Ég vil fyrst taka fram, að það er tilhæfulaust með öllu að sú frestun á 3. umr. um tekjuskattsfrv. í Ed., sem útvarpa átti í kvöld, en henni er frestað, standi í nokkru

sambandi við það, hvort ég tek þátt í þeim umr. eða ekki. Ég hef ekki óskað eftir því og ekki farið fram á að verða ræðumaður í þeim útvarpsumr. Til þessarar frestunnar liggja allt aðrar ástæður, eins og gerð hefur verið grein fyrir.

Út af öðrum útvarpsumr., um stefnuræðu forsrh., sem hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni, ætti að vera óþarft fyrir hv. þm. eða aðra að vera að endurtaka fyrri rangfærslur og misskilning í því efni, þar sem það liggur fyrir í yfirlýsingu og úrskurði hæstv. forseta Sþ. fyrir nokkru að ákvæði þingskapa um stefnuræðu og útvarp hennar eigi ekki við nú. Þetta liggur fyrir. Þeim úrskurði hefur ekki verið hnekkt. Að vísu komu fram einhverjar raddir um að krefjast þess að bera úrskurð hæstv. forseta undir atkv. þingheims, en þeirri ósk hefur víst ekki verið framfylgt eða hún afturkölluð. Þetta liggur fyrir. Situr síst á hæstv. forseta Nd. að vefengja þannig úrskurð kollega síns í Sþ.

Eldhúsumr. verða síðar á þessu þingi, væntanlega nokkru áður en því lýkur. Þar komum við að því, að eins og nú standa sakir í stjórnmálum eiga ákvæði þingskapa þar ekki við. Hæstv. forseti Sþ. og skrifstofustjóri Alþingis hafa þegar rætt það við þingforseta hvernig æskilegt væri að haga þeim umr. og að gerð yrðu afbrigði frá þingsköpum í því sambandi. Mun síðar verða rætt við formenn þingflokkanna um það mál. Og það kemur að sjálfsögðu hér til álita. E. t. v. verður um það samkomulag, e. t. v. þarf þingheimur að skera þar úr. Hins vegar er hugsanlegt, ef ætti að framfylgja við eldhúsumr. bókstaflega ákvæðum þingskapa, sem byggja á öðru ástandi en nú er í stjórnmálum Íslendinga, að eldhúsumr. yrðu háðar án þess að forsrh. kæmi inn í þær umr., og býst ég við að allir séu sammála um að það væri óeðlileg tilhögun. Þess vegna verður annaðhvort að semja um það milli flokka, hvernig eigi að haga þeim eldhúsumr., eða þá að úrskurður forseta Sþ. og/eða atkvgr. í Sþ. skeri þar úr.

Þetta var varðandi ummæli sem hér hafa verið höfð varðandi útvarpsumr. En ég endurtek að ég hef ekki borið fram neina ósk um að koma endilega inn í 3. umr. um tekjuskattsmálið í Ed. og stendur frestunarósk hæstv. fjmrh. ekki í neinu sambandi við það.

Sumir hv. þm. hafa gagnrýnt það mjög harðlega að ríkisstj. sé svo vegvillt í skattamálum að hún þurfi að fresta umr. hvað eftir annað og endurskoða tillögur sínar. Ég vil benda á það, sem allir þm. vita í rauninni, að ástæðan til þess, að erfitt reynist að komast að endanlegri niðurstöðu um skattana, er eingöngu sú, að á þessu ári taka gildi skattalög sem sett voru vorið 1978 af páv. ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, þegar Matthías Á Mathiesen var fjmrh., og um þau varð sæmileg samstaða hér á þingi. Það eru svo margvíslegar breytingar í þeim skattalögum, sem nú koma í fyrsta sinn til framkvæmda, og slík óvissa að slíkt hefur aldrei gerst á Íslandi áður við setningu skattalaga. Ýmsir kunnir og reyndir löggiltir endurskoðendur, sem vanir eru framtölum, hafa látið í ljós opinberlega að þeim sé ákaflega mikill vandi á höndum og ógerningur fyrir þá í mörum efnum að segja fyrir um hvernig hin nýju skattalög verka, bæði að því er snertir atvinnufyrirtæki og einstaklinga. Ofan á þessa margvíslegu óvissu bætist að skattaprósentur í skattalögunum frá 1978 eru ákveðnar miðað við staðgreiðslu, því að sú var bjartsýnin hjá höfundum, þegar þau voru undirbúin og sett, að menn héldu að staðgreiðsla skatta gæti verið komin á um leið og þau kæmust til framkvæmda. Það hefur ekki orðið. Það gerir að verkum að tekjuskattsstiginn í þeim lögum á ekki við og það er vissum örðugleikum bundið og krefst ýmissa áætlana að reikna út hverjar prósentur eru nú, þegar ekki er komin á staðgreiðsla, hliðstæðar þeim prósentum sem þar var byggt á. Það eru sem sagt skattalögin frá vorinu 1978, þau sem nú koma í fyrsta sinn til framkvæmda, sem valda allri þessari óvissu.

Varðandi tekjuskattsstiga þá, sem stjórnarflokkarnir hafa lagt fram nú, vil ég í fyrsta lagi taka það fram, að í því sambandi hafa verið viðhafðar hinar mestu blekkingar af hálfu stjórnarandstæðinga. Landsfólkinu er talin trú um að hér sé um einhverjar stórkostlegar skattaþyngingar að ræða og skattapyndingu. (**HBl:** Það er rétt.) Það er eðlilegt að hv. þm. Halldór Blöndal, sem veður hér uppi dag eftir dag með blekkingar, haldi því fram að þetta sé rétt.

Samkv. þeim tekjuskattsstiga, sem nú liggur fyrir, er það ljóst í fyrsta lagi, að varðandi meðalfjölskyldu með almennar launatekjur, fyrst og fremst láglaunafólkið, lækka skattarnir verulega. Ef við tökum t. d. hjón með tvö börn með venjulegar tekjur, við skulum segja nokkuð ríflegar verkamanntekjur frá síðasta ári, verður skattur þeirra, þ. e. hlutfall skatts af tekjunum, lægri en hefur verið í fjölda ára. Hins vegar kemur það svo í ljós við nánari athugun að sumir hópar gjaldenda mundu hækka í sköttum. Það hefur verið ljóst frá upphafi varðandi hjón þar sem eiginkonan hefur haft háar tekjur, vegna þess að í rúm 20 ár hefur gilt sú regla að þá hefur eiginkona fengið skattfrjálsan helming tekna sinna. En með þeim breytingum, sem gerðar voru með skattalögunum 1978, var ákveðin sérsköttun hjóna og þessi sérregla felld niður. Það var því augljóst eða átti að vera augljóst frá upphafi að í slíkum tilfellum mundi skattgreiðsla hjóna geta hækkað. — En það eru aðrir hópar sem í ljós hefur komið að mundu hækka í skatti, og þeir útreikningar, sem gerðir hafa verið af reiknistofnunum og í tölvum, eru oft og tíðum og hafa að undanförnu verið háðir svo mörgum óvissum forsendum og áætlunum af þeim ástæðum, sem ég hef greint, að það koma, ég vil segja: því miður, upp aftur og aftur dæmi sem menn höfðu ekki gert sér nægilega grein fyrir. Þessi er ástæðan til þess að hæstv. fjmrh. taldi rétt að fresta 3. umr., til að færi gæfist á að kanna þessi atriði nánar og reyna að ráða þar bót á.

Um leið og sumir hv. þm. lýsa hér með sterkum orðum hneykslun sinni á þessari frestun hefur þó einstaka þessara ræðumanna lýst ánægju sinni yfir því að það eigi að kanna þessi mál nánar. En ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan, að orsökin til þessara frestana og til þessa vanda eru skattalögin frá 1978 sem fela í sér mikla óvissu, margt sem erfitt er að áætla eða segja með vissu fyrir um. Þetta er ástæðan fyrir þeim vanda sem við höfum verið í og erum að vissu leyti í sambandi við skattstiga nú.

Ég geri ráð fyrir því, að hvað sem ákveðið verður um skattstigana, um persónufrádrátt, barnabætur og annað nú á þessu þingi hljóti þar að verða um bráðabirgðaákvarðanir að ræða, vegna þess að það verður vafalaust óhjákvæmilegt, þegar menn sjá hvernig skattaálagningin samkv. lögunum frá 1978 kemur út í reynd, að endurskoða meira og minna af þessum hlutum.

Hv. síðasti ræðumaður fór um það mörgum orðum að allt færi í handaskolum og úr böndum hjá núv. ríkisstj. og að hún geri fátt annað en að ausa bensíni á verðbólgu-

eldinn, eins og hann komst að orði. (Gripið fram í). Ég vil fyrst benda á að ríkisstj., sem tekur til starfa 8. febr. s. l., verður að sjálfsögðu fyrst og fremst að glíma við þann vanda að undirbúa og fá afgreidd fjárlög. Til þess hafði hún skamman tíma, en nauðsyn að láta það ekki dragast. Ríkisstj. setti sér það mark að nýtt fjárlagafrv. yrði samið og lagt fram 10. mars eða sem sagt u. þ. b. mánuði eftir að hún tók til starfa, og voru þó ýmsar tafir á þeim tíma, svo sem Norðurlandaþing. Sú áætlun stóðst. Í annan stað setti ríkisstj. sér það mark að fá fjárlög afgreidd á Alþ. fyrir páska. Sú áætlun stóðst líka. Ég tel að hér hafi fyrst og fremst verið af hálfu fjmrh. og starfsmanna hans mjög vel að verki staðið. Þessar áætlanir ríkisstj. hafa fyllilega staðist þrátt fyrir margvíslegan vanda og skamman tíma. Öðrum málum hefur að sjálfsögðu verið reynt að þoka áfram eftir því sem unnt hefur verið. Ég held að það sé ekki neitt sannleikskorn í þeirri fullyrðingu að hér hafi allt farið í handaskolum og mistekist á þessum tíma. Ég held þvert á móti að á þeim röskum tveim mánuðum, sem ríkisstj. hefur starfað, hafi tekist bæði að undirbúa og sumpart fá samþ. ýmis mikilvæg mál.

Nú eru þeir sammála um það, hv. ræðumenn, bæði Sverrir Hermannsson og Vilmundur Gylfason, að nú stefni allt í óefni, og þeir mikla það fyrir sér að væntanlega *muni vísitalan hækka svo mjög 1. maí og 1. júní* að kauphækkun muni verða um 12%. Þeir býsnast mjög yfir þessu. En hver er ástæðan til þess að svo horfir að verðlagshækkun verði svo mikil á næstunni? Meginástæðan er auðvitað sú, að bráðabirgðastjórnin, sem var hér í 4 mánuði, sló á frest og dró ákvarðanir um hin mikilvægustu mál, þannig að þegar loksins komst þingræðisstjórn á laggirnar 8. febr. var uppsafnaður eða samansafnaður vandi margra mánaða sem auðvitað þurfti að leysa. Þessi er ein meginástæðan til þess að framfærsluvísitalan og væntanlega verðbótavísitalan hækka svo mjög á næstunni. Þetta er hv. þm. mjög vel ljóst, og ekki ætti hæstv. fyrrv. ráðh. Vilmundi Gylfasyni að vera það óljósara en öðrum.

Ef hins vegar er litið á hvað hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur lagt til mála eða hans nánustu samherjar til þess að draga úr verðbólgu verður þar fyrst fyrir að lagt er til að minnka tekjur ríkissjóðs og auka útgjöld. Það liggur fyrir, að þeir hafa lagt til að draga verulega úr tekjum ríkisins. Þess hefur ekki orðið vart, þrátt fyrir fyrirheit eins og þeir vitna oft í í stefnuskrá, að þeir hafi lagt fram tillögur um lækkun útgjalda. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki að hafa það sem sannara reynist.) Utan eina tillögu um að lækka niðurgreiðslur um 5 milljarða. Það er líklega ein helsta andverðbólguráðstöfunin að lækka niðurgreiðslur á búvörur um 5 milljarða til að hækka þá framfærslu- og verðbótavísitöluna um nokkur prósent. (**Gripið fram í:** Er búið að heimila það?) Þetta liggur allt saman fyrir í þskj. og ræðum. Þetta er aðalatriðið sem frá þeim hefur fram komið í *því efni. Menn eiga væntanlega eftir að heyra* enn einn lesturinn frá hv. þm. Halldóri Blöndal hér á eftir. Því er rétt að rifja þetta upp um leið og haldið er fram hinum örgustu blekkingum um stórfelldar skattahækkanir og þegar talað er um að verðbólgan aukist í tíð þessarar stjórnar meira en ella, því að tillögur þessara hv. þm. mundu leiða annars vegar til aukinnar verðbólgu með lækkuðum niðurgreiðslum og hækkaðri framfærsluvísitölu og hins vegar stórkostlegs halla á ríkissjóði enn eitt árið, sem eins og allir vita er ein af meginástæðunum til verðbólgunnar á undanförnum árum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég óskaði eftir að fá að bæta hér við örfáum orðum vegna þess að ég get ekki verið á þingfundi síðar í dag.

Ég verð að segja það, eftir að hv. stjórnarandstæðingar hafa komið hingað upp í langri röð með miklum hávaða, að litlu verður Vöggur feginn. Það, sem gerist, er að 3. umr. um stjfrv. í annarri deildinni er frestað fram yfir helgi, og það kostar okkur að upp veður hálfur þingflokkur Alþfl. og nokkrir þm. Sjálfstfl. og dagurinn fer í að ræða hið ægilega vandamál sem upp er komið: Auðvitað er það algert einsdæmi í þingsögunni að umr. um mál sé frestað, auðvitað algert einsdæmi og óheyrilegt, ósæmilegt með öllu. — Ætli hv. þm. Lárus Jónsson hafi ekki hitt naglann á höfuðið áðan þegar hann sagði að lofsvert væri og þakkarvert að ríkisstj. fresti málinu eftir að nýjar upplýsingar liggja fyrir.

Hér er mikið talað um stjórnleysi, og það er sagt að skattalög séu óafgreidd. Ég vil aðeins segja þetta: Hér var stjórnleysi, hér var öngþveiti eftir fjögurra mánaða valdaskeið Alþfl. En því tímabili er sem betur fer lokið og núv. ríkisstj. hefur fengið tækifæri til að taka til hendinni. Við erum búnir að afgreiða fjárlög á ófenjulega stuttum tíma, og við erum að greiða úr þeirri miklu flækju sem skattalög voru komin í. Hér var svo sannarlega stjórnleysi, stjórnarkreppa, og væri áreiðanlega enn ef þessir ágætu stjórnarandstæðingar mættu ráða — mennirnir sem hafa boðað það helst að sprengja hverja þá stjórn sem ekki lyti vilja þeirra. Auðvitað er staðreyndin sú, að það var þá fyrst þegar menn gerðu sér almennilega grein fyrir því í þinginu, að skilyrðið til þess að unnt væri að mynda starfhæfa stjórn væri að ýta Alþfl. til hliðar, að við losnuðum úr því stjórnarkreppu- og stjórnleysisástandi sem hér var ríkjandi. Ég skil vel og veit vel að þetta gremst stjórnarandstæðingum afskaplega og þá alveg sérstaklega hv. þm. Alþfl. Þess vegna eru þeir svo mjög vanstilltir í þessum umr. af engu tilefni. Ég held að þeir megi sannarlega þakka fyrir að ekki skyldi vera útvarpað frá þessum umr. í dag.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vek fyrst athygli á því, að hæstv. fjmrh. óskaði eftir að gera hér stutta aths., eftir að búið var að ákveða að fresta fundi, til að koma með almenn fúkyrði um þm. og þingheim. Í ljósi þess, að hæstv. ráðh. hefur óskað eftir því að þinghaldi sé frestað til þess að flokkur hans geti komið saman á þingflokksfund og ríkisstj. geti rætt saman um það ástand sem nú er komið upp, lýsi ég furðu minni yfir þessari smekkleysu og þessari framkomu. En málflutningur hans talaði skýrustu máli um það, að lítið er í pokanum og lítið í höfðinu á hæstv. fjmrh.

Ég vil svo segja það við hæstv. forsrh., og skal ekki *níðast á þolinmæði forseta Sþ.* að öðru leyti, en bara minna á þetta: Hæstv. forsrh. talaði um meðalfjölskyldu, hjón með tvö börn með venjulegar tekjur, ríflegar verkamannatekjur, og sagði að hjá þessari fjölskyldu yrði hlutfall skatts af tekjum lægra en það hefur verið í fjölda ára. Ég vil skora á hæstv. forsrh. að leggja þetta dæmi tölulega fyrir þingið eða verða ómerkingur ella. (Gripið fram í.) Það er gott. Þá hlakka ég til að lesa það.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því sem ég sagði áðan: Hvernig stendur á því að tekjuskattsinnheimtan eykst

hlutfallslega borið saman við verðlag og laun ef jafnframt dregur úr skattheimtunni? Ætli það væru þá ekki hlutfallslega færri krónurnar sem kæmu inn ef það væri orð að marka sem hæstv. forsrh. segir í þessum efnum.

Hitt þykir mér svo nýlunda, að hæstv. forsrh. fer nú að hrósa því sem hann gagnrýndi mest á haustdögum 1978, að ráðið til að leysa verðbólguna væri að búa til falskan kaupmátt með háum niðurgreiðslum. Ég vil jafnframt minna á að hæstv. forsrh. var einn af þeim mönnum sem buðu sig fram fyrir Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar. Ég veit ekki betur en hann hafi á þeirri stundu verið okkur sammála í grundvallaratriðum efnahagsmálanna. Honum hefur því snúist hugur síðar. En það er rétt sem hann að öðru leyti sagði um efnahagsmál og ríkisfjármál í ræðu sinni áðan. — [Fundarhlé.]

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er heldur aumleg frammistaða hjá hæstv. ráðh., hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., að stunda árásir á seinustu mínútum fyrir hlé, en láta síðan ekki sjá sig þegar til andsvara kemur. Ég óska nú eftir að þessir menn verði einhvers staðar við. Mun forseti gera ráðstafanir til þess að hafa uppi á ráðh.? (**MÁM:** Forsrh. er fjarvistum. — **VG:** Verður þá gert hlé á fundinum, notað tækifærið? — **Forseti:** Nei, nei. — **StJ:** Af hverju má þá ræðumaður ekki standa þarna þangað til ráðh. kemur?) Vill ekki forseti fresta fundi eins og hálftíma meðan haft er uppi á hæstv. ríkisstj. sem er hlaupin í felur? (**Forseti:** Það hefur komið fram ósk um að fresta fundi þar til náðst hefur í viðkomandi ráðh. og mun ég verða við þeim tilmælum. Fundi verður frestað til kl. sex.) — [Fundarhlé.]

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég mun nú halda áfram ræðu minni, þó að heimturnar séu ekki nema 10% af ríkisstj. Ég veit ekki hvort á að taka þær með álagi af því að það er forsrh. Það gæti þá kannske orðið 12.1%, sem er þekkt tala.

Ég hafði hugsað mér að þakka þeim manni, sem sitja á í þeim stól sem auður er næstur á vinstri hönd frá mér séð, fyrir svör hans við þeim fsp. sem ég bar fram, þó það væri tiltölulega lítið á þeim að græða. Það virðist vera ljóst að ríkisstj. hafi verið með hugann svo bundinn við að draga úr óvissunni hjá sjálfri sér að óvissan hjá fólkinu í landinu hafi ekki skipt neinu verulegu máli. Það kom fram í máli ráðh. að hann og liðsmenn hans vildu gjarnan fá tíma núna til að skoða málin örlítið nánar. Í gær taldi hæstv. ráðh. enga ástæðu til þess að hugsa. Í dag er hann orðinn mjög hugsi. Það getur í sjálfu sér verið nokkurt umhugsunarefni fyrir okkur. Ég tel að það sé gleðilegt fyrir okkur Alþfl.-menn, ef sú krafa okkar að láta fara fram útvarpsumr. hefur orðið til þess að hæstv. fjmrh. og kannske ríkisstj. öll hafi byrjað að hugsa í gærkvöld og telji nú ástæðu til að hugsa enn þá frekar.

En það er eitt í þessu máli sem ég held að sé ástæða til að gera sérstaklega að umræðuefni. Hæstv. ráðh. hafa viljað halda því fram, og einkum og sér í lagi fjmrh., að það væri einhver mismunur á þeim útreikningi, sem hefði verið framkvæmdir í Reiknistofnun Háskólans, annars vegar og þeim, sem birtist á blöðum frá ríkisskattstjóra, hins vegar. Ég tók það fram í inngangsræðu minni við upphaf þessarar umr., að svo væri ekki. En ég vil ítreka að það er ljóst af þeim útreikningum, sem hafa verið framkvæmdir af Reiknistofnun Háskólans, að um verulega skattþyngingu sé t. d. að ræða á einstæðu foreldri með eitt barn. Þetta liggur alveg ljóst fyrir og hefur legið ljóst fyrir í þeim gögnum sem hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðar hafa haft fyrir sér allan tímann. Og þá er ekki nema tvennt til: annaðhvort hefur verið hugmyndin að læða þessu í gegn og níðast þannig á þessum lágtekjuhópi ellegar þá að mennirnir hafa ekki lesið gögnin. Hér stendur alveg svart á hvítu, að á bilinu 2—3 millj. kr. í tekjum hjá einstæðu foreldri með eitt barn muni skattbyrðin vaxa um 63 þús. kr. að jafnaði — þegar menn eru með kannske rétt um 200 þús. kr. á mánuði. Og það er líka alveg ljóst að á næsta tekjubili, frá 3—4 millj., muni skattbyrðin vaxa að jafnaði um 119 þús. kr. Það er líka ljóst um þennan hóp í heild, einstæða foreldra, samkv. þeim tillögum sem menn hafa verið með fyrir framan sig útreiknaða, að heildarskattbyrðin á þeim hefur átt að vaxa um 180 millj. kr. eða tífaldast, fara úr 20 millj. upp í 200 millj. Þetta liggur ljóst fyrir í þeim útreikningum sem ríkisstj. hefur látið framkvæma.

Ég rakti við umr. í Ed. hverjar afleiðingar þetta hefði í einstöku dæmi, sem ég hef rakið fyrr í þessari umr., af einstæðu foreldri með eitt barn og 3 millj. bruttótekjur. Það er tvöfölduð á því skattbyrðin og kannske rúmlega það. Í staðinn fyrir um 270 þús. kr., sem fari til að mæta útsvari og til útgreiðslu, er sú upphæð komin niður í 120 þús. kr. Þetta er auðvitað nákvæmlega það sama og kemur fram í útreikningunum frá ríkisskattstjóra sem hæstv. fjmrh. virðist hafa gefið sér tóm til að líta aðeins í í gærkvöld, væntanlega þegar hann var að búa sig undir útvarpsumr. — Þar kemur fram nákvæmlega það sama t. d. fyrir einhleypan, að þar er skattbyrðin stórlega aukin. Hér er tekið dæmi, sem er mjög nálægt því dæmi sem ég hef rakið, af framteljanda sem er með 3.1 millj. í bruttótekjur. Hann fer úr 122 þús. upp í 190 þús. Það liggur við að tvöfaldist á honum skatturinn.

Mönnum hefur alls ekki þurft að koma þetta á óvart. Það er aumingjalegt af hæstv. fjmrh. að kenna Reiknistofnun um eða telja að það sé eitthvert misræmi á milli þessara útreikninga. Þeir eru í fullu samræmi hvor við annan og það sem meira er, hverjum og einum væri í lófa lagið að reikna þetta einfalda reikningsdæmi. Hvað eru 20% af 2.7 millj. að frádregnum persónuafslætti og barnabótum? Hvað eru 25% af sömu tölu að frádregnum persónuafslætti og barnabótum? Þetta er hægt að reikna á einni til tveimur mínútum. En það verður ekki séð að hæstv. fjmrh., nema hann hafi ætlað að læða þessu í gegn, hafi nokkurn tíma gefið sér tóm til þess að líta á hvernig þessi hópur kæmi út í skatti, a. m. k. lætur hann svo nú að hann komi af fjöllum, og hefur hann þó gjarnan viljað telja sig sérstakan talsmann þeirra sem minni máttar eru í þjóðfélaginu. Fyrir kosningarnar töluðu Alþb.-menn mikið um að vernda kjörin, sérstaklega hjá hinum lægst launuðu. Nú hefur það verið berað, hver aðferðin er til að vernda kjörin. Það á að tvöfalda skattinn á þeim sem lægstar hafa tekjurnar.

Hæstv. fjmrh. réðst með miklum fúkyrðum á Alþfl. rétt áður en hann stökk úr salnum og lét þess getið að hann mundi ekki láta sjá sig framar. Þetta hefði í sjálfu sér gefið tilefni til þess að ég hefði gert aths. við dagskrá, en ég lét það ógert. Hann talaði um að það væri ljóti flokkurinn Alþfl., sem legði eitthvað upp úr því sem hann segði, sem væri tilbúinn til þess að fara úr ríkisstj. ef hann næði ekki fram stefnumálum sínum. Það er kannske von að maðurinn sé reiður, því þessu er allt öðruvísi farið með Alþb. Þar er boðað að þeir standi vörð

um kjörin fyrir kosningar, en eftir kosningar er þeim gersamlega sama um hvernig t. d. þeir tekjulægstu koma út, eins og áður nefnt dæmi sannar, eða þá að þeir hafa ekki einu sinni nennu í sér til að gá að því, hvernig þessir hópar koma út samkv. þeim skattstiga sem þeir eru að leggja til að verði samþykktur. Þetta er lýsingin á Alþb. Þetta eru þeirra vinnubrögð. Það eru stólarnir sem gilda, en ekki stefnumiðin.

Ég sé líka ástæðu til að gera verulegar aths. við þá ræðu sem hæstv. forsrh. flutti áðan.

Hæstv. forsrh. gerði í fyrsta lagi mikið úr því, að erfitt væri að finna hliðstæðu við það hvernig skattstigi skyldi vera nú, vegna þess að í lögunum frá 1978 hefði hann verið miðaður við staðgreiðslu. Það er náttúrlega út í hött að vera með svona málflutning, vegna þess að sá samanburður, sem við erum að gera, er við skattstigann, sem í gildi var síðast, og hins vegar þann skattstiga sem verið er að smíða. Staðgreiðsluskattstiginn skiptir engu máli í þessu sambandi, hefur ekki nokkurn skapaðan hlut með þetta mál að gera. — En maður hefði getað haldið að einhverjir ráðh. í hæstv. ríkisstj. hefðu a. m. k. getað reiknað svona einfalt dæmi eins og ég hef hér rakið fyrir þá, 20% mínus tvær tölur, til þess að gá að því hvað kæmi út. Það er sá samanburður sem menn þurfa að gera.

Hæstv. forsrh. talaði um það sérstaklega áðan, að skattar lækkuðu á láglaunafólki. En hvað er það sem við höfum verið að tala um í Ed. seinustu tvo dagana og svo aftur í dag? Er það ekki láglaunafólk sem hefur 3 millj. í tekjur? Ég spyr forsrh.: Hvar er þá láglaunafólk ef það telst ekki láglaunafólk sem hefur 3 millj. kr. í tekjur, einstæðir foreldrar eða einhleypir? Ég hefði haldið að það teldist til láglaunafólks. Sú staðhæfing að skattar lækki verulega á láglaunafólki er því fráleit og á engan hátt rétt á sér. (**Forsrh.:** Ræðumaður ætti að fara rétt með það sem ég sagði. Ég talaði um meðalfjölskyldu, hjón með tvö börn.) Ég hef ekki lokið máli mínu, forsrh.

Forsrh. talaði um það almennt, að skattar lækkuðu á láglaunafólki, og síðan tók hann sérstakt dæmi af hjónum með tvö börn, en hann minntist ekki einu orði á þann láglaunahóp sem hefur verið sérstaklega til umr. í dag.

Síðan er talað um óvissar forsendur og áætlanir hjá Reiknistofnun sem einhvern sérstakan vanda í þessu máli. Það er alveg sama hvað því líður, vegna þess að dæmið er svo einfalt að hvert barn í seinni hluta barnaskóla getur í sjálfu sér reiknað það og séð að sama kemur út og við höfum verið að tala um undanfarna daga. Það er þess vegna ekki hægt að rekja þetta til skattalaganna frá 1978, og það er ekki hægt að kenna Reiknistofnun um, vegna þess að í rauninni liggur það allt saman fyrir í gögnum Reiknistofnunar þó í meðaltölum sé. Öllum hefði átt að vera í lófa lagið að reikna það dæmi fyrir einhvern einstakling.

Hæstv. forsrh. vildi gera mikið úr afrekum ríkisstj., henni hefði tekist að setja saman fjárlög og fá þau afgreidd, ríkisstj. hefði sett sér það mark að fá fjárlög afgreidd. Þetta er háleitt mark. Það hefði kannske verið svolítið háleitara að vera með eitthvert mark um það hvernig fjárlögin ættu að líta út. Það var ekki minnst einu orði á það.

En það var annað í máli hæstv. forsrh. ákaflega athyglisvert. Hann var að tala um að meginástæðan fyrir því, að lítið gengi hjá ríkisstj., og ástæðan fyrir því, að verðlagshækkanir færu núna upp í 12%, væri hvernig ríkisstj. Alþfl. hefði haldið á málum og skotið málum á frest. Þetta er hin mesta firra. Það mátti skilja á máli hæstv. forsrh. að verðbólgan væri svona mikil núna af því að hún hefði verið of lítil í stjórnartíð Alþfl. En ef þetta er leiðin hefur verðbólgan væntanlega orðið þó þetta mikil hjá krötunum af því að hún var of lítil í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, og hún hefur væntanlega orðið of mikil í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar af því að hún var oflítil í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, og verðbólgan hefurorðið of mikil í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar af því að hún var of lítil í þeirri vinstri stjórn sem réð þar áður. Samkv. þessari kenningu væri líklega lítil sem engin verðbólga hjá okkur ef vinstri stjórnin á árunum 1971—1974 hefði haft vit á að hafa svo sem eins og 300% verðbólgu. Þá væri okkur líklega bara borgið. Það sér auðvitað hver heilvita maður að svona kenning stenst ekki með neinu móti. Þetta er falskenning vegna þess að verðbólgan fæðir verðbólgu af sér.

Núv. ríkisstj. hefði verið í lófa lagið að notfæra sér það að ríkisstj. Alþfl. hafði þó tekist að ná verðbólgunni verulega niður, eða úr 10—13% í 6—8%, eftir því hvaða mælikvarði er notaður. Þá var niðurtalning verðbólgunnar hafin. En núv. ríkisstj. komst að þeirri niðurstöðu að endilega þyrfti að hleypa skrið á verðbólguna. Og hver haldið þið svo að árangurinn af því verði? Jú, sú verðbólguskriða, sem ríkisstj. er nú að bæta ofan á alveg sérstaklega, fæðir af sér nýja verðbólgu, og kröfurnar munu aukast vegna þeirrar viðbótar sem ríkisstj. er að bæta við. Sú verðbólguviðbót fæðir af sér aðra verðbólguviðbót. Sannleikurinn í þessu máli er nefnilega alveg öfugur við það sem hæstv. forsrh. hélt fram áðan.

Það verður ekkert auðveldara, það verður langtum erfiðara að hefja niðurtalninguna seinna, eins og virðist vera hugmynd ríkisstj. Það skyldi þó ekki vera að ríkisstj. komist að því líka á næsta verðlagstímabili að hún hafi ekki haft nógu mikla verðbólgu á þessu seinasta verðlagstímabili og verði þess vegna að hleypa enn þá meira fram hjá næst.

Nei, sannleikurinn er sá, að niðurtalningin var hafin í ríkisstj. Alþfl. Hún var hafin með aðhaldi á öllum sviðum. Hún var hafin með aðhaldi í ríkisbúskapnum. Þar var haldið fast um taumana. Hún var hafin með því að flytja fjárlagafrv. sem hefði verið raunverulegt viðnám gegn verðbólgunni. Hún var hafin með aðhaldi í peningamálum, t. d. því að vextir voru hækkaðir einnig 1. des. til þess að sparifé væri verndað og sparnaður ykist í þjóðfélaginu. En hjá núv. ríkisstj. er öllu á öfugan veg farið: Peningamálastjórn er lítil sem engin, sparnaður mun dragast enn frekar saman í þjóðfélaginu, ríkisbúskapurinn er þaninn upp úr öllu valdi. — Það er auðvitað svo í verðlagsmálunum að þar þarf aðhald líka, aðhald sem menn finna fyrir. En menn undu við það aðhald sem við tileinkuðum okkur í ríkisstj. Alþfl. Og það þarf enginn að halda að hægt sé að ná árangri í verðbólgumálunum öðruvísi en menn finni eitthvað svolítið fyrir því. En sú ríkisstj. undanlátseminnar og slappleikans, sem nú ríkir, hefur kosið að láta undan. Ríkisforstjórarnir í SÍS og viðskiptajöfrarnir vilja auðvitað fá meir í sinn hlut. En þá mun verðbólgan líka halda áfram á fullri ferð.

Sannleikurinn er auðvitað sá, að ríkisstj., sem nú situr, hefur tekist alveg lygilega vel að magna upp þann vanda sem er í þjóðfélaginu. Ein fyrstu verk ríkisstj. voru þau, að það þyrfti sérstaklega að skila aftur vinnslustöðvum landbúnaðarins tveim prósentustigum, sem hafði verið

liður í því hjá ríkisstj. Alþfl. að allir tækju þátt í viðnáminu gegn verðbólgunni, líka vinnslustöðvar landbúnaðarins, þær yrðu líka einhverju að fórna. Núv. ríkisstj. komst hins vegar að þeirri niðurstöðu, að þessu yrði auðvitað að skila aftur. Og hvað gerist daginn eftir? Fiskverðssamningum er sagt upp og kom engum á óvart. Og síðan sat hæstv. ríkisstj. í því vikum saman að reyna að koma saman nýju fiskverði. Skriðan var sett af stað. Þannig hefur þetta gengið koll af kolli.

Við Alþfl.-menn höfum flutt tillögur um að lækka tekjuskattinn og við höfum flutt tillögur um lækkun útgjalda á móti á ýmsum sviðum, og sá tillöguflutningur okkar hefur byggst á því, að það verði að vernda kjör fólksins í landinu á sama tíma og hugmyndin er a. m. k. að reyna að ná tökum á verðbólgunni og sérstaklega eigi að vernda kjör hinna lægst launuðu.

Ég hafði í rauninni ekki hugsað mér að fara að tala hér almennt um efnahagsmálastjórn ríkisstj. En sá málflutningur, sem hæstv. forsrh. og fjmrh. höfðu í frammi, gefur fyllsta tilefni til þess að halda langtum lengri ræðu um þá ógæfu, um þá óstjórn, sem hér ríkir, og hvernig ríkisstj. hefur tekist að glutra niður þeim áfanga, sem var að nást í aðhaldi gegn verðbólgunni, og hvernig ríkisstj. heldur á hinum ýmsu þáttum efnahagsmálanna, hvort heldur er peningamála, ríkisfjármála eða verðlagsmála. Það er leitt að svo illa skuli komið sem raun ber vitni.

Í þessu sambandi er kannske ekki úr vegi að minnast örlítið á ummæli sem hv. þm. Lárus Jónsson viðhafði hér um að Alþfl. hefði ekki fylgt Sjálfstfl. í tillögum um skattalækkanir. Við fluttum eigin till., sömu tillögur og við töluðum fyrir fyrir kosningar, sömu tillögur og fjárlagafrv. byggðist á. Þessar sömu tillögur um skattalækkanir höfum við flutt í Ed. og þær verið felldar. Sjálfstfl. var með fulla leiftursókn fyrir kosningar, en núna í umr. um fjárl. eða í umr. um skattstigana er það bara eins þriðja leiftursókn sem er boðuð. Tillögur Sjálfstfl. fara þannig eftir aðstæðum hverju sinni, en okkar tillögur hafa verið raunhæfar og miðast við að hægt væri að mæta þeim með lækkun útgjalda með skynsamlegu móti.

Ef hæstv. fjmrh. hefði látið sér nægja fyrri ræðu sína hefði hann kannske haldið höfði bærilega varðandi það sem er að gerast. En hann sá sérstaka ástæðu til þess að ráðast á Alþfl. í seinni ræðu sinni í algerri málefnaþurrð ráðh. Hann var eiginlega í fyrri ræðunni öllu auðmjúkari en hann var í gær eða fyrradag þegar þessi mál voru til umr. í Ed. Þá talaði hann með miklu offorsi um að það þyrfti að ljúka þessari umr. sem fyrst og allur málflutningur okkar Alþfl.-manna væri út í hött. Hann var öllu auðmjúkari núna. Nú var ástæða til þess að hugsa sig um. En það, sem var athyglisvert í ræðu hæstv. fjmrh., var kannske ekki hvað síst að hann fékkst ekki til þess að lýsa yfir að ósanngjarnt væri að skattpína sérstaklega einstæð foreldri með eitt barn og 3 millj. í bruttótekjur, t. d. ekkju með eitt barn og 3 millj. í bruttótekjur, eða einhleyping. Hann fékkst ekki til að lýsa því yfir, að það væri ósanngjarnt, og var þó sérstaklega að því spurður. Þar standa þau ummæli fjmrh. frá því í umr. í fyrradag í Ed., að hann teldi að það væri hvergi ósanngjarn munur á þeim tillögum, sem hann væri með, og því, sem reiknast mundi samkv. gömlu skattalögunum. Þar standa þau ummæli hans, að einstæðir foreldrar hafi notið sérstakra fríðinda áður og verið þá eins konar forréttindahópur og það væri einhver lagfæring sem hann þyrfti að gera á því. Ég átti von á að ráðh. sæi sig um hönd og lýsti yfir að hann hefði komist að því að þetta væri ekki sérstaklega sanngjarnt.

Meginþættir þess, sem hefur komið fram í þessari umr., eru tiltölulega fáir. Það voru hrokafull svör sem voru veitt í fyrradag við gagnrýni á skattstigafrv. En þegar hæstv. fjmrh. og ríkisstj. fara að búa sig undir að mæta alþjóð og í útvarpsumr. að kröfu okkar Alþfl.-manna renna á þá tvær grímur. Það er rangt að það sé einhver mismunur á útreikningum Reiknistofnunar og ríkisskattstjóra og eitthvert misræmi þar á milli. Það er það skjól sem hæstv. fjmrh. er að reyna að búa sér til núna. Mér þykir lítilmannlegt að kenna stofnun úti í bæ um að hann hafi hugsanlega komist að einhverri annarri niðurstöðu. Það er bara tvennt til. Annaðhvort þorðu stjórnarliðar ekki að verja gerðir sínar frammi fyrir alþjóð ellegar þeir hafa aldrei litið á þá útreikninga, sem framkvæmdir voru í Reiknistofnun, og aldrei gert svo lítið sem reikna eitt lítið reikningsdæmi um hvernig þeir, sem verst settir eru í þjóðfélaginu, koma út gagnvart þeim skattstiga sem þeir eru að leggja til að verði samþykktur. Hvort heldur sem þeir eru að renna af hólmi með þessa skattpíningarstefnu eða hafa aldrei haft framtak í sér til að gá að því, hvað þeir væru að gera, er það í sjálfu sér vitnisburður um vinnubrögðin í ríkisstj. og það hugarfar sem þar ríkir. Ef hæstv. ráðh. hafa aldrei litið á þessa útreikninga og aldrei gert svo lítið sem reikna eitt lítið reikningsdæmi af þessu tagi held ég að það hefði verið einfaldast að þeir hefðu játað yfirsjón sína og lýst yfir að auðvitað væri það rétt, sem þm. Alþfl. hefðu verið að segja síðustu dagana, að þarna væri verulegur munur og hann væri ósanngjarn og hann yrði að leiðrétta.

Sighvatur Björgvinsson: Það eru aðeins örfá orð, aðallega út af ræðu hæstv. forsrh. áðan um þingsköp.

Eg vil þó taka fram að það er orðið ljóst núna, hver ástæðan er fyrir því að á ellefta tímanum í gærkvöldi krafðist hæstv. fjmrh. í nafni ríkisstj. þess, að horfið yrði frá að útvarpa 3. umr. um skattstiga frá Ed. Ástæðan var sú, að hæstv. ríkisstj. hafði orðið þess áskynja í gærkvöldi að þeir skattstigar, sem hún hafði lagt fyrir Alþ. til samþykktar, voru þess eðlis að þeir gerðu ráð fyrir mjög aukinni skattbyrði á það fólk í þjóðfélaginu sem á um einna sárast að binda. Hæstv. ríkisstj. treysti sér ekki til þess að ganga til þess leiks frammi fyrir alþjóð í útvarpsumr. sem til stóð. Hæstv. fjmrh. óskaði eftir því við forseta Ed. Alþingis að hann heimilaði honum að renna af hólmi. Þetta er staðreynd sem hefur komið fram í þessum umr. og er vert að vekja athygli á.

Það hefur líka komið fram í umr., sem vert er að vekja athygli á, að þessar upplýsingar hafði hæstv. ríkisstj. í höndunum áður en hún tók endanlega ákvörðun sína um þá skattstiga sem lagðir hafa verið fram í þinginu. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur sýnt fram á að ríkisstj. hafði í höndunum tölvuútskrift frá Reiknistofnun Háskólans sem leiddi þessi sannindi í ljós. Ef ríkisstj. var þá ókunnugt um hvað hún var að gera í skattamálunum hefur það annaðhvort verið vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur ekki gefið sér tíma til að lesa nógu vandlega þau gögn, sem hún hafði í höndunum, áður en hún ákvað skattstigann sem hún lagði fyrir þingið, eða þá hún hefur ekki skilið þau gögn sem hún fékk til aflestrar. Ég hef ekki trú á því síðarnefnda, að hún hafi ekki skilið hvað í þessum gögnum stóð, en meiri trú á því fyrrnefnda, að

hæstv. ríkisstj. hafi ekki gefið sér tíma til að lesa þau nógu gaumgæfilega. Það er ekkert nýtt, því að hæstv. ráðh. hafa keppst við að lýsa því yfir í útvarpi og sjónvarpi undanfarna daga, að ríkisstj. hefði haft svo mikið að gera í einhverjum ótilteknum málum að hún hafi ekki haft tíma til að ræða stöðuna í kjarasamningamálum í landinu. Er líka auðséð samkv. þessu að ríkisstj. hefur ekki heldur haft tíma til að kynna sér eigið skattstigafrv. og hefur ekki heldur haft tíma til að gá að því, hvernig tillögur hennar í skattamálum mundu leika það fólk sem á um hvað sárast að binda.

Ég vil láta það koma fram hér til viðbótar, að einnig á Alþ. komu þessar upplýsingar fram fyrir allnokkru. Þær komu fram í prentuðu þskj. sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson lagði fram í Ed. og ætla má a. m. k. að hæstv. fjmrh. hefði átt að gefa sér tíma til að lesa. Þessar upplýsingar komu einnig fram í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar við umr. um málið í Ed. í gær, en hæstv. ráðh. harðneitaði við þær umr. að viðurkenna að þessar upplýsingar væru réttar. Það var ekki fyrr en kl. hálfellefu í gærkvöld, þegar hæstv. ráðh. stóð frammi fyrir því að þurfa að standa fyrir máli sínu í útvarpsumr., að það fóru að renna á hann tvær grímur. Hann gerðist hræddur og óskaði eftir því við forseta Ed. að forseti heimilaði honum að renna af hólmi. Þetta eru handarbakavinnubrögð sem eru einkennandi fyrir hæstv. ríkisstj.

Það er ástæða til að benda á að hæstv. forsrh. hefur talið það vítaverð vinnubrögð að lögð skuli vera fyrir eitt og sama Alþ. þrjú fjárlagafrv. á sex mánuðum, að vísu af þremur ríkisstjórnum. En hvað segir þá hæstv. forsrh. um ríkisstj. sem á rúmum þremur vikum hyggst leggja þrjú skattstigafrv. fyrir Alþ. til afgreiðslu og hopar jafnharðan frá eigin skattstigum aftur? Hvers konar vinnubrögð eru það, hæstv. forsrh., að ríkisstj. leggur fram á Alþ. einu sinni í viku skattstigafrv., en hleypur frá því sama skattstigafrv. í vikulokin vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur ekki gefið sér tíma til að undirbúa málið nógu vel?

Þá vil ég enn fremur víkja að því, að hæstv. forsrh. sakaði okkur Alþfl.-menn um að við bærum höfuðábyrgð á þeirri óðaverðbólgu sem ríkisstj. hans hefur nú hleypt af stað. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að gerð var þriggja mánaða spá um þróun verðlags mánuðina fram til 1. mars. Niðurstaðan varð sú af þriggja mánaða ríkisstj. Alþfl. fyrir þann tíma, að verðbólgan í landinu jókst um það bil tveimur prósentum minna en spárnar höfðu gert ráð fyrir. Ríkisstj. Alþfl. var minnihlutastjórn og hafði komið út úr kosningum og hafði því enga aðra ástæðu til að reyna að takast á við verðbólguvandann. Ríkisstj. Alþfl. tókst á þessu tímabili að draga úr verðbólguþróun þannig að verðbólga jókst ekki á þessu þriggja mánaða tímabili nema um 6—8%, en því var áður spáð að hún mundi aukast um 2—3% meira. Á fyrstu þremur mánuðum núv. hæstv. ríkisstj. hefur verðbólguþróunin í landinu hins vegar aukist jafnmörgum prósentustigum meira en spáð var við upphaf valdaferils hennar. Nú eru allar líkur á að þegar reiknuð verður út verðbólgan á næstliðnum þremur mánuðum verði niðurstaðan um 13%.

Við Alþfl.-menn skiluðum af okkur með 6—8% verðbólgu á okkar tímabili. Þá tók hæstv. núv. ríkisstj. við. Verðbólgan á næstu þremur mánuðum, þegar hún var við völd, var 13%. Þetta kallar hún að sé sök okkar Alþfl.-manna. Hvers vegna hefur verðbólgan vaxið svona? Hvers vegna verður verðbólga fyrstu þrjá mánuði í valdatíð núv. hæstv. ríkisstj. 12—13%? Því ráða ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi gengisbreyting. Í öðru lagi innlendar kostnaðarhækkanir. Og hver skyldi stjórna þessu? Hver ákveður breytingar á gengi íslensku krónunnar? Það er hæstv. ríkisstj. sjálf. Það er hennar ákvörðun einnar að á fyrstu þremur mánuðum, sem hún er við völd í landinu, hefur hún látið breyta gengi um 11%. Hún ákvað gengislækkun um 8%. Afgangurinn er gengissig sem hún hefur sjálf ákveðið. Ákvörðunin um gengisbreytingu, gengisfall íslensku krónunnar, sem veldur því að verðbólgan hefur farið vaxandi á undanförnum vikum, er tekin af hæstv. ríkisstj. sjálfri. Það voru engar utanaðkomandi ástæður þessu valdandi. Það er ákvörðun hæstv. ríkisstj. að gengisbreytingin skuli vera þessi.

Það má segja að gengisbreytingin hafi verið gerð til að leysa úr vanda útflutningsfyrirtækjanna, fyrst og fremst fiskvinnslunnar. Vandi útflutningsfyrirtækja skapaðist annars vegar af innlendum kostnaðarhækkunum og hins vegar af hækkuðu fiskverði. Hver er það hér á Íslandi sem fer með stjórn verðlagsmála og ákveður hverjar innlendar kostnaðarhækkanir skuli verða? Það er hæstv. ríkisstj. og enginn annar. Ef vandi hefur skapast í frystihúsarekstri vegna þess að innlendur kostnaður hefur hækkað meira en menn gerðu ráð fyrir er það vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur samþykkt það og gefur út að innlendur kostnaður skuli hækka meira en menn gerðu ráð fyrir. Og hver var það sem ákvað fiskverðshækkunina? Það var fulltrúi hæstv. ríkisstj. sem það gerði. Það var hann sem ákvað þá fiskverðshækkun sem varð að beiðni hæstv. ríkisstj. Og hvað gerðist við þá ákvörðun? Jú, hæstv. ríkisstj. lofaði við þá ákvörðun að fella gengið um 8%. Hún gaf út það loforð. M. ö. o. er gengisfellingin ákvörðun ríkisstj. Fiskverðshækkunin, sem m. a. varð til þess að valda erfiðleikum í rekstri frystihúsa, var ákvörðun ríkisstj. Og innlendu kostnaðarhækkanirnar, sem urðu til þess að skapa þeim vanda, voru líka ákvörðun ríkisstj.

Verðbólgan hefur vaxið meira en menn óraði fyrir af öðrum ástæðum, m. a. vegna þess að verðlag á vörum innanlands hefur hækkað meira en ráð var fyrir gert vegna hækkunar á söluskatti. Þegar söluskatturinn var hækkaður um 1.5%, en sú hækkun tók gildi s. l. mánudag, hækkuðu auðvitað allar vörur í verði, þá jókst verðbólgan í landinu. Hver tók ákvörðunina um að hækka söluskattinn um 1.5%? Það var hæstv. ríkisstj. Ekki gat það komið henni á óvart. Það var hæstv. forsrh. sjálfur og hinir níu, sem fylgja honum, sem þessa ákvörðun tóku.

Það er algerlega út í hött að vera að kenna einhverri forsögu um það að verðlagsþróunin á síðustu þremur mánuðum hefur orðið neikvæðari en menn gerðu ráð fyrir. Ástæðan er mjög einföld. Hæstv. forsrh. getur fengið hana skýrða með einu símtali við Þjóðhagsstofnun. Ástæðan er sú, að gengið hefur verið fellt, og það var ákvörðun hæstv. ríkisstj. Söluskattur hefur verið hækkaður að ákvörðun hæstv. ríkisstj. Innlendar kostnaðarhækkanir hafa verið meiri en ráð var fyrir gert vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að svo skuli vera. Ástæðan fyrir því, að verðbólgan á Íslandi er meiri núna en menn spáðu að hún mundi verða, eru ákvarðanir hæstv. ríkisstj. Af vísdómi sínum hefur hún ályktað að svo skuli vera. Það ætti ekki að koma hæstv. forsrh. neitt á óvart. Ég ráðlegg honum að snúa sér nú til ráðunauta sinna í Þjóðhagsstofnun og spyrja í einu símtali hvað

þessum ósköpum valdi. Verðbólgan sem var 6—8% á þrem mánuðum í tíð minnihlutastjórnar Alþfl., sem var ekki ýkjasterk ríkisstj., með aðeins tíu þm. á bak við sig, er orðin 13% núna á jafnlöngum tíma. Og ef hæstv. forsrh. spyrst fyrir um það hjá sérfræðingum sínum í Þjóðhagsstofnun, hvað valdi, þá fær hann svarið um hæl. Hvað veldur? spyr hæstv. forsrh. Þú, er svarið. Það eru þín úrræði og ykkar í ríkisstjórnarmeirihlutanum.

Hæstv. forsrh. ræddi áðan um það, og það eru upplýsingar sem ber að fagna, að fresturinn á útvarpsumr. frá Ed. hafi ekki stafað af því að hann hafi gert kröfu um að fá að tala þar, en ekki fengið. Hæstv. forsrh. talaði um að á þessu þyrfti að gera breytingar, það þyrfti að veita afbrigði frá þingsköpum svo að hann og félagar hans gætu tekið til máls í eldshúsdagsumr. og öðrum umr. sem útvarpað er héðan frá Alþ. Þessi ósk hæstv. forsrh. er mjög skiljanleg. En við skulum gera okkur grein fyrir því, ágætir þm., að það eru lög í þessu landi um hvernig störfum okkar á Alþ. skuli hagað. Þessi lög eru þingsköp Alþingis, sem eru samþykkt á Alþingi og afgreidd sem lög frá því. Í 53. gr. þingskapa eru afdráttarlaus ákvæði um hvernig skuli standa að útvarpsumr. frá Alþingi. Á spássíunni með þeirri lagagrein í sérprentun þingskapa stendur að það skuli ríkja jafnrétti þingflokka, en í greininni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma, og forsetar gefa þm. færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á.“

Nú getur verið, og hefur oft komið fyrir, að þm. séu utan flokka á Alþ. og eigi ekki sæti í þingflokkum. Þá gera lögin um þingsköp Alþingis ráð fyrir að menn utan flokka eigi þátt í útvarpsumr., en þó þannig að enginn þeirra fái lengri tíma en helming þess sem hver þingflokkur hefur til umráða. Þetta eru mjög afdráttarlaus ákvæði, sem setja okkur reglur um það á Alþ. hvernig við eigum að starfa. Það er gert ráð fyrir því í fyrsta lagi, að allir þingflokkar eigi að njóta fulls jafnréttis í útvarpsumr. frá Alþingi. Þar á enginn þingflokkur að hafa rétt umfram annan. Svo er gert ráð fyrir að menn, sem eru ekki aðilar að þingflokkum, fái tiltekinn rétt til þátttöku. En í starfsreglum Alþingis er vitaskuld ekki gert ráð fyrir því fráleita ástandi að einhver hluti í einhverjum þingflokki, t. d. minni hl. þingflokks, geti gert kröfu um að vera meðhöndlaður eins og sérstakur þingflokkur. Hvar mundi það enda? Hvers konar vinnubrögð væru það á Alþingi ef það færi að tíðkast að t. d. þegar verið er að útvarpa umr. um einhver mál, sem e. t. v. er ágreiningur um í þingflokknum, t. d. eins og um skattamál, sem ágreiningur er um í þingflokki Alþb. gæti þingflokkur Alþb. skipt sér í tvennt um málið, meiri hl. og minni hl., og hvor hluti um sig fengið jafnan rétt til ræðutíma í útvarpsumr. eins og hinir þingflokkarnir?

Hér á Alþ. er höfuðatriði að virða þingsköpin, eins og þeim manni er mætavel kunnugt sem er aldursforseti þingmanna og var búinn að sitja á þingi í 8 ár þegar ég fæddist. — Hv. þm. er búinn að sitja á Alþ. lengur en t. d. flestallir þm. Alþfl. hafa verið til, því að fæstir af þm. Alþfl. voru fæddir þegar hv. aldursforseti var kjörinn á Alþ. Hann er búinn að sitja svo lengi í sölum Alþ. að kannske voru 40% þm. ekki til þegar hann kom hingað fyrst. — Auðvitað er hv. þm. ljóst að eitt af þýðingarmestu viðfangsefnum hverrar löggjafarsamkomu og verkefnum hverrar löggjafarsamkomu er að virða þær reglur sem löggjafarsamkomunni er ætlað að starfa eftir. Ef það er ekki gert, ef menn gera sér leik að því að vanvirða slíkar reglur er starfsemi slíkrar stofnunar hætt. Og þó svo hæstv. forsrh. sé búinn að sitja á Alþingi Íslendinga frá því 8 árum áður en ég fæddist getur hann ekki gert kröfu til þess, bara vegna þess að hann er aldursforseti Alþ. eða forsrh. Íslands, að vera í þingsköpum meðhöndlaður með sérstökum hætti. Það er ákvörðun hæstv. forsrh. að eiga sæti í einum af fjórum flokkum þingsins. Samkv. ákvæðum þingskapa fær sá flokkur tiltekinn tíma til ráðstöfunar í útvarpsumr., sem á að vera jafnmikill tími til ráðstöfunar og minn flokkur hlýtur, Framsfl. og Alþb. Það er að sjálfsögðu mál þess þingflokks hvern hann velur til að tala fyrir sig í slíkum útvarpsumr. En ef hæstv. forsrh. er ekki valinn af þeim þingflokki, sem hann situr í, til að taka þátt í útvarpsumr. fyrir hans hönd og hæstv. forsrh. er eitthvað óánægður með það, hvaða kröfu á hann þá, þó að hann sé búinn að sitja á Alþ. frá því 8 árum áður en ég fæddist, til þess að alþm. veiti honum þá sérstöku afgreiðslu, að ef flokkur hans vill ekki láta hann tala í sínum tíma verði hæstv. forsrh., félaga í þingflokki Sjálfstfl., veittur sérstakur ræðutími eins og hann væri þingflokkur?

Ég held að það væri réttara að hæstv. forsrh. léti af þeim afbrigðum sínum sem hann hefur viðhaft hér á Alþ. síðan í vetur, þeim afbrigðum sem hann hefur viðhaft frá eðlilegum siðum, venjum og reglum á þessu þingi. Það er miklu eðlilegra en hann fari fram á það við hina 59 þm. að þeir samþykki afbrigði frá áratugagömlum venjum og siðum hér á Alþ., sem eru í lögum í lögbók íslensku þjóðarinnar, og hinir 59 þm. samþykki hina afbrigðilegu starfsemi hæstv. forsrh. og veiti afbrigði um þingsköp.

Ég ætla að vara menn við því að leika sér svona með þær reglur sem gilda um sambúð og samskipti stofnana þingsins. Ég hef sagt áður að út af fyrir sig er ekkert áhyggjuefni fyrir mig eða minn flokk þótt Sjálfstfl. klofni, það hefur lengi staðið til og er gott að það skuli vera fram komið sem lengi hefur búið þar um sig. En hinu skulu menn gera sér fulla grein fyrir, að það nær ekki nokkurri átt að sú ákvörðun einhverra sjálfstæðismanna að fara að gera sér leik að því að eyðileggja eða stórspilla ákveðinni stofnun þingsins, sem er þingflokkur sjálfstæðismanna, sem þeir eiga sæti í, verði til þess að torvelda þingstörfin hér eða verði til þess að þingflokkur Sjálfstfl. hafi einhvern rétt á Alþ. umfram aðra þingflokka. Ef þingflokkur Sjálfstfl. notfærir sér rétt sinn samkv. þingsköpum til að tala til jafns við hina þingflokkana, eins og þingflokkur Sjálfstfl. hefur fulla kröfu til, nær auðvitað ekki nokkurri átt að veita þingflokki Sjálfstfl. viðbótartíma á kostnað hinna þingflokkanna vegna þess að í þingflokki Sjálfstfl. eru einhverjir menn sem vilja fá að tala í einhverri umr. fyrir hönd flokksins, en fá það ekki. Það eru sjálfsagt menn í þingflokki Alþb. sem vilja fá að tala í útvarpsumr., en aðrir eru valdir í þeirra stað. Af hverju ætti þá þingflokkur Alþb. ekki að fá einnig tíma fyrir þá? Af hverju ætti þingflokkur Framsfl. ekki einnig að fá viðbótartíma undir slíkum kringumstæðum o. s. frv.

Þó svo menn séu búnir að sitja á Alþingi síðan á dögum Weimar-lýðveldisins, þó svo þeir séu forsrh. Íslands voru þingsköpin ekki búin til fyrir þá, Alþingi ekki stofnað fyrir þá. Hinir 59 þm., sem sæti eiga í þeirri stofnun, þó að sumir hafi ekki verið fæddir þegar hæstv. forsrh. var kjörinn á Alþ., eru ekki heldur hér til þess eins að veita

afbrigði frá þingsköpum þannig að Sjálfstfl. fái sérstaka meðhöndlun á Alþ. og rétt umfram aðra, þó að hæstv. forsrh. láti sér til hugar koma að hann vilji tala í umboði Sjálfstfl. við útvarpsumr. frá Alþ., en flokkur hans vill ekki veita honum það. Það óeðlilega ástand sem nú ríkir í störfum Alþingis, er ekki þess eðlis að fýsilegt sé fyrir aðra þm. að veita það fordæmi, sem hæstv. forsrh. var að tala um áðan, með afbrigðum frá þingsköpum í þá veru sem hann talaði um. Slíkt er ekki eðlilegur afgreiðslumáti. **Alþ. eiga ekki hver sem í hlut á, að veita því atbeina** að viðhafa megi þá óeðlilegu starfsemi sem nú fer fram í þinginu, sem ég tel að sé flestum til vanvirðu sem þar eiga hlut að máli og sé til mikilla óþæginda fyrir þá sem ekki eiga neinn hlut þar að máli, en vilja fá að vinna störf sín með eðlilegum hætti á Alþingi Íslendinga.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Fyrst örstutt söguleg aths. Weimar-lýðveldið er talið hafa fallið 30. janúar 1933 með valdatöku Adolfs Hitlers, en hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen komst ekki á þing fyrr en 1934. Munar þar einu ári. Þetta er sagt vegna orða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar.

Mig langar til að gera örstutta aths., herra forseti, og vil ekki verða til þess að lengja umr. miklu lengur, en hún er vegna orða hæstv. forsrh. um þingsköp og lög í þessu landi. **Ég hef litla kenningu þar um. Frá 1940, þegar** Ísland öðlaðist sjálfstæða utanríkisstefnu, hafa örlögin hagað því svo að prófessorar í stjórnlagafræðum hafa jafnframt verið þekktir stjórnmálamenn. Sá fyrsti var Bjarni Benediktsson. Einhvern veginn vegna ófullkomleika íslenskra laga þróuðust mál svo, að þessir menn **voru fengnir til að setja lögin í landinu. Eftir fráfall** Bjarna Benediktssonar lenti Ólafur Jóhannesson í þessari rullu og var það satt að segja sýnu lakari kostur, Ólafur minni lögfræðingur og ósvífnari en fyrirrennari hans. En lakasti kosturinn er hins vegar nýi lögsögumaðurinn, prófessor, hæstv. forsrh., dr. Gunnar Thoroddsen. Hann er nákvæmlega að setja sig í þetta lögsögumannshlutverk, og í þriðja skipti á hv. Alþ. í dag, með því að reyna að segja hinum 59 þm. hvað séu lög í landinu og tala við þá sem ólæsir væru. Þó er mætavel ljóst að samkv. 52. gr. þingskapa, sem eru lög, bar ráðh. að flytja stefnuræðu. Það er líka mætavel ljóst hverjar eru reglur um útvarpsumr. samkv. 53. gr. Lögfræði er ekki vísindi. Lögfræði á meira skylt við iðngrein. Það þarf ekki vísindamann til að vera læs á lítinn pésa eins og þennan. Ég vildi satt að segja mælast til þess að hæstv. forsrh. léti af þessari reigingslegu aðferð sinni, að reyna að segja hinum 59 þm. hvað séu lög í landinu, vegna þess að hvað sem má segja um hv. þm., — það skal viðurkennt að hv. þm. eru misjafnir að gæðum, ef svo má að orði komast, — fullyrði ég að þeir eru allir 59 vel læsir.

Það er auðvitað alveg ljóst í fyrsta lagi, að þessa ræðu átti að halda, og í öðru lagi er ljóst, hverjar eru samkv. 53. gr. reglur um útvarpsumr. Allt þingið veit, og hæstv. forsrh. líka, að stefnuræðan var ekki flutt vegna innanflokksátaka í Sjálfstfl. og vegna þess að hann þurfti að fá uppáskrift frá þm. Þannig mun ákveðið í þingsköpum, að aðeins í 53. gr. er talað beinlínis um þingflokka, að öðru leyti er um þá hefð, en sú hefð er ljós að þingflokkar sem heildir tilnefna menn til slíkra umr. Lögfræði er ekki vísindi og dr. Gunnar Thoroddsen þess vegna ekki vísindamaður í eiginlegum skilningi þess orðs. Það að standa hér í þriðja skipti og reyna að segja öðrum 59 þm. hvað séu lög í landinu, er heldur hvimleitt og enda alveg óþarft, vegna þess að það er alveg ljóst af texta þingskapa hvað átt er við.

Allt um það, þetta er lítil leiðrétting við mál hæstv. forsrh. Ég vona að Sjálfstfl. beri gæfu til að leysa innri **vandamál sín og þar með hvernig hann skipi** ræðumönnum í útvarpsumr. Það er líka ljóst að þessar útvarpsumr. fara ekki fram í kvöld eins og til stóð. Allt þingið veit að hér er um meiri háttar vandamál að ræða. En svo má ekki fara, t. d. að því er varðar skatta og skattstiga, sem eru tilefni þessarar umr., sem hófst kl. 14 í **dag, að innri átök í Sjálfstfl. valdi endalausum skaða** fyrir fólkið í þessu landi. Fólkið verður að fá að vita hverjir skattstigarnir eru, hvað það á að borga í skatt. Þeim mun fyrr sem fólkið fær um það að vita, þeim mun meira er öryggi heimilanna. Mönnum virtist hinn grái og **ljóti leikur, innanflokksleikurinn í Sjálfstfl., fyndinn** framan af og síðan hlægilegur, en nú er hann orðinn til vansæmdar þessu þingi og orðinn stórskaðlegur fyrir fólkið í landinu.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sem er manna hvatastur að krefjast þess að ráðh. séu viðstaddir umr. þó hann hafi ekkert sérstakt um að spyrja, er nú farinn eða flúinn af fundi áður en hægt er að svara hinni löngu ræðu hans. (**VG:** Þetta var ekki krafa Sighvats, hæstv. ráðh.) Það eru ekki margir dagar síðan við stóðum hér, þar sem Sighvatur Björgvinsson krafðist þess að ráðh. væru kallaðir á fundinn og það í deild sem þeir þó eiga ekki sæti í. Það veit hv. þm. vel.

Ég ætla að segja örfá orð út af aths. þeirra tveggja þm. sem síðast töluðu um að ég hafi sagt þinghelmi rangt frá um þingsköp. Ég gerði að umtalsefni ákvæði þingskapa um útvarpsumr. Það er rétt að rifja það hér upp.

Ég tók það fram, að ég teldi að ákvæði þingskapa, bæði um stefnuræðu og um eldhúsumr., ættu ekki við eins og ástatt er nú í stjórnmálum okkar. Í þingsköpum er ákveðið svo um stefnuræðu, að fyrst flytji forsrh. ræðuna, síðan hafi fulltrúar annarra flokka en forsrh. 20 mínútur til umráða í þeirri umferð og síðar komi fulltrúar þingflokkanna í annarri umferð með 10 mínútur. Þetta þýðir það, ef engin breyting er gerð eða afbrigði veitt, að næsta haust, þegar flutt verður stefnuræða, mun stærri stjórnarandstöðuflokkurinn, þingflokkur sjálfstæðismanna, fá aðeins 10 mínútur til umráða í þeim umr. Ég tel þetta óeðlilegt og ég tel að hér þurfi að gera breytingu á, annaðhvort breytingu á þingsköpum eða veita afbrigði frá þingsköpum, sem líka er heimilt. Það er alrangt að ég sé að halda fram röngum skilningi eða rangri túlkun á þingsköpum. Ég er bara að skýra frá því, að ég tel að ákvæði núverandi þingskapa geti að þessu leyti ekki gilt, það verði að veita undanþágu eða afbrigði frá þeim, t. d. í þessu tilviki, vegna þess að niðurstaðan er ekki réttlát í þessu tilviki gagnvart stærri stjórnarandstöðuflokknum.

Að því er snertir eldhúsumr. er eingöngu tiltekið í þingsköpum að þingflokkar hafi hver um sig hálftíma til umráða. Nú vita það allir, nema kannske hv. þm. Sighvatur Björgvinsson eftir hans máli hér, að eldhúsumr. eru þannig til komnar og það er eðli þeirra og tilgangur að þá sé rætt um störf ríkisstj., hún skýri störf sín og stjórnarandstaðan gagnrýni. Þetta er sem sagt árlegt uppgjör um störf ríkisstj. Ég held að allir, sem um það hugsa, hljóti að vera sammála um að það er ekki í neinu

samræmi við anda og tilgang þessa fyrirkomulags um eldhúsumr. og stangast á við hefðir ef forsrh. ríkisstj., en fyrstu störf hennar eru þar til umr., fengi ekki málfrelsi í þeim útvarpsumr. Þetta stangast auðvitað svo á við ekki aðeins allar hefðir, heldur heilbrigða skynsemi, að ég veit ekki hvernig mönnum dettur í hug að halda því fram, að það eigi að halda sig við bókstaf þingskapa í stað þess að vitanlega verður, eins og hæstv. forseti Sþ. hefur þegar tekið til athugunar og eins og ég gat um bæði hann og skrifstofustjóri Alþingis, ef eitthvert vit á að vera í þessari tilhögun, annaðhvort að ná samkomulagi á milli þingflokka eða veita beinlínis afbrigði frá þingsköpum. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki innanflokksmál Sjálfstfl.?) Nei, nei, nei. Þetta er það sem ég hef verið að skýra hér og ég vænti þess að þeir tveir hv. þm., sem hafa verið að andmæla, skilji þetta.

Auk þessa vil ég taka annað fram, sem hv. þm. Vilmund Gylfason og Sighvat Björgvinssyni virðist skorta gersamlega skilning á. Þeir virðast ekki geta hugsað í öðru en flokkum og flokksræði og þeir virðast ganga út frá því, að þau ákvæði, sem nú eru í þingsköpum, séu það eina rétta. Vitanlega hefur oft verið deilt um það, hvort ákvæði núverandi þingskapa séu réttlát að því er útvarpsumr. snertir, og þá hefur m. a. þetta komið til orða: Er það endilega sjálfsagt að t. d. tveggja manna þingflokkur hafi jafnlangan ræðutíma og 25 manna þingflokkur? Ef menn hugsa eingöngu í flokkum, en ekki í persónum, mönnum eða þm., þá er þetta rétt. Ef menn hugsa hins vegar á annan veg er þetta ekki réttlátt. Þess vegna er ekki sjálfgefið að líta eigi á ákvæði þingskapa um ræðutíma í útvarpsumr. sem einhvern heilagan, óumbreytanlegan sannleika sem alltaf eigi að standa. Vitanlega koma þarna til greina og eiga rétt á sér mörg önnur sjónarmið en þau sem í þingsköpunum eru.

Þetta vil ég láta koma hér fram. Þetta er engin nýlunda, hefur oft verið rætt. Það, sem menn þurfa að leita að og finna í sambandi við framkvæmd umr. í þinginu og ekki síst útvarpsumr., er hvað er eðlilegur og réttlátur ræðutími, hvernig er skynsamlegast og sanngjarnast að koma þessu fyrir. Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því, að ég tel að í sambandi við stefnuræðu næsta haust sé ekki sanngjarnt gagnvart þingflokki sjálfstæðismanna, sem er stærri stjórnarandstöðuflokkurinn, að hann fái aðeins 10 mínútur til umráða og það í seinni umferð. Enn fremur tel ég algera fásinnu að ætla að fara í eldhúsumr. þannig að formaður viðkomandi ríkisstj. komist e. t. v. ekki að í þeim umr. Af þessum ástæðum verður auðvitað að ræða um þetta á milli flokka til þess að finna skynsamlega lausn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það skal vera stutt og er einungis út af nýjustu ummælum hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. hélt því fram, að í umr. um stefnuræðu mundi Sjálfstfl. einungis fá 10 mínútur. Ég veit ekki betur en hæstv. forsrh. sé í Sjálfstfl. Þá fær Sjálfstfl. auðvitað 30 mínútur. Ef hæstv. forsrh. er ekki í Sjálfstfl. er hann utan flokka eða í sérflokki og þá hefði hann rétt samkv. því. En alla vega er það ljóst, að meðan hæstv. forsrh. er í Sjálfstfl. fær Sjálfstfl. 30 mínútur alveg eins og hinir flokkarnir við þessa umr. Málflutningur af þessu tagi dugar því ekki vel. Þess vegna er það út í hött þegar hæstv. forsrh. er að tala um að það þurfi að gera breytingu á þingsköpum vegna sérstakra aðstæðna sem ríki í þjóðfélaginu og þingsköpin séu ekki í samræmi við anda eða tilgang þingræðisins. Ég held að það sé frekar þannig, að ef menn ætla bæði að vera í flokki og ekki í flokki samtímis sé það ekki í samræmi við anda og tilgang þingræðisins og það, sem á ekki við, sé að menn séu bæði í flokki og ekki í flokki. Þetta mál snýst einmitt um það, að Sjálfstfl. og Gunnar Thoroddsen og félagar verða að gera það upp við sig hvort Gunnar Thoroddsen og félagar eru í Sjálfstfl. eða ekki (**Gripið fram í:** Þm. er kerfiskarl.) Það er rangt. (**Gripið fram í:** Það er rétt.)

Efri deild, 66. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, kl. 2 miðdegis.

Innflutningur á skipi, frv. (þskj. 307) — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa útgerðarfélaginu Niröi hf., Sandgerði, innflutning á skipi. Hér er um að ræða skipið Hamravík KE 75, en í stað þess skips er ráðgert að selja úr landi annað skip, Blika ÞH 50. Það skip má segja að sé þriðji ættliður í þessum útflutningi skipa. Hamravík KE 75 var seld í skiptum fyrir togskipið Júlíus Geirmundsson sem seldur hafði verið úr landi fyrir nýtt skip með sama nafni sem til Ísafjarðar kom. Heimild var veitt af fyrrv. sjútvrh. til þess að Júlíus Geirmundsson yrði seldur til Keflavíkur og Hamravík KE 75 flutt út í staðinn. En varla hafði sú ákvörðun verið tekin þegar raddir hófust um það, að Hamravík KE 75 væri hið besta vertíðarskip og ófært að flytja svo ágætt skip úr landi. Niðurstaðan varð sú, að á þetta var fallist og ákveðið, eins og ég sagði áðan, að Bliki ÞH 50 færi þá út í staðinn. Vandkvæðin á þessu eru hins vegar þau, að Hamravík KE 75 er orðin 12 ára gamalt skip og lög nr. 52 1970 kveða svo á, að óheimilt sé að flytja inn í landið og skrá svo gamalt skip án þess að heimild Alþingis komi til.

Ég taldi rétt að verða við þessari beiðni og þótti rök, sem að þessu hníga, slík að það væri eðlilegt, enda mælt með því af siglingamálastjóra að þetta sé gert. Hann hefur að sjálfsögðu skoðað skipið og dæmt það ágætt skip og vel hæft til notkunar hér á landi.

Eins og fram kemur í aths. hefur viðskrn. heimilað lán að upphæð 1 millj. norskar kr. til þess að brúa þann mismun sem þarna er á. Þetta lán verður greitt á einu ári og því ekki um langtímalán svonefnd að ræða.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta frv. nema hér komi fram sérstakar spurningar, en leyfi mér að mæla með því, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér er gömul saga að endurtaka sig. Nú er flutt sérstakt frv. um það, að leyft verði að flytja bátinn Hamravík til landsins gegn því að annar bátur, Bliki, verði fluttur úr landi. Hvað gerist svo næst í því máli? Hvaða bátur á að fara úr landi í staðinn fyrir Blika og þannig koll af kolli?

Ég held að það ætti að vera öllum hér inni ljóst hvernig skipti af þessu tagi hafa gerst. Það hefur verið skipt aftur og aftur, og á endanum hafa það verið smápungar sem hafa verið fluttir út.

Mér var það ljóst, þegar ég var sjútvrh., að þetta gæti ekki gengið til svona, það yrði að spyrna við fótum. Jafnvel þó menn töluðu um að ófært væri að flytja ágætt skip úr landi, þá væri hér verið að skapa vítahring sem stækkaði skipastólinn. Þess vegna greip ég til aðgerða til að stöðva þessa vitleysu. Sá leikur hafði verið leikinn, að þó að skip ættu að heita flutt úr landi voru þau ekki afmáð af skipaskrá. Það kostaði þó nokkra fyrirhöfn að sjá til þess að þessum formsatriðum væri fullnægt. Það tókst að því er varðar það skip sem hér um ræðir, Hamravíkina, og það er einmitt af þeim sökum sem hér er flutt sérstakt lagafrv. um þetta efni og er nýmæli vegna þess að hingað til hafa ráðh. getað afgreitt þetta að eigin geðþótta.

Hitt er rangt, sem kom fram í máli hæstv. sjútvrh., að siglingamálastjóri — samkv. því fskj. sem hér fylgir með — mæli með innflutningi skipsins. Þess er hvergi getið í því fskj., að hann mæli með innflutningi skipsins.

Nú á sem sagt að halda áfram að leika þann leik sem hefur verið leikinn að undanförnu, að leyfa innflutning á skipum að nýju eftir að þau hafa verið flutt út, sem endar venjulegast á því, að það er einhver ónýtur smákoppur sem telst hafa farið úr landi.

Ég held að það sé ákaflega óviturleg ákvörðun sem hæstv. sjútvrh. hefur tekið, að opna að nýju fyrir innflutning á fiskiskipum erlendis frá. Ég tel að þetta sé flaustursleg og vanhugsuð ákvörðun sem muni hefna sín. Ekki síst held ég að þetta sé varasamt vegna þess að með þessari ákvörðun muni skriða verða sett af stað. Það er víða sem menn leita eftir endurnýjun á skipum erlendis frá. Ég held ég muni það rétt, að það hafi legið um 20 umsóknir fyrir í rn. um þetta efni á sínum tíma. Og hvar á að draga markalínu? Hvers vegna ættu Reyðfirðingar frekar að fá skip en Ísfirðingar, hvers vegna Eskfirðingar en ekki Vestmanneyingar? Ég er hræddur um að þessa markalínu verði erfitt að draga.

Við búum einfaldlega við þær aðstæður, að togurum eru bannaðar þorskveiðar í 80—100 daga á ári. Loðnuskipaflotinn lýkur verki sínu á 4—5 mánuðum. Síldveiðar eru skammtaðar. Það er talað um verkefnaskort hjá flotanum. Ekkert sýnir betur en þetta að flotinn er of stór miðað við þann afrakstur sem við getum tekið úr fiskistofnunum í kringum landið. Sérhver viðbót við flotann mun þannig einungis auka á skömmtun og rýra afkomu sjómanna og útvegsmanna og þar með þjóðarinnar allrar. Við þessar aðstæður getur ekki verið skynsamlegt að stækka flotann. Við þessar aðstæður getur ekki verið skynsamlegt að leyfa innflutning á fiskiskipum

Menn geta líka haft það til viðmiðunar, að á s. l. ári voru þorskveiðar bannaðar í um 100 daga. Ef togaraflotinn væri 60 skip í staðinn fyrir þau 80 skip sem hann er, þá hefðu þessi skip, miðað við sömu forsendur, getað stundað veiðar því sem næst allt árið, en 100 skip þyrftu hins vegar að vera frá þorskveiðum í u. þ. b. hálft ár miðað við svipaðar aðstæður.

Í fiskiskipaáætlun Framkvæmdastofnunar ríkisins er talið að úrfall, þ. e. skipstapar og skip dæmd ónýt og óviðgerðarhæf, — úrfall á fiskiskipum verði að jafnaði 1700 brúttórúmlestir á ári næstu árin. Nýsmíði og skipakaup mega því aðeins nema 1700 brúttórúmlestum á ári til þess að viðhalda óbreyttri stærð skipastólsins. Sem stendur er talið að innlend skipasmíði muni afkasta um 2000 brúttórúmlestum á ári, og margir telja æskilegt að auka þessa afkastagetu upp í t. d. 3000 brúttórúmlestir eða meira. Af þessu ætti að vera fullljóst að innlend skipasmíði gerir meira en að mæta venjulegri úreldingu flotans miðað við núverandi smíðaafköst, hvað þá ef afkastageta smíðastöðvanna er aukin samkv. þeim óskum sem uppi eru.

Þessu til viðbótar má reyndar benda á það, að á grundvelli fyrri ákvarðana um skipainnflutning mun hann nema a. m. k. 1000 lestum á þessu ári. Það er því ljóst, að endurnýjunarþörf fiskiskipastólsins verður meira en mætt á þessu ári og jafnvel hinu næsta, þó enginn frek-

ari innflutningur komi til, og skipastóllinn mun þegar af þeim sökum frekar vaxa heldur en hitt. Þess vegna er fyllilega ástæða til þess að staldra við og hleypa ekki nýrri gusu inn í landið, vera ekki að leyfa skipainnflutning, hvorki með einum né öðrum hætti, og þá auðvitað allra síst eftir því frv. sem hér liggur fyrir.

Nú hef ég séð það einhvers staðar, að Steingrímur Hermannsson, hæstv. sjútvrh., hafi haldið því fram, að úr því að skip fari úr landi í stað innflutts fiskiskips, þá muni skipastóllinn ekki vaxa. Það frv., sem hér er flutt, bendir ekki til þess að það sé hugmyndin að halda sig strangt við þær reglur, og samkv. því mun skipastóllinn vaxa þegar af því máli einu. Það gæti auðvitað verið rétt, að skipastóllinn mundi ekki vaxa við aðgerðir af þessu tagi og samkv. þessum reglum ef engin skipasmíði væri innanlands. En málin horfa öðruvísi við þegar tekið er tillit til innlendu skipasmíðarinnar, hvað þá ef litið er á það sem stefnumið að efla innlenda skipasmíði, eins og margir telja æskilegt og m. a. s. núv. ríkisstj. telur stefnuatriði og er reyndar eitt af því fáa sem skýrt og skilgreint er og skiljanlegt í málefnasamningi ríkisstj.

Ef smíðaðar eru 1700 brúttórúmlestir, sem er nálægt núverandi afköstum, svarar það til allrar úreldingar eða *úrfalls úr flotanum og hann mundi af þeim sökum standa* stærðarlega í stað, en þá vex hann sem innflutningi nemur. Ýmsir hafa áhyggjur af að innlenda skipasmíðin mæti ekki úrfalli skip fyrir skip eða stað fyrir stað. Það vandamál leysist auðvitað með öðrum hætti og með því að skip ganga kaupum og sölum. Hins vegar er ljóst að innflutningur mun draga úr verkefnum fyrir innlenda skipasmíði ef halda á óbreyttri stærð skipastólsins, því að í innflutningnum felst endurnýjun sem dregur úr úreldingu flotans. Óbreytt stærð skipastólsins og innflutningur getur því að eðlilegum hætti ekki þýtt annað en samdrátt í innlendri skipasmíði í stað þeirrar eflingar hennar sem oft er höfð á orði. Það er fyllilega ljóst, að ekki er hægt að *samræma þau markmið að efla innlenda skipasmíði og* leyfa innflutning á fiskiskipum. Sú leið, sem fær er til þess að halda óbreyttri stærð skipastólsins, er að láta innlendu smíðina mæta úreldingunni. En hver sá innflutningur sem leyfður er verður annaðhvort til þess að draga úr verkefnum hjá skipasmíðastöðvunum eða stækka flotann.

Það er e. t. v. ekki úr vegi að skýra þetta nánar með einföldu dæmi. Við skulum gera ráð fyrir að til sé tiltekið lítið pláss þar sem eru þrír útvegsmenn, sem eiga þrjú fiskiskip og jafnframt sé þar starfandi ein skipasmíðastöð. Til að einfalda málið getum við gert ráð fyrir að úrelding fiskiskipaflotans svari til eins fiskiskips á ári og *afköst skipasmíðastöðvarinnar séu líka eitt fiskiskip á* ári, þannig að það svari beint til úreldingarinnar. Ef í þessu plássi er fylgt þeirri reglu að enginn innflutningur eigi sér stað frá stöðum utan þessa pláss, þá helst stærð skipastólsins óbreytt. Smíðin mætir endurnýjunarþörfinni. Það getur gerst með þeim hætti, að nýsmíðin sé einmitt til að mæta því skipi sem úreldist hverju sinni. En það getur líka gerst þannig, að einhver annar útgerðarmaður með nýlegra skip láti smíða fyrir sig og svo selji hann þetta skip sitt útgerðarmanninum sem á skipið sem úreldist. Lítum hins vegar á þetta sama pláss með þessum sömu þremur bátum og sömu þremur útgerðarmönnum og einni skipasmíðastöð, sem svarar einmitt til *úreldingarinnar að afköstum, nema hvað nú er fylgt* þeirri nýju reglu, að innflutningur sé leyfður frá öðrum plássum, og sú regla látin gilda, að skip skuli flutt út í stað innflutts skips. Segjum nú sem svo, að „ríki útgerðarmaðurinn" kaupi skip erlendis frá og flytji út miðaldra skip. Þá segja menn að engin viðbót hljótist af því. En það er vert að gæta betur að. Skipið, sem úreldist, verður að endurnýja. Ef það er innflutt er skipasmíðastöðin þegar verkefnalaus ef stærð flotans á að vera óbreytt. En hvort sem skipasmíðastöðin fær verkefni eða ekki, þá eru nú tvö ný skip í flotanum og eitt sem úreldist árið eftir. Strax á þriðja ári hefur flotinn yngst svo að ekkert skip úreldist. Annaðhvort er stöðin þá verkefnalaus eða flotinn stækkar sem afköstum skipasmíðastöðvarinnar nemur.

Það gæti líka verið um að ræða þá aðferð, sem hæstv. sjútvrh. leggur til hérna og hefur viðgengist, að „ríki útgerðarmaðurinn" skipti á skipinu, sem hann átti að flytja út, við þann næstríkasta og þannig koll af kolli, og sá fátækasti með úrelta skipið kaupi af þeim næstfátækasta og endurnýi þannig hjá sér. Hvar stendur þá skipasmíðastöðin ef stærð flotans á að vera óbreytt? Hún er verkefnalaus. Hún er gjörsamlega verkefnalaus.

Það er alveg sama hvernig á þetta mál er litið. Þau markmið verða ekki samrýmd að halda uppi innlendum *skipasmíðaiðnaði með jafnmiklum eða meiri afköstum* en svarar til endurnýjunarþarfa flotans og að leyfa innflutning á fiskiskipum. Með þeirri stefnu, sem hér hefur verið tekin upp af hálfu ríkisstj., er því annaðhvort verið að ráðast gegn því stefnumiði sem fram er talið í stefnuskrá ríkisstj., að efla innlendan skipasmíðaiðnað, það er beinlínis verið að rýra stöðu hans, ellegar þá að hugmyndin er að stækka flotann og rýra afkomu sjómanna og útvegsmanna og þjóðarbúsins alls.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að segja það, að lestur hv. þm. Kjartans Jóhannssonar *kom úr hörðustu átt*, því að ef einhver hóf þennan skollaleik, þá veit ég ekki annað en að það hafi verið þessi hv. þm. Það vantaði nefnilega togara í kjördæmi hv. þm. Búið var að selja togarann Júlíus Geirmundsson úr landi, tæplega 500 lesta skip. En hann var sendur á Suðurnesin. Úr landi átti að fara í staðinn smákoppur — svo ég noti orðbragð hv. þm. — skip, sem er ekki þriðjungur af stærð þess togskips, sem átti að fara úr landi. Ég held því að ekki sé mikið bætt á þá synd, ef synd var, sáralítið ef nokkuð er.

Ég vil leiðrétta það, að það sé nokkurt nýmæli að flytja slík frv. sem þetta. Þau hafa verið flutt mörg síðan 1970. Ég kannaði það sérstaklega þó að ég hafi ekki töluna.

Það er rétt, að ég nam úr gildi reglugerð sem lögfróðustu menn segja mér að standist ekki samkv. lögum, um afskipti sjútvrh. af ákvörðunum Fiskveiðasjóðs. Ég setti hins vegar nýja reglugerð sem segir að Fiskveiðasjóði skuli óheimilt að lána nema 50% til skipa keyptra erlendis og skip af svipaðri stærð skuli fara úr landi. Ég leyfi mér að halda því fram, að með því að skip af svipaðri stærð fari úr landi sé stórum dregið úr þeirri hættu að slík kaup erlendis leiði til stækkunar flotans. Vitanlega má vera að sóknarþungi geti aukist eitthvað. En sá kostur fylgir þó því að loka ekki algjörlega fyrir innflutning erlendis frá, að þannig má gera ráð fyrir að nokkrar tækninýjungar berist inn í landið.

Hins vegar liggja fyrir nú í Fiskveiðasjóði umsóknir um smíði fimm togara innanlands, sem allar munu full-

nægja settum reglum um smíði hér og renna nokkuð sjálfkrafa í gegn, eins og starfað er. Ég hygg að þetta sé nánast allt viðbót við flotann. A. m. k. er enginn vafi á því, að þótt lagt verði nokkrum bátum, kannske að sömu tonnatölu, sem úreldast, þá er sóknarkrafturinn margfaldur miðað við það sem þarna er um að ræða.

Ég tek undir það með hv. þm., að gæta þarf einnig að því að innlendar skipasmíðastöðvar hafi verkefni. Ég hygg að það hefði við þessar aðstæður fiskveiða e. t. v. verið skynsamlegra að útvega þeim verkefni við smíði strandferðaskipa t. d., sem þarf að smíða. Þessi sjónarmið stangast sem sagt illilega á, og ég gat ekki séð að reikningsdæmi hv. þm. um litla staðinn sannaði bókstaflega neitt í þesssu máli. Það verður alltaf spurningin, hvers konar skipum er lagt, hvaða skip úreldast. Í Hafnarfirði, einnig kjördæmi hv. þm., er aldurslagatrygging að kaupa einn gamlan síðutogara. Jú, það fækkar tonnunum. En ég veit ekki betur en hann sé þegar orðinn ósjófær, lenti í skemmdum og hefur ekki verið við hann gert. Vitanlega detta skip út af skrá, en þetta mál er ekki eins einfalt og hv. þm. setur það upp. Og ég endurtek að það, sem hér er um að ræða, má segja að sé lokaatriðið væntanlega í þeim leik sem hann hóf með því að hverfa frá að togarinn Júlíus Geirmundsson yrði seldur úr landi.

Ég legg áherslu á það, að að mínu mati eru þær breytingar, sem gerðar hafa verið á reglum Fiskveiðasjóðs, fremur til að tryggja að skip fari úr landi, þegar nýtt er keypt inn, skip af svipaðri stærð, en ekki rúmlega 100 lesta bátur í staðinn fyrir 500 lesta togara eins og hér var um að ræða. Þetta tel ég allt til að tryggja það, að flotinn stækki ekki umfram það sem eðlilegt er. Hins vegar vil ég taka það fram, að þörf er á endurskoðun á öllum þeim reglum eða ráðum sem stjórnvöld hafa til þess að hafa einhverjar hömlur á stækkun flotans. Þær eru ekki fyrir hendi eins og er, og á meðan stækkar flotinn. Ég get tekið undir það með hv. þm., að eins og nú er ástatt ber að varast það mjög og draga úr slíkri stækkun. Hún verður ekki með flutningi erlendis frá, hún verður fyrst og fremst með smíði hér innanlands. Hins vegar er það trú mín, að það horfi til þess, sem betur fer, að veiði aukist og mikil þörf sé á öflugum flota. Og ég vek einnig athygli á því, að bátaflotinn er að stórum hluta orðinn gamall og úreltur og þarf mikillar endurnýjunar við. Þar eru stór verkefni fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en út af þessum umr. um innflutning á fiskiskipum vil ég gjarnan spyrja hæstv. ráðh. hvort hann treysti sér til þess að gefa hv. d. upplýsingar um hversu mikil eftirsókn er eftir innflutningi á skipum um þessar mundir. Heyrst hefur að allmikið sé um umsóknir um innflutning á fiskiskipum, og ég skal viðurkenna að hæstv. ráðh. er þar mjög mikill vandi á höndum, en ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það í sambandi við þetta mál, hversu mikil brögð eru að þessu.

Það kom fram í máli hæstv. ráðh., að hann telur að reglur þær, sem búið er að setja um innflutning á fiskiskipum, tryggi betur en áður að fiskiskip verði flutt úr landi í staðinn ef um innflutning er að ræða. Ég vek athygli á því, að víða er um mikil og viðkvæm vandamál að ræða í sambandi við hráefnisöflun, þar sem ekki er um það að ræða að flytja skip úr landi í staðinn fyrir hugsanlega innflutt skip. Þar koma til vandamál eins og nýting á framleiðslutækjunum í landi og efling atvinnu á ýmsum viðkvæmum stöðum. T. d. í mínu kjördæmi er mjög sótt eftir að flytja inn fiskiskip til Raufarhafnar og Þórshafnar, og er hugmyndin á bak við það að nýta betur framleiðslutækin í landi og efla atvinnu.

Ég endurtek, að ég tel að hæstv. ráðh. sé þarna mjög mikill vandi á höndum. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að við eigum fyrst og fremst að stefna að því að endurnýja okkar fiskiskipaflota með nýsmíðum innanlands, en ég vil gjarnan fá upplýsingar um þetta ef hæstv. ráðh. treystir sér til.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég er því miður ekki með upplýsingar um þetta í smáatriðum, en ég hygg að umsóknir séu álíka margar og voru hjá hæstv. fyrrv. sjútvrh., í kringum tuttugu. Og satt að segja vekur það furðu manns, að á sama tíma og líklega þarf að auka skraptíma togara og skerða þannig verulega afkomu þeirra skuli svo margir leita eftir viðbótarskipum, á sama tíma jafnframt og a. m. k. 30 togarar eru í slíkum vanskilum að þá ætti að gera upp samkv. venjulegum reglum. En það er rétt, að ásóknin er gífurlega mikil. Að vísu er þarna um ýmis sérveiðiskip að ræða. T. d. er mjög mikil ásókn í rækjutogara víða frá. Menn telja að það séu vænlegar veiðar. Hitt er svo staðreynd í því sambandi, að nú mun aukast töluvert sókn í djúprækju og m. a. stærri skip hefja slíkar tilraunir, þannig að fiskifræðingar telja mjög vafasamt að þar sé af nokkru til viðbótar að taka, a. m. k. á meðan ekki hafa náðst samningar við Efnahagsbandalagið um veiðar Grænlandsmegin miðlínu út af Vestfjörðum.

Einnig liggja fyrir umsóknir um skip frá stöðum sem eru í nokkurri sérstöðu, eins og t. d. Þórshöfn, þar sem horfir á ný til mikilla vandræða í atvinnumálum, því að samningur, sem gerður var við ákveðið útgerðarfélag um löndun þar, hefur ekki verið haldinn, langt frá því, og standa nú væntanlega fyrir dyrum málaferli út af þeim samningsbrotum. Fleiri staðir eru slíkir sem af byggðaástæðum eru mjög hart keyrðir og þarf einhvern veginn að tryggja afla.

Ég vil upplýsa að lokum, að ég er nú að skipa vinnuhóp til að athuga þessi mál enn einu sinni í heild sinni, bæði þörf á endurnýjun, þörf á stærð flotans fyrir hinar ýmsu veiðar, endurnýjunarmöguleika innanlands, möguleika á raðsmíði innanlands, og gera samanburð á kostnaði við smíðar innanlands og erlendis. Þetta starf mun verða unnið af mönnum frá sjútvrh., iðnrh., LÍÚ, Félagi dráttarbrautaeigenda og fleirum. Það er von mín, að með því verði dregið saman nokkuð heilsteypt yfirlit yfir stöðu og þörf og jafnframt hvort í einhverjum einstökum tilfellum eða við einhverjar sérstakar aðstæður komi til greina að veita undanþágu frá þeirri meginreglu, að skipastóllinn stækki ekki frá því sem nú er, en sá er vitanlega vandinn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Auðvitað skildi hæstv. sjútvrh., Steingrímur Hermannsson, dæmið sem ég fór með hér áðan, þó að hann þættist ekki gera það. Hverjum manni er auðvitað augljóst að ef afköst skipasmíðastöðvanna eru meiri en úreldingin hér innanlands, þá vex skipastóllinn frekar af þeim sökum heldur en hitt. Innflutningur á fiskiskipum getur ekki þýtt nema annað tveggja: að dregið sé úr verkefnum frá smíðastöðvunum ellegar að skipastóllinn vaxi, nema hvort tveggja sé. Svo einfalt er þetta.

Ráðh. furðaði sig á því, að margir leituðu eftir því að kaupa skip, jafnvel þótt þeir væru í vanskilum og þó að skrapdagar væru margir. En þetta er nú einu sinni eðli málsins, og það var m. a. þess vegna sem mér sýndist nauðsynlegt að spyrna svo fast við fótum sem unnt væri til þess að hafa hemil á stærð skipastólsins. Þarna giltu sem sagt ekki þau venjulegu lögmál um arðsemi sem gilda annars staðar. Sannleikurinn er nefnilega sá, að þessi grein hefur tilhneigingu til þess að éta yfir sig. Og það, sem er hagur eins, þarf ekki að fara saman við hag heildarinnar, heldur þvert á móti getur verið ábatavænlegt fyrir útgerðarmann að auka við hjá sér, en það verður þá á kostnað hinna og á kostnað heildarinnar, þegar þær auðlindir, sem af er að taka, eru takmarkaðar. Og í þessu dæmi er augljóst að stækkun skipastólsins getur ekki orðið til neins annars en að rýra afkomu sjómanna og útvegsins og reyndar þjóðarbúsins alls.

Nú talaði hæstv. sjútvrh. um að þær reglur, sem hann hefði sett, ættu að tryggja það betur að skip fari úr landi en áður hefði verið. En svo er fyrsta dæmið, sem hann kemur með hingað til okkar, einmitt undantekning frá reglunni. Þetta er álíka kenning og sú sem ríkisstj. boðar nú í sambandi við niðurtalningu verðbólgunnar, að það verði að hleypa fram hjá fyrst, hún geti ekki komið sér í verkin. Hvað skyldi hún þurfa að hleypa oft fram hjá áður en hún kemur sér í stefnumiðin? Það, sem ríkisstj. átti auðvitað að gera og hæstv. sjútvrh., var að nota það færi, sem þarna hafði gefist til að taka á þessu máli, og halda fast utan um það. Það var athyglisvert að heyra hæstv. sjútvrh. lýsa því yfir, að auðvitað ykist sóknarkrafturinn ekkert vegna innflutnings á fiskiskipum, en ef það væri innlend smíði, þá mundi sóknarkrafturinn vaxa. Þetta finnst mér aldeilis fráleitt. Og hvernig ætlar ráðh. að sameina þessi markmið, að hafa óbreytta stærð skipastóls, leyfa innflutning á fiskiskipum og efla innlendan skipaiðnað? Þetta dæmir gengur ekki upp, svo einfalt er það.

Ég held að það sé líka vantraust á innlenda skipasmíði að halda því fram, að tækninýjungar geti ekki komið í gegnum hana, heldur verði endilega að sækja þær til útlanda: Spánar, Portúgals eða Noregs. Það skyldi þó ekki vera að það væri einhver tækniþekking á þessu sviði hérna hjá okkur líka? Og það væri þá nær að standa svo við bakið á skipasmíðastöðvunum að þær gætu enn frekar tileinkað sér tækninýjungar, en héngu ekki á horriminni eins og hefur oft viljað brenna við undanfarið.

Ég held að hér sé farið inn á mjög hættulega braut. Það er augljóst, að innflutningurinn mun annaðhvort draga úr verkefnum fyrir innlenda skipasmíðina ellegar stækka skipastólinn, nema hvort tveggja sé. Þær reglur, sem ráðh. hrósar sér af, munu ekki duga neitt gegn þeim þrýstingi sem hér er uppi, ég spyr nú ekki um ef aðferðin á ævinlega að vera sú að hleypa svo framhjá eins og það frv. gerir ráð fyrir sem hér er flutt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 321). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um sektarákvæði vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65 frá 1974, en hámark fésekta í lögum þessum hefur verið óbreytt frá gildistöku þeirra. Er því talið nauðsynlegt að breyta þessum ákvæðum til samræmis við verðlagsþróun og hækka sektarhámark úr 1 millj. kr. í 6 millj. kr. eigi lögin að ná upphaflegum tilgangi sínum.

Fyrir Alþ. liggur nú frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, þar sem lagt er til að sektarhámark í þeim verði hækkað úr 5 millj. kr. í 30 millj. kr. Má segja að þessi tvö frv., sem hér er um að ræða, séu samtvinnuð þar sem lögin, sem hér um ræðir, annars vegar hin almennu hegningarlög og hins vegar lög um ávana- og fíkniefni, eiga margt sameiginlegt.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 327). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hinn 9. nóv. s. l. gaf fyrrv. félmrh. út brbl. um breyt. á lögum um Bjargráðasjóð, þar sem er að finna ákvæði um breyt. á útlánakjörum Bjargráðasjóðs í samræmi við það, að Bjargráðasjóður hafi orðið að taka lán, verðtryggð lán, til að mæta þeim vanda sem við sjóðnum blasti vegna hafíss og vorharðinda á árinu 1979. Frv. þetta mun hafa verið lagt fram á hv. Alþ. í desembermánuði, skömmu eftir alþingiskosningar, en einhverra hluta vegna lá það hér í þinginu án þess að það kæmist á nokkur blöð Alþingis fyrr en nú. Hér er um að ræða frv. til l. um staðfestingu á brbl., og leyfi ég mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að verkefni Bjargráðasjóðs hafa aukist gífurlega á undanförnum árum. M. a. eru ástæðurnar þær, að menn hafa orðið fyrir mjög miklum skakkaföllum í landbúnaði vegna harðinda og einnig hefur komið til greiðslu bóta vegna tjóna af völdum hafíss og þar fram eftir götunum.

Ég er hér með í höndum bréf frá stjórn Bjargráðasjóðs, dagsett 5. febr. á þessu ári, og þar segir að stjórn Bjargráðasjóðs hafi samþykkt að óska eftir því, að lögum sjóðsins verði breytt til að efla hann og auka tekjur hans. Og hér er áætlun um það, hvað þetta mundi efla sjóðinn mikið. Samkvæmt þeim breytingum, sem stjórn Bjargráðasjóðs hefur óskað eftir, yrðu framlög sveitarfélaga 300 kr. á íbúa og næmu 67 millj. kr. Hlutdeild í búnaðarmálasjóðsgjaldi yrði 0.6% og það gerði 250 millj. kr. á níu mánuðum ársins. Mótframlag ríkissjóðs yrði þá 317 millj. kr.

Í þessu bréfi, sem er til fjvn., óskaði stjórn Bjargráðasjóðs eftir verulega auknum fjárveitingum fram yfir þetta. En niðurstaðan varð sú, að fjárframlög til Bjargráðasjóðs voru skorin niður eins og til annarra sjóða og eru aðeins 125 millj. kr. í staðinn fyrir að stjórn sjóðsins óskaði eftir 392 millj. kr. framlagi til þess að geta sinnt þeim brýnu verkefnum sem hafa hlaðist á þennan sjóð að undanförnu.

Nú er það erindi mitt hingað að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort hæstv. ríkisstj. hugsi sér að gera eitthvað í því að sinna þessum málum. Ég bendi t. d. á eitt verkefni sem þessi sjóður mun eiga að sinna, og það er að bæta tjón kartöflubænda sem hefur orðið gífurlegt. Ég hef heyrt þá tölu, að í aðeins þremur hreppum í mínu kjördæmi hafi tjón kartöflubænda numið 400 millj. kr. Það gefur auga leið, að ef Bjargráðasjóður á að fara þá leið, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að taka lán á hinum almenna lánamarkaði og lána út til að bæta tjón eins og þetta, þá er þar um hreina hefndargjöf að ræða. Það eru í rauninni ekki neins konar tjónabætur til manna sem hafa misst svo til allar tekjur sínar vegna slíkra tjóna að lána þeim fé með fullri verðtryggingu og vöxtum, til þess að bæta það tjón. En mér sýnist að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að fara þessa leið, því hún gerir ráð fyrir að afla Bjargráðasjóði 1200 millj. kr., ef ég man rétt, samkv. drögum að lánsfjáráætlun sem lögð voru fram við afgreiðslu fjárlaga.

Hér er sem sagt um mjög brennandi spursmál að ræða, hvort Bjargráðasjóði verði í rauninni gert kleift að bæta slíkt tjón þannig að um raunverulegar tjónabætur sé að ræða, en ekki bara lán með hæstu og verstu kjörum. Þessi spurning brennur mjög á mönnum vegna þess að ekki hafa fengist nein svör um það frá hæstv. ríkisstj., hvað hún hugsi sér að gera í málum Bjargráðasjóðs. Því vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hefur ríkisstj. tekið afstöðu til þess að breyta lögum um Bjargráðasjóð eins og stjórn sjóðsins hefur óskað eftir?

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 3. þm. Norðurl. e. vil ég segja það, að ríkisstj. hefur fjallað um þær brtt. sem fram hafa komið varðandi lög um Bjargráðasjóð. Ákvörðun í þeim efnum hefur ekki verið tekin endanlega af ríkisstj., en henni er ljóst hvaða vanda er hér um að ræða. Ég held að í þessum efnum þurfum við líka að átta okkur á því, að hve miklu leyti þessi sjóður á að vera tryggingasjóður og að hve miklu leyti hann á að vera lánasjóður, að hve miklu leyti er eðlilegt að líta á hann sem sérstakan úrlausnarsjóð félagslegra vandamála eða að hve miklu leyti á að líta á hann sem sérstakan tryggingasjóð landbúnaðarvandans á hverjum tíma. Ég sé að verulegur hluti af útgjöldum þessa sjóðs hefur farið til þess að leysa úr vandamálum landbúnaðarins á undanförnum árum. Spurningin er þá sú, hvort sjóður af þessu tagi á ekki að tengjast landbúnaðinum meira en verið hefur. Þetta eru spurningar sem hafa komið upp í hug minn við meðferð þessa máls að undanförnu.

Ég get því miður ekki gefið hv. þm. nákvæmari svör en þetta á þessu stigi málsins. Ég skal reyna að sjá til þess, að undir lok vikunnar gætu þau orðið ljósari og ég gæti þá komið þeim á framfæri við hann og aðra þá þm. sem af þessum málum hafa sérstakar áhyggjur og á þeim áhuga.

Varðandi lánin er gert ráð fyrir því, að bankakerfið hlaupi undir bagga með Bjargráðasjóði vegna tjóna af harðindunum og hafísnum árið 1979. Gert er ráð fyrir að útlánageta Bjargráðasjóðs verði verulega aukin og verði í kringum 1.5 milljarðar kr. að meðtöldu því fé sem gert er ráð fyrir á lánsfjáráætluninni, eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt úr þeirri meðferð sem þetta mál fékk í fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 167). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 198, n. 323). — 2. umr.

Frsm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það mál, sem hér um ræðir, er að heimila Hitaveitu Suðurnesja að stækka raforkuver sitt í Svartsengi um allt að 6 mw og reisa og reka línur til þess að tengja orkuverið við orkuflutningskerfi.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 62. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 17. apríl 1980.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Bogi Sigurbjörnsson skattendurskoðandi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ingólfur Guðnason,
5. þm. Norðurl. v.“

Bogi Sigurbjörnsson hefur áður átt sæti á þessu þingi og býð ég hann velkominn til starfa á nýjan leik.

Umræður utan dagskrár.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Við höfum orðið þess vör síðustu daga, að af hendi ráðh. og ríkisstj. er lögð mikil áhersla á að skýra okkur frá þeim málum sem ríkisstj. telur sér þörf á að ná fram fyrir þinglok. Nú er það auðvitað öllum hv. þm. ljóst, að Alþingi Íslendinga er ekki eingöngu afgreiðslustofnun fyrir hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma, heldur og til þess að ræða og afgreiða önnur frv. og þáltill. sem eru bornar fram. Og það er erindi mitt hingað að vekja athygli hæstv. forseta þessar-

ar deildar á því, að mér þykir nokkuð vanta á að sumar nefndir þessa þings vinni þau störf, sem þeim er ætlað, og engu líkara en málum sé í sumum þeirra stungið ofan í möppu og lokuð þar af.

Ég leyfi mér að benda á það, að ég flutti hér mál sem vísað var til hv. allshn. þessarar deildar. Mér er kunnugt um að það hafa borist umsagnir sem leitað var eftir frá hagsmunaaðilum, jákvæðar umsagnir, en þessar umsagnir og afgreiðsla viðkomandi mála er látin liggja í þessari hv. nefnd án þess að afgreiðsla fari fram. Ég óska mjög eindregið eftir því, að hæstv. forseti deildarinnar hvetji formenn nefndanna og nefndarmenn til að gegna þeirri þingskyldu sinni að vinna í þingnefndum á þann veg sem ætlast er til. Og ég geri persónulega kröfu til þess sem þingmaður, að þessi frv., sem ég hef lagt hér fram, fái afgreiðslu úr nefnd. Það er svo undir þinginu komið, hvort frv. nái fram að ganga eða hvort þau verða felld eða vísað til ríkisstj. eða látin liggja. En ég óska eftir því eindregið, að viðkomandi nefndir afgreiði þau mál sem hjá þeim liggja.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég hef til þess að gera nýverið tekið við formennsku í allshn. Nd. Ég var þar formaður á næstliðnu þingi einnig, og þá voru haldnir þar á fjórða tug funda, og hygg ég að sú nefnd hafi verið starfsöm með ágætum. Hins vegar veit ég að hv. landsk. þm. Pétri Sigurðssyni er kunnugt um það, að þingstörf öll hafa verið með meira óreiðusniði í vetur. En það hefur þegar verið haldinn, eftir að ég tók við, einn fundur í þessari nefnd. Ég skal viðurkenna að það stóð til að halda fund í morgun, en venjulegur fundartími allshn. er samkv. umtali við nm. á mánudagsmorgnum. Það láðist að boða þennan fund fyrir helgi og ég vil biðja hv. þm. og deildina afsökunar á því. Fundur í allshn. Nd. hefur þegar verið boðaður kl. 10 í fyrramálið.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir orð hv. 1. landsk. þm. Ég vil aðeins upplýsa hér að menntmn. Nd. hefur einu sinni komið saman síðan þing hófst. Nú liggja fyrir þeirri nefnd umsagnir frá ég held velflestum sveitarfélögum hér í nágrenninu varðandi frv. um sinfóníuhljómsveit, sem fyrrv. hæstv. dómsmrh. og menntmrh. lagði fram fyrr í vetur. Þetta er frv. sem mjög er beðið eftir að verði að lögum og hefur að engu verið sinnt síðan nefndin kom einu sinni saman og óskaði eftir umsögnum.

Ég vil einnig benda á að nefndin hefur engan formann. Hæstv. núv. menntmrh. var formaður nefndarinnar. Síðan tók sæti hans hv. þm. Ingólfur Guðnason, sem ég sé að nú er farinn til útlanda og kominn varamaður í hans stað, og ég verð að lýsa hneykslun minni á þessum vinnubrögðum. Sama má segja um margar nefndir þingsins, og ég satt að segja fagna því, að hér skuli koma fram gagnrýnisrödd í þessa veru. Þetta eru ekki vinnubrögð sem eru sæmandi Alþ., og ég skora á þingheim að vinna bráðan bug að því, að hv. þm. fari að vinna.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég get vel tekið undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á því, að nefndir starfi ekki, og ég veit ekki annað en það sé nefndarformanna, hvers svo sem er, að sjá um að nefndir starfi eðlilega. Nefnd hefur verið hér menntmn. Nd., og rétt mun það að ég var kosinn formaður hennar. Ég sagði mig úr þeirri nefnd, að ég hélt á mjög tryggilegan hátt, þegar ég tók við núv. embætti mínu, og við framsóknarmenn kusum nýjan mann í þá nefnd af okkar hálfu. Um formennsku get ég engu ráðið í því efni, og satt að segja hélt ég að það væri nefndarinnar að ganga frá því. Ekki veit ég annað en að varaformaður sé og hafi verið kosinn í nefndinni, og það hlýtur þá að vera hans að sjá um framgang mála í þeirri tilteknu nefnd.

En burtséð frá því, þá er ástæða til að taka undir þessa gagnrýni, að nefndir eiga að sjálfsögðu að starfa og starfa sjálfstætt án nokkurs eftirrekstrar frá forsetum þingsins eða frá einstökum ráðherrum.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram vegna þeirra umr. sem orðið hafa nú, að það eru vissulega orð í tíma töluð sem hv. 1. landsk. þm. fór hér með. Ég vísa því að vísu frá, sem fram kom hjá hv. 9. þm. Reykv., að ríkt hefði sérstök óreiða í þingstörfum. Þingstörf hafa verið með allt öðrum hætti að vísu — af ástæðum sem allir þekkja, þar sem stjórnarskipti urðu nú í vetur — og Alþ. haft annað að vinna að málum af þeim sökum sérstaklega.

Ég hef haft í huga nú, frá því að mér barst í hendur óskalisti hæstv. ríkisstj. um afgreiðslu mála á þessu þingi, að boða vinnunefnd deildarinnar — og raunar hef ég haft samráð við hæstv. forseta Sþ. um að vinnunefndir beggja deilda komi saman til fundar til að ræða um stöðu mála í hinum einstöku nefndum. Að vísu er þess að geta, að í þingsköpum er vinnunefndunum mjög þröngur bás markaður, má segja, þar sem þær eiga eftir orðanna hljóðan þar nær einvörðungu að hafa með það að gera að hlutast til um að fundartímar nefnda rekist ekki á, en í öðru lagi að hafa afskipti af málum ef skipta þarf um menn í nefndum. Vinnunefndir eru skipaðar formönnum í nefndum hv. deildar, en forseti er formaður nefndarinnar. Ég hygg að það gæti verið góður siður að hafa reglulega fundi, eins og mánaðarlega, með vinnunefndunum til þess að menn geti borið saman bækur um það, hvernig unnið skuli að framgangi málanna.

Með vísan til þessarar umr. kalla ég nú sem ákafast eftir málum úr nefndum og það er hv. formanna í viðkomandi nefndum að verða við því ákalli. En eins og ég segi, að öðru leyti munum við forsetar beita okkur fyrir því, að vinnunefndir komi saman til skrafs og ráðagerða, því að það er ekki neitt lítið sem fyrir liggur að vinna að á hinu háa Alþingi ef uppfylla á allan óskalista hæstv. ríkisstj. um þau mál, sem hún álítur nauðsynlegt að nái fram að ganga áður en þingi lýkur. Ég vil svo að öðru leyti ekki gera það að umræðuefni, þar sem þingflokkum hefur ekki enn gefist kostur á að ræða þau mál.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Mér heyrist að hér hafi verið kvartað undan því, að nefndir þingsins hafi ekki starfað eðlilega, og því miður heyrist mér að menn setji allar nefndir undir sama hatt. Ég er m. a. formaður sjútvn. í þessari hv. deild. Sú nefnd hefur fengið fjöldamörg mál til meðferðar af ýmsu tagi frá fleiri en einni ríkisstj. Öll þessi mál hafa verið afgreidd úr þeirri nefnd um leið og kostur hefur verið á að ganga frá þeim. Þar hefur aldrei neitt mál legið óafgreitt og er ekki enn.

Herra forseti. Vegna þess að menn töluðu þannig um nefndir, að það mátti skilja að eins væri ástatt í þeim öllum, þá vildi ég leyfa mér að taka þetta fram fyrir hönd þeirrar nefndar sem ég veiti forstöðu í þessari hv. deild.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins til þess að láta það koma hér fram, sem ég veit að hv. síðasti ræðumaður var að biðja um, að honum yrði hrósað fyrir formannsstarf í sjútvn., þá skal ég fúslega verða við því. En að sjálfsögðu gildir sú gagnrýni, sem ég var með og beindist að starfi einnar nefndar, og reyndar kom það fram í máli hv. 8. landsk. þm., að hún gagnrýndi störf í annarri nefnd. Hitt veit ég, að það eru fleiri nefndir sem starfa hér og starfa vel. Ég á sæti í nokkrum þeirra og það er vel unnið þar. En sérstaklega er vel unnið í þeirri nefnd sem er undir stjórn hv. síðasta ræðumanns.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Menn eru nú seinþreyttir til vandræða, en svo getur um þverbak keyrt að menn geti ekki orða bundist. Eins og hæstv. forseti gat um eru hér tvö mál á dagskrá sem báðum verður að kippa út. Vegna hvers? Vegna þess að hæstv. ríkisstj. eða viðkomandi ráðh. eru ekki tilbúnir til þess að tala fyrir málunum. Annað þessara mála hefur, að ég held, legið fyrir þingi áður og ættu allar upplýsingar þar að lútandi að vera fyrir hendi. Mér þykir það með eindæmum, að slík vinnubrögð skuli vera hér á Alþ. eins og þetta ber vitni. Það er full ástæða til þess að vekja athygli á því, að hér er ekki hægt að halda áfram þingstörfum með eðlilegum hætti vegna þess að hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. eru ekki sjálfir reiðubúnir til að tala fyrir þeim málum sem eiga að vera löngu komin til umr. hér í þinginu.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Umr. hér áðan snerust um það, að nefndir skiluðu seint og illa af sér störfum. En nú bregður svo við, að hv. síðasti ræðumaður kvartar yfir því, að nefndir fái ekki eitt stórmál í viðbót til meðferðar. Ég hef ekki annað um þetta að segja en það, að ég mun við fyrsta tækifæri — ég tók við þessu máli af öðrum — tala fyrir þessu máli, þannig að sú nefnd, sem það fær til meðferðar, hafi eitthvað að gera á næstu dögum og vikum.

Forseti tók dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 46. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Reykjavík 21. apríl 1980.

Varaformaður þingflokks Alþb. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Stefáns Jónssonar, 4. þm. Norðurl. e., sem vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norðurl. e., Soffía Guðmundsdóttir tónlistarkennari, taki sæti á Alþingi í forföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Guðmundur Bjarnason,
forseti Ed."

Soffía Guðmundsdóttir hefur ekki setið fyrr á Alþingi á þessu kjörtímabili og þarf því að fara fram rannsókn kjörbréfs. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar og verður gefið fundarhlé í tíu mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og tekið fyrir kjörbréf Soffíu Guðmundsdóttur, 1. varaþm. Alþb. í Norðurl. e., en hún mun taka sæti Stefáns Jónssonar, 4. þm. Norðurl. e., sem hefur boðað forföll vegna veikinda.

Kjörbréfanefnd leggur til að kosning hennar verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Tillaga kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Kjörbréfið er samþ. með 35 shlj. atkv., og býð ég Soffíu Guðmundsdóttur velkomna til starfa á Alþingi.

Listskreytingar í skólum, fsp. (þskj. 314). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég hef borið hér fram fsp. til hæstv. menntmrh. um listskreytingar í skólum, en í lögum um skólakostnað hefur í alllangan tíma — eða alla vega frá árinu 1967 — verið ákveðið þess efnis, að heimilt sé að verja 2% af áætluðum byggingarkostnaði skólamannvirkis til listskreytinga. Lagagreinin, sem um þetta fjallar, þ. e. 10. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Menntmrn. getur, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar, þó aldrei hærri fjárhæð en 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla að viðbættri hækkun samkv. byggingarvísitölu."

Í lögum um grunnskóla frá 1974 er sambærilegt ákvæði og þarf ég ekki að rekja það nánar hér. Ástæða þess, að slíkt ákvæði var sett í lög á sínum tíma, held ég að liggi nokkuð í augum uppi. Þetta eru að sjálfsögðu tvíþættir hagsmunir, annars vegar hagsmunir ríkis og sveitarfélaga að auðga umhverfi sitt með listaverkum, — og ef hið opinbera á ekki að hafa frumkvæði að slíku starfi þá verður varla til þess ætlast af öðrum, — og í hinn stað eru hér vafalaust hafðir í huga hagsmunir listamanna einnig, að þeir geti fengið verkefni við sitt hæfi á þennan hátt sem þeir fái greitt fyrir. Ég býst við að a. m. k. mörgum listamönnum sé þetta mun hugnanlegri aðferð til lífsframfæris heldur en að þiggja svokallaða listamannastyrki sem ríkisvaldið úthlutar.

Ég skal viðurkenna að kveikjan að þessari fsp. eru fréttir í blöðum ekki alls fyrir löngu þess efnis, að deila hefði komið upp milli menntmrn. og ákveðins listamanns, Einars Hákonarsonar, um tillögu sem hann hafði gert að listskreytingu fyrir skóla fyrir þroskaheft börn sem verið er að reisa í Safamýri í Reykjavík. Hann mun hafa gert till. að veggskreytingu sem að hans sögn er innan við þessi 2% mörk af kostnaði, en rn. hins vegar

hafnað þessari till. hans. Hér var um að ræða mósaíkmynd á útvegg. Hins vegar mun það nú vera í höndum hæstv. menntmrh. að taka endanlega ákvörðun um þetta. Mér er ekki kunnugt um hvort sú ákvörðun liggur fyrir, en þætti vænt um að fá það upplýst hér einnig nú. Mér er þó tjáð að þessari byggingu hafi verið haldið áfram af fullum krafti og úr því sem komið er sé mjög erfitt að koma þessu verki fyrir, þar sem búið sé að slá upp fyrir þeim vegg sem það átti að koma á.

Ég skal ekki hafa þennan formála lengri, en fsp. er svo hljóðandi:

Í lögum um skólakostnað er ákvæði þess efnis, að menntmrn. geti varið allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis til listskreytingar. Spurt er: Hvernig hefur ákvæði þetta verið framkvæmt s. l. 5 ár? Hvaða skólar hafa verið listskreyttir í samræmi við ofangreint ákvæði? Hvaða skólar hafa ekki notið slíks og þá af hvaða ástæðum?

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég skal leitast við að svara þeim fsp. sem hv. þm. hefur borið fram við mig. Hins vegar verð ég að segja að mig furðaði svolítið á að hann skyldi í þessu tilliti, að því er mér virtist alveg að tilefnislausu, fara að blanda hér inn í því sem hann kallar deilu milli mín og Einars Hákonarsonar listamanns. Ég held að það sé alveg óþarfi að blanda þessu saman. Það hefur ekki orðið nein stórdeila um þetta efni. Hins vegar kom upp ágreiningur milli mín og Einars Hákonarsonar myndlistarmanns út af því verði sem hann setti á myndverk sitt, og það mál er til umræðu og umfjöllunar. Um þetta hef ég rætt persónulega við Einar Hákonarson mjög nýlega, og ég vona satt að segja að það mál leysist án nokkurrar meðalgöngu blaða eða Alþingis. Ég vil ekki fara að blanda því máli hér saman við, jafnvel þó að hv. fyrirspyrjandi segi nú, sem mér kemur á óvart, að þessi viðtöl okkar Einars Hákonarsonar hafi orðið tilefni til þess að hann ber fram þessa fsp. Fsp. er út af fyrir sig mjög eðlileg, og það er ekkert á móti því að gerð sé grein fyrir hvernig fé er varið til þessa þáttar í listalífi okkar og menningarlífi. En ég held að það sé ákaflega óheppilegt að fara að blanda inn í þetta þessu tiltekna atriði, sem ég er næstum viss um að hv. fyrirspyrjandi er ekki nógu vel að sér um.

En fsp. hv. fyrirspyrjanda hljóðar um það, að í lögum um skólakostnað sé ákvæði þess efnis, að menntmrn. geti varið allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkja til listskreytinga. Og þá er spurt, hvernig þetta ákvæði hafi verið framkvæmt s. l. fimm ár og hvaða skólar hafi verið listskreyttir í samræmi við ofangreint ákvæði, og einnig, hvaða skólar hafi ekki notið slíks og þá af hvaða ástæðum.

Ég vil þá svara þessu þannig, að ákvæði um listskreytingu skólahúsa voru fyrst í lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, 10. gr., og þessi ákvæði hljóðuðu þannig orðrétt:

„Menntmrn. getur, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð sem nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingardeildar, þó aldrei hærri fjárhæð en 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla að viðbættri hækkun samkv. byggingarvísitölu, sbr. 8. gr."

En með grunnskólalögum nr. 63 frá 21. maí 1974 komu ný ákvæði um listskreytingar þannig að ákvæðin í hinum fyrri lögum gilda ekki nú. Þessi nýju ákvæði eru í 26. gr. þeirra laga sem hljóðar þannig:

„Sveitarstjórn getur ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntmrn. og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingardeildar rn."

Það eru þessi ákvæði, sem nú gilda um listskreytingu, en ekki ákvæðin í lögunum um skólakostnað sem hv. fyrirspyrjandi var að vísa til áðan.

Þegar frv. til l. um grunnskóla var lagt fyrir Alþ. 1973 voru ákvæðin um listskreytingu þannig, að gert var ráð fyrir að tveir menn yrðu rn. til aðstoðar í þessum efnum. Annar skyldi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, en hinn af Bandalagi ísl. listamanna. Þetta var fellt niður í meðferð Alþingis á málinu. Einnig var frv.-greininni breytt þannig að frumkvæðið að listskreytingum skólahúsa var tekið úr höndum menntmrn. og lagt í hendur sveitarstjórnum.

Þess er rétt að geta, að ákvæðin um listskreytingu skólamannvirkja taka einungis — og ég bið menn að veita því athygli, ekki síst vegna innskots frá hv. fyrirspyrjanda, þar sem hann fer að blanda inn í þetta listskreytingu tiltekins skóla utan við grunnskólastig — til þeirra skóla sem grunnskólalög gilda um, þ. e. skyldunámsskóla, en ekki skóla á framhaldsskólastigi.

Hins vegar hefur menntmrh. í ýmsum tilvikum ákveðið listskreytingu ríkisskóla og þá tekið mið af ákvæðunum í grunnskólalögum. Í sambandi við listskreytingar skólamannvirkja hefur vilji menntmrh., hygg ég, ævinlega staðið til þess að fegra skólamannvirki og starfsumhverfi þeirra sem í skólunum vinna og í öðru lagi að efla vinnumarkað listamanna. Vilji minn í þessum efnum er sá, að skólamannvirki verði yfirleitt listskreytt, eins og áður segir, en frumkvæði þessara mála er ekki lengur í höndum menntmrh. og þess vegna mjög undir sveitarstjórnum komið hver framvinda þessara mála verður. Hins vegar tel ég óhjákvæmilegt, ef vel á að fara, að efnt verði til samkeppni meðal listamanna um þessar listskreytingar, og ég mun beita mér fyrir því að slíkt fyrirkomulag komist á og að gott samstarf verði haft við listamannasamtök um framkvæmd þessara mála.

Nú skal ég reyna að gera grein fyrir því, hvaða skólamannvirki hafa verið listskreytt síðan ákvæði um listskreytingu var sett í lög. Þetta er dálítill lestur og er byggt á samantekt sem gerð hefur verið af þessu tilefni og tekið hefur nokkurn tíma að tína saman, en ég vona að hér sé rétt frá skýrt. Ég byggi þetta að sjálfsögðu algjörlega á vinnu starfsmanna menntmrn.

Samkvæmt þessu hafa listskreytingar grunnskólabygginga verið þessar:

Árbæjarskóli í Reykjavík. Þar er um að ræða veggmyndir úr íslensku grjóti, lagt í múr. Höfundur listaverksins er Veturliði Gunnarsson. Réttarholtsskóli í Reykjavík. Þar er skúlptúr á vegg eftir Magnús Tómasson.

Reykjanesumdæmi, íþróttahús í Garðabæ. Þar er leirskúlptúr utan dyra. Höfundur verksins er Haukur Dór. Lækjarskóli í Hafnarfirði er skreyttur með tveimur mósaíkmyndum inni í skólanum. Höfundur verksins er Katrín Pálsdóttir kennari, sem hefur unnið verkið í samvinnu við nemendur. Þá er það skóli í Njarðvíkurkaup-

stað. Þar er veggur í anddyri, hlaðinn í mósaík, eftir Áka Gränz, og í öðru lagi innfellingar í steyptum stigum. Höfundur þess verks er líka Áki Gränz. Í Mosfellshreppi er veggmálverk í gagnfræðaskóla. Nemendur úr Myndlista- og handíðaskólanum hafa unnið það verk.

Í Vestfjarðaumdæmi er um það að ræða, að í skóla í Barðastrandarhreppi er mynd eftir Leif Breiðfjörð, steypt mynd innan dyra.

Í Norðurlandsumdæmi vestra, á Hofsósi, er steypt mynd á vegg, upphleypt í ýmis form og máluð. Höfundur hennar er Benedikt Gunnarsson.

Norðurlandsumdæmi eystra. Í íþróttahúsi Glerárskólans á Akureyri er steypt mynd og máluð á vegg utanhúss, skreyting eftir Snorra Svein Friðriksson. Í Gagnfræðaskólanum á Húsavík er veggskreyting eftir Hring Jóhannesson. Í Þelamerkurskóla í Hörgárdal er steypt mynd á vegg, upphleypt í ýmis form og máluð. Höfundurinn er Bragi Ásgeirsson. Í Stórutjarnaskóla er myndverk, steyptur skúlptúr á vegg utanhúss við aðalinngang, ekki máluð. Þetta verk er eftir Sigurjón Ólafsson. Í Hafralækjarskóla í Suður-Þingeyjarsýslu er handrið milli hæða inni í skólanum myndskreytt. Höfundur þess er Jón Gunnar Árnason.

Í Suðurlandsumdæmi er getið um steinsteypta lágmynd innan dyra í skóla í Vík í Mýrdal eftir Benedikt Gunnarsson.

Hér hef ég svo skrá um listskreytingar í öðrum skólum en grunnskólum:

Í Kennaraháskóla Íslands er mósaíkmynd eftir Gunnlaug Scheving og Valtý Pétursson. Í Menntaskólanum við Hamrahlíð er mósaíkveggskreyting innan dyra eftir Gerði Helgadóttur. Í Menntaskólanum á Laugarvatni er myndskreyting eftir Ragnar Kjartansson. Í Skógaskóla er málverk á vegg eftir Benedikt Gunnarsson. Í Öskjuhlíðarskóla er skreyting á steypu utanhúss eftir Snorra Svein Friðriksson.

Þá er þess að geta, að nemendur hafa gefið skólum listaverk eða listskreytingar. T. d. hafa afmælisstúdentar við Menntaskólann í Reykjavík gefið höggmyndir til skólans. Er önnur þeirra Andlit sólar eftir Ásmund Sveinsson. Hin er afsteypa af Pallas Aþenu.

Varðandi listskreytingar, sem nú eru í undirbúningi og vinnslu, má nefna t. d. að í Reykjavík er verið að vinna að listskreytingu við Hlíðaskóla og Hólabrekkuskóla. Um þær listskreytingar er þetta að segja hvað varðar Hlíðaskóla: Þrír aðilar tóku að sér verkið. Þeir eru Jón Gunnar Árnason, Þór Vigfússon og Rúrý Fannberg. Þetta verk skyldi unnið í samvinnu við nemendur. Áætlaður kostnaður í árslok 1978 var 3.5 millj. kr. í heild. Þetta eru ýmis skúlptúrverk að viðbættum máluðum myndum. Og þá er það Hólabrekkuskóli hér í Reykjavík. Þar er listamaður Einar Hákonarson. Samningur var gerður við hann um mitt ár 1978, þar sem greiðslan er þannig, að hún er 1 millj. 400 þús. fyrir hugverk og hugmynd og 700 þús. er vinna listamannsins. Alls er þetta því 2 millj. og 800 þús. kr. Þetta er mósaíkmynd á vegg.

Aftur á móti er það að segja um myndina sem við Einar höfum svolítið haft með að gera í sameiningu að verðleggja, þó að við höfum ekki orðið sammála um það, að það verk á að kosta 10 millj. eftir hans verðlagningu, en ég hef ekki getað fallist á það verð. Í þessu liggur deilan, og ég held að það sé alveg óþarfi að fara að koma með það mál inn í Alþingi.

Ég held að ég hafi þá lokið þeim lista, sem ég hef um þetta, að öðru leyti en því sem varðar kostnað. En það er svo langur lestur að það væri miklu nær að birta það þingheimi í prentuðu máli.

Þau skólamannvirki, sem ég hef talið hér upp, hafa verið listskreytt samkv. heimild í lögum. Vegna fyrirspurnar um það, hvaða skólar hafi ekki notið listskreytingar, þá er auðvitað skemmst frá því að segja að það er allur obbinn af skólum sem það hefur ekki gert, það er ljóst mál af þessum lestri. En ástæðan til þess að svo er kann m. a. að liggja í því, að ýmis skólamannvirki eru á því byggingarstigi að það er ekki búið að ákveða listskreytingar. Auk þess eru þessi mál í höndum sveitarfélaganna yfirleitt. Hvað varðar listskreytingar annarra skóla en grunnskóla má segja að það séu fremur í höndum menntmrn., og eins og ég sagði áður, þá er síður en svo að ég vilji letja í því efni að skólar verði listskreyttir. Þvert á móti held ég að það sé fullkomin ástæða til þess fyrir mig sem menntmrh. og þá, sem því embætti gegna síðar, að taka þetta mál föstum tökum og vinna meira að því að listamenn skreyti skólabyggingar. En hitt tel ég höfuðnauðsyn, ef sú stefna verður mörkuð, að þá verði jafnframt ákveðið hvernig standa skuli að framkvæmd hennar. Ég held að þær reglur þurfi að setja í samráði við listamenn sjálfa.

Ég get upplýst það hér, að nú á næstunni verður efnt til ráðstefnu í Noregi, norrænnar ráðstefnu, einmitt um þessi mál og hvernig hægt sé að auka vinnumarkað listamanna með listskreytingu opinberra bygginga, og þá ekki síst skóla, forma samskiptareglur milli opinberra aðila og listamanna um þessi efni. Það er ákveðið, að menntmrn. mun styrkja a. m. k. einn íslenskan listamann eða fulltrúa myndlistarmanna til þess að sækja þessa ráðstefnu.

Ég held þá, að þessari fsp. sé nokkurn veginn svarað, og læt máli mínu lokið.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör við þessari fsp. minni. Hann gerði tvær aths. við málflutning minn:

Annars vegar var það að skólakostnaðarlögin væru nú komin úr gildi með setningu grunnskólalaga og því ætti 10. gr. ekki lengur við. Ég ætla ekki að deila um lögfræði við hæstv. ráðh. hér úr ræðustól. En ég held að það sé þó alveg ljóst við lestur grunnskólalaganna og 88. gr. þeirra, þar sem tilgreint er hvaða lagaákvæði falli úr gildi við setningu þeirra, að 10. gr. laganna um skólakostnað var ekki ein af þeim greinum sem voru felldar úr gildi þegar grunnskólalögin voru sett enda hefur það komið fram m. a. í skýrslu menntmrh. til Alþingis 1978 um framkvæmd grunnskólalaga, að þessi ákvæði 10. gr. skólakostnaðarlaganna frá 1967 hafi verið notuð til viðmiðunar við aðra skóla en grunnskóla, þ. á m. þá skóla sem eru hreinir ríkisskólar. Nú er Lyngásskólinn grunnskóli samkv. skilgreiningu rn., þannig að um hann eiga að sjálfsögðu að gilda þau ákvæði sem hér um ræðir. Og ég held eins og til hans er stofnað sé það menntmrn. að hafa frumkvæði að listskreytingu þar.

Hin aths. hæstv. ráðh. var sú, að ég skyldi gera að umtalsefni í framsöguræðu minni þá deilu sem upp hefur komið milli rn. og ákveðins listamanns. Ég tel að það sé engin furða þó að á það sé drepið þegar þetta mál kemur hér á annað borð til umr. Auðvitað hlýtur það að vekja athygli þegar ráðh. sest í sæti menntmrh., m. a. með

yfirlýsingum — sem ég efast ekki um að séu af heilum huga gefnar — um að hann muni stuðla að auknu menningar- og listalífi í landinu, að eitt af því fyrsta, sem heyrist, eru harðar deilur við einn af okkar bestu myndlistarmönnum um greiðslur fyrir slíkt listaverk.

Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á þessa deilu. Vel kann að vera að það sé rétt hjá hæstv. ráðh. að ég viti ekki nægilega mikið um hana til þess að gera hana að umtalsefni. Ég vil þó fullyrða að sá listamaður, sem hér á í hlut, lítur ekki eins léttvægum augum á þetta og hæstv. ráðh., að hér sé um að ræða eitthvert spjall þeirra á milli, eins og ráðh. vildi gefa í skyn. Ég hygg að hann telji þarna nokkru meira í veði fyrir sig en svo að hægt sé að líta þannig á það mál. En ég ætla ekki að gera það frekar að umtalsefni hér og ítreka að ég legg ekki dóm á þessa deilu. Ég fagna því, að ráðh. hefur lýst yfir að hann muni gera sitt til þess að hún leysist.

Mér fannst koma fram í þessari skýrslu hæstv. ráðh. — og nú tek ég það að sjálfsögðu fram, að auðvitað á hann ekki neina sök þar á og ber enga ábyrgð þar á þar sem hann er svo nýsestur í ráðherrastól — en mér finnst alveg augljóst af þessari upptalningu að því fer fjarri að þetta lagaákvæði hafi verið nægilega mikið notað. Ég vil nú eindregið hvetja hæstv. ráðh. til að beita sér fyrir því, að listskreytingar í skólum og reyndar öðrum opinberum byggingum verði í mun ríkari mæli en þessi upptalning gaf tilefni til og reynslan hefur verið hingað til, þannig að bæði megum við verða auðugri að fögrum listaverkum og listamenn fá verk við sitt hæfi, verk sem þeim sjálfum, hygg ég, sé kærkomið að vinna að.

Ég vil geta þess til dæmis — af því að hæstv. ráðh. gat um ráðstefnu í Noregi um þetta efni og að hún yrði sótt af hálfu rn. — að í Noregi munu þau ákvæði gilda, að það er skylda að verja ákveðinni prósenttölu, ég hygg að það sé 2%, til listskreytinga eða listaverkakaupa í skólum. Þar er það skylda, en ekki aðeins heimild eins og er í okkar lögum. Og mér finnst fyllilega koma til greina að það verði hugleitt, hvort ekki sé rétt að gera þetta að skyldu, ekki aðeins um skólabyggingar, heldur um allar opinberar byggingar.

Útboð verklegra framkvæmda, fsp. (þskj. 176). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég hef flutt á þskj. 176 fsp. um útboð verklegra framkvæmda á vegum nokkurra ríkisstofnana. Lagaákvæði eru nokkuð ótvíræð um þetta efni, en í 13. gr. laga nr. 63 frá 1970, um skipan opinberra framkvæmda, segir, með leyfi forseta:

„Verk skal að jafnaði unnið samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð telst ekki munu gefa góða raun, er heimilt að fenginni umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr., að víkja frá útboði, sbr. þó 2. mgr. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg skal verkinu ráðstafað á grundvelli fasts samningsverðs eða eftir reikningi. Útboðslýsingar, verklýsingar og verksamningar skulu vera í samræmi við áætlun samkv. 9. gr.“

Í hafnalögum eru ákvæði um að bjóða skuli út, ef hagkvæmt þyki, einstakar hafnarframkvæmdir eða hluta þeirra.

Ástæða þess, að slík ákvæði eru sett í lög, er auðvitað sú, að menn hafa komist að raun um það í tímans rás, að útboð séu almennt til góðs að því er allar framkvæmdir snertir, ekki aðeins opinberar, heldur allar aðrar framkvæmdir. Reynslan hefur sýnt að undirbúningur slíkra framkvæmda er vandaðri. Yfirleitt er ekki farið af stað með framkvæmdir fyrr en hönnun er fullokið. Gerðar eru ítarlegar kostnaðaráætlanir og betri yfirsýn fæst því yfir verkið í heild. Það er auðveldara að taka ákvörðun um, hvernig skipta eigi því í áfanga, og auðveldara að tryggja fjármagn. Og í flestum tilfellum tryggir útboð lægsta hugsanlega verð á þeirri framkvæmd sem um er að ræða. Uppgjör slíkra verka er og auðveldara eftir á. Það er mun betra að fylgjast með því, af hverju hækkanir stafa, heldur en ella. Eru það verðhækkanir, sem þar hafa komið til greina, eru það aukaverk, sem sett hafa verið inn í verkið síðar, eða hafa verið gerðar einhverjar breytingar á verkinu í miðjum klíðum? Allt eru þetta spurningar sem nauðsynlegt er að fá svarað að verklokum. Og það er auðveldara þegar útboð eiga sér stað. Það er rétt að geta þess, að þegar alþjóðastofnanir lána til framkvæmda, t. d. hér á Íslandi, þá hafa þær gert að skilyrði að útboð fari fram. Það segir sína sögu um hvert er mat manna á alþjóðlegum vettvangi á hagkvæmni útboða.

Að undanförnu hafa farið fram nokkrar umræður um útboð á vegum ríkisins fyrir frumkvæði Verktakasambands Íslands og sú umkvörtun borin fram á opinberum vettvangi, að ríki og ríkisstofnanir bjóði lítið út af framkvæmdum sínum. Þessari fsp. er því ætlað að fá það fram, að hve miklu leyti lögin um opinberar framkvæmdir eru virt og þá hver sé ástæða þess að svo sé ekki gert. Fsp. er svo hljóðandi:

1) Hvaða verk voru boðin út á almennum verktakamarkaði árin 1978 og 1979 hjá eftirtöldum stofnunum:
   a) Vegagerð ríkisins,
   b) Pósti og síma,
   c) Vita- og hafnamálaskrifstofunni,
   d) Flugmálastjórn?
2) Hversu stór hluti var boðinn út af heildarframkvæmdum ofangreindra stofnana árin 1978 og 1979?
3) Hvers vegna er 13. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, ekki fylgt, en samkv. henni eiga útboð að jafnaði að fara fram?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 176 er fsp. frá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni í þremur tölul. varðandi útboð verklegra framkvæmda nokkurra ríkisstofnana.

Hér er fyrst vikið að þriðja lið fsp., um framkvæmd 13. gr. laga nr. 63 frá 1970, sem hann gerði sérstaklega að umræðuefni.

Um skipan opinberra framkvæmda skal tekið fram, að þrátt fyrir að útboð skuli að jafnaði fara fram, þá heimilar 3. mgr. 21. gr. sömu laga að einstökum ríkisstofnunum sé falin umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda. Skilyrði téðrar undanþágu er að stofnanirnar hafi aðstöðu til þess að annast þessi verkefni.

Með tilvísun til tilvitnaðrar lagagreinar veitti fjmrn. hinn 19. júní 1970 Vegagerð ríkisins, Vita- og hafnamálastofnun og Póst- og símamálastofnun heimild til þess að fara eftirleiðis sem hingað til með undirbúning og framkvæmd verkefna á þeirra sérsviðum. Sams konar heimild var veitt flugmálastjórn með bréfi dagsettu 14.

júlí 1970. Hinn 9. nóv. 1979 var umrædd undanþága takmörkuð þannig, að undir sérsvið flokkuðust ekki byggingar eða kaup húsa eða mannvirkja sem ekki flokkast undir sérsvið stofnana í þrengsta skilningi þess orðs. Læt ég þetta nægja um almenna framkvæmd á þessu lagaákvæði.

Um 1. og 2. tölul. fsp. er þetta að segja:

Vík ég fyrst að Vegagerð ríkisins. Verktakar vinna með tvennum hætti fyrir Vegagerð ríkisins, þ. e. að undangengnu útboði eða samkv. samningi. Vinna verktaka samkv. samningi er einkum tíðkuð þegar skilyrði til útboðs eru erfið. Verktakar hafa árin 1978 og 1979 unnið fyrir Vegagerð ríkisins sem hér segir, og tek ég þá fyrst árið 1978:

a. Útboðsverk: 1) Slitlag og tilheyrandi á Suðurlandsvegi 97 millj. kr. 2) Útlögn slitlags á Suðvesturlandi 62 millj. kr. Samtals 159 millj. kr.

b. Samningsverk: 1) Framleiðsla olíumalar og þess háttar 115 millj. kr. 2) Efnisvinna og þess háttar 172 millj. kr. 3) Uppgræðsla lands og þess háttar 98 millj. kr. Samtals 385 millj. kr.

Árið 1979:

a. Útboðsverk: 1) Útlögn slitlags á Suðvesturlandi 125 millj. kr. 2) Vegagerð á Kjalarnesi 199 millj. kr. Samtals 324 millj. kr.

b. Samningsverk: 1) Framleiðsla olíumalar 131 millj. kr. 2) Efnisvinna og þess háttar 194 millj. kr. 3) Uppgræðsla lands og þess háttar 44 millj. kr. Samtals 369 millj. kr.

Hér er ekki talið með útboð á efni, vörum og tækjum sem keypt eru til framkvæmda. Þá eru ekki heldur taldir verksamningar sem gerðir eru við bæjarfélög, einkum Reykjavík og Akureyri, um framleiðslu og útlögn malbiks.

Þessi ár var heildarfjármagn, þ. e. fjárveitingar og lánsfé, til nýrra framkvæmda í vega- og brúargerð 4580 millj. kr. 1978 og 5630 millj. kr. 1979. Verktakaverð sem hlutfall af þessum liðum var 11% fyrra árið og 12% hið seinna.

Um hlutdeild verktaka í framkvæmdum Vegagerðar ríkisins undanfarin ár má segja, að á árunum um og upp úr 1970 var hún miklum mun meiri og komst upp í 40% þegar mest var. Þá voru aðstæður þannig að framkvæmdir við vegagerð voru mjög miklar.

Þá kem ég að Hafnamálastofnun ríkisins. Útboð verkefna á vegum Hafnamálastofnunar eru tiltölulega smáar. Öll vinna í sjó er mjög áhættusöm og óvissuþættir í hafnargerðum því yfirleitt taldir mjög miklir. Auk þess er mikið byggt á sérhæfðum tækjakosti og þjálfuðu starfsliði. Útboð á vegum stofnunarinnar 1978 og 1979 voru sem hér segir:

Árið 1978. Einstök verkefni: 1) Uppfyllingarefni á Siglufirði 15 millj. kr. 2) Efniskaup, Innkaupastofnun ríkisins 338.5 millj. kr. Samtals 353.5 millj. kr.

Árið 1979. Einstök verkefni: 1) Vogarhús á Hornafirði 18 millj. kr. 2) Steyptur kantur á Ólafsfirði 12 millj. kr. 3) Steyptur kantur í Vestmannaeyjum 19 millj. kr. 4) Fyllingar í Hafnarfirði 20 millj. kr. Samtals 69 millj. kr.

Efniskaup, Innkaupastofnun ríkisins 311.5 millj. kr. Samtals 380.5 millj. kr.

Heildarframkvæmdir 1978 voru samtals 2402 millj. kr. og 1979 2600 millj., og er hlutfall úboða af tölum þessum 14.7% fyrra árið og 14.6% seinna árið. Rétt er að taka fram að stofnunin gerir einnig samninga við fjölda vinnuvélaeigenda um afnot tækja þeirra. Eru greiðslur af þeim sökum ekki reiknaðar hér með.

Þá er það Flugmálastjórn. Framkvæmdir Flugmálastjórnar eru einkum gerð fulgvalla, bygging húsa í tengslum við þá svo og kaup og uppsetning ýmiss útbúnaðar til leiðbeiningar flugvélum og öryggis í flugrekstri. Árið 1978 var framkvæmdafé á fjárlögum til Flugmálastjórnar 600 millj. og var u. þ. b. 45% þeirrar fjárhæðar varið til framkvæmda vegna véla, öryggistækja, ljósabúnaðar og radíóbúnaðar. Sambærilegar tölur fyrir 1979 voru 800 millj. eða 35%. Að jafnaði var óskað eftir tilboðum í viðkomandi tækjabúnað. Uppsetning radíóbúnaðar hefur ekki verið boðin út á almennum verktakamarkaði þar eð hér er um að ræða sérhæfðan búnað sem krefst sérþjálfunar verktaka og ekki gert ráð fyrir að slík þjálfun sé fyrir hendi á verktakamarkaðnum. Uppsetning ljósabúnaðar er að jafnaði unnin af raftæknideild Flugmálastjórnar. En sé um meiri háttar verkefni að ræða eru þau boðin út. Má hér nefna uppsetningu aðflugshallaljósa fyrir Keflavíkurflugvöll árið 1973. Af verkefnum við flugvallargerðir unnu verktakar um 13% eða fyrir u. þ. b. 24 millj. kr. 1978 og 24% eða 80 millj. kr. 1979. Sambærilegar tölur af byggingarverkefnum stofnunarinnar eru 67% eða 84 millj. unnið af verktökum af slíkum verkefnum 1978 og 34% eða 80 millj. 1979. Tekið skal fram að mjög oft hefur ekki reynst unnt að vinna að nauðsynlegum undirbúningi fyrir útboðslýsingar vegna þess hvað ákvarðanir um framkvæmdir eru oft teknar með skömmum fyrirvara. Þetta á auðvitað við um aðrar þær stofnanir sem hér getur að meira eða minna leyti og takmarkar tíðum útboð verka.

Þá tek ég í fjórða lagi fyrir Póst- og símamálastofnun. Um framkvæmdir stofnunarinnar má segja almennt að þær eru einkum fólgnar í kaupum og uppsetningu hins margvíslega tæknibúnaðar er hún notar í starfsemi sinni. Bygging húsa og annarra sérhæfðra mannvirkja er hlutfallslega lítill hluti af fjárfestingu stofnunarinnar. Við kaup hinna ýmsu tækja, svo sem sjálfvirkra símstöðva, notendabúnaðar, fjölsíma og radíóleiðarkerfa, jarðsíma og radíóbúnaðar, er stuðst við verðkannanir á ákveðnum fresti þegar leitað er tilboða til framleiðenda sem allir eru erlendir.

Uppsetning búnaðarins er síðan í höndum sérhæfðs starfsliðs stofnunar og eru möguleikar til útboða í þeim efnum nánast engir. Jarðvinna í þéttbýli er mjög oft unnin í samvinnu við viðkomandi rafveitur og þá tíðast af verktökum, en í mörgum tilfellum sjá vinnuflokkar stofnunarinnar um þetta atriði og þá með vinnuvélum frá staðarmönnum verði því við komið. Framkvæmdir að nýsmíði póst- og símahúsa byggjast á útboðum á almennum verktakamarkaði að langstærsta hluta, eða alltaf þegar því verður við komið. Helstu undantekningar eru viðbyggingar, sem eru erfiðari í verklýsingu, svo og minni háttar tækjahús. Aðalreglan er sú, að smíði póst- og símahúsa er boðin út í einu lagi, en sé um að ræða stærri hús og ætlað að smíði þeirra standi lengur en tvö ár er smíðin boðin út í áföngum. Á tímabilinu 1978 og 1979 voru sem næst 90% fjárfestingar í fasteignum að öllu eða verulegu leyti unnin á grundvelli samninga að undangengnum útboðum. Fjárfestingar 1978 voru samtals 1671 millj. kr. og voru fasteignir 254 millj. af því. Sambærilegar tölur fyrir 1979 voru 2806 millj. kr. fjárfesting samtals og 344 millj. kr. í fasteignum. Og eins og fyrr sagði voru um 90% af því boðin út.

Í þessum tölum er ekki fjallað um jarðstöðina við Úlfarsfell. Bygging hennar var boðin út í ársbyrjun 1978. Byggingarlýsing var send 15 fyrirtækjum víðs vegar um heim og bárust sjö tilboð. Samið var við lægstbjóðanda og innifól samningurinn í sér nær allan tækjabúnað, loftnet, stöðvarbyggingu, uppsetningu stöðvar og prófanir. Nokkrir verkþættir voru undanskildir í samningi og var stærstur þeirra bygging aflhúss sem samið var um við íslenska verktaka. Ýmsar minni háttar lóða- og vegaframkvæmdir við jarðstöðina voru boðnar út á innlendum markaði.

Þetta eru, herra forseti, samandregnar þær upplýsingar sem samgrn. fékk frá hinum ýmsum aðilum, sem eru allviðamiklar og lýsa oft í smáatriðum nánar en ég hef getað gert á þessum stutta tíma. Hins vegar er sjálfsagt að fyrirspyrjandi og aðrir, sem óska nánari upplýsinga, fái aðgang að þeim skýrslum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni fyrir að koma fram með þessa fsp. sem ég held að sé ástæða til þess að sé rædd hér. Því miður gefst ekki mikill tími til þess í jafnþröngum tíma og er þegar fsp. eru ræddar í hv. þingi

Á 100. löggjafarþinginu flutti Ellert B. Schram till. til þál. um verklegar framkvæmdir kostaðar af ríkissjóði og á vegum stofnana ríkisins með sjálfstæðan fjárhag, þar sem lagt var mjög ákveðið til að fylgt yrði þeirri meginreglu, sem kemur fram í 13. gr. laga nr. 63 frá 1970, sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson lýsti hér áðan. Í grg. með þessari þáltill. rekur þm. mjög rækilega helstu rökin fyrir því, að til útboða er gripið, og bendir þar jöfnum höndum á ný rök og reynslu þeirra fyrirtækja og sveitarstjórna og opinberra fyrirtækja sem hafa reynslu í þeim efnum.

Það er ljóst, eins og reyndar hefur komið fram, að verk til útboða eru venjulega betur undirbúin. Eftirlit er með framkvæmd verktaka, en er aftur á móti lítið sem ekkert þegar ríkisstofnanir eiga í hlut. En þá er það venjulega þannig að hönnun, framkvæmd, eftirlit og úttekt eru í höndum sömu stofnunar þegar þær framkvæma verkin. Það er ljóst, að gera verður áætlun og ákveða fjárþörfina fyrir fram þegar boðið er út. En þegar stofnanir framkvæma verk er fjárveiting oft í lausu lofti og óvíst hvenær verk fer að bera arð. Og í beinu framhaldi af þessu er það kostur við að ákveða fjárþörf með þessum hætti, að þegar í upphafi verður fjárveitingavaldið að ákveða hvað eigi að gera og hvað ekki. Þetta reyna hv. fjvn.-menn á hverju ári þegar verið er að skipta fjármunum á einstakar framkvæmdir í landinu. Það er alþekkt fyrirbæri, að mikil dreifing á fjármunum verður yfirleitt til þess að lítil arðsemi fæst út úr framkvæmdunum.

Hér gefst ekki tími til þess að ræða til nokkurrar hlítar þetta merkilega efni. En ég vil gera það að mínum lokaorðum að skora á hæstv. samgrh. að beita sér fyrir því, að sú meginstefna, sem mörkuð var í áðurgreindum lögum um opinberar framkvæmdir, verði látin ná fram að ganga og það sé viðurkennt einnig í lagaframkvæmdinni, að hér á landi sé risinn upp verktakaiðnaður sem geti tekið við því hlutverki sem ríkisstofnanir hafa haft með höndum og hefur orðið til þess að hjá þeim hefur hlaðist upp mannafli og tæki sem gætu nýst miklu betur í höndum aðila sem hefðu meiri hreyfanleika og sveigjanleika í starfi.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við fsp. minni, en mér fannst þau benda til þess, að sú gagnrýni, sem flutt hefur verið af verktökum í landinu, sé réttmæt og að það sé greinilega mikil tregða hjá opinberum fyrirtækjum, sem helst hafa með framkvæmdir að gera, að bjóða út. Ég get skilið það sjónarmið, sem fram kemur oft, að ákvarðanir séu teknar seint, og þá er oft við hv. Alþ. að sakast, t. d. ef vegáætlun er seint á ferð og þar fram eftir götunum. Engu að síður er hér um óskiljanlega tregðu að ræða. Og það er ekki afsökun, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh., að mörg verkanna séu svo smá að það sé ekki rétt að bjóða út. Ég held að reynslan sýni einmitt að það er oft í hinum smáu verkum sem hagkvæmni útboðs nýtur sín vel. Eg hef haft nokkuð með ákvarðanir að gera í tveimur opinberum stofnunum varðandi verklegar framkvæmdir. Þar hafa útboð verið meginreglan. Ég vil aðeins skýra frá nokkrum tölum, nokkur verk tekin af handahófi hjá Reykjavíkurborg annars vegar og Landsvirkjun hins vegar um nýleg útboð.

Ekki alls fyrir löngu var boðin út jarðvinna vegna undirbúnings húss Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Suðurlandsbraut 34. Kostnaðaráætlun var 40.5 millj., en lægsta boð 35.3 millj. eða tæp 87% af kostnaðaráætlun. Hæsta boð var hins vegar 52 millj. eða 28% yfir kostnaðaráætlun. Lægsta boð var því 5 millj. lægra en kostnaðaráætlun og munur hæsta og lægsta boðs 16.7 millj. kr.

Þá voru boðnir út á vegum Hitaveitu Reykjavíkur stokkar í Grafarholti. Þetta er tiltölulega lítið verk. Kostnaðaráætlun var 167.4 millj. kr., lægsta boð 159.6 millj. eða um 95% af kostnaðaráætlun og hæsta boð 257.4 millj. eða 53% yfir kostnaðaráætlun. Lægsta boð var því 7.8 millj. undir kostnaðaráætlun og munur á hæsta og lægsta boðinu 97.8 millj. kr.

Dælustöð við Grafarholt fyrir Hitaveitu Reykjavíkur var boðin út á s. l. hausti. Kostnaðaráætlun var 135.3 millj. kr., lægsta boð 122 millj. eða 90% af kostnaðaráætlun og hæsta boð 153.6 millj. eða 13% yfir kostnaðaráætlun. Lægsta boð var þannig 13.3 millj. undir kostnaðaráætlun og munur á hæsta og lægsta boði 31.6 millj. kr.

Safnast þegar saman kemur. Á þessu er hægt að sjá að á þessum tiltölulega litlu verkum sparast verulegar fjárhæðir með því að bjóða út, miðað við það sem sérfræðingar viðkomandi stofnunar töldu hægt að vinna verkið fyrir.

Hjá Landsvirkjun var á s. l. hausti boðinn út vegur — og það tek ég nú sérstaklega vegna þess að Vegagerðin er ákaflega treg að bjóða út vegalagningu. Það var svokallaður Hrauneyjafossvegur, vegur sem liggur upp að virkjuninni og er lagður á vegum Landsvirkjunar. Kostnaðaráætlun þar, gerð á sama hátt og Vegagerð ríkisins gerir sínar kostnaðaráætlanir, var 154.5 millj. Lægsta boð var 75.9 millj. eða rúmlega helmingi lægra en kostnaðaráætlun sérfræðinganna. Hæsta boð var hins vegar 29% hærra en kostnaðaráætlunin eða upp á 199.4 millj. Á þessu er hægt að sjá hversu geysilega mikill munur er á því, hvernig menn líta á slík verk og hvað hagkvæmni útboðanna getur skilað sér í miklum fjárhæðum, en þarna var munur á kostnaðaráætlun og lægsta boði 78.6 millj. kr. á tiltölulega litlum vegarspotta og munur á hæsta og lægsta boði 123.5 millj. kr.

Á vegum Landsvirkjunar var í fyrrasumar boðinn út vegslóði meðfram Hrauneyjafossvirkjun, — það er vegaframkvæmd einnig, en ekki fullkominn vegur, heldur vegur sem á að vera fær venjulegum vinnutækjum og

jeppum. Kostnaðaráætlun var 117.4 millj., lægsta boð 73.4 millj. kr. eða 62.5% af kostnaðaráætlun, en hæsta boð 170 millj., eða 45% yfir kostnaðaráætluninni, þannig að munur á kostnaðaráætlun og lægsta boði var þarna 44 millj., en munur á hæsta og lægsta boði 97.5 millj.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að Hafnamálastofnunin telur ekki rétt að bjóða út verk á hennar vegum vegna þess hvað þetta eru sérhæfð verk. Reykjavíkurhöfn býður út obbann af sínum verkum og eru það að sjálfsögðu ekki síður sérhæfðar hafnarframkvæmdir en á vegum ríkisins. Þar fá menn góðan samanburð, eins og t. d. í dælingu, sem mér er sagt að sé um það bil helmingi lægra verð, sem Reykjavíkurhöfn fær það fyrir með útboðum og með því að semja við verktaka, heldur en Hafnamálastofnunin vinnur fyrir að sínu leyti.

Allar þessar upplýsingar benda eindregið til þess, að það verði að reyna að snúa við þeirri miklu tregðu sem er hjá ríkisstofnunum um útboð. Og ég vil eindregið beina því til hæstv. samgrh., að hann beiti sér fyrir því, — ég veit að hann á engan hlut að þessum málum hingað til, — en að hann beiti sér fyrir því í sinni ráðherratíð, að reynt verði að snúa af þessari braut og fara inn á útboð á verklegum framkvæmdum ríkisins, bæði stórum og smáum verkum. Ég hygg að reynslan hafi sýnt, þar sem þetta hefur verið framkvæmt, að miklir fjármunir sparast þegar þannig er að verkum staðið.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að ég er í meginatriðum sammála því sem kom fram hér hjá ræðumönnum, að sjálfsagt er að hugleiða útboð í æðimörgum tilfellum og oft geta þau orðið hagkvæmari. Ég hef t. d. nýlega tekið þá afstöðu, að boðin skuli út hafnarframkvæmd í Hafnarfirði. Mér finnst það eðlilegt þegar verk er nálægt góðum verktakamarkaði, þar sem ætla má að menn geti tekið slíkt verk að sér. Hins ber þó að gæta, að í mjög mörgum tilfellum getur þetta verið erfitt í framkvæmd, t. d. í vegagerð. A. m. k. þm. utan Reykjavíkur þekkja mjög vel hvernig fjármagni er skipt á fjölmarga smærri spotta, getum við næstum því sagt, og í flestum tilfellum og á flestum svæðum er þegar kominn upp nokkur hópur — ég vil kalla það verktaka — þ. e. eigendur vörubifreiða, sem byggja bókstaflega afkomu sína á því að fá slíka vinnu. Þessir eigendur vörubifreiða, svo ég taki þá sem dæmi, eru ákaflega mikilvægir fyrir viðkomandi byggðarlag. Auðvelt væri að hreinsa nokkurn veginn út slíkan rekstur úr ýmsum byggðarlögum, ef stærri aðkomuverktökum yrði gefinn kostur á að taka slíkt að sér. Þetta breytir ekki því, að ég er hlynntur útboðum, eins og ég sagði, en ég tel að í útboð megi þó ekki ganga svo blint að ekki séu jafnframt hafðir í huga svona hagsmunir.

Vitanlega er um allt annað mál að ræða hér í Reykjavík, þar sem vinnumarkaðurinn er miklu fjölhæfari. En einmitt þetta atriði, sem ég nefni, hefur mjög víða verið tekið með í reikninginn þegar skoðað hefur verið hvort ráðast ætti í útboð með einstakar vegaframkæmdir.

En ég vil geta þess, að Vegagerð ríkisins, sem er stærst af umræddum aðilum, á varla nokkra jarðýtu lengur. Hún á, held ég, fjórar gamlar. Vitanlega eru það jarðýtueigendur sem taka að sér verkin, og þó að það sé kannske ekki beinlínis á útboðsgrundvelli, þá hygg ég að þeir flestir geti borið það, að sá taxti, sem þeim er greiddur og er nánast ákveðinn af Vegagerðinni, er ansi lágur. Þetta hefur ekki verið boðið út í slíkum tilfellum vegna þess að verktakar, sem taka þessi verk á samningi, eru svo smáir að þeir ráða ekki við að bjóða í heil verk. Þannig eru það ýmsar aðstæður um landsbyggðina sem ráða því, að ekki hefur verið talið fært að ráðast í útboð.

Ég vil ljúka þessu með því að taka undir það almennt, að vitanlega ber að skoða hvert dæmi fyrir sig, og í mörgum tilfellum kemur vel til greina að ákveða útboð meira en gert hefur verið. En þetta mun hafa verið ástæðan fyrir því, að fjmrn. heimilaði árið 1970 þeim stofnunum, sem hér eru til umr., að ganga til verka án þess að um almenn útboð væri að ræða.

Símamál í Kjalarnes- og Kjósarhreppi, fsp. (þskj. 215). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 215 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um símamál í Kjalarnes- og Kjósarhreppum, sem eru á þessa leið:

1. Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að bæta símaþjónustu í Kjalarneshreppi og hvenær má vænta úrbóta?

2. Eru fyrirhugaðar á næstunni breytingar á símaþjónustu í Kjósarhreppi?

Það er orðið nokkuð langt síðan ég lagði þessa fsp. fram, eða rúmur mánuður. Það var 15. mars s. l. sem stækkun símstöðvarinnar að Varmá í Mosfellshreppi var tekin í notkun. Þessa áfanga hafði verið beðið með óþreyju af íbúum hreppsins, en þar hafði ríkt öngþveitisástand í símamálum um árabil, þar sem stór hluti sveitarinnar var símalaus, eða þau nýju íbúðahverfi sem hafa verið að byggjast undanfarin ár. Þetta vandamál er nú leyst hvað varðar símaleysi í Mosfellshreppi, þó að nokkuð vanti á að allir sitji þar við sama borð, því að þótt ótrúlegt sé eru enn um 10 bæir í hreppnum sem búa við svokallaðan sveitasíma og verða að fá þjónustu í gegnum landssímastöðina í Reykjavík. Ég sagði: ótrúlegt, því að þessir bæir eru flestir innan 15 km fjarlægðar frá höfuðborginni, jafnvel innan 10 km. Og í leiðinni mætti geta þess, að í Reykjavík sjálfri eru enn sveitasímar á þremur bæjum.

Þetta er nú orðinn nokkuð langur formáli að fsp. minni um símaþjónustu í þessum tveimur nágrannabyggðum Mosfellshrepps, Kjalarnes- og Kjósarhreppum, en ekki óeðlilegur þar sem símamál þessara byggðarlaga eru nátengd.

Það hafði alltaf verið gert ráð fyrir því, að við stækkun stöðvarinnar að Varmá leystust símamál Kjalnesinga, þ. e. að þá fengju þeir einnig sjálfvirkan síma. Þegar hins vegar kom í ljós að engar úrbætur lágu á borðinu fyrir Kjalarneshrepp við stækkun stöðvarinnar að Varmá var eðlilegt að vonbrigði hreppsbúa yrðu mikil. Því var það, að þegar stækkunin var tekin í notkun 15. mars s. l. og haldinn var smáfagnaður fyrir starfsmennina af forráðamönnum Pósts og síma, enda full ástæða til að fagna góðum árangri og áfanga, þá bar einn skugga á. Úti í kuldanum stóðu nokkrir Kjalnesingar og knúðu dyra. Þeir voru með skriflegt erindi sem þeir óskuðu að koma á framfæri. Að sjálfsögðu var þeim vel tekið af forráðamönnum Pósts og síma að hætti íslenskrar gestrisni og boðið til „stofu". Erindi það, sem þeir báru fram, var eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Kjalarneshreppi, 15. mars 1980.

Til póst- og símamálastjóra.

Í tilefni þess áfanga, sem nú er lokið við símstöðina að Varmá í Mosfellssveit, sem felur í sér stækkun stöðvarinnar, viljum við óska þeim símnotendum, sem nú hafa fengið sjálfvirkan síma, og Póst og síma til hamingju. Jafnframt viljum við minna Póst- og símamálastjórn á loforð, sem íbúum Kjalarneshrepps hafa verið gefin um bætta símaþjónustu, en hafa ekki verið efnd enn.

Við undirritaðir atvinnurekendur í Kjalarneshreppi viljum mótmæla því ástandi, sem nú er í símamálum í hreppi okkar, og förum fram á að póst- og símamálastjórn efni marggefin loforð hið fyrsta."

Undir þetta rita níu atvinnurekendur í Kjalarneshreppi.

Eins og fram kemur í erindi þeirra Kjalnesinga voru þeir að ítreka loforð um lagfæringu mála sinna sem ekki hafði verið staðið við. Fyrsti liður fsp. minnar var því til að fylgja eftir erindi þeirra, sem ég veit að hæstv. samgrh. hefur nú fengið góðan tíma til að undirbúa og svarar væntanlega hér á eftir.

Seinni liður fsp. minnar er, eins og áður sagði, um hvað sé fyrirhugað í símamálum Kjósarhrepps. Þannig er þjónstu háttað þar, að símstöðin að Eyrarkoti er opin kl. 9—1 og 3—7 virka daga, en frá 1—3 helga daga. Það munu vera níu ár síðan þeim var lofað sjálfvirkum síma í Kjósinni, og þó að í þeirri sveit búi með eindæmum umburðarlynt fólk er nú von að þeir fari að gerast nokkuð óþolinmóðir og þeim finnst biðin orðin nokkuð löng. Því væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðh. hvort þeim í Kjósarhreppi sé ætlað að bíða lengi enn þá.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fsp. hv. þm. var send til póst- og símamálastjórnar og óskað eftir svari. Það svar er dagsett 26. mars, svo að út af fyrir sig hefur það legið fyrir nokkurn tíma. Ég bið afsökunar á því, að það hefur dregist að koma því hér á framfæri, sem stafar af ýmsum ástæðum og ekki öllum á mínu færi, langt frá því. En í þessu svari segir svo:

„Með tilvísun til bréfs samgrn., dags. 19. mars 1980, varðandi fsp. á þskj. 215, 125. mál, um símamál Kjalarnes- og Kjósarhrepps, skal eftirfarandi upplýst:

Eins og kunnugt er var 15. mars s. l. opnuð ný og mjög fullkomin sjálfvirk símstöð með miklum stækkunarmöguleikum í nýja stöðvarhúsinu að Varmá í Mosfellssveit. Þar með hefur m. a. skapast aðstaða sem getur gefið íbúum ofangreindra hreppa, sem enn þá búa við handvirka sveitasíma, kost á sjálfvirkri símaþjónustu. Í þessu skyni verða hagnýttar bæði notendalínur og stofnlínur fyrir PCM fjölsímakerfi í hinum gamla svokallaða Norðurjarðsíma, sem liggur fram hjá Varmá og um Kjalarnes og Kjós. Í fjárfestingum þessa árs varðandi nefnda hreppa er gert ráð fyrir tveimur PCM fjölsímakerfum og á næsta ári er áformað að bæta við fjölsímakerfum þar til allir símar í þessum hreppum hafa verið tengdir við sjálfvirku símstöðina að Varmá.

Samkvæmt framansögðu verða á þessu ári allir símar á Kjalarnesi tengdir við sjálfvirku símstöðina að Varmá í Mosfellssveit og samtímis verða einnig nokkrir bæir í Kjós, þar með talið Eyrarkot, tengdir við sjálfvirku stöðina að Varmá. Landssímastöðin að Eyrarkoti verður þá lögð niður, en handvirku sveitasímarnir, sem tengdir voru Eyrarkoti, verða um leið tengdir við langlínustöðina í Reykjavík, sem hefur 24 klst. þjónustu. Á næsta ári verða svo allir handvirkir sveitasímar í Kjósarhreppi tengdir við sjálfvirku símstöðina að Varmá, svo framarlega sem ekkert óvænt hindrar þau áform sem hér hefur verið greint frá."

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Ég vil taka undir flest það, sem hv. 4. landsk. þm. sagði í framsögu sinni varðandi þessa fsp., og jafnframt þakka hæstv. samgrh. svör hans og upplýsingar. Ég vil leggja á það ríka áherslu, að sem fyrst verði bætt úr því slæma ástandi, sem verið hefur í símamálum á Kjalarnesi, og hraðað verði svo sem unnt er tengingu sjálfvirks síma þar. Þegar því er lokið verður einnig eftir að koma á sjálfvirku símakerfi í Kjósarhreppi hér í næsta nágrenni höfuðborgarinnar.

Ég vil í því sambandi ítreka þá ósk sveitarstjórnar Kjósarhrepps, að uns sjálfvirkur sími verður lagður þar, vonandi ekki síðar en á árinu 1981, verði ekki gerðar neinar breytingar á núverandi fyrirkomulagi og alls ekki farið að tengja handvirka símann við Reykjavík, eins og um hefur verið rætt, enda telur sveitarstjórnin, að það leysi á engan hátt símamál þeirra Kjóshreppinga, og vitnar í reynslu þeirra í Kjalarneshreppi af slíku fyrirkomulagi sem hafi á engan hátt verið góð.

Eins og fram kemur á dagskrá þessa fundar í dag er ástand símamála víða slæmt og ýmsar spurningar hafa vaknað varðandi framtíð símamála í hinum ýmsu héruðum landsins. Þau þyrfti að ræða margfalt betur og meir en unnt er að gera í stuttum fyrirspurnatíma. Ég vil þó vekja máls á einu atriði sem ég tel að gæti bætt samband Alþingis við þá stofnun, og það er að Alþ. kjósi stjórn til að fara með málefni þessarar stóru stofnunar og vera tengiliður milli Alþingis og hennar. Vil ég í því sambandi benda á, að Alþ. kýs árlega fjölda stjórna til þess að fara með málefni margfalt minni og mannfærri fyrirtækja en Póstur og sími er. E. t. v. væri með því hægt að eyða ýmiss konar misskilningi og vangaveltum sem nú eru um rekstur fyrirtækisins. Ég skora því á hæstv. ráðh. að kanna þetta mál ítarlega og leggja fyrir Alþ. lagafrv. um þingkjörna stjórn fyrir Póst- og símamálastofnunina ef hann fellst á þetta sjónarmið mitt.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svör hans við fsp. mínum. Varðandi málefni Kjalarneshrepps hefur fsp. greinilega borið þann árangur, sem henni var ætlað að gera, frá 15. mars s. l. Það borgar sig stundum að bíða þolinmóður eftir svari.

En varðandi símamál Kjósarhrepps held ég að því verði ekki á móti mælt, að hreppsbúar hafa verið látnir mæta afgangi við röðun verkefna. Að ætla sér að leysa eitthvað af símamálum þeirra með því að leggja niður símstöðina að Eyrarkoti áður en sjálfvirkur sími kemst þar í gagnið er algjörlega útilokað að sé nokkur lausn fyrir Kjósverja. Ég fer fram á að hæstv. ráðh. komi því á framfæri og það verði teknar til greina óskir heimamanna um það, að þeir fái að búa við sama fyrirkomulag, þ. e. símstöðina að Eyrarkoti, þangað til sjálfvirki síminn kemst í gagnið, sem verður þá væntanlega á næsta ári.

Það er ekki góð reynsla af því að leggja niður símstöðvar í litlum sveitarfélögum og færa þá þjónustu inn á langlínustöðina í Reykjavík. Þetta var gert á sínum tíma við Kjalarneshrepp og það vakti mikla óánægju og þótti vera spor aftur á bak í þjónustu Pósts og síma. Það er af þeirri ástæðu sem Kjósverjar telja ekki að þetta verði til

bóta fyrir þá, og hrepssnefnd Kjósarhrepps hefur ritað bréf þar sem hún hefur algjörlega mótmælt þessu og farið fram á að Kjósarhreppur fái að búa við sömu þjónustu og nú er þangað til sjálfvirki síminn kemst í notkun. Vil ég leggja áherslu á að þetta verði tekið til greina.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal með ánægju koma þeirri ósk til Pósts og síma, að menn fái að búa við gamla lagið áfram. Ég hygg að Póstur og sími hafi haft í huga að það er 24 tíma þjónusta í Reykjavík. Ef t. d. barnshafandi kona þarf nauðsynlega að ná í þjónustu, eins og var í einu tilfelli þarna, þá væri æskilegra að hafa lengi opið, og ég hygg að það hafi eingöngu verið af velvilja sem Póstur og sími ákvað þetta. En ég skal sannarlega koma á framfæri þeim óskum sem hér hafa komið fram.

Út af því, sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni um þingkjörna stjórn fyrir Póst og síma, þá treysti ég mér ekki til að svara því nú, hvorki játandi né neitandi. En ég bendi á að svo er ekki um ýmsar aðrar stórar stofnanir, eins og Vegamálastofnunina, Vita- og hafnamálaskrifstofuna, flugmálastjórn — þar er flugráð sem situr að nokkru leyti til hliðar, en þó má segja að það sé stjórn að vissu marki. Það er alltaf spurning hvað Alþ. á að fara langt inn á framkvæmdasvið stofnana. Verkefni Alþingis er að sjálfsögðu að ákveða þann ramma, sem þessar stofnanir eiga að vinna innan, ákveða heildarfjárveitinguna, krefja þær um skýrslur o. s. frv. En ég skal sannarlega taka þetta til athugunar.

Ég vil segja það almennt um framkvæmdir Pósts og síma, að oft bíða margir úti í snjónum víða um land, eins og lýst var áðan, og geta ekki hoppað í bílinn sinn og ekið til næstu stöðvar til að mótmæla, því þar eru vegir lokaðir og menn komast ekki leiðar sinnar. Og þessir menn eiga e. t. v. fáir von á því að fá sjálfvirkan síma á næsta ári og verða að búa árum saman við gamla kerfið. Staðreyndin er nefnilega sú, að verkefnin eru gíurlega stór. Ég sá mér ekki annað fært en að fallast á niðurskurð á framkvæmdum Pósts og síma úr 4.3 milljörðum í um 3.3, vegna þess að ég taldi að íslenskt efnahagslíf þyldi ekki svo miklar framkvæmdir og það væri nauðsynlegt að draga aðeins að sér hendur. Eflaust verða einhverjir fyrir barðinu á þessu, það er alveg ljóst. Ég hygg að það verði þó ekki í þeim hreppum sem hér eru til umr. Menn verða náttúrlega, um leið og menn ákveða og vilja mikið, að hugleiða hvers við erum megnug.

Ég gæti haldið hér nokkurt erindi um þær nýjungar sem eru á næsta leiti hjá Pósti og síma, tækninýjungar sem gjörbreyta mörgum möguleikum. Þessi kerfi kosta milljarða, en munu vitanlega stórkostlega auka þjónustuna og veita marga möguleika. Þetta er allt saman í skoðun, en ég endurtek, að við verðum vitanlega að sníða okkur stakk eftir vexti, og þeir eru margir staðirnir um landið þar sem menn geta kvartað, því miður, undan sviknum loforðum, eins og sagt er. En það er kannske umhugsunarefni, hvers vegna loforðin hafa ekki staðist. Ég hygg að það hafi verið fyrst og fremst vegna þess, að verðbólgan hefur ekki gert okkur kleift að standa við það sem við ætlum okkur. Stöðugt er krafist meira fjármagns og menn hafa ekki séð sér fært að standa við þau góðu og frómu loforð sem gefin hafa verið.

En þetta kemur. Og það er ánægjulegt að hv. fyrirspyrjandi telur að fsp. hafi komið málum af stað. Það er alltaf gott að upplýsa málin. En staðreyndin er sú, að þetta var komið inn á framkvæmdaáætlun þegar í maí í fyrra.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Bréf Kjalnesinga varð ekki til nema vegna þess að það lá fyrir að ekki átti að framkvæma á þessu ári það sem nú er byrjað á.

En varðandi þessar sveitasímstöðvar, sem fólkið óskar heldur eftir að hafa en að verða tengt langlínustöðinni í Reykjavík, vil ég upplýsa það, að stöðin í Eyrarkoti hefur eitt númer tengt við Akranes, sem er sjálfvirkt. Það getur náð beinu sambandi. Starfsfólkið býr í húsinu, það má segja að símstöðin sé í stofunni hjá símstöðvarstjóranum, svo að þjónustan er miklu betri en kannske nokkur getur gert kröfu til. Við þetta vill fólkið fá að búa áfram þar til sjálfvirki síminn kemur. Það telur að það fái betri þjónustu þannig en að fara með þjónustuna í gegnum langlínustöðina í Reykjavík.

Símamál, fsp. (þskj. 235). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 235 leyft mér að bera fram fimm fsp. til hæstv. samgrh. um símamál. Fsp. eru svohljóðandi:

1) Hver er ástæða þess, að enn hefur ekki verið ráðin bót á lélegri virkni sjálfvirka símans á Snæfellsnesi — þrátt fyrir þær framkvæmdir við símann sem unnið var að á s. l. ári? Hvenær er lagfæringa von?

2) Hvenær er áætlað að sjálfvirkur sími komi á bæi í Eyrarsveit og Helgafellssveit?

3) Hver er áætlun um lagningu sjálfvirks síma um sveitir á Vesturlandi? Eru uppi áform um að koma á næturþjónustu í þeim símstöðvum, sem annast þjónustu við sveitirnar, þar til sjálfvirkur sími leysir slíka þjónustu af hólmi?

4) Hver er ástæðan fyrir því, að ekki er einn og sami gjaldflokkur fyrir símtöl milli eftirtalinna staða: a) Stykkishólms, Grundarfjarðar, Ólafsvíkur og Hellissands, b) Hvalfjarðar, Akraness, Borgarness og Hvanneyrar?

5) Eru fyrirhugaðar á næstunni breytingar á gjaldskrá Landssímans til jöfnunar símakostnaðar?

Þessar fsp. skýra sig að vissu leyti að mestu sjálfar, en ég held að það sé þó rétt að fara um þær nokkrum orðum.

Það er greinilegt að símamál eru meðal þeirra mála sem liggja hvað þyngst á landsbyggðinni. Á þessum fundi í Sþ. eru þrjár fsp. um símamál. Sjálfvirkur sími var tengdur við Hellissand og Ólafsvík á árinu 1969 og við Stykkishólm og Grundarfjörð árið 1967. Það var tekið svo til orða um símann, að hann væri sjálfvirkur, en miklu frekar mátti segja að um leið og handvirka afgreiðslan var tekin úr sambandi yrði síminn óvirkur, vegna þess að uppbygging þessa sjálfvirka síma til okkar var þannig, að hann annaði alls ekki þeirri þörf sem þarna var. Á þessu tímabili frá 1967 og 1969 hafa ýmsar lagfæringar verið gerðar á símanum og okkur lofað ár frá ári að þarna mundi verða ráðin fullkomin bót á, en sú bót hefur ekki orðið enn.

Við höfum sagt það, Snæfellingar, um lagningu sjálfvirks síma út á Snæfellsnes, að hún líktist því að lagður hefði verið vegur þessa leið, en aðeins einn bíll gæti komist um hann og útskot væru með margra, margra kílómetra millibili, þannig að hver sá sem ætlaði um

veginn yrði að bíða mjög drjúgan og langan tíma til þess að geta komist áfram og alls konar truflanir og stíflur ættu sér stað. Þannig hefur þetta raunverulega verið.

Ýmsar endurbætur hafa þó átt sér stað. Á árinu 1977 var byggð örbylgjustöð við Kothraun í Helgafellssveit. Við bjuggumst þá við að símasambandið lagaðist hjá okkur á útnesinu, en svo varð ekki. Sú stöð mun þó hafa þjónað Stykkishólmi þannig að vitaskuld hefur hún bætt um þá þjónustu sem var á úthéraði. Á s. l. sumri urðum við varir við mikla símavinnuflokka og við vissum, að á fjárlögum voru alldrjúgir peningar til þessara hluta. Við gerðum því ráð fyrir verulegum lagfæringum, en af þeim hefur ekki orðið nema í mjög litlum mæli og jafnvel engum. Því verður sjálfsagt kennt um eins og oft áður, að ekki hafi verið peningar fyrir hendi til að ljúka þessu. Vel má vera að að einhverju leyti sé sökin sú að peninga hafi vantað. En ég held þó að sú lélega þjónusta, sem Snæfellsnes hefur orðið að þola í símamálum, hafi stafað meira af skipulagsleysi en því að fjármagn hafi vantað til úrbóta. Það hafa verið lagðar stórar upphæðir í aðgerðir sem ekki hafa nýst. Ég hef vissan grun um það t. d. að við framkvæmdir, sem voru skipulagðar og unnar í fyrra, hafi verið fjárfest í dýrum hlutum án þess að hugsað væri nægilega fyrir því að framkvæmdin nýttist sem skyldi.

Þetta vildi ég segja um fyrstu spurninguna. Þungamiðja hennar er fyrst og fremst sú, hvenær við megum búast við því að til lagfæringar komi. Það var einn ágætur Snæfellingur hér frammi á gangi rétt áðan að tala við mig, og það fyrsta, sem hann sagði við mig þegar ég kom út úr dyrunum, var: Það er nú sama ástandið með símann, þar er ekkert í lagi annað en innheimtan. — Þessar ágætu stofnanir, sem eiga að veita okkur fullkomna þjónustu, gleyma ekki innheimtunni. Það er alveg sjálfsagt að sá þáttur sé vel ræktur. En það verður að rækja annað eftir því.

Önnur spurning tengist þessari fyrstu að vissu leyti, þ. e. hvenær von er á að sjálfvirkur sími komi á bæi í Eyrarsveit og Helgafellssveit. Fyrirheit hafa verið uppi um það, að þessar sveitir báðar fengju sjálfvirkan síma, og ég veit að þeir Helgafellssveitarmenn gerðu ráð fyrir því, þegar örbylgjustöðin var reist við Kothraun, að nú færi að styttast í að þeirra svæði — en það er nánasta svæði við Stykkishólm og við þessa stöð — fengi sjálfvirkan síma. Þar hefur ekki bólað á neinum framkvæmdum og þess vegna er spurt ákveðið um það, hvenær von sé um að sjálfvirkur sími komi í Helgafellssveit. Aftur á móti mun málum þannig háttað í Eyrarsveit, að hluti sveitarinnar komst í samband þegar unnið var þar að framkvæmdum í fyrra, og búið er að leggja fjölsíma um sveitina alla, en af einhverjum ástæðum, sem mér eru ekki kunnar, vantar smiðshöggið á að sú fjárfesting, sem þarna er búin að eiga sér stað, nýtist til fulls.

Þriðja spurningin er um það, hver sé áætlun um lagningu sjálfvirks síma um sveitir á Vesturlandi. Samkv. upplýsingum, sem eru í aths. við frv. til l. um lagningu sjálfvirks síma, sem fyrrv. samgrh., núv. hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, lagði fram á þinginu í haust, 101. löggjafarþinginu, er talið að 3600 heimili í sveitum búi við handvirkt símasamband. Af þessum heimilum eru 721 á Vesturlandi. Meginhluti þessara heimila nýtur þeirrar símaþjónustu að komast í gegnum símstöð 6 tíma á sólarhring. Það gefur auga leið, að slík lokun frá umhverfinu skapar ýmiss konar vandræði. Og það er ekki nema eðlilegt að fólk, sem býr við þessar aðstæður, gangi hart eftir því, að símaþjónustan verði bætt og þá fyrst og fremst að sjálfvirkur sími komi á þessi svæði. Ég vil taka undir það, að skrefið, sem nefnt var í sambandi við Kjósarhrepp áðan, virtist mér vera mikið og gott skref fyrir allar sveitir á Vesturlandi, ef slíkt skref væri hægt að stíga, það að hægt væri að hafa opið — þó það væri hin handvirka þjónusta — 24 stundir eða allan sólarhringinn. Það væri mikið og gott skref, en það er mjög langt frá því að slík þjónusta sé um Vesturland. Að vísu er nokkur hluti af Vesturlandi þannig tengdur við Borgarnes, þ. e. sveitirnar sunnan Skarðsheiðar og Bæjarsveit og svo einhver smásvæði í kringum Búðardal. En þetta er spurning sem forvitnilegt er að fá svar við, hvenær megi a. m. k. heyra áætlun um lagningu sjálfvirks síma um sveitir á Vesturlandi. (Forseti hringir.) Forseti bendir á að ég sé orðinn heldur langorður og ég skal því stytta mál mitt.

Þar sem handvirkur sími er og símstöðvar eru lokaðar meginhluta sólarhringsins og aðeins 6 klst. afgreiðslutími, þá er mikil þörf á því — þó að bein þjónusta sé ekki frá símstöðvunum — að haldið sé uppi næturvakt. Sveitirnar í Dölum hafa þegar komið sér upp slíkri næturvakt með því að greiða kostnaðinn sjálfar. Slík þátttaka sveitanna má kannske segja að sé góð. Hún sparar símanum peninga. En vitaskuld er það eðlileg og sjálfsögð krafa þessa fólks, að símstöðvarnar annist á kostnað Landssímans þá sjálfsögðu skyldu að hafa næturvakt á símstöð þannig að hægt sé að komast í samband við lækna og neyðarþjónustu á öllum tímum sólarhringsins.

Fjórða spurningin var um hver sé ástæðan fyrir því, að ekki er einn og sami gjaldflokkur fyrir símtöl milli eftirtalinna staða: a) Stykkishólms, Grundarfjarðar, Ólafsvíkur og Hellissands, b) Hvalfjarðar, Akraness, Borgarness og Hvanneyrar. Þessi spurning byggist á því, að ég tel að meðan þessi skipti eru í gildi á milli þéttbýlisstaða á Vesturlandi sé hvergi dýrara að nota síma en á Vesturlandi. Ef við förum á hinn enda landsins, þá sjáum við að innan sama gjaldflokks er meginhluti þéttbýlisstaðanna, þ. e. í einum og fyrsta gjaldflokki eru Reyðarfjörður, Breiðdalsvík, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Neskaupstaður og Stöðvarfjörður. Þessir staðar allir eru í fyrsta gjaldflokki. og samkv. þeirri gjaldskrá, sem fylgdi síðustu símaskrá, mundi skrefið, sem er 60 sekúndur þarna, kosta 8.50 kr. Við á Snæfellsnesi og Vesturlandi njótum þess aðeins að tala við næstu byggð við hliðina á okkur með þessum kjörum. Við á Hellissandi getum t. d. aðeins talað við Ólafsvík á þessum kjörum, en alls ekki Grundarfjörð og Stykkishólm. Sama er að segja um suðurhluta kjördæmisins, að Akranes getur aðeins talað við Hvalfjörð á þessum kjörum og Borgarnes við Hvanneyri. Ef jöfnuður ætti að vera á þessu ættu Stykkishólmur, Grundarfjörður, Ólafsvík og Hellissandur vitaskuld að vera sama gjaldsvæði og Hvalfjörður, Akranes, Borgarnes og Hvanneyri á öðru og hinu sama.

Síðasta spurningin er þessi sívakandi og endurtekna spurning allrar landsbyggðarinnar, hvenær við megum eiga von á breytingum á gjaldskrá Landssímans til jöfnunar. Það væri hægt að flytja langt mál um þessa spurningu, en ég vil aðeins benda á það, sem er réttlætismál að leiðrétta fyrst og fremst, en það er verðmismunur vegna vegalengda. Það er dýrara fyrir þann, sem býr norður á Langanesi, að tala við þm. sinn heldur en þann sem á heima uppi á Akranesi. Slík mismunun nær náttúrlega

ekki nokkurri átt. Það er stöðug krafa landsbyggðarinnar, að þessum málum verði breytt og allt hnígi í þá áttina að jöfnuður komist þarna á.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í svari því, sem ég hef fengið frá Pósti og síma, segir svo í sambandi við fyrstu spurninguna:

„Á s. l. sumri var unnið við jarðsímalögn frá Akurtröðum í Eyrarsveit til Grundarfjarðar og milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur. Frá Akurtröðum til Stykkishólms á að vera radíósamband. Í áætlunum stofnunarinnar var gert ráð fyrir að vinnu við jarðsíma og magnara yrði lokið fyrir veturinn, en fjölsímar og radíósambönd kæmu um haustið þannig að sambandið kæmist á um áramót. Heimildir til pöntunar tækjabúnaðar lágu hins vegar ekki fyrir fyrr en það seint, að radíóbúnaðurinn er nýkominn til landsins.

Nú er unnið við uppsetningu radíósambandsins og reiknað með að taka megi sambandið í notkun um mánaðamótin apríl—maí."

Ég vil aðeins segja til viðbótar um þetta, að vafasamt er að heimila pöntun á tækjum fyrr en fyrir liggur hvaða fjárfestingarfjármagn Póstur og sími fær. Það lá ekki fyrir fyrr en nú fyrir tveimur vikum. Að vísu skal ég upplýsa að ég syndgaði nokkuð upp á náðina. Ég leyfði mér þegar í febrúar að leyfa að panta það sem væri bókstaflega lífsspursmál ef nokkuð átti að gera í ár. Ég nefni þetta til að undirstrika hvað nauðsynlegt er að slíkt liggi fyrr fyrir en okkur hefur tekist nú í ár.

„2. Samhliða jarðsímalögninni fyrir langlínusambandið voru lagðir jarðsímastrengir fyrir notendur í Fróðárhreppi og Eyrarsveit. Notendur í Fróðárhreppi hafa nú þegar fengið sjálfvirkt samband um símstöðina í Ólafsvík. Símstöðin Í Grundarfirði er hins vegar fullnýtt, en verður stækkuð nú í sumar og í framhaldi af því mun koma sjálfvirkur sími á bæi í Eyrarsveit. Sjálfvirkur sími á bæi í Helgafellssveit er hins vegar ekki á áætlun á næstu tveimur árum, en þar þarf að leggja jarðstreng frá Stykkishólmi.

3. Á þessu ári er gert ráð fyrir jarðsímalögn í Leirár- og Melasveit í Borgarfjarðarsýslu og Hvammssveit í Dalasýslu. Gert er ráð fyrir að tengja síma á þessum svæðum sjálfvirkt vorið 1981. Unnið hefur verið að því að koma á lengri þjónustutíma fyrir símnotendur í sveitum. Á síðustu árum hafa millisímstöðvar verið lagðar niður og notendasímar tengdir stærri símstöðvum með lengri þjónustutíma. Í nokkrum tilvikum hafa notendasímar verið tengdir stöðvum með sólarhringsþjónustutíma. Engar ákvarðanir hafa enn verið teknar um að tengja allar handvirkar símstöðvar á Vesturlandi við símstöðvar með sólarhringsþjónustutíma vegna kostnaðar.

4. Sjálfvirkar stöðvar eru að jafnaði reistar í þéttbýliskjörnum og staðsettar svo að línulengd frá stöðvunum til notenda fari ekki úr hófi fram og leiði ekki til of lítils hljóðstyrks. Þjónustusvæði stöðvanna er yfirleitt greinilega afmarkað og eðlilegt að fyrir símtöl milli notenda á þjónustusvæðinu gildi lægsti taxti. Þegar notendur sitt hvorrar símstöðvar talast við þarf til viðbótar stöðvunum símleiðir á milli þeirra, ýmis radíó eða með jarðstrengjum. Hér kemur viðbótarkostnaður sem er að nokkru leyti háður fjarlægð. Verður að teljast eðlilegt að fyrir slík samtöl greiðist hærra gjald.

Hér má svo bæta við, að enn þarf að bæta við búnaði — og nú í sjálfvirku stöðvunum — þegar notendur tveggja mismunandi símstöðva eru jafnframt á mismunandi símasvæðum. Slíkan búnað verður að hafa í a. m. k. einni símstöð á hverju svæði og nefnist hún þá hnútstöð. Þá má hugsa sér sem markmið að allir notendur sömu hnútstöðvar greiði minnsta gjald fyrir símtöl sín á milli, en hærra gjald sé tekið fyrir símtöl sem fara um tvær hnútstöðvar. Þessu markmiði hefur verið náð að hluta með því að lækkuð hafa verið gjöld milli nálægra staða, eins og t. d. Stykkishólms og Grundarfjarðar og Hvalfjarðar og Akraness, svo að dæmi fyrirspyrjanda séu tekin.

5. Gjaldskrárnefnd Póst- og símamálastofnunar er á þeirri skoðun, að gjöld fyrir langlínusamtöl eigi að lækka, en lítið svigrúm er til slíkra lækkana vegna þess, hve almennum gjaldskrárhækkunum stofnunarinnar er mikið haldið niðri. Þar að auki er mikill áhugi hjá mörgum notendum fyrir því, að hæstu langlínugjöld, þ. e. milli staða sem langt er á milli, verði lækkuð, og verður vissulega að taka einnig tillit til slíkra sjónarmiða, svo að hlutfallið á milli hæstu og lægstu gjaldflokka í langlínukerfinu verði ekki óeðlilega hátt."

Til viðbótar þessu, sem frá Pósti og síma er komið, vil ég segja um þá áætlun eða till. sem lögð var fyrir Alþ. af fyrrv. samgrh., að till. um slíka áætlun mun ég endurflytja. Ég taldi hins vegar nauðsynlegt að taka hana til endurskoðunar og óska eftir því, að Póstur og sími gerði aths. við framkvæmdahugmyndir þær sem fram koma í þessari áætlun, en mér var tjáð að Póstur og sími hefði ekki haft tækifæri til þess áður.

Ég lít á það sem mjög mikið mál og legg áherslu á, að landsmenn allir búi við sem svipaðasta þjónustu á þessu mikilvæga sviði, og vil að að því verði stefnt á ákveðnum árafjölda. Mér er hins vegar ekki ljúft að leggja fram hugmyndir um að þessu verði lokið á einhverjum ákveðnum tíma, sem alls ekki verður staðið við. Við erum hér einmitt að fjalla um það, að lofað hafi verið, en ekki efnt, og ég sagði í sambandi við fsp. áðan, að því miður er það mjög oft svo, að menn hugsa stórt, en fá ekki framkvæmt, því að fjármagn er ekki fyrir hendi. Ég vil miklu frekar leggja fram áætlun um sjálfvirkan síma á fleiri árum og við það verði staðið heldur en fallegan loforðalista sem ekki er kleift að standa við. Ég hef tekið þessa áætlun til nýrrar endurskoðunar í þeirri von að unnt verði að leggja fram hugmyndir sem við getum þá staðið við.

Ég legg á það ríka áherslu, að vitanlega er allt slíkt háð því, hvað Alþingi samþykkir hverju sinni. Ég nefndi áðan að við sáum okkur ekki annað kleift en skera niður fjárfestingaráætlun Pósts og síma um einn milljarð. Það er hvorki meira né minna en fjórðungur af því sem ráðgert var og vissulega æskilegt. Staðirnir eru margir um land allt, sem svo sannarlega þurfa á bættri þjónustu Pósts og síma að halda.Þess vegna tekst ekki að standa við þessi loforð. Kostnaður verður meiri en fjárveitingavaldið gerir ráð fyrir í fjárlögum, og þá hefur orðið að hætta við verkið áður en því er lokið og venjulega þá valinn einhver áfangi, sem talinn hefur verið eðlilegur í því sambandi. Hitt vil ég svo segja, að mér finnst þá eðlilegt að við sama verk sé haldið áfram næsta ár, það hafi vissan forgang og því verði lokið. Verkefnin á sviði Pósts og síma eru gífurlega mörg og ákaflega margar sveitir sem afskekktar eru sem enn hafa hvergi nærri fullnægjandi þjónustu.

Það er von mín að svör Pósts og síma séu fullnægjandi við spurningum hv. fyrirspyrjanda. Ég get aðeins lofað

honum því, að ég mun beita mér fyrir að áfram verði haldið þeim framkvæmdum sem byrjað var á þarna.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, þó ég verði að segja að mér finnist að fsp. mínar hafi ekki borið eins mikinn árangur og fsp. þess fyrirspyrjanda sem var að þakka fyrir sig áðan, því miður. Ég held að ég taki vel gild öll svörin nema eitt, sem mér fannst hreinlega ekkert annað en útúrsnúningur, þ. e. hver væri ástæðan til þess að ekki væri sami gjaldflokkur fyrir símtöl milli þéttbýlisstaðanna á Vesturlandi. Ég fann ekki í máli hæstv. ráðh. neitt svar við þessari spurningu.

Eg held að það hafi komið fram í því sem ég sagði hér áðan, að vitaskuld vitum við að í gildi eru mismunandi gjaldflokkar, en þeir eiga ekki að vera mismunandi á milli svæða. Og ég benti á — og það er hægt að benda á fleiri dæmi um það — að hvergi eru jafnskornir í sundur þéttbýlisstaðirnar eins og á Vesturlandi. Ef við skreppum yfir til Vestfjarða, þá fylgjast þar að Ísafjörður, Bolungarvík, Flateyri, Súðavík, Suðureyri og Þingeyri og eru í fyrsta gjaldflokki. Ég ítreka það, að ég hef áhuga á að fá ákveðið svar um það, af hverju þéttbýlisstaðir á Vesturlandi eru verr settir í sambandi við gjaldtöku en önnur svæði á landinu, þótt ég viðurkenni að það eru reyndar til önnur svæði, sem aðeins jafnast við það, en það er hvergi jafnáberandi í einu og sama kjördæmi.

Það verður sjálfsagt lengi hægt að finna ýmis varnarorð fyrir því sem ekki er gert þó áætlað hafi verið að gera, og sjálfsagt er það vont hlutskipti að stofnun eins og síminn hafi ekki heimild til að gera þetta eða hitt fyrr en of seint. Þó er það eitt fyrirtæki sem virðist ganga alveg á fullu hjá símanum. Það er sú ágæta jarðstöð sem verið er að byggja uppi í Mosfellssveit. Þar virðist ekki vanta neina peninga og allt ganga samkv. áætlun. Það hlýtur að vera svolítið umhugsunarvert, að unnið sé af fullum krafti við slíka stofnun og ekki dregið úr neinum hraða, jafnvel þótt í ljós komi að hún sé alls ekki þannig byggð að hún nái þeim tilgangi sem hún átti að ná eða hönnun hennar sé alls ekki rétt, en ýmsar framkvæmdir við talsímaþjónustu hingað og þangað um landið séu látnar sitja á hakanum eða komist ekki í framkvæmd. Bygging jarðstöðvar, sem geti þjónað okkur í því að sýna okkur Ólympíuleikana í Moskvu beint eða eitthvað þess háttar, er látin ganga á undan þeim framkvæmdum sem sjálfsagðar eru og nauðsynlegar í sambandi við dreifikerfið um landið. Fyrst ég nefndi jarðstöðina hef ég kannske ýtt við hv. 5. þm. Vesturl. að koma hér upp. Og gaman væri nú að vita hvort nokkrar upplýsingar fást um það, af hverju þær bilanir, sem sífellt er verið að tilkynna og koma í fréttum held ég, á hverjum degi, stafa, hvort þarna sé um að ræða hönnunargalla. Kannske við eigum von á því, að þessi ágæta stöð þjóni okkur ekki eftir allt saman? Kannske gagnar jarðstöðin að fullu eins og ástatt er um hana núna, vegna þess að frá því að byrjað var að byggja jarðstöðina man ég ekki eftir að nokkurn tíma hafi orðið bilun á þeim ágætu köplum sem tengja okkur við umheiminn, þ. e. við Skotland og Kanada. Ég man ekki eftir bilun á því tímabili, þannig að það getur vel verið að jarðstöðin þjóni ágætlega þó hún fari ekki í gang. En ég legg áherslu á að ég tel það mikilsverðari framkvæmdir að haldið sé áfram uppbyggingu dreifikerfisins um landið en að lagðir séu miklir peningar í slíka stofnun.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að taka undir ýmislegt af því sem fyrirspyrjandi sagði, hv. þm. Skúli Alexandersson, einkum og sér í lagi um ástand símamála á utanverðu Snæfellsnesi, sem ég hygg að muni vera eitthvert hið lakasta hér á landi, og þarf raunar ekki að fara um það mörgum orðum, svo margir þekkja það. Það er einhverra hluta vegna eins og þetta svæði hafi orðið út undan, og það er raunar svo, að á venjulegum vökutíma er helst ekki nema menn hafi a. m. k. klukkutíma til umráða að hægt sé að ná sambandi vestur á Hellissand eða við Ólafsvík. En það gegnir — virðist vera — allt öðru máli um þessa tvo staði en aðra staði á Vesturlandi. Úr þessu þarf að bæta, úr þessu er brýnt að bæta.

En út af því, sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði um jarðstöð, get ég ekki látið hjá líða að láta það koma fram hér, að það er aldeilis undarlegt og raunar forkostulegt að þm. Alþb. skuli vera þeir einu sem alltaf ræða um þessa jarðstöð og gagnrýna hana. Vilja þeir í fyrsta lagi að við séum um aldur og ævi háðir einokunarfyrirtæki, Stóra norræna ritsímafélaginu, sem á þá strengi sem héðan liggja? Þegar þeir slitna verðum við að eiga allt undir náð varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli með fjarskipti að og frá landinu. Ef þetta er vilji Alþb.-manna, þá gott og vel, þá eiga þeir að segja það berum orðum.

Varðandi það sem þm. sagði um bilanir á þessari jarðstöð, þá er ég ekki sérstaklega hér til að svara því, en ég held að þar sé ekki um bilanir að ræða, heldur aðeins mismunandi kröfur sem gerðar eru til verksins.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er langt frá því að ég ætli að gera lítið úr ástandi eða erfiðleikum í símamálum á utanverðu Snæfellsnesi. Enginn vafi er á því, úr því þarf að bæta, en ég gæti, af því að Vestfirðirnir voru nefndir, nefnt mjög slæmt ástand þar sums staðar líka. Svo hygg ég að sé víðar um landið. Og það, sem ég var að segja, var að þetta þarf að vinna jafnt og þétt.

Mér fannst skýring Póst- og símamálastofnunar á mismunandi gjaldi skiljanleg. Skýringin er sú, að það getur orðið að fara í gegnum viðbótartækjabúnað, viðbótarjarðstrengi og þess háttar hluti, og fylgt hefur verið þeirri stefnu að láta greiða að nokkru fyrir það. Notendur greiða að nokkru leyti fyrir þennan viðbótarkostnað. Úr þessu er verið að bæta jafnt og þétt með því að stækka hnútana sem svo eru nefndir. Það hefur verið gert t. d. á þéttbýlisstöðum á norðanverðum Vestfjörðum, svo sem réttilega kom fram. En að þessu er stefnt fyrir allt landið, meira að segja Snæfellsnesið. Með hækkun á gjaldskrá hefur jafnt og þétt verið í allmörg ár unnið að því að jafna kostnað við símaþjónustuna á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Því er ekki náð enn. Og ein af ástæðunum fyrir því er sú, að ekki er enn þá komið upp hér í Reykjavík kerfi til þess að mæla lengd skrefa. Það kemur í lok ársins og skapast þá allt annar möguleiki til jöfnunar á símakostnaði, og ég held það sé mjög réttlátur jöfnuður á símakostnaði. Byrjað er að athuga um nýja gjaldskrá fyrir Póst og síma með tilliti til þeirrar aðstöðu, sem skapast með þessum nýju tækjum.

Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að jarðstöðin er góðra gjalda verð. Við þurfum jafnvel að vera í sambandi við Moskvu. Ég held að engin ástæða sé til að kenna jarðstöðinni um það, að hægar hefur gengið en

menn óska. Til jarðstöðvarinnar var tekið sérstakt erlent lán, og ég hygg ég muni það rétt, að það var gert fyrir utan hina almennu áætlun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Um bilanir á jarðstöðinni ætla ég ekki að fara að ræða nú. Þær hafa komið í ljós á skerminum sjálfum, á sérstöku einangrunarlagi sem þar er. Framleiðandinn er að sjálfsögðu fullkomlega ábyrgur fyrir þessum bilunum og jarðstöðin verður ekki tekin úr hendi hans fyrr en hann hefur skilað henni þannig að íslenskir og kannske tilkvaddir erlendir sérfræðingar eru sammála um að fullkomlega sé úr bætt. Þetta veldur nú verulegum töfum, nokkurra mánaða töfum, á meðan úr þessu er verið að bæta.

Sameinað þing, 47. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, að loknum 46. fundi.

Iðnaður á Suðurlandi, þáltill. (þskj. 324). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Evrópusamningar um varnir gegn hryðjuverkum, þáltill. (þskj. 326). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Leyfisveitingar til áætlunarflugs, þáltill. (þskj. 230). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp, þáltill. (þskj. 13, n. 272). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til umfjöllunar þáltill. um byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu. N. leggur til að till. verði samþ. með þeirri breytingu sem stendur í nál. Þáltill. hljóði þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir að á árinu 1980 verði gerð byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins í samvinnu við heimamenn. Áætlunin verði höfð til hliðsjónar við fjárveitingar og aðgerðir af opinberri hálfu í þágu byggðarlagsins."

Undir þetta rita allir nm. í atvmn. Hv. þm. Friðrik Sophusson undirritar nál. með fyrirvara.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa langt mál um þessa þáltill. Í þessum hreppi hefur verið allveruleg fólksfækkun á undanförnum einum og hálfum áratug. Hins vegar er það svo í dag, að það eru mun meiri líkur til þess að ungt fólk vilji setjast þar að og byggja sér íbúðir.

Það er út af fyrir sig mikilvægt fyrir það fólk, sem vill byggja staði sem hafa átt við erfiðleika að etja, að fyrir liggi einhver skynsamleg áætlun um það, hvernig best verði komið til móts við þær þarfir sem þarf að byggja upp í framtíðinni. Með því er sköpuð meiri tiltrú til hins opinbera, opinberra aðgerða, sem annars hljóta að vera í mikilli óvissu. Það er út af fyrir sig mjög nauðsynlegt fyrir þetta fólk að vita í stórum dráttum vilja opinberra yfirvalda og fjárveitingavaldsins, Alþingis, til slíkra framkvæmda.

Framkvæmdastofnun ríkisins fékk mál þetta til umsagnar og Framkvæmdastofnun hafði þá þegar byrjað nokkurt starf varðandi þetta mál. Þar kemur fram að höfuðvandinn á þessum stað sé árvisst atvinnuleysi frá nóv. og fram í apríl, þegar oft eru 20—30 manns atvinnulausir í þorpinu sem hefur 140 íbúa. Einnig kemur fram í þessu áliti, að byggðadeildin telur sjálfsagt að slík áætlun verði gerð fyrir Borgarfjörð eystra, eins og reyndar öll héruð landsins. Eðlilegt er, að áætlunargerð fyrir Borgarfjörð hafi nokkurn forgang, vegna hins alvarlega ástands. Það kemur fram í máli byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins ýmislegt sem þurfi að gera og sé skynsamlegt að gera í þessu tilfelli. Á þessum stað eins og alls staðar annars staðar á landinu eru miklir möguleikar. Þar eru hins vegar erfiðleikar í hafnamálum og samgöngur á landi eru einnig erfiðar. Hins vegar hefur nýlega verið stofnað þar lítið iðnfyrirtæki sem leysti nokkurn vanda í atvinnumálum staðarins og skapaði 13 manns atvinnu. Það eru náttúruauðæfi í nágrenninu, í 20 km fjarlægð, perlusteinn sem ekki hefur verið fullkannað með hvaða hætti sé hægt að vinna, og ýmislegt fleira má telja sem gefur þessum stað möguleika.

Ég vil aðeins ítreka að það er skoðun n. að þessi þáltill. verði samþykkt og áætlunargerð varðandi byggðaþróun á þessum stað landsins verði hraðað eftir því sem kostur er, þannig að fyrir liggi sem fyrst álit sérfróðra aðila um það, með hverjum hætti best verður stuðlað að uppbyggingu á þessum stað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskipting og launakjör, þáltill. (þskj. 14, n. 273). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til umfjöllunar till. þá til þál. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum sem hér er nú til umr. N. sendi till. til umsagnar nokkurra aðila, þ. á m. Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Kjararannsóknarnefndar, og allir þessir aðilar mæla með samþykkt tillögunnar.

N. flytur á þskj. 273 tvær brtt., sem eru um það, að í stað orðsins „nákvæmar" í 1. mgr. komi: ítarlegar, og í öðru lagi að upphaf 2. mgr. orðist svo: „Í könnunum þessum skal m. a. hafa hliðsjón af því að upplýsa eftirtalda þætti." Hér er einvörðungu um orðalagsbreytingar að ræða, en efnislega er mælt með samþykkt till.

Með þeim brtt., sem n. leggur til, mundi ályktunin hljóða þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta framkvæma ítarlegar kannanir á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, sem mættu verða grunnur að sanngjarnari tekjuskiptingu og hagkvæmara launafyrirkomulagi. Kannanirnar skulu sérstaklega miðast við að gera grein fyrir hvort vissir hópar hafi ekki öðlast þá

hlutdeild bætts þjóðarhags, sem almennt geti talist réttmæt, og skulu þannig unnar að á grundvelli þeirra megi ákveða hvaða aðferðum hægt sé að beita til að auka laun og tekjur þeirra einstaklinga eða hópa sem verst eru settir." Síðan kemur orðalagið eins og lagt er til af hálfu n. að upphaf 2. mgr. orðist: „Í könnunum þessum skal m. a. hafa hliðsjón af því að upplýsa eftirtalda þætti" o. s. frv.

Það er ekki ástæða til að hafa mörg orð um þetta. Hér er að mínu viti um mikið mál að ræða, nauðsynlegt mál sem gjarnan hefði mátt hafa verið byrjað á fyrr og verið komið lengra í því að kanna þann frumskóg launataxta sem í þjóðfélaginu ríkir. Og vel mætti mér segja að fengist þar leiðrétting á ýmsu sem betur mætti fara, þá væri það með öðru einhver besta kjarabótin fyrir þá sem verst er settir í dag.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en n. mælir einróma með að þáltill. verði samþ. með þeim tveimur breytingum sem hún leggur til á þskj. 273 að gerðar verði.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Karvel Pálmasyni, er hann lét svo ummælt að hér væri stórt mál á ferðinni. Það er það vissulega, og ég tel að hér sé mjög gott mál á ferðinni líka sem ástæða sé til að styðja. Ég hef áður látið það í ljós við umr. sem snertu sama málefnið í sambandi við flutning annarrar þáltill., sem er á þskj. 217 og ég flyt ásamt tveimur öðrum þm., hv. þm. Pétri Sigurðssyni og Páli Péturssyni, — ég lét þess getið þá, að hversu gott mál sem þetta væri, þá teldi ég að það væri þannig vaxið að það væri ekki líklegt til að ná þeim árangri sem að er stefnt. Og ég verð að segja það, að ég er eiginlega hissa á þeim ágætu mönnum í hv. atvmn., sem láta málið frá sér fara athugasemdalaust, með tveimur svo sem einskis nýtum brtt., sem snerta aðeins orðalag og gera það frekar óljósara að mínu mati heldur en hitt, sérstaklega önnur brtt., að upphaf 2. mgr. orðist þannig, að í könnunum þessum skuli hafa hliðsjón af því að upplýsa eftirtalda þætti, sem er heldur loðnara en það er þó í tillögunni.

Mér finnst hér um það að ræða, hvort það er hlutverk Alþingis í stórum og mikilvægum málum að láta fara frá sér viljayfirlýsingu, sem í sjálfu sér er mikils virði, eða mál sem marka ákvörðun Alþingis um að ná málinu fram. Ég lét svo ummælt er ég minntist á þetta mál í umr. nú á dögunum — og þótti víst heldur ótilhlýðilega að orði kveðið hjá mér — að mér fyndist þessi þáltill. það umfangsmikil og færast það mikið í fang, að álitamál væri hvort hægt væri að taka hana alvarlega. Ég segi þetta af því að mér finnst þau mál, sem hér er um fjallað, svo brennandi og svo aðkallandi, að við þyrftum að aðhafast eitthvað strax, hafa tillögurnar afmarkaðri, tímabinda þær í þeirri von að hægt væri á næstu árum að hafa gagn af þeim við skipan launa- og kjaramála.

Mig langar aðeins til að benda á t. d. 6. gr. í till. sem fyrir liggur á þskj. 14. Hún hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Að rannsaka, hvort og hvers vegna sumir hópar eru verr í stakk búnir til að ná fram bættum lífskjörum í gegnum almenna kjarasamninga, og á sama hátt að rannsaka hvers vegna öðrum hópum hefur tekist að ná mun betri kjörum en almennt þekkist í landinu."

Og áfram 7. gr.: „Að meta heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna."

Og enn í 9. gr.: „Að leita skýringa, ef um marktækan mismun er að ræða milli launakjara einstakra byggðarlaga, atvinnuvega, verkalýðsfélaga, starfsgreina eða ólíkra rekstrarforma í atvinnurekstri."

Þessar þrjár greinar, sem ég tek hér út úr, útheimta að mínu mati svo stórfellda og djúptæka rannsókn á allri okkar þjóðfélagsgerð, að ég hygg að það líði allnokkur ár þangað til við fáum niðurstöður, ef við fáum þá nokkurn tíma niðurstöður, af því sem þarna er mælst til að gert verði.

Og enn vil ég vitna í 14. gr., með leyfi forseta, en hún hljóðar svo:

„Að kanna hvaða möguleikar felast í tekjutilfærslukerfum ríkisins, t. d. skatta- og almannatryggingakerfinu, til að jafna tekjuskiptingu og stuðla að aukinni hlutdeild láglaunafólks, lífeyrisþega og annarra minnihlutahópa í vaxandi þjóðartekjum."

Hér er það skattakerfið og almannatryggingakerfið sem þarf að brjóta til mergjar. Endurskoðun á almannatryggingakerfinu er að vísu búin að standa yfir lengi, líklega ein af þeim eilífðarskoðunum sem seint kemur nokkuð bitastætt út úr. Ég bendi aðeins á þetta hér, ekki af því að ég sé að hafa á móti þessu máli, — alls ekki. En mér sýnist það þannig lagað, að niðurstaðan verði sú sem vill oft verða um mál frá Alþingi, góð mál sem allir rétta upp hendurnar með, en eru svo meira og minna lögð til hliðar og látið sitja við orðin tóm. Ætli hér sé ekki á ferðinni upplagt verkefni fyrir félagsfræðideild Háskólans að rýna í í nokkur ár. Það yrði þá lagt undir dóm þeirra stúdentanna í félagsfræðideildinni til að segja verkalýðssamtökunum fyrir verkum, vinnuveitendum og Alþingi á hverju við eigum að byggja þarna.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál. Ég óska þess, að það náist fram. Í niðurlagi till. er gert ráð fyrir að niðurstöður þessara ofangreindu kannana skuli jafnan leggja fyrir Alþingi þegar þær liggja fyrir. Þetta er í rökréttu samræmi við till. Þarna er gert ráð fyrir langvarandi áframhaldandi keðjukönnun, sem mun vonandi miða áfram smátt og smátt, en ég er ekki mjög bjartsýn um að hún komi að raunverulegu gagni í náinni framtíð, nema þá einhverjir hlutar hennar.

Nú standa yfir samningaumræður sem verða vandasamar og erfiðar, og ég hef lýst því yfir, að ég fyrir mitt leyti er áhyggjufull yfir útkomunni úr þeim samningum. Eg rakti það nokkuð í ræðustól á Alþingi um daginn, sem ég veit raunar að öllum er kunnugt um, hvaða vinnubrögð hafa verið viðhöfð í þessum málum og með hvaða árangri, og ég er hrædd um að nú verði mjög álíka óskapnaður og hefur komið út úr þessum kjarasamningaumræðum og skipan kjaramála á undanförnum árum. En ég skal ekki hafa uppi meira svartsýnistal um þessa till. Ég styð hana að sjálfsögðu. Ég hefði óskað að hún hefði verið afmarkaðri, hún hefði tiltekið atriði sem hægt var — ef vilji væri fyrir hendi — að framkvæma með ekki allt of löngum aðdraganda. Oft var þörf, en nú er nauðsyn.

Böðvar Bragason: Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um kjarna þeirrar till. sem hér er flutt, en hann er að fram fari nákvæm könnun á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Það hefur lengi verið skoðun mín, að til þess að allur

almenningur nái áttum í þeirri kjaramálaumræðu sem stöðugt glymur í eyrum sé nauðsynlegt að gleggri upplýsingar liggi fyrir um heildartekjur hinna einstöku hópa þjóðfélagsins en nú eru handbærar. Ég segi: handbærar, því vissulega eru öll þessi atriði fólgin í þjóðfélagsgerðinni, en þeim hefur ekki fram að þessu verið safnað saman í einn stað með þeim hætti sem till. þessi gerir ráð fyrir.

Það er grundvöllur skynsamlegrar umr. og umfjöllunar um launamálin, að fyrir liggi svo fullnægjandi gögn að af þeim megi ráða raunveruleg laun starfshópanna í þjóðfélaginu. Ég er á þeirri skoðun, að ef slík könnun sem hér er gerð till. um nær fram að ganga, þá muni hún leiða í ljós mörg þau atriði um kaup og kjör sem æðimörgum hafa verið hulin fram að þessu. Það er því miður svo í þjóðfélagi okkar, bæði hvað varðar lægstu laun og þau hæstu, að útreikningur þeirra er orðinn ærið flókinn og það svo í sumum starfsgreinum að fólk á ekki greiðan aðgang að upplýsingum um hvað það ber úr býtum að loknum vinnudegi. Enn fremur hefur endurgjald fyrir vinnu tekið á sig svo margar myndir að með ólíkindum er, enda fullyrt að mörg hundruð kauptaxtar séu í landinu.

Umræða hefur farið fram, bæði á hv. Alþingi og utan þess, um svokallað kerfi, en það mun vera notað sem nokkurs konar samheiti á handhöfum ríkisvaldsins og stofnunum þess. En kerfisnafnið á við í víðara skilningi og nær einnig yfir þann þátt þjóðlífsins sem spannar samninga um kaup og kjör í landinu. Það virðist svo sem mjög margir starfshópar sjái hag í því að launasamningar og útreikningar launa verði sem flóknastir, því að þá séu líkur á því að meira fáist í hlut í krafti flókinna samninga. Má þar benda á ýmsa sérsamninga.

Það er enginn vafi á því, að framkvæmd þessarar till. mun opna fyrir mönnum hinn raunverulega launastiga þjóðfélagsins og sýna svart á hvítu breidd hans og hvar hver og einn stendur í þrepinu. Jafnframt gerir till. ráð fyrir könnun á fjölmörgum atriðum sem taka má inn í launamyndina. Ég er þess fullviss, að allir þeir, sem vinna að samkomulagi um kaup og kjör í þjóðfélaginu, munu með þessari ráðgerðu könnun fá mikilvægt tæki í hendur sem eigi að auðvelda þeim að komast að niðurstöðum. En ekki er síður mikilvægt að á þennan hátt mun einnig allur almenningur í þessu landi fá í hendur upplýsingar sem sárlega hefur vantað í aðgengilegu formi. Kjarni málsins er að það á ekki að vera neitt leyndarmál hvernig laun starfshópa eru metin í dag eða hver þau eru, enda nauðsynlegt að upplýsingar um þessi mál liggi fyrir í augljósu formi svo að kaup og kjör hætti að vera því sem næst einkamál forustumanna hinna ýmsu launþegahópa og viðsemjenda þeirra. Á ég þar aðallega við þá launahærri í þjóðfélaginu, en þegar þeir eiga í hlut er aðallega talað út og suður um prósentuhækkanir frá síðustu samningum og þess vandlega gætt að ekki birtist í fjölmiðlum hinar raunverulegu tölur. Að birtum réttum upplýsingum um launakjör og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu er að vænta umræðna um bil hæstu og lægstu launa, jafnframt því að reynt verður að setja fram kenningar um það, hvar hver starfshópur skuli skipa sér á þann launalista. Tel ég að að þessum upplýsingum fengnum væru líkur á því, að umræður um kaup og kjör beindust meira í þann farveg að líta á launakjör landsmanna í heild meir en verið hefur.

Mér þykir rétt að lokum að nefna 7. lið till., en þar er einnig minnst á heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna. Um þennan lið segir síðan að vinnukjör séu launaaðstæður út af fyrir sig. Mikið rétt. En það er fleira matur en feitt ket. Hér er minnst á mál sem mér finnst að nokkuð hafi fallið í skugga hinnar stóru umræðu um launamál almennt og ekki hafi verið nægilega aðgætt á hinum fjölmörgu vinnustöðum og það þrátt fyrir það að við vildum hafa fjölda reglugerða sem koma inn á þessi efni. En þeim virðist slælega framfylgt og það að öllum líkindum vegna þess að þær stofnanir í kerfinu, sem um eiga að fjalla, eru ekki nægilega vel í stakk búnar að sinna verkefnunum.

Það er skoðun mín, að næst bættum launum komi aðbúnaður á vinnustöðum, því að hvað stoðar sæmilegt kaup ef öll aðstaða á vinnustað er þannig, að hún verkar niðurdrepandi á starfsmenn og dregur úr þeim til líkama og sálar? Hér þarf að verða breyting á, og er vel ef sú könnun, sem hér er boðuð, verður til þess að leiða aðbúnað á vinnustöðum til betri vegar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Mér finnst nokkuð hafa ræst úr frá því sem áður var. Á ég þar við að það kom mér mjög á óvart þegar ég las um það, að í tíð stjórnar hinna vinnandi stétta, þegar þessi till. var fyrst flutt, fengust ekki aðrir til þess að ræða þetta mál en 1. flm., og svo mun einnig hafa verið við fyrri hluta þessarar umr. sem nú stendur yfir. Að vísu voru þá menn á mælendaskrá sem gátu ekki notað sér þann rétt sem þá gafst og vildu ekki tefja fyrir að málið færi til n. En nú hefur nokkuð lagast og áhugamenn aðrir en — eins og við erum stundum kallaðir af fjölmiðlum — verkalýðsrekendur, sem flm. þessarar till. verða að teljast til, hafa lýst skoðun sinni á þessu máli og ýmsum öngum þess. Framíköll gáfu til kynna að það væri lítil trú á því að senda hluta þessarar till. til rannsóknar í félagsfræðideild Háskólans. Ég er hjartanlega sammála þeim sem komu fram með þá aths., tel að þá, sem þar stunda nám, ætti heldur að senda út á þennan sama vinnumarkað til nokkurs lærdóms þar.

Það hlýtur samt sem áður að vekja furðu manna — og þá sérstaklega þeirra sem hafa tekið þátt í stjórnmálaumræðum á undanförnum árum, hvar meginhluti allrar umræðu snýst um efnahagsmál og þar undir launamál sem einn stærsta og þýðingarmesta lið þeirra — að till. þessi skuli ekki hafa vakið meiri athygli en hér er bent á og raun ber vitni um. Ég hélt satt að segja að það mundi heyrast meira frá þeim mönnum sem nú sitja á Alþ. og hafa unnið að þessum málum árum og áratugum saman. Það má vera að þeir séu orðnir leiðir á þessari umr. og þreyttir, hafi nóg að gera á eigin vígstöðvum, og lái ég þeim það ekki, að þurfa kannske ekki að standa öllum atriðum þessara fjölþættu mála, hvernig málin í raun eru. En það er svo annað mál og er þeirra að skýra frá því annars staðar þar sem þeir halda að skoðanir þeirra nái betri árangri.

En það, sem mér finnst vera einna merkilegast við þessa till., er að henni er ætlað að hjálpa til þess að árangri verði náð í ítrekuðum tilraunum stjórnvalda, margra stjórnvalda, til þess að bæta hag þeirra sem teljast láglaunafólk. Þessar tilraunir hafa verið gerðar af aðilum um margra ára skeið. Þær hafa stundum eyðilagst af óviðráðanlegum áhrifum, stundum hafa þær verið vísvitandi eyðilagðar vegna pólitískra aðgerða í þjóð-

félaginu. Þetta þekkjum við. Við vitum líka að þetta hefur mistekist m. a. vegna þess, að það hefur verið djúpstæður skoðanaágreiningur innan raða launþegasamtakanna og reyndar vinnuveitenda líka, ekki síst um ýmsar greiðslur og mat á greiðslum sem sótt er eftir að fá til launþega. Getum við t. d. bent á verðbæturnar sem virðast ætla að verða að eilífðartali og samningsefni milli þessara aðila. En alls staðar og alltaf — sama hvort spurt er um og talað um verðbætur og fyrirkomulag þeirra, hvort talað er um láglaunafólk eða einhverja aðra — þá stönsum við alltaf við þessa sömu meginspurningu: Hvað á að leggja til grundvallar í þessu mati? Þetta hefur komið inn í umr. að undanförnu í sambandi við íslenska fiskimenn, og ég hjó eftir því, þegar hv. síðasti ræðumaður benti á 7. lið þessarar till., að hann gat einmitt um vinnuaðstæðurnar. Það er kannske það sem ég sakna mest í till. þeirra félaganna, að það hefði þurft að taka og telja betur upp ýmsa þætti sem meta ætti þegar aðstæður eru metnar og áður en gengið er til samninga t. d. um launastiga.

Ég ætla ekki að teygja lopann vegna till. En ég verð þó að koma fram þeirri aths. minni sem rak mig upp í ræðustólinn að þessu sinni. Ég hef lýst því yfir áður, að ég muni styðja þessa till., og ætla að gera það, jafnvel þó ég sé ekki alls kostar ánægður með hana. Ég held að með samþykkt þessarar till. séum við komin nokkuð á leið að opna umr. um þetta vandamál, og við erum að leita með samþykkt hennar að leiðum til þess að ná fram ýmsum markmiðum, sem t. d. láglaunahópar þessa þjóðfélags hafa verið að leita eftir. Hitt er svo annað, að aftur kemur upp sama eilífðarspurningin: Hvað er láglaunahópur? Um það höfum við líka rætt hér á Alþ. að undanförnu.

Það, sem ég hef aðallega við þessa till. að athuga, er um framkvæmd hennar. Tillögumenn ætla sér að láta ríkisstj., annaðhvort núverandi, líklega fyrrv. þegar till. var flutt, — en ríkisstj. á hverjum tíma á að framfylgja og sjá um framkvæmd þessarar till. Það hefur þegar komið fram og undir það tek ég, að það er langtímaframkvæmd að ráða fram úr og svara, leita og finna svör við öllum þeim spurningum sem hér eru lagðar fram. En það, sem veldur því, að ég dreg í efa að rétt sé að fela ríkisstj. á hverjum tíma að gera þetta, er m. a. sú staðreynd, að allir þrír hv. flm. sem þessa till. flytja — þ. á m. annar guðfaðir eða guðmóðir, ef svo á að kalla, fyrrv. vinstri stjórnar — studdu vinstri stjórnina síðustu og studdu þ. á m. að sjálfsögðu félmrh. sem átti sæti í þeirri stjórn. Sú stjórn setti með stuðningi allrar ríkisstj. og stuðningsflokka sinna brbl., en samkv. þeim átti að taka m. a. til rannsóknar ýmis af þeim þýðingarmiklu málum sem varða aðila sem um er getið í þessari þáltill.

Nú gekk dómur um sum ákvæði brbl. Brbl. voru efnislega á þann veg, að einstök atriði áttu að ganga til dóms, sem og varð. En varðandi hina félagslegu hlið, sem var eitt meginmál brbl., og varðaði m. a. fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað o. fl., o. fl., þá treysti dómurinn sér ekki til þess að kveða upp dóm. Í dómsorði hans segir m. a. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Dóminum var snemma ljóst, að á þeim skamma tíma, sem honum var ætlaður til verksins, var honum ofviða að framkvæma viðeigandi mat á störfum farmanna, en þeir áttu hlut í þessu tilfelli. Hér er um að ræða viðamikið starfsmat, sem ekki hefði verið gert nema með aðstoð sérfróðra manna og að undangenginni öflun margvíslegra gagna umfram það sem þegar liggur fyrir. Hefur dómurinn því ekki treyst sér til að gera verulegar breytingar á því mati á þessum atriðum, sem felst í samningum aðila frá fyrri tíð.“

Hér er auðvitað mergur málsins: Hér verða ekki kallaðir til leikmenn. Hér þarf til sérfræðinga eða menn sem hafa aflað sér sérfræðilegrar þekkingar til þess að meta þessa og aðra hluti. Þess vegna verður ekki kveðinn upp dómur eða samið á milli tveggja aðila öðruvísi en báðum aðilum sé kunnugt um hvað liggi að baki. Og því segi ég enn, að ég tel að þetta mál eigi ekki að vera hjá ríkisstj., alveg sama hverjir eiga sæti í þeirri ríkisstj., heldur eigi þetta að vera hjá öðrum aðila, — aðila sem viðkomandi samningsaðilar, þeir sem að vinnumarkaðinum standa, bera fullt traust til. Og það er m. a. þess vegna sem ég persónulega gladdist við að sjá þessa þáltill. flutta, því að hér er um gamalt áhugamál mitt að ræða, sem að vísu hefur ekki komið inn á Alþ. áður, en er nú komið fram í formi þáltill.

Það mun hafa verið fyrir nær tveimur áratugum, í byrjun svokallaðra viðreisnarára, sem ég hreyfði þessu máli oftar en einu sinni opinberlega, en sérstaklega þó í tímariti sem fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík gaf út um tíma. Fjallaði grein mín um hagstofnun vinnumarkaðarins. Allt það, sem hér hefur verið drepið á — og reyndar fleira sem ég gat um þá, held ég að eigi heima hjá slíkri stofnun sem aðilar vinnumarkaðarins eiga aðild að, fylgjast með að staðreyndum sé safnað saman eftir þeim leiðum sem þeir telja ekki aðeins skynsamlegar, heldur og réttar. Þar sé oddaaðili, sem vonandi gæti orðið sambærilegur núv. hagstofustjóra, en það sé meginmarkmið að slík stofnun öðlist sams konar traust og Hagstofa Íslands hefur náð í huga þjóðarinnar. Ég held að í tíð núv. og reyndar fyrrv. hagstofustjóra hafi aldrei komið fram neinar efasemdir um það, að þeir, sem þar vinna, vinni samviskusamlega og á þann veg sem embættismenn eiga og ættu að vinna. Og ég þekki til slíkra stofnana erlendis, þar sem hið sama hefur gerst. Það hefur tekist að skapa slíkt traust á slíkum vinnumarkaðsstofnunum m. a. vegna þess að þær voru í tengslum við hagstofur viðkomandi landa.

Nú veit ég að hvorki flm. þessarar till. né aðrir, og allra síst ég, mæla með stofnun nýs bákns innan okkar þjóðfélags. En svo vill til, að við eigum slíka stofnun nú þegar sem við getum unnið betur upp og látið vinna að slíkum verkefnum. Og það gerum við auðvitað með því að fjölga þar starfsmönnum og láta meira fé renna til hennar. En guði sé lof, þá hefur það fé, sem þegar hefur runnið til þess aðila sem ég er hér að ræða um, sem er Kjararannsóknarnefnd, ekki komið úr ríkissjóði, heldur úr sjóðum sem byggjast upp af aðilum vinnumarkaðarins sjálfum. Ég held nefnilega að varðandi mikið af þessu starfi, alla vega því starfi sem varðar hin hagfræðilegu rök eða efnahagslegu, sé rétt að fela slíkum aðila að vinna að rannsókn og úrvinnslu þess sem við erum að leita að á því sviði. Og ég er sannfærður um það, sem hér er verið að benda á og reyndar fleiri aðilar hafa bent á nú upp á síðkastið, að ef við getum fetað okkur áfram á þessari leið, þá erum við á réttri leið. Ég minnist mjög skynsamlegrar greinar eftir Harald Steinþórsson, sem er einn af ráðamönnum í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, þar sem hann bendir réttilega á það, að við þurfum að brjóta út af þeim venjum, sem við höfum fylgt. Formaður þeirra samtaka vakti máls á því — að vísu löngu eftir að ég var með þessa hugmynd innan Alþýðusambandsins — að

nauðsyn væri á stofnun sem ynni að slíkri gagnaöflun og staðreyndavinnslu. Og ég geri ráð fyrir því, að þegar menn fara að hugsa málið verði fleiri sammála okkur um að það sé nauðsyn á þessu, því að það er enginn vafi að til þess að við getum fundið út samanburð, sem alltaf verður til í öllum okkar launasamningum hér á landi, til þess að við finnum eitthvað sameiginlegt til að standa á, þá verðum við að meta hver vinnufórnin er að baki krafnanna og þeirra launa sem upp er svo staðið með að lokum. Sú fórn getur komið fram í mörgum myndum. Hún getur verið í því forminu, að viðkomandi aðili hafi þurft að skila löngu námi, hann getur borið mikla ábyrgð, hann getur staðið í hættulegu starfi, hann getur verið í starfi sem fylgir mikil vosbúð o. s. frv. En þetta verður ekki að mínu mati gert á vegum ríkisstj., hvorki núv. hæstv. né annarra. Samt sem áður greiði ég atkv. með þessari till. og tel að með því séum við a. m. k. að koma málinu á hreyfingu og að samþykkt þessarar till. geti orðið til þess, að við getum komið þessum málum áleiðis, í farveg sem við getum unað við, og geti orðið til farsældar fyrir þá sem málið stefnir að, en það eru sérstaklega launþegar þessa lands sem við hin lægri kjör búa.

Frsm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég gleymdi að geta þess hér áðan þegar ég mælti fyrir nál., að einn þeirra umsagnaraðila, sem málið var sent til, var að sjálfsögðu Alþýðusamband Íslands, og það sem meira er, allir þrír aðilarnir, þ. e. Vinnuveitendasambandið, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Alþýðusamband Íslands, sendu sameiginlega umsögn um málið þar sem þeir mæla með samþykkt till., en benda að sjálfsögðu jafnframt á það, sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á, að auðvitað hlýtur það að verða svo í framkvæmd — í raun og veru hvaða ríkisstj. sem væri í landinu — að það yrði Kjararannsóknarnefnd og hagdeildir þessara samtaka, sem hann minnti á, aðila vinnumarkaðarins, sem að langsamlega mestu leyti mundu vinna þessar upplýsingar og rannsaka þær. En til þess að slíkt megi verða þarf auðvitað bæði fjármagn og aukinn starfskraft, því að það er alveg gefið mál að hér er um geysilega umfangsmikið verkefni að ræða að rannsaka þennan frumskóg allan. Ég held að menn telji að það séu um 900 eða 1000 launataxtar til í landinu innan Alþýðusambandsins, og það er augljóst að hér er mikið verk að vinna.

Hvort sem menn treysta núv. hæstv. ríkisstj. vel eða illa, þá er það einu sinni svo, að það er e. t. v. nauðsynlegt í svona tilvikum og raunar fleirum að á það verði látið reyna, hvort ríkisstj. á hverjum tíma fer ekki eftir viljayfirlýsingu Alþingis. Við höfum auðvitað ótalmörg dæmi þess, að ótalmargar ríkisstj. hafa ekki virt slíkar viljayfirlýsingar. En þá er spurningin: Hvernig er hægt að koma málum þannig fyrir, að viðkomandi stjórnvöld séu knúin til þess að fara eftir þessu? Það er kannske stærsta spurningin. Og ég treysti því, að þeir aðilar hér á hv. Alþ., sem sammála eru um að þetta verk þurfi að vinna og sé nauðsynlegt, sameinist í því að knýja bæði núv. ríkisstj. — og sjái hún ekki svo til að verkinu verði lokið þegar hún fer frá völdum, þá er áframhaldið að knýja þá ríkisstj., sem tekur við, til að ljúka þessu máli. Þetta er stórmál, að draga fram í dagsljósið hver hin raunverulegu launakjör í landinu eru.

En út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði um aðdáendur og stuðningsmenn hæstv. fyrrv. ríkisstj., stjórnar hinna vinnandi stétta, held ég að hann hafi orðað það, vil ég aðeins segja það, að till. þessi eða efnislega samhljóða tillögur hafa ekki fyrr en nú fengist út úr n. í þinginu, þannig að fyrrv. ríkisstj. hefur ekki haft til þess aðstöðu að framkvæma till. sem slíka eða efnisinnihald hennar. Auðvitað hefði hún getað tekið upp hjá sér að láta vinna ýmsa þætti, en engar skuldbindingar hafði hún gagnvart þinginu, því að málsmeðferðin var slík, að málið komst ekki út úr n. Það er ekki fyrr en núna, þegar stjórnarandstæðingur er formaður í viðkomandi n., að málið fæst út. Og ég vona að málið verði afgreitt hér og síðan látið á það reyna, hvort hæstv. ríkisstj. fylgir ekki vel á eftir, með hæstv. forsrh. — sem skrifar undir nál. sem nm. — í broddi fylkingar. Við erum ekki með neitt smámenni á nál. þessarar n., hæstv. forsrh. sjálfan. Og við skulum láta á það reyna, hvort hann tekur ekki undir með okkur hinum að koma þessu í framkvæmd í reynd.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara öllu fleiri orðum um þetta, en ég vil fyrst og fremst bæta því við, að Alþýðusambandi Íslands var að sjálfsögðu sent þetta mál og það sendi umsögn ásamt Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandinu. **(Gripið fram í:** BSRB?) Vegna þessa framíkalls er rétt að geta þess, að BSRB var sent málið til umsagnar, en ekki barst umsögn frá BSRB, þannig að því er ekki til að dreifa.

Ég er ekki sammála hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur um að þessi till. sé ekki líkleg til að ná tilgangi. Ég held að það sé mesti misskilningur. Það fer eftir því að sjálfsögðu, hvort vilji er fyrir því að framkvæma þetta, en tilgangi nær till. ef hún verður framkvæmd, það er ekkert vafamál. Þá fáum við þann grunn sem við verðum að fá til að standa á, til þess að fram í dagsljósið komi hver í raun og veru tekjuskiptingin er í þjóðfélaginu. Það er það sem fyrst og fremst verður að fá fram til þess að hægt sé að vinna út frá því og leiðrétta þá hlutina í samræmi við það sem þessi könnun leiðir í ljós. **(Gripið fram í:** Þetta liggur allt saman hér fyrir.) Ég er ekki sammála hv. þm. um að þetta sé allt saman til. Ég ætla einmitt að þar greini hann á við aðila sem í þjóðfélaginu eru nú að vinna að þessu dagsdaglega, eins og t. d. Kjararannsóknarnefnd, þannig að þá veit þessi hv. þm. betur. Ég held að það sé mesti misskilningur hjá þessum hv. þm. að hún þurfi eitthvað að vera í vafa um það, hvort á að taka þessa tilraun alvarlega eða ekki. Það er ekki nokkurt vafamál, að þessa till. á að taka alvarlega og hún er meint og hún er nauðsynleg.

Ég hef ekki mikla trú á og ég mæli ekki með því, að neitt af þessu sé sent til Háskólans eða félagsfræðideildar hans. Það verða ekki mín meðmæli sem þar koma til. Það má vel fara svo að það verði gert eigi að síður, en ég hef enga trú á að þaðan komi mikið flóð upplýsinga sem gott verði að fóta sig á í þessu tilfelli. Það þarf að koma annars staðar frá.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. En ég vil ítreka það, að ég held að þm. almennt og raunar allur almenningur í landinu hljóti að geta verið sammála um það varðandi þá efnisþætti þessarar till. sem hér er lagt til að rannsakaðir verði, að nauðsynlegt er að það verði dregið fram í dagsljósið hvað þessi atriði fela í sér til þess að sjáist hvernig tekjuskiptingin er. Um þetta er vissulega deilt og hart deilt oft og tíðum, hver tekjuskipting í þjóðfélaginu er.

Það væri kannske ástæða til þess að segja eitthvað

fleira um þetta, en ég held að t. d. ef hv. þm. geta séð grg., þá fái menn yfirlit yfir það, sem í raun og veru þarf um þetta mál að segja. Ég vil aðeins ítreka það, að allir aðilar, sem málið snertir, þ. e. aðilar vinnumarkaðarins, mæla eindregið með því að till. verði samþykkt.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég undrast dálítið vinnubrögð hv. atvmn. í þessu máli. Hér liggja fyrir hv. Sþ. tvær þáltill. um nokkurn veginn sama efni og mér er því til nokkurrar undrunar að n. sá ekki ástæðu til að fjalla um báðar þessar till. í einu. Nú kann að vera að þannig sé ekki unnið hér, en ég hlýt að búast við því, að fram komi seinna nál. um till. hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur um þetta sama efni.

Enn þá meira undrast ég að svo löng og mikil þáltill. sem till. þeirrar þremenninga, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o. fl., skuli koma úr n. svo til gersamlega athugasemdalaust. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á nokkur atriði, sem væri hægt að ræða um, svo að ekki sé meira sagt. Ég get t. d. spurt hv. þm. hvernig eigi að láta meta „heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna", eins og segir hér í 7. gr., ef menn ætlast til að slíkt sé framkvæmt, og það hljóta þeir að gera ef þeir ætla að samþykkja slíka tillögu.

Í 14. gr. segir, með leyfi forseta: „og stuðla að aukinni hlutdeild láglaunafólks, lífeyrisþega og annarra minnihlutahópa." Ég hlýt að spyrja: Úr hvaða sveit er fólk sem semur svona lagað? Halda menn að láglaunafólk á Íslandi séu einhverjir minnihlutahópar? Ég leyfi mér að fullyrða hér að ég veit betur. Og ýmislegt annað er hægt að gagnrýna sem hér stendur. Í 4. mgr. grg. stendur t. d., með leyfi forseta: „Næg atvinna síðustu áratuga hefur útrýmt almennri fátækt."

Mér þykja það vera mikil tíðindi ef almennri fátækt er útrýmt á Íslandi. Ég er hrædd um að fátækt sé enn töluvert almenn á Íslandi.

Ég vil þrátt fyrir allt þetta lýsa því yfir, að auðvitað er ekki hægt annað en að samþykkja slíka þáltill. sem þessa. Ég vil hins vegar taka undir það með þeim, sem hér hafa talað, og legg á það áherslu, að ekki verði stofnað nýtt „apparat" í kringum slíkar umfangsmiklar rannsóknir. Stundum finnst manni að bráðum verði stór hluti þjóðarinnar önnum kafinn við rannsóknir, og við erum ekki svo mörg að ég held að við vitum nú töluvert um okkur sjálf þegar öllu er á botninn hvolft.

Hitt kemur mér svo á óvart, að engan skyldi langa til að koma með þáltill. í leiðinni um að rannsaka hinn hluta þjóðarkökunnar, þjóðarframleiðslunnar, eins og hv. þm. Karvel Pálmason mundi orða það þegar honum tekst upp um hinar vinnandi stéttir, að kjör þeirra, sem taka hin hlutann af kökunni, yrðu könnuð. Mikið dæmalaust væri gaman að fá að vita hvað fjölmargir Íslendingar fá í umboðslaun fyrir áfengi og tóbak án þess að vinna nokkurn tíma handarvik við það. Mikið dæmalaust væri gaman að vita hvað er mikið af íslenskum peningum, þ. e. peningum sem Íslendingar hafa unnið fyrir, í erlendum bönkum. Það er þetta fólk sem ég hefði áhuga á að láta kanna. Ég held að ég viti nokkurn veginn hver eru kjör íslenskrar alþýðu, íslenskra launamanna. Ég veit nokkurn veginn hvað það kostar fyrir þá að fá sér íbúð. Og ég veit líka að það er alveg sama hvað há laun þeir hafa, þeir geta ekki hugsanlega leyst húsnæðismál sín á þeim grundvelli sem þeir verða nú að gera. Allt þetta væri skemmtilegt að fá kannað. Og það fer ekki hjá því, að manni finnist svona till., sem ég efast ekki um að er vel meint, verka svolítið yfirborðskennd á fólk sem hefur unnið um árabil við það að tala við fátækt íslenskt fólk. Ég get sagt hv. þingdeild heilmikið um það án allra rannsókna, og ég er alveg sannfærð um að hagstofustjóri og hans starfslið og Kjararannsóknarnefnd, — allt þetta fólk veit heilmikið um þetta. Það er hitt fólkið sem við vitum ekkert um, sem fær að ég hygg miklu stærri hluta af því sem íslenskt fólk vinnur fyrir og framleiðir.

Frsm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um að undrast vinnubrögð nefndarinnar, þá skýtur þar skökku við miðað við þær umr. sem hér fóru fram í gær. Þá var verið að ásaka nefndir fyrir að starfa ekki. Hér kemur nú fram ásökun um að nefndir skuli afgreiða mál fljótt frá sér.

Till., sem hér um ræðir, var lögð það snemma fram á þinginu að sú till., sem hv. þm. vitnaði til, var ekki komin til umr. hér í þinginu þegar búið var að afgreiða þessa till. úr n., þannnig að ég held að þessi ásökun hv. þm. falli um sjálfa sig. Hins vegar hef ég ekkert við aths. hv. þm. að athuga annað en það, að stjórn BSRB, sem málið fékk til umsagnar, hefði átt að hagnýta sér þá aðstöðu og senda umsögn um málið til viðkomandi n. og gera þær aths. sem henni þótti ástæða til. Því var ekki sinnt, þannig að ég tek ekki mjög alvarlega þó að í sumum tilfellum séu réttmætar aths. við kannske ýmsa hortitti í grg. eins og alltaf vill koma fyrir. En það er að sjálfsögðu hægt að laga.

Varðandi hina hópana, sem hv. þm. nefndi, þá ætla ég ekki að bera á móti því, að hv. þm. veiti mikið um þessi mál, en hvort sú vitneskja er öll saman rétt, það er svo annað mál. Það verða menn að gera upp við sig, hvort þeim finnst viðkomandi manneskja hafa rétta vitneskju eða ekki. En sjálfsagt veit hún mikið.

En er nú ekki æskilegt fyrir okkur hina, sem kannske vitum minna en þessi hv. þm., að fá það fram í dagsljósið til þess að fóta okkur á og beita sem rökum? Ef þessir hópar, sem hv. þm. er að tala um og hún vill fá rannsakaða, hafa talsvert meira í sinn hlut en hinir, sem við viljum leiðrétta kjörin fyrir, er þá nokkuð fráleitt að við fáum eitthvað í hendur til þess að sýna fram á og rökstyðja með að það þurfi að breyta tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu, — ekki bara vitneskju eins og eins hingað og þangað, heldur fáum við það frá hlutlausum aðila á borðið, hver tekjuskiptingin er, og getum fótað okkur á því og beitt því sem rökum í þeirri baráttu sem er um skiptingu á þjóðarkökunni.

Því má svo bæta við, að þeir hv. þm., sem hafa áhuga á því að athuga eitthvað annað í tekjuskiptingu, geta að sjálfsögðu borið fram till. um það í þinginu, meðan þeir sitja þar a. m. k., þannig að það ætti ekki að vera vandamál. En það er ástæðulaust að vera að ásaka hina fyrir að bera fram þau hugðarefni sem þeir hafa til þess að fá umræðu um jafnmikilvægt og stórvægilegt mál eins og hér er um að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hafnargerð við Dyrhólaey, þáltill. (þskj. 306). — Ein umr.

Flm. (Siggeir Björnsson): Herra forseti. Við fimm þm.

Suðurlandskjördæmis höfum leyft okkur að flytja á þskj. 306 till. til þál. um hafnargerð við Dyrhólaey. En ég vil taka fram, að þegar þessi till. varð til og fór í prentun var hv. 4. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, erlendis svo að ég gat ekki haft samráð við hann um tillögugerðina. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara á árunum 1980—81 fullnaðarrannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey.

Þær áætlanir, sem fyrir liggja, verði endurskoðaðar og notagildi hafnarinnar endurmetið, m. a. með tilliti til útflutnings á Kötluvikri í miklum mæli."

Till. varðandi hafnargerð við Dyrhólaey er ekkert nýmæli hér á hv. Alþingi né utan þess síðustu hundrað árin og raunar lengur. Kemur það vitanlega til vegna þeirrar sérstöðu sem Suðurland hefur haft vegna hafnleysis á hinni löngu suðurströnd landsins. Í Landnámabók segir að svæðið milli Hornafjarðar og Reykjaness hafi síðast albyggt orðið vegna þess að — ef ég má vitna, með leyfi hæstv. forseta, í þá ágætu bók Landnámu: „þar réð veður og brim landtöku manna fyrir hafnleysis sakir og öræfis."

Þessu máli mun svo fyrst hafa verið hreyft, svo ég hafi spurnir af, fyrir hvorki meira né minna en 200 árum. Lýður Guðmundsson sýslumaður í Vík flutti þetta mál, athuganir á lendingarbótum á þessu svæði, við dönsku stjórnina árið 1780. Og mér er til efs að nokkurs staðar annars staðar á Íslandi hafi verið farið að hugsa um hafnarbætur á þeim árum. Heimildir munu vera til um það, að danska stjórnin hafi lofað að athuganir og mælingar skyldu fara fram á því sumri við Dyrhólaós og hjá Bakkahjáleigu í Landeyjum

Á fyrsta sýslufundi Vestur-Skaftafellssýslu, sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri árið 1874, kom málið fram í formi bænarskrár til konungs um að láta rannsaka aðstæður til hafnargerðar við Dyrhólaey. Konungur, eða danska stjórnin, tók málinu vel og fól yfirmanni á dönsku herskipi athugun málsins. Hann mun hafa fengið fyrirmælin svo síðla sumars að hann treysti sér ekki til að framkvæma þau á því sumri. Málinu mun svo ekki hafa verið fylgt eftir á næsta sumri og varð ekkert úr því að athugun færi fram. Málið einfaldlega gleymdist eða strandaði í kerfinu, og er það raunar algengt enn í dag.

Áhugi Skaftfellinga á þessu máli var þó svo mikill, að þeir höfðu safnað talsverðu fé til hafnarbóta á þeirra tíma mælikvarða, en því var svo skilað aftur eftir nokkur ár þegar ekkert varð úr framkvæmdum.

Árið 1901 var svo málið í fyrsta skipti lagt fyrir Alþingi. Erlendur maður, búsettur bóndi uppi í Borgarfirði, var með ráðagerðir um að stofna til togaraútgerðar með erlendu fé og gera út sextán togara, ef félagið fengi rétt til þess að veiða í landhelgi fyrir Suðurlandi. Þáverandi þingmaður Vestur-Skaftfellinga, kunnur þingskörungur, Guðlaugur Guðmundsson, síðast bæjarfógeti á Akureyri, flutti með samþykki sýslunefndar Skaftafellssýslna till. um að undanþágan yrði veitt um tiltekinn tíma gegn því, að togarafélagið bætti þann skaða sem fiskveiðar sýslnanna hugsanlega yrðu fyrir, og í öðru lagi, og það var aðalatriði málsins, að leyfishafi, togarafélagið, gerði trygga höfn við Dyrhólaey. Um þessa undanþáguheimild urðu langar og harðar umræður í Nd. Alþingis og svo fór að frv. var fellt með 10 atkv. gegn 10.

Ég hef leyft mér að segja þessa merkilegu sögu í stórum dráttum. Hún sýnir í raun og veru hversu brýnt hagsmunamál þessi hafnargerð hefur verið og er enn fyrir þau héruð sem þarna eiga hlut að máli.

Á síðari árum hafa svo margar till. komið fram hér á hv. Alþ. um rannsókn á hafnargerð á þessum stað og skal ég ekki rekja þær. Talsverðar og væntanlega allítarlegar rannsóknir hafa farið fram á hafnarstæðinu við Dyrhólaey á síðari árum. Þær rannsóknir benda til eða sanna raunar að þar megi vel gera höfn. Hins vegar yrði hér um dýr mannvirki að ræða og kemur það engum á óvart sem þekkir aðstæður á suðurströnd Íslands.

Það hefur komið fram af hálfu stofnana og embættismanna, sem um þetta mál hafa fjallað, að hafnargerð þessi yrði ekki arðbær framkvæmd, og er þá málið metið út frá því sjónarmiði að fjármagnið skili arði, að höfnin borgi sig á tiltölulega skömmum tíma eða geti sjálf staðið undir því fjármagni sem bygging hennar kostar. Gegn þessu gilda að mínu mati og eru enn í fullu gildi þau rök sem fram að þessu hafa verið færð fyrir nauðsyn hafnargerðar á þessum stað. Það vantar höfn á austurhluta Suðurlands til þess að auka og efla atvinnu á svæðinu, m. a. til þess að það unga fólk, sem þar elst upp, geti fengið atvinnu í heimabyggð sinni, ef það óskar þess, eða þá rekið atvinnufyrirtæki, ef það fer út á slíka braut. Við þurfum fjölbreyttari og meiri atvinnu á þessu svæði á Suðurlandi, ef við viljum og ætlum okkur að halda byggðinni við og efla hana, ef við ætlum okkur að byggja landið allt. Og við megum aldrei meta gildi neins máls eingöngu eftir því, hvernig hægast sé að ávaxta fjármagn á sem skemmstum tíma. Við megum aldrei gleyma hinum mannlega og félagslega þætti.

Tilefni þess, að þessu máli er nú enn á ný hreyft hér á hv. Alþ., er það, eins og kemur fram í grg. fyrir till., að nú er fram komin ný ástæða til þess að hyggja að þessu máli, er gerir hafnargerðina nauðsynlegri og þó einkum arðbærari en áður hefur verið talið. Á ég þar við rannsóknir þær og kannanir er Jarðefnaiðnaður hf. hefur látið gera á útflutningi Kötluvikurs og jafnvel annarra jarðefna í stórum stíl. Þýskir aðilar hafa sýnt þessu máli áhuga. Þeir hafa rannsakað vikurinn og telja að hann standist kröfur þýskra staðla um léttsteypu. Nothæft byggingarefni er að ganga til þurrðar úti í Evrópu. Magn vikurs á Mýrdalssandi er óhemjumikið og mun duga í mörg hundruð ár með miklum útflutningi. Athuganir þær, sem gerðar hafa verið á því, hvernig koma mætti vikrinum um borð í skip úti fyrir sandinum með færiböndum eða dælukerfi, benda til þess að þau mannvirki yrðu mjög dýr vegna aðstæðna við ströndina. Hins vegar er stutt af Mýrdalssandi til Dyrhólaeyjar og væri því ekki mikill kostnaður við að flytja vikurinn þangað á bílum, enda þá sjálfsagt að athugað yrði í sambandi við það, hvort ekki væri rétt og sjálfsagt að færa þjóðveginn í Mýrdal og gera göng í gegnum Reynisfjall. Kæmi höfn í Dyrhólaey yrði það líka arðbær framkvæmd. En allir, sem þarna eru kunnugir, vita hversu mikil samgöngubót það yrði vegna allra flutninga austur þar og allt til Austurlands, enda yrði þá snjóþyngsti kaflinn á þjóðveginum um Mýrdal lagður niður.

Það þarf varla að taka fram, að óhugsandi er að flytja vikurinn alla leið til Þorlákshafnar, sem er næsta höfn nú, vegna vegalengdar. Miðað við þá útreikninga og till. um hafnargerðina, er fyrir liggja og gerð hafa verið af opinberum aðilum, Vita- og hafnamálastjórn og framkvæmdadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, og miðað við að tæknilegar forsendur þeirra séu réttar, er talið

líklegt af verkfróðum mönnum, sem ég hef rætt um þetta við, að um ein millj. tonna af vikri til útflutnings árlega geti farið langt með að standa undir byggingu hafnarinnar. Og þá kæmu til viðbótar öll önnur not hafnarinnar.

Nauðsyn ber til þess að efla og mynda nýjar gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar á Íslandi, gera framleiðslu þjóðarinnar fjölbreyttari, auka þjóðarframleiðsluna svo að meira verði til skiptanna. Því ber að veita athygli og rannsaka til hlítar alla nýja möguleika til aukins útflutnings.

Útflutningur Heklu- og Kötluvikurs og e. t. v. fleiri jarðefna gæti orðið þýðingarmikill þáttur í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Engin ástæða er til annars en að nýta þessi jarðefni eins og aðrar auðlindir landsins. Óhemjumikið magn er til af þessum jarðefnum á Suðurlandi og vafalaust víðar. Á Mýrdalssandi hefur verið giskað á að séu allt að þúsund millj. rúmmetra af nýtanlegum vikri eða jafnvel meira. Það mundi endast til útflutnings í mörg hundruð ár. Auk þess er hætt við að eitthvað gæti bæst við á næstu öldum þannig að framleiðsla náttúrunnar sjálfrar haldi áfram af og til svo lengi sem eldvirkni verður á þessu landi.

Útflutningur vikursins mun auka atvinnu í nálægum byggðarlögum, sem sannarlega er ekki vanþörf á, og það án þess að nokkuð sé frá öðrum tekið eða það rýri í nokkru hlut annarra byggðarlaga.

Eftir því sem nýtanlegt byggingarefni minnkar úti í Evrópu mun eftirspurnin eftir íslenskum vikri til bygginga þar vaxa. Vikurinn mun því hækka í verði á komandi tímum.

Þó að aðallega muni nú rætt um útflutning á óunnum vikri, þá þarf svo ekki að verða um alla framtíð, heldur getur hér vaxið upp mikill byggingariðnaður úr Kötluvikri við væntanlega Dyrhólahöfn, að því tilskildu að Íslendingar geti einhvern tíma lært að ná þeim tökum á efnahagsmálum sínum að um slíkan útflutning eða annan á iðnaðarvörum geti orðið að ræða.

Eins og ég hef tekið fram hefur af ýmsum verið talið að sú hafnargerð, sem hér er rætt um, væri ekki þjóðhagslega arðbær. Við flm. þessarar till. teljum að hafi svo verið, þá sé það viðhorf nú gerbreytt, jafnvel geti verið vafasamt hvort þjóðin hafi efni á öðru en að gera þarna höfn. Allar líkur benda til þess, að hafnargerðin sé nú mjög arðbær. Og til þess að fá úr því skorið er till. þessi flutt.

Ég hef lokið máli mínu, en vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til atvmn.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ekki kvaddi ég mér hljóðs til þess að mótmæla einu eða neinu í ræður flm., hv. þm. Siggeirs Björnssonar. Þetta var — án þess að ég sé neinn umsagnaraðili um ræður — ákaflega skýr og fróðleg lýsing á sögu þessara rannsókna og þess draums Sunnlendinga um höfn fyrir Suðurlandi. Þarna hafa farið fram ákveðnar rannsóknir og hér er farið fram á að fela ríkisstj. að láta fara fram á árunum 1980—81 fullnaðarrannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey. Að vísu liggja fyrir gamlar áætlanir um kostnað við þessa höfn sem, ef ég man rétt, er upp á tugi milljarða. En hitt kemur fram bæði í grg. og í ræðu frummælanda, að aðstæður eru nokkuð breyttar, þar sem þarna skapast gífurlegir möguleikar á útflutningi. Vissulega greiði ég fyrir því, að till. fari til n. og fái athugun. Ég vil þó aðeins minnast á eitt atriði, því að þetta rifjar upp fyrir mér gamalt atvik.

Á þessu hv. Alþ., fyrir u. þ. b. 20 árum, flutti Karl heitinn Guðjónsson till. nokkuð svipaðs eðlis efnislega hvað það snertir að láta fara fram rannsókn á hafnarstæði við Dyrhólaey eða á öðrum stað á Suðurlandi. Þessi till. var samþykkt. Svo leið ár. Svo leið annað ár. Svo leið hálfur áratugur. Ég held að það hafi ekki komið fram fyrr en í Vestmannaeyjagosi, að þó að svona ályktunartill. hefði verið samþykkt, þá hefði Hafnamálastofnunin ekki gert nokkurn skapaðan hlut — ekki nokkurn skapaðan hlut um árabil. Ég vil því minna á — þó að ég sé ekki að ásaka flm., fjarri því, ég veit að það er ekkert nema gott sem fyrir þeim vakir — að það virðist oft ákaflega mikið á það skorta að þáltill. séu framkvæmdar, sbr. þáltill. Karls heitins Guðjónssonar, sem lá í salti hjá hafnamálastjóra um árabil. Og loksins — ég held, eins og ég sagði að það hafi verið þegar Vestmannaeyjagos kom — var farið að rannsaka þessi mál. Þessar rannsóknir hefði verið hægt að framkvæma miklu fyrr. Að vísu hef ég ekki vitað Vestmanneyinga vera kappsama í þessu, þó að Karl heitinn Guðjónsson hafi verið Vestmanneyingur og borið þetta fram, en ég held að þetta sé ákaflega stórt mál, að vísu gífurleg fjárfesting, en jafnframt möguleikar á gífurlegri framleiðslu og útflutningi.

Ég óttast það bara, þó að þessi þáltill. verði samþykkt, að svo verði ekkert meir, fyrr en kannske flm. eða aðrir fara að athuga þetta eftir næsta kjörtímabil. Ég vil þess vegna — þó að það sitji kannske ekki á mér sem nýliða — vara hv. flm. við því, að ef þeir gera ekki einhverjar sérstakar ráðstafanir, þá er engin trygging fyrir því, að þessi till. verði neitt annað en marklaus samþykkt frá Alþ., — að vísu ekki alveg marklaus, því að Alþ. meinar sjálfsagt allt gott með henni, en framkvæmd þál. um svona rannsóknir er, eins og fyrri till. um þetta mál bera með sér, í ákaflega mikilli óvissu. Ég veit ekki hvernig því mætti breyta. Það mætti athuga það í n., hvort setja ætti í þál. ákvæði um að hafnamálastjóri eða Hafnamálastofnunin skuli hafa skilað áliti eigi síðar en einhvern tiltekinn dag.

Ég vil aðeins gera þessa stuttu aths. um leið og ég lýsi yfir stuðningi mínum við tillöguna.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir þessa ágætu ábendingu og stuðningsyfirlýsingu við þessa till. Eins og fram kom í máli hans og ræðu frsm. er búið að tala lengi um þetta og án þess að mikill árangur yrði. Hins vegar hefur síðustu árin samt þokast nokkuð í þá átt, að menn geri sér ljóst hvaða möguleikar eru þarna fyrir hendi, því að eftir ítrekaða samþykkt hér á Alþ. um að svo skuli gert er vita- og hafnamálastjórn nú búin að gera till. um höfn við Dyrhólaey, — höfn þar sem gætu lent allt að 60 þús. tonna skip. Bæði liggur því fyrir að þetta verk er framkvæmanlegt og líka nokkrar hugmyndir um hvað það muni kosta.

Eins og fram kemur bæði í till. og hjá frsm. liggur fyrst og fremst fyrir að meta arðsemi þeirrar framkvæmdar, sem till. fjallar um, með tilliti til þessara nýju möguleika, þ. e. útflutnings á vikri af Mýrdalssandi. Hér voru á s. l. ári fulltrúar frá þýsku fyrirtæki sem lýstu yfir miklum áhuga á að fá vikurinn, og það er enn haldið sambandi við þá og þess vænst að úr því geti orðið, ef möguleikar skapast til að skipa honum út. Vitanlega er miklu æskilegra að hægt væri að leggja fjármagn í að byggja varanlega höfn en að setja upp einhver útskipunarmannvirki fyrir vikurinn sem eingöngu nýttust í því skyni og hefðu

örugglega takmarkaðri endingu, þannig að miklu meiri endurnýjun þyrfti á þeim en á varanlegri höfn.

Það, sem fjallað er um í þessari till., er að fá fram mat á því, hvort þarna sé ekki um verkefni að ræða sem væri sannarlega mjög æskilegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði, fyrir utan þá miklu þýðingu sem þetta hefði fyrir aðliggjandi héruð, eins og hér hefur verið rakið.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að taka undir mál þeirra þm. sem á undan mér hafa talað um þessa ágætu þáltill. okkar Sunnlendinga. Sérstaklega vil ég þakka hv. þm. Siggeiri Björnssyni fyrir hans ágætu ræðu.

Ég get verið alveg sammála 7. þm. Reykv. Ég hef alltaf efast um ágæti þáltill. yfirleitt, hvað af þeim verður og hvaða gagn verði að þeim. Og sannarlega væri ástæða fyrir okkur Sunnlendinga nú að vinna að því, að gagn verði að þessari þáltill. og þessum flutningi. Hann vék vafalaust að mér þar sem hann efaðist um áhuga Vestmanneyinga á hafnargerð við Dyrhólaey. Þó má nú með sanni segja að Karl Guðjónsson sýndi áhuga sinn og nú ég með því að vera með í þessum tillöguflutningi. En svo vill nú til, að margur Vestmanneyingurinn á rætur að rekja einmitt til Skaftafellssýslu. Áhugi minn skapast að vissu leyti af því, að það var mikið rætt um það í Vestmannaeyjagosinu að flytja út Heimaey, selja hana eða það sem við hana bættist og fá fyrir hana mikla peninga. Maður las um það t. d. í merkum bandarískum tímaritum, eins og Time, að við gengjum á milljónum af dollurum. Satt að segja hitnaði manni um hjartaræturnar þegar maður var að hugsa um hvað marga dollara maður hefði undir fótum. En nú er möguleiki á því, að því er virðist, að flytja Heklu gömlu út. Og hvers vegna ekki að selja hluta af henni, það sem hún er að spúa yfir okkur öðru hverju? Ég sé ekkert því til fyrirstöðu.

Hér er ekki um það að ræða, eins og áður hefur verið, að reisa hafnarmannvirki til fiskveiða eða fiskihöfn. Fyrst og fremst er þarna um að ræða hluta af því merkilega starfi sem unnið hefur verið að á undanförnum árum í jarðefnaiðnaði. Mér finnst að þar hafi verið unnið kannske merkilegra brautryðjendastarf en maður hefur viljað viðurkenna og komið hefur fram. Og mér finnst full ástæða til þess einmitt nú að fela hafnamálastjórninni að gera þá athugun sem áður hefur verið um rætt, einmitt um möguleika til hafnargerðar við Dyrhólaey. Þarna er um það að ræða að byggja þarna mannvirki strax þegar ástæða þykir til, vegna þess að hægt er að selja bæði iðnaðarvörur, sem framleiddar verða úr þessum vikri, og eins vikurinn sjálfan á evrópskum markaði.

Það er rétt, sem kom fram hjá 7. þm. Reykv., að þegar við bjuggumst við því í Vestmannaeyjagosinu, að Vestmannaeyjahöfn lokaðist, þá fórum við að leita eftir þeim athugunum sem gerðar hefðu verið á suðurströnd landsins samkv. áður fluttum tillögum þar um. En þegar til átti að taka fundust þær engar. Þær rannsóknir eða árangur af þeim fannst ekki. En ég vona að við Sunnlendingar, sem þessa tillögu flytjum, höfum þá mannrænu í okkur að fylgja því eftir að þessi rannsókn verði gerð, hvort sem hún verður gerð á þessu og næsta ári, eins og gerð er tillaga um. Ég býst varla við því að framkvæmdin verði svo hröð, en ég vonast til þess, að á næstu árum verði veitt fé til þessarar rannsóknar og að undirbúningsvinna að hafnargerð verði tilbúin þegar til þarf að taka vegna útflutnings á Heklu gömlu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, kl. 2 miðdegis.

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 198). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Brunatryggingar utan Reykjavíkur, frv. (þskj. 34, n. 329). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyting á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954. Það kemur fram í aths. við þetta lagafrv., að á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var 1.—3. sept. s. l., var samþykkt að óska breytinga á núgildandi lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur í þá átt, að lögfest yrði skyldutrygging allra útihúsa í sveitum, og að þetta frv. sé í samræmi við þessar óskir. Nefndin leitaði álits formanns Stéttarsambands bænda og staðfesti hann að svo væri. N. varð því sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en ég vil þó geta þess, að einn nm. var fjarverandi afgreiðslu málsins, hv. 3. þm. Suðurl.

Jón Helgason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. var ég fjarstaddur fund n. þegar þetta mál var tekið til athugunar og afgreiðslu. Ég er samþykkur því efni sem það fjallar um, að upp verði tekin skyldutrygging á útihúsum í sveitum. Hins vegar vil ég óska þess að heilbr.- og trn. taki málið til athugunar aftur milli 2. og 3. umr. þar sem ég tel æskilegt að við 1. gr. bættist ákvæði um það, að eigendum útihúsa, sem nú er verið að taka upp skyldutryggingu á, væri frjálst að tryggja þau hjá hverju því vátryggingarfélagi sem hefur starfsleysi. Þrátt fyrir það að þessi hús hafa ekki verið skyldutryggð eru mörg þeirra í tryggingu nú, og ég tel að það sé óeðlilegt að fara að skylda menn til þess að færa þessar tryggingar yfir, það sé skref í öfuga átt. Hitt mun vera miklu nær, að stefna í hina áttina, sem hefur orðið þróunin í öllum okkar nágrannalöndum, þ. e. að færa tryggingar meira í frjálsræðisátt þannig að eigendunum væri heimilt að ráða því hvar eignirnar væru tryggðar, þó vitanlega verði að viðhalda skyldutryggingunni.

En í sambandi við þessi tryggingamál er margt sem hlýtur að geta komið til greina að endurskoða og breyta. Það er skoðun margra, að hægt sé að gera þetta hagkvæmara en nú er. Benda má aðeins á eitt sem hefur komið nokkuð til umr. í blöðum nú í vetur. Það eru þeir fjölmörgu aðilar sem annast mat fasteigna hér á landi. Nú á síðustu árum hefur Fasteignamat ríkisins verið

byggt upp með miklu betri skráningu á fasteignum og betra mati og eðlilegt virðist vera að það mat, sem þar hefur farið fram, verði lagt til grundvallar í þágu annarra aðila, t. d. tryggingarfélaganna. Það hlýtur að mega spara margs konar vinnu með því móti og allmikinn kostnað, en að því hljótum við að vilja stefna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 231, 331). — 3. umr.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Á þskj. 331 hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978. Brtt. hljóðar svo:

„3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1980."

Brtt. er flutt vegna þess að í frv. er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. apríl 1980, en það hefur tekið sinn tíma að koma þessu í gegnum hv. Alþ. og sá dagur, sem miðað var við, er löngu liðinn, þar sem kominn er 23. apríl. Við vonumst hins vegar til þess, að málið verði afgreitt héðan frá Alþ. fyrir 1. maí, og þess vegna leyfi ég mér að flytja brtt. um að lög þessi öðlist gildi 1. maí 1980.

ATKVGR.

Brtt. 331 samþ. með 10:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:9 atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 68. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, að loknum 67. fundi.

Brunatryggingar utan Reykjavíkur, frv. (þskj. 34). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Jón Helgason: Herra forseti. Heilbr.- og trn. kom saman til fundar til þess að taka til athugunar þá ábendingu sem ég flutti við 2. umr. málsins. Á þeim tíma, sem til stefnu var, treysti meiri hl. n. sér ekki til að taka afstöðu til þess og mæla með brtt. á slíkum grundvelli og þar sem óskað hefur verið eftir að hraða afgreiðslu þessa máls tel ég ekki fært að leggja til að afgreiðslan verði stöðvuð nú. Mun ég því ekki flytja um það brtt. á þessu stigi úr því að samkomulag náðist ekki í nefndinni.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég er mjög hlynntur því sjónarmiði sem kom fram hjá hv. 3. þm. Suðurl. fyrr í dag, að þarna sé um frjálsar tryggingar að ræða, og leyfi mér þess vegna að spyrjast fyrir um það, hvort nauðsyn sé að hraða málinu svo að ekki geti unnist tími til að skoða það betur, t. d. þannig að málið verði þá afgreitt á mánudag, annaðhvort óbreytt eða þá með þessari breytingu. Ég leyfi mér að æskja þess að svo verði gert, ef ekki knýja einhverjar alveg sérstakar ástæður á um það að afgreiða málið í dag.

Forseti (Helgi Seljan): Út af ósk hv. 5. landsk. þm. vil ég aðeins taka það fram, að þetta mál er nú í fyrri deild og það verður athugað í Nd. einnig, og við treystum þó Nd. það vel að við reiknum með að ef þar næðist samkomulag um annað, sem við gætum svo aftur fellt okkur við á síðara stigi, þá mundi málið með því móti fá þá afgreiðslu sem æskilegt væri. Þess vegna held ég að ekkert sé því til fyrirstöðu frá okkar hálfu að afgreiða málið héðan í dag.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 167, n. 353). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. sem hér liggur fyrir til 2. umr. Á fundi n. mætti fulltrúi frá fjmrn., Björn Hafsteinsson, og gerði hann grein fyrir því, í hverju þessar breytingar væru fólgnar í aðalatriðum. Það er sem sagt þessi afsláttur innflutningsgjalda sem þarna er hækkaður úr 500 þús. kr. í 750 þús. kr., lágmarksgjaldið, og sérstakur afsláttur hækkar úr 1 millj. kr. í 1500 þús. kr. Þetta er 50% hækkun á þessum afslætti.

Síðan var á nefndarfundinum rætt um málefni þeirra leigubílstjóra sem jafnframt væru öryrkjar. Þar kom fram að þegar breytingar hafi verið gerðar á þessum lögum á Alþ. hér í fyrra hafi verið felld niður heimild sem fól það í sér að öryrkjar, sem jafnframt væru leigubílstjórar, nytu þessa aukaafsláttar, þ. e. bæði afsláttar eða lækkunar á aðflutningsgjöldum sem leigubílstjórar og einnig sem öryrkjar. Vegna þess, hve langan tíma hefur tekið að koma þessu máli hér í gegnum hv. Alþ. sá n. sér ekki fært að taka þarna inn brtt. á þessu stigi, heldur fól Birni Hafsteinssyni að kanna hvernig afgreiðslu hefði verið hagað á þessum málum áður og hvaða möguleikar væru á því — ef vilji væri fyrir hendi — að leyfa þeim leigubílstjórum, sem jafnframt eru öryrkjar, að njóta þessa afsláttar einnig.

Í Nd. komu fram nokkrar brtt. sem voru dregnar til baka til þess að hraða afgreiðslu málsins, og fannst okkur fulltrúum í fjh.- og viðskn. Ed. því ekki möguleiki á að tefja málið með því að gera breytingu á þessu stigi málsins, heldur fá það kannað nánar. Því leggur n. til að frv. þetta, eins og það liggur hér fyrir, verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 69. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, að loknum 68. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 167). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 356).

Neðri deild, 63. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 23. apríl 1980.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sveinn Jónsson verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Hjörleifur Guttormsson,
5. þm. Austurl."

Sveinn Jónsson hefur átt sæti á þingi áður á þessu þingi og býð ég hann velkominn til starfa þegar hann hefur risið úr rekkju sinni, en hann hefur veikindaforföll.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. (þskj. 339). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Í frv. því til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, sem hér liggur fyrir, eru sett að ýmsu leyti ný ákvæði um ráðstafanir til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar. Í frv. er gert ráð fyrir viðtækari ákvæðum en nú eru í lögum, — ákvæðum sem miða að hagkvæmari orkunotkun og orkusparnaði, aukinni notkun innlendra orkugjafa í stað olíu og breytingu á tilhögun olíustyrksins. Ákvæði frv. koma í stað laga nr. 13 frá 1977. Í þessu frv. eru ákvæði um verðjöfnun á hitunarkostnaði olíukyntra húsa og jafnframt ráðstafanir til að lækka heildarkostnað við húshitun í landinu.

Frv., sem einkum hefur verið samið á vegum iðnrn., sérstaklega að því er varðar öll tækniatriði, byggist í veigamiklum atriðum á tillögum nefndar sem iðnrh. skipaði 6. sept. 1979 til að gera tillögur um leiðir til jöfnunar á upphitunarkostnaði. Nál. er prentað sem fskj. með frv.

Með því að gert er ráð fyrir að viðskrn. fari áfram með veigamikinn þátt í framkvæmd ákvæða frv., þ. e. greiðslu olíustyrkja og allt er þá varðar, þótti rétt að viðskrh. flytti málið. Gert er ráð fyrir að iðnrh. sé heimilt að setja reglugerð um framkvæmd III. og IV. kafla laganna.

Frv. greinist í fjóra kafla. I. kafli fjallar um markmið, II. kafli um olíustyrk, III. kafli um orkusparnað og IV. kafli um nýtingu innlendra orkugjafa. Mun ég víkja að efni einstakra kafla.

Í upphafi máls míns gat ég um meginmarkmið frv. eins og þau eru talin í I. kafla, þ. e. í 1. og 2. gr. þess.

II. kaflinn fjallar um olíustyrk og eru þar veigamiklar breytingar frá núgildandi lögum. Olíustyrkur er nú 18200 kr. á einstakling ársfjórðungslega. Frv. gerir ráð fyrir að olíustyrkurinn hækki í 20 þús. kr. Á 60% heimila í landinu mun olíustyrkur á ári hækka meira en sem þessu nemur. Á seinasta ári námu útgreiddir olíustyrkir samtals 2 milljörðum 71 millj. kr. Á þessu ári er gert ráð fyrir samtals 4500 millj. til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar, þannig að framlög úr ríkissjóði hækka því um rétt 2.5 milljarða eða meira en tvöfaldast frá því sem var á fyrra ári.

Í 3. gr. eru ákvæði um að heimili, sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar, eigi rétt á olíustyrk. Nokkuð hefur verið um það að menn hafi notað bæði rafmagn og olíu til upphitunar og hefur rn. þá heimilað greiðslu olíustyrks að hluta. Gert er ráð fyrir að olíustyrkir falli alveg niður í slíkum tilvikum. Samkv. frv. verður fjárhæð olíustyrksins lögbundin með heimild til breytinga miðað við olíuverð.

Gert er ráð fyrir, að olíustyrkir verði greiddir húsráðanda ársfjórðungslega vegna íbúa sem hafa fasta búsetu í viðkomandi íbúð. Frá upphafi hefur olíustyrkur verið greiddur hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna sem hafa verið á framfæri hans og ekki hafa verið sjálfstæðir framteljendur. Í frv. er gert ráð fyrir að breyta útreikningi olíustyrksins fyrir hvert heimili. Áður hefur verið greiddur einn styrkur á mann, en í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að draga hlutfallslega úr greiðslum til fjölmennra heimila og hækka greiðslur til fámennari. Þannig er gert ráð fyrir að greiða 2 olíustyrki fyrir einn íbúa í heimili, 3 olíustyrki fyrir tvo í heimili, 3.5 olíustyrki fyrir þrjá íbúa, fyrir fjóra íbúa 4 olíustyrki, fyrir fimm íbúa 4.5 styrki, fyrir sex íbúa greiðast 5 olíustyrkir og fyrir 7 íbúa eða fleiri greiðist 5.5 olíustyrkir. Styrkurinn hefur til þessa verið greiddur á nef, en nú er einnig tekið tillit til eðlilegrar stærðar húsnæðis.

Í frv. er ákvæði um viðbót, sem nemur hálfum olíustyrk, vegna lífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar almannatrygginga eða hafa svipaðar heildartekjur.

Eins og verið hefur er ekki gert ráð fyrir að olíustyrkur verði færður til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

Í 5. gr. frv. er nýmæli, þar sem heimilað er að greiða einn aukaolíustyrk árlega á hvert olíukyndtæki sem hefur verið hreinsað og stillt. Ekki þótti fært að binda greiðslu olíustyrks því skilyrði, að hreinsun og stilling hefði farið fram, m. a. vegna þess að ekki er alls staðar kostur á að fá það gert. Þykir rétt að veita þessa heimild, en notkun hennar ýtir undir menn að láta stilla tæki sín.

Í 6. gr. frv. er ákvæði um að þeir, sem kost eiga á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun, eigi ekki rétt á olíustyrk. Áður náði samsvarandi ákvæði aðeins til þeirra sem kost áttu á hitaveitu. Þetta nýja ákvæði er

sérstaklega sniðið til að stuðla að æskilegri þróun í nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíunnar.

Ákvæði 7. gr. eru óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að ákvæði um olíustyrk vegna skólahúsnæðis á við um allt skólahúsnæði sem kynt er með olíu, en ekki eingöngu heimavistarskóla á grunnskólastigi. Þá er viðmiðun varðandi styrk við þær breytt.

Í 8. gr. eru óbreytt ákvæði frá gildandi lögum um að sveitarfélög annist úthlutun olíustyrksins. Nýmæli er um ársfjórðungslega skilagrein um úthlutun olíustyrkja og skyldu orkusala til upplýsingagjafar. Í grg. frv. er kveðið á um að í reglugerð um framkvæmd laganna verði sett ákvæði um framkvæmd og eftirlit með greiðslu olíustyrkja. Ég tel nauðsynlegt að herða á öllu eftirliti til að koma í veg fyrir misnotkun.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um orkusparnað, sem öll eru nýmæli.

Í 9. gr. er Orkustofnun falið að gera áætlun um hagkvæma orkunotkun og orkusparnað í húshitun. Skort hefur á að fyrir lægi heildaryfirlit um hina ýmsu þætti í þessu sambandi. Árið 1977 hófst skipulögð áætlunargerð um fjarvarmaveitur á þeim þéttbýlissvæðum sem ekki höfðu von um jarðvarmahitun. Gert er ráð fyrir að orkusparnaðaráætlun verði kynnt Alþ. á næsta hausti, en í henni verður jafnframt gerð grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum af hálfu hins opinbera í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.

Í 10. gr. er svo fyrir mælt, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skuli halda námskeið um húshitun. Með námskeiðum þessum er stefnt að því að þjálfa menn til að vinna að einstökum þáttum í orkusparnaði, svo sem stýringu hitakerfa, bættri einangrun húsa o. fl.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir að verja árlega til fræðslu og upplýsingastarfsemi um orkusparnað fjárhæð sem nemi a. m. k. ½% af áætlaðri upphæð olíustyrkja. Á þessu ári er fyrirhugað að verja 20 millj. kr. í þessu skyni.

Í 12. gr. frv. er gerð ráð fyrir heimild til að veita sveitarfélögum, þar sem olía er notuð til húshitunar, styrki vegna tækniþjónustu á sviði orkusparnaðar og til að undirbúa aðgerðir sem stuðlað geti að hagkvæmari orkunotkun. Tilgangur ákvæðisins er að hvetja sveitarfélög til að hafa milligöngu um ráðgjöf fyrir íbúana vegna undirbúnings hvers konar aðgerða sem dregið geta úr olíunotkun. Enn fremur er tilgangur þess að hvetja til athugunar á nýjum og hagkvæmari orkugjöfum.

Í 13. gr. er Húsnæðismálastofnun heimilað að veita einstaklingum lán til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði sem hitað er með olíu. Nánari ákvæði um lánveitingar þessar þarf að setja í reglugerð. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að fyrir Alþ. liggur frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins og þetta ákvæði ætti sennilega frekar heima í þeim lögum, en það er hægt að samræma þegar sú lagasetning verður framkvæmd.

IV. kafli frv. hefur að geyma ákvæði um nýtingu innlendra orkugjafa.

Í 14. gr. er Orkustofnun falið í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins að gera áætlun fyrir tímabilið 1981—1983 um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu. Skal það gera tillögur um árlegar framkvæmdir í orkumálum sem nauðsynlegar teljast til að sem flestir landsmenn búi við innlenda orkugjafa eða njóti orku frá olíukyntri fjarvarmaveitu í árslok 1983. Áætlunin skal kveða á um nauðsynlegar framkvæmdir og fjárþörf á hverju ári miðað við ákveðin markmið um hlutdeild innlendra orkugjafa í húshitun.

Í 15. gr. er heimild til að veita varmaveitum framlag til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk. Tvær hitaveitur á landinu selja orku á hærra verði en sem nemur kyndingarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk, þ. e. á Suðureyri, minnir mig, og líklega á Blönduósi. Gera má ráð fyrir að þessum veitum fjölgi nokkuð á næstu árum.

Þá skal ég víkja nokkuð að kostnaðarhlið þeirra aðgerða sem í frv. felast. Gert er ráð fyrir að kostnaður árið 1980 verði sem hér segir miðað við verðlag í marsmánuði s. l.: Olíustyrkur samkv. 4. gr. og núgildandi lögum vegna fyrsta ársfjórðungs samtals 3 milljarðar 760 millj. kr., aukaolíustyrkur samkv. 5. gr. 200 millj. kr., skólahúsnæði samkv. a-lið 7. gr. 140 millj., rafveitur samkv. b-lið 7. gr. 80 millj., aðilar utan samveitu samkv. c-lið 7. gr. 20 millj., fræðslu- og upplýsingastarfsemi samkv. 11. gr. 20 millj., styrkir vegna ráðgjafarþjónustu samkv. 12. gr. 40 millj. og styrkir til varmaveitna samkv. 15. gr. 200 millj. eða samtals 4460 millj. kr. Í fjárlögum fyrir árið 1980 eru veittar í þessu skyni 4000 millj. kr. á vegum viðskrn. og 500 millj. kr. eru á vegum fjmrn., sem verða millifærðar eftir þörfum, og eru þær á lið 09 999 141 í fjárlögunum.

Í 16. gr. frv. er gert ráð fyrir að viðskrh. sé heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd II. kafla og iðnrh. um framkvæmd III. og IV. kafla laganna og er það í samræmi við fyrirhugaða verkaskiptingu um framkvæmd þeirra. Gert er ráð fyrir að ákvæði frv. gildi um greiðslu olíustyrks frá og með öðrum ársfjórðungi 1980, en greiðsla fyrir fyrsta ársfjórðung fari eftir núgildandi lögum.

Frv. fylgir mjög ítarleg grg. svo og margvíslegar töflur. Til upplýsinga að öðru leyti en því, sem ég hef nú rakið, vísa ég til texta frv. svo og grg. þess.

Þetta mál er hið mesta réttlætismál, þar sem mjög mikill munur er á kostnaði við upphitun húsa, sem hita verður upp með olíu, og hinna, sem hituð eru upp á annan veg. Ætla ég að málið fái góðar viðtökur hér á hv. Alþ. og greiðan gang í gegnum þingið.

Að lokum legg ég til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, snertir eitt brýnasta hagsmunamaál þeirra er þurfa að kynda hús sín með olíu. Það er kunnara en frá þurfi að segja að hinar hrikalegu verðhækkanir á olíu, sem dunið hafa yfir undanfarin misseri, hafa lagst þungt á mörg heimili í landinu. Vá og uppþot úti í hinum stóra heimi af völdum olíufursta og erkiklerka hafa snert hag manna jafnt inn til dala sem út við sjávarsíðuna. Réttsýnir menn og sanngjarnir hafa því sameinast í baráttunni um að létta miklu oki af herðum hluta þjóðarinnar. Af þeim sökum er aukið fjármagn til niðurgreiðslu á olíuverði sjálfsagt mál og alls góðs maklegt.

Raunar væri ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um mál þetta ef ekki kæmi til sá einstæði málatilbúnaður sem verið hefur undanfari þessarar tillögu. Raunar hafa þau mál verið rakin hér á hinu háa Alþingi og er ekki ástæða til að fara um þau mörgum orðum. Þó er rétt að minna á eftirfarandi:

Undanfarið hefur verið í fjárlagafrv. ákveðin upphæð sem varið hefur verið til niðurgreiðslu á olíu til þeirra er

búa við olíukyndingu. Sú upphæð var þó ekki nægjanleg, síst eftir að olíuverð stórhækkaði á síðasta ári. Svo sem kunnugt er var þessu máli hreyft á hv. Alþ. af þm. í tillögu sem mikla athygli vakti. Núv. ríkisstj. hafði uppi fyrirheit um að koma til móts við vilja og þarfir þess fólks, sem býr á olíukyndingarsvæðunum, og stórauka niðurgreiðslu olíunnar. Eins og svo oft í verkum hæstv. ríkisstj. bar sýndarmennskan einlægan vilja ofurliði. Í stað þess að auka framlög á fjárlögum, eins og eðlilegt hefði verið, var fjárhæð til niðurgreiðslna á olíu hreinlega kippt út og þeirri upphæð, sem áætluð hafði verið til olíuniðurgreiðslu, var síðan mokað samviskusamlega í þá botnlausu hít sem ríkiskassinn er. Eins og hv. þingheimi er kunnugt var síðan ákveðið að hækka söluskattinn svo að unnt væri að greiða fyrir niðurgreiðslu olíuverðsins. Útfærslu á þeirri niðurgreiðslu sjáum við í þessu frv. Ég vil minna á í þessu sambandi að hækkun söluskatts leggst þyngst á þá er búa úti í hinum dreifðu byggðum, einmitt það fólk sem þarf mjög á olíustyrknum að halda. Eðlilegt væri að hafa mörg orð um þann hátt að taka stórar fjárhæðir og ráðstafa þeim utan við fjárlög, en ég vil þó láta mér nægja að minna á að með þessu eru stigin stór og mörg skref til baka í fjárlagagerð og fyndist fæstum ástæða til þess.

Það er í fersku minni flestra að núv. hæstv. ríkisstj. hugðist í upphafi leggja á 2% söluskatt ofan á þann sem fyrir var. Eftir mikið japl og jaml og fuður gafst hún upp og hækkaði söluskattinn einungis um 1.5 stig. Miðað við söluskattshækkun um 2 stig hefðu tekjur ríkissjóðs aukist um 8—9 milljarða, en 1.5% hækkunin nemur 6 milljörðum. Það vekur því eigi allfáar spurningar, að frv., sem lagt hefur verið fram og hér er til umr., gerir ráð fyrir, að kostnaður vegna olíuverðsniðurgreiðslunnar og skyldra hluta nemur alls 4460 millj. kr. Eftir standa 1540 millj. kr. Í 13. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að Húsnæðismálastofnun verði gert kleift að veita einstaklingum lán til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði sem hitað er með olíu. Í aths. við lagafrv. þetta er sagt að sú upphæð nemi allt að 750 millj. kr. Samtals eru 5210 millj. kr. útgjöld því í frv. Þrátt fyrir þetta heimildarákvæði frv. er enn óútskýrt hvernig um 790 millj. kr. verði varið, nema hæstv. fjmrh. hyggst nota upphæðina til að endar nái saman í fjárlagadæminu — og virðist ekki veita af.

Um þetta frv., er nú liggur fyrir Alþ., er annars að segja að það virðist stefna í rétta átt. Af því má ráða að reynt hefur verið að dreifa olíustyrknum sanngjarnar en áður var. Í fskj. frv. kemur fram að á því var mikill misbrestur. Er augljóst að áður guldu einstaklingar og t. d. eldra fólk, sem bjó eitt og börnin voru farin að heiman, þess fyrirkomulags sem var á olíustyrknum. Með því fyrirkomulagi, sem lýst er í frv., er greinilega ætlað að koma til móts við það fólk. Samkv. því munu niðurgreiðslur á olíu nema sama hundraðshluta hvort sem um verður að ræða einn, tvo eða fleiri einstaklinga í íbúð.

Að minni hyggju ætti markmiðið með þessu frv. að vera tvenns konar: Annars vegar að bæta íbúum olíuhitunarsvæðanna þau móðuharðindi, er ég nefni svo og stafa af utanaðkomandi verðhækkunum á olíu, hins vegar að flýta fyrir því að olíu sem orkugjafa verði rutt úr vegi. Það þarf engum að blandast hugur um hvílíkt óhagræði það er fyrir íbúa olíuhitunarsvæðanna og raunar þjóðina alla að nota olíu til húshitunar. Fátt skýrir þetta betur en samanburður á íbúafjölda, er býr við hina ýmsu orkugjafa, og kostnaði, sem fylgir því að nýta þessa orkugjafa.

Nú er talið að um 65% allra landsmanna búi við upphitun húsa með heitu vatni. Kostnaður vegna hitaveitna nemur 24% alls hitunarkostnaðar í landinu. 12% íbúa hafa rafmagnshitun. Kostnaður við hana er um 16% heildarkostnaðarins. 23% eða tæpur fjórðungur þjóðarinnar býr hins vegar við olíuhitun. Kostnaðurinn vegna hennar er um 60% heildarkostnaðarins. Þessar tölur tala sínu máli, segja raunar meira en mörg orð mundu gera.

Þá er ekki síður ástæða til að minna á að við kaupum nú langmestan hluta af olíu okkar frá Sovétríkjunum. Nýgerðir olíusamningar í Bretlandi boða þó vonandi gleðilega stefnubreytingu. Staðreyndin er nefnilega sú, að innan örfárra ára verða Sovétmenn ekki lengur olíuútflytjendur, heldur olíuinnflytjendur. Þeir munu ekki gera sér það að leik að selja okkur eða öðrum olíu. Þeir munu þurfa á allri sinni olíu að halda sjálfir og meira til. Olíuverð er einnig stöðugt á uppleið, olíumarkaðarnir óstöðugir og það má teljast slæmt búskaparlag að ætla sér að treysta á olíu sem orkugjafa í einhverjum mæli á næstunni. Það ríður því á gífurlega miklu að ekki verði sofið á verðinum og að við leggum ofurkapp á að losa okkur við olíu sem orkugjafa að sem mestu leyti. Í því sambandi eru margs konar orkusparandi aðgerðir mikilvægar. T. d. nefni ég aðeins upplýsingamiðlun og þá kosti sem fyrir hendi eru við stillingu kynditækja. Má fagna ákvæðinu í þessu frv. um að menn geti fengið aukastyrk ef þeir láta stilla og hreinsa kynditæki sín. Loks má nefna einangrun húsa sem gert getur mikinn mun.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að samkv. fyrstu niðurstöðum nýlegrar könnunar, sem getið er um í aths. þessa frv., bendir allt til þess að olíunotkun sé þriðjungi minni á Hvolsvelli en á Raufarhöfn. Hluti skýringar á þessu er vafalaust kaldara veðurfar á Raufarhöfn, en sérfræðingar, sem um þessi mál hafa fjallað, segja þó að meginskýringin sé lakari einangrun húsa á Raufarhöfn. — Mörg fleiri atriði má tína hér til. Ég nefni sem dæmi að nýta mætti betur orku frá mörgum verksmiðjum í landinu, loðnuverksmiðjum o. fl. Ég vil einnig nefna að beita mætti breytilegri verðlagningu á rafmagni til að reyna að lækka toppana. Í þriðja lagi mætti gera stórátak í því að koma landrafmagni í höfnum til skipa, en á því er talsverður misbrestur víða úti um landið.

Herra forseti. Aldrei verður nægileg áhersla lögð á að nýta aðra orkugjafa en olíu hér innanlands. Til þess liggja fjölmörg rök sem ég hef sumpart tíundað hér. Fleira mætti þó tína til. En ég vil að lokum víkja að og minna á ástand mála á Vestfjörðum.

Vestfirðir eru sem kunnugt er dæmigert olíukyndingarsvæði. Aðeins lítill hluti íbúanna kyndir hús sín með öðrum orkugjöfum. Á árinu 1976 var stofnað Orkubú Vestfjarða. Ein meginforsenda þeirrar stofnunar var byggðalína, svonefnd Vesturlína, sem tengja skyldi Vestfirði við önnur rafmagnsveitusvæði landsins í árslok 1979 eða við lok síðasta árs. Með tengingu Vestfjarða við aðalorkuveitusvæði landsins átti þrálátur orkuskortur að vera úr sögunni og unnt yrði að kynda hús með rafmagni í stað olíunnar. Menn voru því bjartsýnir við stofnun Orkubúsins, og ein meginástæða þeirrar bjartsýni var sú fjallgrimma vissa Vestfirðinga að staðið yrði við það að tengja svæðið við hin stóru orkuveitusvæði sunnanlands á árinu 1979. Páv. iðnrh., núv. hæstv. forsrh., dr. Gunnar Thoroddsen, mun hafa gefið um þetta fyrirheit sem menn töldu óhætt að treysta. Er

skemmst frá því að segja, að það hefur ekki staðist. Byggðalínan er ókomin, en talið er, og ég vona að því megi treysta í þetta sinn, að byggðalínan langþráða komist í gagnið á þessu ári. Þessar tafir á framkvæmdum hafa valdið því, að Orkubú Vestfjarða hefur orðið að keyra dísilvélar til framleiðslu á rafmagni. Kostnaður vegna þessarar dísilkeyrslu nemur á annan milljarð kr. Ég óska eftir því, að á þessum fundi í hv. Alþ. verði upplýst hvernig á þeirri töf hefur staðið, en þrátt fyrir margítrekaðar fsp. frá Vestfjörðum hefur ekkert eindregið svar fengist um hvers vegna þessi töf varð á lagningu byggðalínu til Vestfjarða.

Ég sagði í ræðu minni að ég ætti ekki von á öðru en að byggðalína kæmist í gagnið á þessu ári. En ekki er þó sopið kálið. Orkubú Vestfjarða hefur gert myndarlega, en raunsæja framkvæmdaáætlun fyrir þetta ár. Samkv. henni þarf hlutur Orkubús Vestfjarða í lánsfjáráætluninni að verða um 2.5 milljarðar kr. Enn hefur lítið spurst til þessarar hátimbruðu áætlunar, nema hvað blöð hafa verið að velta vöngum yfir hugsanlegri niðurstöðutölu hennar. Enn liggur ekki fyrir opinberlega a. m. k., hver hlutur Orkubús Vestfjarða verður í þessari lánsfjáráætlun, þó mig og marga aðra uggi að hann verði rýrari en vonir hafa staðið til. Ástæða þess, að ég vík lauslega að þessu hér, er sú, að forráðamenn Orkubúsins staðhæfa að verði ekki orðið við óskum þeirra að verulegu leyti muni byggðalínan, Vesturlínan svonefnda, aðeins nýtast að litlu leyti eða a. m. k. að takmörkuðu leyti. Það yrði ömurlegt hlutskipti langþráðrar byggðalínu að standa sem þvottasnúrur engum til gagns nema vetrarvindunum sem um hana mundu næða. Allir sjá því hve nauðsynlegt er að vinda bráðan bug að því að leysa það vandamál, sem dísilkeyrsla til rafmagnsframleiðslu er, og koma til móts við óskir Orkubúsins í lánsfjáráætluninni.

Það er því ekki lítill þáttur í því stóra máli, sem olíukyndingin er, að þannig verði staðið að málum á Vestfjörðum að hægt verði að nýta það langþráða rafmagn sem vonandi skilar sér eftir Vesturlínunni á haustmánuðum. Það er von mín og ósk að hæstv. ríkisstj. hafi þetta í huga.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því, að hv. síðasti ræðumaður kvartaði undan því að ekki hefði verið upplýst hvers vegna Vesturlínu varð ekki lokið haustið 1979. Ég var dálítið undrandi á þessu, því þetta er margþvælt og rætt mál bæði fyrir vestan og hér og ég held að fjöldi manna hafi komið með skýringar á því. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að til stóð að ljúka þessari línu fyrir haustið 1979. En staðreyndin er sú, að þegar starf við lánsfjáráætlun hófst í nýrri ríkisstjórn, sem settist að völdum 1. sept. 1978, var upplýst að ekki yrði unnt að ljúka við Vesturlínu á tilsettum tíma haustið 1979 þar sem ekki hafði verið ákveðin pöntun á efni til línanna í tæka tíð. Því var alls ekki tæknilega um það að ræða að unnt yrði að ljúka línunni fyrir þann tíma. Af hverju efnispöntun var ekki ákveðin fyrr skal ég ekki segja, en ég hygg að það hafi verið vegna þess að þá sat í nokkurn tíma ríkisstj., eftir kosningar, sem má segja að hafi beðið eftir því að láta af völdum og því ýmsar ákvarðanir lagðar til hliðar, og er ég ekki að kenna neinum um það.

Þetta voru þær upplýsingar sem okkur voru gefnar. Það var ekki tæknilega um það að ræða að ljúka línunni fyrir haustið 1979 af þessari ástæðu. Hitt vil ég svo jafnframt upplýsa, að í þeirri lánsfjáráætlun, sem að hluta hefur nú verið afgreidd, hefur fjárútvegun til að ljúka þessari línu haft forgang og samþ. að fullu áætlun Rafmagnsveitna ríkisins til þessa verks.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég tek það fram í upphafi, að ég tel að frv. það til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, sem hér liggur fyrir, sé til mikilla bóta. Mig langar aðeins að gera hér smáaths. við 4. gr. frv. og þá ekki vegna innihalds, heldur vegna tæknilegs atriðis.

Ég hef áður minnst á það á hv. Alþ., að oft kemur fyrir að þeir, sem úti í kerfinu vinna, óska þess að skýrar sé tekið á málum þegar lög eru gerð. Hér held ég að komi strax upp vandamál við framkvæmd, ef þetta frv. verður að lögum. Þá á ég við 3. mgr. 4. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við framangreinda styrki bætist ½ olíustyrkur vegna lífeyrisþega, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar."

Það er þessi lína sem ég tel að hyggja eigi að, vegna þess að þeir, sem njóta bóta samkv. 19. gr., eins og hér segir, hafa ákaflega mismunandi tekjur. Svo ég útskýri það í örfáum orðum: Sá, sem hefur í tekjur um 450 þús. annars staðar frá en frá almannatryggingum og nýtur elli- og örorkulífeyris, fær fulla tekjutryggingu. Ég hygg að það sé það sem hér er átt við. En svo getur maður haft einhverja tekjutryggingu samkv. 19. gr. alveg niður í 100 kr., ef í það fer, þar sem hér er um hlutfallsskerðingu að ræða. Hann getur þar fyrir haft um 2 millj. í tekjur annars staðar frá, en eftir stendur að hann nýtur samt bóta samkv. 19. gr. Mig langar þess vegna að vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að skýrar verði markað hvort hér er ætlast til að standi: „sem njóta fullra bóta samkv. 19. gr." — eða hvort það á að taka til þeirra sem eru með umtalsverðar tekjur, en koma samt að einhverju örlitlu leyti undir 19. gr. Þetta er vitaskuld atriði sem ekki er auðvelt að sjá fyrir þann sem ekki hefur þvælst í löggjöf um almannatryggingar um langan tíma. En ég vil mælast til að hæstv. ráðh. gangi frá því við n. að hér sé tekið ákveðnar á.

Að öðru leyti fagna ég því, að ellilífeyrisþegar fái samkv. þessu frv., ef það verður að lögum, um 200 þús. kr. á ári í olíustyrk. Ég hygg, að um það muni verulega, og vil að því leyti taka undir flest það sem hv. þm. Einar Guðfinnsson sagði áðan. En ég vil vekja sérstaklega athygli á þessu atriði í 3. mgr. 4. gr. svo það valdi ekki erfiðleikum þegar kemur að framkvæmdinni.

Bogi Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég fagna því frv. sem hér kemur fram í dag um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Ég verð að segja eins og er, að dregist hefur nokkuð mikið úr hömlu að mínu mati að slíkur jöfnuður ætti sér stað milli landsmanna. Um tekjuöflunarleiðina ætla ég ekki að ræða. Ég er ekki samþykkur þeirri leið, sem farin var, að hækka söluskatt til að ná þessu fjármagni. En sú hlið málsins er ekki til umræðu í dag, þannig að ég læt hjá líða að fjalla um hana. Ég hefði talið eðlilegast, eins og ástandið er í þjóðmálum okkar, að skorið hefði verið niður sem þessu næmi á öðrum sviðum í þjóðarbúinu. Það verður einhvers staðar að taka allt fjármagn sem nota á til framfærslu þegnanna, og þá kemur að sjálfsögðu upp spurningin um hvar eigi að taka það. Þarna hefur menn ábyggilega greint á, en ég er í þeim hópi sem taldi að ekki ætti að fara þá leið sem farin var.

Hvað mundi gerast ef þetta frv. eða einhverjar álíka aðgerðir af hálfu stjórnvalda kæmu ekki til? Ég held að við getum öll verið sammála um að það stæði fyrir dyrum að ákveðin landssvæði mundu eyðast, ef svo mætti segja. Það kæmi flótti í fólkið og það leitaði að sjálfsögðu þangað sem ódýrast væri að framfæra sig. Það liggur nokkuð skýrt fyrir hvar það er, þannig að stefnumörkun yrði skýr í þjóðmálunum í framtíðinni.

Það liggur hér fyrir samanburðarblað frá Orkustofnun frá 14. apríl. Þetta er ákaflega merkilegt blað sem gott er að hafa fyrir framan sig og segir kannske hv. alþm. meira en mörg orð, að það er margt fleira, sem þarf að athuga í þessum kyndingarkostnaði, en bara að ná niður olíunni. Það voru stefnumarkandi og eru örugglega enn þá stefnumarkandi áform stjórnvalda að stefnt skuli að virkjun innlendra orkugjafa. Þá verða stjórnvöld að sjálfsögðu að standa við bakið á þeim sem fara í þær framkvæmdir, því við stöndum frammi fyrir því að ýmsar framkvæmdir, miðað við núverandi niðurgreiðslu á olíu, eru hættar að bera sig. Þetta er mál sem að vísu er aðeins komið inn á í 15. gr. frv. Þar er sagt að heimilt sé að veita varmaveitum framlag til jöfnunar. Þetta er ákaflega vægt til orða tekið, aðeins heimilt að veita þeim framlag, en við skulum vona, og ég þykist reyndar vita, að staðið verði við það. En spurningin er þessi: Er þetta nægilegur hvati til þess að íbúar á ýmsum stöðum og sveitarstjórnir fari að leggja út í áhættusamar framkvæmdir? Er þetta nægilegur hvati til framkvæmda, ef það er vilji stjórnvalda að markvisst skuli stefnt að nýtingu innlendra orkugjafa? Ég efast um það.

Þar sem ég þekki til er samkv. þessum samanburði þriðja dýrasta hitaveita á landinu, sem stefnir líklega í að verða dýrust vegna þess að nú þegar liggur fyrir samþykkt bæjarstjórnar þar sem sótt er um 34% hækkun. Þá sýnist mér kyndingarkostnaður vera kominn 20% yfir meðalkyndingarkostnað með olíu, í staðinn fyrir að samkv. reglugerð, sem sett var um hitaveituna þegar hún var byggð og bæjarbúar treystu á, skyldi gjaldskrá aldrei verða hærri en sem svarar 80% af olíukostnaði þegar tekið hefði verið tillit til olíustyrks. Þannig hefur dæmið snúist við, að nú liggur upphitunarkostnaðurinn 20% yfir, ef þessi samþykkt verður leyfð núna 1. maí, í staðinn fyrir að kostnaðurinn skyldi aldrei vera minna en 20% undir. Þetta er visst áhyggjuefni fyrir menn sem hafa staðið í því að fullvissa fólk um það, þegar út í framkvæmdir var farið, en ég var einn af þeim, að þetta væri réttasta stefnan og þetta skyldi gert. Þá er spurningin: Hvað á að segja við fólk í dag?

Það liggur ljóst fyrir þegar þetta frv. er lagt fram, að menn hafa gefist upp við það sem kallað er verðjöfnun á hitaveitum. Það held ég að þm. geri sér alveg ljóst. En jafnframt hafa menn ekki gefist upp við að verðjafna rafmagnið. Það er svolítið spánskt, a. m. k. fyrir Siglfirðinga sem eiga báða þessa orkugjafa. Það er að vísu ekki mikið af húsum kynt með rafmagni á Siglufirði, gæti verið um 10%. Við stöndum frammi fyrir því að borga rúmlega 9% hærri kyndingarkostnað með rafmagni en olíu þegar við erum búnir að borga um 47 millj. sem áætlað er á árinu 1980 í verðjöfnunargjald, sem m. a. rennur til Orkubús Vestfjarða að hluta, sem um var rætt hér áðan, eða 20%. Á sama tíma borgum við dýrustu hitaveituna. En svo eru til fjórfalt ódýrari hitaveitur. Hvað er að gerast í þessum málum? Eru menn bara hengdir upp á prik einhvers staðar og sagt: Þið borgið þetta með þessari hendi og svo tökum við þetta líka af ykkur með hinni hendinni? Þetta gengur ekki upp. Ég held að núna, þegar þessi ákvörðun er tekin verði menn að gera það upp við sig hvort ekki sé kominn tími til þess að hætta að leggja verðjöfnunargjald á a. m. k. einkarafveitur sem illa eru staddar.

Ég veit ekki hvað liggja fyrir margar hækkunarbeiðnir hjá óhagkvæmustu hitaveitunum nú fyrir 1. maí, en ég þykist vita að það muni vera fleiri aðilar en bæjarstjórn Siglufjarðar sem hafa farið fram á hækkanir. Og mér sýnist að með því að þarna eru sjálfsagt fremstar í flokki þær sem verst standa fyrir verði dæmið enn þá óhagstæðara. Því er spurningin hvort á þessu stigi þurfi ekki að taka þessar hitaveitur og þær hitaveitur, sem koma til með að fara í byggingu á næstu árum, — við skulum vona að menn séu ekki flúnir frá því að virkja innlenda orku, — hvort þurfi ekki að taka þessar hitaveitur til sérstakrar athugunar og breyta þeim lánum sem gera þetta svo óhagkvæmt sem raun ber vitni. Ég vil beina því til hv. þm. að þeir skoði þetta mál út frá því. Það er ekki nóg með það að þetta liggi ofan við mörkin og upphitunarkostnaður sé misjafn milli staða. Þessir aðilar þurfa líka að afla sér aukatekna til að greiða mismuninn og við getum gert ráð fyrir að meðaltali, sem er ekki gróft í farið, 50% álagi á mismuninn, sem væru skattar vegna þessara tekna sem heimilin verða óhjákvæmilega að afla til að geta hitað sín híbýli.

En mér finnst vægt til orða tekið í 15. gr. Mér finnst ekki nógu gott að þarna sé aðeins gert ráð fyrir að þetta skuli ná að jöfnu, vegna þess að við vitum að nokkuð margir notenda liggja yfir markinu, en aðrir kannske undir, þótt meðaltalið sé jafnt kostnaði með olíu. Þetta skapar viss vandamál, þannig að þarna ætti að segja að orkuverð skyldi aldrei metið hærra en sem nemur 80% af kyndingu með olíu þegar tekið hefði verið tillit til gildandi olíustyrks á hverjum tíma. Þannig yrði þetta örvun fyrir fólkið að vilja fara í þessar framkvæmdir og örvun fyrir sveitarstjórnir að standa í þessu. Það er meira en að segja það að herja út fjármagn í stórframkvæmdir og margt annað sem verður óhjákvæmilega að sitja á hakanum í þjónustu við íbúa sveitarfélaga sem í slíkum stórframkvæmdum standa. Ég held því að alþm. ættu að skoða þetta í miklu stærri mynd. Og umfram allt, þegar þetta frv. er komið hér fram, sem ég held að staðfesti að menn eru orðnir sammála um að leggja ekki verðjöfnunargjald á hitaveitur, þá er rétt að fara að endurskoða í fullri alvöru verðjöfnunargjald á raforku.

Ég styð þetta frv. eindregið, það er spor í rétta átt, en það þarf að fylgja því aðeins meira en hér kemur fram.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm., sem til máls tóku um frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, fyrir undirtektir þeirra sem allar voru jákvæðar, þó menn leggi misjafnlega mikla áherslu í ýmsum efnum á mál eins og þetta.

Ég tók eftir því, að hv. þm. Einar Guðfinnsson flutti myndarlega jómfrúræðu um þetta mál, að ég ætla, og minntist á að það hefði verið ákveðið að taka málið alfarið út úr fjárlögunum, fjáröflunina og síðan úthlutunina. Það var hugmyndin á vissu stigi máls, en síðar var ákveðið að gera enga breytingu í þeim efnum frá því sem verið hefur. Það er aflað tekna til að standa undir þeim greiðslum, sem til er ætlast samkv. þessu frv., í fjárlögunum sjálfum eins og verið hefur. Það var gert,

eins og kunnugt er, með því að hækka söluskattinn um 1.5%.

Það má að sjálfsögðu deila um fjáröflun til mála sem þessara. Það er nú svo þegar þarf að afla fjár til þjóðnytjamála, t. d. með óbeinum sköttum, að ákaflega óeðlilegt er að samhliða því gerist það að allir landsmenn fái launahækkanir, bæði þeir sem hafa há og lág laun. Í þessu tilviki er ekki svo, vegna þess að það er tekið fram í lögum um stjórn efnahagsmála, nr. 13 frá 1979, að fjáröflun í þessu sérstaka skyni skuli ekki ganga inn í framfærsluvísitölu.

Það var sem sé horfið að því ráði í þessum efnum sem áður fyrr að hafa fjáröflunina inni í fjárlögum, en setja sérstök lög um málið að öðru leyti, eins og gert var raunar í upphafi, 1974, þegar fyrst voru sett lög um þessi mál. Það hefur verið notuð sama fjáröflunaraðferð og þá. Þá var aflað fjár á þann hátt að leggja á eitt söluskattsstig, ef ég man það rétt.

Hv. þm. minntist á olíusamninga sem nýlega hafa verið gerðir við Breta, sem ég gerði fyrir stuttu, og hafa verið undirbúnir frá því í fyrrasumar. Um þá samninga er það að segja, að þeir byggjast á dálítið annarri verðviðmiðun en þeir samningar sem við höfum haft við Ráðstjórnarríkin. Það verður að segja það eins og er að þegar litið er til lengri tíma hygg ég að verðið verði ósköp svipað og verði ekki um að ræða verðlækkun. Hins vegar er sá munur á, að það verða væntanlega miklu minni sveiflur á verði en eru samkv. þeirri viðmiðun sem byggir á Rotterdam-markaðnum svonefnda og hittu efnahagslíf okkar með óskaplegum þunga á síðasta ári og gera raunar enn þá. Ég er ekki í neinum vafa um að það var rétt skref að reyna að dreifa olíuinnkaupum nokkuð með það í huga að forðast þær skaðsamlegu snöggu sveiflur sem eru á þessum svokallaða Rotterdam-markaði, eins og öllum er raunar kunnugt um.

Þm. minntist á að hans kjördæmi væri dæmigert olíukyndingarkjördæmi. Það er alveg rétt hjá honum. Ég get sagt alveg það sama um mitt kjördæmi, Austurland. Það er dæmigert í þessum efnum. Það er aðeins á einum stað á Austurlandi verið að leggja hitaveitu. Það er á Egilsstöðum. Það er að vísu heitt vatn í Vopnafirði. Ég vona að það sé víðar djúpt í jörðu, þó menn viti það ekki. En auðvitað verða stór landssvæði að hlíta því að hita upp híbýli og hús með olíu. Þær töflur, sem liggja fyrir hér og fylgja frv., sýna glögglega þann gífurlega mun sem er á upphitun híbýla víðs vegar um landið eftir því, hvaða orku menn nýta. Það þarf ekki að fara um það fleiri orðum. Það eru, að ég ætla, allir hv. þm. sammála um að hér er um að ræða hið mesta réttlætismál, þó að alltaf orki tvímælis hvernig með skuli fara í öllum greinum.

Ég vil endurtaka og ítreka það sem hæstv. samgrh. upplýsti um byggðalínuna vestur, að það er ráðið að afla nægilegs fjár til að ljúka henni á næsta sumri, þannig að það verði væntanlega hægt að tengja hana á hausti komanda.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir fór nokkrum orðum um 4. gr. eins og hún er orðuð í frv., varðandi olíustyrki vegna lífeyrisþega. Þetta ákvæði mun vera óbreytt frá því sem nú er í lögum. En ég tók það fram í framsöguræðu minni, ef ég má lesa það hér orðrétt, með leyfi forseta:

„Í frv. er ákvæði um viðbót, sem nemur hálfum olíustyrk, vegna lífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar almannatrygginga eða hafa svipaðar heildartekjur."

Þetta orðalag er náttúrlega skýrara og getur komið til greina að setja það í lagatextann eða þá í reglugerð sem sett verður samkv. heimild í lögunum. Ef það ekki verður þannig, að lagatextanum verði breytt, mun ég láta setja ákvæði í reglugerð sem eru skýr að þessu leyti til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 86, 341). — 3. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls hafði komið fram beiðni um að n. liti betur á þetta mál. Svo kom enn fremur í ljós að það var svolítið formgalli á uppsetningu. Landbn. hefur síðan haldið fund um málið og varð sammála um að leggja til að tillgr. hljóði þannig:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Ráðh. getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun á sauðfé og stórgripum til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1982."

Við 2. umr. urðu umr. um þetta mál. Ég tel að það hljóti að liggja ljóst fyrir öllum hvað felst í þessari breytingu, þannig að ég tel óþarfa að skýra málið frekar.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil láta þess getið, að sú breyting, sem hér er flutt í brtt. á þskj. 341, er gerð í samráði við mig og ég styð frv. í því formi sem það liggur hér fyrir. Að svo mæltu vil ég þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Ég vænti þess, að það nái nú skjótri afgreiðslu.

ATKVGR.

Brtt. 341 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Eignar- og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 156, n. 340). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. þessarar d. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 frá 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, en frv. þetta gerir ráð fyrir að sé gerður kaupsamningur eða afsal að fasteignum, sem keyptar eru af erlendu ríki til afnota fyrir sendiráð eða til íbúðar fyrir forstöðumenn eða starfsmenn sendiráða, skuli aflað samþykkis dómsmrn. áður en gerningurinn öðlast gildi. N. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. óbreytts og tóku allir nm. þátt í afgreiðslu þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 145, n. 333, 334). —2. umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, sem felur í sér heimild til að greiða elli- og örorkulífeyrisþegum örorkustyrkþegum uppbót vegna bensínkostnaðar að settum ákveðnum skilyrðum í reglugerð um greiðslu slíkra bóta.

Endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga var falið að gera tillögur um úrbætur sem heimiluðu greiðslur til öryrkja vegna síhækkandi bensínverðs, en fjárhagsgeta öryrkja, sem litla eða enga vinnu geta stundað, er mjög erfið til að standa undir þessum hækkunum. N. hafði skjót handtök í þessu máli og var það afgreitt með forgangshraða úr n. Taldi n. að ákvæði um þetta væri best tryggt í heimildarákvæði 19. gr. almannatryggingalaga, um uppbætur á lífeyri elli- og örorkulífeyrisþega, að því viðbættu að örorkustyrkþegar bættust í hóp þeirra sem uppbóta gætu notið samkv. ákvæðum þessarar greinar. Í ljós hefur nú komið við skoðun á þessu máli í heilbr.- og trn. að framkvæmdaerfiðleikar eru á að hafa ákvæðið tengt þessari mgr. 19. gr. laganna, auk þess sem heilbr.- og trn. heldur að orðalag greinarinnar væri óþarflega rúmt miðað við tilgang frv.

Heilbr.- og trn. sendi frv. til umsagnar Öryrkjabandalaginu og Tryggingastofnun ríkisins. Þar sem hér var um mjög brýnt mál að ræða, sem þurfti skjótrar úrlausnar við, gaf heilbr.- og trn. umræddum aðilum stuttan frest til að skila áliti um frv. Öryrkjabandalagið og Tryggingastofnunin mæltu með samþykkt frv., en í umsögn Tryggingastofnunarinnar kemur einnig fram eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggingaráð samþykkti að mæla efnislega með samþykkt frv., enda verði tryggileg og ótvíræð ákvæði sett um framkvæmd málsins í reglugerð og tryggilega séð fyrir aukinni fjárþörf Tryggingastofnunar ríkisins vegna óhjákvæmilegra bótahækkana er leiðir af samþykkt frv."

Tryggingaráð, sem afgreiða varð málið á sama fundi og það var lagt fyrir, taldi því einungis geta mælt efnislega með samþykkt frv., en ekki geta tekið afstöðu til orðalags frvgr. frekar án þess að fá rýmri tíma til að skoða málið. Undirstrikaði Tryggingastofnunin því í bréfi sínu, að tryggileg og ótvíræð ákvæði yrðu að vera um framkvæmdina í reglugerð. Málið kom aftur til umræðu á næsta fundi tryggingaráðs og komu þar upp efasemdir um frvgr. Var talið að of opið orðalag frvgr. byði því heim, að erfitt væri að sjá hvar draga ætti mörkin í framkvæmd þessa ákvæðis almannatryggingalaganna.

Með hliðsjón af ábendingum tryggingaráðs var málið mjög vandlega skoðað í heilbr.- og trn., sem komst að þeirri niðurstöðu að gera þyrfti töluverðar breytingar á orðalagi frvgr. til að ótvíræður og réttur skilningur á því, sem að væri stefnt með frv., kæmi fram, sem er í samræmi við grg. endurskoðunarnefndar almannatryggingalaga með þessu frv.

Einnig er rétt að undirstrika rækilega ábendingar tryggingaráðs um að tryggilega verði séð fyrir aukinni fjárþörf til að lagaákvæði þetta geti skilað tilætluðum árangri. Í grg. með frv. er reiknað með a. m. k. 65 millj. kr. árlegum aukaútgjöldum Tryggingastofnunarinnar vegna þessa og er það efalítið í lægra kantinum og ekki ofreiknað.

Í nál. á þskj. 333 eru brtt. á þskj. 334 rökstuddar, en í nál. kemur eftirfarandi m. a. fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt þykir að gera hér nánari grein fyrir þessum breytingum, þar sem n. gerir miklar breytingar á 1. gr. frv., þó ekki sé um efnisbreytingar að ræða. N. taldi að samkv. orðalagi frvgr. kæmi ekki nægjanlega skýrt fram vilji löggjafans hvar draga ætti mörkin eða hvernig meta ætti afgerandi sérþarfir bótaþega við ákvörðun uppbóta, auk þess sem mikilvæg mgr., sem er í núgildandi lögum, var felld brott.

Samkv. frv. átti að halda orðalagi 3. mgr. 19. gr. í núgildandi lögum, en bæta við örorkustyrkþegum. Famkvæmd laganna nú varðandi þessa grein er sú, að elli- og örorkulífeyrisþegar hafa fengið uppbót vegna mikils kostnaðar af lyfjum og vegna sérstakrar umönnunar í heimahúsum, svo dæmi sé tekið.

Tilgangur frv. er að greiða uppbót vegna bensínkostnaðar elli- og örorkulífeyrisþega svo og örorkustyrkþega, sem nánari skilyrði yrðu sett um í reglugerð, — en ekki að örorkustyrkþegar fengju uppbætur þær sem nú eru veittar elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. gildandi lögum, en slíkt gæti hæglega misskilist ef breyting yrði gerð á þessari mgr. varðandi uppbót vegna bensínkostnaðar, enda þjónar sú grein allt öðrum tilgangi og einungis fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Því gerir n. tillögu um að 3. mgr. núgildandi laga verði óbreytt, en inn komi ný mgr. sem eingöngu taki til uppbótar vegna bensínkostnaðar öryrkja.

Einnig skal á það bent, að samkv. frv. átti að falla niður 4. mgr. núgildandi laga, sem er mikilvægt ákvæði, t. d. vegna framkvæmda tekjutryggingarákvæðis í 1. mgr. 19. gr.

N. gerir því tillögu um að núgildandi 4. og 5. mgr. verði áfram í gildi sem 5. og 6. mgr., en gerir aðeins á þeim orðalagsbreytingar, þar sem ákvæði þeirra greina eiga einnig við varðandi uppbót vegna bensínkostnaðar öryrkja í 4. mgr."

Brtt. sem n. gerir hljóðar því svo, með leyfi forseta:

„Greinin orðist svo:

Á eftir 3. mgr. 19. gr. laganna komi ný mgr., sem verður 4. mgr. og orðast svo:

Þá er og heimilt að greiða enn frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar, ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af eða rekið bifreið án uppbótarinnar.

Í stað orðanna „við hækkun lífeyris skv. 1.—3. mgr." í 4. mgr., sem verði 5. mgr. sömu lagagr., komi: um hækkanir bóta samkv. 1.—4. mgr.

Í stað orðsins „lífeyrishækkunar" í 5. mgr., sem verður 6. mgr. sömu lagagreinar, komi orðið: lífeyrishækkana, og aftan við mgr. bætist: og uppbóta samkv. 3. og 4. mgr."

Hér er aðeins, eins og ég sagði áðan, um orðalagsbreytingar að ræða til samræmis við greinina. N. mælir með samþykkt frv. með breytingunni sem flutt er á þskj. 334.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., var á sínum tíma lagt fram af mér. Mér

þykir því hlýða að fram komi að ég tel að þær breytingar, sem hv. heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur gert á frv., séu allar til bóta. Tilgangur frv. og efni þess er óbreytt, en orðalag er í sumum atriðum skýrara og komið er í veg fyrir hugsanlegan misskilning um önnur atriði. Ég lýsi ánægju minni með vel unnin störf hv. heilbr.- og trn. í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 334 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, frv. (þskj. 203, n. 328). — 2. umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. á þskj. 328 er heilbr.- og trn. þessarar hv. d., sem fjallað hefur um frv. til l. um breyt. á lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, sammála um að mæla með samþykkt frv.

Um er að ræða að mikil óvissa hefur lengi verið um réttarstöðu tannsmiða, sem lýsir sér best í því, að í gildi eru tvær reglugerðir, önnur gefin út af heilbrmrn. með stoð í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971, og hin gefin út af menntmrn. með stoð í iðnfræðslulögum, nr. 48/1966, en tannsmiðir hafa lengi barist fyrir því að fá nám sitt og starfsréttindi viðurkennd sem iðngrein og að með nám þeirra sé farið í samræmi við lög og reglugerðir um iðnfræðslu.

Heilbr.- og trn. fékk um málið umsagnir Tannsmiðafélags Íslands og Sambands tannsmíðaverkstæðiseigenda, sem mæla eindregið með samþykkt frv. En í umsögn Tannlæknafélagsins komu fram aths. sem rétt er að gera nánari grein fyrir. Heilbr.- og trn. telur þó að ekki sé þörf neinna breytinga á frv. vegna þeirra aths.

Í fyrsta lagi telur Tannlæknafélagið að ef fella eigi úr gildi þá reglugerð sem um ræðir í frv., þ. e. reglugerð um tannsmiði sem sett er með stoð í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, verði að tryggja að sú takmörkun, sem greinir í 5. gr. þeirrar reglugerðar, gildi áfram. Sú grein, sem Tannlæknafélagið vitnar í, í þessari reglugerð hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tannsmiðir geta annaðhvort starfað sem aðstoðarmenn tannlækna eða stundað starf sitt sem sjálfstæða atvinnugrein, alltaf með þeirri takmörkun, að þeir mega ekki vinna við sjúkling, hvorki við mótatöku eða mátun."

Heilbr.- og trn. taldi þessa aths. ekki á rökum reista vegna þess að ekki er ætlunin með þessu frv. að tannsmiðir fái leyfi til mótatöku eða mátunar, auk þess sem, en það er meginmálið, í lögum um tannlækningar kemur skýrt fram, í 4. gr. þeirra laga, að öllum öðrum en tannlæknum sé slíkt óheimilt, þ. e. að starfa við mótatöku eða mátun, með fáeinum undantekningum til þeirra tannsmiða sem þá, þegar lögin voru sett 1929, höfðu fengið leyfi til að starfa sjálfstætt vegna skorts á tannlæknum, sem þá var víða. Er mér ekki kunnugt um að slík leyfi hafa verið veitt síðan.

Tannlæknar benda einnig á álit nefndar sem menntmrh. skipaði 23. ágúst 1974 þess efnis að stofna skyldi tannsmíðaskóla í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands. Í þessu sambandi er rétt að benda á álit menntmrn. frá 1977, þegar lagt var fyrir Alþ. frv. til l. um tannsmiði sem ekki náði fram að ganga, en í aths. með því frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Það er álit menntmrn., að meðan tannsmiðir sinni tannsmíði einvörðungu sé eðlilegt að líta á tannsmíði sem iðngrein, en fari svo að tannsmiðir fá heimild til að móta tennur í munn viðskiptavina að einhverju leyti á eigin ábyrgð, þá falli greinin undir ákvæði um heilbrigðisstéttir."

Kemur þessi aths. menntmrn. heim og saman við tilgang þess frv. sem hér er til umræðu, þar sem taka á af öll tvímæli um að tannsmíðar teljist til iðngreinar og er ekki ætlunin með frv. að tannsmiðir fái að starfa við mótatöku og mátun. Það verði áfram í verkahring tannlækna sjálfra.

Tannlæknar benda auk þess á í áliti sínu að í grg. með frv. sé dreginn í efa réttur tannlækna til að mennta tannsmiði, en í umsögn þeirra kemur fram að enginn hafi þekkingu til að kenna tannsmiðum nema tannlæknar. Því er til að svara, að þó að menntun tannsmiða hafi þróast á þann hátt, að tannlæknar hafi tekið að sér kennsluna, styðjast þessir kennsluhættir ekki við lagaákvæði. Þó tannlæknar hafi um árabil tekið nema í tannsmíði hafa þeir ekki með því áunnið sér rétt til að taka tannsmíðanema, enda felst ekki í tannlæknaleyfinu sem slíku réttur til að kenna tannsmíðanemum og gætu meistarar í tannsmíði, sem um margra ára skeið hafa starfa við tannsmíði, ekki síður tekið að sér slíka kennslu.

Að lokum benda tannlæknar á að hvað sem verði ofan í þessu efni verði þess gætt að tengsl tannlækna og tannsmiða rofni ekki. Því er til að svara, að þó að þetta frv. verði samþykkt geta slík tengsl fullvel haldist áfram. En nú er starfandi nefnd á vegum iðnfræðsluráðs og í samvinnu við fræðslunefnd tannsmiða sem vinnur við námsskrá tannsmiða. Hafa tannsmiðir bent á í því sambandi, að eins og verklegi þátturinn geti farið fram á tannsmíðaverkstæðum geti hann farið fram við tannlæknadeild Háskólans ef slíkt er talið æskilegra. Má einnig benda á að í flestum okkar nágrannalöndum telst nám tannsmiða til iðngreinar og með nám þeirra og starfsréttindi farið í samræmi við það.

Að öllu þessu athuguðu mælir heilbr.- og trn. með samþykkt þessa frv. og telur að með því sé höggvið á þann hnút sem lengi hefur verið á réttinda- og menntunarmálum tannsmiða. Ætti samþykkt þess að tryggja vilja löggjafans til að viðurkenna tannsmíði sem löggilta iðngrein og staðfestingu á reglugerð um iðnfræðslu nr. 268/1974, en að ekki séu í gildi tvær reglugerðir sem endurspegli þá óvissu sem lengi hefur ríkt um réttarstöðu tannsmiða og nám þeirra almennt.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umræðu, hreyfir við gömlu deilumáli um stöðu tannsmiða í kerfi okkar, hvort þeir eigi að teljast heilbrigðisstétt og flokkast undir lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir eða hvort þeir eigi að teljast iðnstétt og þá þar með að heyra undir menntmrn. Það er skoðun mín að sú afstaða, sem fram kemur í reglugerð heilbrmrn. frá 1. mars 1974, sem undirrituð er af Magnúsi Kjartanssyni þáv. heilbrmrh., sé í raun og veru rétt í þessu máli, að tannsmiðir hljóti að kallast heilbrigðisstétt, það sé eðlilegast að líta þannig á málið og það sé

fráleitt að slíta vinnu tannsmiða frá heilbrigðiskerfinu sem slíku.

Hins vegar hafa tannsmiðir verið ákaflega ónægðir með að þeim hefur verið ætlað að starfa mjög á vegum tannlækna, og þeir hafa viljað fá réttarstöðu sína tryggða með öðrum hætti en verið hefur. Ég tel að það sjónarmið sé út af fyrir sig ákaflega eðlilegt. Ég tel hins vegar að það frv., sem hér liggur fyrir, leysi engan vanda í þeim efnum, og ég minni á að forverar mínir í heilbrmrn. hafa verið sömu skoðunar, t. d. hv. þm. Matthías Bjarnason á sínum tíma, þegar hann hugðist leggja fyrir 99. löggjafarþingið frv. sem gerði ráð fyrir að stofnaður yrði tannsmíðaskóli í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands. Þetta frv. var aldrei lagt fram hér á Alþ. á sínum tíma af ýmsum ástæðum, m. a. vegna þess að tími var knappur vorið 1978 til frágangs á fjöldamörgum málum sem þá voru til meðferðar í heilbrmrn. að tilstuðlan þáv. hæstv. ráðh., m. a. sú víðtæka heilbrigðisþjónustulöggjöf sem hann beitti sér þá fyrir.

Þetta sjónarmið vildi ég láta koma fram hér af minni hálfu, herra forseti, að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv. þegar það kemur til atkvæða hér á eftir.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. vegna þess sem kom fram í máli hæstv. félmrh.

Hann bendir á að forverar sínir í starfi hafi verið á sama máli og hann varðandi þetta. En ég vil láta það koma fram hérna, að flm. að þessu frv. eru einmitt tveir fyrrv. heilbr.- og trmrh., hv. þm. Matthías Bjarnason og hv. þm. Magnús H. Magnússon. Þeir hafa séð það örugglega, eftir að hafa kynnst þessu máli í sínu rn., að nauðsynlegt er að höggva á þann hnút sem verið hefur á þessu máli, og telja málinu best borgið á þann hátt sem fram kemur í þessu frv. — Þetta vildi ég aðeins láta koma hér fram.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef staðið að því nál., sem hér liggur fyrir frá heilbr.- og trn., og tel mér því skylt að lýsa aðeins mínu sjónarmiði á þessu máli.

Ég held að þessi deila, sem staðið hefur lengi, um hvar tannsmiðir heyra til fræðslukerfinu þarfnist sem skjótastrar lausnar. Sannleikurinn er sá, að eins og málum er komið njóta tannsmiðir afskaplega takmarkaðrar kennslu að því leyti að þeir, þó að þeir heyri raunverulega undir iðnfræðslulögin, eru stétt sem ekki þarf að ganga í iðnskóla og getur þar af leiðandi á engan hátt talist iðnaðarstétt. Hins vegar, eins og mönnum er kunnugt, er enginn skóli til á vegum heilbrigðiskerfisins, þannig að kennsla tannsmiða hefur farið fram eingöngu hjá tannlæknum. Nú veit ég ekki til að tannlæknar hafi raunverulega nein staðfest réttindi til að kenna tannsmíði, sem er ærið mikið annað en tannlækningar, þannig að þetta ástand er auðvitað óþolandi eins og er. Hitt er e. t. v. stærra mál og þarfnast verulegrar umhugsunar að mínu mati, hvað langt á að ganga í skólanámi hinna ýmsu stétta sem tengdar eru heilbrigðiskerfinu og þá fyrst og fremst læknastéttinni. Ég hef persónulega ákveðnar efasemdir um að sú þróun, sem þar hefur farið fram, sé rétt, og ég get ekki séð að töluvert athuguðu máli nauðsynina á því að stofnaður verði sérstakur tannsmiðaskóli.

Vitaskuld getur aldrei komið til mála að tannsmiðir taki mót af tönnum og kjálkum og gómum manna. Það er auðvitað læknisfræðilegt atriði sem tannlæknar hljóta alltaf að annast. Mér er hins vegar fyrirmunað að sjá að verkefni tannsmiðsins sé annað en að smíða þessa hluti, sem við mörg þörfnumst að einhverju leyti eða öllu, og þar af leiðandi sýnist mér liggja nokkuð ljóst fyrir að þetta fólk er raunverulega einungis iðnaðarmenn. Á ég þá ekki við það í neikvæðri merkingu nema síður sé.

Mér er kunnugt um að tannlæknar hafa af þessu miklar áhyggjur og eru þar í stétt miklar æsingar uppi um þetta mál. Það er sjaldnast leiðin til að leysa mál. Þeir óttast að þessir iðnaðarmenn slitni úr tengslum við tannlæknastéttina. Slíkt er auðvitað fullkomlega fráleitt, og verkleg kennsla tannsmiða hlýtur eftir sem áður að fara fram í tengslum við tannlækna. Ég sé ekki annað en það sé svipað kerfi og er varðandi aðra iðnfræðslu, að menn eru í iðnskóla, en síðan stundi þeir verklegt nám hjá sínum meistara. Í þessu tilviki sýnist mér að það væri ósköp auðvelt að koma málum þannig fyrir.

Ég hef kynnt mér sjónarmið beggja aðila og sannarlega látið sannfærast um að sjónarmið tannsmiðanna sjálfra sé hið rétta, en þeir sækja sem kunnugt er fast að teljast til iðnaðarstétta.

Ég hef ekki verið áhugasöm um þær launadeilur sem átt hafa sér stað í sambandi við þetta mál. Hins vegar er það alkunna, að tannsmiðurinn fær eins og sakir standa tæplega nema 1/3 greiddan af því verki sem unnið er. Ég hef á engan hátt talið mig hæfa til að meta hvort það er ósanngjarnt hvernig efniskostnaði er fyrir komið í uppgjöri milli tannlækna og tannsmiða, en ég er hins vegar þeirrar bjargföstu skoðunar, að eðlilegast sé að þessir menn séu iðnaðarmenn sem gangi í iðnskóla og stundi síðan verklegt nám undir handleiðslu tannlækna.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að vel kann að vera að hér sé nokkurt fordæmi á ferðinni, og vil minna á aðra stétt sem má segja að sé í mjög svipaðri aðstöðu, en það eru gervilimasmiðir. Þeir tilheyra tæknimenntuðum heilbrigðisstéttum. En ég verð að lýsa þeirri skoðun minni, að þar finnst mér nákvæmlega sama málið á ferðinni. Ég óttast satt að segja dálítið hvernig mál eru að þróast í sambandi við heilbrigðisstéttirnar, og það mál á sennilega eftir að verða mikið hitamál þegar kemur að afgreiðslu á frv. um framhaldsskólamenntun. Við erum, hygg ég, æðimörg sem efumst um þróun mála hjúkrunarfræðinga, þar sem margir skólar og mörg menntakerfi eru í gangi. Þá er komin ný stétt sem heitir sjúkraliðar. Mér er ekki alveg grunlaust um að sjúkraliðarnir séu farnir að gera meira að því að hjúkra fólki en hjúkrunarfræðingarnir. Og það kann að vera afturhaldssemi í meira lagi, en það verður þá að hafa það, en þegar fólk er farið að heita hjúkrunarforstjórar finnst mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn í þessum efnum.

Ég mun þess vegna styðja þetta frv. eins og það nú liggur fyrir og hef þegar gert það með aðild að nál. og tel það vera rétt mál og beri að athuga fleiri því tengd mál. Eins og er eru tannsmiðir eina stéttin, sem tengd er heilbrigðiskerfinu, sem er inni í iðnfræðslulögunum, en ég tel hiklaust að þar mættu koma til fleiri slíkar stéttir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:4 atkv.

2. gr. samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, HÁ, HBl, BS, JE, JS, MHM, EKG, ÓE, ÓÞÞ. PP, PJ, SV, SÓ, JSv, ÁG, BÍG, FrS, SvH.
nei: GS.
SvG, VG, BB, AG greiddu ekki atkv.
16 þm. (EBS, GJG, GGÞ, SvJ, IGísl, JÞ, KP, MÁM, PS, RA, SighB, SkA, StH, BGr, EH, FÞ) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 169, n. 342). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. Nd. Alþingis hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna. Nefndin mælir með samþykkt frv. án breytinga. Flm. gerði á sínum tíma mjög rækilega grein fyrir þeirri ástæðu að þessi breyting er fram borin. Við þá ræðu hef ég engu að bæta, en vil undirstrika að það er skilningur n. að eðlilegt sé að framkvæmdavaldið beri ábyrgð á störfum lögskráningarstjóra á hinum ýmsu stöðum. Í ljósi þess er n. samþ. því að þessi breyting verði gerð á lögunum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 64. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, að loknum 63. fundi.

Tilbúningur og verslun með smjörlíki, frv. (þskj. 343). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 21:1 atkv.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 343, um breytingu á lögum nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl., var lagt fyrir 100. löggjafarþingið, en náði þá eigi afgreiðslu. Frv. er endurflutt nú að beiðni Framleiðsluráðs landbúnaðarins og forustumanna Osta- og smjörsölunnar í Reykjavík.

Frv. felur það í sér að feitmeti kallist smjör þótt allt að 25% af heildarfeitimagni vörunnar sé jurtaolía. Þetta er meira magn en í gildandi lögum. Sama gildir um aðrar vörutegundir sem unnar eru úr mjólk eða mjólkurvörum.

Lög um tilbúning og verslun með smjörlíki eru gömul. Þau hafa staðið óbreytt í nærri því hálfa öld. Á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar í tækni og geymslu matvæla og ýmsar breytingar á framleiðsluháttum og þjóðfélagsháttum. Á síðari árum hefur orðið mikil breyting á framleiðslu mjólkurafurða, t. a. m. á ostum, þannig að mikil fjölbreytni hefur orðið í framleiðslu þeirra mjólkurafurða og hefur m. a. sýnt sig í því að um ánægjulega söluaukningu hefur orðið að ræða á osti innanlands. Er það raunar eina mjólkurafurðin sem söluaukning hefur orðið á.

Með þessu frv. er opnað fyrir þann möguleika að hægt sé að breyta framleiðslu á smjöri þannig að í það verði bætt sojaolíu, jurtaolíu, þannig að það verði ekki kallað smjörlíki þó magn annars feitmeitis en smjörfeiti verði allt að 25%.

Á árunum 1969 og 1970 var hafin framleiðsla á vörum af þessu tagi í Svíþjóð, sem nefnd var „bregott", og var það gert til að auka á fjölbreytni smjörafurða þar í landi og er talið að það hafi gefið góða raun. Með þessari breytingu heldur smjörið smureiginleikum sínum, þrátt fyrir að það sé geymt í kæliskáp, verður jafnljúft og mjúkt að smyrja með og smjör er við hærra hitastig.

Þetta frv. er lagt fram vegna þess að mér þykir rétt að verða við þeim óskum að rýmkað sé um heimildir til íblöndunarefna í smjör án þess að varan verði kölluð smjörlíki, ef það mætti verða til þess að greiða fyrir og auka sölu á smjörfeiti í landinu, en mikil markaðstregða er á sölu mjólurafurða, ekki síst smjörs. Það er mikil nauðsyn að auka sölu á þeirri matvörutegund.

Ég tel sjálfsagt að það verði farið varlega í þessar sakir, og að sjálfsögðu verður áfram hið góða gamla og gróna íslenska smjör á boðstólum að meginmagni. En mér þykir rétt að þessi tilraun verði gerð í þeim tilgangi að freista þess að auka söluna á smjörfeiti.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er eina ástæða til þess að ég kveð mér hljóðs um þetta mál, að mér finnst málfarið á þessu frv. það svakalegasta sem ég hef nokkru sinni séð í frv. sem lagt hefur verið hér fram, og þarf meira en meðalmann til að skilja hvað hér er á ferðinni. En ég er sannfærður um að hæstv. landbrh. kom því til skila sem þarna þurfti að koma fram, þ. e. að tilgangurinn með þessu er að reyna að draga úr smjörfjallinu fræga. En þá er það bara spurning sem ósvarað er: Ef smjörlíkið verður bætt mjög með smjöri dregur það þá ekki úr sölu á smjöri, þ. e. verður þá ekki keypt meira smjörlíki?

En herra forseti. Það eru hér tvær setningar úr þessu frv. sem mig langar að lesa, með leyfi hæstv. forseta. (**Forseti:** Það er veitt það leyfi.) „Rjómalíki nefnist feitijafningur sem líkist rjóma, en inniheldur aðra feiti en mjólkurfitu í magni er nemur meiru en 25% af fitumagninu."

Síðan má halda áfram, með leyfi hæstv. forseta: (**Forseti:** Það er veitt.) „Mjólkurlíki kallast vökvi sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en inniheldur feiti sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, í magni er nemur meiru en 25% af heildarfitumagni."

Síðan kemur í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Hefur þar verið haft í huga að halda bragðeiginleikum smjörsins og fjölbreytni þess í tegundum fitusýra og gera það auðsmyrjanlegt við kæliskápshitastig."

Ég ætla ekki að öðru leyti að amast við þessu frv. né tilganginum sem í því felst. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að þegar frv. af þessu tagi, eru lögð fram, er það nánast frumskilyrði að þeir, sem um þau fjalla, skilji hvað um er að ræða.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég veit að ég fjalla um og spyr um feimnismál. Mig langar til að leggja

eina spurningu fyrir hæstv. landbrh.: Hver er höfundur að þessu frv.?

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu minni er þetta frv. lagt fram hér í annað sinn. Það var til í landbrn. þegar ég kom þangað, en var fyrst lagt fram á 100. löggjafarþinginu. Hver þá hefur samið það veit ég ekki, en þá mun hafa mælt fyrir því þáv. landbrh. Steingrímur Hermannsson.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að stíga hér í stól til að upplýsa þennan óttalegan leyndardóm, því ég hygg ég hafi svar við þeirri spurningu sem hv. þm. Vilmundur Gylfason bar fram áðan. Ég tel víst að höfundur þessa texta sé sá hinn sami og samdi till. til þál. um stefnumótun í landbúnaði, sem rædd var mjög á síðasta Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 198). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 21:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 354 (sbr. 231)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 21:1 atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Frv. það um flugvallagjald, sem hér er til umr., hefur fengið meðferð í hv. Ed. Alþingis. Í frv. þessu er lagt til að flugvallagjald hækki til samræmis við almenna verðlagsþróun frá 1. jan. 1979 eða um nærfellt 60%. Samkv. því yrði gjaldið 8800 kr. fyrir farþega í millilandaflugi og 650 kr. fyrir farþega í innanlandsflugi.

Með 2. mgr. 2. gr. frv. þessa er enn fremur lagt til að ráðh. verði veitt heimild til að hækka flugvallagjald til samræmis við verðlagsbreytingar. Er lagt til að sú heimild verði bundin við hækkun byggingarvísitölu og er það í samræmi við sambærilegt ákvæði í lögum um fjáröflun til vegagerðar. Með þessu móti ætti ekki að þurfa að koma til árlegrar endurskoðunar gjaldsins af hálfu Alþingis til þess eins að halda raungildi þess óbreyttu.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það má raunar segja að hið háa Alþingi hafi tekið afstöðu til þessa máls við afgreiðslu fjárlaganna, þar sem gert er ráð fyrir svo og svo miklum tekjum af þessu gjaldi. Allt að einu er að því gætandi, að fjárlög taka ekki af önnur lög, þannig að lokaákvörðun felst í frágangi þessa frv.

Hér er á ferðinni áframhald á hinni mögnuðu áráttu núv. hæstv. ríkisstj. að halda áfram skattpíningarstefnu í öllum þeim efnum sem hún við kemur, og má helst líkja þessu við það að hæstv. ríkisstj. sé skipuð pólitískri sjálfsmorðssveit. Boðuð er niðurtalning, en hvar sem borið er niður í tekjuaukningarmöguleikum fyrir ríkissjóð er lagst á þá sveifina og henni snúið með þeim hætti að allt er auðvitað í þá veru að auka á ósköpin sem viðgangast í þjóðfélaginu og þessi hæstv. ríkisstj. var mynduð til þess að stemma stigu við, þar sem er óðaverðbólgan. Og svo afsaka menn sig með því, eins og hæstv. fjmrh. gerði við afgreiðslu fjárl., að þetta hefði verið fundið upp af einhverjum fyrirrennara sínum! Það er nú mynd á því, eins og þá var getið um, að menn væru ekki skuldbundnir að éta upp alla þá vitleysu sem einhverjir fyrirrennarar þeirra kynnu að hafa fundið upp á.

Hér er sem sagt lögð til stórhækkun á flugvallagjaldi. Ef menn ætla að hér sé verið að leggja skatt á einhverja auðkýfinga, sem ferðast á milli landa eða innanlands, er það alger misskilningur. Ferðalög eru orðin almenningsháttur og stunduð af öllum, háum sem lágum, þannig að gjaldið kemur mjög illa við. Ég hélt út af fyrir sig, að okkar flugfélög, sem við þurfum að styðja og styrkja í framtíðinni, stæðu nægjanlega illa þó að ekki væri með þessum hætti verið að draga úr sölumöguleikum og framfærslumöguleikum þess fyrirtækis, eins og hlýtur að verða með þessum háa skatti. Og ekki nóg með að hann sé hækkaður um 60% frá því sem fyrri vinstri stjórnin gerði 1978, úr 5500 kr., sem þá hafði verið hækkað úr 2500, heldur vilja menn nú tryggja sig í framtíðinni með beitingu hæstu vísitölu sem finnanleg er, byggingarvísitölunni, þannig að heimildin verði nú í höndum ráðh. og þurfi ekki að sækja til Alþingis jafnóðum um leyfi til að hækka þetta eins og verðbólguhjólið snýst.

Með því að ætla að gera ráð fyrir flugvallagjaldi vegna innanlandsflugs er verið að leggja skatt á strjálbýlið alveg sérstaklega. Ég hefði haldið að samgöngur við það væru ekki með þeim hætti að frambærilegt væri að skattleggja það alveg sérstaklega.

Ég á von á því að þessu máli verði vísað til þeirrar n. sem ég á sæti í, fjh.- og viðskn., þannig að ég get stytt mál mitt nú, en kaus að nota þetta tækifæri til þess enn á ný að vekja athygli á þessari ósvinnu sem viðgengst og hæstv. ríkisstj. virðist einbeita sér að, og það er að halda fram hinni mögnuðu skattpíningarstefnu, ekki til að safna í sjóði, heldur til að eyða öllu saman jafnóðum aftur.

Við eigum eftir að koma hér að umr. um skattstigafrv., sem hæstv. ríkisstj. hefur í takinu og er til meðferðar í Ed. og menn koma sér ekki að því að ræða fyrir alþjóð og er frestað dögum og vikum saman. Þar munum við sjá að ekki er nóg með að seilst sé þar eins langt og tök eru á, heldur ýmsar forsendur viljandi hafðar rangar, eins og til að mynda að ekki hefur verið tekið nálægt því nægjanlegt tillit til hækkunar á tekjum milli ára, þar sem miðað er við 45% hækkun, en menn áætla þetta upp undir 50% milli ára. Það þýðir auðvitað milljarða sem er með þeim hætti verið að fela til þess að auka tekjur ríkissjóðs. Síðan veltast þeir fram á eftir, þessir háu herrar, með nýjar og nýjar tillögur og vita auðvitað vart sitt rjúkandi ráð því að þeir eru dauðhræddir orðnir í málinu. Þá er allur myndarskapurinn sá eftir nýjustu tillögum þeirra að færa

nokkra milljónatugi á milli flokka innan sjálfs frv., en það má auðvitað ekki sjá af einum einasta eyri í að draga úr skattpíningu, enda þótt hægt sé að sýna fram á að umframtekjurnar vegna hærri tekna milli ára nema milljörðum fram yfir það sem reiknað er með.

Þetta er þess vegna allt á sömu bók lært. Og ég verð enn á ný að lýsa hryggð minni yfir því, að félagar mínir nokkrir, sem nú eru í bland við tröllin, hafa brugðist þeim hátíðlegu loforðum sem þeir gáfu ásamt okkur um að afnema hina nýju skatta sem settir voru í tíð vinstri stjórnarinnar og Tómas Árnason var frumkvöðull að, eins og t. a. m. hækkun á flugvallagjaldinu. Þeir höfðu hátíðlega lofað því í kosningabaráttunni við alþjóð og voru kosnir vegna þeirra loforða ekki síst, þar sem átti að afnema alla þá nýju skatta. Þeir gera þveröfugt, og á maður bágt með að skilja hvernig í ósköpunum stendur á því.

Líka marglýsti hæstv. forsrh. yfir á opinberum vettvangi að ekki yrði um skattahækkanir að tefla. Vilja menn kannske líta á hvað það þýðir að viðhalda auknингunni á söluskatti og vörugjaldi sem sett var á í septemberlok 1979 og gaf þá í ríkissjóð 3 milljarða? Hvað ætli það þýði í aukningu á þessu ári? Þetta gefur í allt 18 milljarða á þessu ári. Aukningin er þar af leiðandi 15 milljarðar.

Svo koma æðstu menn þjóðarinnar fram fyrir alþjóð og leyfa sér að halda því fram, að ekki sé verið að auka skatta, eða öllu heldur lýsa því yfir, að svo verði ekki gert. Og í viðtölum nýlega, í blaði í dag, lýsir hæstv. forsrh. yfir að ekki séu tök á að lækka skatta. Er það að furða að ekki séu tök á því þegar menn eru að margfalda þá með tugmilljarða nýjum álögum. Á okkar gömlu félaga, sem bráðum verða okkar góðu samvinnumenn aftur, — á því er enginn vafi þó að þeir hafi villst af leið í bili, misst áttanna, — er meira en sorglegt að horfa taka þátt í þessum leik hafandi lofað alþjóð allt öðru og fengið umboð kjósenda Sjálfstfl. til þess að haga sér samkv. þeim loforðum.

Ég sé ekki ástæðu til að setja á lengri tölu vegna þessa sérstaklega. Þetta er lítilmótleg aðferð, sem hér er viðhöfð, en hún gefur dálítið í aðra hönd. Hún gefur vel á annan milljarð í aðra hönd, þótt það láti kannske ekki mikið yfir sér. Með öllum hætti þarf að seilast ofan í vasa almennings, eins og hér ber raun vitni um. Það er alveg sama uppi á teningnum og með orkujöfnunargjaldið. Það er lífsnauðsynleg framkvæmd að jafna orkukostnað í landinu, en þá er því kippt út úr fjárlögunum og sett upp ný innheimtuaðferð til þess líka að stela þessu fram hjá kaupgjaldsvísitölu, en fulltrúar Alþb. hafa ekki alltaf hælt þeirri aðferð.

Vitaskuld er þetta m. a. varið með því að hér eigi að fara að hygla framkvæmdum í flugvallagerð. Það er hægt að kalla svona aðferðir ýmsum nöfnum, draga gjaldið út úr sjálfu fjárlagadæminu, sem á að sjá fyrir þessum þörfum, og skýra það einhverjum gögfugum nöfnum. En ekki er þetta nema vegna þess að það er þá búið að eyða í óráðsíuna öðrum tekjum ríkissjóðs sem hefðu átt að geta runnið til þessara framkvæmda. Allt eru þetta mannasetningar, en ef grannt er skoðað á það sér enga stoð og síst sanngirnisstoð.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er út af einu atriði í ræðu hv. þm. Sverris Hermannssonar sem ég kvaddi mér hljóðs, en mér hefur fundist örla á í ræðum annarra hv. þm. og eins í öðrum opinberum málflutningi að undanförnu vissum misskilningi í sambandi við svokallað orkujöfnunargjald, því er stundum haldið fram, að þetta orkujöfnunargjald sé tekið út úr vísitölu og áhrif þess séu algerlega tekin út úr verðbótavísitölu. Það er ekki rétt. Samkv. lögum nr. 13/1979, svokölluðum Ólafslögum, eru dregnar frá hækkun verðbótavísitölu þeir fjármunir sem notaðir eru til hækkunar olíustyrks. Þegar er inni í frádrætti frá verðbótavísitölu olíustyrkur sem samsvarar um 18—19 þús. kr. á mann á ársfjórðung, ef ég man rétt. Sá viðbótarfrádráttur, sem yrði til nú kæmi einungis fram vegna hugsanlegrar hækkunar á olíustyrk frá þessari tölu, þannig að að öðru leyti kemur orkujöfnunargjaldið allt fram í vísitölu eins og það er kallað. — Þetta vildi ég láta koma fram hér vegna þeirra ummæla sem féllu af hálfu hv. þm. Sverris Hermannssonar um að hér væri verið að taka hluti fram hjá kaupgjaldsvísitölu.

Varðandi þetta flugvallagjald vil ég svo benda á að samkv. lögum, sem sett voru af vinstri stjórninni á sínum tíma, 1. gr. laga nr. 110/1978, skal tekjum af flugvallagjaldi varið til eflingar flugmála. Hér eru því auðvitað bein tengsl á milli gjalds og útgjalda.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Út af þessum málum vil ég aðeins taka undir með hæstv. forseta, hv. þm. Sverri Hermannssyni, þau atriði sem hann fjallaði um í ræðu sinni þegar hann gerði enn einu sinni skil þeim skattheimtuaðferðum sem hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hefur staðið fyrir um nokkurt skeið. Og vegna orða hæstv. ráðh. um áhrif orkujöfnunargjalds á verðbótavísitölu tel ég skylt að það komi fram hér, að í 50. gr. — mig minnir að það sé 50. gr. — svokallaðra Ólafslaga, laga um efnahagsmál, nr. 13 frá 1979, er sérstaklega tekið fram að slíkur frádráttur hefði jafnframt komið fram þótt um aðrar aðgerðir en um skattheimtu hefði verið að ræða. Þetta er skýrt tekið fram í þessum lögum og þýðir auðvitað að á þeim tíma gerði þáv. hæstv. ríkisstj. ráð fyrir að hægt væri að fara aðrar leiðir en skattahækkanaleiðir til að ná þeim fjármunum fram sem þyrfti til að sinna réttlætismáli því sem felst í að greiða niður eða jafna húshitunarkostnað í landinu.

Það verður að koma fram í þessum umr., fyrst á þessi mál er minnst, að hæstv. núv. ríkisstj. notfærði sér bókstaflega bágindi fólksins í landinu til að heimta inn aukna skatta í nafni orkujöfnunar. Þannig voru á sínum tíma teknir út úr fjárlagafrv. 2.8 milljarðar sem voru í fyrstu tveimur útgáfunum fyrir þetta ár. Þeir hurfu sporlaust án þess að niðurstöðutölur gæfu nokkuð til kynna um að það kæmi fram í lækkaðri tekjuáætlun ríkissjóðs. Auðvitað gerðist þetta vegna þess að ríkissjóður þurfti á þessum fjármunum að halda í aðra alls óskylda hluti. Hæstv. fjmrh. lýsti þá yfir því á hv. Alþ., að þetta skipti í sjálfu sér engu máli þar sem þarna væri um beina millifærslu að ræða, sérstakan skatt sem rynni til ákveðins verkefnis, slíkur skattur væri fyrirhugaður og hann ætti ekkert frekar heima í fjárlögum. Auðvitað varð hæstv. ráðh. að renna þessu öllu saman ofan í sig aftur og þetta atriði lenti innan fjárlaga við 3. umr., en þá var heimt inn með nýrri skattheimtu svokallað orkujöfnunargjald, sem auðvitað var ekkert annað en hækkun á söluskatti sem í fyrstu átti að vera 2 prósentustig og hefði gefið ríkissjóði u. þ. b. helmingi meira en þurfti til að jafna húshitunarkostnaðinn samkv. þeim áformum sem hæstv. ríkisstj. hafði í því máli. Þetta var síðan lækkað og mér hefur skilist að það hafi gerst vegna gífurlegs þrýstings

ákveðinna hv. þm., bæði í Alþb. og eins í Framsfl., og skil ég vel að skatturinn skuli hafa verið lækkaður. Hann var þó ekki lækkaður meira en svo að gera má ráð fyrir að talsverðir fjármunir verði umfram það sem á að fara til niðurgreiðslu á húshitunarolíunni.

Þannig má gera ráð fyrir, og það stendur og hefur ekki verið hrakið, að ríkisstj. hafi í raun náð sér í milli 4 og 5 milljarða kr. út á það réttlætismál að greiða niður húshitun á olíu, en notað það fjármagn til allt annarra og óskyldra hluta. Þetta þarf að ítreka eins oft og maður getur í sölum hv. Alþingis vegna þess að þjóðin á auðvitað heimtingu á því að fá að vita hvernig hæstv. núv. ríkisstj. beitir slíkum málum sér til framdráttar í allt öðrum málum en hún þykist í orði kveðnu vera að berjast fyrir.

Varðandi það mál, sem hér liggur fyrir, er það alveg rétt sem komið hefur fram, að skatturinn var settur á sínum tíma til bráðabirgða, eins og fjölmargir aðrir skattar í þjóðfélaginu. En það ætlar að vera eins með þennan skatt og marga aðra skatta, að þeir öðlast eiginlega eilíft líf um leið og þeir eru komnir í lagabúning. Og með því frv., sem hér liggur fyrir, en m. a. s. tryggt með þeim hætti að nú þarf ekki lengur að leita til hv. Alþ., til löggjafar- og fjárveitingavaldsins, um að þessi skattur hækki, heldur á hann að hækka alveg sjálfvirkt samkv. þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Þannig verður þessi skattur ein varðan á varðaðri skattaleið ríkisstj., enn ein yfirlýsingin um að leysa eigi öll mál þjóðfélagsins með því að kafa ofan í vasa skattborgaranna, en spyrja aldrei hvort ekki sé ástæða til að skera einhvers staðar niður eða spara þannig að skattgreiðendur í þjóðfélaginu fái haldið eftir einhverju af fjármunum sínum.

Það er vegna þessa sem við sjálfstæðismenn munum leggja á það ofurkapp á þessu þingi að koma í veg fyrir, að þetta frv. nái fram að ganga, og munum leggja okkur fram um það sem mest við megum og vonumst til þess að þeir sjálfstæðismenn, sem hafa lýst yfir einhvers konar stuðningi við ríkisstj. og sitja jafnvel í henni, fái ráðrúm til að kanna aftur hug sinn og taka aðra afstöðu til málsins en hv. Ed. gerði.

Ég vil ljúka máli mínu með því að höfða sérstaklega til þessara aðila um að þeir standi við yfirlýsingar sem Sjálfstfl. gaf fyrir kosningar og komu fram í skýru máli hv. þm. Sverris Hermannssonar áðan.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil upplýsa, að ég er staðráðinn í því að halda ekki kvöldfund síðasta vetrardag. Mér ferst kannske ekki, en þó fer ég vinsamlegast fram á það við ræðumenn að þeir sjái svo til að við ljúkum 1. umr. fyrir kl. sjö og komum málinu til nefndar.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hér er til umr. enn þá eitt skattafrv. ríkisstj., en umr. hér á þingi hafa í allverulegum mæli snúist um aukna skatta á borgara þessa lands. Ég er ekki viss um að menn átti sig á því, hvers konar óréttlæti fylgir þeirri skattlagningu sem kemur fram í þessu frv. Þetta óréttlæti kemur einkum fram gagnvart íbúum dreifbýlis þessa lands. Þetta er skattur sem mætti að nokkru leyti jafna við átthagafjötra. Það eru lagðir fjötrar á það fólk sem fjærst býr höfuðborgarsvæðinu, þarf að ferðast til þess í margvíslegum tilgangi, fólk sem ekki nýtur þjónustu í sínum byggðarlögum, sem það þarf á að halda, og verður að sækja hana hingað til Reykjavíkur. Við skulum taka sem dæmi fólk sem þarf að sækja til Reykjavíkursvæðisins læknisþjónustu og annað slíkt.

Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að þm. t. d. Vestfjarða eða þm. Norðurl. e., hvar í flokki sem þeir standa, séu tilbúnir að styðja þetta frv. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að þessir menn samþykki auknar skattaálögur á það fólk, sem þeir eru fulltrúar fyrir, ofan á allt annað sem komið hefur undanfarnar vikur. Ég vil benda á það m. a., að sú söluskattshækkun, sem nýverið var ákveðin hér á þingi, leggst með enn þá meiri þunga á fólkið í dreifbýlinu en fólkið í þéttbýlinu. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér nál. frá 3. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. frá því málið var til umr. þar. Þar segir:

„Í ljósi þeirrar gífurlegu skattheimtu, sem ríkisstj. ryður nú fram á öllum sviðum, er ekki stætt á því að hækka sérstaklega um 60% flugvallagjald, sem innheimt er af öllum flugfarþegum, eins og fyrirliggjandi frv. gerir ráð fyrir, enda er það andstætt tilraunum til viðnáms gegn verðbólgunni.

Þvert á móti á ríkisvaldið að gæta þess, að álögð gjöld af þess hálfu hækki minna en áætluðum verðhækkunum nemur, og ryðja þannig brautina og sýna fordæmi um niðurtalningu verðbólgunnar. Í annan stað er að ýmsu leyti óréttlátt að innheimta flugvallagjald af innanlandsflugi og skattleggja þannig sérstaklega dreifbýlið, sem verður að reiða sig í ríkum mæli á flugsamgöngur."

Ég er, herra forseti, alfarið andvígur því, að þessi flugvallaskattur verði hækkaður. Ég er andvígur því fyrst og fremst að hann verði lagður á innanlandsflugið. Ég gæti fremur hugsað mér einhvern skatt á millilandaflug og mun ekki mótmæla honum, þó mér þyki hækkunin allveruleg eða 60% og hefði kannske nægt um það bil 35% hækkun. Þessi skattur, sem hér er til umr. og ríkisstj. hyggst leggja á landsmenn, leggst svo til eingöngu á fólkið í dreifbýlinu og raunverulega því meir sem þetta fólk býr fjær Reykjavíkursvæðinu, vegna þess að þeir, sem nær búa, ferðast fremur með bifreiðum. Þeir, sem lengra búa frá Reykjavíkursvæðinu, eru tilneyddir í mörgum tilvikum, t. d. yfir vetrarmánuðina, að nota flugvélar. Ég tel að þessi skattur á innanlandsflugið leggist á fólk sem kemst ekki hjá því að ferðast með flugvélum í talsverðum mæli, m. a. til þess að nálgast þá þjónustu sem ég nefndi áðan. Ég hélt að það væri nóg að gert að leggja himinháan söluskatt á allan aukakostnað vegna flutninga á vörum út á land, söluskatt sem þéttbýlisfólkið losnar við, þó ekki sé verið að bæta við einum skatti til viðbótar, sem leggst með mestum þunga á það fólk sem söluskatturinn leggst með mestum þunga á. Ég verð að segja að ef svo fer, að hv. þm. þeirra kjördæma, sem fjærst liggja Reykjavíkursvæðinu, fulltrúar þess fólks sem mest á undir því að nota flugvélar, samþykkja þessa hækkun, þá eru þeir að bregðast kjósendum sínum, og þeir gera það ekki í fyrsta skipti vegna þess að þeir gerðu það á mjög alvarlegan hátt þegar þeir samþykktu hækkaðan söluskatt á þetta sama fólk.

Það er kannske svo, að menn hafi ekki áttað sig á því hvað þetta þýðir í raun og veru, þessi skattlagning sem kemur svo misjafnlega niður á íbúum þessa lands. Ég skora á þessa þm., hvar í flokki sem þeir standa að samþykkja ekki skatt á innanlandsflug. Ég skora á þá að vera þeir menn að samþ. ekki þennan skatt. Það er orðið nógu dýrt að ferðast á milli landshluta. Það er orðið nógu dýrt að búa t. d. í Norðurl. e., í þeim hlutum þess sem

nyrst liggja og þurfa að eiga nánast allar samgöngur við þéttbýlisstaði undir flugi, þó að ekki sé lagður á íbúana einn aukaskatturinn enn. Og ég er ansi hræddur um að þm. úr þeim kjördæmum, þar sem flug er mest notað, verði ekki þakkað ef þessum skatti verður bætt ofan á aðra skatta sem þegar hafa verið lagðir á kjósendur þeirra og þá sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hef ekki lagt það í vana minn að ofgera þessari deild með málæði, en hitt er svo annað mál að ég skal fúslega verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að vera stuttorður.

Hér er til umr. frv. til l. um breyt. á lögum um flugvallagjald og menn höfða mjög til réttlætiskenndar manna, og það er eins og þessi mál hafi aldrei verið rædd áður. Það væri kannske fróðlegt að rifja upp hvernig þetta gjald kom til og hvernig stóð á því að það var lagt á á sínum tíma, 1976. Það var einfaldlega lagt á vegna þess að þá var lagður niður söluskattur af flugfargjöldum og í allri angistinni og öllu peningaleysinu, sem hefur hrjáð þjóðfélag okkar og ekki síst ríkissjóð, taldi ríkissjóður og þeir flokkar, sem að ríkisstj. stóðu þá, sér ekki fært að standa svo að málum að þessar tekjur féllu niður með öllu. Ef þessi söluskattur væri enn þá væri gjald á lengstu flugleiðum innanlands einhvers staðar um 11—12 þús. Menn geta séð á því hversu mikil bylting það var þegar söluskattur var lagður niður af flugfargjöldum.

Hitt er svo annað mál, að þeim, sem þurfa að nota flugsamgöngur innanlands og annars staðar, er ekki nóg að hafa einhverjar flugvélar til að flytja þá á milli. Þeim er það líka kappsmál að bærilega sé búið að þeim flugvöllum sem eru úti um land, tryggt sé öryggi þeirra, og ég er þess fullviss að til er og ég þekki margt fólk sem vill leggja nokkuð á sig til þess að svo megi verða.

Það var talað um það strax þegar þetta flugvallagjald var lagt á, að eingöngu bæri að nota það til framkvæmda í flugmálum. Ég er því sammála. Það var ekki gert strax í upphafi, en það hefur nú verið gert. Ég vildi upplýsa þetta, því að það vill svo til í svona málum sem mörgum öðrum að menn gleyma þeim áföngum sem hafa unnist. Þegar söluskatturinn var á flugið lagður var það svo, að eftir því sem menn áttu lengra að þeim mun meira þurftu menn að borga. Aðstöðumununrinn var þá í fyllsta skilningi skattstofn. Ég get tekið undir það, að í mörgum tilvikum er enn svo í þessu þjóðfélagi að aðstöðumunurinn er skattlagður. Við þurfum að reyna að útrýma því. Og ég vænti þess að ýmsir hv. þm., sem hér eru inni, geti hugsað sér það á ýmsum öðrum liðum.

Ástæðan til þess, að ég kom hér upp, var sú umr. sem varð um orkujöfnunargjaldið. Því var haldið fram að það væri algjörlega utan við vísitölu. Þetta er ekki rétt. 1 prósentustig í söluskattshækkun þýðir 0.45% hækkun á kaupgjaldsvísitölu. Og 1½ stig þýðir það strax að laun í landinu hækka. (**Gripið fram í:** 0.675.) Þetta eru 0.675, það er alveg rétt sem hæstv. ráðh. segir. Frá því dragast þau áhrif sem kaupgjaldsnefnd reiknar út og voru metin þá um 0.2 stig, sem þýðir að frádrátturinn er 0.2 stig, og ef maður reiknar með því, að launin í landinu séu 550 milljarðar, er frádrátturinn vegna þess um 1100 millj. Þetta eru út af fyrir sig atriði sem löggjafinn reiknar ekki út og kemur ekki til með að reikna út. Það er kaupgjaldsnefnd sem það á að gera. En þessi söluskattsbreyting þýðir þá endanlega að launin hækka í fyrsta áfanga um u. þ. b. 2750 millj. (**FrS:** Sömu áhrif hefðu komið af niðurskurði.) Það er alveg rétt að sömu áhrif hefðu komið af niðurskurði, en hverjar hafa verið niðurskurðartillögur stjórnarandstöðunnar í þessu máli? Þeir hafa lagt til að skera niður niðurgreiðslur. Það er niðurskurðurinn sem menn prédika hér: niðurgreiðslur. Gagnast ekki niðurgreiðslur almenningi í landinu? Og vita menn að ef niðurgreiðslur lækka um 3000 millj. þýðir það að launin í landinu eiga að hækka um 1% eða 5—6 þús. millj.? Niðurskurðartillögurnar, sem hér hafa verið bornar á borð að undanförnu, eru ekki eins sakleysislegar og lítur út fyrir að vera.

Það má út af fyrir sig segja að öll sú umræða, sem hefur verið að undanförnu um skattamál, hafi því miður ekki verið mjög málefnaleg. T. d. reiknaði Morgunblaðið og sjálfstæðismenn út að skattar hækkuðu um 25 milljarða. Þeir gera það þannig að ganga út frá að skatthlutfall beinna skatta hafi verið 11.6% af bráttótekjum 1978, sem varð endanleg niðurstaða þess árs. Áætluð tala þá var miklu lægri vegna þess að kaupgjaldið hækkaði meira en áætlað var í fyrstu. Okkur hefur ekki tekist á undanförnum árum að gera það sem við ætluðum okkur í verðbólgu. Það er áætlað að skatthlutfallið verði núna 14.2. Þeir hækka það upp í 14.7 og reikna út 25 milljarða. Ef það væri reiknað út frá sömu forsendum, þ. e. áætlaðri tölu nú og áætlaðri tölu þá, munar ekki nema 10 milljörðum.

Það er svo með umræðu af þessu tagi, að okkur gengur illa á hv. Alþ. — og ég ætla þar ekki að undanskilja neinn flokk — að ræða málefnalega. Það eru ýkjur á allar hliðar. Eins var það í grg. Alþfl. í Ed. þegar þeir voru að reikna út skatthækkun á tekjulágu fólki. Það var gengið út frá þeirri forsendu að 10% frádrátturinn, þessi nýi frádráttur, gagnaðist engum. Slík villandi umræða er að sjálfsögðu til skammar. Það er alveg ljóst, að það eru skattahækkanir og hafa verið skattahækkanir, en menn ættu að venja sig á að reyna að reikna þær hækkanir rétt út.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sú ástæða er fyrir því, að ég tek hér til máls, að það hefur verið á okkur borið að við séum að bregðast þeim kjördæmum sem við erum fulltrúar fyrir ef við samþykkjum þetta frv. Það hefur líka verið sagt að flugvallagjaldið væri átthagafjötrar. Vera má að mönnum finnist sem svona stóryrði eigi rétt á sér, en hlægileg eru þau ef horft er til sögunnar og skoðað í reynd hvað átthagafjötrar voru.

Einn þm., hv. 10. Reykv., hótaði málþófi um þetta mál. Mér skildist helst á honum að með því að hóta slíku væri allt útlit fyrir að þeir flokksbræður hans, sem nú styðja ríkisstj., snerust gegn þessu máli. Ég hef litla trú á þeim málflutningi að hóta málþófi. Mér finnst það auvirðileg yfirlýsing og bera vitni um hæpna ást á lýðræði, svo ekki sé meira sagt. (**FrS:** Þetta er ekki rétt hjá þm. Ég talaði um að beita andstöðu, en ekki málþófi.) Hv. þm. mætti gjarnan skoða nákvæmlega það sem hann sagði í þessu efni. Ég tel að þar hafi fullkomlega komið fram sú hótun sem ég gat um áðan.

Þá ætlaði ég að koma að kjarna þessa máls varðandi flugvallaskattinn. Okkur, sem erum utan af landi, finnst að það sé ansi þungur róður að fá þá fjármuni til flugvallagerðar sem við þurfum. Okkur finnst að það sé nánast hneisa hjá Alþ. hvernig staðið er að öryggismálum flugvalla í þessu landi. Við eigum kannske tvo flugvelli í landinu, hitt eru lendingarstaðir. Ég fyrir mína

parta mun leggja á það höfuðkapp að fá meira fjármagn til flugmála. Þannig tel ég að ég styðji mitt kjördæmi. Hver og einn, sem skoðar skattheimtuna á flugið og ber saman við skattheimtuna á umferðina í landinu, hlýtur að gera sér grein fyrir því, ef hann er ekki blindur, að umferðin á landi er miklu meira skattlögð en flugið. Og það hlýtur að vera grundvallaratriði, þegar menn eru að tala um skattheimtu, að þeir hugsi rökrétt í þessum málum. Það er eðlilegt að þarna sé samræmi á milli.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, en ég mun styðja frv.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður, og ég get það auðvitað vegna þess að margt af því, sem ég hafði hugsað mér að segja, kom fram í máli hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar. Hann mælti furðuskynsamlega af framsóknarmanni að vera um þessa hluti, og þess vegna get ég stytt mitt mál. — En ég hjó eftir því sem hann sagði í lok ræðu sinnar, að menn hefðu beitt býsna einkennilegum útreikningum til þess að fegra málflutning sinn hér. Ég man ekki betur en ríkisskattstjóri hafi einmitt notað dálítið sérkennilega aðferð þegar hann var að reikna út skattbyrðina, sem birtist m. a. í því að einstæðir foreldrar voru reiknaðir barnlausir í hans dæmi.

Herra forseti. Þetta gjald, sem hér um ræðir, flugvallagjald, er gamalt. Það er, eins og allir þessir skattar, ættað frá stjórnartíð Geirs Hallgrímssonar. Sannleikurinn er sá, að við Alþb.-menn og vinstri menn höfum ekki fundið upp einn einasta skatt af þessu tagi. Þegar þessi skattur var lagður á af hæstv. fyrrv. fjmrh., Matthíasi Á. Mathiesen, var hann auðvitað talsvert miklu lægri í krónutölu, en áreiðanlega ekki verðminni ef athuguð er verðlagsþróun síðan. Og eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði í ræðu sinni áðan kom þetta í staðinn fyrir söluskatt. Ef ég flýg frá Reykjavík til Vestmannaeyja, fram og til baka, kostar það núna 26 þús. kr. og söluskattur af því væri á sjötta þús. kr., en þetta gjald, hinir hræðilegu átthagafjötrar, er nú 650 kr. Ég held að menn ættu að hugsa sig dálítið um áður en þeir grípa til slíkra stóryrða í sambandi við hluti af þessu tagi.

Ég vil enn fremur segja það, og kannske fyrst og fremst, að þegar þetta gjald var lagt á í stjórnartíð Geirs Hallgrímssonar og þeirra frjálshyggjumanna annarra voru peningarnir teknir blygðunarlaust beint í ríkissjóð eða í óráðsíuna, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson orðar það þegar peningar fara til sameiginlegra þarfa landsmanna, svo merkilega sem það hljómar, en nú fara þessir peningar beint til flugmála. Það er aðalatriðið. Ef hægt er að tala um átthagafjötra þeirra, sem fjærst búa Reykjavík við erfið samgönguskilyrði, felast þeir átthagafjötrar í því að ekki er hægt að fljúga á viðkomandi staði vegna lélegs búnaðar. Og þeir fjármunir, sem fara til þeirra verkefna að bæta skilyrðin, eru góðir fjármunir og því er slíkur skattur góður skattur.

Ég lagði til hér fyrir mörgum árum þegar þessi skattur var lagður á, að helmingur af honum a. m. k. færi beint til flugmála. Það var fellt af hv. fulltrúum frjálshyggjunnar hér á hv. Alþingi og af framsóknarmönnum einnig, enda kemur alltaf það versta fram, þegar samvinnumenn og frjálshyggjumenn bindast samtökum um að stjórna þessu landi, og fer allt hræðilega illa.

Við höfum ekki fundið upp söluskatt. Hann er nú orðinn býsna gamall í hettunni. En það hefur einmitt oft áður verið gripið til þess að hækka söluskatt til að ná í peninga í sérstöku skyni. Það var m. a. gert vegna náttúruhamfara hér á sínum tíma. Þegar náttúruhamförunum lauk, var þá ekki þessi söluskattur dreginn til baka? Það mætti kannske spyrja hv. þm., þó ungur sé, Friðrik Sophusson, að því, hvort það hafi verið að undirlagi sjálfstæðismanna að sá skattur öðlaðist eilíft líf, eins og hann orðar það. Náttúruhamfarapeningunum var sem sagt stolið í margumræddda óráðsíu ríkissjóðs.

Það var einnig lögð á hér söluskattsprósenta ein í því sama skyni sem verið er að gera um þessar mundir til að greiða niður olíukostnað úti á landi. Fyrst í stað fór sá skattur til að jafna olíukyndingarkostnað úti á landsbyggðinni, en með hverju árinu sem leið var meira af þessu gjaldi stolið frá hinu upphaflega verkefni í annað, í óráðsíuna, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson kallar það.

Það væri auðvitað full ástæða til að athuga svolítið betur hvað þessir hv. þm. Sjálfstfl. eru að segja hér þessa dagana. Þeir hafa lagt til að stórlækka niðurgreiðslur, um fjórðung. Lækkaðar niðurgreiðslur þýða að landbúnaðarvörur stórhækka að sjálfsögðu í verði. Það kemur þeim ekkert mjög illa sem nægar hafa tekjurnar, en þeim verst, sem minnst hafa, og þeim allra verst, sem nota langstærstan hluta tekna sinna til að kaupa sér matvæli. Söluskattshækkun, sem nú er ákveðin, kemur ekki á landbúnaðarvörur. — Og ég er ánægður með það einnig að ég varð fyrstur manna á hv. Alþ. til að leggja til að söluskattur yrði felldur niður af landbúnaðarvörum og matvælum. Það var auðvitað fellt bæði af sambandsmönnum og frjálshyggjumönnum eins og annað gott. Nú hefur það sem betur fer verið tekið upp. Og ég vona að hv. alþm. eigi eftir að fara eftir fleiri tillögum af minni hálfu í framtíðinni.

Þetta er það sem hv. sjálfstæðismenn hafa lagt til, að stórlækka niðurgreiðslur með þessum afleiðingum og til að hækka verðbólguna. Þeir hafa lagt til miklu minni skatta og þar með aukna einkaneyslu og meiri innflutning. Allt saman er það verðbólguhvetjandi. Þeir hafa, á sama tíma og skattar skulu lækkaðir, lagt til stórauknar framkvæmdir. Ég hef hvergi heyrt þá minnast á neinn raunverulegan niðurskurð. Allir þessir liðir verða til að ýta undir þensluna í landinu og verðbólguna. Og þetta eru sömu mennirnir sem útbjuggu leifturstríð gegn verðbólgu fyrir nokkrum mánuðum. Hver getur tekið mark á slíkum málflutningi? Það get ég ekki gert.

Hitt er svo annað mál, að ég tel að núv. hæstv. ríkisstj. eigi að gæta sín í skattlagningu, hún þurfi að kanna hvort við getum ekki farið að spara og hvort við getum ekki komið okkur saman um það á næstu mánuðum að reyna að glíma í alvöru við þau vandamál sem við er að glíma, ekki síst verðbólgudrauginn margumtalaða sem engum hefur tekist að ráða við. Og síst ferst þeim frjálshyggjumönnum og leiftursóknarmönnum þegar þeir eru að þenja sig hér um skattlagningar, sem þeir hafa fundið upp, og aðferðir, sem þeir hafa notað æ ofan í æ þó að við höfum nú á borðinu hjá okkur frv. um flugvallagjald, þar sem fjármunir, sem af því koma, fara til flugmála í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 23. apríl.

Veiðar erlendra fiskiskipa í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Eiðs Guðnasonar um veiðar erlendra fiskiskipa í íslenskri fiskveiðilögsögu, á þskj. 294, sent þm. 23. apríl.

1.—3. Á s. l. ári var skiptingin sem hér segir:

6	færeyskir togarar	með	567 veiðidaga
17	færeyskir línubátar	með	911 veiðidaga
39	færeyskir handfærabátar	með	1706 veiðidaga
7	belgískir togarar	með	872 veiðidaga
13	norskir línubátar	með	612 veiðidaga

Þann 10. apríl s. l. hafði eftirfarandi fjöldi erlendra báta hafið veiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi:

11	færeyskir línubátar	með	94 veiðidaga
6	belgískir togarar	með	245 veiðidaga
3	norskir línubátar	með	48 veiðidaga

4. Færeyskir togarar ....8378 lestir, þar af þorskur 2616 lestir.
Færeysk línuskip ...5979 lestir, þar af þorskur 2150 lestir.
Færeyskir handfærabátar ..3358 lestir, þar af þorskur 1329 lestir.
Belgískir togarar ....5628 lestir, þar af þorskur 1261 lestir.
Norskir línubátar ....2030 lestir, þar af þorskur 301 lestir.

Samtals: 25373 lestir, þar af þorskur 7657 lestir.

Samkvæmt þeim samningum, sem í gildi eru, er aflakvóti einstakra þjóða 1980:

Færeyingar 17000 lestir, þar af þorskur 6000 lestir.
Belgar ... 5000 lestir, þar af þorskur 750 lestir.
Norðmenn 2000 lestir, þar af þorskur 300 lestir.

Samtals: 24000 lestir, þar af þorskur 7050 lestir.

5. Mjög erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir því, um hversu mikil aflaverðmæti hér sé að ræða. Ekki liggur fyrir á hvaða verði þessi fiskur seldist erlendis, og til þess að gera sér grein fyrir því, hvert aflaverðmætið væri, hefði aflanum verið landað hér á landi, vantar t. d. upplýsingar um stærðar- og gæðaflokkun. Enn fremur eru aflatölur ekki sundurliðaður nákvæmlega og verðið breytilegt á árinu.

En til þess að gera sér einhverja hugmynd um aflaverðmætið virðist það ekki fjarri lagi að áætla, að hvert kíló leggi sig á 110—130 kr. Yrði þá heildaraflaverðmætið 2791—3298 milljónir kr.

Sameinað þing, 48. fundur.

Mánudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 23. apríl 1980.

Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið.

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varam. Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Ég óska eftir því að kjörbréfanefnd taki kjörbréf Valdimars Indriðasonar til athugunar og er fundi frestað á meðan í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Valdimars Indriðasonar, sem er 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi. Nefndin er sammála um að meta kjörbréfið gilt og leggja til að kosning hans verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Jón Helgason): Valdimar Indriðason hefur ekki átt sæti á Alþingi áður og undirritar því eiðstaf.

Hinn nýi þm., Valdimar Indriðason, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Jón Helgason): Valdimar Indriðason hefur undirritað eiðstaf, og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana, þáltill. (þskj. 335). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Könnun á áhrifum af ákvæðislaunakerfum, þáltill. (þskj. 344). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Flutningur gufuhverfils Kröfluvirkjunar til háhitasvæðis á Reykjanesskaga, þáltill. (þskj. 347). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp, þáltill. (þskj. 13, n. 272). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 272 samþ. með 31 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 367).

Tekjuskipting og launakjör, þáltill. (þskj. 14, n. 273). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 273 samþ. með 33 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 368).

Hafnargerð við Dyrhólaey, þáltill. (þskj. 306). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum, þáltill. (þskj. 326). — Ein umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Samningurinn, sem hér um ræðir, er liður í viðleitni ríkja til að koma á alþjóðlegu samstarfi til að spyrna fótum við stöðugt vaxandi hryðjuverkastarfsemi. M. a. er í samningnum gert ráð fyrir réttaraðstoð og skyldu til að tryggja refsilögsögu vegna tiltekinna meiri háttar afbrota.

Áður en unnt verður að fullgilda samninginn af Íslands hálfu er þörf breytinga á almennum hengingarlögum og er lagafrv. í því skyni nú til athugunar, að ég hygg í allshn. Ed. Í aths. við það frv. er nánar skýrt frá efni samningsins.

Þess er vænst að afgreiðslu þessara mála verði hraðað svo sem unnt er, þannig að hægt verði að fullgilda samninginn sem allra fyrst.

Að lokum skal þess getið, að síðan þáltill. þessi var prentuð hefur Noregur einnig gerst aðili að samningnum og eru aðilar nú orðnir átta.

Ég leyfi mér að leggja til að umr. verði frestað og málinu vísað til utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samkomulag Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna, þáltill. (þskj. 332). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Samkomulag það, sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir að Íslendingar fái heimild til veiða 20 þús. lestir kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja og Færeyingar fái heimild til að veiða 20 þús. lestir kolmunna innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Eins og fram kemur í aths. við þáltill. var samkomulagið gert að tilhlutan Landssambands ísl. útvegsmanna. Sex íslensk skip hafa þegar sótt um og fengið leyfi til kolmunnaveiða samkvæmt samkomulaginu við Færeyinga.

Þó að e. t. v. sé ekki skylt að leggja þetta samkomulag fyrir Alþingi hefur það verið talið rétt og í samræmi við þá venju sem hér mun hafa tíðkast.

Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði að fyrri umr. lokinni vísað til hv. utanrmn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég er samþykkur því samkomulagi sem hæstv. ríkisstj. hefur gert við Færeyinga um kolmunnaveiðar, en tel að ég geti gefið örlítið nánari upplýsingar til skýringar á tilkomu þess.

Svo er mál með vexti, að Færeyingar hafa í allmörg ár gert við okkur samninga til eins árs í senn, sem fyrst og fremst hafa verið um loðnuveiðar, en einnig um kolmunna. Þess er skemmst að minnast, að fyrir meira en ári kom slíkur samningur til umræðu á Alþingi, og höfðu Færeyingum þá verið veittar 17.5 þús. lestir af loðnu, sem þeir voru að vísu ákaflega óánægðir með. Hafði afli þeirra verið minnkaður frá 25 þús. lestum árið áður.

Nú gerist það í vaxandi mæli að ráðh. og aðrir stjórnmálamenn tala saman í síma og spara sér þannig bæði ferðalög og bréfaskriftir. Að þessu sinni gerðist það í janúar að Atli Dam lögmaður hringdi til mín, en ég sat þá í stjórnarráðinu, til að ræða um loðnuveiðar á þessu ári. Þar sem mikið var deilt um loðnuveiðar okkar sjálfra og niðurskurð þeirra um það leyti, taldi ég vera tilgangslaust fyrir Færeyinga að koma hingað og óska eftir loðnukvóta. Þeir fóru að þessum ráðum og hafa ekki beðið um viðræður eða óskað eftir loðnu að þessu sinni.

Samt sem áður er ástæða til að gera það samkomulag sem nú hefur verið gert um kolmunna, þótt hann hafi að vissu leyti verið aukaatriði í fyrri samningum. Við erum að auka kolmunnasókn okkar, svo það er í okkar hag að hafa heimild til að byrja kolmunnaveiðarnar í landhelgi Færeyinga, færa okkur svo norðar og í eigin landhelgi. Færeyingar kölluðu þá heimild, sem þeir fá til að veiða kolmunna hér, „pappírsfisk", af því að floti þeirra, sem mundi stunda kolmunnaveiðar, er á þeim tíma á makrílsveiðum suður í hafi. Engu að síður var þetta gert til að jafna metin í samningunum.

Ég vil með þessum skýringum lýsa samþykki mínu við nótuskipti til að halda kolmunnaveiðaheimildunum áfram.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í framhaldi af þeim umræðum, sem hér hafa orðið, vil ég upplýsa að þessi samningur gekk fyrir sig eins og hv. síðasti ræðumaður lýsti, en það fór fram símleiðis á milli sjútvrn. hér og í Færeyjum. Við töldum ekki fært að fallast á loðnuveiðar, heldur aðeins á kolmunnaveiðar til handa Færeyingum þar sem loðnustofninn er aðþrengdur eins og menn vita. Ég vil einnig geta þess, að Færeyingar hafa þegar afgreitt þetta mál, gerðu það samstundis, þannig að íslensk skip eru að undirbúa sig til veiða þar.

Fleira mætti út af fyrir sig um þetta að segja, en ég vil aðeins geta þess, að í samvinnu við Færeyinga og reyndar við Norðmenn á vegum Rannsóknaráðs Norðurlanda fara nú fram athuganir á vinnslu kolmunna. Færeyingar hafa þegar hrundið í framkvæmd hjá sér tilraunavinnslu með flökun á kolmunna. Við Íslendingar munum í sumar leggja höfuðáherslu á þurrkun á kolmunna, sem við teljum vera betri vinnslu, a. m. k. fyrir okkur, þannig að það má líta á þessar veiðar eða þennan samning sem einn lið í samstarfi þjóðanna um nýtingu á kolmunna, þar sem við höfum satt að segja dregist ákaflega mikið aftur úr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til utanrmn. með 38 shlj. atkv.

Vegáætlun 1979—82, þáltill. (þskj. 348). — Fyrri umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegáætlun sú, sem nú gildir, var afgreidd á síðasta þingi. Því á hún raunar ekki að koma til endurskoðunar fyrr en á næsta þingi, en lög gera ráð fyrir að vegáætlun skuli endurskoðuð annað hvert ár. Hins vegar má segja að það sé raunar orðin fremur regla en undantekning að nauðsynlegt hefur reynst að endurskoða vegáætlun árlega. Stafar það að sjálfsögðu fyrst og fremst af því að forsendur hafa brostið, og má eins og fleira rekja það til hinnar miklu verðbólgu.

Vegáætlun sú, sem samþ. var í fyrra, gerir ráð fyrir mjög verulegri aukningu vegaframkvæmda á þessu ári. Gert var ráð fyrir því í vegáætlun að varið yrði til vegaframkvæmda 1980 21 milljarði 957 millj. kr. Er það aukning úr 13 milljörðum og 92 millj. kr. 1979. Þegar sú áætlun var samin var gert ráð fyrir 25% verðbólgu, en hún hefur orðið 29% meiri frá 1979 til 1980. Það eru þær forsendur sem eru brostnar og gera nauðsynlegt að vegáætlun verði nú endurskoðuð.

Til að standa við framkvæmdamagn það sem felst í vegáætlun hefði orðið að auka krónutöluna um u. þ. b. 6500 millj. kr. Fjárlögin, sem við höfum nýlega samþykkt, ákveða hins vegar ramma fyrir nýrri vegáætlun. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að auka fjármagn til vegaframkvæmda á þessu ári umfram það sem segir í vegáætlun um 2 milljarða. Verður því heildarfjármagn til vegaframkvæmda í ár samkv. fjárlögum 23 milljarðar 975 millj. kr.

Um þá þáltill. um vegáætlun, sem nú liggur fyrir, vil ég vísa til grg. og segja almennt um þá upphæð, sem ég nefndi, að um 34% heildarmagnaukningu er að ræða,

sem út af fyrir sig getur talist viðunandi. Gert var ráð fyrir 34% heildarmagnaukningu í vegáætlun þeirri sem liggur fyrir, en hún verður 22%, sem ég hygg að geti talist viðunandi.

Sá niðurskurður sem á útgjöldunum er gerður kemur fyrst og fremst fram á vetrarviðhaldi, sem hefur verið lækkað verulega með tilliti til þess, að snjómokstur hefur verið lítill nú í vetur. Vissulega er því teflt á tæpasta vaðið. Ef svo reynist í haust, að snjómokstursþörfin verður mjög mikil, er að sjálfsögðu ekki um annað að gera en að endurskoða þá tölu sem ákveðin er í þessari vegáætlun og ég kem nánar að síðar.

Úr sumarviðhaldi er nokkuð dregið frá þeirri magnaukningu sem ráðgerð var. Í vegáætlun þeirri, sem nú gildir, er gert ráð fyrir verulegri aukningu á sumarviðhaldi. Gert var ráð fyrir að sumarviðhald yrði um 78% af þörfinni á þessu ári, en með þeirri vegáætlun, sem nú er lögð fram, er hins vegar gert ráð fyrir að sumarviðhaldið nái 73% af viðhaldsþörfinni. Þarna er þó um 11% magnaukningu í sumarviðhaldi að ræða.

Nýjar framkvæmdir eru í krónutölu nokkurn veginn þær sömu og eru í gildandi vegáætlun. Fjármagn frá öðrum þáttum, fyrst og fremst vetrarviðhaldi og að nokkru með niðurskurði á sumarviðhaldi, er fært yfir á nýjar framkvæmdir. Þótt nokkur flutningur verði á milli liða er heildarfjármagnið sama og það var í fyrra og þó rétt rúmlega það. Nýjar framkvæmdir aukast þó að magni á milli ára um u. þ. b. 50%.

Tekjur á vegáætlun eru fyrst og fremst markaðir tekjustofnar, eins og áður hefur verið. Gert er ráð fyrir að tekjur af bensíngjaldi verði um 11 milljarðar, en var í gildandi vegáætlun áætlað 10 milljarðar 290 millj. Er þar um hækkun að ræða sem nemur 710 millj. kr. Þungaskattur var áætlaður 2 milljarðar 710 millj. í gildandi vegáætlun, en er samkvæmt till., sem nú liggur fyrir, 3 milljarðar 600 millj. kr., hefur m. ö. o. hækkað um 890 millj. kr. Gúmmígjaldið, sem er nú orðið harla lítið, var áætlað í gildandi vegáætlun 110 millj. kr., en er nú áætlað 75 millj. Satt að segja er kominn tími til að þessi tekjustofn verði endurskoðaður, annaðhvort alveg felldur niður eða þar aflað nokkurra tekna til vegamála, sem getur ekki talist óeðlilegt. Sú ákvörðun mun hafa verið tekin fyrir nokkrum árum að hækka ekki gúmmígjald af öryggisástæðum. Hins vegar má segja að þeirri hugmynd hafi ekki verið fylgt í annarri skattheimtu, því að af hjólbörðum hefur orðið að greiða verulegar upphæðir til ríkissjóðs síðan þá.

Markaðir tekjustofnar eru þannig samkv. þessari þáltill. 14 milljarðar 675 millj. kr., en voru í gildandi vegáætlun 13 milljarðar 110 millj. Er þar um hækkun að ræða sem nemur 1 milljarði 565 millj. kr.

Þá er í tekjum gert ráð fyrir ríkisframlagi sem nemur 1 milljarði. Sú ákvörðun var tekin við síðustu hækkun á bensínverði að ráðstafa 1 milljarði af viðbótartollum og söluskatti, sem runnið hafa til ríkisins, beint í ríkisframlag til vegamála. Jafnframt var þá ákveðið að hefja endurskoðun á skattheimtu ríkisins af bensínsölu með það í huga að slík skattheimta rynni í vaxandi mæli til vegaframkvæmda. Að sjálfsögðu þarf að bæta ríkissjóði upp tekjumissi sem hann kann að verða fyrir af þessum völdum. Það hygg ég að fáum dyljist. En aftur á móti er ég þeirrar skoðunar, að eðlilegast sé að tekjur eins og söluskattur og tollur af bensíni renni til vegaframkvæmda og þá helst óskipt.

Loks er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun til að tengja Borgarfjarðarbrú. Er hún í þessari áætlun 1 milljarður 500 millj., en var í gildandi vegáætlun 1 milljarður og hækkar því um 500 millj. Sú ákvörðun var tekin þegar í febrúarmánuði að tengja Borgarfjarðarbrúna, enda má segja að annað sé óverjandi. Í það mannvirki eru nú komnir á núvirði um 7 milljarðar kr. og orðið mjög tímabært að sú mikla fjárfesting fari að gefa af sér arð. Menn geta e. t. v. deilt um hvort rétt hafi verið að ráðast í þessa miklu framkvæmd, en það er tvímælalaust óumdeilanlegt að við hana ber að ljúka sem allra fyrst. — Reyndar vil ég taka það fram, að miðað við þær gífurlegu endurbætur, sem orðið hefði að gera á veginum eins og hann liggur nú, ásamt brú yfir Hvítá og yfir Síkin, tel ég að rétt hafi verið að ráðast í gerð Borgarfjarðarbrúarinnar.

Loks er gert ráð fyrir annarri lántöku upp á 6.8 milljarða, en var í gildandi vegáætlun 7 milljarðar 847 millj. Þar er um nokkra lækkun að ræða, sem felst reyndar fyrst og fremst í því, að ríkisframlag var ákveðið og því ekki þörf á eins mikilli lántöku að þessu leyti og ráð hafði verið fyrir gert.

Skal ég nú rekja nokkuð skiptingu útgjalda.

Í fyrsta lagi er stjórn og undirbúningur samkv. þeirri till., sem ég flyt hér nú, 1 milljarður 206 millj., en var í gildandi vegáætlun 995 millj. kr. Mismunur er þar til hækkunar 211 millj. Þessi liður er að langmestu leyti laun fastra starfsmanna Vegagerðarinnar og reyndar hækkar sá liður í þessari till. ekki eins og verðlagsforsendur benda til að mati Vegagerðarinnar. Hér hefur verið tekin sú ákvörðun að leggja til grundvallar sömu hækkun launa og lögð er til grundvallar í fjárlögum, sem er nokkru lægra en Vegagerðin telur nauðsynlegt. Hins vegar er ákveðið að fari launahækkanir fram úr því, sem vegáætlun gerir ráð fyrir, skuli sú hækkun bætt úr ríkissjóði, eins og er með aðrar ríkisstofnanir. Þetta sýnist mér vera eðlileg breyting. Mér sýnist eðlilegt að fast starfslið Vegagerðarinnar búi að þessu leyti við sömu kjör og starfsmenn annarra ríkisstofnana.

Í sumarviðhaldi er gert ráð fyrir að verja 6 milljörðum 670 millj. kr., og er það hækkun frá því sem er. Gert er ráð fyrir því í gildandi vegáætlun að verja 5 milljörðum 520 millj. kr. til sumarviðhalds. Hækkunin nemur því 1 milljarði 150 millj. Þarna er, eins og ég sagði áðan, þó dregið úr þeirri áætlun sem upphaflega var gerð um stóraukið sumarviðhald. Ég sagði áðan, að gert var ráð fyrir að ná því upp í 78% af þörfinni í ár. Staðreyndin er hins vegar sú, að á síðasta ári tókst ekki að ná sumarviðhaldi í þann hundraðshluta af þörfinni sem ráð var fyrir gert. Talið er að þá hafi náðst um 67% af viðhaldsþörfinni, en gert var ráð fyrir að ná 72%. Þarna er því gert ráð fyrir að ná svipuðum áfanga í sumarviðhaldi og átti að vera samkv. upphaflegri áætlun eða um það bil 5 prósentustigum.

Mér er ekki ljúft að draga úr sumarviðhaldi. Ég tel það einhvern mikilvægasta þáttinn í vegamálum okkar og enginn vafi er á að mjög lélegt ástand vega víða um landið, ekki síst á þessum vordögum, megi rekja til skorts á sumarviðahldi. Skortur er orðinn mjög mikill á ofaníburði og yfirleitt hvers konar lagfæringu til að styrkja vegi. En ég tel þó eftir aðstæðum og miðað við það, að við náum ekki þeim framkvæmdamætti í heild sem ráð er fyrir gert í vegáætlun, viðunandi að stefna að því að ná þó þeirri hundraðshlutaaukningu sem ráð var

fyrir gert í upphaflegri áætlun um aukningu sumarviðhalds.

Ég gat þess áðan, að tekin var sú ákvörðun að draga allverulega úr vetrarviðhaldi. Gert er ráð fyrir að til vetrarviðhalds verði nú varið 1 milljarði 632 millj., en samkv. gildandi vegáætlun átti að verja til þess 1 milljarði 300 millj. Með verðbótum hefði hins vegar átt að verja um 2 milljörðum til vetrarviðhaldsins. Í þessari upphæð er jafnframt yfirdráttur eða skuld um síðustu áramót sem nemur 360 millj. kr. Segja má að þarna sé teflt á tæpasta vaðið, en vetrarviðhald, þ. e. snjómokstur, hefur verið óvenjulítið s. l. vetur og margt bendir til þess að svo verði áfram. Spurningin er þá eingöngu um haustmokstur. Eins og ég sagði áðan kann að reynast nauðsynlegt að endurskoða þessa upphæð ef haustmokstur verður meiri en menn gera ráð fyrir. Um það er fullt samkomulag.

Þá er í áætluninni gert ráð fyrir að verja til nýrra þjóðvega 10 milljörðum 392 millj., en í gildandi vegáætlun 10 milljörðum 204 millj. eða um það bil sömu upphæð. Hækkun nemur 188 millj. kr.

Til brúagerðar er gert ráð fyrir að verja 1 milljarði í stað 1 milljarðs 80 millj. Þar er um smávegis lækkun að ræða. Til fjallvega 176 millj. í stað 136 millj. Til sýsluvega óbreyttri upphæð frá gildandi vegáætlun eða 816 millj. kr. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum 1 milljarði 835 millj. í stað 1 milljarðs 640 millj., og er þar um tæplega 200 millj. kr. hækkun að ræða. Úr vélakaupum og til áhaldahúss er nokkuð dregið. Gert er ráð fyrir að verja til þess 175 millj. í stað 200 millj. Til tilrauna er gert ráð fyrir að verja 73 millj. í stað 66 millj.

Sundurliðun á þessum útgjaldaliðum kemur fram á 2. síðu þessarar áætlunar og ætla ég ekki að rekja það hér í smáatriðum, en þó geta um nokkur atriði sérstaklega undir liðnum: Til nýrra þjóðvega.

Eins og þar kemur fram er gert ráð fyrir að verja til almennra verkefna 3 milljörðum 884 millj. og er það óbreytt upphæð frá því sem er í gildandi vegáætlun. Í bundið slitlag er sömuleiðis gert ráð fyrir að verja óbreyttri upphæð eða 950 millj.

Í sérstök verkefni er hins vegar gert ráð fyrir að verja 3 milljörðum 700 millj., og er þar um 200 millj. kr. hækkun að ræða frá gildandi vegáætlun. Þetta stafar af þeirri auknu lántöku sem gert er ráð fyrir í Borgarfjarðarbrúna. Hins vegar er rétt að vekja athygli á að þetta mun þýða að draga verður úr öðrum sérstökum verkefnum en Borgarfjarðarbrúnni, a. m. k. flestum, því þörf viðbótarfjármagns í Borgarfjarðarbrúna er nokkru meiri en þessum 200 millj. nemur. Gert er ráð fyrir að verja í Borgarfjarðarbrúna í ár 2.3 milljörðum kr.

Til þjóðbrauta er gert ráð fyrir 1. milljarði 700 millj. Er það einnig óbreytt tala frá gildandi vegáætlun.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja aðra liði í þessari sundurliðun nánar, en ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að ræða þau mál ef menn vilja ræða sérstaka þætti þeirrar sundurliðunar.

Mér þykir hins vegar rétt að fara að lokum örfáum orðum almennt um vegamálin. Mín skoðun er sú, að auka þurfi verulega vegaframkvæmdir. Að ýmsu leyti höfum við Íslendingar dregist aftur úr í vegamálum, eins og margir hafa bent á, og enginn vafi er á að góðar samgöngur eru ein meginforsenda byggðaþróunar í þessu landi, m. a. fyrir þeim heilsugæslustöðvum, sem verið er að byggja víða um landið, og yfirleitt fyrir allri þeirri þjónustu sem á undanförnum árum hefur í vaxandi mæli færst til hinna stærri staða í hverjum landshluta. Vitanlega eru samgöngur við slíka staði forsenda þess að þeir, sem fjær búa, geti notið sem bestrar þjónustu. Einnig hefur bifreiðafjöldi landsmanna aukist mjög mikið á undanförnum árum og því orðið aðkallandi að búa betur að vegum fyrir meiri fjölda bifreiða.

Heildarlengd þjóðvega var 1. jan. 1979 talin vera 8620 km og skiptist í 3770 km stofnbrautir, 4697 km þjóðbrautir og 152.2 km. þjóðvegi í þéttbýli. Sundurliðun eftir kjördæmum liggur að sjálfsögðu einnig fyrir, en ég sé ekki ástæðu til að rekja það hér.

Ég vil hins vegar fara nokkrum orðum um bundið slitlag á vegum. Við Íslendingar erum þar ansi aftarlega. Þörfin er mikil, og þótt þörf á endurbyggingu vega sé ekki síður mikilvæg má þetta mikilvæga verkefni þó ekki gleymast. Af þeim kílómetrafjölda vega, sem ég nefndi áðan, hefur Vegagerðin áætlað að góða vegi megi telja um 3160 km, en það eru vegir sem taldir eru hafa fullnægjandi burðarþol og sæmilegan feril. Hins vegar vantar iðulega slitlag á slíka vegi. Að sumu leyti er það vegna þess að viðhald þeirra hefur ekki verið nægjanlegt. Þessi tala gefur því ekki allt til kynna. Aftur á móti telur vegagerðin að nothæfir vegir séu um 2590 km. Þessir vegir eru með skert burðarþol, þó þeir séu taldir nothæfir, þannig að þeir þarfnast verulegs viðhalds eða endurbyggingar áður en þeir geta talist góðir. Ófullnægjandi vegir eru taldir 1408 km. Eins og felst í þeirri nafngift þarf meiri háttar framkvæmdir til að bæta þá vegi. Loks telur Vegagerðin slæma vegi 1310 km.

Á vegum Vegagerðarinnar hefur undanfarið verið unnið að ítarlegri úttekt á vegum okkar Íslendinga, þeir flokkaðir ekki aðeins eftir þeim mælikvarða, sem ég notaði nú, heldur að sjálfsögðu miklu nánar. Hver vegarspotti hefur fengið sína einkunn. Á grundvelli þess mikla verks á nú að vera unnt að áætla betur en verið hefur hinar ýmsu framkvæmdir og hvað þær kosta og hver þörfin er. Að því mun verða unnið.

Eins og ég sagði áðan vil ég sérstaklega nefna bundið slitlag og þörfina á því og geta þess, að bundið slitlag eftir kjördæmum nú er eins og hér segir: Steyptir vegir eru 46.6 km og eru allir í Reykjaneskjördæmi. Malbik er talið 47.4 km. Af því eru 4.5 á Suðurlandi, 32.5 í Reykjaneskjördæmi, 3.4 á Vestfjörðum og 7 á Norðurlandi eystra, annars staðar ekki. Olíumöl er 132.7 km. Þar af 70.9 km á Suðurlandi, 54.2 á Reykjanesi, 5.1 á Vesturlandi og 4.9 á Austurlandi. Þá hefur Vegagerðin gert tilraunir með klæðningu sem svo er nefnd eða „Ottadekk", sem er norskþróuð klæðning, og eru nú um 42 km með slíkri klæðningu. Þar af eru á Suðurlandi 13.6, Reykjanesi 2.4, Vesturlandi 13, á Norðurlandi vestra 6 og á Norðurlandi eystra 7. Samtals eru því með bundnu slitlagi aðeins 271 km af heildarkílómetrafjölda, sem er yfir 8 þús. Skptist þetta þannig, að Suðurland er með 89, Reykjanes með 135.6, Vesturland með 18.1, Vestfirðir 3.4, Norðurland vestra 6, Norðurland eystra 14 og Austurland 4.9. Má því segja að æðiójafnt sé skipt, en sannarlega er bifreiðafjöldinn meiri á þeim svæðum þar sem mest er af bundnu slitlagi, og er það réttlæting út af fyrir sig fyrir því.

Þá vil ég geta þess, að kostnaður við bundið slitlag er nú áætlaður fyrir klæðningu um það bil 15 millj. kr. á hvern km. Þetta er ónákvæm tala, því að verðið er að sjálfsögðu mjög breytilegt eftir því hve mikið þarf að vinna undir fyrir slíka framkvæmd. Fyrir olíumöl er áætl-

að um 30 millj. kr. fyrir hvern km. Klæðningin er því um það bil helmingur af kostnaði við olíumöl. Olíumöl er aftur á móti áætluð um það bil 80—90% af malbiki, þannig að malbikið er þá um það bil 35—40 millj. kr. hver km. Malbikið er talið um 50% af kostnaði við lagningu steypts vegar.

Þá vil ég geta þess, að samkv. áætlun Vegagerðarinnar eru um 864 km nú tilbúnir undir bundið slitlag. Þetta eru því miður í mörgum tilfellum stuttir kaflar og dreifðir og skal ég ekki rekja þá hér í neinum smáatriðum, en frá Reykjavík til Akureyrar eru þeir um 130—140 km, frá Akureyri til Hvolsvallar um 470 og Hvolsvöllur—Reykjavík 15, en þar að mestu leyti þegar lagt bundið slitlag. Á öðrum vegum fyrir utan þennan hringveg má segja að aðalkaflarnir séu: Hrunamannavegur um 6 km, á Gaulverjabæjarveg um 3 km, á Eyrarbakkavegi 10, Biskupstungnabraut um 5, Þorlákshafnarvegi 8 og Þrengslavegur 14. Þarna mætti leggja á bundið slitlag, en einnig eru: Hafnarvegur um 2, Ólafsvíkurvegur um 8. Vestfjarðavegur frá Vesturlandsvegi og Djúpvegur eru 127, enda verulegur hluti af þeim vegi nýr. Svo eru Sauðárkróksbraut—Norðurlandsvegur—flugvöllur 6, Ólafsfjarðarvegur—Norðurlandsvegur—Dalvík 4, Eyjafjarðarbraut vestri—Norðurlandsvegur—Hrafnagil 3, Norðausturvegur—Norðurlandsvegur—Húsavík 26 og Norðfjarðarvegur—Austurlandsvegur—Eskifjörður 21. Þannig er þetta ansi dreift um landið og verður samtals, eins og ég sagði, 864 km. Þessi úttekt er orðin nokkuð gömul og má búast við að vegna skorts á viðhaldi þurfi víða að bæta allverulega um áður en bundið slitlag er á þessa vegi lagt, en Vegagerðin hefur áætlað mjög gróft að kostnaður við að leggja bundið slitlag á þessa kafla yrði um 35 milljarðar kr. Er þá gert ráð fyrir olíumöl eða klæðningu, hygg ég.

Þetta taldi ég rétt að kæmi hér fram m. a. út af því, að töluverð umræða hefur orðið, eins og fyrr, um þörf á bundnu slitlagi og tek ég mjög undir það. Ég sagði áðan, að ég tel að við eigum að gera sérstakt átak. Með því er ég hins vegar ekki að draga úr því, að halda þarf áfram að byggja upp vegi um landið. Eins og kom fram í því yfirliti, sem ég las áðan, er allmikið af vegakerfi okkar Íslendinga lélegt og jafnvel slæmt, eins og Vegagerðin hefur flokkað það. Víða eru mikilvægir vegir snjóþungir og ákaflega kostnaðarsamir í snjómokstri og valda að sjálfsögðu íbúum slíkra svæða verulegum vandræðum á snjóavetrum. Ég tel því að ekki megi draga úr framkvæmdum á slíkum svæðum, halda verði þeim áfram jafnvel með auknum mætti.

Mín hugmynd er sú, að áætlun um bundið slitlag verði gerð sérstaklega, t. d. til 10 ára, og þá teknir inn í allir þeir kaflar sem eru tilbúnir undir bundið slitlag nú og ná því að vera sæmilega góðir til slíks, en jafnframt verði lögð áhersla á að undirbyggja þá kafla, sem næst eru því að geta þolað bundið slitlag, og allt það tekið inn í nokkurra ára áætlun. Ég tel jafnframt að það eigi að leita eftir sérstakri fjáröflun í bundið slitlag að verulegum hluta. Í ár er heimild til útboðs á happdrættisláni sem hefur nokkuð dregist. Drósta s. l. sumri að koma því til framkvæmda, en það er í athugun nú. Dráttur á þessu stafar m. a. af því, að menn hafa ekki verið trúaðir á að þessi bréf seljist með því mikla framboði sem er á skuldabréfum ríkissjóðs að öðru leyti. Því hefur verið leitað sérstakra leiða til að stuðla að sölu slíkra bréfa, m. a. gert ráð fyrir sérstökum vinningum í því skyni, sem nú er unnið að.

Aftur á móti sýnist mér vel koma til greina að staðarmenn legðu til nokkurt fjármagn, t. d. með kaupum á slíkum happdrættisskuldabréfum, til þess að bundið slitlag verði lagt á viðkomandi svæði. Þrýstingur er mikill, sem von er, á að bundið slitlag verði aukið. Ég geri mér vonir um að menn væru þá reiðubúnir til að festa nokkurt fjármagn í slíkri framkvæmd. Vafalaust er að slík framkvæmd er mjög arðbær með mikilli aukningu á bifreiðaflota okkar landsmanna og því sjálfsagt að undirbúa það mál og reyna að hrinda því í framkvæmd. Ég geri mér því vonir um að við venjulega endurskoðun vegáætlunar, sem fer fram á næsta þingi, verði unnt að leggja fram sérstaka áætlun um bundið slitlag.

Herra forseti. Fjölmargt fleira mætti að sjálfsögðu nefna í sambandi við endurskoðun vegáætlunar. Ég legg til að þessari umr. lokinni verði till. vísað til síðari umr. og hv. fjvn. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt fyrir þm. viðkomandi kjördæmis að skoða skiptingu fjármagns, því að þótt fjármagn sé eins til nýrra vegaframkvæmda í krónutölu geri ég ráð fyrir að víða reynist nauðsynlegt að færa fjármagn á milli framkvæmda til að ná viðunandi áfanga í einstökum framkvæmdum. Ég tel þó fyrir mitt leyti, að mikið hafi áunnist með að ná sömu krónutölu, og lagði á það nokkra áherslu. Mér sýnist þannig að afgreiðsla vegáætlunar eigi að verða fljótlegri og einfaldara mál en ef um verulegan niðurskurð fjármagns til nýrra framkvæmda hefði verið að ræða.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Mér hugnaðist nokkuð vel hluti úr ræðu hæstv. ráðh. þegar hann fór almennum orðum um vegamálin og nauðsyn framkvæmda í vegamálum og hvað við Íslendingar hefðum dregist aftur úr á því sviði. Þeim mun meira varð ég undrandi yfir því að heyra hæstv. ráðh. segja að hann teldi 22% hækkun frá 1979 í nýframkvæmdum vega viðunandi á sama tíma sem skattar á umferðina hafa aukist svo gífurlega að þess munu sjálfsagt fá dæmi í veröldinni að slíkt hafi gerst.

Ég vil líka benda hæstv. ráðh. á að á þessum áratug hafa aldrei verið jafnlitlar framkvæmdir í vegamálum og á árinu 1979. Þess vegna er viðmiðun hans við árið 1979 og að hann telji vegaframkvæmdir á þessu ári „viðunandi“ alveg fráleit. Ég vil benda hæstv. ráðh. á að í ár er ætlunin að verja um það bil svipuðu fjármagni að raungildi til vegamála og á árunum 1975—1978, í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, en þá voru skattar á umferðina allt aðrir en nú er. Ég mun fara frekar út í þetta síðar í ræðu minni.

Einnig er á það að líta, að á þessu ári næst 22% magnaukning frá því í fyrra einvörðungu með nýjum lántökum. Svo ill eru viðskipti ríkissjóðs við Vegasjóð að það eru einvörðungu lántökur sem standa undir þessari magnaukningu. Þess vegna finnst mér, þegar hæstv. ráðh. mælir fyrir till., sem hér er til umr. og um að skerða framlög til vegamála frá núgildandi vegáætlun um 4.5 milljarða, og segir, að hann telji það sem samgrh. viðunandi, að ummæli hans séu alveg furðuleg. Mér finnst þetta undarlegt — ekki síst þegar haft er í huga að í málefnasamningnum stendur ef ég man rétt: „Staðið skal við fyrirliggjandi vegáætlun fyrir árin 1980—82.“ Ég vil spyrja hæstv. ráðh. og raunar fleiri hv. þm., eins og t. d. hv. þm. Eggert Haukdal sem því miður hefur ekki séð ástæðu til að vera viðstaddur umræður um vegamál hér, hvort þeir telji að þarna sé verið að standa við málefnasamning hæstv. ríkisstj. í vegamálum.

Þegar vegáætlun fyrir 1980—82 var til umr. fyrir réttu ári skrifuðum við Pálmi Jónsson og Ellert Schram, sem þá vorum fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn., undir nál. með fyrirvara. Í nál. segir:

„Þeir vilja taka fram, að vegna ákvörðunar ríkisstj. um stórfelldan niðurskurð á framlögum ríkissjóðs til vegamála á þessu ári mun verða um 15% magnminnkun nýbygginga vega í landinu frá því í fyrra, þrátt fyrir gífurlega auknar skattaálögur á umferðina. Síðari ár vegáætlunar er stefnt í nokkra magnaukningu vegaframkvæmda, án þess að minnsta tilraun sé gerð til þess að ríkisstj. og Alþ. móti stefnu í fjáröflun til þess á annan hátt en gera ráð fyrir nýjum lántökum."

Í ræðu, sem ég hélt við afgreiðslu vegáætlunar í fyrra, benti ég á þennan annmarka. Ég benti á stórfellda skattahækkun á umferðina og að hún rynni til eyðslu ríkissjóðs og að á árunum 1980—82 væri ríkisframlag algerlega fellt niður úr vegáætlun, en framlag ríkissjóðs til vegamála var á föstu verðlagi í fyrra 2015 millj. kr. 1977 og árið 1978 2160 millj., en einungis 580 millj. í fyrra og síðan var það fellt út úr áætluninni eins og hún er nú í gildi. En ég skal taka það fram, að í þessari áætlun er gert ráð fyrir 1000 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði, sem mundi jafngilda 670 millj. á verðlagi ársins 1979.

Hér gildir einu þó að fjármagnskostnaður af lánum, sem ríkissjóður stendur straum af, sé tekinn inn í dæmið, vegna þess að á þessum árum hefur þessi fjármagnskostnaður verið í kringum 2000 millj. kr. á föstu verðlagi og er það enn. Þá stefnu gildandi vegáætlunar í vegamálum að ná framkvæmdamagni árið 1980 sem jafngilti meðaltalsframkvæmdamagni áranna 1970—1979 og 5% aukningi árin 1981 og 1982 átti að framkvæma þrátt fyrir að fella átti niður framlag ríkissjóðs til vegamála og án þess að gera ráð fyrir að markaðir tekjustofnar breyttust, en til að brúa bilið er í gildandi áætlun ákveðið að taka meiri lán. Á þetta benti ég og við fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. og um þetta sagði ég orðrétt í ræðu:

„Það kemur í hlut þeirra, sem fara með ríkisfjármál 1980—1982, að útvega það fjármagn sem þarf til þess að standa við þá vegáætlun sem hér er til umræðu."

Ég verð að játa að mér datt síst í hug að hæstv. fyrrv. samgrh., sem mælti fyrir vegáætlun 1980—82 og hrósaði sér yfir því að brjóta í blað í vegamálum, yrði nú ordinn fjmrh. og stæði í því að skera vegáætlunina niður að raungildi um 4.5 milljarða á þessu ári, en það er skýrt tekið fram í grg. með þessari till., að vegáætlunin er skorin niður um 4.5 milljarða. Í grg. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Til að verðbæta áætlunina að fullu" — þá er átt við áætlunina sem samþykkt var í fyrra fyrir 1980 — „og greiða halla á nokkrum bundnum liðum frá 1979 (aðallega vetrarviðahaldi) þyrftu heildarútgjöld að hækka um 6.5 milljarða kr.

Á þessu stigi þykir ekki fært að auka útgjöld svo mikið, og frestast því um sinn að ná þeim markmiðum í magnaukningu, sem að var stefnt. Till. gerir ráð fyrir aukningu um 2 milljarða kr. Sá magnsamdráttur frá upphaflegri áætlun, sem þannig verður í ár, bitnar á þeim liðum sem mest var bætt við í áætluninni, þ. e. nokkuð á sumarviðhaldi, en þó einkum á nýjum framkvæmdum í vega- og brúagerð."

Þessi skerðing frá vegáætlun, sem samþykkt var í fyrra, kemur þannig fram að almenn verkefni í nýbyggingu vega, ef frá eru talin Borgarfjarðarbrú og Önundarfjörður, skerðast að verðgildi um 2 milljarða 464 millj. kr. eða um 24.4%. Nýbyggingar brúa skerðast enn meira. Þar er skerðing um 400 millj. eða 40%. Til sumarviðhalds verður 1600 millj. kr. minna og til vetrarviðhalds 600 millj. kr. minna en upphaflega var gert ráð fyrir í áætluninni 1980.

Á árinu 1979, fyrsta ráðherraári hæstv. fyrrv. samgrh. og núv. hæstv. fjmrh., Ragnars Arnalds, urðu minnstar vegaframkvæmdir sem orðið hafa í landinu á þessum áratug. Hæstv. ráðh. talaði því um að brjóta í blað í vegamálum á árinu 1980 og skyldi þá náð því marki að framkvæmdamagn í nýbyggingum vega og brúa skyldi vera að raungildi sama og meðaltal áratugsins frá 1970. Hvernig verður nú í þetta blað brotið þegar tillaga er komin fram um skerðingu vegáætlunar í fyrra að raungildi um 4.5 milljarða?

Það má heita, eins og ég sagði áðan, að nákvæmlega jafnmiklu fé sé að raungildi varið til vegamála í ár og í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Meðaltalsframlög til nýbygginga vega árin 1975—78 voru að raungildi, miðað við verðlag í ár, 11 milljarðar 200 millj. kr. En samkvæmt þáltill. um endurskoðaða vegáætlun, sem er til umr., er áætlað að verja til þessa 11.4 milljörðum kr., sem sagt nákvæmlega sömu upphæð. Þetta er öll stökkbreytingin sem stefnt var að í vegamálum á sama tíma sem skattar á umferðina hafa aukist svo gífurlega umfram verðlag að heimsmet hefur verið slegið.

Það er athyglisvert við þessa vegáætlun, að eina framkvæmdin, sem ætlunin er að standa við samkv. gildandi vegáætlun, er Borgarfjarðarbrú. Það má því segja að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að standa við málefnasamning sinn að því er varðar vegamál um þetta eina verkefni. Það var athyglisvert, að fram kom í ræðu hæstv. ráðh. að þetta bitnar á öðrum sérverkefnum úti um allt land. — Ég sé að hæstv. landbrh. er kominn hér. Hann verður sjálfsagt kátur yfir því að þetta dregur úr fjárframlögum til vegaframkvæmda um Héraðsvötn, sem eru sérverkefni.

Það er einnig athyglisvert við till., sem hér er til umr., eins og kom glöggt fram í máli hæstv. ráðh., að það er dregið stórlega úr viðhaldi vega miðað við það sem stefnt var að. Sumarviðhald verður einungis 73% af því sem Vegagerð ríkisins áætlar að þörf sé á. Vetrarviðhald er þó skorið sérstaklega niður, langt umfram öll eðlileg mörk. Upplýst er að næsta haust þurfi að verða eins snjólétt og seinni hluta þessa vetrar á öllu landinu til þess að sú upphæð hrökkvi til sem hér er á blaði. Spurningin er hvort hæstv. ríkisstj. ætlar að setja brbl. um að næsti vetur verði jafnsnjóléttur og þessi.

Ég verð að segja alveg eins og er, að mér er ekki hlátur í hug í þessu máli að því er varðar vetrarviðhaldið. Það er víða svo, að vetrarviðhaldi er áfátt og þörf á meiri snjómokstri til þess að íbúar stórra byggðarlaga komist leiðar sinnar á vetrum. Þess vegna er hér ekki um að ræða einungis samgöngumál, heldur nánast mannréttindamál. Víða er það svo, að fólk getur ekki komist til læknis nema samgöngur séu í lagi. Hér er því um að ræða alveg fáránlega hugmynd, að skera vetrarviðahld niður með þessum hætti. Mér er líka til efs að það hafi verið ætlunin. Hins vegar kom það fram í máli hæstv. ráðh., að hann lagði metnað sinn í að nýbyggingar vega yrðu ekki skornar niður frá gildandi vegáætlun að krónutölu til milli þessarar till. og gildandi vegáætlunar. Það mun hafa ráðið því, að ráðist var þarna á garðinn, að mér finnst þar sem hann var lægstur fyrir að öðru leyti í vegáætlun.

Í fyrra, þegar vegáætlun fyrir 1980—82 var til umr., fór hæstv. þáv. samgrh. og núv. hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, nokkrum orðum um þann málflutning minn að fjáröflun til að standa við vegáætlun væri í raun botnlaus og að það kæmi í hlut þeirra, sem færu með ríkisfjármál 1980—82, að útvega fjármagn til að standa við stefnu áætlunarinnar um vegaframkvæmdir. Hæstv. ráðh. sagði í þessu sambandi orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hv. þm. Lárus Jónsson hafði miklar áhyggjur af því, að tölurnar fyrir árið 1980 væru úr lausu lofti gripnar, vegna þess að ekki væri í smáatriðum gerð grein fyrir því, hvernig fjárins skyldi aflað.“ Og enn sagði hæstv. ráðh.: „Ég tel hins vegar að þarna þurfi ekki að vera um neitt sérstakt áhyggjuefni að ræða.“

Og svo bætti hæstv. ráðh. við, þegar hann er búinn að tala um nauðsyn þess að viðhalda verðgildi markaðra tekjustofna:

„Ef við gerum síðan ráð fyrir því einnig, að ríkisframlög verði svipuð, miðað við óbreytt verðlag, eins og var á árunum 1972—78, en þá var um að ræða ríkisframlag á hverju ári sem nam frá 1400 og upp í 1700 millj. kr. á ári hverju miðað við verðlag ársins 1978, þá virðist mér, án þess að ég sé að sundurliða það í smærri atriðum, að ekki þurfi að vera um að ræða meiri lántökur til vegagerðar á árinu 1980 til þess að uppfylla þann ramma, sem fyrir liggur, en oft hefur áður verið.“

Hér kemur hæstv. ráðh. að kjarna málsins, þ. e. raunverulegum framlögum ríkissjóðs til vegaframkvæmda. Það kom nefnilega í ljós, að ástæða var til að hafa áhyggjur af þessu, jafnvel þó svo skemmtilega vildi til að hæstv. samgrh. yrði fjmrh. og það kæmi í hans hlut að stýra framlögum ríkissjóðs til vegaframkvæmda á árinu 1980, þegar hann ætlaði að brjóta í blað í vegamálum. Beint framlag ríkissjóðs til vegaframkvæmda á þessu ári er 1000 millj. kr. á núverandi verðlagi samkv. þáltill. Þetta framlag var 1978, þegar sjálfstæðismenn réðu ríkisfjármálunum, á núgildandi verðlagi 3200 millj. kr. Þótt fjármagnskostnaði, sem ríkissjóður greiðir af lánum til vegagerðar, sé bætt við bæði árin breytir það ekki þessari mynd, því að hann er svipaður á föstu verðlagi samkv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins.

Á þessu tímabili, milli áranna 1978 og 1980, hafa skattar af bensíni aukist umfram verðlagshækkanir um 10 milljarða kr. Þessir skattar nema alls á verðlagi fjárlaganna 29 milljörðum í ár. 1978 fóru 51% af þessum sköttum til vegaframkvæmda. Samkv. því ætti að verja nú 14 800 millj. kr. af bensínsköttum til vegagerðar. Samkv. þessari till. á einungis að verja 11 milljörðum kr. til vegagerðar. Í því sambandi var fróðlegt að heyra hæstv. samgrh. segja að hann væri þeirrar skoðunar, að það ætti að verja öllum sköttum af bensíni til vegagerðar. Hann hefur gert tillögu um að 11 milljörðum af 29 verði varið til vegagerðar, 3.8 milljörðum minna eftir sama hlutfalli en gert var 1978. Samtals eru bæði ríkisframlög og skattar af bensíni með þessari till. og stefnu í fjárlögum skert um hvorki meira né minna en 6 milljarða kr. að raungildi frá því 1978. Ég sé að hv. þm. Alexander Stefánsson hristir höfuðið. Ég skal rekja þetta nánar.

Ef 51% af sköttum af bensíni væri varið til vegamála í ár kæmi til framkvæmda í vegamálum 3800 millj. kr. meira en er í þessari till., og ef ríkið borgaði sama hlut í Vegasjóð og það gerði 1978 kæmu 3200 millj. kr. í hlut Vegagerðarinnar eða 2200 millj. kr. meira en í þessari áætlun. Samtals er þarna um 6 milljarða kr. að ræða. Hæstv. ríkisstj. væri ekki í neinum vandræðum með að standa við þá vegáætlun sem er í gildi ef hún hefði varið þessum fjármunum til vegagerðar, en eyddi þeim ekki í eyðsluhít ríkissjóðs, en það er hæstv. fyrrv. samgrh. að gera núna og raunar ríkisstj. öll. Hún er að taka þessa 6 milljarða og eyða í annað, í útþenslu ríkisbáknsins, í eyðslu ríkissjóðs.

Þetta er dapurleg niðurstaða þegar á það er að líta, eins og hæstv. ráðh. kom hér inn á, að sjálfsagt eru vegamálin eitthvert allra arðbærasta félagslega mál sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir. Það er upplýst að bundið slitlag á nýjum olíumalarvegi borgar sig á 6—7 árum. Það er upplýst að það sparar 19% í bensíni, 170% í viðhaldi hjólbarða og 45% í viðhaldi bifreiða. Að meðaltali er slit bifreiða 63% meira á malarvegi en vegi með bundið slitlag. Og þegar haft er í huga, að Vegagerð ríkisins telur að á 2000—2500 km af íslensku vegakerfi sé arðbært að leggja bundið slitlag, sést hversu gífurlegt verkefni hér er fram undan fyrir okkur Íslendinga. Ég hika ekki við að halda því fram að þetta sé mesta félagslega verkefni sem við stöndum frammi fyrir og arðbærasta félagslega verkefnið sem við stöndum frammi fyrir við hliðina á orkumálum. Og samt segir hæstv. ráðh. efnislega: Ég er bara ánægður með það, á sama tíma sem skattar á umferðina hafa margfaldast, að sitja í sama farinu og 1975—78, þegar þessir skattar voru miklu, miklu minni og þegar ríkissjóður lagði í raun 6 milljörðum meira til vegamála á núgildandi verðlagi en hann gerir nú.

Herra forseti. Kjarni þáltill. um breytingar á núgildandi vegáætlun felst í eftirfarandi meginatriðum:

1) Gildandi vegáætlun er skorin niður um 4.5 milljarða kr. að raungildi. Það er í mínum huga skýlaust brot á stjórnarsáttmálanum.

2) Niðurskurður á fé til vetrarviðhalds í snjóþungum héruðum er fáránlegur og ófélagslegur í hæsta máta.

3) Ríkisframlög til vegagerðar af bensínsköttum o. fl. eru skorin niður miðað við 1978 um 6 milljarða kr. á núgildandi verðlagi. Það fé er notað til almennrar eyðslu ríkissjóðs.

4) Þrátt fyrir hrikalegar hækkanir skatta á umferðina, svo skiptir á annan tug milljarða á tveimur árum, verður framkvæmdamagn í nýbyggingu vega og brúa hliðstætt og meðaltal áranna 1975—78.

5) Þetta framkvæmdamagn næst því aðeins að taka 2 milljörðum kr. meira lán en í fyrra, svo hrikalegur er viðurgerningur ríkissjóðs við vegamálin.

Þetta er því miður, herra forseti, ekki fallegur lestur, en þetta er nú einu sinni eins og hæstv. ríkisstj. hugsar sér að standa að vegamálum samkv. þessari þáltill.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til fjvn. með 40 shlj. atkv.

Iðnaður á Suðurlandi, þáltill. (þskj. 324). — Ein umr.

Flm. (Sigurður Óskarsson): Herra forseti. Á þskj. 324 hef ég ásamt hv. 9. landsk. þm., Guðmundi Karlssyni, leyft mér að flytja till. til þál. um eflingu iðnaðar á Suðurlandi. Með leyfi forseta, hljóðar þáltill. á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um gerð

iðnþróunaráætlunar fyrir Suðurland. Áætlunin verði stefnumótun ríkisvaldsins og heimamanna um framtíðarþróun atvinnulífs á Suðurlandi.

Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir þörfinni á nýjum atvinnutækifærum á Suðurlandi næstu tíu árin og hvernig hagkvæmast er að mæta henni. Gerð skal athugun á möguleikum starfandi atvinnugreina til vaxtar. Einnig skal athuga ný iðnaðartækifæri sem til greina koma á Suðurlandi.

Í áætluninni er bent á leiðir til þess að efla iðnað. Gera skal grein fyrir því, hvaða þörf er á framkvæmdum hins opinbera í stoðkerfum atvinnulífsins, svo sem orkumálum og samgöngumálum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins verði falið að gera áætlun þessa í sem nánastri samvinnu við Sunnlendinga. Til að fylgjast með verkinu og móta það verði skipuð áætlunarnefnd fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi."

Eins og fram kemur í upphafi grg. með þessari till. hefur Suðurland ekki haldið hlut sínum í heildarfjölda landsmanna. Um síðustu aldamót bjuggu á Suðurlandi 17% landsmanna, en árið 1979 aðeins 8.6% af íbúum landsins, 19 462 manns. Þannig hefur þróunin orðið í blómlegustu landbúnaðarhéruðum landsins, — héruðunum sem meginhluti raforku landsmanna er framleiddur í, héruðunum sem eiga strendur að einum auðugustu fiskimiðum veraldarinnar, héruðum sem fætt hafa og alið upp ungt fólk til að flytja til annarra landshluta sem lífvænlegri lífskjör hafa boðið.

Því hefur oft verið haldið fram, að landbúnaðarhéraðið Suðurland haldi ekki hlut sínum hvað varðar íbúafjölda vegna breyttra búskaparhátta og tæknivæðingar sveitanna. Að sjálfsögðu þarf nú færri hendur til að sinna framleiðslu landbúnaðarvara en áður var. En það svar er ekki fullnægjandi og þéttbýlisstaðir á Suðurlandi hafa ekki megnað að byggja upp vinnumarkað til að taka við nema hluta þess ungs fólks sem komið hefur á vinnumarkaðinn á síðustu áratugum.

Eins og fram kemur í töflum í grg. með þeirri till., sem hér er flutt, er skipting íbúafjölda á Suðurlandi eftir þéttbýlisstigi þannig: Bæir með yfir 1000 íbúa eru þrír, íbúar samtals 9 184. Þéttbýli með 200—1 000 íbúa eru á sex stöðum með 3 431 íbúa samtals. Þéttbýli með innan við 200 íbúa er á sjö stöðum, samtals 641 íbúi. Í sveitabyggð eru 6 026 íbúar.

Í annarri töflu, sem fylgir grg., má einnig sjá hvernig þessi landshluti sker sig úr miðað við landið allt um hátt hlutfall ungs fólks.

Nú hefur enginn reynt að halda því fram, a. m. k. ekki mér vitanlega, að fólk flytjist frá Suðurlandi af ævintýraþrá einni saman eða vegna þess að því líki ekki landkostir eða veðurfar. Einhver hlýtur þó ástæðan að vera. Ástæðan er einfaldlega sú, a. m. k. að mínu mati og margra annarra, að fólk hefur flust á brott frá þessum landshluta möguleikanna vegna þess að það hefur ekki mátt nýta þessa möguleika fyrir þá sem þar búa. Fólk flytur frá þessum landshluta vegna þess að það eygir annars staðar tryggari afkomumöguleika sér og sínum til handa. Sú þróun, sem ég hef bent á hér varðandi íbúafjölda á Suðurlandi, hefur orðið hvað átakanlegust á síðasta áratug þrátt fyrir verulegan vinnumarkað á hálendi Suðurlands við virkjanaframkvæmdir, sem sumir hafa viljað halda fram að leysti allan vanda Sunnlendinga og því væri ástæðulaust að hafa áhyggjur af atvinnuþróun þar.

Á árunum 1972—1977 fækkaði um 81 mann í störfum við framleiðslugreinar á Suðurlandi. Á sama tíma fjölgaði slíkum störfum um 6 600 í landinu í heild. Heildarmannafli á Suðurlandi hefur á fyrrnefndu fimm ára tímabili aðeins aukist um 2.9%, en á landinu öllu um 12.3%. Aukning mannafla á Suðurlandi á þessum árum er nærri þrisvar sinnum hægari en í nokkru öðru héraði landsins. Á þessu tiltekna árabili, þegar á Suðurlandi voru framkvæmdar stófelldar virkjana- og vatnsmiðlunarbyggingar, fluttu burt þaðan 888 menn umfram aðflutta. Þetta er mesti byggðaflótti á þessum tíma og jafngildir hlutfallslegri fækkun íbúa um 0,4%.

Hvað tekjuþróun á Suðurlandi varðar hefur hún verið mjög óhagstæð undanfarin ár. Á töflu, sem fylgir grg. þessarar þáltill., kemur að vísu fram að Vestmannaeyjar hafa hæstu meðaltekjur, en frá 1977 hefur fastalandið á Suðurlandi, Árnes- og Rangárvallasýslur og Vestur-Skaftafellssýsla, verið allra landshluta verst sett hvað meðaltekjur varðar. Og þótt meðaltekjur í Vestmannaeyjum hafi á þessum árum verið háar er ljóst að ekkert má út af bera hvað aflabrögð varðar eða markaði fyrir sjávarafurðir. Það atriði út af fyrir sig, hve vinnumarkaður í Vestmannaeyjum er einhæfur og nálega að öllu leyti háður útgerð og aflabrögðum, þarfnast sérstakrar athugunar.

Á 5. þingi Alþýðusambands Suðurlands, sem haldið var 10. og 11. febr. 1979, var samþ. ályktun um atvinnumál sem ég tel dæmigerða fyrir umræður og ályktanir fólks almennt um þessi mál á Suðurlandi á síðustu árum og er svo, með leyfi forseta:

„Fimmta þing Alþýðusambands Suðurlands telur að á kerfisbundinn hátt og með öflugri sjóðamyndun skuli unnið að eflingu atvinnurekstrar og allsherjar uppbyggingu í öllum héruðum landsins þar sem skilyrði eru til arðbærrar framleiðslu. Atvinnufyrirtækjum og sveitarfélögum sé jafnframt tryggð nauðsynleg fjárhagsaðstoð þegar tímabundið atvinnuleysi og efnahagsörðugleikar steðja að. Fullt tillit sé ævinlega tekið til félagslegra aðstæðna og félagslegra viðhorfa.

Þingið telur að á Suðurlandi eigi, auk þess að tryggja framfarir í hinum hefðbundnu atvinnugreinum: landbúnaði og sjávarútvegi, að leggja sérstaka áherslu á stóriðnað við uppbyggingu hvers konar iðnaðar, svo sem hagnýtingu jarðvarmans í Hveragerði til sykurhreinsunar, jarðefnaiðnaður á þeim svæðum austanfjalls þar sem skilyrði eru best, stórauka vinnslu úr sláturafurðum heima í héraði og unnið verði markvisst að aukinni hagnýtingu sjávarafla með fullnýtingu alls afla sem á land berst.

Þingið harmar þá þróun, sem átt hefur sér stað hvað varðar fullnaðarvinnslu landbúnaðarafurða á Suðurlandi, og átelur þá forustumenn bænda sem látið hafa ginnast af sjónarmiðum sem stuðla að auknu atvinnuleysi í landbúnaðarhéruðum Suðurlands og fólksflótta til annarra landshluta.

Haldið skal áfram virkjunum stórfljóta sunnlenskra héraða með byggingu orkuvera sem verði hagkvæmur aflgjafi fjölþætts atvinnurekstrar á Suðurlandi. Unnið verði markvisst að gagngerðum endurbótum á dreifikerfi rafveitna á Suðurlandi og heimilum séð fyrir nægri raforku á sanngjörnu verði. Tryggð sé næg raforka til húshitunar í þeim sveitarfélögum, sem ekki hafa jarðvarma, og við verðlagningu þeirrar raforku sé tekið mið af hagstæðustu kjörum við upphitun á hitaveitusvæðum.

Þingið telur, að skapa verði verslun og þjónustu á Suðurlandi eðlilega samkeppnisaðstöðu og vaxtarskilyrði, og bendir í því sambandi á nauðsyn þess, að verðlagning símagjalda og flutningskostnaðar nauðsynjavöru sé samræmd og jöfnuð.

Þingið telur að sérstaka áherslu beri að leggja á að hiklaust verði haldið áfram uppbyggingu vegakerfisins á Suðurlandi, enda hafa íbúar í sunnlenskum héruðum ekki að öðru að hverfa hvað samgöngur varðar. Áherslu ber að leggja á að staðið verði við fyrirheit af hálfu stjórnvalda um að hafist verði handa við byggingu brúar á Ölfusárós, svo að nýtingarmöguleikar hinnar fullkomnu hafnar í Þorlákshöfn og fiskvinnslustöðva austan Ölfusár aukist."

Þá samþykkti stjórn Alþýðusambands Suðurlands 13. apríl s. l. svo hljóðandi ályktun um stefnu og vinnubrögð varðandi þessi mál, með leyfi forseta:

„Fundur stjórnar Alþýðusambands Suðurlands, haldinn á Selfossi sunnudaginn 13. apríl 1980, skorar á fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi Íslendinga að þeir beiti sér fyrir því, að ríkisstj. skipi vinnumarkaðsnefnd fyrir Suðurland sem hafi að verkefni m. a. eftirfarandi: Könnun á ástandi og horfum varðandi vinnumarkaðsmál í Suðurlandskjördæmi. Könnun á vinnumarkaðsuppbyggingu í Suðurlandskjördæmi, m. a. með hliðsjón af nýtingu landkosta og fiskimiða, samgöngumálum og nýtingu sveitarfélaga á lögbundnum fjárframlögum til atvinnuuppbyggingar og félagslegra framkvæmda. Könnun á raforkuverði og orkuverði almennt í kjördæminu. Könnun á framkvæmd vinnumiðlunar á vegum sveitarfélaganna.

Nefndin starfi í samvinnu við viðkomandi samtök aðila vinnumarkaðarins á Suðurlandi og samtök sveitarfélaga, eftir því sem við verði komið, og ljúki störfum fyrir 1. maí 1981. Þá skal nefndin leggja fram skýrslu varðandi störf sín og niðurstöður fyrir ríkisstjórn Íslands."

Þá vil ég geta þess, að kjördæmisráð Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi samþykkti á aðalfundi sínum, sem haldinn var í Vestmannaeyjum 12. apríl s. l., ályktanir varðandi atvinnuuppbyggingu, atvinnuþróun og orkumál í Suðurlandskjördæmi. Í þeim ályktunum er hvatt til að fram fari á vegum stjórnvalda ítarleg könnun þessara mála og með hliðsjón af niðurstöðum verði gerð atvinnuþróunaráætlun fyrir Suðurland. Þá hafa sveitarstjórnir, sýslunefndir og verkalýðsfélög á Suðurlandi einnig ályktað um þessi mál og bent á nauðsyn aðgerða varðandi orku- og atvinnumál á Suðurlandi.

Þörf fyrir ný atvinnutæki í þessum landshluta er mjög brýn og með þessari þáltill. er brugðið á það ráð að samstilla sunnlenskt átak í iðnþróun með gerð áætlunar fyrir allan landshlutann. Þá er lagt til að áætlun þessi verði unnin af byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins með virkri og formlegri samvinnu við aðila vinnumarkaðarins á Suðurlandi og samtök sveitarfélaga þar. Byggðadeild hefur á undanförnum árum unnið að almennri áætlanagerð á Suðurlandi, m. a. gert byggðaáætlun fyrir Vestmannaeyjar og iðnþróunaráætlun fyrir Rangárvallasýslu. Hér er lagt til að hinn mikilvægi þáttur iðnaðar í framtíðarþróun á Suðurlandi verði tekinn fyrir sérstaklega og fyrir allan landshlutann til samræmingar og eflingar. Það er alveg ljóst, að við það verður ekki unað að lífskjör í þessum landshluta og framtíðarmöguleikar ungs fólks þar séu með þeim hætti að fólksflótti þaðan verði nokkuð sem sjálfsagt og eðlilegt er talið, meira að segja á þeim tímum sem orkuöflunarmöguleikar þessa héraðs eru nýttir til að byggja upp vinnumarkaði í öðrum landshlutum, — vinnumarkaði sem byggjast á sunnlenskri orku á lágu verði meðan sunnlensk fyrirtæki og einstaklingar búa við orkuokur.

Í þessari till. er því lýst á hvern hátt flm. hugsa sér að áætlunin eigi að vera. Mörg undanfarin ár hefur Alþ. ályktað að gerðar skuli áætlanir fyrir héruð og atvinnugreinar án þess að ljóst sé til hvers er ætlast eða hvaða hlutverki viðkomandi áætlun er ætlað að gegna. Þá hefur oft verið óljóst á hvern hátt áætlanir skuli framkvæmdar, hver sé staða þeirra gagnvart framkvæmdavaldi, hver skuli framkvæma þær og í hve miklum mæli skuli tekið tillit til þeirra.

Svo að áætlanagerð verði raunhæf þarf að vera ljóst frá upphafi í hve miklum mæli opinberar framkvæmdir og útlán fjárfestingarsjóða skuli taka mið af því sem í áætlununum stendur. Við gerð þessarar áætlunar mun Sunnlendingum gefast tækifæri til að fá yfirsýn yfir þá atvinnustarfsemi sem fyrir er á Suðurlandi og hvers hún er megnug til vaxtar. Einnig verður að gera grein fyrir helstu nýiðnaðarmöguleikum, þeim sem hægt er að sjá fyrir. Þá er mikilvægt að fundnir verði farvegir og aðgerðir til eflingar iðnþróun. Fólk á Suðurlandi vill setja markið hátt um framtíð síns landshluta og sættir sig ekki við þróun undangenginna ára í vinnumarkaðsuppbyggingu og vannýtingu möguleika þessa landshluta fyrir þá sem þar búa.

Við þær athuganir á möguleikum starfandi atvinnugreina til vaxtar, sem till. þessi gerir ráð fyrir að framkvæma skuli, verður óhjákvæmilega að fara fram ítarleg samanburðarkönnun orkuverðs. Sú mismunun á orkuverði, sem nú á sér stað milli einstakra byggðarlaga á Íslandi, er stórfelld mismunun lífskjara. Alvarlegust er þessi kjaraskerðing á þeim landssvæðum þar sem jarðvarmaorka er ekki fyrir hendi eða ekki nýtanleg. Ég held því fram hér úr ræðustól á hv. Alþ. að Sunnlendingar búi við orkuokur, á sama tíma og vinnumarkaðir og heimili annarra landshluta njóta ódýrrar raforku úr sunnlenskum fallvötnum. Vil ég, með leyfi forseta, nefna nokkur dæmi úr samanburðarskýrslu sem verkalýðsfélagið Rangæingur hefur látið gera á kyndingarkostnaði og er dæmigerð fyrir það ástand sem meginhluti Sunnlendinga býr við í þeim efnum. Þar kemur m. a. fram, að kynding á úttektarhúsinu, sem er 420 rúmmetra einbýlishús, miðað við verðlag 1. febr. 1980 er eftirfarandi:

Ársnotkun: Með olíu kostar 1 millj. 139 þús. 600 kr. að kynda þetta hús. Þegar dreginn hefur verið frá olíustyrkur miðað við fjögurra manna fjölskyldu er þessi kostnaður 848 400 kr. Með rafmagni á raftaxta 41 kostar kyndingin á þessu húsi 682 104 kr. Sambærileg orka á taxta Hitaveitu Reykjavíkur, svo að dæmi sé nefnt, kostar 168 965 kr.

Varðandi orkukostnað vegna almennrar heimilisnotkunar er niðurstaða könnunar sú, að í kauptúni á Suðurlandi, sem býr við RARIK-taxta, er árleg heimilisnotkun 189 198 kr., en sama orka, svo að dæmi sé tekið, frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur kostar 89 848 kr.

Í þessari samanburðarkönnun kemur fram að verkamaður á þriðja taxta verkamannalauna ver 5.3% árslauna sinna til kyndingar með hitaveitu samkv. taxta Hitaveitu Reykjavíkur og öðrum sambærilegum. Búi hann við olíukyndingu eyðir hann 26.6% árslauna sinna og með rafkyndingu 21.4%. Sé síðan tekið tillit til hærri

stofnkostnaðar olíukyndingar og annarra tengdra þátta jafngildir þessi aðstöðumismunur því, að taxtar verkafólks, sem við þetta ástand býr á Suðurlandi og reyndar annars staðar þar sem sama ástand ríkir, þurfi að hækka um 26.6% svo kjarajöfnuður vegna þessa náist, og er þá ekki tekið tillit til skattahækkana og útsvarshækkana sem slíkt mundi hafa í för með sér.

Það er ljóst, að þetta ástand er ekki einskorðað við Suðurlandið, eins og ég nefndi áðan, og því hlýtur að vera eðlilegt og sjálfsagt að gerð verði heildarkönnun á orkuverði á landinu öllu og þar komi skýrt fram hver kjaramismunun felst í mismun á orkuverði. Það getur ekki verið nein heilög kenning eða sjálfsagt og eðlilegt að einstakir landshlutar eða stór áhrifasvæði fleyti rjómann af auðlindum þessa lands. Meðan verðlagning raforku er með þeim hætti, sem nú er, og meðan þeir, sem verða að nota hana til húskyndingar vegna þess að þeir eiga ekki annarra kosta völ nema þá olíu, greiða fjórum sinnum hærra verð en þeir sem nota jarðvarma, verður ekki mikilla framfara og hagsældar að vænta á þeim landssvæðum þar sem slíkt ástand ríkir.

Það er einnig hætt við að slíkt ástand kalli á ófrið á vinnumarkaði og illleysanlegar deilur vegna lélegra lífskjara einstaklinga og lélegrar afkomu atvinnufyrirtækja, ekki síst á bökkum þeirra fallvatna sem nær öll raforka á Íslandi er framleidd úr. Svo má velta vöngum yfir því hvort sú ósk Sunnlendinga að fá steinullarverksmiðju á Suðurlandi er ósanngjörn eða óeðlileg í atvinnulegri og kjaralegri vannæringu þessa landshluta. Suðurland verður ekki lengur rekið sem eins konar nýlenda í þessu landi, — nýlenda sem framleiðir ungt fólk á vinnumarkaði annarra landshluta, nýlenda sem framleiðir ódýra raforku fyrir aðra landshluta og lítt eða óunnar landbúnaðarafurðir. Það er óhjákvæmilegt að þegar í stað verði hafist handa og stefnan tekin í átt að markmiðum með skipulegum vinnubrögðum. Hina ýmsu þætti þarf að samhæfa svo sem kostur er og gera sér grein fyrir leiðum að markinu. Sunnlendingar hafa enga trú á að þá reki að réttu marki.

Herra forseti. Ég hef lokið framsögu minni með þessari till. og legg til að hún verði að lokinni umr. send atvmn. til umfjöllunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Leyfisveitingar til áætlunarflugs, þáltill. (þskj. 330). — Ein umr.

Flm. (Einar Kr. Guðfinnsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem ég hef leyft mér að flytja, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að athuga fyrirkomulag leyfisveitinga til áætlunarflugs. Verði sérstaklega haft í huga hvort unnt sé að fækka sérleyfum, en fjölga almennum leyfum til áætlunarflugs."

Samkv. íslenskum lögum þarf leyfi flugmálaráðh. til rekstrar reglubundinna loftferða í fjáraflaskyni yfir íslensku yfirráðasvæði, eins og það er orðað í lögum. Í þessum lögum er kveðið á um að leyfi þurfi einnig til annars flugs þó það sé ekki rekið til fjáröflunar. Segja má að í stórum dráttum séu leyfi til flugrekstrar í fjáröflunarskyni með tvennu móti: Annars vegar eru veitt almenn leyfi til þjónustu- eða leiguflugs, hins vegar til almenns áætlunarflugs eða sérleyfi á flugleiðum. Um þessar mundir hafa 14 aðilar flugrekstrarleyfi hér á landi í einhverri mynd. Af þessum hópi hafa 8 eingöngu leyfi til annars flugs en áætlunarflugs, en hér innanlands eru 5 félög sem halda uppi áætlunarflugi. Það eru Flugleiðir hf., Arnarflug hf., Flugfélag Norðurlands hf., Flugfélag Austurlands hf. og flugfélagið Ernir á Ísafirði. Auk þessara félaga annast Íscargo flugrekstur til útlanda.

Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, gilda dálítið misjafnar reglur um loftförin eftir því hvers konar flug er stundað. Að sjálfsögðu gilda strangar reglur um öryggi allra flugvéla samkv. lögum. Segir í þeim lögum að loftfar sé einungis lofthæft ef það uppfylli öryggiskröfur hvað varðar smíði, búnað og viðhald. Hins vegar, og það má teljast eðlilegt, breytast þessar reglur dálítið eftir eðli og tegund flugsins.

Það er mat þeirra, er til þekkja, að greinileg tilhneiging hafi verið í þá átt á undanförnum árum að veita fremur sérleyfi til áætlunarflugs en almenn leyfi. Með sérleyfum á ég við að einum flugrekstraraðila er gefið einkaleyfi á tilteknum flugleiðum. Þannig má nefna að Flugleiðir hf. hafa til að mynda sérleyfi á tilteknum flugleiðum og er þá öðrum aðilum bannað að halda þar uppi almennu áætlunarflugi. Önnur flugfélög hafa svo sérleyfi á öðrum flugleiðum.

Engin ástæða er til að draga úr því, að sérleyfishöfum eru lagðar þungar skyldur á herðar samkv. þeim reglum er í heiðri eru hafðar. Ber sérleyfishöfum t. d. að leggja inn flugáætlanir sínar til samgrn. tvisvar á ári. Að fengnu samþykki yfirvalda ber sérleyfishafanum að halda uppi reglubundnu flugi samkv. áætluninni. Gildir þá einu hvort flugvélar hans fljúgi hálftómar. Áætluninni ber honum að hlíta skilyrðislaust. Eins og á þessu sést felst í þessu mikil trygging fyrir farþega er fljúga á leiðum er lúta sérleyfum. Hugsunin á bak við sérleyfisveitingarnar virðist því ekki sist vera sú, að með þeim sé flugöryggi tryggt og samgöngur verði betri.

Að sjálfsögðu er mikið til í þessu. Á hinn bóginn ber að líta á það, að mikill fjöldi farþega ferðast um á milli hinna stærri staða. Ég nefni þar sem dæmi flugleiðirnar Reykjavík—Akureyri, Reykjavík—Egilsstaðir og Reykjavík—Ísafjörður. Fleiri flugleiðir mætti kannske tína til. Heilbrigð skynsemi segir okkur að þessar flugleiðir séu mjög vel samkeppnishæfar. Ekkert bendir til þess að öryggi þessara flugleiða mundi raskast þó að fleiri en einn aðili fengi flugrekstrarleyfi á þeim.

Ég nefndi flugleiðina á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Þannig er nú mál með vexti að í raun ríkir samkeppni á þessari flugleið. Eins og flestum er kunnugt starfar flugfélag á Ísafirði er nefnist flugfélagið Ernir hf. Flugrekstur þess er í höndum dugmikilla einstaklinga er hafa lagt mikið á sig til að halda uppi flugsamgöngum innan Vestfirðingafjórðungs. Þeir eiga nú tvær flugvélar. Flugsamgöngur til Ísafjarðar eru býsna erfiðar. Aðflug að Ísafjarðarflugvelli er strembið og lítið sem ekkert má bera út af til þess að flug verði að fella niður. Samgönur á milli Ísafjarðar og annarra landshluta eru mjög erfiðar, vegir eru tepptir stóran hluta ársins og skipakomur, þó mikið hafi batnað á síðustu árum, eru ekki til að treysta á til farþegaflutnings. Því má með sanni segja að Ísfirðingar og nágrannar þeirra séu mjög háðir flugi með allar samgöngur drjúgan hluta ársins.

Í vetur hefur borið á því, að oft og tíðum, þegar Flugleiðir hafa ekki getað flogið vegna óhagstæðra veðurskilyrða, hefur flugfélagið Ernir getað haldið uppi leiguflugi. Það ber ekki að skilja svo að stjórnendur Flugleiða hafi ekki viljað sinna skyldum sínum, öðru nær. Staðreyndin er bara sú, að flugvélar þær, sem Ernir eru með, geta flogið í mun verri veðrum en hinar stóru Fokker-flugvélar Flugleiða. Eftirspurn eftir sætum hjá flugfélaginu Örnum hefur því verið talsverð, og ég fullyrði og hygg það reyndar vera skoðun flestra sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál, að það hafi ekki dregið úr þjónustu á vegum Flugleiða, heldur þvert á móti bætt hana. M. ö. o.: þessi samkeppni, þó lítil sé, hefur bætt alla þjónustu á þessari flugleið.

Flugleiðin á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur er háð sérleyfum og þau hafa Flugleiðir hf. Ekkert getur hins vegar hindrað þetta litla flugfélag, Erni hf., í að halda uppi leiguflugi eins og það gerir núna. Það er mér ekkert launungarmál, að þetta flug frá Ísafirði varð kveikjan að þessari þáltill. Mér eins og öðrum var það gleðiefni að þessi samkeppni í fluginu skyldi verða til samgöngubóta. Á hinn bóginn rann mér til rifja að sjá hve samkeppnisaðstaðan er í raun ólík. Flugleiðir hafa einokunaraðstöðu, Ernir verða að heyja sitt flug undir erfiðum kringumstæðum og eiga á brattann að sækja. Það virðist því sanngirnissjónarmið að þarna sé liðkað til, sérleyfin verði afnumin og almenn áætlunarleyfi verði fremur veitt þeim er vilja taka að sér flugreksturinn á þessari leið. Og flugleiðin Ísafjörður—Reykjavík er ekkert einsdæmi. Fleiri fjölmennar flugleiðir hljóta að sigla í kjölfarið.

Algengasta viðbáran, sem heyrist þegar þessu máli er hreyft, er sú, að öryggisatriðum verði ekki fullnægt. Þessu vísa ég á bug. Ströng lög gilda um öryggi loftfara, eins og ég rakti fyrr í ræðu minni. Í raun og veru held ég að öryggi á flugleiðinni kynni að aukast ef fleiri en einn aðili annast flugið.

Eins og margir vita eru flugvélar ákaflega sérhæfð fyrirbæri. Sumar flugvélar eru hraðfleygar, aðrar þurfa stutta flugbraut, þær þriðju þola slæmt veður og þær fjórðu eru til annars betur fallnar. Þannig má lengi telja. Út frá hagkvæmnissjónarmiði hentar það öllum flugfélögum að hafa fáar flugvélategundir í þjónustu sinni. Með því má spara upphæðir fyrir viðhald og varahluti, eins og hver maður hlýtur að skilja. Á hinn bóginn geta fleiri flugfélög haft fleiri flugvélategundir sem hægt er að beita við mismunandi aðstæður. Af þessum sökum tel ég að flugöryggi mundi fremur batna en versna við það að veita fleiri aðilum leyfi til almenns áætlunarflugs.

Auk þessara sjónarmiða er það að mínum dómi hrein sanngirniskrafa, að fleiri en einn fái að hafa með höndum áætlunarflug til einstakra staða. Það er ekkert sem segir okkur að einn tiltekinn aðili geti haldið uppi ákjósanlegustu þjónustunni. Samkeppni, þar sem einum væri ekki hyglað umfram annan, mundi miklu betur leiða í ljós hver væri best hæfur og fallinn til starfans.

Loks vil ég nefna að mikið hefur verið talað um það á undanförnum misserum að flugrekstur og skyldir hlutir hefðu safnast á óeðlilega fáar hendur. Slíkt er auðvitað afstætt matsatriði hvers og eins. Ef við hins vegar lítum yfir hóp þeirra er hafa með höndum sérleyfi til áætlunarflugs getur að líta að af þeim fimm félögum, er leyfi hafa hér innanlands, eru fjögur að talsverðu leyti eða einhverju leyti a. m. k. í eigu sömu aðilanna: Flugleiðir, Flugfélag Norðurlands, Flugfélag Austurlands og Arnarflug. Menn greinir sjálfsagt á um þetta atriði, en það er skoðun mín að slíkt sé óeðlilegt. Mér er sagt að sumir setji sig í spor vandlætara og sakfelli Flugleiðir yfir græðginni. Að minni hyggju er nær að skoða skipan flugmálanna og velta fyrir sér hvort hún valdi ekki þessari valdasameiningu. Margir upplýstir menn erlendis fullyrða að valdasamþjöppun og auðhringasamsteypur verði fyrst og fremst til þar sem ríkið reisi mönnum skorður með leyfum, tollum, mismunandi sköttum og fyrirgreiðslu. Þessir menn tína til mýmörg dæmi þessu til sönnunar. Við fljótlega yfirsýn finnst mér þetta líkleg skýring, og ef við lítum á hinn íslenska raunveruleika virðist mér ekki fráleitt að óeðlileg valdasamþjöppun, sem sums staðar á sér vissulega stað í þjóðfélagi okkar, eigi rætur sínar að rekja til þess sem ég nefndi áður. Ég varpa því fram í þessu sambandi, hvort sú mikla samþjöppun, sem á sér stað í flugmálum okkar Íslendinga, geti ekki átt rætur sínar að rekja til þeirrar staðreyndar að flugið á Islandi er undirorpið endalausum leyfum sem a. m. k. sum hver virðast óþörf, eins og ég hef viljað benda á með þessum tillöguflutningi.

Herra forseti. Mál það, sem ég hef reifað hér, er vissulega innan þröngs sérsviðs. Ég hef hins vegar kosið að fjalla um það í nokkuð víðu samhengi. Ástæðan er sú, að ég lít á þetta sem nokkurs konar „prinsip"-mál. Um leið og ég læt í ljós þá ósk mína að það hljóti afgreiðslu stjórnvalda hið fyrsta, þá vænti ég þess, að það hrindi af stað umræðum um leyfisveitingar sem víða tröllríða þjóðfélagi okkar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 70. fundur.

Mánudaginn 28. apríl, kl. 8 síðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 325 (sbr. 219), frhn. 359 og 362, 338, 349, 360). — 3. umr. (útvarpsumr.)

Forseti (Helgi Seljan): Umræðan skiptist í tvær umferðir, þannig að hver þingflokkur fær til umráða 30 mínútur, 15—20 mín. í þeirri fyrri og 10—15 í þeirri seinni. Röð flokkanna verður þessi á báðum umferðum: Alþfl., Alþb., Sjálfstfl. og Framsfl. Ræðumenn verða þessir: Af hálfu Alþfl. tala Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn., og Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm., í fyrri umferð og Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl., í síðari umferð. Af hálfu Alþb. tala Ragnar Arnalds fjmrh. í fyrri umferð og Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., í síðari umferð. Af hálfu Sjálfstfl. talar Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð og Eyjólfur Konráð Jónsson, 5. landsk. þm., í síðari umferð. Af hálfu Framsfl. tala Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e., og Tómas Árnason viðskrh. í fyrri umferð og Tómas Árnason viðskrh. í síðari umferð.

Frsm. 3. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Þessar útvarpsumræður fara fram að ósk okkar Alþfl.-manna. Óskin var sett fram vegna óbilgjarnra svara frá fjmrh. við ábendingum okkar um að tillögur hans stórhækkuðu skatta á ýmsu lág-

tekjufólki. Því töldum við rétt að alþjóð fengi að kynnast málatilbúnaði. Mál fóru hins vegar svo, að ríkisstj. guggnaði á því prófi að verja tillögur sínar frammi fyrir alþjóð, bað um frest og grið og hljóp svo frá eigin tillögum, rétt eins og krakki sem fær erfiða spurningu í kennslustund og biður um að fá aðra léttari. Ætli það sé ekki einsdæmi að krafa um að ríkisstj. verji gerðir sínar frammi fyrir alþjóð í útvarpi verði til þess að ríkisstj. guggni á eigin tillögum og semji nýjar? En það segir auðvitað sína sögu um málatilbúnað og vinnubrögð.

Í annan stað eru þessar umræður sérstæðar að því leyti, að hér birtast þriðju tillögur stjórnarliða í sama máli á einum mánuði. Aftur og aftur hefur ríkisstj. séð sig tilneydda að breyta eigin tillögum. Það segir líka sína sögu.

Við umræður um þetta mál fyrir tveim vikum bentum við Alþfl.-menn á að tillögur ríkisstj. þýddu verulega tekjuskattshækkun hjá ýmsu lágtekjufólki, svo sem einhleypum og einstæðum foreldrum með um 3 millj. í brúttótekjur. Fjmrh. svaraði því til, að óþarft væri að tefja sig á umræðum, heldur ætti að hraða afgreiðslu málsins. Hann sagði m. a., að í tillögum sínum væri hvergi um ósanngjarnan mun að ræða á skattlagningu miðað við það sem áður gilti, og tók fram að einstæðir foreldrar hefðu notið sérstakra fríðinda áður, og mátti skilja það sem réttlætismál að hann hækkaði á þeim skattinn. Undir miðnætti á miðvikudagskvöld hafði ráðh. guggnað á þeirri skattpíningu á tekjulágu einstæðu fólki, sem hann taldi alls ekki ósanngjarna daginn áður, og bað um frest. Ríkisstj. reyndi að þyrla því upp, að ósamræmi væri í útreikningum, og kenndi eiginlega Reiknistofnun Háskólans um. Sannleikurinn er hins vegar sá, að þessi skattlagning á einstæðu fólki kom skýrt fram í útreikningum Reiknistofnunar. Í þessu máli er því bara tvennt til: Annaðhvort var hugmyndin að ná fram skattahækkun á þessu lágtekjufólki, en óttinn við að verja hana frammi fyrir alþjóð í útvarpi hrakti stjórnarliða úr vígi sínu, ellegar þá hitt, að ríkisstj. hafði ekki hugmynd um hvað hún var að gera, ráðh. höfðu ekki lesið gögnin frá Reiknistofnun og aldrei gætt að því einu sinni með barnaskólaútreikningi hvernig margir hinna verst settu færu út úr álagningunni.

Nú boðar fjmrh. nýjustu tillögur sínar undir yfirskriftinni: 5.5 milljarða kr. skattalækkun, sérstaklega á barnafjölskyldum og tekjulágu fólki. Áður hafði hann sagt: 1—2 milljarða skattalækkun vegna fyrri tillagna. — Ég held það sé best að hver og einn leiti þessar skattalækkanir ráðh. uppi á skattseðlinum sínum þegar hann kemur. Það skyldi þó ekki koma á daginn líka þá að ráðh. reynist eins og fyrr annaðhvort fara með rangt mál ellegar viti ekki hvað hann er að segja?

Sem betur fer hefur krafa Alþfl. um útvarpsumræður leitt til þess, að nokkur leiðrétting hefur fengist fyrir tekjulágt einhleypt fólk og einstæða foreldra, þótt það hrökkvi reyndar skammt. Að öðru leyti einkennast hins vegar þriðju og nýjustu tillögur fjrn. af enn frekari skattahækkun. Hjá hjónum með tvö börn, sem vinna fyrir rúmum 200 þús. kr. á mánuði hvort, hækkar t. d. tekjuskatturinn um a. m. k. 74 þús. kr. frá því sem áður gilti. Hjá hjónum með þrjú börn og fleiri hækka heildarskattar til ríkis og sveitarfélaga um 5% samkv. þeim útreikningum sem fjmrh. hefur sjálfur dreift, en kannske ekki lesið.

Við Alþfl.-menn höfum talið að draga eigi úr tekjuskattsálögum. Þær tillögur, sem við flytjum nú, eru sams konar og þær sem við kynntum fyrir kosningar — sams konar og fjárlagafrv. ríkisstj. Alþfl. gerði ráð fyrir. Við boðum þessa stefnu jafnt fyrir kosningar sem eftir. Aðrir boða leiftursókn fyrir kosningar, en skera hana svo niður um $^2/_3$ hluta eftir kosningar, eins og stærra brotið af Sjálfstfl. gerir núna. Enn aðrir snúa leiftursókn sinni í leifturflótta. Það gildir um ríkisstjórnarbrot Sjálfstfl., sem boðaði skattalækkun fyrir kosningar, en hækkar svo skattana eftir kosningar. Tillögur okkar Alþfl.-manna hafa allan tímann snúist um 7—8 milljarða niðurskurð á tekjum ríkissjóðs af tekjuskattinum og tilsvarandi lækkun útgjalda.

Við ríkjandi efnahagsástand er aðhalds þörf á öllum sviðum efnahagslífsins. Ríkisstj. getur ekki vænst aðhalds hjá öðrum ef hún gætir þess ekki hjá sjálfri sér. Núv. ríkisstj. heimtar meira og meira í sinn hlut, en krefst þess að allir aðrir aðilar í þjóðfélaginu herði sultarólina. Ríkisstj. boðar 4.5% kjaraskerðingu af völdum verðlagshækkana á árinu. Þá er að okkar dómi fráleitt að skerða kjörin enn frekar með hækkuðum skattaálögum, eins og ríkisstj. boðar. Þvert á móti teljum við Alþfl.-menn að einmitt við þessar aðstæður eigi að vernda raunkjör launafólks með því að draga úr skattaálögum til ríkisins. Athyglisvert er að stjórn Verkamannasambands Íslands hefur nú samþykkt stefnumörkun í kjaramálum sem er samhljóða við stefnu Alþfl., þess efnis að skattalækkanir séu nærtækasta úrræðið til þess að vernda kjör launafólks, einkum hinna lægst launuðu.

Við 2. umr. um skattstigann var af hálfu Alþfl. flutt till. sem þýddi 7.5 milljarða lækkun á tekjum ríkisins. Sú till. var felld, enda stjórnarliðar þá ólmir að samþ. með handauppréttingu þá skattlagningarformúlu sem þeir nú hafa hlaupið frá. Enn viljum við Alþfl.-menn freista þess að ná fram stefnubreytingu. Fyrirliggjandi till. okkar ganga eilítið skemmra en fyrri till. og hafa í för með sér um 7 milljarða lækkun á tekjum ríkisins. Till. okkar Alþfl.-manna gera ráð fyrir að skattprósentur verði 16, 32 og 48% í stað 25, 35 og 50% samkv. till. stjórnarliða. Af fyrstu 2.5 millj. greiðist 16% samkv. okkar till., af næstu 3.5 millj. 32% og loks 48% af því sem er umfram 6 millj. í tekjuskattstofni. Einhleypt fólk yrði þá tekjuskattslaust ef tekjur þess væru innan við 2 millj. 865 þús. kr. Á sama hátt yrði enginn tekjuskattur hjá barnlausum hjónum með allt að 4.4 millj. í árstekjur, ef annar aðilinn vinnur fyrir öllum tekjunum, svo dæmi séu nefnd.

Skattastefna ríkisstj. er röng. Sama gildir því miður líka í ýmsum öðrum málum. Fráhvarf ríkisstj. frá raunvaxtastefnu hefur þegar dregið úr sparnaði og útlánagetu bankanna. Sjútvrh. Steingrímur Hermannsson kvartar nú sáran undan þessu þótt það sé afleiðing hans eigin gerða og félaga hans og var alltaf borðleggjandi, eins og við Alþfl.-menn bentum á.

Annars er það einkennandi fyrir Framsfl. að segja eitt, en gera annað. Þar gildir já, já og nei, nei. Fyrst samþykkti Framsfl. efnahagslög um raunvexti og verðtryggingu fyrir ári. Svo þegar núv. ríkisstj. var mynduð afneitaði Framsfl. þeirri stefnu og brýtur lögin sem hann stóð að. Og nú síðast þessa dagana segir svo sjútvrh. og formaður Framsfl. að það verði að stefna að þeim raunvöxtum og þeirri verðtryggingu sem hann og flokkur hans afneitaði í framkvæmd fyrir tveim mánuðum. Þetta er að segja já, já, en framkvæma nei, nei.

Niðurtalning verðbólgunnar er nú orðin að upptalningu hennar. Í uppgjöf sinni grípa stjórnarsinnar nú til

þess lítilmannlega athæfis að kenna ríkisstj. Alþfl. um eigin ófarir. Þeir halda því fram að ríkisstj. Alþfl. hafi ekki afgreitt verðhækkanabeiðnir. Þetta eru ósannindi. Það lágu engir haugar óafgreiddir þegar ríkisstj. Alþfl. skilaði af sér. Alþfl.-stjórnin afgreiddi þessi mál og hún gerði það með samræmdum hætti og þannig að verðbreytingar svöruðu til ekki meira en um 35% hækkunar á ári. Ríkisforstjórar og aðrir fengu ekki óskalista sína samþykkta. Þeir urðu að hlíta aðhaldi. Þetta var eðlilegt upphaf niðurtalningar. Án slíks aðhalds verður aldrei nein niðurtalning.

Ríkisstj. Alþfl. framkvæmdi þannig niðurtalningu eins og Framsfl. boðaði fyrir kosningar. Nú vill ríkisstj. með Framsfl. í broddi fylkingar hins vegar ómögulega framkvæma niðurtalninguna og segist endilega þurfa að hleypa fram hjá. Framsfl. æjar og óar og segir: „Nei, ekki núna“ — við því sem hann boðaði svo hástemmt fyrir kosningar.

Sannleikurinn er auðvitað sá, að niðurtalningin er erfið og kemur við marga, svo sem ríkisforstjóra, SÍS og atvinnurekendur ýmsa. Núv. ríkisstj. hefur hins vegar ekki þrek til að taka á sig þessi óþægindi. Hún lætur bara undan. Og þá verður heldur engin niðurtalning. Og kórónan á sköpunarverkið hjá framsóknarmönnum er svo að ásaka ríkisstj. Alþfl. fyrir að framkvæma það sem þeir framsóknarmenn sögðust vilja gera, en treysta sér ekki til. Hér er þannig ekki bara um það að ræða að Framsfl. segi já, já við niðurtalningu, en nei, nei við því að framkvæma hana, heldur agnúast framsóknarmenn út í að Alþfl. skyldi framkvæma það sem þeir framsóknarmenn boðuðu.

Nýjasta kenningin hjá stjórnarliðum er að verðbólgan verði of mikil hjá þeim núna af því hún hafi verið of lítil í stjórnartíð Alþfl. Samkvæmt þessari kenningu er verðbólga á hverjum tíma því að kenna að verðbólgan hafi verið of lítil einhvern tíma áður. Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar getur þá t. d. kennt vinstri stjórn þeirra Ólafs og Lúðvíks um, hin mikla verðbólga hjá ríkisstj. Geirs á árunum 1974—1978 hafi verið vegna of lítillar verðbólgu hjá Ólafi og Lúðvík 1971—73. Svona kenning stenst auðvitað ekki vegna þess að verðbólga fæðir af sér verðbólgu, en ekki öfugt, eins og stjórnarliðar halda fram.

Sannleikurinn er sá, að með alhliða aðhaldsaðgerðum hafði Alþfl.-stjórnin náð þó nokkrum árangri í verðbólgumálum og búið þannig í haginn fyrir frekari árangur. Þetta gat núv. ríkisstj. notfært sér ef hún hefði haft þrek til. En í þessu máli, eins og í vaxtamálunum, rann ríkisstj. af hólmi og valdi undanlátssemina. Hefur þessum herrum virkilega dottið í hug og ætlast þeir til að fólk trúi því að það verði auðveldara að hefja niðurtalninguna þegar búið er fyrst að skrúfa verðbólguna upp og skapa þannig verðbólgutilefni til enn frekari verðhækkana? Það er svona álíka gáfulegt og að telja að auðveldara sé að stöðva snjóbolta neðar í brekkunni, þegar hann er á meiri ferð og hefur hlaðið meira utan á sig.

Herra forseti. Auðvitað er það svo, að þessi stefna ríkisstj. er röng alveg eins og í skattamálum. En það er líka alvarlegt áhyggjuefni að menn segi já, já, en framkvæmi nei, nei. Og ömurlegt þykir mér hjá ríkisstj. að kenna öðrum um eigin ófarir, ekki síst þegar staðreyndirnar sanna hið gagnstæða. Það er slík framkoma sem hefur verið og er mikill ljóður á íslenskum stjórnmálum. — Góðar stundir.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Mikil átök hafa átt sér stað í íslenskum stjórnmálum undanfarin tvö ár. Fyrir tveimur árum sat þjóðin uppi með ríkisstj. sem kennd var hina misheppnuðu Kröflu, — ríkisstj. sem Íslandssagan mun dæma afar hart, — ríkisstj. fjandskapar við verkafólk, óráðsíu í ríkis- og peningamálum, — ríkisstj. er vann markvisst að því að fórna efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar á altari stundarhagsmuna. Við þessar aðstæður fóru fram alþingiskosningar. Alþfl. og Alþb. unnu sigur. Einkum var sigur Alþfl. stór. Hann einn flokka hafði ekki verið aðili að óráðsíunni. Fólkið í landinu vildi breytingu, það vildi reyna nýjar leiðir. Alþfl. barðist fyrir nýjum leiðum, barðist fyrir gerbreyttri efnahagsstefnu, — stefnu er markaði fráhvarf frá óráðsíunni og ráðaleysinu.

Enginn vafi er á að Alþfl. vann hinn geysimikla kosningasigur sinn á grundvelli þessarar stefnuskrár og túlkunar frambjóðenda hans á henni. Það var geigur í öllum þorra þjóðarinnar við vaxandi skuldir og sívaxandi verðbólgu. Það var árangurslaust búið að reyna alla flokka nema Alþfl. og alltaf versnaði ástandið. En þrátt fyrir vaxandi kjörfylgi og glæsilegan sigur skipaði Alþfl. ekki nema tæpan fjórðung þingsæta. Okkur skorti fleiri þingsæti til að fá stefnu okkar framgengt.

Á þessum tímamótum árið 1978 var áreiðanlegt að þjóðin öll var til þess reiðubúin að takast á við geigvænlegan efnahagsvanda. Það var lag til að hreinsa til. Verkalýðssamtökin, launþegar, allir voru þess fúsir að leggja sitt af mörkum. Alþfl. barðist hart fyrir slíkri endurreisn. Það var og er fullvissa okkar að höfuðmeinsemd efnahagslífsins sé verðbólgan. Við vildum berjast gegn þessari óvætti. Við sjáum að hjöðnun verðbólgu færði launþegum betri lífskjör, meira öryggi, betra þjóðfélag. Við sögðum hiklaust að skák efnahagslífsins yrði að tefla af raunsæi, allir yrðu að fórna um stundarsakir, það yrði að fórna peði fyrir mann. Þegar því væri lokið yrði sóknin til betri lífskjara auðveldari. Þá ynnist tími til að vinna skákina. Gegn þessum röksemdum, gegn tillögum Alþfl. risu kerfisflokkarnir allir. Það voru skörp skil í stjórnmálunum: annars vegar var Alþfl., hins vegar var óráðsíustóðið.

Við tókum þátt í ríkisstj. með Alþb. og Framsfl. Það voru erfiðir tímar. Það kom í ljós að vilji þessara aðila til að móta gerbreytta efnahagsstefnu var enginn. Höfuðmarkmiðið var að hjakka í sama farinu. Lágkúran birtist í þeim skelfilega misskilningi að unnt væri að gera allt fyrir alla.

Alþfl. lagði fram frv. að nýjum efnahagslögum. Þar var gert ráð fyrir gagngerum breytingum á efnahagslífinu. Samkvæmt því var stefnt að því að styrkja hag láglaunafólks, auka réttindi og samstarf við verkalýðshreyfinguna og minnka verðbólguna. Alþb. gerði allt hvað því var unnt til að eyðileggja þetta frv. Framsfl., sem lá í sárum, ráðvilltur og stefnulaus, fylgdi á eftir. Framsóknarmenn eru líka því vanastir að láta allt vaða á súðum. Niðurstaðan varð því miður sú, að þetta frv. var útþynnt af samstarfsaðilunum. Helstu tæki til stjórnunar voru eyðilögð. En við vildum reyna í lengstu lög. Við trúðum því, að Alþb. léti sannfærast. Við vissum um góðan vilja innan þess flokks. Við vissum um verkalýðsfólkið, um forustumenn í verkalýðshreyfingunni, er fylgdu Alþb., er vildu umfram allt að nú tækist heilbrigt og gott samstarf við verkalýðsflokkana. Það urðu okkur sár vonbrigði þegar við smám saman uppgötvuðum að mikil skil voru á

milli verkalýðsmanna og svokallaðra menntamanna í Alþb. Okkur varð það smám saman ljóst, að þar réðu valdabraskararnir öllu. Þar réðu uppflosnaðir framsóknarmenn og eiginhagsmunaklíkur.

Á haustdögum var niðurstaðan óvefengjanleg, að enn stefndi í vaxandi erlendar skuldir, enn stefndi í yfirdrátt hjá Seðlabanka, enn stefndi í aukna eyðslu ríkisbáknsins, enn skálmaði verðbólgan áfram með vaxandi skrefalengd. Ekkert benti til að samkomulag tækist um að hverfa af braut óráðsíunnar. Það var við þessar aðstæður að þingflokkur Alþfl. ákvað að standa upp. Við komum til Alþingis með það í huga að breyta þjóðfélaginu. Við vorum kosnir til þess hlutverks að móta gerbreytta efnahagsstefnu. Við gátum ekki unað því að sjá lífskjör láglaunafólks rýrna við vaxandi verðbólgu. Við gátum ekki til þess hugsað að sitja mitt á meðal valdabraskaranna sem einungis vildu áfram stefna að vaxandi verðbólgu, rýrnandi lífskjörum og efnahagslegu hruni. Það var við þessar aðstæður að við stóðum upp. Við kröfðumst dóms kjósenda. Niðurstöður kosninganna voru óvæntar að því leyti að Framsfl., sem í raun er móðir verðbólgunnar, varð sigurvegarinn að þessu sinni.

Það tók langan tíma að mynda nýja ríkisstj. Alþfl. neitaði stjórnaraðild nema tryggt yrði að snúið yrði af braut kjaraskerðingar og verðbólgustefnu. Við vildum stjórn, ekki stjórnleysi. Nú skeðu óvæntir atburðir. Forstokkaðasta afturhaldið í Sjálfstfl. fann sér hliðstæðu. Það fann hliðstæðuna í landbúnaðarpólitík Framsóknar og Alþb. Utan um það eitt var ríkisstj. mynduð.

Okkur í Alþfl. hafði lengi verið ljóst að Alþb. var heillum horfið. Eitt sinn stjórnuðu því menn er áttu sér hugsjónir um betra þjóðfélag. Þá var talað um nauðsyn breytinga, jöfnuð og réttlæti. Nú heyrast þær raddir ekki. Nú heyrist einungis hjáróma hjal um nauðsyn skattahækkana, nauðsyn á auknum tekjustofnum sveitarfélaga, eins og það er kallað, nauðsyn hækkaðs söluskatts. Hér áður fyrr heyrðust þeir tala um nauðsyn þess að vernda kaupmátt verkamannalauna. Nú kynda þeir verðbólguna. Nú hækka þeir neysluvörur svo til daglega. Nú hrópa þeir: Engar grunnkaupshækkanir. Nú heimta þeir niðurtalningu lífskjaranna.

Frv. um skattstiga kemur nú í þriðja sinn fyrir Alþ. Átt hafa sér stað furðulegustu kúnstir með blessaðan skattstigann. Hver vitleysan hefur rekið aðra. Fyrir viku varð fjmrh., alþýðuskattaforinginn Ragnar Arnalds, ber að því að ætla að skattpína fátækar ekkjur, einstæðar mæður og aðra einstaklinga svo hrikalega að eigin flokksmönnum þótti nóg um. Alþfl.-menn bentu hvað eftir annað á þessi vinnubrögð. Því var svarað með hroka og hortugheitum. Þetta átti að knýja í gegn. Það var m.a. vegna þess að Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, krafðist þess að farið yrði að ráðum Alþfl. í þessum efnum að ráðh. lét undan. Ekki var manndómurinn samt meiri en svo, að ráðh. kenndi vitlausum útreikningum um fyrra frumhlaup.

Við gerð kjarasamninga á undanförnum árum hefur einn meginþáttur samningagerðarinnar verið í því fólginn að semja við ríkisvaldið um skattahlutföll. Verkalýðssamtökin hafa margoft bent á að skattstiginn er kjaraatriði. Það er því ekki að undra að nú streyma inn mótmæli frá stéttarfélögunum vegna aukinnar skattpíningar. Verkamönnum og sjómönnum sviður sárast að nú, þegar verkalýðshreyfingin býr sig undir samningagerð, að nú, þegar launþegar hafa sýnt umtalsverða polinmæði, skuli ríkisstj. ekkert aðhafast annað en auka skattana og verðbólguna. Alþýðusambandið, BSRB og Verkamannasambandið hafa sent kröftug mótmæli, — mótmæli gegn árás ríkisvaldsins á lífskjörin. Í ályktun Verkamannasambandsins er ríkisstj. harðlega gagnrýnd, og segir þar m. a.:

„Á sama tíma og kjaraskerðingar dynja yfir af völdum verðlagshækkana er óhæfa að skerða kjörin frekar með skattaálögum eins og samþykktar hafa verið. Ríkisstj. getur ekki vænst aðhalds af öðrum aðilum þegar hún heimtar sífellt meira í sinn hlut. Þvert á móti ætti að vera hennar hlutverk að vernda kjör launafólks og bæta kjör hinna lægst launuðu, og eru skattalækkanir þar nærtækasta dæmið."

Eins og ég vék að áðan er Alþb. heillum horfið. Það hefur gengið afturhaldinu á hönd. Nú er það helsti málsvari kjaraskerðingar í landinu. Mörgum þótti nóg um þegar Gunnar Thoroddsen rak rýtinginn í bakið á fyrri félögum sínum. Það er barnaleikur einn miðað við þau svik við hugsjónir sínar og stefnu sem valdastreitumenn Alþb. hafa orðið berir að. Í kristnum fræðum er sagt frá manni er sveik fyrir 30 silfurpeninga. Nú hafa veiklundaðir einstkalingar svikið fyrir þrjá dúnmjúka ráðherrastóla. Þeir hafa brugðist íslenskri alþýðu. Þeir hafa brugðist eigin sannfæringu.

Alþfl. varaði við. Við sögðum: Það er ekki nóg að hafa ríkisstj. Það verður að hafa ríkisstj. sem hefur stefnu og stendur við sín fyrirheit. Við höfum lagt fram tillögur til úrbóta. Við höfum lagt fram raunhæfar tillögur um skattalækkun. Við höfum bent á leiðir út úr þeim efnahagsvanda sem við nú búum við.

Herra forseti. Þrátt fyrir góð aflabrögð, óhemjumikla atvinnu og góð ytri skilyrði er vá fyrir dyrum. Heimatilbúin vandamál, mótuð af kjarkleysi, hrjá þjóðfélag okkar. Við stefnum nú hraðbyri að meiri verðbólgu en nokkru sinni fyrr. Nú er stefnt að því að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Skattpeningum okkar er sóað í útflutningsbætur svo útlendingar geti keypt landbúnaðarvörur okkar fyrir svo til ekki neitt. Nú eru kjarasamningar hindraðir af alþýðuskattaforingjanum mikla. Nú er því haldið fram að einstaklingar með einungis 260 þús. kr. mánaðarlaun geti engar kjarabætur fengið. Nú láta ráðamenn sverfa að. Stjórnleysið er í algleymingi.

Það er skammt til 1. maí, baráttudags verkalýðsins. Sá dagur gefur tilefni til að líta yfir farinn veg. Launþegar munu þá hugleiða hvert stefnir. Launþegar sjá að Alþfl. hefur einn haft kjark til að standa við stefnu sína, slegist fyrir úrbótum, krafist betra þjóðfélags og réttlátara þjóðfélags. Ég heiti á hvern einasta Íslending að sameinast í baráttunni fyrir heilbrigðara þjóðfélagi.

Við jafnaðarmenn töpuðum orrustu skömmu fyrir áramót. Nú fylkjum við liði. Hver einasti liðsmaður þarf nú að leggja sitt af mörkum á vinnustöðum, heimilum og samkomum. Alls staðar verðum við að gera það ljóst, að stefna Alþfl. leiðir til farsælla og réttlátara þjóðfélags, að stefna ríkisstj. leiðir til niðurtalningar lífskjaranna. Með ótrauðu starfi og fullvissu um góðan málstað verður raunin sú, að þótt orrusta hafi tapast vinnum við stríðið sjálft.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Sá sem heldur því fram, að lausnarorðið gagnvart aðsteðjandi efnahagsvanda Íslendinga sé að lækka skatta í stórum stíl,

veit sjálfur að hann segir ósatt. Eins er um þann sem heldur því fram, að nú sé rétti tíminn til að knýja fram almennar launahækkanir upp allan launastigann. Sá sem þannig talar veit að tómt mál er um að tala.

Íslendingar eru í miklum vanda staddir um þessar mundir og út úr þeim vanda er engin auðveld leið. Síst af öllu komast menn klakklaust frá þeim vanda með því að blekkja sjálfa sig og aðra með marklausum yfirboðum. Ég kalla það t. d. marklaus yfirboð og ekkert annað þegar menn þykjast ætla að leysa vandann í aðsteðjandi samningum launamanna með því að láta ríkissjóð borga brúsann með skattalækkunum. Þetta er augljós gervilausn sem mundi kalla á seðlaprentun í miklum mæli og magna verðbólgu fremur en nokkuð annað.

Kjarni málsins er auðvitað sá, að meðan verið að brjótast út úr vítahring verðbólgunnar er þess ekki að vænta að allir fái kjarabætur. Við getum minnkað skattbyrði á láglaunafólki við álagningu tekjuskatts, og það er einmitt verið að gera þessa dagana við ákvörðun skattstiga og skattþrepa. Hitt er ljóst, að heildarskattbyrðin verður ekki minnkuð við ríkjandi aðstæður. Eins er um komandi kjarasamninga. Lágtekjufólk verður að hafa forgang. Aðrir verða að bíða betri tíma. Öðruvísi getur það ekki verið ef vel á að fara. Ég held líka að flestir geri sér fullkomlega ljóst að þessi stefna er algjör forsenda þess að þjóðarskútan komist aftur í lygnari sjó eftir langvarandi hrakviðri og storma.

Því verður sannarlega ekki á móti mælt, að liðinn vetur hefur verið óvenjulegur í íslenskri stjórnmálasögu. Þegar þing kom saman til starfa 10. okt. á s. l. hausti var þegar skollin á stjórnarkreppa sem ekki leystist fyrr en komið var langt fram í febrúarmánuð. Þingrof og kosningar leystu ekki nokkurn vanda fremur en vænta mátti. Stjórnleysið hélt áfram eftir kosningar og verðbólgan magnaðist með hverri vikunni sem leið. Í marga áratugi hafa fjármál ríkisins ekki lent í annarri eins óreiðu og hlaut að fylgja fjögurra mánaða stjórnleysi á fyrri hluta vetrar.

Flestir virðast sammála um að traustur ríkisbúskapur sé algjört undirstöðuatriði í árangursríkri baráttu gegn verðbólgu. Það var því eðlilegt, þegar aftur rofaði til eftir margra mánaða öngþveiti og loksins tókst að mynda meirihlutastjórn, að menn sneru sér fyrst að því verkefni að koma fjármálum ríkisins aftur á réttan kjöl.

Eins og kunnugt er hafa talsmenn allra stjórnmálaflokka fordæmt skuldasöfnun ríkissjóðs á undanförnum árum og verið á einu máli um að látlaus seðlaútgáfa í þágu ríkissjóðs hlyti að verka eins og olía á bál verðbólgunnar. Það var einmitt eitt helsta umræðuefni manna, skömmu eftir að núv. ríkisstj. var mynduð hvort hugsanlegt væri að finna mætti göt eða glufur í væntanlegum fjárlögum og hvort hætta væri á því að fjárlög yrðu afgreidd með rekstrarhalla. Sem betur fer hefur núv. ríkisstj. staðið þétt saman um ýmsar nauðsynlegar ákvarðanir, sem að vísu eru ekki til þess fallnar að afla mönnum vinsælda, en óhjákvæmilega þurfti að taka til þess að endar næðu saman. Þar með hafa fjárlög verið afgreidd hallalaus án þess að slegið hafi verið striki yfir margvíslegar félagslegar umbætur og nauðsynlegt uppbyggingarstarf.

Flugvallaskattur er miður vel þokkaður hjá þorra landsmanna af skiljanlegum ástæðum, en hann hefur að sjálfsögðu verið hækkaður í réttu hlutfalli við hækkun framfærsluvísitölu á s. l. ári. Andvirði þessa skatts rennur allt til framkvæmda við flugvelli landsins, til að breyta öryggisbúnaði flugvalla og bæta aðstöðu farþega.

Bensíngjald hefur einnig verið hækkað í réttu hlutfalli við hækkun byggingarvísitölu frá miðju s. l. sumri til áramóta. Gjaldið rennur allt til framkvæmda í vegamálum.

Vegna stóraukinna útgjalda ríkisins til stuðnings þeim, sem kynda hús sín með olíu, er lagt á svonefnt orkujöfnunargjald sem jafngildir 1.5% í söluskatti, en bein útgjöld ríkisins vegna olíustyrks og orkusparandi aðgerða hækka nú frá fyrri fjárlögum úr 900 millj. kr. í 4500 millj. kr. Auk þessa hljóta önnur útgjöld ríkisins að stóraukast beint og óbeint vegna kreppunnar í olíusölumálum, t. d. framlög til Rafmagnsveitna ríkisins. Því þurfti engan að undra þótt orkujöfnunargjaldið yrði að skila meiri tekjum í ríkissjóð en nemur olíustyrknum einum.

Jafnframt voru margvíslegar sparnaðaraðgerðir í nýafgreiddum fjárlögum, m. a. lækkun framlaga til fjárfestingarlánasjóða og lækkun útgjalda hjá Hafrannsóknastofnun og Landhelgisgæslu, — misjafnlega þokkaður sparnaður, en óhjákvæmilegur.

Unnið hefur verið að endanlegri afgreiðslu tekjuskattslaga. Tekjuskattur er ekki lækkaður, en hann er ekki heldur hækkaður. Hann er ákveðinn með það að leiðarljósi að skatturinn skili nákvæmlega sömu tekjum og gamla skattakerfið hefði gert miðað við 45% hækkun skattvísitölu milli ára. Þó á enginn von á öðru en skatturinn hækki hjá sumum hjónum þar sem konan vinnur úti, eins og nánar verður vikið að síðar, en skatturinn lækkar þá jafnmikið hjá öðrum. Heildarskattbyrði í tekjuskatti verður nákvæmlega sú sama og hún hefur verið undanfarin ár.

Skattkerfisbreyting, sem hækkar tekjuskatt hjá nokkrum hópi manna, en lækkar á öðrum, er alltaf erfið og viðkvæm í framkvæmd. Sannarlega hefði verið auðveldast og þægilegast fyrir sérhverja ríkisstj. að geta nú boðað skattalækkun, þannig að skattar stæðu í mesta lagi í stað hjá sumum, en lækkuðu hjá öðrum. En miðað við erfiða stöðu ríkissjóðs og þar sem nokkurn veginn er ljóst að væntanlegir kjarasamningar allra launamanna í landinu hljóta að kosta ríkissjóð nokkur útgjöld á árinu var annað ekki talið fært en tekjuskatturinn skilaði ríkissjóði sömu tekjum og áður. En það merkilega gerist þegar ríkisstj. hefur forystu um að tryggja hallalausan ríkisbúskap til að forðast áframhaldandi seðlaprentun og til að tryggja heilbrigðan rekstur ríkisfjármála, sem allir viðurkenna að er óhjákvæmileg forsenda þess að nokkur árangur náist í baráttu við verðbólguna, að stjórnarandstæðingar snúa blaðinu við og hefja árásir á ríkisstj. úr þveröfugri átt. Nú er það allt í einu orðið helsta hneykslunarefni stjórnarandstæðinga að reynt skuli að tryggja fjárhag ríkissjóðs. Nú heitir það skattpíning sem áður hét að tryggja hallalausan ríkisbúskap. Nú heitir það jafnvel skattaæði að hækka krónutölu skatta í samræmi við verðbólguþróun, eins og allar fyrri ríkisstjórnir hafa gert. Nú er sem sagt öllum ráðum beitt af hálfu stjórnarandstæðinga til að reyna að tryggja að ríkissjóður verði örugglega rekinn með halla á þessu ári.

Sannleikurinn er sá, þegar nánar er að gáð, að eina raunverulega skattahækkunin í þágu ríkissjóðs, sem núv. ríkisstj. hefur ákveðið síðan hún tók við völdum, er orkujöfnunargjaldið sem að verulegu leyti er millifærsla í þágu þeirra sem enn verða að kynda hús sín með olíu. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa verið sammála um að

afla tekna í þessu skyni. Alþfl. var raunar búinn að leggja það til þegar fyrir þremur mánuðum að lagður yrði sérstakur orkuskattur á alla landsmenn í þessu skyni, og hefði sá skattur skilað tæpum 10 milljörðum kr. á einu ári. Það er því dæmalaust ábyrgðarleysi, að ekki sé meira sagt, þegar stjórnarandstæðingar snúa nú allt í einu blaðinu við og segja það vítaverða skattahækkun að afla fjár til að mæta þeim vanda sem stafar af stórhækkuðu olíuverði.

Hitt er svo allt annað mál, að á þessu ári hækkar útsvar hjá ýmsum sveitarfélögum um ½—1%. Þessi hækkun eykur ekki tekjur ríkissjóðs, en ræðst algerlega af þörfum viðkomandi sveitarfélaga. Hækkun útsvars er vissulega bein skattahækkun, a. m. k. að nafninu til. Hins vegar verður að hafa í huga að þegar verðbólgan er 40—50% og útsvarið er reiknað af tekjum liðins árs, eins og tekjuskattur, eru þessir beinu skattar hlutfallslega miklu lægri nú en þeir voru fyrir nokkrum árum þegar verðbólgan var minni. Sveitarfélögin hafa lent í miklum þrengingum af þessum sökum, því að ekki er auðvelt fyrir þau að láta sér nægja hlutfallslega minni tekjur þegar verðbólgan er í hámarki. Sveitarfélögin hafa sjálfstæðan fjárhag og verða að bera fulla ábyrgð á því gagnvart kjósendum sínum, hvort þau telja sér nauðsyn, miðað við þarfirnar, að ná saman endum með einhverri hækkun útsvars.

Sú grundvallarbreyting, sem verður á þessu ári á tekjuskattskerfinu, var ákveðin fyrir tveimur árum. Síðan hafa þrjár ríkisstj. setið að völdum. Þegar núv. stjórn tók við var þessi skattkerfisbreyting bersýnilega komin í algera óreiðu vegna stjórnleysis á undanförnum mánuðum. Þess vegna voru gerðar rúmlega sextíu breytingar á þessum skattalögum fyrir tveimur mánuðum og samþykktar með atkv. allra þm. Nú er aðeins eftir að ganga frá skattstigamálinu í samræmi við verðlags- og tekjuþróun sem orðið hefur á undanförnum tveimur árum. Grundvallarforsenda skattstigans er, eins og áður sagði, að þetta nýja kerfi skili nákvæmlega sömu tekjum og gamla skattkerfið hefði gert. Að sjálfsögðu má hugsa sér skattprósentur, skattþrep, persónuafslátt og barnabætur með ýmsum hætti og fá þó í öllum tilvikum sömu tekjur fyrir ríkissjóð. Við val skattstiga og skattþrepa er nánast ótal kosta völ. Ein smábreyting frá einu afbrigði til annars lækkar skatt hjá nokkrum hópi manna meðan skatturinn hækkar að sama skapi hjá öðrum.

Það er fjarri mér að halda að við höfum fundið hina einu réttu lausn. Hitt virðist ljóst, að skattstiginn, eins og hann verður eftir þessa seinustu breytingu sem við erum nú að gera, er almennt hagstæður lágtekjufólki. Einhleypingar hagnast einnig almennt á þessari kerfisbreytingu, hvort sem þeir hafa háar eða lágar tekjur, og borga samtals 1500 millj. kr. lægri upphæð í skatta en verið hefði samkv. gamla kerfinu. Einstætt foreldri borgar samtals um 280 millj. kr. lægri upphæð í skatt en verið hefði samkv. gamla kerfinu, en útkoma þeirra úr þessari kerfisbreytingu er þó óneitanlega misjöfn. Fólk með lágar tekjur fær nú yfir 20 milljarða kr. í barnabætur og í persónuafslátt til greiðslu upp í útsvar, en samsvarandi tala samkv. gamla skattkerfinu hefði aðeins numið rúmlega 14.5 milljörðum kr. Mismunurinn er 5.5 milljarðar kr. Almennt gildir að skattkerfisbreytingin er hagstæð fyrir lágtekjufólk og hagurinn af þessari breytingu ætti yfirleitt að gera meira en að jafna út þá útsvarshækkun sem hugsanlega verður hjá lágtekjufólki í nokkrum sveitarfélögum.

Stjórnarandstæðingar halda því mjög á lofti að þeir hafi verið fúsir að lækka útgjöld ríkisins meira en nemur sparnaðarráðstöfunum ríkisstj. á fjárlögum í því skyni að lækka skatta. Við skulum athuga þessa tillögu nánar. Hvað mundi t. d. gerast ef niðurgreiðslur væru lækkaðar um 8—10 milljarða kr.? Þá mundi verðlag á matvörum hækka um rúm 3%, öll launagjöld og útgjöld Tryggingastofnunar mundu hækka að sama skapi og samtals næmi hækkunin um 6 milljörðum kr. Óbein áhrif kæmu síðan fram í hraðara gengissigi og stórauknum útgjöldum ríkisins af þeim sökum. Raunveruleg útgjaldalækkun yrði því mjög óveruleg þegar öll áhrif af lækkun niðurgreiðslna væru komin fram. Það ætti því að vera fullljóst að þessi tillaga stjórnarandstæðinga er hrein sýndartillaga.

Annað úrræði stjórnarandstöðunnar er að níðast sérstaklega á tveimur afmörkuðum hópum manna, þ. e. námsmönnum og bændum, annars vegar með lækkun námslána og hins vegar lækkun útflutningsuppbóta. Afleiðingin yrði sú, að í fyrsta skipti í fjöldamörg ár mundu námslán lækka mjög verulega og ekki nema meira en 50—60% af fjárþörf námsmanna. Bændur, sem nú eiga við sérstaka erfiðleika að stríða, yrðu jafnframt fyrir gífurlegum tekjumissi. Óneitanlega er erfitt að taka slíkar tillögur alvarlega, enda langt frá því að nokkur þingmeirihluti sé fyrir hendi til að standa á bak við ofsóknir af þessu tagi gagnvart fámennum þjóðfélagshópum sem almennt standa illa að vígi fjárhagslega. Það er því nokkuð ljóst, að almennn skattalækkun stjórnarandstöðunnar hlyti að verða framkvæmd með því einu að setja seðlaprentun aftur í fullan gang í bankanum við Austurstræti með þeim afleiðingum sem það hlyti að hafa.

Vafalaust er Ísland ekki eina landið þar sem menn gæla við þá hugmynd að lækka skatta. Alls staðar og alltaf heyrast kvartanir um of háa skatta. Áreiðanlega hafa þó margar þjóðir meiri ástæðu til að kvarta en við Íslendingar. Skattar eru hér almennt lágir miðað við nálæg lönd, sérstaklega beinir skattar. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð borga menn um 46 — 52% af vergum þjóðartekjum í opinber gjöld. Hér á landi er sambærileg tala um 35%. Að sjálfsögðu er hætt við því að Íslendingar dragist enn frekar aftur úr nálægum þjóðum hvað félagslega þjónustu varðar ef skattar til sameiginlegra þarfa verða lækkaðir verulega. Hitt virðist miklu brýnna, að reynt verði að tryggja að allir leggi sinn réttláta skerf fram til sameiginlegra útgjalda þjóðarinnar, en á því er óneitanlega talsverður misbrestur. Þrátt fyrir ýmsa ágalla nýju tekjuskattslaganna, sem sumir eiga vafalaust eftir að koma enn skýrar í ljós, er þó veruleg von til þess, að unnt sé með þessum nýju lögum að koma í veg fyrir að miklum tekjum sé skotið undan skatti. Strax og álagning hefur farið fram er brýnt að hefja nákvæma endurskoðun laganna og undirbúa breytingar með hliðsjón af fenginni reynslu. Starfsemi skattrannsóknarstjóra þarf að efla, en sérstaklega þarf að herða innheimtu söluskatts og reyna nýjar leiðir til að tryggja að skatturinn komi til skila.

Herra forseti. Núv. ríkisstj. hefur starfað í tæpa þrjá mánuði. Hún er mynduð af ólíkum aðilum og stefna hennar er málamiðlun margvíslegra sjónarmiða, eins og títt er um samsteypustjórnir. Að sjálfsögðu er ríkisstj. ekki að framkvæma stefnu Alþb. nema að takmörkuðu leyti. En með þessu stjórnarsamstarfi eru tryggð ákveðin

grundvallaratriði sem Alþb. hefur lagt þunga áherslu á. Enginn þarf að efast um, eftir það sem fram kom í stjórnarmyndunarviðræðum í haust, að ríkisstjórn með aðild Alþfl. og meiri hl. Sjálfstfl. hefði slitið verðbótavísitölu úr sambandi með þeim afleiðingum að almenn launakjör hefðu verið skert um 25—30% á einu ári. Það var örlagaríkur varnarsigur fyrir verkalýðshreyfinguna að slík stjórn komst ekki til valda.

Vissulega hafa kjör launamanna rýrnað nokkuð síðan seinustu samningar voru gerðir. Skýringin er einkum sú, að viðskiptakjör þjóðarinnar út á við hafa farið versnandi og auk þess mælir ekki vísitölukerfið fullar verðbætur. En sú rýrnun lífskjara, sem orðið hefur síðustu tvö árin, er aðeins lítið brot af þeirri skerðingu sem orðið hefði ef verðbótavísitala væri nú bundin eða skert í samræmi við tillögur Alþfl. og meiri hl. Sjálfstfl. Sem betur fer er ekki þörf á neinum kollsteypum til að leiðrétta þann halla, sem orðið hefur á kjörum láglaunafólksins, og þá leiðréttingu þarf að gera strax í vor. Almenn laun á Íslandi eru síst of há, en þótt við fáum ekki tækifæri til þess við ríkjandi aðstæður að gera þar mikla breytingu til batnaðar metum við það mikils að hafa komið í veg fyrir leiftursókn hægri aflanna gegn lífskjörum almennings í landinu. Það er líka árangur út af fyrir sig að hafa komið í veg fyrir stórsókn Alþfl. og meiri hl. Sjálfstfl. gegn kjörum námsmanna og bænda. Eins er það mikils um vert í þessu stjórnarsamstarfi, að uppbyggingarstarfi er haldið áfram af fullri djörfung og ekki nein samdráttar- eða kreppustefna að verki.

Mikil sóknarlota gengur nú yfir í orkumálum og á þessu ári munu vegaframkvæmdir aukast um 50% frá því sem var á seinasta ári. Það er að vísu heldur minni aukning en fyrirhuguð var, en ljóst er þó, að sífelldri afturför í vegamálum hefur nú verið snúið upp í mikla sókn þar sem vegáætlun frá því í fyrra stendur óhögguð að krónutölu, en ríkisstj. Alþfl. hafði einmitt gert tillögur um að vegaframkvæmdir yrðu stórlega skornar niður.

Ágæt atvinna er tryggð um land allt og það er ekki minnst um vert þegar stórfellt atvinnuleysi herjar í öllum nálægum löndum. Með aðild sinni að ríkisstj. hefur Alþb. jafnframt tryggt sér stöðvunarvald gagnvart nýjum áformum um stóriðju erlendra aðila og gagnvart tugmilljóna mannvirkjagerð á Keflavíkurflugvelli, sem mundi gera þjóðina enn háðari erlendu valdi.

Núv. ríkisstj. stendur þó frammi fyrir stórfelldum vandamálum, ekki er því að leyna. Það verður alltaf auðvelt að gagnrýna ríkisstj. sem er að brjótast áfram í 50% verðbólgu. Vítahringur verðbólgunnar vekur upp ný og ný stórfelld vandamál sem krefjast úrlausnar. Upplausnarástandið hefur farið jafnt og þétt vaxandi á undanförnum árum og þolinmæði margra er á þrotum. Við þessar aðstæður er það orðið landlægt manna á meðal að vera óánægðir með allt og alla.

Núv. ríkisstj. mun reyna af fremsta megni að brjótast út úr þessum vítahring. Hún mun áreiðanlega ekki gera svo að öllum líki og hún mun sæta gagnrýni úr ýmsum áttum, eins og hlýtur að verða við ríkjandi aðstæður. Ég bið þó menn að hugleiða hvað hefði gerst ef stjórnarkreppan hefði haldið áfram. Við hefðum að vísu kannske fengið utanþingsstjórn, en hún hefði ekki notið þingmeirihluta og átt í stöðugu basli að koma málum sínum fram.

Forustumenn Alþfl. sprengdu vinstri stjórnina af litlu tilefni og hótuðu síðan að sprengja hverja þá stjórn sem ekki vildi gleypa við sýndartillögum þeirra. Það var þá fyrst, þegar augu manna opnuðust fyrir því að starfhæf ríkisstj. yrði aldrei mynduð með aðild Alþfl., að nokkuð tók að rofa til í stjórnarkreppunni. Alþfl. var hreinlega settur til hliðar og þá fyrst tókst greiðlega að mynda meirihlutastjórn.

Stjórnarandstöðunni er mikið í mun að kollvarpa núv. ríkisstj. og sparar hvergi stóryrðin og ýkjurnar. Muna menn frá fyrstu dögum þessarar stjórnar þegar fullyrt var að fjárlagafrv. mundi hækka um 30—40 milljarða kr.? Reyndin varð sú, að fjárlagafrv. hækkaði um 10 milljarða og að mestum hluta vegna óhjákvæmilegra verðlagsbreytinga. Hafa menn orðið varir við hrópin um 100—110 milljarða erlendar lántökur í væntanlegri lánsfjáráætlun? Í núverandi drögum að lánsfjáráætlun er þó talan nokkuð innan við 90 milljarða kr. Þannig hafa illgirni og ýkjur einkennt málflutning stjórnarandstæðinga fremur en nokkuð annað. Nú er stjórnarandstæðingum mest í mun að reyna að stuðla að því, að ríkissjóður verði rekinn með miklum halla á þessu ári til að geta síðar sakað stjórnina um lélega fjármálastjórn. Í því skyni er sannarlega ekkert til sparað. En þetta mun ekki takast. Núv. ríkisstj. hefur sýnt að hún er samhent og sterk. Aðilar þessarar stjórnar hafa unnið saman af miklum heilindum og er það meira en sagt verður um margar fyrri stjórnir. Ég er sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar væntir góðs af þessu samstarfi, en jafnframt veit ég að flestir eru nógu raunsæir til að skilja að ýmislegt þarf nú að ákveða sem ekki horfir til vinsælda. — Ég þakka áheyrnina.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds, sem hér lauk máli sínu, á að vita betur um skattamál en fram kom í máli hans. Hann hlýtur að vita að kvæntur eða ókvæntur verkamaður með meðaltekjur fær hærri skatta samkv. síðustu tillögum hans en hinum fyrri og að fyrri vinstri stjórn og núv. ríkisstj. hafa hækkað beina skatta verulega á verkafólki með meðaltekjur. Hæstv. ráðh. veit örugglega að síðustu tillögur hans í skattamálum hækka tekjuskatta á svo til öllum hjónum í landinu um 40 þús. kr. frá fyrri tillögum hans sjálfs, en ekki sumum hjóna þar sem konan vinnur úti, eins og ráðh. sagði áðan. Hæstv. ráðh. veit það einnig best sjálfur, að sú kerfisbreyting að skattleggja hjón sem tvo einstaklinga hækkar persónuafslátt þeirra frá fyrra kerfi. Þessi kerfisbreyting komst á fyrir forgöngu hæstv. fyrrv. fjmrh. Matthíasar Á. Mathiesen og kemur hjónum með mjög lágar tekjur til góða.

Ég læt þessar aths. nægja um málflutning hæstv. ráðh.

Þetta frv., sem hér er til umr., verður að skoðast sem hluti af stefnu eða réttara sagt stefnuleysi núv. hæstv. ríkisstj. í skattamálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Hækkanir á söluskatti og vörugjaldi, útsvörum, flugvallagjaldi og bensíni, svo að nokkuð sé nefnt, hafa dunið yfir undanfarnar vikur og mánuði og nýtt orkujöfnunargjald, sem er í raun 1.5% hækkun söluskatts, lagt á. Þetta frv. hækkar tekjuskatta í ríkissjóð enn frá áætlun fjárlaga um tæpa 2.5 milljarða kr. ef miðað er við nýjustu og traustustu upplýsingar um tekjur manna á s. l. ári. Þessar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun byggðar á úrtökum framtala benda til að tekjubreyting milli ára 1978 og 1979 hafi orðið 47—48%, en ekki 45%, eins og hæstv. ríkisstj. hefur látið reikna með. Þetta frv. er því skattahækkunarfrv. og óaðskiljanlegur hluti stórfelldra skattaálaga á almenning, sem núv. hæstv. ríkisstj. stend-

ur fyrir ofan á allar álögur vinstri stjórnarinnar, sem hvergi hefur verið hróflað við.

Nú er svo ástatt í íslensku þjóðlífi að verðbólga er að verða að rótgrónu illkynja þjóðarmeini. Hrunadansinn er slíkur, að verðlag tvöfaldast á 18—20 mánuðum. Almenningur missir verð- og verðmætaskyn, siðferðisþrek dvín og félagslegt óréttlæti vex. Sparifé þeirra, sem ráðdeildarsamir eru, brennur á bálinu, en hinir blakta sem skulda og eyða. Atvinnuvegirnir berjast í bökkum í ólgusjó verðbólgunnar og þjóðartekjur í raunverulegum verðmætum minnka heldur en hitt. Allir kjarasamningar milli launþega og vinnuveitenda eru lausir og vaxandi óþols gætir um lausn kjaramála.

Og hvað hefur svo hæstv. ríkisstj. gert eða látið ógert við þessar þjóðfélagsaðstæður? Hún leggur skatt ofan á skatt á allan almenning í landinu. Hver fimm manna fjölskylda mun að meðaltali greiða 650 þús. kr. í hærri skatta á þessu ári en í fyrra, þ. e. söluskatt, vörugjald, útsvar, tekjuskatt og orkujöfnunargjald, og er þá átt við það verðlag sem fjárlög eru miðuð við. Hún hefur staðið fyrir mestu eyðslufjárlögum sem sögur fara af og raunverulegum greiðsluhalla, þveröfugt við það sem hæstv. ráðh. hélt fram áðan. Hún ætlar að tvöfalda erlendar lántökur frá fyrra ári. Hækkun erlendra lána verður milli 90 og 100 milljarða samkv. heimildum og yfirlýsingum ráðh. um væntanlega lánsfjáráætlun. Hún gerir engar ráðstafanir til að verðtryggja sparifé almennings og stuðla að auknum innlendum sparnaði.

Afleiðingar af þessu háttalagi hæstv. ríkisstj. láta ekki á sér standa. Ég hef hér í höndum glænýtt bréf frá Þjóðhagsstofnun til fjvn. Í því er áætlun um hækkun framfærsluvísitölu hinn 1. maí n. k. og einnig hugmyndir um hækkun 1. ágúst og 1. nóv. Þessi áætlun var gerð að beiðni fjvn. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar í samráði við Hagstofuna er sú, að framfærsluvísitala hækki um rúmlega 13% 1. maí, 9% 1. ágúst og ekki undir 10% 1. nóv. Hér sést glöggt hvert stefnir. Síðustu þrjá mánuði á undan, frá 1. nóv. í fyrra til 1. febr., hækkaði vísitalan um 9.1%, en nú síðustu þrjá mánuðina um 4% meira. 1. des. n. k. verður verðbólga tvöföld miðað við niðurtalningarformúlu ríkisstj.

Kaupgjaldsvísitala hækkar samkv. þessum áætlunum um 11—11.5% 1. júní og það eykur greiðslu launagreiðenda á árinu um 11—12 milljarða kr. Þessar áætlanir þýða 53—55% meðalhækkun verðbólgu milli ára. Þegar það er haft í huga, að slíkar áætlanir eða hugmyndir um verðbreytingar, sem gerðar hafa verið á vegum Þjóðhagsstofnunar í samráði við Hagstofuna, hafa alltaf reynst varfærnar og því miður oftast reynst of lágar, þá sést hvert stefnir.

Þessar dapurlegu horfur um áframhaldandi óðaverðbólgu sýna glöggt fáránleika þeirrar aðferðar ríkisstj. að láta vaða á súðum í ríkisfjármálum og skattamálum, lánsfjár- og peningamálum, en ætla jafnframt með stjórnvaldsákvörðunum að telja niður verðlag og kaupgjald. Sannleikurinn er sá að hæstv. ríkisstj. gæti með jafngóðum árangri sett brbl. um að sólskin skuli vera á öllu landinu í sumar.

Þessi lausatök hæstv. ríkisstj. á efnahagsmálum, sem ég hef drepið hér á, hafa fleiri alvarlegar hliðar. Við Íslendingar sem þjóð höfum í fyrra og á þessu ári verið að efna til hækkandi yfirdráttarskuldar erlendis. Jöfnuður á viðskiptum okkar við útlendinga var hagstæður 1978 um 9.7 milljarða kr. Viðskiptajöfnuðurinn var óhagstæður í fyrra samkv. nýjum tölum Seðlabankans um 7.2 milljarða og á þessu ári stefnir í 15—20 milljarða kr. viðskiptahalla. Við þær aðstæður, sem nú ríkja í þjóðlífinu, hámarksafla og besta verð á útflutningsmörkuðum, er hörmulegt að þurfa að taka eyðslulán til að jafna þennan viðskiptahalla. Slíkar lántökur eru mjög verðbólguhvetjandi, auk þess sem greiðslubyrði erlendra lána er orðin hrikaleg og komin yfir hættumörk.

Greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum á árinu 1978 var 13.1% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Í fyrra fór þessi greiðslubyrði upp í 14.2%. En í ár tekur steininn úr. Seðlabankinn áætlar að þessi byrði aukist í 16—17% á þessu ári af útflutningstekjum og hækki enn á næsta ári í 18.2%. Sú áætlun, sem ég fékk frá Seðlabankanum í dag samkv. ósk, er þó einungis miðuð við 90 milljarða kr. erlendar lántökur á árinu. Þess má geta, að skuld okkar í föstum erlendum lánum var um áramót 335 milljarðar kr. Hér er hreint út sagt um stórhættulega þróun að ræða. Hvað gerist ef afli brygðist eða verðfall yrði á útflutningsafurðunum? Þá stoðar það lítt til styrktar fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar að í málefnasamningi ríkisstj. segir: „Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum."

Mörgum þótti nóg um skattgleði vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar, enda var hún harðlega gagnrýnd af okkur sjálfstæðismönnum fyrir þá stefnu. Hún byrjaði feril sinn með sérstakri aukaálagningu afturvirkra skatta 1978. Eftir það má segja að hún hafi bætt skatti ofan á skatt í þá þrettán mánuði sem hún sat. Mér telst til að á þessu ári greiði almenningur 26 milljörðum kr. hærri skatta vegna ákvarðana þeirrar ríkisstj. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur þó tekist að slá þetta skattamet á einungis rúmlega tveimur mánuðum. Hún ber ábyrgð á að 2% söluskattshækkun og 6% vörugjaldshækkun sem ákveðin var í fyrrahaust, leggur nú 15 milljörðum kr. meiri álögur á almenning en á síðasta ári vegna þess að nú á þessi hækkun að gilda allt árið, en í fyrra aðeins nokkra mánuði. Hún hefur heimilað sveitarfélögum að leggja á að giska 4—5 milljarða aukaútsvör á skattborgarana. Verði þetta frv., sem hér er til umr., um skattstiga samþ. ætlar hún að hækka tekjuskatta ofan á hækkun vinstri stjórnarinnar um 2.5 milljarða kr. Nýja orkujöfnunargjaldið, sem í raun og veru er almenn söluskattshækkun um 1.5%, eykur skattbyrðina til viðbótar um 6 milljarða á þessu ári. Hæstv. núv. ríkisstj. ber því ábyrgð á því að þyngja skattbyrðina um nálægt 28 milljarða á þessu ári, ef það frv. verður að lögum og brtt. fylgismanna ríkisstj. samþykktar sem hér eru til umr. Þetta jafngildir því að þyngja skatta um 650 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu að meðaltali, eins og ég sagði áðan, til viðbótar vinstristjórnarsköttunum, sem hækka skatta sömu fjölskyldu í ár um önnur 600 þús. Við þetta skattaregistur núv. hæstv. ríkisstj. mætti bæta hækkun flugvallagjalds og fleiri skatta og gjalda og síðast en ekki síst okursköttum á bensín. Hér er því fremur vansagt en ofsagt um skattaálögur þær sem dynja á almenningi.

Sérstaka athygli vekur hin gífurlega skattahækkun á bensín sem orðið hefur frá 1978 og nemur 10 milljörðum kr. umfram verðlagshækkanir. Hinir háu bensínskattar renna í sífellt auknum mæli til að standa undir eyðslu ríkissjóðs. Árið 1978, þegar sjálfstæðismenn fóru með

ríkisfjármálin síðast, fór 51% af sköttum á bensín til vegagerðar í landinu. Ef það hlutfall væri óbreytt núna kæmi til vegaframkvæmda tæplega 4 milljörðum meira fé á þessu ári en raun ber vitni.

Það, sem er að gerast í vegamálum þessa dagana, er dæmigert um ofsköttunar- og eyðslustefnu núv. hæstv. ríkisstj. Í fyrra samþykkti Alþ. vegáætlun fyrir yfirstandandi ár, sem lögð var fram af þáv. hæstv. samgrh. Ragnari Arnalds. Þrátt fyrir að í málefnasamningi ríkisstj. standi skýrum stöfum: „Staðið verði við fyrirliggjandi vegáætlun fyrir árin 1980—1982" — er nú unnið að því að skera þessa áætlun niður um 4.5 milljarða. Ástæðan er m. a. sú, að núv. hæstv. fjmrh. tekur nú 4 milljarða af bensínsköttum í ríkissjóð, sem ættu að ganga til vegaframkvæmda, og eyðir þeim samkvæmt eyðslufjárlögum sínum. Þannig verða einna arðbærustu félagslegu framkvæmdir, sem hið opinbera getur lagt í, vegaframkvæmdir, skornar niður og peningarnir notaðir til eyðslu. Þetta er sannleikurinn um skattaálögur á bensín og afrek ríkisstj. í vegamálum sem hæstv. ráðh. gumaði af áðan.

Alvarlegustu afleiðingar skattahækkana ríkisstj. eru að ráðstöfnunartekjur heimilanna skerðast verulega, svo sem að framar greinir. Fólk kemst ekki hjá að greiða hækkun söluskatts, vörugjalds og svonefnt orkujöfnunargjald þegar það kaupir inn nauðsynjar, og gildir þá einu hversu tekjulágir menn eru. Þessi gífurlega skattahækkun hlýtur því að ýta undir launakröfur, auk þess sem slíkir veltuskattar auka og magna sjálfkrafa verðbólguna, að óbreyttum reglum um vísxlhækkun kaupgjalds og verðlags.

Óhætt er að fullyrða að enginn skaðast eins mikið á verðbólgu og einmitt láglaunafólk og lífeyrisþegar. Hér er því vegið að því fólki sérstaklega sem hlífa skyldi, enda er það svo, að öll stærstu launþegasamtök landsins hafa lagst gegn stefnu ríkisstj. í skattamálum. Þar má fyrst nefna ASÍ og BSRB. Síðast samþykkti Verkamannasamband Íslands ályktun fyrir nokkrum dögum þar sem skattastefna ríkisstj. er harðlega gagnrýnd.

Við sjálfstæðismenn í fjh.- og viðskn. fluttum við 2. umr. viðamiklar brtt. við þetta frv. Í þeim brtt. fólst fyrst og fremst afnám tekju- og eignarskatta vinstri stjórnarinnar á einstaklinga og félög. Þessar till. voru allar felldar af hv. þm. Alþb. og Framsfl. og hæstv. forsrh. Við viljum nú enn við 3. umr. freista þess að flytja nýjar brtt. Nýjar upplýsingar leiða í ljós að tekju- og eignarskattar einstaklinga hækka í raun meira frá 1978 en fyrri upplýsingar bentu til, eða um 10—11 milljarða, ef stefna fjárlaga og þessa frv. nær fram að ganga. Þá er einnig staðreynd að sveitarfélög munu nota heimild til 10% hækkunar útsvara í ríkari mæli en ætlað var. Síðast en ekki síst viljum við með brtt. okkar benda á leið til lausnar þeim rembihnút sem kjaramálin eru komin í vegna gegndarlausrar eyðslustefnu og skattahækkana ríkisstj. Till. eru fólgnar í eftirfarandi:

1) Að skattstiginn verði þannig: 20% af fyrstu 2.5 millj., 30% af næstu 3 millj., 40% af 5.5 millj. og þar yfir, persónuafsláttur verði 525 þús. kr. og barnabætur eins og eru í till. 1. minni hl. nefndarinnar.
2) Að sparifé og spariskírteini verði alltaf undanþegin eignarskatti.
3) Að ónýttur persónuafsláttur nýtist til greiðslu sóknargjalda og kirkjugarðsgjalda.
4) Að námsfrádráttur nýtist allt að fimm ár eftir að námsmaður lýkur námi, auk þess verði vextir og verðbætur námslána frádráttarbær.

Í þessum till. felst eftirfarandi meginstefna:

1) Að tekjuskattar verði afnumdir í áföngum á almennar og miðlungs launatekjur.
2) Að tekjuskattur verði verulega lækkaður á láglaunafólki og aukið svigrúm þess til að nýta persónuafslátt til greiðslu opinberra gjalda.
3) Að heildarskattprósenta beinna skatta: tekjuskatts, útsvars, sjúkratryggingargjalds o. s. frv., fari ekki fram úr 50%, eins og verið hefur stefnumið Sjálfstfl.

Þessar brtt. hefðu í för með sér heildarlækkun skatta um 13—14 milljarða kr. samkv. nýjustu upplýsingum um tekjubreytingu milli ára. Sem dæmi um áhrif þeirra lækkaði verkamaður með meðaltekjur um 200 þús. kr. frá tillögum ríkisstj. Samkvæmt upplýsingum Kjararannsóknarnefndar eru þessar meðaltekjur verkamanns 5.1 millj. kr. á s. l. ári. Þar yrði um örlitlar kjarabætur að ræða, sem vart er vanþörf á, þar sem staðreyndin er sú, að kjör verkamanna og verkakvenna versnuðu mest allra launþega á s. l. ári.

Ef þessar till. verða samþ. erum við sjálfstæðismenn reiðubúnir að standa að álagningu á 10% skyldusparnaði á tekjum yfir 7 millj. kr. og teljum það illskárra en 50% skattþrep. Þörf á niðurskurði útgjalda ríkissjóðs yrði 10—11 milljarðar kr. eftir innheimtu skyldusparnaðarins. Sjálfstæðismenn lögðu fram tillögur um niðurskurð útgjalda við afgreiðslu fjárlaga sem námu samtals 8—9 milljörðum kr. Við lýsum okkur enn reiðubúna til að ræða og styðja tillögur sem nema niðurskurðarþörfinni er mætti verða til að afstýra nokkru af því skattahækkunarflóði sem nú dynur á almenningi.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum. Ég vil að lokum leggja áherslu á að gegndarlaus eyðsla ríkisstj. og þrotlaus skerðing á ráðstöfunartekjum heimilanna og atvinnuveganna með nýjum og nýjum skattaálögum hlýtur að leiða til sjálfheldu og ófarnaðar, bæði í átökum um kaup og kjör og viðureigninni við verðbólguna. Þessi er samt leið hæstv. ríkisstj. Við sjálfstæðismenn höfum bæði fyrir og eftir kosningar lagt til niðurskurð á eyðslu ríkissjóðs og skattalækkun. Launþegasamtökin í landinu hafa nú lýst stuðningi við þá stefnu. Því mun áreiðanlega verða veitt sérstök athygli nú, hvor leiðin verður valin. — Góða nótt.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Hér er nú til 3. umr. í Ed. Alþingis frv. til l. um breyt. á tekju- og eignarskattslögunum. Tekur þetta frv. einkum til þeirra ákvæða laganna sem fjalla um álagningu, svo sem skattstiganna, persónuafsláttar, barnabóta o. fl. þar að lútandi. Ákvarðanirnar um álagningarreglur hafa að þessu sinni orðið nokkru flóknari og valdið alþm. og fulltrúum í fjh.- og viðskn. meiri heilabrotum en undanfarin ár. Vegna þeirra grundvallarbreytinga sem gerðar hafa verið á skattakerfinu og þar sem nú er í fyrsta skipti lagt á samkv. hinum nýju lögum.

Samhliða ákvörðun um álagningarreglur er ekki óeðlilegt að nokkur umræða og vangaveltur verði um skattamálin almennt, og hefur mikill hluti af störfum Alþingis í vetur farið í breytingar og lagfæringar á lögum þeim um tekju- og eignarskatt sem samþ. voru vorið 1978 undir handleiðslu og forsjá þáverandi hæstv.

fjmrh., Matthíasar Á. Mathiesen. Lög þessi, sem nú skal í fyrsta skipti telja fram og leggja á skatta samkvæmt, marka í raun þáttaskil þar sem nú á að taka inn í skattadæmið áhrif verðbólgunnar á þau hugtök sem skattlagningin er miðuð við, þ. e. tekjuhugtakið og eignarhugtakið. Þetta eru veigamestu breytingarnar, en ýmis önnur nýmæli eru í lögunum, svo sem sérsköttun hjóna, *gjörbreyttar reglur varðandi frádráttarliði og fjölmörg* atriði varðandi skattlagningu atvinnurekstrarins sem hvorki er tími né ástæða til að ræða sérstaklega nú.

Allar þessar breytingar, sem upptök sín eiga í skattalögum Matthíasar frá vorinu 1978, hafa gert ákvörðunina um skattstigana bæði vandasama og flókna og stöðugt eru einstök skattdæmi borin saman við hugsanlega útkomu miðað við gömlu lögin. Svo hátt lætur í sumum fulltrúum stjórnarandstöðunnar í umr. þessum, er þeir framkvæmda slíkan samanburð og lýsa honum af miklum fjálgleik, að maður spyr sjálfan sig: Til hvers voru breytingarnar gerðar? Voru gömlu skattalögin svona góð? Er sérsköttunin mistök sem aldrei átti að fara út í? Á aftur að taka upp misjafnan og breytilegan persónufrádrátt o. s. frv.? — Skattalög eiga að miða að því, að þeir, sem búa við sambærilegar aðstæður, greiði sambærilega skatta. Skattstigann þarf síðan að byggja á þann *hátt að skattbyrðinni verði dreift á þjóðfélagsþegnana á* sem réttlátastan hátt miðað við efni og aðstæður. Við það mat verður að taka tillit til ýmissa þátta í þjóðlífinu. Og enn vakna ýmsar spurningar: Hvar eiga annars vegar svokölluð skattleysismörk að vera og hvað mega hins vegar skattar einstaklingsins vera háir svo þeir verki ekki letjandi og dragi úr viðleitni fólks og vilja til að vinna? Að hve miklu leyti eiga skattstigarnir að taka tillit til aðstæðna einstakra þjóðfélagshópa ef hægt er og réttara að mæta þörfum þessara hópa með almannatryggingakerfinu og *annarri félagslegri samhjálp*? — Að þessu sinni er gengið út frá að tekjuaukningin sé um 45% milli áranna 1978 og 1979 og heildarskattbyrði á nánast að standa í stað milli áranna. Er með því móti náð þeirri tekjuáætlun sem fjárlög gera ráð fyrir. Hér á undan og eins í fyrri umr. um mál þetta hafa stjórnarandstæðingar gert mikið veður út af og haft hátt um það sem þeir kalla *skattaálögur hæstv. ríkisstj. Fjmrh. svaraði* þessum áróðri í ræðu sinni hér á undan, svo ég sé ekki ástæðu til að orðlengja það frekar.

Við 2. umr. sagði hv. 3. þm. Norðul. e., Lárus Jónsson, að málflutningur okkar stuðningsmanna ríkisstj. væri mjög mikil blekking og frv. þetta fæli í raun í sér 2—3 milljarða kr. hækkun á tekjuskatti einstaklinga. Þetta endurtók hann áðan. Reyndi hann að rökstyðja mál sitt með tilvitnun í grg. frá Þjóðhagsstofnun, dagsetta 10. apríl 1980, þar sem greint er frá hugsanlegri tekju*breytingu milli áranna 1978 og 1979 og byggt er á úrtaki* á nokkrum framtölum úr Reykjavík og Reykjanesi. Síðan las hann upp orðrétt, með leyfi forseta:

„Meðaltal þessara staða vegið með tekjum ársins 1978 er 47%."

Hv. þm. sleppti hins vegar framhaldinu sem er svo, með leyfi forseta:

„Hér er nær eingöngu um niðurstöðu úr framtölum launþega að ræða, enda hafa einstaklingar með atvinnurekstur enn frest til þess að skila framtölum. Áætlanir, sem að nokkru eru studdar athugun á framtölum, benda til þess að meðalbrúttótekjur á ofangreindum stöðum hækki minna en atvinnutekjur, e. t. v. um 45—46% ef miðað er við sambærilegt tekjuhugtak bæði árin."

Á þessu sést að Þjóðhagsstofnun telur ekki mögulegt að spá með nokkurri vissu um meiri tekjuaukningu en gert hefur verið, þ. e. 45%, þó e. t. v. gæti örlítillar tilhneigingar til hækkunar í því úrtaki sem þegar hefur verið gert.

Þá er rétt að minna á þá miklu óvissu sem ríkir í öllum spám vegna hinna róttæku breytinga á skattalögunum sem ég gat um í upphafi máls míns og sérstaklega hefur verið varað við af hálfu þeirra aðila sem aðstoðað hafa við gerð þessara skattstiga.

Í grg., sem dr. Þorkell Helgason hefur samið fyrir fjh.- og viðskn. um þessi mál, segir m. a. að vegna stórbreyt*inga á fyrningarreglum og fleiri þáttum telji margir* að varlega megi treysta því að atvinnurekstrartekjur hækki til jafns við aðra verðþróun. Hækki t. d. atvinnurekstrartekjur einungis um 40% í stað 45% skerði það álagningargrunninn um rúma 2 milljarða kr.

Enn hafa engin framtöl borist frá einstaklingum í atvinnurekstri og er því ógerlegt að meta þá tekjuhreyfingu milli ára. Þó er vitað að mikil tekjuhækkun var hjá bændum á árinu 1978 og því heldur ólíklegt að tekjuhækkun þeirra milli ára nú verði svo há sem áætl*unin gerir ráð fyrir*, ekki síst ef tekið er tillit til þess erfiða árferðis sem var í mörgum landbúnaðarhéruðum á s. l. ári.

Giskað er á að óvissan í mati á tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga sé allt að 2 milljörðum kr. til eða frá og mætti jafnvel ætla að heildaróvissan geti verið mun meiri. Er á þessu stigi með öllu ógerlegt að fullyrða hvort heldur verði. Þeir skattstigar, sem nú er gerð *tillaga um*, miða að því að ná þeim tekjum sem fjárlög áætla, eins og ég gat um áðan, og er því um að ræða lækkun um 1.5 milljarða kr. frá upphaflegu skattatillögunum, en þá var gert ráð fyrir nokkru svigrúmi hjá ríkissjóði eða borði fyrir báru vegna hinna mörgu óvissuþátta.

Þó heildarskattbyrðin standi í stað er óhjákvæmileg einhver tilfærsla milli einstakra hópa skattgreiðenda sé tekin viðmiðun við hugsanlega álagningu samkv. gamla kerfinu. Gætir þar mest áhrifa frá sérsköttuninni, sem *hefur óhjákvæmilega þær afleiðingar að hjón, þar sem* bæði hafa verulegar tekjur, hækka nokkuð í sköttum.

Ljóst er að mikill fjöldi framteljenda velur fasta 10% frádráttinn frá tekjum sínum, og leiðir það til þess að skattbyrðin flyst frá þeim, sem lítinn frádrátt höfðu áður, til þeirra sem höfðu hærri frádráttarliði, t. d. vaxtafrádrátt, sem skapaði viss forréttindi þeim sem bestan aðgang höfðu að lánsfé. Til að tryggja enn betur hag tekjulítilla einstaklinga, en í þeim hópi eru m. a. námsfólk, einstæð foreldri og lífeyrisþegar, hefur fjmrh. lagt til í samráði við stuðningsmenn sína að þessi fasti frádráttur verði aldrei lægri en 550 þús. kr.

Barnabætur fara hækkandi með fjölda barna og er þannig reynt að létta verulega undir með barnmörgum fjölskyldum. Þá er sérstök hækkun á frádrætti fyrir börn yngri en sjö ára, og kemur hún mest til góða unga fólkinu, sem er að hefja búskap og oft og tíðum að byggja *eða kaupa sér þak yfir höfuðið. Það heyrist að vísu og er* rétt, að börn á skólaaldri og unglingar séu kostnaðarsamari, ef svo má taka til orða, en ungbörnin. En með þessu formi fjölskyldubóta er fremur litið á fjölskylduna sem eina heild. Lítum á yngsta fólkið, sem er að leggja út í lífsbaráttuna. Makinn er þá oft og tíðum bundinn heima

við vegna smábarna og tekjumöguleikarnir því miklu minni en hjá þeim sem betur hafa komið undir sig fótunum.

Einstæð foreldri fá hæstu barnabætur með hverju barni, 280 þús. kr. án tillits til barnafjölda, og er á þann hátt komið verulega til móts við vandamál þeirra. Einnig njóta þau hinnar sérstöku hækkunar með börnum yngri en sjö ára, en hún nemur 65 þús. kr. fyrir hvert barn.

Hv. stjórnarandstöðuþingmenn leggja fram brtt. um verulegar skattalækkanir. Auðvitað væri ekki nema gott eitt um það að segja að lækka skattana og minnka álögurnar ef hér væri um raunhæfar tillögur að ræða, en svo er því miður ekki. Þetta eru sýndartillögur. Þeir segjast vera til viðræðu um það, hvar megi draga saman, en koma sér undan að benda á ákveðna þætti. Þó hafa þeir nefnt lækkun á niðurgreiðslum. Er það nú raunhæfasta leiðin til að koma til móts við skattgreiðendur? Minnkaðar niðurgreiðslur þýða auðvitað hækkað vöruverð, hækkað verð á matvörum sem kæmi að sjálfsögðu verst við þá sem minnstar tekjur hafa og flest börnin, stærstu fjölskyldurnar. Þeir hafa nefnt Lánasjóð námsmanna. Lánasjóðurinn þarf mikið fjármagn og sjálfsagt er að athuga reglurnar um hann eins og margt annað sem gefa þarf gaum að í okkar ríkisfjármálum, en ætli það væri ekki að koma nokkuð hastarlega aftan að ýmsum námsmanninum, sem treyst hefur á væntanlegt lán úr sjóðnum, að skera þar verulega niður þegar komið er fram í apríllok? 7—10 milljarða skattalækkun væri hægt að ná með því að skera niður framlög til sjúkrahúsa og skólabygginga og hafnarframkvæmda í svo sem eitt ár, fresta öllum þessum framkvæmdum í eitt ár eða svo. En er þjóðin reiðubúin til þess? Ég held ekki. Aðhalds verður að sjálfsögðu að gæta í ríkisfjármálunum og sparnaðar til hins ýtrasta þar sem það er hægt, en við megum ekki undrast og láta sem það komi okkur á óvart þó ríkisreksturinn verði dýrari ár frá ári, ef við tökum mið af þeim kröfum sem til ríkisins eru gerðar um stöðugt bætta og aukna þjónustu á hinum ýmsu sviðum. Bygging skóla, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva krefst stóraukins rekstrarkostnaðar. Það er til lítils að byggja mannvirkin ef þau eiga síðan að standa auð.

Við framsóknarmenn höfum lagt áherslu á aukna samhjálp í þjóðfélaginu. Við viljum styðja og stuðla að því, að öldruðum og sjúkum geti liðið sem best. Við viljum gefa gaum málefnum öryrkja og þroskaheftra. Til þess að svo megi verða verða þeir, sem hraustir eru og heilbrigðir og hafa til þess aðstæður, að leggja nokkuð af mörkum. Jöfnuður, velferð og öryggi öllum til handa eru grundvallaratriði í stefnu Framsfl. Framsfl. mun vinna markvisst að framförum og bættum lífskjörum. Framsóknarmenn leggja höfuðáherslu á að árangur náist í efnahagsmálunum. Að því munum við markvisst vinna með aðhaldi og ráðdeild á öllum sviðum. Það ástand, sem ríkt hefur í íslenskum stjórnmálum í vetur og skapaðist er þjóðinni var steypt út í vetrarkosningar og það stjórnleysi sem þeim fylgdi, hefur gert nýjum stjórnvöldum erfiðara um vik að ná fram þessum markmiðum. En ábyrgðina á þeim atburðum bera þeir aðilar sem nú skipa stjórnarandstöðu. Því skulu menn ekki gleyma. — Ég þakka áheyrnina.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Góðir hlustendur. Á þessum vetri hefur starf Alþingis og ríkisstj. verið með óeðlilegum og afbrigðilegum hætti. Í byrjun októbermánaðar óskaði Alþfl. nánast fyrirvaralaust að draga sig út úr páv. ríkisstj. „Poppliðið" í Alþfl. hafði náð yfirhöndinni. Þetta var bæði óvenjulegt og óskynsamlegt þegar af þeirri ástæðu að Alþ. var að koma saman og brýn nauðsyn á afgreiðslu margra stórmála, svo sem fjárlaga, fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og skattamála, en þessi mál höfðu þegar verið undirbúin. Páv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, lagði á s. l. hausti fram skýra efnahagsstefnu á Alþingi í skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir árið 1980, og ég lagði fram fjárlagafrv. sem var beinn þáttur í þeirri stefnu. Með stjórnarrofinu var ekki hugsað um hag lands og þjóðar, heldur um að gera „coup" í pólitískum poppstíl.

Alþfl. og Sjálfstfl. bræddu sig síðan saman og kusu helstu embættismenn Alþingis sameiginlega og svo var hraukað upp starfsstjórn Alþfl. og Alþingi rofið. Í stað þess að snúast gegn aðsteðjandi vandamálum var þjóðinni att út í harðvítuga kosningabaráttu, sem lauk með kosningum í skammdeginu. Svo var stjórnarkreppa þar til núv. ríkisstj. var mynduð 8. febr. s. l. Segja má að landið hafi verið stjórnlaust 4—5 mánuði, einmitt á venjulegum starfs- og annatíma ríkisstj. og þó sérstaklega Alþingis.

Núv. ríkisstj. hóf störf við þau skilyrði að fjárlög ríkisins voru óafgreidd þótt liðið væri þegar nokkuð af árinu, skattamálin í hreinum ólestri þar sem nýja skattalöggjöfin hafði ekki verið fullfrágengin, slitur af fjárfestingar- og lánsfjáráætlun lágu í skúffum stjórnarráðsins og atvinnulífið var í andarslitrunum í hengingaról starfsstjórnar Alþfl. Aðkoman var því erfið og vandasöm.

Fulltrúar fiskvinnslunnar og útflutningsiðnaðarins gengu á fund ríkisstj. nokkrum dögum eftir að hún var mynduð. Staða þessara atvinnugreina var þá þannig, að stöðvun var fyrirsjáanleg ef ekki yrðu gerðar gagnráðstafanir þegar í stað. Ákveðið hafði verið, áður en núv. ríkisstj. kom til, að lækka afurðalán til atvinnuveganna úr 75% í 71.5%. Lækkun, sem nam 1.5%, hafði þegar verið framkvæmd. Ríkisstj. blandaði sér í málið og lét breyta þessu aftur í hið fyrra horf. Þá hafði jafnframt verið ákveðið að hækka vexti um 3—5% 1. mars s. l. Ríkisstj. beitti sér fyrir því, að þessu var breytt og hætt var við hækkunina að sinni. Þá var einnig augljóst að óhjákvæmilegt væri að gengi krónunnar yrði látið síga nokkuð til að tryggja rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna, en gengi krónunnar hafði verið haldið lítið breyttu þrátt fyrir 13% launahækkanir 1. des. og margvíslegar kostnaðarhækkanir fyrir atvinnureksturinn. Fleiri ráðstafana hefur ríkisstj. gripið til til að afstýra rekstrarstöðvun útflutningsatvinnuveganna.

Óhjákvæmilegt hefur reynst að taka verðlagsmál margra ríkisstofnana og atvinnufyrirtækja til gagngerðrar endurskoðunar ef ekki átti að koma til stöðvunar starfseminnar. Ég nefni til dæmis Sementsverksmiðjuna. Þar blasti við stöðvun og lokun. Það varð að heimila verulegar verðhækkanir á sementi, sem námu 20—30%, til að tryggja áframhaldandi starfsemi verksmiðjunnar. Útvarp og sjónvarp voru í dauðateygjunum. Það var óhjákvæmilegt að heimila allt að 23% hækkun afnotagjalda þessara stofnana og hrekkur það varla til. Enginn skal halda að slíkt hafi verið gert án rækilegrar skoðunar gjaldskrárnefndar og viðkomandi rn. Full rök, sem ekki varð gengið fram hjá, leiddu til nauðsynjar á þessum miklu hækkunum. Þá var óhjákvæmilegt að leyfa margvíslegar hækkanir á verði vöru og ýmiss konar

þjónustu. Sennilega verður ekki komist hjá hækkun fargjalda með strætisvögnum, svo dæmi sé tekið. Að óbreyttu verður halli á Strætisvögnum Reykjavíkur t. d. 1500 millj. kr. á ársgrundvelli. Í flestum tilfellum hafa slíkar hækkanir verið leyfðar með samhljóða samþykki Verðlagsráðs, en þar eiga m. a. sæti fulltrúar helstu hagsmunasamtaka, eða með samþykki gjaldskrárnefndar, sem fjallar fyrst og fremst um verð á opinberri þjónustu.

Þegar núv. ríkisstj. tók við í byrjun febrúar hafði því safnast saman margra mánaða geymdur og lengdur vandi í verðlagskerfinu sem óhjákvæmilega hlaut að brjótast fram á yfirstandandi vísitölutímabili, þ. e. 1. febr.—1. maí. Nú liggur t. d. fyrir bunki óafgreiddra mála hjá gjaldskrárnefnd. Samkv. bráðabirgðaverðlagsspá, sem gerð var í byrjun yfirstandandi vísitölutímabils, var áætlað að verðhækkanir yrðu rúmlega 10% og þar af væri geymdur vandi um 2%. Þessi geymdi vandi var, eins og áður greinir, fyrst og fremst fólginn í því, að ekki höfðu verið heimilaðar eðlilegar og óhjákvæmilegar hækkanir á verði vöru og þjónustu, ekki síst opinberri. En einnig kom til gengismisræmi og margt fleira. Það er nú alveg ljóst, að þessi geymdi uppsafnaði verðlagsvandi er allmiklu meiri en ráð var fyrir gert. Þegar öll kurl eru komin til grafar ætla ég að hann verði a. m. k. 3—4 prósentustig í framfærsluvísitölunni. Hann skrifa ég á syndaregistur Alþfl. og formann Sjálfstfl. og hans manna. Þetta kann að raska nokkuð áformum ríkisstj. í verðlagsmálum og niðurtalningu verðbólgunnar, en haggar ekki langtímamarkmiðum um hjöðnun verðbólgunnar í áföngum. Þetta kallar og á aukið aðhald á næstu mánuðum.

Á aðalfundi miðstjórnar Framsfl., sem haldinn var nú um helgina, segir svo m. a. í stjórnmálaályktun:

„Efnahagsmálin eru meginviðfangsefni núv. ríkisstj. Stefnt er að niðurtalningu verðbólgunnar í áföngum. Markmiðið er að verðbólgan verði árið 1982 svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Til þess að ná því marki er nauðsynlegt að beita aðhaldi í ríkisfjármálum, peningamálum, fjárfestingu og gengisskráningu. Við niðurtalninguna leggur Framsfl. ríka áherslu á samræmi verðlags og launa. Framsfl. telur að árangri í kjara- og launamálum verði best náð með samstarfi við launþega í landinu. Á slíkt samstarf og ýmsar félagslegar umbætur launþegum til handa ber því að leggja höfuðáherslu."

Í kosningabaráttunni í vetur lagði Framsfl. áherslu á aukna framleiðslu og framleiðni. Það markmið er ítarlega undirstrikað í stjórnarsáttmálanum. Hjöðnun verðbólgunnar er hins vegar forsenda þess, að góður árangur náist í þessu efni. Það er vafasamt að þjóðinni takist til lengdar að halda hinum góðu lífskjörum, hvað þá bæta þau, með áframhaldandi óðaverðbólgu og upplausn í efnahagsmálunum.

Á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu eru mikilvæg verkefni fram undan. Framsfl. leggur áherslu á að skapa sjómönnum, útvegsmönnum og fiskvinnslunni öryggi og svigrúm til athafna innan ramma sem ríkisvaldið setur um hámarksveiðar og nýtingu aflans með það í huga að sem hagkvæmast verði þjóðarbúinu hverju sinni. Þetta er flókið mál sem leysa ber í samráði við hagsmunaaðila.

Í landbúnaðarmálum hefur ríkisstj. þegar gert ráðstafanir til að tryggja bændum óverðtryggðan útflutning landbúnaðarvara frá seinasta verðlagsári með útvegun á 3000 millj. kr. láni. Framsfl. telur hagsmuni bænda og neytenda best tryggða með aðlögun landbúnaðarframleiðslunnar að þeim mörkuðum, sem viðunandi gefast, og að framleiðsla sauðfjár- og mjólkurafurða verði sem næst neysluþörfum þjóðarinnar og þörfum iðnaðarins. Þess ber að gæta, að óumflýjanlegur samdráttur bitni sem minnst á tekjumöguleikum bænda og valdi ekki röskun byggðar.

Markvisst verður að vinna að því að koma á fjölbreyttara atvinnulífi í sveitum til að tryggja þar eðlilega byggð og mannlíf. Iðnaðurinn hlýtur að taka við mestum hluta þess vinnuafls sem bætist á vinnumarkaðinn á næstu árum. Mikla áherslu verður því að leggja á eflingu hans, framleiðni og bætta samkeppnisaðstöðu við erlendan iðnað. Leggja ber sérstaka rækt við úrvinnslu og þjónustuiðnað sem byggist á innlendri orku og hráefnum.

Um verslunina vil ég aðeins segja það hér, að hún er ein af mikilvægustu atvinnugreinum þjóðarinnar. Góð verslunarþjónusta í nútímaþjóðfélagi er ein af undirstöðum almennrar velferðar. Ég er þeirrar skoðunar að frjáls samkeppni samvinnuverslunar og einkaverslunar tryggi þegar til lengdar lætur best eðlilega verslunarálagningu og hagstæð innkaup til landsins.

Á verðbólgutímum og e. t. v. öllum tímum er sterkt og virkt verðlagseftirlit nauðsynlegt. Þá vil ég undirstrika það ákvæði stjórnarsáttmálans að efla beri samtök neytenda til þess að þau geti gegnt því mikilvæga verkefni að gera verðlagseftirlit neytendanna sjálfra sem virkast.

Ég mun í síðari ræðu minni koma nánar að ýmsu því sem stjórnarandstæðingar hafa drepið á hér í umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það er alveg hárrétt sem viðskrh. Tómas Árnason sagði áðan í upphafi ræðu sinnar, að störf ríkisstj. að undanförnu hafa verið með óvenjulegum og afbrigðilegum hætti. Þetta eru sannarlega orð að sönnu. Ferill þessarar ríkisstj., þótt stuttur sé, er með alveg sérstökum endemum og kem ég nánar að því síðar. — Hann talaði líka svo, að allur sá vandi, sem nú væri við að etja, væri geymdur vandi frá ríkisstj. Alþfl. Um þetta fór hann mörgum orðum. Það hefur hins vegar komið rækilega fram í þessum umr. að þær verðhækkunarbeiðnir, sem bárust ríkisstj. Alþfl. á sínum tíma, voru afgreiddar. Þær voru afgreiddar þannig, að það fengu ekki allir allt sem þeir vildu, eins og nú virðist stefna ríkisstj. Þessar verðhækkunarbeiðnir opinberra fyrirtækja voru afgreiddar með samræmdum hætti, eins og hér hefur þegar verið gerð grein fyrir.

Tómas Árnason las okkur líka ályktun þeirra framsóknarmanna um efnahagsmál, sem samþ. var á fundi einhvers staðar úti í bæ nú um helgina. Það er gott og blessað og það er ýmislegt þar sem sjálfsagt er hægt að taka undir. En það er bara þannig með Framsfl., að í ríkisstj. gerir hann allt annað en hann ályktar um úti í bæ, og þetta hefur verið einkenni á þeim flokki um býsna langa hríð.

Af hálfu Alþfl. hefur þegar verið gerð grein fyrir brtt. við það frv., sem hér er til umr., en þær eru í anda þeirrar stefnu sem Alþfl. boðaði fyrir kosningar, boðaði í fjárlagafrv. sínu og boðar enn, að lækka tekjuskatt, að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum í áföngum á tveimur árum. Okkar tillögur eru mjög í anda þeirra tillagna sem Verkamannasamband Íslands hefur lýst stuðningi við. Þær brtt., sem Alþfl. flutti þegar þetta mál var til 2. umr., urðu til þess að ríkisstj. heyktist að nokkru á hækkunaráformum sínum.

Í þessum fyrstu útvarpsumr. um stefnu núv. ríkisstj. og þá einkum og sér í lagi stefnu hennar í skattamálum fer ekki hjá því, að menn leiði hugann að því hvernig þessi ríkisstj. öðlaðist líf. Þá segja sjálfsagt margir sem svo: Jú, hún kom til eftir óvenjulegar kosningar á óvenjulegum árstíma eftir óvenjulega langa stjórnarkreppu. Þá kom hinn aldni stjórnmálasnillingur og hjó á Gordíonshnútinn. — Þetta er með nokkrum hætti rétt — og þó. Þetta er stjórn tveggja flokka og flokksbrots. Er þetta ekki stjórn sem byggð er á sameiginlegri afstöðu þessara þriggja aðila til grundvallaratriða í þjóðmálum? Er þetta ekki stjórn sem byggð er á sameiginlegri afstöðu til utanríkismála? Er þetta ekki stjórn sem byggð er á gagnkvæmu trausti, gagnkvæmum skilningi og trúnaði þessara þriggja aðila? Svari nú hver fyrir sig.

Sé grannt skoðað er þessum þremur aðilum, sem að núv. ríkisstj. standa, aðeins eitt sameiginlegt. Allir aðhyllast þeir stefnu Framsfl. í landbúnaðarmálum: að halda áfram þeim vítahring vitleysunnar sem þar hefur skapast þannig að því betur sem árar, því meira sem framleitt er, þeim mun þyngri byrðar eru lagðar á skattþegnana vegna landbúnaðarins. Og fjmrh. lét að því liggja hér áðan að það væru sérstakar árásir á bændur þegar Alþfl. gerði tillögur um að breyta þessu kerfi, að komast út úr þessum vítahring vitleysunnar. Þetta er alrangt. Það væri bændum og þjóðinni fyrir bestu ef við kæmumst út úr því ófremdarástandi sem við búum nú við í þessum efnum.

En á hverju byggist þessi ríkisstj.? Af hálfu Alþb. og Framsóknar byggist hún á þeirri meginstaðreynd, að þessum tveimur flokkum tókst að kljúfa Sjálfstfl. Af hálfu þeirra sjálfstæðismanna, sem að þessari ríkisstj. standa, verður ekki annað séð en að stjórnarmyndunin byggist á valdastólunum einum. Þetta er hinn raunverulegi grundvöllur stjórnarsamstarfsins.

Í kosningabaráttunni í nóvember var það höfuðmarkmið allra flokka að ráðast gegn verðbólgunni. Sumir vildu gera það með leiftursókn, aðrir eftir norsku leiðinni svonefndu, en Alþfl. vildi og vill ráðast gegn verðbólgunni með skipulegu aðhaldi í rekstri ríkisins, skynsamlegri stefnu í ríkisfjármálum jafnframt því að standa vörð um kaupmátt lægstu launa.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er talað um niðurtalningarleið. Enn sem komið er hefur forsrh. og lið hans ekki sýnt að þeir kunni að telja í aðra átt en upp. Það hefur allt hækkað. Það veit almenningur allra best. Heimild til útsvarsálagningar var hækkuð, söluskattur hækkaður, tekjuskattur skal hækka, nema að vísu skattar á fyrirtækjum. Samkv. hinni nýju skattastefnu Alþb. eiga skattar á fyrirtækjum að lækka, og hefði einhverjum þótt ótrúlegt fyrir ári að heyra Ragnar Arnalds, núv. fjmrh., mæla fyrir slíkri stefnu hér í sölum Alþingis. Engu að síður er þetta nú óhagganleg staðreynd.

Þessi stjórn telur ekki niður, hún telur upp og hún eykur stöðugt þær byrðar sem almenningi er ætlað að bera. Það vottar hvergi fyrir því að gæta eigi aðhalds og sparnaðar, heldur er stjórnarstefnan eitt samfellt efnahagslegt sullumbull. Alþýðubandalagslúðvískan ræður ferðinni um efnahagsstefnuna. Þetta eru staðreyndirnar sem blasa við þeim sem fögnuðu myndun þessarar stjórnar hinn 8. febr. s. l. Og víst er það rétt, að ýmsir voru þeir sem fögnuðu því að þessi stjórn skyldi mynduð.

Ragnar Arnalds fjmrh. sagði áðan að þjóðarskútan þyrfti að komast á lygnari sjó. Þessi stjórn hafði beggja skauta byr fyrstu vikurnar, en nú er það breytt. Nú hefur slegið í bakseglið, það gefur á og skipshöfnin ber það ekki einu sinni við að munda austurstrog, heldur horfir hún á ráðvillt og ráðþrota, en í skutnum situr sjálfur formaðurinn og heldur að sér höndum. Sálarskip þessarar ríkisstj. fer nú heldur betur hallt á hlið, og það sem verra er: það hrekur til skaðsemdanna, eins og segir í vísunni.

Það er talað um það þessa dagana, og það er raunar ekki ný bóla, að stjórnmálamenn hafi glatað tiltrú almennings. Eigum við að líta aðeins á hvernig þessum sæmdarmönnum, sem nú verma ráðherrastólana, tíu talsins, hefur tekist að halda tiltrú almennings, hvernig þeir hafa staðið við þau loforð sem þeir gáfu ýmist fyrir fáum vikum eða fáum mánuðum? Bara örfá dæmi. Það er af nógu að taka.

Nokkrum dögum fyrir kosningar skrifaði Gunnar Thoroddsen, núv. forsrh., grein í Morgunblaðið undir fyrirsögninni: „Þak á fjárlögum leiðir til lækkunar." — Takið eftir: „leiðir til lækkunar". — Þar segir orðrétt: „Það er ekki lengur hægt að hækka skatta. Þeir eru þegar orðnir allt of háir." Þetta sagði forsrh. Gunnar Thoroddsen í nóvember, en þá var hann líka í framboði fyrir Sjálfstfl. sem ætlaði sér að afnema alla skatta vinstri stjórnarinnar. Samtals ætlaði núv. forsrh. sér að afnema skatta sem námu 19.9 milljörðum kr. En hvað hefur hæstv. forsrh., oddviti ríkisstj., verið að gera að undanförnu? Það veit þjóðin öll.

10. febr. s. l. var viðtal við fjmrh. Ragnar Arnalds í sjónvarpi. Fréttamaður spurði: Getur þjóðin fengið yfirlýsingu frá nýjum fjmrh. um að skattar verði ekki hækkaðir eða nýir skattar lagðir á? Og fjmrh. sagði orðrétt í svari sínu: „Ég verð var við það í fjölmiðlum núna seinustu daga að stjórnarandstaðan er að sjálfsögðu farin að hræða fólk á því að nú hafi tekið við völdum miklir skattpíningarmeistarar. Ég held," sagði Ragnar Arnalds, „að það sé nú kannske nokkuð snemmt að fullyrða slíkt, og þess vegna svara ég þeirri spurningu neitandi að það sé ætlunin að leggja aukna skattbyrði á almenning í landinu."

En hvað hefur fjmrh. Ragnar Arnalds verið að gera undanfarna daga? Hann hefur mælt fyrir hverju skattahækkunarfrv. á fætur öðru hér í sölum Alþingis, milli þess sem hann hefur fullvissað launþega landsins, eins og hann gerði í ræðu sinni áðan, um að nú væri enginn grundvöllur til grunnkaupshækkana.

Föstudaginn 29. febr. svaraði Gunnar Thoroddsen forsrh. spurningum lensenda dagblaðsins Vísis, og þann dag birti blaðið fimm dálka fyrirsögn yfir þvera forsíðu. Þar segir orðrétt: „Hvorki gengisfelling né hratt sig að svo stöddu." Og síðan segir: „Gunnar Thoroddsen forsrh. sagði á beinni línu Vísis í gærkvöld að hvorki yrði um að ræða gengisfellingu né hratt gengissig að svo stöddu, er hann var spurður um gengismál í framhaldi af umræðum um þau síðustu daga."

Þetta var 29. febrúar. Tveimur dögum síðar var aftur fimm dálka fyrirsögn í dagblaðinu Vísi: „Engin gengisfelling, segir Tómas Árnason viðskrh." Og nú les ég aftur orðrétt: „Það verður engin gengisfelling, sagði Tómas Árnason þegar Vísir ræddi við hann í morgun, en ríkisstj. fjallaði einmitt um gengismálin á fundum sínum um helgina." En hvað gerðist svo? Prentsvertan á þessu blaði var varla orðin þurr þegar landsmenn fengu það yfir sig í hádegisútvarpi að gengið hefði verið fellt.

Þetta er bara enn eitt dæmið um það, hvernig framsóknarmenn tala eitt og gera annað.

Eigum við að taka fleiri dæmi? Það er af nógu að taka. Í sjónvarpsþætti daginn sem stjórnin var mynduð var Steingrímur Hermannsson spurður um hvernig ætti að afla peninga til að gera allt hið góða sem frá segir í málefnasamningi ríkisstj. Á að hækka skatta? spurði fréttamaður. Þá svaraði Steingrímur Hermannsson orðrétt: „Nei, það er ekki meiningin. Það hefur verið á okkar stefnuskrá að hækka ekki skatta. Við teljum ekki svigrúm til þess.“ — En hvað hefur Steingrímur Hermannsson verið að gera síðan?

Nú geta hlustendur um það dæmt hvernig saman hafa farið orð og efndir hjá þeim ágætu mönnum sem nú stjórna landinu. Þeir hafa hækkað útsvörin, sem koma verst við láglaunafólkið. Þeir eru að hækka tekjuskatt og þeir hafa ekki fellt niður einn einasta skatt.

Við afgreiðslu fjárlaga lagði Alþfl. fram ítarlegar tillögur um lækkun tekjuskatta á almennar launatekjur. Alþfl. lagði fram tillögur um að verja 4 milljörðum kr. til jöfnunar hitunarkostnaðar, en á því sviði hefur viðgengist eitthvert hróplegasta ranglæti og misrétti sem dæmi eru um í okkar þjóðfélagi, þar sem þeir, er verða að kynda hús sín með olíu, verða að greiða margfaldan hitunarkostnað á við þá sem njóta ódýrustu hitaveitu. Þessa fjár, rúmlega 7 milljarða til að lækka tekjuskatta og 4 milljarða til jöfnunar hitunarkostnaðar, átti að afla innan ramma fjárlaganna með því að lækka nokkuð framlög til ýmissa liða, m. a. til Lánasjóðs námsmanna og til ýmissa landbúnaðarliða. Við bentum á að það væri óeðlilegt að framlög til Lánasjóðs hækkuðu um 141% á ári, það væri út úr hlutföllum við allt annað í frv., það ætti að reka þennan sjóð eins og raunverulegan lánasjóð og þar ættu menn að borga til baka jafnstórar krónur og þeir fengju að láni. Það er rangt og það er útúrsnúningur og illgirni — svo ég noti sömu orð og ráðh. fjármála notaði hér áðan — að segja að við höfum með þessu sérstaklega verið að ráðast að námsmönnum. Við bentum á að þetta ætti að vera raunverulegar lánasjóður. En allar tillögur Alþfl. felldi stjórnarliðið. Þær voru felldar þrátt fyrir loforð og skattar hafa verið hækkaðir og eru enn að hækka þrátt fyrir öll loforð.

En var það þetta sem almenningur var að fagna þegar þessi ríkisstj. var mynduð? Ég held ekki. Lúðvíska og ábyrgðarleysi Alþb. ráða nú stjórnarstefnunni. Hjá Framsfl. ber hæst eins og venjulega sinnuleysið og hentistefnuna: já, já, nei, nei. En um Sjálfstfl. er raunar það helst að segja, að hann er heillum horfinn, ef ekki öllum horfinn, og það sem meira er, að það virðist enginn sakna hans.

Þessi ríkisstj. ætlar ekki að efna þau loforð sem hún gaf þjóðinni í febrúar. Mörg þeirra hefur hún þegar svikið. Þessi ríkisstj. ætlar ekki að ráðast gegn verðbólgunni, til þess ræður Alþb. allt of miklu um stjórnarstefnuna. Þessi ríkisstj. ætlar ekki að takast á við vandann í landbúnaðarmálum. Hún gerir það ekki vegna þess að í henni sitja framsóknarmenn úr þremur flokkum. Það, sem þó skiptir mestu máli, er að myndun þessarar ríkisstj. bar að með þeim hætti, að hvorki verður það kennt við heilindin né drengskapinn sem sumir töluðu hvað mest um fyrir kosningar. Það er sú staðreynd sem ræður stefnu hennar og gjörðum, því miður. Þessi ríkisstj., þótt ung sé, hefur þegar dæmt sig sjálf. Hún er að hnýta eigin hengingaról, en dóm kjósenda hlýtur hún að verðleikum þegar þar að kemur. — Þökk fyrir áheyrnina. Góða nótt.

Helgi Seljan: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það duldist engum að verulegur vandi blasti við í íslensku þjóðlífi þegar núv. ríkisstj. tók við völdum. Vissulega stóðu menn líka andspænis vandamálum á liðnu hausti. En í stað þess að snúa sér að lausn þeirra mála flúði Alþfl. af hólmi, flúði vandann, tók við stjórnartaumum í orði með stuðningi sjálfstæðismanna, en lét í raun allt reka á reiðanum. Stjórn þeirra var bráðabirgðastjórn stórra yfirlýsinga í auglýsingaskyni, en lítilla verka og lélegra í hvívetna. Vandamálin höfðu því hrannast upp enn frekar. Frestur er á illu bestur, hlýtur að hafa verið kjörorð þeirrar stjórnar, því öllu var frestað sem máli skipti og það kom í hlut núv. ríkisstj. að ná tökum á vandanum, leysa úr þeim fjölmörgu hnútum sem á höfðu hlaupið í stjórnleysinu og óreiðunni. Þegar fólk í dag finnur til þessa vanda, þegar ýmis þjónustugjöld hækka og aðrar óumflýjanlegar verðlagshækkanir ganga yfir, þá skyldu menn minnast þess uppsafnaða vanda sem velt hafði verið á undan sér á því óheillaskeiði sem Alþfl. skóp og Sjálfstfl. bar óskoraða ábyrgð á. Eiður Guðnason kvartaði undan þessu áðan og sagði að víst hefði ekki allur vandinn verið þeirra sök. Fyrr mætti nú líka vera, en há er prósenttala þeirra Alþfl.-manna í þeim vanda. Og hraklegt má það teljast þegar kjaraskerðingarpostular Alþfl. á síðasta ári, í síðustu stjórnarmyndunarviðræðum, tala nú dýsætum hunangsrómi til láglaunafólksins og spara ekki gífuryrðin til þeirra sem þar stóðu gegn.

Ríkisstj. stóð andspænis þessu öllu við upphaf ferils síns. Hún varð að gera allt í senn: veita sem mest aðhald og viðnám, en jafnframt tryggja stöðu atvinnulífsins, sjá til þess að verklegar framkvæmdir yrðu með eðlilegum hætti á árinu, að vanrækt verkefni yrðu tekin fyrir af fullri einurð til úrlausnar, að þjónustufyrirtæki almennings gætu sinnt sínu eðlilega hlutverki, að sveitarfélögin í landinu gætu staðið við brýnustu skyldur sínar við íbúana í þjónustu og framkvæmdum. Þetta hlaut að gerast, en þetta hlaut að hafa það í för með sér að ný lög varð að setja, fjáröflun varð til að koma og vissar verðhækkanir urðu staðreynd. Hér hefur hins vegar ekkert óeðlilegt gerst miðað við uppsafnaðan vanda upplausnartímans og miðað við þau félagslegu samneyslumarkmið sem ríkisstj. hefur sett sér.

Það frv., sem hér er til 3. umr., um skattstiga, er að sjálfsögðu ákvarðandi og afgerandi um skattbyrði þessa árs. En þegar gerbreytt tilhögun skattamála tekur gildi hljóta óvissuþættirnir í útkomu hvers einstaks að vera meiri en annars væri, ef eldri skattalög væru í gildi sem hlotið hefðu eldskírn árareynslu. Á það er engin dul dregin að engin meðaltöl, engin úrtök gefa hina einu raunsönnu mynd, aðeins vísbendingu, þegar svo margt nýtt kemur til sögu. En á það hefur verið lögð höfuðáhersla, og það er mergurinn málsins að þeir tekjulægstu bæru sem bestan hlut frá borði. Ekki síst gildir þetta eftir síðustu tilfærslu samkv. tillögum fjmrh., sem þeir tekjulágu njóta sannarlega. Aðstaða þeirra er að vísu misjöfn og hreinar tekjur segja ekki allt. En þann aðstöðumun þarf þá að jafna með öðrum hætti, með félagslegum aðgerðum, en á þær er nú einmitt lögð þung áhersla. Þar þarf víða stórátak, en hiklaust eru þau verkefni þó stærst að auðvelda fólki sem allra mest lausn húsnæðismála

sinna, gera það sem viðráðanlegast öllum að komast í húsnæði með viðunandi kjörum, að veita fjármagni í stórauknum mæli til að bæta aðstöðu hinna öldruðu og þá fyrst og fremst dvalar- og sjúkraaðstöðu þeirra, og í þriðja lagi að tryggja sem allra fyrst dagvistarrými handa öllum, sem á þurfa að halda, og búa þannig sem best að uppvaxandi kynslóð og um leið gefa foreldrum betri tækifæri til þátttöku í námi sem starfi. Til þessa þarf hins vegar að verja verulegu fjármagni og það fæst ekki með öðru en einhvers konar skattlagningu, beinni eða óbeinni.

Félagslega hugsandi fólk skilur þessa nauðsyn. Það sér ekki eftir þeim fjármunum sem til þessa renna. Það er hlálegt að heyra stjórnarandstöðuna nú segja að félagslegar umbætur séu sjálfsagðir hlutir, svo að ekki þurfi um að tala, hvað þá afla þar til fjármagns, og þegar þannig á að vinna beint og á raunhæfan hátt að lífskjarajöfnun, aðstöðujöfnun almennings, er rætt um það með fyrirlitningu og slíkt kallað að versla í samningum með sjálfsagða hluti. Lágtekjufólkið í landinu hefur þó sannarlega ekki síður þörf fyrir slíka lífskjarabót en þá sem felst í launahækkunum. Alþýða þessa lands hefur af því óþyrmilega reynslu, að þegar afturhaldsöflin hafa ráðið ferðinni hafa engin félagsleg réttindi þótt sjálfsögð, þvert á móti heimtufrekja og fjarstæða. Og margar og dýrar fórnir hefur þurft að færa til að ná fram þeim margvíslegu réttindum sem fólk nýtur þó í dag. Lágtekjufólkið skilur og finnur því betur en aðrir þegar fjármunum samfélagsins er beint í rétta átt til umbóta, til jöfnunar, til félagslegra réttinda. Það metur þetta að verðleikum þótt kjarabarátta þess snerti fleiri svið og þar þurfi einnig að sækja fram.

Þegar um skatta og skattheimtu er að ræða skiptir það öllu fyrir þjóðarheildina að því fé, sem aflað er, sé varið til varanlegrar uppbyggingar til félagslegra þarfa, til aðstoðar og hjálpar þeim lakar settu, til samfélagslegra verkefna sem til framtíðar horft skila okkur fram á veg til efnalegrar, en ekki síður félagslegrar og andlegrar velferðar. Í ljósi þessa skoða ég skattheimtu, finn henni réttlætingu eða ekki. En um leið hlýtur að verða að skoða hina hlið málsins, þ. e. hvernig skattbyrðin dreifist, hverjir bera þar byrðar og hversu réttlátar þær eru. Á það hefur skort. Úr því er reynt að bæta nú. Reynslan mun þar ólygnust. Þetta tvennt: réttlát dreifing skattheimtu á þjóðfélagsþegnana eftir raunverulegum aðstæðum þeirra og til hverra verkefna varið er, eru meginviðfangsefni stjórnvalda hverju sinni og eftir því hvernig til tekst eru þau dæmd.

En auk þeirra almennu viðfangsefna, sem kalla á fjármagn hverju sinni, koma ævinlega upp sérstök vandamál sem mæta þarf með sérstökum ráðstöfunum svo úr megi leysa. Þar ber tvennt hæst um þessar mundir og er hvort tveggja svo gróflega afflutt af stjórnarandstöðunni að undrum sætir. Annað þessara atriða snertir þær sterku og áhrifamiklu félagslegu heildir sem eru sveitarfélögin í landinu. Hlutverk þeirra fara sívaxandi, umfang verkefna þeirra eykst. Íbúarnir gera eðlilega auknar kröfur á hendur þeirra um framkvæmdir og þjónustu. Í verðbólgu liðinna ára hafa tekjur sveitarfélaganna rýrnað stórlega að raungildi. Þau hafa því eðlilega farið fram á að tekjustofnar þeirra héldust sem allra mest. Þegar gengið er til móts við sveitarfélögin að hluta er rekið upp mikið ramakvein í herbúðum stjórnarandstöðunnar, þó allir hafi áður þóst vilja leysa vanda þeirra, — vanda sem vitanlega bitnar einvörðungu á íbúunum. Það situr að minnsta kosti illa á þeim sjálfstæðismönnum að blása í herlúðra þegar lágmarksleiðrétting er gerð í þágu sveitarfélaganna og það sett í þeirra vald að sjálfsögðu hvernig með skuli fara. Oft hafa þeir sjálfstæðismenn æpt á aukið fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga. Tekjustofnalögin frá 1972 voru talin aðför að sveitarfélögunum þar sem skorður væru settar mjög strangar um útsvarsálagningu — eða hver man ekki sönginn um aðförina að Reykjavík, enda réð íhaldið henni þá?

En til hvers þessi útsvarshækkun? Hún er gerð í þágu íbúanna til þess að þau geti betur sinnt félagslegri þjónustu hvers konar, þ. e. sinnt hlutverki sínu betur. Og auðvitað munu allra flokka menn um allt land í sveitarstjórnum nýta heimildina alla eða að hluta, ekki af illvilja, heldur sjáandi þá þörf sem hvarvetna blasir við. Þar verða sjálfstæðis- og Alþfl.-menn engar undantekningar, því fjölmargir sveitarstjórnarmenn í þeirra röðum blása á svartagallsrausið í flokksbræðrum sínum hér, vitandi betur um þörfina og til hvers fjármagnið rennur.

Hitt atriðið varðar olíuvandann. Það er grátbroslegt að heyra það æ ofan í æ, að þessi tugmilljarðaskellur fyrir þjóðarbúið sé svo sem ekkert til að gera veður út af. Stjórnarandstaðan virðist a. m. k. oft gleyma eða hlaupa yfir þennan mikla vanda. Ekki síst gerist það þegar hún kemst upp á hæstu tónana í hneykslan sinni á skattaálögum núv. ríkisstj. En þó olíuvandinn bitni á þjóðarbúinu í heild bitnar hann mishart á íbúum þessa lands svo sannarlega. Þegar dekurdrengir hitaveitusvæðanna ná ekki andanum í hneykslun yfir hækkun bensínverðs man ég aldrei til þess að þeir hafi ýjað orði að kyndingarkostnaði fólks, sem við olíuna eina býr enn, og þeim gífurlegu aukaálögum ofan á aðrar fjölmargar sem þetta fólk ber þrátt fyrir bætur í formi olíustyrkja. Nú þegar gera á hvort tveggja, jafna sem kostur er þennan gífurlega aðstöðumun og aðstoða fólk við aðgerðir af ýmsu tagi til sparnaðar, byrja kveinstafirnir á fullu og nýtt stef í áþjánaróratoríuna bætist við.

Ekki dreg ég úr því að orkuskattsleið iðnrh. Alþb. var réttlátari og betri en sú leið sem samkomulag varð um og una verður við. Aðalástæður eru vitanlega þær, að skattheimtan nú leggst með meiri þunga á landsbyggðarfólkið, sem verið er að jafna metin hjá, og gagnast því ekki eins vel og hin aðferðin, og eins hitt, að eðlilegt hlýtur að teljast að þeir, sem við hinn lága kyndingarkostnað búa, leggi meira af mörkum hlutfallslega. En hvor leiðin sem valin hefði verið hefði áþjánarstef stjórnarandstöðunnar hljómað, tónbrigðin aðeins verið önnur.

Ekki ætla ég neinum andstöðu í raun við svo sjálfsagða jöfnun, en því forkastanlegri er afflutningur þessa máls hér í þinginu. Hér verður nefnilega ekki um einhliða styrki að ræða. Hér verður fólk einnig aðstoðað við lagfæringar og einangrun húsa sinna, og allar aðrar aðgerðir stjórnvalda stefna í þá átt að útrýma hinum erlendu orkugjöfum sem hraðast. Tilvísun stjórnarandstöðu á niðurskurð til að mæta þessum aðgerðum í ljósi þess, að margir aðaltalsmenn þeirra kvarta á sama tíma sáran yfir of lágum framlögum til ýmissa verklegra framkvæmda, er vægast sagt brosleg. Það vantar ekkert á feilnóturnar í kveinstafahljómkviðunni.

En af því ég minntist á niðurskurð væri fróðlegt að vita hvernig stjórnarandstaðan hyggst framkvæma hann til að koma í veg fyrir aukna skattheimtu. Alþfl. er að vísu „stikkfrí." Hann er ekki marktækur hvað þetta varðar

frekar en annað. Hann vísar öllu á eina atvinnustétt þessa lands, bændur, og vill með skyndiniðurskurði á tekjum þeirra og lífsmöguleikum ráðast hart til atlögu. Hann sér þarna milljarða á milljarða ofan sem alla má taka af bændum, svo auðveld og einföld er lausn hans. Varla eru þó allir á þessu máli, því svo mikla skammsýni og illt innræti ætla ég ekki öllum þeim sem þar sitja við reikningskúnstir. En þeir eru ekki marktækir.

En sjálfstæðismenn? Eitthvað rámar mann í leiftrandi leiftursókn á haustdögum, en aðspurðir ætluðu þeir eiginlega ekkert að skera, aðeins að spara. Matthías Á. Mathiesen nokkur fékk ágætisfrið til að sýna okkur sparnaðargaldurinn heil fjögur ár, en allt útnaði út sem útnað gat, enda eiga engir meira í kerfinu okkar blessuðu en einmitt sjálfstæðismenn. Þeir hafa hreiðrað um sig við ríkisjötuna og jórtrið gengur bærilega. En hver yrðu þá niðurskurðarverkefnin? Þau þekkja menn af gamalli reynslu. Á framlög til samfélagslegra framkvæmda, svo sem til vega, hafna, skóla, sjúkrastofnana og dagvistarheimila, hefur hnífnum ævinlega verið beitt fyrst og oftast nær eingöngu. Skattalækkun þýðir samdrátt þessara framkvæmda í munni þessara manna, þó við afgreiðslu fjárlaga sé rætt um hvort tveggja: of lág framlög og of lítinn sparnað.

Allir vita af reynslu að sparnaður í ríkiskerfinu eftir nótum sjálfstæðismanna gefur ekki tilefni til skattalækkunar af hálfu hins opinbera. Það er því verið að biðja um minni samfélagslegar framkvæmdir, minni félagslega þjónustustarfsemi, minni samfélagslega aðstoð við þá lakast settu þegar hæst er látið af hálfu sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðunni. Í því ljósi ber að skoða afstöðu þeirra.

Að lokum þetta: Farsæld þjóðarinnar fer vissulega eftir því, hvernig hún ver fjármagni sínu, alveg sérstaklega á samneyslusviðinu til jöfnunar lífskjara, til aukins jafnréttis þeim til handa sem enn búa við skarðan hlut. Til þess þarf vissulega aðhald og aðgát. En fram hjá því verður ekki gengið, að aukin verkefni á samfélagssviðinu, jafnréttissviðinu, kalla á fjármagn. Það fjármagn þarf að fást og því þarf að ráðstafa sem best.

Um leið þarf að hyggja að þeirri undirstöðu sem allt byggist á: verðmætasköpun atvinnuvega okkar. Þar þarf að nýta sem best þann auð sem við eigum í fiskimiðum okkar. Það gildir jafnt um veiðar sem vinnslu. Verðmætaaukningu er unnt að ná með samstilltu átaki og á því eiga stórbætt kjör vinnandi fólks að grundvallast.

Í landbúnaði þarf að huga vel að byggð þessa lands, leysa vandann með markvissum framtíðaraðgerðum, fá virkari stjórntæki til framleiðslustýringar, eins og bændur sjálfir kjósa, og byggja síðan á aukinni úrvinnslu dýrmæts hráefnis og nýjum leiðum í landbúnaðarframleiðslu. Þar má í engu láta skammsýna upphlaupsmenn draga úr sér kjark, því landgæði okkar ber að hagnýta sem best fyrir þjóðarheild.

Iðnaðurinn býður ótalin tækifæri ef að honum er hlynnt og framtíðarstefna mörkuð þar sem innlend iðnbylting er höfð að leiðarljósi. Nýting orkunnar í eigin þágu er stórverkefni komandi ára, nátengt alhliða atvinnuuppbyggingu í innlendri eigu. En jafnhliða þessu öllu og þó raunar í eðlislægum takti við það þarf að gera stórátak í víðustu merkingu til að lyfta lífskjörum þess fólks, sem býr ýmist við allt of lág laun fyrir unna vinnu sína, eða fólks sem hefur ekki aðstöðu til jafns við aðra þjóðfélagsþegna til sjálfsagðs jafnréttis.

Til þessara miklu verkefna, allra þátta þeirra, þarf þjóðarauðurinn að nýtast. Þeim auði þarf að skipta sem réttlátast, en ef sameiginlegt fjármagn okkar úr ríkissjóði fer til sannrar samneyslu, þ. e. til meiri jafnaðar, þá er vel. Skattáþján er kjörorð stjórnarandstöðu í dag. Það bergmálar víða órökstutt, en hávært. Skattlagning til samfélagslegs réttlætis á að vera leiðarljós okkar. Að því ber að vinna. Í engu má þar hvika frá lokamarkinu: félagslegu réttlæti, fullum jöfnuði. Eftir því fer gifta þessarar stjórnar, hvernig þar tekst að þoka málum fram. — Ég þakka áheyrnina.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í ræðu sinni áðan gerði Lárus Jónsson ítarlega og glögga grein fyrir skattránsstefnu ríkisstj. og tillögum þeim sem sjálfstæðismenn hafa lagt fram til að lina nokkuð skattáþjánina og létta byrðar þeirra, sem verst eru settir, í samræmi við stefnu þá sem bæði launþegasamtök og vinnuveitendur hafa sett fram. Ekkert af því, sem hann hér sagði, hefur verið hrakið og þarf ég því ekki að endurtaka það.

Eðli málsins samkvæmt hefur í umræðum þessum gætt mjög talnalesturs til skýringa, svo að hlustendur hafa sjálfsagt fengið nægan skerf talna fyrir svefninn, svo að ekki sé nú talað um allt niðurtalningarskrafið sem enginn skilur — eða a. m. k. geri ég það ekki. Ég mun því ekki reyna að bæta um í þessum talnalestri, en mun í þess stað reyna að ræða almennt um afleiðingar skattheimtustefnunnar og óðaverðbólgunnar sem nú er keyrð áfram, enda er það hugmynd stjórnarinnar að ljúka afgreiðslu þessa máls á miðvikudagskvöld og færa verkalýðnum hina nýju skattalöggjöf sem hátíðargjöf að morgni 1. maí. Það þykir víst verðugt og hyggilegt svar við síðustu ályktunum verkalýðssamtaka um skattalækkanir fremur en miklar krónutöluhækkanir launa. A. m. k. fór ekki dult að fjmrh., Ragnar Arnalds, taldi svo vera. Hann talaði um ályktanir verkalýðsfélaganna sem marklaust orðagjálfur og annað í þeim dúrnum og sagði að það væri ekkert svigrúm til grunnkaupshækkana og því síður auðvitað til skattalækkana, enda er hann dag hvern að hækka skattana og reiða hnefann framan í landslýð og þá sérstaklega lágtekjufólk.

Fjmrh. talar mjög um að það sé nauðsynlegt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Á sama tíma er hann að taka erlend lán fram hjá fjárlögum til framkvæmda og nytsamlegra hluta upp á 90 milljarða, skilst mér, og nokkra tugi milljarða í innlendum lánum að auki. Auðvitað er það nákvæmlega sama eðlis og að reka fjárlög með einhverjum greiðsluhalla að taka þessi lán. Og sérstaklega er það þó alvarlegt að dengja yfir okkur svona miklum erlendum lántökum. Hagfræðingar hafa verið að tönnlast á þessu, sem Ragnar trúir enn, en ég held að flestir hagfræðingar séu farnir að gera sér grein fyrir því, að það er ekkert sáluhjálparatriði endilega alltaf að sölsa allt fé til ríkisins. Það getur jafnvel verið hyggilegt undir vissum kringumstæðum að reka ríkið með einhverjum greiðsluhalla og afla þá innlends lánsfjár og lina á skattheimtu og koma þannig verðbólgunni niður, eins og er stefna Sjálfstfl.

En þessi ráðh. var hreinlega montinn af skattlagningunum. Það var ekki annað að heyra. Og hann talaði um að við værum eftirbátar nágrannaþjóðanna, svo að vart væri viðunandi, í skattheimtu og því sem hann kallar félagsleg útgjöld og félagslegar þarfir. En annað veifið

leið honum ekki sem best og talaði um að upplausnarástandið hefði farið jafnt og þétt vaxandi á undanförnum árum. Mikið var að hann gerir sér þó grein fyrir þessu. Þetta vissi allur landslýður fyrir. En þó hefur aldrei keyrt svo um þverbak sem allra síðustu vikurnar. Samt segir ráðh. að það sé unnið af miklum heilindum og samhug í ríkisstj. Það held ég að ég sé álíka ósatt og ýmislegt annað sem hann lét sér hér um munn fara. Og einna lengst komst hann þó í blekkingunum þegar hann hélt því fram blákalt, að bensíngjaldið, sem á hefur verið lagt, rynni allt til vegamála. Sannleikurinn er sá, að 1978 runnu að vísu 49% af bensínsköttunum í ríkissjóð, en núna er gert ráð fyrir að taka 62% af þeim gífurlegu sköttum, sem hafa verið lagðir á bensín, þar á að taka 4 milljarða, en síðan er úr ríkissjóði veitt beint til vegamála 2 milljörðum minna en var 1978. Þarna er því skerðing um hvorki meira né minna en 6 milljarða til þessa geysilega mikilvæga málaflokks.

Viðskrh. gerðist svo djarfur að víkja að gengisbreytingum. Hann kallaði það reyndar gengissig. Hafði hann þó tekið æðistórt upp í sig um að ekki yrðu gengisfellingar — ég held nærri því bara nokkrum klukkutímum áður en gengið var fellt. En nóg um það.

Eftir því sem næst verður komist rýrði vinstri stjórn nr. 3, stjórn Ólafs Jóhannessonar, kjör launafólks í lægri launaflokkum a. m. k. um eitthvað nálægt 1% á mánuði að meðaltali þann tíma sem hún sat og samhliða dengdi hún yfir skattahækkunum og mokaði fjármunum frá fólkinu inn í kerfið. Nú skal ég játa að ég er lítill aðdáandi reikningskúnstakerfisins, þeirrar listar sem súkkulaðidrengir og pappírstígrisdýr í virðingarstöðum þjóðfélagsins tigna og líta á sem guðsorð. En samt verður víst að hafa eitthvert mið af því, þó að sauðsvartur almúginn trúi betur á budduna. En hvað halda menn þá að kjörin hafi verið skert mikið á rúmlega tveggja mánaða valdaferli vinstri stjórnar nr. 4? Því svarar hver fyrir sig. Og hverjum getum leiða menn að framhaldinu? Því svarar líka hver fyrir sig. Og mitt svar er það, að ráðandi öfl í Alþb. og Framsfl. muni halda uppteknum hætti og einskis svífast í skattaráni og álögum. Þeir munu gera það þótt þeir kannske vilji það ekki. Kannske vilja þeir það sem stendur í stjórnarsáttmálanum þótt þeir geri það ekki, en upphafssetning hans er þessi:

„Meginverkefni ríkisstj. er að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það ein helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.“ Og síðan: „Ríkisstj. mun berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál.“

Í 1. tölul. stefnunnar í efnahagsmálum segir: „Ríkisstj. mun vinna að hjöðnun verðbólgu, þannig að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga.“

Og í 2. tölul. segir: Stjórnin ætlar að vinna að því „að jafna lífskjör og bæta kjör hinna lakast settu í þjóðfélaginu.“ — Láir mér nú nokkur þótt mér verði orðfall eitt augnablik.

Íslenskt efnahags- og atvinnulíf, sem nú er raunar á brauðfótum, ætlar ríkisstj. að efla með því að leyfa fyrirtækjum um 8% hækkun þegar tilkostnaður hækkar um 16% eða svo, 7% hækkun þegar kostnaður hækkar um 21% og 5% hækkun þegar tilkostnaður hækkar enn um kannske ein 25—30%, eða þannig eru horfurnar nú a. m. k. því að of oft er höggvið í sama knérunn með afleiðingum sem verða ekki gæfusamlegar.

Baráttan gegn verðbólgunni er hafin af fullum þrótti og svipaðri skynsemi. Húsmæðurnar fylgjast daglega með árangrinum í verslununum og aðrir úti í atvinnulífinu. Takmarkinu um svipaða verðbólgu hér og í helstu nágrannalöndunum árið 1982 nær stjórnin þó naumast nema hún búi yfir einhverjum töfraráðum til að fá stjórnvöld þessara þjóða til að spretta nú úr spori og keyra verðbólguna hjá sér í 100% á þessu ári, 200 á hinu næsta og 300 1982. Sagt er að til séu þjóðfélög sem lifað hafi slíkt af, en þá er víst líka komið á leiðarenda.

Lífskjörin er svo stöðugt verið að jafna með tilfæringum á söluskatti á nauðþurftir, að vísu ekki nema 1½% í stað 2% í þetta skipti vegna skilningsskorts Guðmundar J. Guðmundssonar sem hefur ekki fengið inngöngu í „gáfumannafélag“ Alþb., síðan með örlítilli hækkun bensínskatta og tíund á útsvörin, af því að það eru þeir beinu skattar sem lágtekjufólkið greiðir yfirleitt ekki, skilst manni. Þess vegna væri líka sanngjarnt að haga tekjusköttum þannig að þetta fólk, sem svo vel hafði verið hugsað um, tæki heldur ríflegri hlutdeild í tekjuskattshækkununum en hinir, sem jafnað hefði verið frá, því að öll dýr eru jöfn.

En þá var það sem sumum verkalýðsforingjum í Alþb. barst til eyrna kurr um að sum dýr væru orðin jafnari en önnur, eins og í sögu Orwells: Félagi Napóleon. Og þá rifjaðist það upp fyrir þeim, að Alþýðusambandsþing væri í haust, og meira að segja „gáfumannafélagið“ fékk heyrn. Í skyndingu var skattfrumvarpið stöðvað, þessari umr. frestað fyrst um viku og svo aðra viku. Gáfumennirnir, háskólaborgararnir í ríkisstj. alþýðunnar, hafa nú setið á rökstólum í tvær vikur. Við verðum að láta undan síga, sagði einn. Í bili, sagði annar. Hvað gerum við þá? stundi sá þriðji. Og þá var löng þögn. Loks tók sá vitrasti til máls. Hann sagði: Það er til gamalt og gott orð, eintölduna man ég ekki lengur, enda þarf ekki á henni að halda, en fleirtalan er pinklar. — Þá glaðnaði yfir mönnum. Þeir skildu hann allir. Og nú er allt í himnalagi.

Annars ætti engan að undra á því að samstjórn kommúnista og framsóknar auki skattheimtu gífurlega. Hvorugur þessara flokka hefur farið dult með þá stefnu, að auka beri samneyslu svokallaða, félagslega starfsemi og ríkisafskipti. Menn hafa heyrt þetta í ræðum hér í kvöld, ekki síst í ræðu síðasta ræðumanns, Helga Seljans, sem fór um það mörgum orðum hverja nauðsyn bæri til þess að auka samneysluna og þessa félagslegu starfsemi. M. ö. o. á að flytja fjármagnið í sem ríkustum mæli frá einstaklingunum til ríkisins og opinberra eða hálfopinberra stofnana. Þetta er stjórnmálastefna og ekkert óheiðarlegt við að boða hana og fylgja henni fram þegar þessum flokkum eru fengin til þess völdin eða völd þeirra framlengd, eins og nú hefur gerst. Alþb. er auðvitað sósíalistaflokkur, sá eini sanni sósíalistaflokkur þessa lands. Framsfl. er sem fyrr erfiðara að skilgreina, en þó hafa framsóknarmenn í vaxandi mæli lagt áherslu á samneysluna, margtönnlast á því, andstæðu fjárhagslegs sjálfstæðis einstaklinga, og verja með kjafti og klóm fjármálaveldi SÍS, enda liggur nú færiband fjármuna þjóðfélagsins úr Búnaðarbankanum beint í gegnum Landsbankann, þar sem álitleg fúlga fellur á þá um lúgu úr Seðlabankanum, heldur síðan áfram um Útvegsbankann, sem litlu getur miðlað, þá í gegnum Arnarhvol og tæmir sig í Sambandinu. Framhaldið er hulið sýnum almennings.

Auðvitað er það fjármálasukkið, sem viðgengist hefur í hartnær áratug, sem er undirrót erfiðleikanna, verðbólgunnar, lítillar framleiðni og versnandi lífskjara. Aðeins einn atvinnuvegur sker sig úr, því að hann er að meginstefnu til sjálfstæður og rekinn af einstaklingum og frjálsum félögum þeirra, þ. e. sjávarútvegurinn, enda byggist nú nær allt á honum, því að ofstjórnaraðdáendum hefur tekist að lama aðrar atvinnugreinar og eru nú að reka smiðshöggið á sveinsstykkið. En að því loknu hyggjast þeir að sjálfsögðu snúa sér beint að meistarastykkinu með félagslegum umbótum og samstjórn í sjávarútveginum. Þá fengju Íslendingar að njóta alsælu sósíalismans, sem sjálfsagt yrði þó fyrst í stað nefndur blandað hagkerfi og samvinnurekstur eða eitthvað „svoleiðis."

Allan þann tíma, sem ég man, hefur sú meginhætta steðjað að íslenskri frjálsræðis- og sjálfstæðisstefnu að kommúnistum og framsóknarmönnum yxi svo fiskur um hrygg að þeir gætu sameiginlega náð meirihlutaráðum á Alþingi. Og þeir hafa sagt okkur beint og óbeint hvað þeir þá mundu gera. Síðast gaf núv. formaður Framsfl. sögulega yfirlýsingu eftir síðustu kosningar um nauðsyn vinstri stefnu og einangrun þeirra sem aðhyllast frjálsræðis- og sjálfstæðisstefnu. Það er því í hæsta máta skrýtið að til skuli þeir sem undrast skattpíningarstefnu þessarar síðustu og verstu vinstri stjórnar og þar með verstu stjórnar allra innlendra stjórna.

En af þeim sökum, sem nú hafa verið greindar, kom það aldrei til álita í þingflokki Sjálfstfl. fyrir uppákomuna, sem Guðmundur J. Guðmundsson nefnir svo, að taka upp samstjórn við báða höfuðandstöðuflokka Sjálfstfl. og þá eina. Menn ræddu um þjóðstjórn, stjórn með Alþfl. einum, honum og Framsókn eða kommúnistum, með Framsfl. einum og jafnvel kommum einum, en að lokum bauðst Sjálfstfl. til að mynda minnihlutastjórn. Ef forseti Íslands hefði ekki treyst sér til að veita flokknum slíkt umboð hefði — um stundarsakir a. m. k. — verið mynduð utanþingsstjórn.

Allir hefðu þessir kostir verið skárri en „uppákoman", eins og nú er að koma betur og skýrar í ljós með hverjum deginum sem líður. Sannleikurinn er sá, að Gunnar Thoroddsen myndaði í rauninni aldrei ríkisstj., því að „uppákoman" verður aldrei ríkisstjórn. Hann hindraði hins vegar myndun ríkisstj., þar sem um ýmsa kosti var að ræða þó að enginn væri kannske góður, með því að bjóða öllum andstöðuflokkum Sjálfstfl. atfylgi sitt til þess að þeir gætu myndað stjórn eða framlengt líf vinstri stjórnar. Þetta vita nú allir og því verður að ræða um það opinskátt og hreinskilnislega. Og auðvitað velta andstæðingar Sjálfstfl. sér upp úr þessum erfiðleikum, eins og Eiður Guðnason og fleiri gerðu hér áðan, — þeim erfiðleikum, sem flokkurinn er í, og gera sér vonir um varanlegan klofning og bræðravíg sem sundra muni sterkasta stjórnmálaafli þjóðarinnar, þannig að greið verði leiðin til sósíalismans, leiðin til ánauðar.

Ég óttast þetta hins vegar ekki neitt. „Uppákoma" þýðir samkv. orðabók Menningarsjóðs: eitthvað vont, slæmt tilfelli, óheppni, áfall, slys. Allt er þetta rétt. En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Vinstri stefnan, skattránið og ofstjórnin á öllum sviðum atvinnulífsins gengur sér nú til húðar. Margir ágætir menn hafa raunar óskað þess að hún gerði það, svo að von væri til að unnt yrði að byggja heilbrigt og réttlátt þjóðfélag á rústum hákarlasamfélags vinstri stefnunnar sem alþýða þessa lands hefur fyrir augum. M. ö. o.: látum frumskógalífið, óréttlætið og ofbeldið við hinn veikari sýna sig í allri sinni nekt svo að menn verði reiðubúnir til þess sjálfsaga og ábyrgðar sem heilbrigt lýðræði verður að byggjast á.

Mín von er sú, að þrátt fyrir slysið. slæma tilfellið eða kannske vegna þess muni sjálfstæðisstefnan ná hugum manna í sífellt ríkari mæli á næstu mánuðum, ekki síst unga fólksins, og Sjálfstfl. muni vaxa svo fiskur um hrygg á næstu mánuðum að hann verði öflugri en nokkru sinni áður. Auðvitað verður það ekki í einu og öllu sami Sjálfstfl., þó að grundvallarhugsjónin sé og verði ætíð hin sama. Styrk sinn mun flokkurinn fá frá þeim fjölmennu stéttum sem óréttlæti og skattpíning leikur nú harðast. Og frjálshuga æska mun varpa af sér vinstra okinu og krefjast réttar síns til sjálfstæðis og athafna, brjóta þá hlekki og slíta þau bönd sem hvarvetna gefur að líta og leitt hafa til öngþveitis og kjararýrnunar á valdatíma vinstri manna.

Sjálfstæðismenn munu setja niður sínar deilur án hefndarhuga, því að nú er ekki deilt eða barist um menn, heldur hugsjónir. Þegar slys er orðið ber að bjarga því sem bjargað verður og þá fyrst og fremst mannslífunum. Þess vegna verða engin vígaferli í Sjálfstfl., eins og umboðsmenn alheimssósíalismans hafa gert sér vonir um og raunar fleiri menn, m. a. hér í kvöld, heldur verður liðinu skipað í fylkingar á ný þegar rétt stund er upp runnin, þegar áratugur upplausnarinnar er óumdeilanlega á enda. „Uppákoman" er því ekki upphaf alvarlegra átaka í Sjálfstfl., heldur endalok þeirra.

Ég skal að vísu játa þá staðreynd, að vinstri öflin hafa á undanförnum árum haldið styrk sínum og stundum jafnvel aukið hann meðal ungs fólks sem ekki vill una óréttlæti upplausnaráratugarins. Það er vissulega kaldhæðni örlaganna þegar ungir hugsjónamenn, sem vilja róttækar breytingar hins spillta vinstra þjóðfélags, kjósa yfir sig öflin sem ábyrgð bera á óstjórninni og spillingunni. Gagnrýni þessa fólks er oft réttmæt, en ályktunin röng, því að gengið er út frá því að íhaldsmenn hljóti að vera þeir sem svona vilja hafa þetta.

Eins og ég sagði áðan held ég að þessari fjórðu vinstri stjórn muni takast að opna augu unga fólksins fyrir því, hvar það eigi að skipa sér í sveit ef það vill koma hugsjónum sínum fram. Þar skipta lífskjörin nú ekki öllu. Við getum við þau búið ef við jöfnum þau örlítið betur í stað þess að auka á ójöfnuðinn ár frá ári. Það er svigrúmið sem frjálshuga fólk krefst og jafnréttið. Það er klíkuskapurinn og opinbera pólitíska ofríkið sem unga fólkið vill brjóta niður. Það er sjálfstæðisstefna sem það vill fylgja fram til sigurs. Þá sakar auðvitað ekki að búa í langbesta og gjöfulasta landi heimsins, sem auðveldlega getur tryggt öllum þegnum sínum góð kjör, menntun og fjárhagslegt öryggi, en þó umfram allt menningu, sem oft er raunar óraveg frá svokallaðri æðri menntun.

Við skulum vona að hugsjónir frjálshuga æskufólks megi rætast fyrr en síðar. — Góða nótt.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Góðir hlustendur. Á sama tíma sem Alþfl. deilir á Framsfl. hælir hann sér af því, eða það gerði Kjartan Jóhannsson áðan, að Alþfl. hafi verið að reyna að framkvæma stefnu Framsfl. meðan ráðh. hans sátu í endemisstjórninni í vetur. Auðvitað trúir þessu ekki nokkur lifandi maður.

Alþfl.-menn ríghéldu sér í ráðherrastólana. Karl Steinar Guðnason talaði um flosmjúka ráðherrastóla og leynir sér ekki saknaðarhreimurinn í röddinni.

Alþfl. vann það afrek að tapa nær 1/3 þingliðsins á aðeins 1 1/2 ári. Það var m. a. vegna skilningsleysis á erfiðri aðstöðu bændastéttarinnar í landinu. Ráðlausir og ringlaðir ráðast Alþfl.-menn nú á Framsfl., sem vann stórsigur í kosningunum í desember, en það var einmitt skýr og glögg stefna Framsfl. í efnahagsmálum sem færði honum aukið traust þjóðarinnar og stórsigur í kosningunum. Það er ekki furða þótt kratarnir séu að reyna að stela þessari stefnu. Það skil ég mætavel.

Eiður Guðnason gerði að umræðuefni ummæli mín þegar ég var spurður um áform í gengismálum hér á dögunum. Allir ættu að skilja það, nema þá e. t. v. Eiður Guðnason, að viðskrh. getur ekki og má ekki stöðu sinnar vegna skýra fyrir fram frá áformum í gengismálum. Það, sem um var að ræða, var annars vegar að fella gengið talsvert verulega í einu stökki eða beita áfram svonefndu gengissigi. Það hefur verið gert. Menn geta svo rifist um hvort 3% gengisbreyting sé í samræmi við gengissigsaðferðina eða mun meiri gengisfellingu í einu. Ég held að Eiður Guðnason hafi verið að slá undir belti í þessu sambandi.

Alþfl. stagast á því, að aðrir flokkar hafi hentistefnu. Ég ætla því að rifja stuttlega upp staðfestu Alþfl. í skattheimtumálum ríkisins og samræmið í málflutningi flokksins í þeim málum.

Samkv. fjárlögum fyrir árið 1980 eru heildartekjur 346 milljarðar kr. Þar sem áætlað er að þjóðarframleiðslan muni nema 1230 milljörðum kr. á þessu ári verða heildartekjur ríkissjóðs 28.1% af þjóðarframleiðslunni. Alþfl. hefur stofnað til þessarar útvarpsumræðu um skattamál, og hann hefur haft mjög hátt um skattpíningu ríkisstj. Við skulum nú rifja upp hver var afstaða Alþfl. til skattamála á seinasta vetri, þegar verið var að undirbúa lög um stjórn efnahagsmála o. fl., sem stundum eru nefnd Ólafslög. Alþfl. lagði fram 5. mars 1979 tillögur um afstöðu þingflokks Alþfl. til hugmynda forsrh. Ólafs Jóhannessonar um breytingar á drögum að frv. um stjórn efnahagsmála o. fl. Í þessum tillögum segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1979 skulu ákvarðanir í ríkisfjármálum við það miðaðar, að heildartekjur og útgjöld á fjárlögum haldist innan marka sem svara til 30% af vergri þjóðarframleiðslu. Á sama markmið skal stefnt á árinu 1980. Frá þessu má þó víkja ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum og sérstaklega ef ætla má að hætta sé á atvinnuleysi."

Afstaða Alþfl. á s. l. vetri í þessum efnum var sem sé sú, að ákvarðanir í ríkisfjármálum væru miðaðar við að heildartekjur og útgjöld á fjárlögum héldust innan marka sem svöruðu til 30% af þjóðarframleiðslunni. Eins og ég vék að áður eru heildartekjur á fjárlögum, sem núv. ríkisstj. hefur samþ., 28.1% af þjóðarframleiðslu ársins eins og hún er nú áætluð. Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga verður niðurstaðan sú, að ríkisstj., sem nú sætir mikilli gagnrýni af hálfu Alþfl. fyrir skattpíningu, er með heildartekjur ríkisins á fjárlögum sem eru um 1.9% lægri miðað við þjóðarframleiðslu en það hámark sem Alþfl. taldi rétt að setja í lög á þessu ári. Það væri því óhætt að bæta við 23 milljörðum í heildarríkistekjurnar til þess að komast í hámark þess sem Alþfl. taldi rétt að setja í lög varðandi yfirstandandi ár.

Þegar ég var að undirbúa fjárlagafrv. fyrir þetta ár á s. l. sumri fékk ég skriflega afstöðu frá Alþfl. um að hann vildi ekki samþ. hærri heildartekjur ríkissjóðs en sem svaraði 29% af þjóðarframleiðslunni. Þegar svo Alþfl. var búinn að gera það upp við sig að slíta ríkisstj. í fyrrahaust lækkaði hann sig enn frá þessu marki, að mig minnir niður í 28.3%. Núverandi fjárlög, sem voru samþ. fyrir páskana, eru því lægri að þessu leyti til en öll þau mörk sem Alþfl. setti um hámark skatta.

Sjálfstæðismenn, sem talað hafa hér í umræðunum, hafa lagt á það mikla áherslu að verið sé að sökkva fjármálum ríkisins og skattpíningin sé með þeim eindæmum að engu tali taki. Í því sambandi vil ég minna þá á að fyrsta árið sem Sjálfstfl. fór með ríkisfjármálin í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, árið 1975, varð rekstrarhallinn á ríkissjóði 7.5 milljarðar kr., sem mundi svara til a. m. k. 35 milljarða eins og nú er komið málum. Það ár voru heildarútgjöld ríkisins 57.4 milljarðar eða 31.4% af þjóðarframleiðslunni. Nú er stefnt að 28.1% á þessu ári eða sem svarar 40 milljörðum kr. minni útgjöldum. Hvað er stjórnarandstaðan í Sjálfstfl. eiginlega að gapa og geispa? Á einu einasta ári hækkuðu þeir ríkisskuldirnar um 35 milljarða kr. á núverandi verðlagi. Ef þetta er borið saman við ríkisfjármálin á árinu 1979, sem ég bar aðallega ábyrgð á, er rétt að geta þess, að í árslok 1978 námu skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann 26.4 milljörðum kr. eða 15.9% af ríkistekjunum það ár. Í árslok 1979 eða ári síðar námu skuldirnar hins vegar 28.7 milljörðum ísl. kr. eða 12.2% miðað við ríkistekjurnar. Það er því staðreynd sem ekki verður hnekkt, að á árinu 1979 lækkuðu skuldir við Seðlabankann miðað við ríkissjóðstekjurnar um 3.7%.

Ef frammistaða sjálfstæðismanna í ríkisfjármálum er borin saman við fjárlögin í ár eru þau í jafnvægi hvað snertir tekjur og gjöld og þess vegna engin ástæða fyrir Sjálfstfl. — stjórnarandstöðuna — að hafa hátt um þessi málefni. En stjórnarandstaðan í Sjálfstfl. lætur sér ekki segjast í skattamálum. Þess vegna vil ég bæta því við, að á fjögurra ára tímabili, þegar Sjálfstfl. fór seinast með ríkisfjármálin, árin 1975 — 1978, voru ríkisútgjöldin að meðaltali 29.05% af þjóðarframleiðslunni á hverju ári eða meira en 1% hærri miðað við þjóðarframleiðslu en fjárlögin sem núv. ríkisstj. var að enda við að samþykkja. Þetta þarf ekki að þýða að ekki komi til greina að lækka eitthvað skatta eða breyta þeim í tengslum við allsherjarstefnumörkun í efnahagsmálum, en hér er bent á staðreyndir sem hvorki stjórnarandstæðingar í Sjálfstfl. né Alþfl. komast fram hjá.

Góðir hlustendur. Þessum útvarpsumræðum er nú að ljúka. Í þeim hefur það komið fram, að stjórnarandstaðan er bæði ráðvillt og stefnulaus og hefur heldur lítið til mála að leggja nema þvælast fyrir nauðsynlegum aðgerðum í efnahags- og fjármálum og reyna að torvelda lausn þeirra m. a. með málþófi, áróðri og hávaða úr hófi fram hér á Alþingi.

Þann skamma tíma, sem ríkisstj. hefur setið, hefur hún unnið sleitulaust að lausn hinna mörgu vandamála sem við er að fást. Á tveimur mánuðum hefur stjórnin haldið nær 30 stjórnarfundi. Tekist hefur að leysa úr vanda útflutningsatvinnuveganna og landbúnaðarins. Fjárlög hafa verið samþykkt á örskömmum tíma, og verið er að ljúka við setningu skattalaganna. Frv. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar var lagt fram hér á Alþ. í síðustu viku og er nú hjá fjh.- og viðskn. Nd. Fjármagn

hefur þegar verið tryggt til jöfnunar og lækkunar upphitunarkostnaðar, samtals 4500 millj. kr. á þessu ári, en til þess var varið á seinasta ári 2 milljörðum kr. Þá er einnig verið að leggja síðustu hönd á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. Gífurlega mörg og aðkallandi verkefni knýja á í fjárfestingarmálum, ekki síst á sviði orkumála og vegamála. Það verður að meta hvort þyngra vegur að hraða framkvæmdum, sem spara innflutning olíuvara, eða aðhald í efnahagsmálum.

Að sjálfsögðu eru fjöldamörg önnur mál í undirbúningi og meðferð. Ríkisstj. hefur markað þá stefnu að reyna að vinna á verðbólgunni með því telja niður verðlagið með ákveðnum hætti. Þær staðreyndir um þróun verðlags, sem nú blasa við þegar upplýst er um hinn mikla geymda uppsafnaða vanda, munu ekki breyta stefnu ríkisstj. um niðurtalningu verðbólgunnar í áföngum. Það kann af þessum sökum að verða nauðsynlegt að endurskoða áfanga niðurtalningarinnar, og það mun sennilega taka eitthvað lengri tíma að ná verðbólgunni niður. Þótt svo verði ætti engu að síður að vera hægt að ná umtalsverðum árangri þegar á þessu ári. Slíkur árangur er þó háður því, að engar grunnkaupshækkanir verði eða engar óvæntar innlendar eða erlendar kostnaðarhækkanir eigi sér stað. Á mestu ríður að það takist samvinna milli sterkustu afla þjóðfélagsins um niðurtalningu verðbólgunnar. Á ég þá fyrst og fremst við ríkisvaldið, samtök launamanna og atvinnurekenda. Ef slík samvinna kemst á vona ég að verðbólgan verði á árinu 1982 orðin svipuð hér á landi og gengur og gerist meðal helstu viðskiptalanda okkar Íslendinga.

Ríkisstj. mun berjast gegn verðbólgunni með eðlilegum aðhaldsaðgerðum er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál. Niðurtalning verðbólgunnar þarf að felast í því að setja hámark á verðlag, svo sem alhliða vöruverð, opinbera þjónustu, verð á landbúnaðarvörum og fiskverð. Þá er og mjög áríðandi að kaupgjaldsmálin verði í takt við niðurtalningu verðbólgunnar og hámark verðbóta á laun verði í samræmi við þessi markmið, en kjör hinna tekjulægstu verði bætt með félagslegum aðgerðum.

Þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem taka ákvarðanir varðandi efnahagsmál, verða hver á sínu sviði að taka nauðsynlegt tillit til þeirra heildarhagsmuna þjóðarinnar að sprengja ekki og ofbjóða ekki efnahagskerfinu. Þar við liggur efnaleg framtíð íslensku þjóðarinnar og e. t. v. sjálfstæði þegar tímar líða. Það er mjög áríðandi að gætt sé réttlætis í öllum aðgerðum gegn verðbólgunni, að sem flestir sameinist um nauðsynlegar ráðstafanir, en umfram allt að menn geri sér ljóst að óðaverðbólga og upplausn í efnahagsmálum torveldar framfarir og batnandi lífskjör þjóðarinnar. — Góða nótt.

ATKVGR.

Brtt. 349,1 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 349,2 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 338,1 samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 360,1 felld með 11:3 atkv.
Brtt. 349,3 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 338,2 samþ. með 11:6 atkv.
Brtt. 360,2 kom ekki til atkv.
Brtt. 349,4 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 338,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 349,5 kom ekki til atkv.
Brtt. 349,6-7 felldar með 11:6 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11:6 atkv. og afgr. til Nd.

Sameinað þing, 49. fundur.

Þriðjudaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Símamál á Austurlandi, fsp. (þskj. 293). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Jónsson): Herra forseti. Hér á borðum alþm. hefur nú um nokkurt skeið legið fsp. mín til hæstv. samgrh. um símamál á Austurlandi. Fsp. er í þremur liðum og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„1. Hve mikill hluti sveitabæja á Austurlandi er án þjónustu frá miðstöð á kvöldin og á nóttunni og um helgar?

2. Hverra úrbóta er að vænta í málum þessum?

3. Hverjar eru áætlanir um sjálfvirkan síma í sveitir Austurlands, sbr. lagafrv. Ragnars Arnalds á s. l. hausti um fjögurra ára áætlun um sjálfvirkan síma í allar sveitir landsins?"

Sambærilegar fsp. voru hér til umr. í fyrri viku og sýnir það hversu mikill áhugi er á því að úrbætur fáist hið fyrsta í þessu mikla hagsmunamáli dreifbýlisins.

Vegalengdir á Austurlandi eru miklar og þar er víða langt milli bæja. Það er því sérstaklega mikilvægt, að símaþjónusta íbúanna sé í góðu lagi. Þarf ekki að hafa um það mörg orð hvaða öryggi er að því að geta náð sambandi við miðstöð eða til ákveðinna aðila beint á hvaða tíma sólarhrings sem er. Eldsvoða ber gjarnan að garði að næturlagi og nauðsynlegt getur verið að ná til læknis fyrirvaralaust í slysa- og veikindatilfellum, svo eitthvað sé nefnt. Það er allsendis óviðunandi að fólk skuli enn í dag búa við símaþjónustu sem takmarkast við fjögurra tíma þjónustu á dag. Fjögurra tíma þjónustustöðvar eru í dag reknar með talsverðu tapi, 4 millj. kr. á núgildandi verðlagi, að mér er sagt, og mundi það tap tvöfaldast ef þjónustan yrði aukin í það að vera 6 tímar á dag.

Nokkuð hefur verið unnið að því á undanförnum árum að afnema þjónustustöðvar úti um sveitir og koma bæjum í beint samband við aðalstöðvar héraðanna og er hér um talsverða bót að ræða. Reyndin er þó víða sú, að erfiðlega getur gengið að ná sambandi langtímum saman vegna þess að margir bæir eru tengdir á eina og sömu línuna og því álagið gjarnan mikið á ákveðnum tímum, t. d. á kvöldin. Samband innansveitar þykir líka gjarnan hafa versnað til muna frá því sem áður var með gamla sveitasímanum.

Eina raunhæfa bótin í þessum málum er að allir bæir verði tengdir hinu sjálfvirka kerfi með fjölsímastrengjum beint við aðalstöð hvers héraðs, en þær eru staðsettar í þéttbýliskjörnunum sem sinna öryggismálum, þjónustu og viðskiptum þessara sveita.

Þess eru dæmi að áður handvirkar þjónustustöðvar sveitanna hafi verið gerðar sjálfvirkar og þá tekin upp talning, að vísu hæg, milli þessara stöðva og aðalstöðvarinnar í þéttbýliskjarna héraðsins. Þessa talningu tel ég og margir fleiri vera óréttláta og þessu verður að breyta þannig að íbúar sveitanna greiði ekki hærra verð fyrir símtal við lækni sinn eða verslun en sá sem í þéttbýliskjarnanum býr. Þetta er aðeins einn liður í því að jafna

símakostnað allra landsmanna og auðvelt að koma þessu í kring nú þegar unnið er að breytingum til aukinnar og bættrar símaþjónustu sveitanna. Að öðru leyti er það óréttlæti, sem landsbyggðin býr við vegna fjarlægðar við höfuðborgarsvæðið, sem er aðalþéttbýliskjarni landsins, alls ekki hér til umr. Það er mál sem þarfnast sérstakrar umr. og væntanlega verða margir til að taka undir það.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 293 ber hv. fyrirspyrjandi fram þrjár spurningar um símamál á Austurlandi. Mun ég byrja með því að lesa svar póst- og símamálastjórnarinnar við tveimur fyrstu liðunum, með leyfi forseta. Þar segir:

„Með tilvísun til bréfs samgrn., dags. 10. apríl 1980, varðandi fsp. á þskj. nr. 293 um símamál á Austurlandi skal eftirfarandi upplýst:

Í Múlasýslum báðum og Austur-Skaftafellssýslu eru nú alls 714 sveitasímar. Þar af eru 154 sveitasímar eða 21.5% tengdir sjálfvirka símakerfinu. Handvirkir sveitasímar eru alls 560 eða 78.5%. Þjónustutími þessara síma er sem hér segir: 59 símar njóta fjögurra tíma símaþjónustu, 184 símar njóta 6 tíma símaþjónustu, 145 símar njóta 10 — 12 tíma símaþjónustu, 24 símar njóta 24 tíma símaþjónustu. Í fjárlögum þessa árs er m. a. gert ráð fyrir að tengja sjálfvirkan síma frá Vopnafirði til símnotenda í Bakkafirði í Skeggjastaðahreppi."

Þetta eru svör póst- og símamálastjórnarinnar.

Um 3. liðinn vil ég hins vegar segja það, að ég hef ákveðið að endurflytja frv. það sem hæstv. núv. fjmrh. flutti í fyrra um áætlun um sjálfvirkan síma. Hins vegar hef ég beðið póst- og símamálastjórnina að láta mér í té það sem ég vil leyfa mér að kalla raunhæfa framkvæmdaáætlun í þessu stóra máli. Ég efast um að unnt yrði að ná því, sem þar er að stefnt, á fjórum árum og ég vil miklu fremur að áætlun sé gerð þannig, að öruggt sé að ekki þurfi að hverfa frá henni ár eftir ár, heldur en leggja fram skýjaborgir. Að þessu er nú unnið og ég vona að slíkt frv. verði tilbúið nú í haust.

Ég vil hins vegar taka undir flest allt sem hv. frsm. sagði um mikilvægi símaþjónustunnar. Það er allt rétt. Síminn er að sjálfsögðu mjög nauðsynlegt tæki til að ná því sambandi sem er mikil þörf á í nútímaþjóðfélagi, bæði varðandi heilsugæslu og fjölmargt fleira. Ég vil hins vegar halda því fram, að smám saman hafi þó miðað í rétta átt þó mikið sé eftir, og ber út af fyrir sig að fagna því. Ég hygg að sömu sögu sé unnt að segja víða af landinu. Þótt Austfirðirnir séu strjálbýlir að nokkru leyti, þá er um það bil sami íbúafjöldi þar t. d. og á Vestfjörðum og ég gæti hugsað mér nokkurn veginn sömu upplýsingar þaðan. Svo er vitanlega víða. Einnig ber þess að sjálfsögðu að gæta, að við gerð framkvæmdaáætlunar verður að taka tillit til þess svigrúms sem þjóðarbúið leyfir, og mér var það sannarlega ekki kært að nauðsynlegt reyndist að skera niður framkvæmdaáætlun Pósts og síma á þessu ári um nálægt því einn milljarð. En sú framkvæmdaáætlun, sem hafði verið gerð, var ekki talin rúmast innan þeirra fjárfestinga sem þjóðarbúið þolir með tilliti til þenslu, verðbólgu og þess háttar meginmarkmiða. Þarna þarf því að hvoru tveggju að gæta, þó að ég taki, eins og ég segi, heils hugar undir þau orð sem hv. fyrirspyrjandi hafði um mikilvægi símans.

Ég vil einnig taka undir það sem hann sagði um nauðsyn þess að jafna símakostnað, en vek athygli á því, að í þessa átt hefur jafnt og þétt miðað. Við hverja hækkun á símagjöldum undanfarin ár hefur þess verið gætt að jafna símakostnað og hefur töluvert færst í þá áttina, þótt ekki sé það orðið fullkomið enn þá, langt frá því. En ég hygg að næsta skref í þessa átt verði tekið þegar talning kemur eða mæling á skrefalengd á höfuðborgarsvæðinu, en það verður nú í lok ársins. Það skapar stóraukin tækifæri til að jafna símakostnað meira en gert hefur verið.

Ég vil einnig nefna það, að í vinnslu er nú hjá póst- og símamálastjórninni algerlega nýtt kerfi fyrir einstaka landshluta, þar sem þeim verður skipt í svokölluð hnútasvæði með einni aðalstöð og á einmitt að þjóna því markmiði, sem hv. fyrirspyrjandi hafði orð á, að gera mönnum kleift að ná á sama gjaldi og lægsta taxta þar með til allra nauðsynlegra staða á viðkomandi svæði. Þegar liggja fyrir drög að þessu, þar sem landinu er skipt í, minnir mig, rúmlega 20 slík svæði og er það verulega mikil fækkun frá því sem nú er. Þannig er verið að vinna að breytingum á gjaldskrá sem ég hygg að muni teljast æðiviðamiklar og róttækar þegar þær verða sýndar.

Sameinað þing, 50. fundur.

Þriðjudaginn 29. apríl, að loknum 49. fundi.

Iðnaður á Suðurlandi, þáltill. (þskj. 324). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Leyfisveitingar til áætlunarflugs, þáltill. (þskj. 230). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Mig langar að gera örstutta aths. um þingsköp. Það er aðallega vegna fyrri fundar í Sþ. hér í dag, þar sem fyrir lá fjöldi fsp. Hér á dagskrá var fsp. frá 6. þm. Norðurl. e., sem að vísu kann að líta nokkuð sakleysislega út, þannig að hægt hefði verið að leggja hana til hliðar án þess að hafa mikið fyrir því. En þessi fsp. er búin að vera á dagskrá tvisvar sinnum í Sþ. og nú liggur svo mikið á að hraða fundum Sþ., að það er ekki hægt að afgreiða mál sem eðli máls samkv. ætti að taka afskaplega skamman tíma að afgreiða. Og það sem meira er, það er ekki haft samráð við þm. um þau mál sem tekin eru út af dagskrá, þó að ráðh., sem þessum fsp. svara eða eiga að svara, sitji hér í salnum. Þessu vil ég mótmæla og ég geri ákveðna kröfu til þess, að þessi fsp. frá mér, sem var á dagskrá fyrri fundar, verði afgreidd á næsta fundi þar sem fsp. verða teknar fyrir í Sþ.

Forseti (Jón Helgason): Vegna aths. hv. síðasta ræðumanns vil ég aðeins taka það fram, að á síðasta fundi

sem þetta mál, sem hann ræddi um, var á dagskrá var hæstv. fjmrh. veikur, svo að ég held að það hefði lítið þýtt fyrir fyrirspyrjanda að fá að mæla fyrir fsp. sinni þá. En nú var búið að gera samkomulag um það milli stjórnar og stjórnarandstöðu að láta ganga fyrir í dag og á morgun deildarfundi til þess að koma áfram máli sem lengi hefur dregist að afgreiða í Ed. Af þeim sökum var ákveðið að hafa fundi í Sþ. í gær, en aðeins mjög stutta fundi í dag.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna þess að ég á í hlut varðandi svar við þeirri spurningu sem óskað er eftir að verði sem fyrst tekin á dagskrá, þá vildi ég aðeins upplýsa að það er ekki aðeins vegna veikinda minna í seinustu viku sem ég var ekki búinn að svara þessari fsp., heldur einfaldlega vegna þess að rn. var ekki tilbúið með svarið. Ég vænti þess hins vegar, að svarið geti verið tilbúið í næsta fyrirspurnatíma Sþ. Ég tel að fsp., sem fram var borin og fjallar um áfengiskaup ráðh. fyrr og síðar, eigi fyllsta rétt á sér. Ég er ekki frá því, að það væri eðlilegt að svara fsp. ítarlegar en tilefni er gefið til, þ. e. svörin við fsp. nái jafnvel aðeins lengra aftur í tímann en fsp. snýst um, og einnig að gefnar séu þá upplýsingar allt fram til seinustu stjórnarskipta. Af þessari ástæðu má vera að það taki örlítið lengri tíma að undirbúa svarið við fsp. heldur en fyrst leit út fyrir. — [Fundarhlé.]

Umræður utan dagskrár.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár, eru mótmæli 46 íslenskra rithöfunda gegn nýafstaðinni úthlutun starfslauna úr Launasjóði rithöfunda. Þessi mótmæli hafa að vonum vakið mikla athygli. Ég vil í upphafi leyfa mér að lesa hér upp yfirlýsingu þá sem rithöfundarnir 46 rituðu nöfn sín undir, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir félagar í Rithöfundasambandi Íslands mótmælum því gerræði stjórnar Launasjóðs rithöfunda að úthluta hæstu starfslaunum eftir flokkspólitísku sjónarmiði. Þetta hefur stjórn Launasjóðs nú gert annað árið í röð. Sama gildir að mestu um næsthæstu starfslaun. Fyrirmynd slíkrar ráðsmennsku um listræn málefni verður ekki fundin nema hjá þjóðum, sem búa við illræmt stjórnarfar, og þjónar þeim tilgangi einum að vísa þeim frá ritstörfum sem hafa aðrar stjórnmálaskoðanir. Fyrir því krefjumst við þess að núv. stjórn Launasjóðs rithöfunda víki nú þegar og að ráðgast verði innan Rithöfundasambandsins um nýja stjórn Launasjóðs. Fyrsta lagagrein Rithöfundasambands Íslands hljóðar svo:

„Rithöfundasamband Íslands er styrktarfélag rithöfunda." Sambandið er því ekki flokkspólitískt. Lög Rithöfundasambands Íslands ber að halda meðan það er við lýði."

Undir þetta skrifa, eins og áður segir, 46 rithöfundar.

Það er augljóst mál, þegar nær fjórðungur félaga í Rithöfundasambandi Íslands sér ástæðu til slíkra aðgerða, að þá hefur eitthvað farið aflaga. Hér eru bornar fram svo alvarlegar ásakanir á hendur mönnum í vandasömu trúnaðarstarfi, í stjórn Launasjóðs rithöfunda, sem ákvarða árlega skiptingu starfslaunanna, að Alþ. ber, að ég tel, skylda til að láta málið til sín taka þegar eftir er leitað, enda er hér um að ræða ráðstöfun á almannafé, fjárveitingu úr ríkissjóði á fjárlögum hvers árs til Launasjóðsins. Í ár nemur upphæðin 114 millj. kr.

Til Launasjóðs rithöfunda var stofnað fyrir 5 árum með lögum frá Alþ. og veitt úr honum í fyrsta skipti árið 1976. Daginn eftir að þessi lög voru samþ., í maí 1975, kom til umræðu á Alþingi fsp. til þáv. menntmrh., Vilhjálms Hjálmarssonar, vegna andmæla 16 rithöfunda sem töldu sig hafa verið órétti beitta við úthlutun svokallaðra viðbótarritlauna sem úthlutað var í fáein ár áður en Launasjóðurinn hafði tekið til starfa. Rithöfundarnir kröfðust endurmats á úthlutuninni og fengu um síðir leiðréttingu sinna mála, að ég hygg fyrir atbeina Alþingis og viðkomandi ráðh., þótt svör hans á þingi við umræddri fsp. gæfu ekki mikil fyrirheit.

Ég vil leyfa mér — með leyfi forseta — að vitna hér í kafla úr svari fyrrv. menntmrh., Vilhjálms Hjálmarssonar, í umr. um þessa fsp., en þar sagði hann m. a., og svaraði þá málaleitan um að endurmetin yrði úthlutun þessara viðbótarritlauna:

„Ráðuneytið hefur ekki ákveðið að láta fara fram endurmat á þessari tilgreindu úthlutun. Hins vegar hefur rn. skipað n. til að gera úttekt á stöðu lista og listafólks í þjóðfélaginu. Mun sú n. ljúka störfum innan eins árs. Hlutverk þessarar n. er m. a. að leitast við að gera sér grein fyrir því hvort listin, listafólkið og starfsemi þess njóti nú eðlilegrar hlutdeidar í þjóðartekjum, hvort skipt sé með eðlilegum hætti á milli hinna ýmsu listgreina, og jafnframt að gera sér grein fyrir, hvort eðilega hafi verið staðið að úthlutun þeirra fjármuna sem bundnir eru einstökum mönnum. Það er ekki ætlunin að þessi n. geri till. um úrbætur. Þetta er könnunarnefnd og hún mun skila sínum niðurstöðum til menntmrh., sem seinna mun beita sér fyrir því í samráði við listafólkið í landinu að fram fari athugun og tillögugerð um hugsanlegar úrbætur á þessu sviði."

Og menntmrh. heldur enn áfram um þessa leiðréttingu sem fram á var farið, með leyfi forseta:

„Þetta viljum við gera með því að leita réttlætis almennt í úthlutunum, en alveg sérstaklega með því að setja ljós ákvæði í væntanlega reglugerð" — þá á hann við Launasjóðinn nýstofnaðan. — „Svo er það auðvitað á valdi okkar allra þm. sem og annarra borgara að veita almennt og öflugt aðhald þeim er starfa að úthlutun listamannalauna hverju sinni."

Þessi tilvitnuðu ummæli fyrrv. hæstv. menntmrh., Vilhjálms Hjálmarssonar, á Alþingi gefa beint tilefni til að beina þeirri spurningu til núv. hæstv. menntmrh., Ingvars Gíslasonar, hvað hafi orðið um þessa n. sem menntmrn. skipaði fyrir 5 árum, hvernig hún hefur starfað og hver hafi orðið árangurinn af störfum hennar og hvort hugsanlega mætti nýta niðurstöður hennar til leiðréttingar á þessum vandamálum íslenskra rithöfunda eins og þau liggja fyrir nú.

Að því er varðar tilvitnuð ummæli ráðh. fyrrv. um ljós ákvæði í væntanlegri reglugerð með lögum um Launasjóðinn, sem nú er um deilt, þá erum við þar komin að einu af meginatriðum þessa deilumáls rithöfunda nú. Þessi reglugerð, er samin var með lögunum, er að mati þeirra rithöfunda, sem nú andmæla, allt of óljós og þyrfti nauðsynlega endurskoðunar og breytinga við.

Spurningin, sem við alþm. stöndum frammi fyrir nú, er hvernig Alþ. geti brugðist við í þessu máli. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi, að Alþ. geti ekki leitt það hjá sér þegar fram kemur svo ákveðin ásökun frá fjölmennum

hópi íslenskra rithöfunda á hendur einum ákveðnum stjórnmálaflokki, Alþb., að fulltrúar hans í samtökum rithöfunda beiti gerræðisfullum aðgerðum eftir flokkspólitískum sjónarmiðum til að útiloka og lítilsvirða með ítrekuðum hætti þann hóp starfsbræðra sinna sem ekki aðhyllist þeim þóknanlegar stjórnmálaskoðanir. Slíkt er með öllu óviðunandi og stórskaðlegt menningarlífi okkar, tjáningarfrelsi og almennu lýðræði í landinu.

Ég vil vísa til viðtala í Morgunblaðinu í dag við tvo af hinum 46 andmælendum, þá Ingimar Erlend Sigurðsson og Baldur Óskarsson, og einnig við stjórnarformann Launasjóðs rithöfunda, prófessor Svein Skorra Höskuldsson, og formann Rithöfundasambands Íslands, Njörð P. Njarðvík. Hjá Ingimar Erlendi kemur það fram, sem er eitt helsta gagnrýnisefnið, að í efsta launaflokknum, sem fær 9 mánaða starfslaun, eru bæði í ár og í fyrra einvörðungu rithöfundar sem eru utan í eða innan í, eins og hann kemst að orði, einum ákveðnum stjórnmálaflokki, þ. e. Alþb. Í næsthæsta flokknum, með 6 mánaða starfslaun, eru aðeins fjórir af tólf sem ekki eru hallir undir þann sama flokk. Bent er á að tveir efstu launaflokkarnir séu þeir sem raunverulega skipti máli sem alvörustarfslaun, þess vegna varði miklu að sanngirni og óhlutdrægni sé beitt við úthlutun í þessum flokkum.

Ég hef líka heyrt á það minnst, að hlutur ungra rithöfunda sé við nýlega úthlutun mjög fyrir borð borinn. Þeir eru teljandi á fingrum annarrar handar, að ég hygg, ungir rithöfundar sem hafa hlotið nokkur laun úr Launasjóðnum nú. Mér persónulega er kunnugt um einn ungan og efnilegan rithöfund sem hefur gefið út þrjár bækur, tvær ljóðabækur og eina skáldsögu. Hann hefur sótt tvisvar um laun úr Launasjóðnum og tvisvar hefur hann fengið synjun. Hann hafði gert fastlega ráð fyrir því með tilliti til reglna sjóðsins, að hann fengi veitt úr honum í sumar, og gert sínar starfsráðagerðir samkvæmt því, en þær hrynja nú að sjálfsögðu allar til grunna.

Ingimar Erlendur Sigurðsson leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að endurskoða reglugerðina, sem stjórn Launasjóðsins starfar eftir, og bendir jafnframt á að nefnd sú, sem skipuð var á aðalfundi Rithöfundasambandsins s. l. laugardag, sé aðeins málamyndanefnd, til þess skipuð að svæfa málið, hún eigi ekki að skila áliti fyrr en á næsta aðalfundi sambandsins eftir u. þ. b. eitt ár, en fyrir næstu áramót muni hins vegar núverandi stjórn sambandsins, flestir þar með réttum pólitískum lit, skipa stjórn Launasjóðsins eftir að þriggja ára starfstíma núverandi stjórnar lýkur. Menn óttast af fyrri biturri reynslu að nýja stjórnin, sem falin verður ráðsmennska með starfslaunin næstu þrjú árin, verði með sama markinu brennd og sú fyrri.

Baldur Óskarsson, annar rithöfundur sem viðtal er við í Morgunblaðinu í dag, segir í tilvitnuðu viðtali að aðrir andmælendur leggi sérstaklega áherslu á, andstætt því sem Njörður P. Njarðvík leyfir sér að staðhæfa í sama viðtali í dag, að mótmæli hinna 46 rithöfunda séu ekki persónuleg árás á þá rithöfunda, sem skipað er í efstu launaflokkana. Hann segir að með því að halda því fram sé ekki um annað að ræða en útúrsnúninga sem ekki séu svaraverðir.

Það eru allir sammála um að þeir rithöfundar, sem hæstu launin hafa hlotið nú, eru alls góðs maklegir. En það er réttilega bent á að það eru til fleiri rithöfundar sem hefðu verið jafnmaklegir.

Viðbrögð einstakra manna við þessum mótmælum rithöfunda nú eru í þá átt, að við þessu sé svo sem ekkert að gera, rithöfundar sem og aðrir listamenn þurfi hvort eð er alltaf að rífast út af öllu. Því er til að svara, svo sem mótmælendur hafa bent á, að í tíð fyrstu stjórnar Launasjóðsins, sem úthlutaði starfslaunum á árunum 1976—78, varð aldrei neinn ágreiningur eða óánægja, þar var ekki starfað eftir pólitískum línum, heldur reynt að viðhafa heiðarleik í vinnubrögðum, sanngirni og víðsýni í því vandasama starfi sem nefndinni er falið.

Í þessari fyrstu nefnd áttu sæti Guðrún P. Helgadóttir, Bjarni Vilhjálmsson og Vésteinn Ólason. Í núverandi stjórn sjóðsins eiga sæti Sveinn Skorri Höskuldsson, Fríða Sigurðardóttir og Björn Teitsson.

Nú hefur það jafnan verið talið heldur ógeðfellt að ákvörðunaraðilar um málefni listamanna væru valdir eftir flokkspólitískri tilnefningu, og víst væri það betra og í alla staði menningarlegra að slíkir fulltrúar veldust til þeirra trúnaðarstarfa eftir þeim kostum sem hvað nauðsynlegastir eru í þessu tilliti. Ég á við eiginleika eins og trausta menntun, hlutlægni, víðsýni og einlægan vilja til að bregðast ekki trúnaði við þá listamenn sem óneitanlega eiga mikið undir störfum þessara manna komið. En reynslan í þessum málum hefur því miður verið með þeim hætti, að eðlilegt virðist að álykta að illskásta leiðin sé, a. m. k. þegar um er að ræða úthlutun fjár sem veitt er af Alþ. til listamanna, að stjórnmálaflokkarnir tilnefni menn til að annast þá úthlutun, einfaldlega til að tryggja skaplegt jafnvægi, fyrirbyggja pólitíska valdníðslu. Pólitísk misbeiting valds er ávallt og alls staðar hvimleið, en enga klæðir slíkt athæfi jafnilla og þá menn sem kenna sig við listir og menningu.

Það er raunar sú lausn, sem hér var imprað á um pólitískt skipaða nefnd, sem rithöfundar í hópi hinna 46 andmælenda nú benda á sem þrautalendingu eftir það sem á undan er gengið.

Bent skal á í þessu sambandi, að í stjórn Rithöfundasjóðs Íslands sitja tveir menn úr hópi rithöfunda og einn tilnefndur af menntmrn. Vel mætti hugsa sér að sama skipan væri á höfð um skipan stjórnar Launasjóðsins sem styrinn stendur um nú.

Þetta mál verður að taka upp hér á Alþ. til að afstýra áframhaldandi árekstrum af þessu tagi í framtíðinni. Ég vænti þess, að núv. hæstv. menntmrh. láti málið til sín taka svo sem vera ber.

Það væri og fyllilega eðlilegt, að borin væri fram hér á Alþ. fsp. til menntmrh., sem hann svaraði skriflega, um það, hvaða umsóknum hefði verið synjað í ár um starfslaun, en upplýst er að af 144 umsóknum var 64 synjað, 80 hlutu náð fyrir augum sjóðsstjórnar. Því mun vafalaust verða til svarað, að hér sé um allt of viðkvæmt mál að ræða og rithöfundum, sem synjað var nú, væri lítil þökk í slíku tiltæki. En því má þá svara á móti, að starfslaun úr Launasjóði skoðast ekki sem verðlaun eða viðurkenning svipað og hin hefðbundnu listamannalaun. Þau eru fyrst og fremst veitt út á ákveðin verk sem höfundar eru að vinna að eða hyggjast vinna að um ákveðinn tíma.

Á s. l. ári var þess farið á leit að stjórn Launasjóðsins mætti á almennum fundi í Rithöfundasambandi Íslands og kynnti þar starfsreglur sjóðsins. Þessi ósk virðist í alla staði eðlileg. Hér er um tiltölulega nýjan sjóð og nýjar reglur að ræða sem eðilegt er að rithöfundar, sem hans eiga að njóta, vilji vita sem gerst um. Viðbrögð formanns

Rithöfundasambandsins, Njarðar P. Njarðvík, voru þau að synja alfarið þessari málaleitan, með þeim ummælum m. a. að rithöfundar væru dónar. Þótti starfsbræðrum formannsins og starfssystrum lítt til um háttvísi hans í þeirra garð og ekki í þeim lýðræðisanda sem ríkja ætti í samtökum þeirra og rithöfundar almennt vilja að ríki þar.

Herra forseti. Það er ekki með neinum fögnuði sem ég hef reifað þetta mál hér á hinu háa Alþingi. Það er þvert á móti mjög svo dapurlegt að til þess þurfi að koma. Mér verður vísast brugðið um pólitískt ofstæki, ómengað íhald og annað þaðan af verra. Ég mótmæli fyrir fram slíkum áburði, og ég vil taka hér til fróðleiks smákafla, sem skrifaður er af einum af okkar þekktari rithöfundum, Jóni Óskari, sem um langt skeið taldist ákveðinn sósíalisti og taldi sig í þeirra hópi, en hefur nú eitthvað veikst í trúnni með árunum, að því er virðist. Hann skrifar í síðustu bók sinni í æviminningum hans sem hafa komið út að undanförnu, þar skrifar hann í lokakafla, með leyfi forseta:

„Sósíalistar lesa yfirleitt ekki bækur sem þeir eru hræddir um að geti veikt skoðanir þeirra, enda prédika heittrúaðir sósíalistar fyrir félögum sínum að óhollar bækur skuli varast. Þeir eru eins hræddir við slíkar bækur og Bibliutrúarmenn við það sem þeir kalla ókristileg rit, og bækur andsnúnar sósíalisma hafa verið bannfærðar í Sovétríkjunum á sama hátt og kaþólska kirkjan bannfærði ókristilegar bækur fyrr á öldum og gerir víst raunar enn þó að skemmra dugi en fyrr."

Ég hygg að Jón Óskar verði ekki sakaður um sama hugarfar og ég, hið ómengaða íhald. En fróðlegt er að heyra ummæli þessa virta rithöfundar um fyrrverandi skoðanabræður sína.

Hér hafa því miður skeð þeir atburðir sem eru síður en svo vel til þess fallnir að stuðla að einingu og góðri samvinnu í hópi íslenskra rithöfunda. Eins og kunnugt er voru um langt skeið starfandi tvö félög rithöfunda á Íslandi. Það er ekkert launungarmál að skiptingin var þar eftir pólitískum línum. Viss hópur, minnihlutahópur rithöfunda, felldi sig ekki við vinnubrögð meiri hluta þröngsýnna starfsbræðra sinna sem settu pólitísk klíkusjónarmið ofar hagsmunum rithöfundastéttarinnar sem faglegrar heildar og neyttu aflsmunar eftir geðþótta þegar svo bar undir. Fyrir nokkrum árum tókst fyrir viðleitni velviljaðra og frjálslyndra manna meðal rithöfunda, að ég hygg úr öllum stjórnmálaflokkum, að sameina félögin tvö. Þar var, býst ég við, að allra mati stigið heillavænlegt spor í rétta átt. Sá ágreiningur og sárindi, sem orðið hafa nú út af margnefndri skiptingu starfslauna úr Launasjóði rithöfunda, eru hnefahögg í andlit þeirra manna sem vilja ekkert frekar en að friður ríki og gott samstarf meðal íslenskra rithöfunda. Við hljótum að vona að þetta él gangi yfir eins og önnur él og að íslenskir rithöfundar muni bera gæfu til þess í framtíðinni að standa saman um að auðga og standa vörð um íslenska menningu og eflingu bóklegrar menntar í landinu.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það hefur nú verið beint til mín fsp. í ræðu hv. 4. þm. Vestf., og skal ég leitast við að gera grein fyrir því sem þm. spurði um.

Út af almennu umræðunni hér vil ég aðeins segja það, að að sjálfsögðu hef ég heyrt af því, sem blöðin hafa haft að segja um þetta mál eða flutt fréttir af, og lesið þau mótmæli sem fram hafa komið hjá 46 rithöfundum gagnvart síðustu úthlutun úr Launasjóði rithöfunda. En ég vil segja það almennt talað, að það er ekkert nýtt að deilur verði um úthlutun opinbers fjár til listamanna. Það er orðin nokkuð gömul saga. Og nú er komin hér upp ein deilan enn og hún beinist nokkuð harkalega gegn stjórn eða gegn úthlutunarnefnd Launasjóðs rithöfunda, eins og hefur komið fram í ræðu hv. 4. þm. Vestf. og menn hafa verið að lesa í blöðunum. En ég vil nú ekki á þessu stigi a. m. k. og að óþörfu fara að blanda mér mikið í þessar deilur, en ég finn ekki heldur að það sé neitt við það að athuga þó að þetta mál sé rætt á Alþ., þ. e. að athygli alþm. sé vakin á þessari deilu og að uppi séu meðal allmargra rithöfunda ásakanir á hendur sjóðsstjórninni um hlutdræga úthlutun. Ég held, að það sé ekkert á móti því að þetta berist hér inn á Alþ., og ég tel, að það sé ekki saknaðarefni þó að einstöku sinnum sé rætt hér um málefni listamanna og um menningarmál yfirleitt, jafnvel þó að tilefnið kunni kannske að vera eins og það er að þessu sinni.

Í þessari ádeilu og í þessari yfirlýsingu, sem hér liggur fyrir okkur frá 46 rithöfundum, er um mjög alvarlega ásökun að ræða í garð þeirra sem fara með úthlutun úr sjóðnum. Ég held að það sé ljóst, að þeir, sem bera fram slíka ásökun, verði líka að rökstyðja mál sitt vel. Því vil ég beina til hv. alþm. að lesa þetta plagg og kynna sér allar hliðar þessa máls, m. a. með tilliti til þess, hvort það sé sérstaklega vel rökstudd ásökun sem hér er um að ræða.

Og hvert skyldi þá ásökunarefnið vera?

Ásökunarefnið er það, að hæstu starfslaunum úr Launasjóði rithöfunda sé úthlutað eftir flokkspólitísku sjónarmiði, eins og segir í yfirlýsingunni.

Nú kemur það reyndar ekki fram í þessu plaggi, ef maður les það eitt sér, í hvaða flokks þágu sé verið að vinna. Það kemur ekki fram. Það er enginn ákveðinn flokkur nefndur á nafn í þessu plaggi. En mönnum er auðvitað ætlað að gefa sér það og það er alveg augljóst mál af ræðu hv. 4. þm. Vestf. hvað við er átt. Og það er út af fyrir sig ágætt að hún segir það skýrum orðum, hv. þm., að hér sé átt við Alþb., og það sé með þessari úthlutun verið að hygla Alþb.-mönnum. Þetta er náttúrlega atriði sem maður á að gefa sér, en ég held að það hefði verið miklu betra ef þessir menn, sem flytja þessa ásökun, hefðu sagt það hreint út, að þarna væri átt við Alþb., svo að menn þurfi ekki að vera að stúdera það sérstaklega hvað við er átt.

Satt að segja hef ég talsverðar efasemdir um að þessi ásökun, eins og hún er borin fram, sé rétt, eins og hún er borin fram a. m. k. Það kann vel að vera að þessi sjóðsstjórn eða þessir úthlutunarmenn séu hlutdrægir. Það má vel vera að þeir séu hlutdrægir, ég skal ekkert um það dæma, því að það veit ég ekki. En mér sýnist hins vegar að það sé hægt að efast um að þessi nefnd sé „flokkspólitískt" hlutdræg, og á því er dálítill munur.

Það má vel vera að Sveinn Skorri sé hlutdrægur, það má vel vera að Björn Teitsson sé hlutdrægur og Fríða Sigurðardóttir sé hlutdræg o. s. frv. En ég ætla nú samt að athuga svolítið betur hvort það sé ekki einhver annmarki á þeirri röksemd, að þessi nefnd sem heild sé flokkspólitískt hlutdræg. Ef það á að standast þarf það auðvitað að fara saman, að nefndin sé skipuð Alþb.-mönnum, ég nefndi þá, og að þeir, sem starfslaunin fá, séu Alþb.-menn. En ég ætla að leyfa mér að spyrja: Liggur það

alveg ljóst fyrir að nefndarmennirnir, sem hér um ræðir, séu Alþb.-menn? Liggur það alveg ljóst fyrir? Ég spyr t. d.: Er Sveinn Skorri Höskuldsson Alþb.-maður, liggur það ljóst fyrir? Er Björn Teitsson Alþb.-maður? Og er Fríða Sigurðardóttir Alþb.-maður? Um þetta get ég ekkert fullyrt, ég veit það ekki. Þó er það nú svo, að tveir af þeim mönnum, sem hér um ræðir, eru ákaflega góðir kunningjar mínir. Þeir eru reyndar fornkunningjar mínir og enn í dag ágætir málvinir mínir, sem ég satt að segja umgengst alloft og hitti og spjalla við um alla skapaða hluti. Skoðun mín er nú sú um þessa ágætu vina mína, að þeir séu óflokksbundnir menn, þeir séu ekki Alþb.-menn, með einhvern flokksstimpil þar eða þeir séu á skrá í einhverju Alþb.-félagi. Ég held að þeir séu það ekki. Og mér er það mjög til efs að þessir menn séu kjósendur Alþb. Mér er það mjög til efs að þeir séu það, auðvitað veit ég ekkert um það því að ég fylgi þeim ekki inn í kjörklefann og kíki ekki á hvað þeir kjósa.

Þess vegna segi ég það að mér finnst frá venjulegu skynsamlegu sjónarmiði dálítið vafasamt að halda því fram, að hlutdrægni þessara manna, ef um slíkt er að ræða, sé flokkspólitísk, að hér sé um að ræða flokkspólitíska hlutdrægni. Ég segi því, að ef þessir menn eru hlutdrægir, þá er það ekki flokkspólitísk hlutdrægni, heldur er það einhvers konar önnur hlutdrægni.

Þetta er það sem ég vildi segja almennt um þetta plagg sem hér liggur fyrir okkur og hefur verið gert að umræðuefni. Og ég vil segja aftur eins og ég hefur áður sagt, að ég hef ekkert á móti því að þessi deila meðal rithöfunda sé kynnt og rædd á Alþ. Þetta er mál sem varðar alþm. og varðar almenning. Samt held ég að deiluatriðin og ásökunarefnin séu tæpast nógu vel upplýst til þess að raunverulegur umræðugrundvöllur sé um þetta mál meðal alþm. enn sem komið er.

Mér sýnist nú að þetta mál sé fyrst og fremst dálítið flókið deilumál, kannske tilfinningamál meðal rithöfunda og innan Rithöfundasambandsins. Ég held að það væri mjög heppilegt um sinn að bíða og sjá hvort þessar deilur verða ekki jafnaðar innan Rithöfundasambandsins, hvort rithöfundar hafi ekki möguleika á því að jafna þetta, og ef þeir eru óánægðir með úthlutunarnefndina og með það hvernig hún er skipuð og hvernig hún vinnur, hvort þeir geti ekki innan félags síns komið á breytingum sem viðunandi eru og eru þá í samræmi við vilja — við skulum segja: meiri hlutans, ef um það er að ræða að það sé verið að ganga á rétt hans og það sé einhver tiltekin minnihlutaklíka sem þarna ræður.

En sem sagt, ég hef ekkert á móti því að þetta sé rætt hér. En ég vil samt, og ég held að það sé mjög mikil nauðsyn, að menn kynni sér alla málavexti og sjái á þessu máli fleiri hliðar en fram hafa komið til þessa. Og alveg sérstaklega finnst mér að þetta plagg frá 46 rithöfundum sé þannig að það sé ákaflega auðvelt að hrekja þá staðhæfingu, að þarna sé unnið frá flokkspólitísku sjónarmiði. En hitt, hvort einhver önnur sjónarmið, kannske annarleg, ráða, ætla ég ekkert um að dæma, vona þó að það sé ekki.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég mun, ef það kemur til minna kasta sem menntmrh., sem vel má vera, að hafa einhver afskipti af því að reglunum verði breytt, þá mun ég sinna því máli. Ég mun leggja mig fram um það að setja mig inn í málið og taka tillit til þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið rakin, og ef ég finn að þau eiga við rök að styðjast þá mun ég vissulega taka tillit til þeirra. En ég vil nú ekki hlaupa eftir hvaða sögu sem upp kemur eða út er borin.

Hv. 4. þm. Vestf. beindi til mín sérstakri fsp., sem fjallaði um tiltekna nefnd sem Vilhjálmur Hjálmarsson, sem menntmrh. var á árunum 1974—78, mun hafa sett á laggirnar og hann gerði að umtalsefni eitt sinn í sinni ráðherratíð hér í hv. Alþ. Hv. 4. þm. Vestf. var svo elskulegur að hafa samband við mig í tæka tíð, þannig að ég gat kynnt mér sögu þessa máls og fann nokkur skjöl varðandi þá nefnd sem ég hygg að hv. þm. eigi við. Að því komst ég, þegar ég fór að athuga skjalasafn rn., að það mun hafa verið 19. og 21. apríl 1975 sem menntmrh. skipaði þriggja manna nefnd til þess að gera yfirlit um hverju væri varið af opinberri hálfu til listastarfsemi í landinu. Í nefndina voru eftirtaldir menn skipaðir: Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur, sem var formaður, Andrés Björnsson, útvarpsstjóri og Vigdís Finnbogadóttir leikhússtjóri. Og til er skipunarbréf fyrir n. sem ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa að þessu gefna tilefni:

„Ráðuneytið telur æskilegt að gert verði glöggt yfirlit yfir hverju er varið af opinberri hálfu til listastarfsemi í landinu og hver aðstaða þeirri menningarstarfsemi er búin í þjóðfélaginu. Vafalaust er ýmsu ábótavant í þessu efni, en rn. telur nauðsynlegt að hafa traust yfirlit um það, hvernig þessum málum er háttað, til þess að unnt sé að gera umbætur á traustum grundvelli og með heildaryfirsýn um hvernig þjóðfélagið býr að listamönnum sínum, bæði til listsköpunar og listflutnings.

Til þess að gera framangreinda könnun skipar ráðuneytið yður, herra rithöfundur, í nefnd ásamt þeim Andrési Björnssyni útvarpsstjóra og Vigdísi Finnbogadóttur leikhússtjóra, og eruð þér formaður nefndarinnar. Æskilegt er að n. ljúki störfum innan eins árs, og mun rn. sjá n. fyrir starfsaðstoð samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun, sem rn. og n. koma sér saman um."

Undir þetta ritar Vilhjálmur Hjálmarsson, þá menntmrh., en þetta bréf er skrifað til Indriða G. Þorsteinssonar rithöfundar. Sams konar bréf bárust svo aftur hinum tveimur nm. (**Félmrh.:** Hvenær var þetta?) Þetta skeði 1975, í aprílmánuði 1975.

Svo er hægt að rekja söguna nokkuð, að svo fór að þessi ágæta n. skilaði ekki áliti. U. þ. b. þremur árum eftir að n. var skipuð og hún hafði engu nál. skilað og ekki var vitað neitt um störf hennar, þá tók ráðh. sig til, að því er virðist, og leysti n. frá störfum með bréfi sem er dagsett 3. mars 1978. Ekki veit ég hvort ég á að fara að lesa þetta bréf. Það er efni þess, að ráðh. leysir þessa n. frá störfum. Hitt er annað mál, að nefndarformaðurinn, Indriði G. Þorsteinsson, sem er röskleikamaður, taldi sig reyndar hafa verið að vinna allan tímann og hefði verið að bíða eftir upplýsingum sem tveir menn, sem hann hafði beðið um upplýsingar hjá, skiluðu af sér. En af því varð ekki að þeir skiluðu af sér og n. beið eftir því, að þessir ágætu menn sendu upplýsingar til n., þannig að lítið varð úr starfi hennar, af hvaða ástæðum sem það nú kann að vera.

Ég ætla ekki að fara að lesa það bréf sem Indriði Þorsteinsson skrifaði, það er langt, en þar gerir hann grein fyrir því, af hverju nál. var ekki komið fram, og höfuðatriðið er það að hann taldi sig eiga von á upplýsingum frá tilteknum starfsmönnum hjá Framkvæmdastofnun og menntmrn., en þessar upplýsingar hefðu ekki borist. Síðan sættist hann á það, formaður n., að verða leystur frá störfum.

Þetta er nú um þessa n. að segja og síður en svo að ég reki þetta til þess að ásaka nm. á nokkurn hátt. En þetta sýnir hversu stundum getur farið um nefndarstörf þó að þau séu hafin í góðu og eigi að gegna miklu og góðu hlutverki.

En ég vil geta þess, að nú að undanförnu hefur verið unnið að því innan menntmrn. sjálfs og af hálfu menntmrn., — ég hygg að þetta starf hafi byrjað nokkru áður en ég kom til starfa í rn., — en nú hefur verið unnið að því með fullri vitund minni og í samráði við mig að safna saman gögnum um framlög til lista og menningarstarfsemi og gera það út frá ýmsum forsendum, sem er of langt mál að rekja hér. En ég held að það sé ákaflega gagnlegt að slíkum upplýsingum sé safnað og samin skýrsla byggð á þeim. Og það er von á því að það líði ekki mjög langur tími áður en þessi skýrsla liggur fyrir. Ýmis drög eru til að henni, og ég vona að sú skýrsla geti legið fyrir áður en langt um líður. Hún verður þá birt með einhverjum hætti opinberlega. En að þessu máli er unnið og það er í raun og veru að nokkru það verkefni sem sú n. átti að sinna sem hv. 4. þm. Vestf. var að spyrja mig um og ég var að gera hér grein fyrir.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég endurtek það, að mér þykir í sjálfu sér leitt að svona deila skuli koma upp. En það er ekki alveg nýtt að listamenn deili innbyrðis og séu óánægðir, og þá er auðvitað gripið til ýmissa raka um ástæður fyrir deilunum. Ég hef nú gert nokkra grein fyrir því af minni hálfu, að ég sé ástæðu til að efast um meginásökunarefnið eins og það er fram sett, þó að vel megi vera að það megi finna einhverjar aðrar ástæður fyrir því eða sýna fram á það með öðrum rökum að þeir, sem standa að þessari úthlutun, séu hlutdrægir eða að einhverju leyti hallir undir einhverja tiltekna menn öðrum fremur. En ég held sem sagt, að það sé ákaflega erfitt að ætla að gera þetta upp í ræðu á Alþ., og mun ekki gera það fyrir mína parta, en veilur sé ég á rökstuðningi þeirra sem ásakanirnar hafa borið fram.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er ósköp dapurlegt, að þá sjaldan að íslenska menningu ber á góma í þessum sölum, sem skyldi vera forsendan fyrir því að við erum yfirleitt að þessu basli hér, þá er tilefnið ævinlega heldur sorglegt. Hins vegar tel ég mér skylt að standa hér á fætur vegna þess að líklega var ég eini þm. sem viðstaddur var aðalfund Rithöfundasambands Íslands sem fram fór á laugardaginn var. Þar kom þessi deila óvænt upp og um hana urðu nokkrar umræður, enda hér alvarlegir hlutir fram bornir. Þeirri deilu lauk afar friðsamlega á þeim fundi. Stjórnin, sem mjög hefur verið ráðist á hér af hv. alþm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, var einróma endurkjörin. Samþykkt var einróma að setja á laggirnar nefnd rithöfunda sem í eru Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur, Jón frá Pálmholti rithöfundur og Ingimar Erlendur Sigurðsson rithöfundur. Þessari nefnd var falið að gera hugsanlegar breytingar á reglugerð sem fyrrv. hæstv. menntmrh. Vilmundur Gylfason setti nú nýverið, eða nánar tiltekið á árinu 1979, ef breytinga væri þörf. Það skal tekið fram og ég hygg að hv. þm. Vilmundur Gylfason staðfesti það hér, að ástæðan fyrir því, að hann setti þessa reglugerð svo til óbreytta frá því sem hún áður var, var sú að fellt var á aðalfundi í Rithöfundasambandi Íslands að breyta henni.

Þetta eru kannske ósköp leiðinlegar og hversdagslegar staðreyndir. Hitt er svo miklu alvarlegra mál, að hér eru þrír menn sem hafa verið kjörnir af hálfu Rithöfundasambands Íslands, einn prófessor í bókmenntum við Háskóla Íslands, einn rektor við Menntaskólann á Ísafirði og bókmenntafræðingur, sem mér er nú ekki alveg kunnugt um hvar starfar í augnablikinu, — þetta fólk er borið þeim sökum, að það misnoti úthlutun úr Launasjóði rithöfunda eftir pólitískum leiðum.

Mér er það dálítið undrunarefni, að hæstv. menntmrh. sagði áðan að sér þætti ekki ástæða til að blanda sér í þetta mál. Það finnst mér hins vegar. Ef þetta fólk hefur gert þetta sem það er ásakað um, þá vil ég biðja hæstv. menntmrh. að athuga hvort umræddur Björn Teitsson er fær um að stjórna Menntaskólanum á Ísafirði í umboði hans rn., hvort Sveinn Skorri Höskuldsson er fær um að kenna bókmenntir í Háskóla Íslands, og jafnframt mundi ég óska eftir að hann kannaði hvað Fríða Sigurðardóttir starfar og hvort hún er hæf til þess starfa. Hér er nefnilega mjög alvarlegt mál á ferðinni. Við, sem erum félagar í Rithöfundasambandi Íslands, munum að sjálfsögðu vera mjög á verði um að slíkt og annað eins eigi sér ekki stað, því að það er auðvitað grundvallaratriði fyrir íslenska menningu að fullkomið frelsi: tjáningarfrelsi og skoðanafrelsi, eigi sér stað og á því verði aldrei troðið, síst af öllu af þessari stofnun og þeim sem eru fulltrúar hennar á opinberum vettvangi.

Hinu neita ég svo ekki, að ég stórdreg í efa að þessi umræða hafi verið gagnleg, vegna þess að hún var algjörlega rangt lögð upp. Vandamálið er auðvitað fyrst og fremst það, að hér er verið að deila út fé sem ekki er nóg. Það er alkunna og ættu allir hv. þm. að vita, að af þeim 600 millj. sem ríkissjóður þénar beint á því sem íslenskir rithöfundar framleiða, fáum við 114 millj. til þess að efla íslenskar bókmenntir, nánar tiltekið laun í 290 mánuði.

Til þess að menn viti almennustu staðreyndir í því máli sem hér er á ferðinni, þá skal upplýst að tveir menn sóttu um 12 mánaða styrk eða laun, við skulum endilega ekki kalla þetta styrk, 34 sóttu um 9 mánuði, 4 sóttu um 7 mánuði, 36 sóttu um 6 mánuði, 11 sóttu um 4 mánaða laun, 27 sóttu um 3 mánaða laun og 24 um 2 mánaða laun. Þetta eru alls 132 umsækjendur.

Það er auðvitað alveg ljóst, að þessir peningar nægja engan veginn, og það ætti að vera hlutverk Alþingis að hækka þessa upphæð sem verið er að úthluta. Það hefði verið meira fagnaðarefni að heyra hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur fara fram á það við hv. Alþingi.

Hitt er svo annað mál, að þegar ekki er hægt að úthluta öllum þeim sem sækja, eins og vitaskuld ætti að vera, þá kemur til umræddrar nefndar að meta, taka einn fram yfir annan. Og slíkt er auðvitað alltaf vandi.

Hitt er svo annað mál, að hér voga menn sér að segja að fólk sé valið eftir pólitískum skoðunum. Vill hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir þá ekki setja inn í umsóknareyðublaðið að menn svari því, hvar í flokki þeir eru í stjórnmálum? Ég get svo sem alveg upplýst hv. Alþ., ef menn vilja það, að mér er ekki kunnugt um t. d. að Sveinn Skorri Höskuldsson sé félagi í Alþb. Það hef ég aldrei heyrt. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir hlýtur að vita meira um skólameistarann á Ísafirði. Fríða Sigurðardóttir er mér vitanlega ekki heldur félagi í Alþb. (**Gripið fram í:** Þeir eru allir í Framsókn.) Enda skiptir þetta auðvitað ekki máli. Og ég harma að þurfa að eyða svo löngum tíma hér í ræðustóli.

Ég ætla að leyfa mér að lesa hér yfir hv. Alþ., svo

einhverjar upplýsingar komi til þingsins, hverjir hafa fengið laun úr Launasjóði rithöfunda, og ég ætla að reyna að fara ekki niður úr 16 mánuðum samtals, annars held ég að listinn yrði ærið langur. Ég ætla aðeins að láta þm. heyra þau nöfn og spyrja hvort þetta fólk sé ekki þess verðugt að hljóta starfslaun til að skrifa bækur.

31 mánuð hefur fengið Thor Vilhjálmsson. 27 mánuði hafa fengið Vésteinn Lúðvíksson og Þorsteinn frá Hamri. 26 mánuði Nína Björk Árnadóttir og Ólafur Haukur Símonarson. 25 mánuði Pétur Gunnarsson og Þorgeir Þorgeirsson. 24 mánuði Einar Bragi.(**Gripið fram í:** Þetta eru allt anarkistar.) 23 mánuði Guðbergur Bergsson, Ingimar Erlendur Sigurðsson. 22 mánuði Guðmundur Daníelsson, Jóhannes Helgi. 21 mánuð Guðmundur G. Hagalín, Hannes Pétursson. 20 mánuði Jón Óskar. 17 mánuði Ása Sólveig, Sigurður Pálsson. 16 mánuði Gunnar M. Magnúss, Indriði G. Þorsteinsson, Kristinn Reyr. Og ég vil taka það fram að eins og alkunna er er Indriði G. Þorsteinsson heiðurslaunahöfundur hins háa Alþingis. 15 mánuði Birgir Sigurðsson, Guðlaugur Arason, Jón Helgason, Ólafur Jóhann Sigurðsson, Þórunn Elfa Magnúsdóttir. 14 mánuði: Kristján frá Djúpalæk, Steinar Sigurjónsson, Tryggvi Emilsson. — Ég ætla að fara niður í 11 mánuði, það er ekki mjög löng lesning: 13 mánuði: Guðmundur Steinsson, Jón úr Vör, Stefán Hörður Grímsson, Steinunn Sigurðardóttir. 12 mánuði: Ási í Bæ, Gréta Sigfúsdóttir, Gunnar Benediktsson, Jakobína Sigurðardóttir, Jóhann Hjálmarsson, Kristmann Guðmundsson, Njörður P. Njarðvík, Sigurður A. Magnússon, Þórarinn Eldjárn.

Ég hirði ekki að lesa þennan lista lengra. En ég hygg að þeir höfundar, sem allir eru sammála um að séu örugglega þess verðir að hljóta laun úr þessum sjóði, hafi einhvern tíma komist á blað. Þar verð ég auðvitað að taka undan mjög unga höfunda sem hafa kannske minna skrifað og eru ekki jafnkunnir. Og það verður hver að lá hvaða nefnd sem er þó að aðrir rithöfundar séu teknir fram yfir þá þegar peningarnir eru ekki nógir. Ég er alveg sannfærð um að nefndin er ekki endilega sannfærð um að hún hafi höndlað einhvern stórasannleik, en ég er alveg viss um að þetta fólk hefur reynt að gera þetta á eins sanngjarnan hátt og það gat.

Ég vil aðeins leyfa mér að skýra hinu háa Alþingi frá því, hverjir hlutu 9 mánaða laun. Vill einhver hér standa upp og segja að þetta fólk sé ekki þess virði? — Jakobína Sigurðardóttir, Ólafur Jóhann Sigurðsson, Ólafur Haukur Símonarson, Svava Jakobsdóttir. Þorir einhver hér að standa upp og segja: Þetta fólk er ekki rithöfundar sem eru þess verðir að fá starfslaun úr eigin sjóði.

Þetta mál er á því stigi og á því plani, ef svo mætti segja, að það er engum til gagns. Hér er auðvitað um það að ræða að ekki er nóg fé veitt til þessara hluta. Ef úthlutunarnefndin er vænd um pólitíska misnotkun, hvernig á að leysa málið? Á að skipa í úthlutunarnefndina eftir pólitískum línum? Það væri þá eðlilegt að allir flokkar ættu sinn mann í úthlutunarnefnd. Viljum við fara þá leiðina? Þá hlýtur að þurfa að spyrja á umsóknareyðublaði: Hvar er viðkomandi manneskja í stjórnmálum. — Ég held að enginn þeirra höfunda, sem skrifuðu undir þetta óánægjuplagg, mundi kjósa þá leiðina.

Um hvað eru menn að tala hér? Það eru auðvitað ekkert athugavert við það að heill listi af fólki sem skrifar bækur, ef það skrifar góðar bækur, fái ritlaun úr eigin sjóði, þó það kjósi Alþb. Það er leyfilegt í þessu landi að kjósa Alþb. Á nákvæmlega sama hátt væri ekkert athugavert við það að ekki sæist einn bleikrauður kommi á slíkum lista. Um hvað eru menn eiginlega að tala hér á Alþingi Íslendinga? Ég auglýsi eftir svörum við þessum spurningum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil nú fyrst lýsa yfir sérstakri ánægju minni yfir því, að síðasti ræðumaður, hv. þm. Guðrún Hlegadóttir, skuli þó segja að það sé grundvöllur fyrir íslenska menningu að fullkomið tjáningarfrelsi eigi sér stað, því þetta er ekki í samræmi við þær stjórnmálaskoðanir sem hún lýsir allajafna að hún hafi, og ekki í samræmi við skrif hennar í Þjóðviljanum fyrr og síðar um menningarmál og tjáningarfrelsi, þar sem hún vill fara allt aðrar leiðir, eins og ræða hennar bar með sér. Eða hvers konar fíflagangur er það að byrja á því að segja að 132 manneskjur hafi sótt um styrk úr ákveðnum sjóði, þar af 2 um ársstyrk, 34 um 9 mánaða styrk, og lesa svo upp fimm nöfn og segja: Ég auglýsi eftir svörum um það, hvort alþm. telja þessa hæfasta af þessum 36? Hverjir voru hinir 31? Það er um það sem málið snýst. Málið snýst ekki aðeins um það, hverjir fengu styrkinn, heldur fyrst og fremst um það, hverjum var hafnað. Ásakanirnar eru um það, að þeir menn, sem úthlutuðu, hafi gert rangt upp á milli þess fólks sem sótti um styrkinn og átti vissulega jafnan rétt á við aðra til að fá starfsstyrk úr eigin sjóði. Eða hverjir eiga opinbert fé? Er ekki eðlilegt að úthlutun opinbers fjár sé opinber og þessi plögg verði öll lögð á borðið og ekki aðeins rithöfundar, ekki aðeins alþm., heldur öll þjóðin fái að fylgjast með því, hvernig þessi úthlutun var.

Þessi hv. þm. kemur og segir: Þarna er einn rektor, þarna er einn bókmenntafræðingur, þarna er einn prófessor, eins og maður hrökkvi eitthvað í kút þó það sé talað um svona titla. Nei, það er auðvitað algjört aukaatriði þessa máls, en sýnir einungis, hversu þessi hv. þm. og þeir í menningarklíku Alþb. eru komnir langt frá fólkinu í landinu, að beita rökum eins og þessum þar sem hvergi er komið nálægt kjarna málsins.

Við getum raunar talað líka um Norræna þýðingarsjóðinn. Þar er líka þessi óskaplega leynd. Það má ekki koma fram hverjir í raun sækja um, hverjum er synjað, af því að sannleikurinn þolir ekki dagsins ljós.

Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, var ekki sú að svara endilega hv. síðasta ræðumanni, heldur miklu fremur hitt, að ég var hálfundrandi á viðbrögðum hæstv. menntmrh. Ég lít svo á að það sé töluvert alvarlegt mál ef fjórði eða fimmti hver rithöfundur í landinu lýsir yfir með undirskrift sinni að um flokkspólitíska úthlutun hafi verið að ræða. Ég tel að það sé í rauninni enn alvarlegri tíðindi vegna þess að á aðalfundi Rithöfundasambandsins var viðurkennt að nauðsynlegt væri að taka þessi mál upp að nýju, stokka spilin upp, og sérstök nefnd var skipuð í því skyni. Og það vekur athygli, að tveir af þrem nm. eru í hópi þeirra sem telja að um flokkspólitíska misbeitingu hafi verið að ræða. Einmitt í þessari nefndarskipun felst viðurkenning á því, að það er fótur fyrir þeirri gagnrýni sem hér er hreyft, það er kjarni málsins, og náttúrlega algjörlega út í hött að Alþ. eigi ekki að fylgjast með því ef opinbert fé er veitt einstaklingum án þeirrar yfirsýnar sem nauðsynleg er í þvílíkum tilvikum sem hér um ræðir.

Einn rithöfundur, sem hefur skrifað margar bækur og ég átti tal við um þetta mál, sagði mér í gær að í rauninni

væri þessi úthlutun krafa um það að Rithöfundasamband Íslands klofnaði í tvennt, þessi úthlutun yrði ekki skilin á annan veg, og ef svo héldi fram sem horfði, að innan rithöfunda risi upp einhver yfirstétt sem hefði töglin og hagldirnar, sem hefði peningaráðin, þá vitum við að því fylgir í raun ófrelsi vegna þess að þá sitja menn ekki við sama borð varðandi opinbera styrki hvar sem þeir eru í pólitík. Þetta er kjarni þessa máls.

Hv. síðasti ræðumaður las lista fyrir mig áðan. Ég hrökk ekki í kút þegar ég heyrði að Thor Vilhjálmsson væri sá sem hefði fengið flestar vikurnar greiddar. Hver var númer tvö, hver var númer þrjú og hver var númer fjögur? Þetta var afskaplega rauðleitur listi, heyrðist mér, án þess að ég sé að halda því fram að allir þeir starfsstyrkir, sem þar hefur verið úthlutað, hafi verið óverðugir borið saman við aðra. En ég leyfi mér að fullyrða að í þessum efnum orkar áreiðanlega tvímælis um sumt. Eða treystir hv. þm., sem spurði okkur svona mikið og er félagi í Rithöfundasambandi Íslands og sagði hér áðan: Þorir einhver að segja að þetta séu rithöfundar sem séu ekki þess virði að fá 9 mánaða styrk úr eigin sjóði? — Þorir hún að segja að allir, sem var hafnað, séu ekki þess virði? Ef hún segir að þessir hafi verið þess virði og þess vegna hafi þeir átt að fá það, þá — með því að beita útilokunaraðferðinni og lesa þessa setningu rétt — þýðir hún að hinir hafi ekki verið þess virði. Er hún manneskja fyrir þeim orðum? Og hverjir voru þá hinir sem ekki voru þess virði? Það þarf að koma fram. Það er í rauninni hryggilegt og sorglegt á þessari miklu upplýsingaöld, þar sem maður heldur að maður geti umsvifalaust komist að því hvað er að gerast í þjóðfélaginu, þá skuli leyndin vera svo mikil og hin flokkspólitíska mismunun fjármagns í skjóli nefnda og jafnvel verkalýðshreyfingar að maður kemst hvergi nálægt því að vita hvað raunverulega er að gerast.

Það er líka undarlegt að Alþb. kemur þar yfirleitt við sögu. Hvaða flokkur var það árið 1978 sem mest hagnaðist á þeim fjáraustri sem þá var úr sjóðum verkalýðshreyfingarinnar til þess að fjármagna þær kosningar? Og hvað hefur hæstv. heilbrmrh., sem var sítautandi undir ræðu Sigurlaugar Bjarnadóttur, gert til þess að standa við stóru orðin um það að samningarnir frá 1977 ættu að *fara í gildi*? Ekki neitt.

Hins vegar hefur hann skrifað um það greinar í Þjóðviljann að það eigi að misbeita verkalýðshreyfingunni fyrir vagn Alþb., og hann hefur í ræðu innan þeirra samtaka lýst yfir sérstakri ánægju sinni yfir því, hversu vel tókst til um þessa misnotkun, — sú ræða var prentuð í Þjóðviljanum. (**Félmrh.:** Ertu hissa á því?) Ég er ekki hissa á því, því hæstv. ráðh. er siðlaus. Ég skal reyna að vera þinglegur í orðbragði, herra forseti. Og eitthvað svipað hefur raunar komið fram í sambandi við afstöðuna til listanna. (**Félmrh.:** Dæmi?) Við erum nú að fjalla um eitt hér, úthlutun úr Launasjóði rithöfunda, við erum að sjá það þar. Þar er verið að fjalla um þetta. Enda er staðreyndin sú, að úr þessari þrætu okkar verður ekki skorið nema á einn veg, að öll nöfnin verði lögð á borðið, við fáum að sjá hverjir sóttu, við fáum að kynna okkur þetta. Það er eini vegurinn. Þessi gagnrýni er komin fram, hún hefur vakið athygli, hún er á forsíðum blaðanna. Menn tala um hvort það sé svo, að lítil menningarklíka, snobbklíka, eigi að ráða því hverjir hafi tækifæri til að skrifa fyrir almannafé.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh., hvort hann geti ekki séð um það fyrir okkur að við fáum lista yfir þá sem sóttu um starfslaun úr Launasjóði rithöfunda fyrir þessa úthlutun og þá síðustu, svo við getum hér á hinu háa Alþingi sjálf dæmt um hvernig þetta lítur út. Ég held að þeir menn, sem taka að sér að þiggja laun fyrir að úthluta almannafé, verði að þola gagnrýnina, verði að þola dagsljósið. Mér þætti þess vegna fróðlegt að fá svar við því. Ég er ekki þeirrar skoðunar að neinn einn hafi einkaleyfi á menningunni, og ég er ekki alveg viss um það, þegar ég lít yfir þennan lista hér, að ég sé sammála því að þessir fimm, sem þarna eru efstir, séu kannske bestu skáldin eða bestu rithöfundarnir þarna. Ég er ekki alveg sammála um það. Það eru a. m. k. ekki þeir rithöfundar og þau skáld sem ég les helst, það er ljóst mál. Það má margt um það spjalla og væri fróðlegt að fá það fram.

Ég get ekki annað en látið í ljós undrun mína yfir því sem hæstv. menntmrh. sagði áðan, að ekki hefði komið fram hvaða flokkur það væri sem þessir menn telja að hafi misbeitt sínum áhrifum í sambandi við þessa úthlutun. Einn rithöfundurinn komst svo að orði í blaðagrein: „Til þess að komast í þessa flokka þurfa menn að uppfylla tvö skilyrði: að styðja núverandi formann Rithöfundasambandsins og að vera í eða á Alþb.“ — Menn þurfa ekki að giska á neitt, eins og hæstv. menntmrh. sagði. Hins vegar er það rétt, að það var ekki í yfirlýsingunni. En menn þurftu ekki að giska á það. Þetta kom skýrt fram í blöðum. Varðandi það, hvort þessir menn af einhverri tilviljun eru í Alþb. eða ekki, ef þeir hafa misfarið með fé í þágu þess flokks, þá skiptir engu máli í hvaða flokki þeir eru. Þó þeir séu framsóknarmenn skiptir það *engu máli*. Þó þeir hafi boðið sig fram fyrir Framsfl., þá skiptir það ekki máli.

Ég get ekki á það fallist, að það sé auðvelt að hrekja að hér sé um flokkspólitíska úthlutun að ræða fyrr en ég sé nöfnin, umsóknirnar. Ég held að það sé lykillinn að þessu. Og ég tek undir að maður hleypur ekki eftir hvaða sögu sem er. Maður hefur séð annað eins til Alþb. og veit vel um það, að þeim mönnum er ekki allt heilagt í þeim efnum þegar þeir eru að hossa sínum gæðingum. Og ef saga opinberra styrkja er rakin kemur það býsna víða fram, að þar sem Alþb. hefur tökin, þar hefur verið hyglað eftir pólitískum línum. Um það má nefna mýmörg dæmi, og þetta kemur kannske best fram í því, að ýmsum rithöfundum einmitt úr röðum Alþb.-manna ógnar þetta siðleysi. Þeir skammast sín fyrir þessa úthlutun. Og þeir skilja í rauninni ekki hvað komið hefur fyrir félaga sína í Alþb. og skoðanabræður. Nema það sé þetta sem hv. þm. Karvel Pálmason er að segja, að það séu menningarvitarnir sem séu búnir að ná undirtökunum. (**Gripið fram í:** Gáfumannadeildin.) Gáfumannadeildin, já. Það er a. m. k. afskaplega óheppileg tilviljun hvernig til hefur tekist ef þarna er engin flokksleg lína á bak við, einhver undarleg tilviljun hvernig menn hafa raðast sem hafa flesta mánuðina á bak við sig. Ekki mundu það teljast af hlutlausum manni þeir rithöfundar sem bestar bækur hafa skrifað á undanförnum árum, nema þeir sem það hafa gert séu svona óduglegir að sækja um.

Ég get e. t. v. tekið undir það með síðasta ræðumanni, Guðrúnu Helgadóttur, að það sé vonandi að þeir séu fáir sem hafi ekki einhvern tíma komist á blað. Ég sé nú ekki að menn lifi lengi á því, þó þeir fái tveggja mánaða laun. Ég sé það ekki. En það má kalla allt hvaða nöfnum sem mönnum sýnist, og það verður líka að segja, að það var

kannske pínulítið skiljanlegt að þrátt fyrir allt, þrátt fyrir þessa misnotkun, þrátt fyrir þetta siðleysi sem lýsir sér í því að vilja ekki opna þetta og hreinsa út, þá er samt leyfilegt í þessu landi að kjósa Alþb., eins og þm. sagði, og freistandi fyrir þá sem vilja láta hygla sér undir vissum kringumstæðum, a. m. k. eins og nú er komið. En sem sagt, ég býð þetta fram til þess að hreinsa andrúmsloftið, hæstv. menntmrh., að þessi plögg verði lögð fram, þm. geti kynnt sér hverjir sóttu, og þá mætti í leiðinni láta það fylgja hvernig staðan er hjá Norræna menningarmálasjóðnum eða hvað hann nú heitir, svo að við getum gengið úr skugga um að þarna hafi ekki verið úthlutað eftir flokkspólitískum sjónarmiðum, eins og skiljanlegt er að grunsemdir vakni um eins og allt er í pottinn búið.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Sú umræða, sem hér hefur farið fram, minnir okkur á tíma sem ég hélt að væru löngu liðnir. Hún minnir okkur á tíma kalda stríðsins þegar íhaldið hér í landinu, sótsvartasta afturhaldið, réð því bókstaflega hverjir það voru sem fengu stuðning af almannafé til listsköpunar í landinu.

Sú umræða, sem hér fer fram núna, er eins og endurtekning á þeirri umræðu sem hér fór fram í fyrra undir forustu þm. Ragnhildar Helgadóttur um bókina Félaga Jesús, sem hv. þm. Halldór Blöndalýjaði örlítið að áðan í ummælum sínum um Norræna þýðingarsjóðinn.

Ég tel að þessi umræða sé í raun og veru ekkert gamanmál, eins og virðist vera af málflutningi hv. 7. landsk. þm. Ég tel að hér sé einn alþm., kjörinn með eðlilegum hætti til þings þjóðarinnar, að bera það á einn stjórnmálaflokk og að bera það á tiltekna menn að opinbert fé hafi verið misnotað í þágu þessa stjórnmálaflokks, þ. e. Alþb. Ég krefst þess sem þm. af hæstv. menntmrh. og hæstv. ríkisstj., að könnun verði látin fara fram á því hvort hérna hefur verið um að ræða misnotkun á opinberu fé. Ég neita því sem flokksmaður í Alþb. og sem alþm. að sitja undir árásum af því tagi sem hv. 7. landsk. þm. hefur hér flutt. Ég neita því. Ég tel að hér sé um að ræða algjörlega siðlausan áburð sem eigi sér enga rakastoð nokkurs staðar, en ég geri þá kröfu sem alþm. að málið verði kannað til hlítar. Ég neita að sitja undir áburði af þessu tagi án þess að gert sé allt sem hugsanlegt er til að kanna hvar í ósköpunum gæti verið flugufótur fyrir þeim áburði sem hér hefur verið fluttur. Ef hann er til, þá á að víkja þessum mönnum frá.

Ég vil einnig segja það við hv. þm. og aðra sem hér kunna að vera sama sinnis: Hér eru þeir vitaskuld fyrst og fremst að gagnrýna það að fólk skuli geta fengið opinberan stuðning til listsköpunar þrátt fyrir það að það séu félagsmenn í Alþb. Það er krafan um atvinnuofsóknir á hendur þessu fólki sem hér er uppi af hálfu talsmanna íhaldsins hér í sal Alþingis á ofanverðri 20. öld. Krafan um atvinnuofsóknir gægist hér fram. McCarthy-isminn ómengaður sést í gegnum þann málflutning sem hér er hafður uppi. En umfram allt neita ég því að sitja undir þeim áburði sem Alþb.-maður að opinbert fé sé af einhverjum tilteknum mönnum úti í bæ misnotað í þágu Alþb. Ég krefst þess, að hv. þm. Halldór Blöndal sanni þetta, vegna þess að hann margendurtók það í ræðu sinni áðan að fé hefði verið misnotað í þágu Alþb.

Nei, krafan um það, að menn njóti ekki stuðnings til listsköpunar vegna þess að þeir eru hugsanlega sósíalistar, hefur áður heyrst hér á Íslandi. Hún hefur áður heyrst. Hún hefur áður fengið stuðning á Íslandi af ákveðnum öflum. Það eru æðimörg lestrarfélög hér í landinu sem á kreppuárunum og fyrir miðja öldina neituðu að kaupa bækur eftir Halldór Laxness vegna þess að talið var að hann væri kommúnisti og stuðningsmaður Kommúnistaflokksins og Sósíalistaflokksins. Við þurfum ekki að fara ýkjamarga áratugi aftur í fortíðina til þess að sjá framan í ofsóknir af þessu tagi. Og það eru talsmenn þessara sömu afla sem koma nú hér upp í ræðustól á hv. Alþ. og bera það á okkur Alþb.-menn að við misförum með opinbert fé með þeim hætti sem hv. 7. landsk. þm. gerði áðan.

Í rauninni er málflutningur bæði hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur og hv. þm. Halldórs Blöndals krafa um það að pólitísk klíkusjónarmið ráði ríkjum, sem er gagnstætt því sem hv. þm. halda fram. Þau vilja ekki að menn fái að njóta sannmælis í listsköpun, heldur eigi pólitísk klíkusjónarmið að ráða úrslitum um það, hverjir njóti stuðnings af almannafé til listsköpunar í landinu. Það kemur mér ekki á óvart að slík sjónarmið séu til, en það kemur mér á óvart að slíkum sjónarmiðum skuli hampað hér á Alþingi Íslendinga árið 1980.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að þæfa þetta mál lengi. Ég get tekið undir það, að þessar umræður eru með dapurlegu sniði og mætti gjarnan slá á aðra strengi þá og þegar svo ber til að menntamál og listir eru til umræðu á hinu háa Alþingi.

Það kann vel að vera að hv. 7. landsk. þm. hafi stungið tólg í ræðu sinni, en hæstv. félmrh. beit alveg höfuðið af skömminni í þeirri offorsfullu ræðu sem hann gusaði hér út úr sér. Hann talaði um „kröfu um pólitískan klíkuskap", en nefnd, sem fer með stórfé úthlutað af Alþ., er kærð af nær fimm tugum þekktra einstaklinga fyrir að hafa misnotað með grófum hætti aðstöðu sína og farið rangt að varðandi það hlutverk sem henni hafði verið falið. Þetta er ákæran. Þetta er ákæran sem er hið alvarlega í málinu. Og að hér séu fluttar fram kröfur um atvinnuofsóknir! Öll var ræða hæstv. félmrh. eins og ég hefði heyrt spilaða plötu tekna upp eftir Einari Olgeirssyni fyrir fjörutíu árum eða svo. Og þó vill hann halda því fram að hann sé uppi árið 1980 og með hugmyndir sem samsvari því. Hér er öllu öfugt snúið eins og heyra mátti á ræðu hans.

Það er heldur ekkert einhlítt sem hv. 7. landsk. þm. bað um, að plögg yrðu lögð á borðið. Það er endalaust álitamál hvernig verja eigi slíku fé og hverja beri helst að styrkja til að stunda listiðn sína. Það er enginn dómari og verður aldrei til í þeim sökum.

En það, sem að mínum dómi ber að gera og hæstv. menntmrh. er knúinn til, það er að taka röggsamlega á málinu og rannsaka hvað er hæft í þessari stóralvarlegu ákæru, sem getur ekki verið borin fram nema af mjög illri nauðsyn og af því sem viðkomendur hafa talið sig vera til knúða, því að enginn vill — og ég trúi síst að félagar þeirra í listinni — leggja nafn sitt við slíkt nema af hinni brýnustu nauðsyn. Ekki trúi ég því svo óskapfellilegt sem þetta allt saman er.

En ég verð að segja það, að fyrir utan dapurleikann, sem á mann sækir vegna þessarar umræðu allrar, þá varð ég ekki að hressari við ræðu hæstv. menntmrh. Það var mikið svig sem hann fór í — stórsvig. Og ég sá ekki betur en hann félli eiginlega í hverju hliði. Hann byrjaði á því að lýsa yfir að hann vildi engan dóm á þetta leggja. En

síðan tók hann að vefengja og — ég gat ekki betur skilið — allt að því að halda því fram að hér væri um söguburð að tefla sem þessir ákærendur hér hafa flutt fram. Hann byrjaði að vefengja þetta og taldi þetta og taldi þetta laust í reipunum og lítils megnugt frá rakalegu sjónarmiði séð og færði m. a. fram sem rök í því, að í ákærunni væri Alþb. ekki nefnt. Er þó sagt skýrum stöfum að hér sé úthlutun á hæstu stöllunum. Það er átt við hin fjögur sem úthlutun fengu eftir flokkspólitísku sjónarmiði. Væntanlega hefur þessi mannfjöldi ekki talið sig þurfa að kveða sterkara að orði um hvað átt væri við, þar sem í hópnum er frú Svava Jakobsdóttir. Þó að hann láti nú sem svo að hann viti lítt um stjórnmálaskoðanir Björns Teitssonar, sem er framsóknarmaður og hefur ekki dregið dul á það alla sína ævi, þá ætti hann nú að vita þetta. (Gripið fram í.) Já, það er vinstri sveifla á honum eins og mörgum framsóknarmanninum, m. a. hæstv. menntmrh., sem oft hefur verið í því svigi líka og fallið í hliðunum.

Nei, ég var að halda það, að sokkabandsár Einars Olgeirssonar væru liðin, að það væru liðnir tímar. Ég hélt að maður, sem gæti verið sonarsonur hans, kæmi ekki hér upp og spilaði slíka plötu: „krafa um atvinnuofsóknir" „krafa um pólitísk klíkusjónarmið", þó að menn taki fyrir kæru, mjög alvarlegs eðlis, sem snertir fjármuni sem Alþ. veitir, taki fyrir á hinu háa Alþingi, sem að líkum lætur að auðvitað var í framhaldi af þessari alvarlegu umræðu.

Og mjúklega tók hæstv. menntmrh. á málinu þegar hann sagðist ekkert sjá á móti því að slíkt mál yrði tekið hér til umfjöllunar á Alþ. Slíkt er náttúrlega að yppta öxlum kæruleysislega yfir þessu. Það er alveg ljóst að Alþ. neyðist til — og er það þó mín skoðun að mjög verði þá að því sótt áður en gripið verður til slíkra vinnubragða — að taka málin í sínar hendur. Alþingi neyðist til þess ef menn telja að að baki þessu liggi svo sterk rök að þarna sé greinilega misfarið með stórfé sem Alþ. veitir í þessu skyni.

Það er ekkert nýtt að listamenn fljúgist á og deildar séu meiningar í þeim hópi. Það er alveg rétt. Í þessum hópi rithöfunda hafði þó miðað í rétta átt, þeir höfðu sameinast í hagsmunasamtökum sínum og væri mjög miður ef þetta leiddi til þess að leiðir skildi enn á ný. Ég mundi helst vilja fá að trúa því, að hér réði einber tilviljun, en ég get ekki, þar sem ég er miklu ókunnugri en ákærendurnir, lokað augunum fyrir alvöru málsins og hlýt að krefjast þess, að málið verði rannsakað til hlítar og að Alþingi taki í taumana ef því líst málið svo vaxið, þar sem það hlýtur að snúa beint að því vegna þeirra fjármuna sem þarna um teflir.

Nei, það er ekki skemmtileg umræða að menn kallist á um það og nefni nöfn rithöfunda og listamanna, hvort heldur menn eru að vefengja rétt þeirra og gildi sem listamanna eða þykjast geta teflt einhverjum öðrum jafnfærum fram. Það er ekki hæfileg umræða á hinu háa Alþingi. Hins vegar kemst það ekki hjá því, eins og ég segi, þótt dapurlegt sé, að taka til höndum ef mönnum sýnist sem stórlega sé misfarið með fjármuni sem það af góðum hug hefur veitt til svo brýnna þarfa, stórbrýnna þarfa eins og það er að styrkja rithöfunda móðurmálsins til góðra verka.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Mig langar til þess vegna orða hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur um það, að þetta mál væri þegar komið í góðan farveg þar sem aðalfundur Rithöfundasambandsins hafi kjörið nefnd til þess að gera úttekt á reglum er varða það mál sem hér er til umr., aðeins benda á að þeir, sem nú hafa sett fram þær kröfur sem við erum að ræða um hér á hv. Alþ., hafa bent á að þeir eigi að skila störfum á næsta aðalfundi, sem væntanlega verður ekki haldinn fyrr en í apríl á næsta ári. Það mun vera venja að aðalfundur Rithöfundasambandsins sé haldinn um það leyti. Hins vegar má búast við því, að þá þegar verði stjórn Rithöfundasambandsins búin að kjósa að nýju nefnd til þess að úthluta úr sjóðnum næstu 3 árin, því að þannig er gengið frá málum í lögum og reglum að kjósa á til þriggja ára, og þegar ég segi kjósa, þá tel ég það vera að kjósa þegar stjórn Rithöfundasambandsins tilnefnir og hæstv. ráðh. fer síðan í einu og öllu að kröfu stjórnarinnar. Það getur sem sagt gerst, að áður en viðkomandi nefnd Rithöfundasambandsins hefur skilað áliti sé Rithöfundasambandsstjórnin þegar búin að tilnefna nýja menn sem verða síðan að starfa í 3 ár, nema einhverjar breytingar gerist. Þetta tel ég að þurfi að koma fram til þess að menn átti sig á því, um hvað málið snýst. Reyndar er það svo, að einn þeirra manna, sem kjörinn var í þessa nefnd af hálfu Rithöfundasambandsins, er Ingimar Erlendur Sigurðsson, sem stendur einna fremstur í flokki þeirra manna sem hafa gagnrýnt þau vinnubrögð sem hér eru til umræðu.

Í öðru lagi nefndi hv. þm. það, að vandamálið væri afskaplega einfalt, það væri einfaldlega það, að peningarnir væru ekki nógir. Þetta er áreiðanlega alveg rétt hjá hv. þm., að vandinn stafar einmitt af því að fjármunir eru af skornum skammti og við þurfum að kjósa yfir okkur nefndir og ráð til þess að úthluta af þeim ástæðum. Og það er þess vegna sem vandi þessara aðila er jafnmikill sem raun ber vitni. Ef nægilegir fjármunir væru fyrir hendi gæti hver tínt peninga af trjánum sem honum sýndist.

En það er dálítið spaugilegt að hv. þm. nefnir þetta á þeirri stundu sem hæstv. fjmrh. er úr Alþb. Sá hæstv. fjmrh. var áður hæstv. menntmrh. og notaði tækifærið, þegar hann gerðist hæstv. fjmrh., til að setja talsvert af fjármagni í menntamálin og ég ætla síst að fara að gagnrýna það, jafnsjálfsagt og það er, þannig að honum var í lófa lagið að setja meira fjármagn í þetta ákveðna verkefni ef hann hefði kært sig um það. Þannig stóðu málin og þetta vissum við, sem störfuðum þá í hv. fjvn., því að við fengum till. hans sendar til okkar áður en þær birtust í fjárlagafrv., og þá var einmitt sýnt á hvað hann legði sérstaka áherslu.

Hann kaus hins vegar að láta fjármagnið fara til annarra hluta, sem ég efast ekki heldur um að séu nytsamir eins og þeir sem við erum hér að fjalla um. (**GHelg:** Hefur þetta ekki verið rætt í gáfumannafélaginu?) Já, þetta hefur verið rætt í gáfumannafélagi Alþb., upplýsir hv. þm., þannig að þá er nú málið komið á mikinn skrið.

Þá tók næst til máls hæstv. félmrh. af hálfu Alþb., og ég verð að segja það, þrátt fyrir orð hv. þm. Sverris Hermannssonar, að ég kannaðist æðivel við Svavar Gestsson í þessum ham. Þetta var gamla gervið sem hann hefur ávallt sýnt, nema nú nokkra mánuði eftir að hann kom á hv. Alþ., einfaldlega vegna þess að hann var gerður að ráðh. áður en þing kom saman og hann settist á hv. Alþ. Hann tók auðvitað til varnar, það var ósköp eðlilegt. Hann var eins og ungahæna sem er að passa ungana sína,

breiddi út vængina og lét auðvitað illum látum, eins og slíkir fuglar gera gjarnan þegar á þá er ráðist. Og ég lái honum það ekki, því að hann veit sem er, að þarna er höggvið nærri hans flokki og þá sérstaklega þeirri deild í Alþb. sem í daglegu tali er í sölum Alþingis kölluð gáfumannafélagið til aðgreiningar frá glímudeildinni sem Guðmundur J. Guðmundsson hefur forstöðu fyrir.

Hæstv. ráðh. var ákaflega sár og reiður út af því, að þetta mál skyldi flutt hér inn í þingsalina, og sagði, að hér væri verið að ráðast gegn ákveðnum mönnum o. s. frv., o. s. frv., þetta væri ekki réttlætanlegt, og hafði þau orð, sem ég ætla ekki að fara að endurflytja því að síðasti hv. ræðumaður gerði þessu skil. En ég vil enn og aftur leggja áherslu á það, að það, sem vakir fyrir þeim sem flytja þetta mál inn í þingsalina, er það eitt að fá fram nægar upplýsingar í málinu til þess að geta kannað á hlutlægan hátt hvort þessar ákærur, sem 46 rithöfundar hafa sent frá sér, séu á rökum reistar, og ef það er grunur um það, að Alþ. grípi þá í taumana með þeim hætti sem hv. Alþ. ber að gera þegar slík mál koma upp, með því að beita sér fyrir breytingu á lögum og reglum eða mælast til þess við fulltrúa sinn í menntmrn., hæstv. menntmrh., að hann aðhafist eitthvað í málinu.

Ég hirði ekki um það hér að fara að ræða um afstöðu Alþb. til lista, en get þó ekki hjá því komist að benda á að svo virðist sem hér á landi sé sú skoðun uppi meðal fjölda listamanna og þá einkum rithöfunda, að ekkert sé list, ekkert sé almennileg list nema hún hafi ákveðinn boðskap að flytja. Ýmsir fulltrúar Alþb. í listgreinum hafa, án þess að vera nokkuð að fela það, lagt það mat á þessa hluti, að þeir telja að það sé aðeins sá boðskapur, sem þeir séu að flytja hverju sinni, sem sé sá eini sanni boðskapur sem á heima í listum. Þetta hefur verið sagt og um það ætla ég ekki að flytja ræðu að sinni, hvort þarna sé um að ræða einhvers konar flokksnýtingu á listinni. Um það verða aðrir að dæma og það kemur kannske út sem niðurstaða þessa máls þegar það hefur verið kannað rækilega.

Það athyglisverða er, að á undanförnum árum hefur það gerst, að þeir stríðandi hópar rithöfunda, sem áður voru, hafa sameinast í eina fylkingu í Rithöfundasambandinu. En nú gerast þeir atburðir sem geta orðið til þess, að félagið klofni aftur. Og það er athyglisvert við það, að nú hafa sameinast tveir hópar: annars vegar þeir sem ég leyfi mér að kalla hógværari rithöfunda, og hins vegar ungir róttækir rithöfundar sem sjálfir hafa gefið út sín verk og staðið að útgáfunni sjálfir. Þessir höfundar hafa risið upp gegn því sem þeir kalla flokksvald Alþb., eða eins og einn rithöfundurinn orðaði: gegn þeim sem eru í eða á Alþb., og er þá jötuliðið talið með.

Ég tel að það sé fullkomlega réttmætt að hér komi fram krafa um það, að upplýsingar séu látnar á borðið þegar svo alvarleg ásökun kemur fram eins og þeirra rithöfunda sem hafa ákært stjórn launaúthlutunarsjóðsins. Þess er að geta, að mér hefur verið sagt að formaður Rithöfundasambandsins hafi ekki fengist til þess að kalla þessa nefnd eða stjórn, úthlutunarnefnd, á fund Rithöfundasambandsins til þess að gera grein fyrir málum. Þetta hef ég eftir rithöfundi og get ekki sannað það með nokkrum hætti, en ef þetta er rétt, því meiri ástæða er þá til að þetta mál sé kannað.

Það er auðvitað eðlilegt, að við alþm. reynum að sjá til þess að reglur séu endurskoðaðar þegar á þarf að halda, og ég er tilbúinn fyrir mitt leyti til þess að styðja það að kosin sé nefnd af hv. Alþ. til þess að fara ofan í þessi mál aftur. En ef hæstv. ráðh. fæst til þess að gefa þá yfirlýsingu, að hann kynni sér þetta mál nákvæmlega og svari þeim fsp. sem til hans hafa borist, þá auðvitað verð ég því svari feginn. Hitt er svo annað mál, að mér líkaði ekki orðalag sem hann lét fylgja orðum sínum þegar hann sagði að þetta kæmi til hans kasta og hann mundi gera eitthvað í málinu þegar honum þóknaðist. Það eru ekki nægileg svör fyrir mig.

Alþ. hefur eins og kunnugt er fjárveitingavaldið. Það hefur kosið í mörgum tilvikum að framselja þetta vald til hinna og þessara aðila. En eftir sem áður stendur Alþ. ábyrgt sinna gerða. Sá maður, sem er formaður í þessum úthlutunarsjóði, er Sveinn Skorri Höskuldsson, eins og margoft hefur komið fram. Ég vek athygli á því, án þess að það sé kannske merkilegt innlegg í þetta mál, að þetta er sami maðurinn sem stóð fyrir Norræna þýðingasjóðnum um skeið og nú er formaður í þessum Launasjóði Rithöfundasambandsins. Fyrir rúmu ári var hann í þriðja gervinu, kom fram í þriðja hlutverkinu sem úthlutunarmaður styrkja úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins, og á gamlársdag 1978 flutti hann ræðu í Þjóðminjasafninu, þar sem hann veitti Guðbergi Bergssyni verðlaun, og sagði þá m. a., með leyfi forseta:

„Hlutverk þeirra, er sjóðum ráða eða með völd fara, gagnvart skáldum er ekki það að loka þau inni eða þagga niður í þeim með lagagreinum, heldur hitt, sem Maó formaður kallaði að láta þúsund blóm gróa."

Ég vek athygli á þessum orðum, því að hér hefur þessi sami maður verið nánast sakaður um það að hafa misnotað sitt vald, og ég vonast til þess og vil gera það að mínum lokaorðum, að hæstv. menntmrh. og meiri hl. Alþingis láti sig þetta mál varða og komist til botns í því, því að aðeins þannig er hægt að átta sig á því, hvað hæft er í þeim ásökunum sem komið hafa fram í fréttum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það verður stundum undarleg og andkannaleg blanda sem út kemur þegar Heimdellingar á sextugsaldri fara að tala um menningarmál. Hér á ég t. d. við hv. þm. Halldór Blöndal og það mál sem hann flutti hér áðan.

Ég vil byrja á því að staðfesta það, að það var rétt með farið hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að sú reglugerð, sem hér er verið að tala um að unnið hafi verið eftir, var undirrituð af mér meðan ég sat í menntmrn., nánar tiltekið 19. okt., og það var gert, að ég tel, í fullkominni sátt og samlyndi og án athugasemda frá Rithöfundasambandi Íslands.

Nú hafa hins vegar gerst alvarleg tíðindi. Ég vil taka undir það með þeim ræðumönnum, sem svo hafa sagt, að það eru vissulega alvarleg tíðindi þegar 46 rithöfundar og allir af góðu kunnir telja sig knúna til þess að gera athugasemdir af því tagi sem hér hefur verið gert. Ég er einnig sammála því, að það er auðvitað eðlilegt að þetta sé rætt í þeirri stofnun þar sem fjárveitingavaldið er, og jafnframt með það í huga, að ef hér er um sannar sakir að ræða, þá er sjálfsagt að íhuga vandlega hvort ekki eigi að breyta slíkum reglum. Þetta hygg ég að séu almenn sannindi sem allir mundu vera sammála um.

En þá komum við næst að þessu: Eru þessar ásakanir, sem vissulega eru mjög alvarlegar, eru þær rökréttar og styðjast þær við rök? Þar vil ég hins vegar taka undir með hæstv. menntmrh., að mér þykir mjög skorta á að um slíka röksemdafærslu sé að ræða. Við getum auðvitað vel

skilið að það kunni að vera erfitt mál, tilfinningamál, að vera ekki að flagga eða hampa þeim nöfnum sem ekki hafa fengið náð fyrir augum þessarar nefndar. Það var upplýst hér áðan, að það munu vera 64 nöfn sem þar um ræðir. En ég lít svo á að það sé skylda Alþingis að athuga þessa lista annaðhvort sem opinbert plagg eða ef mönnum þykir það ekki hæfa, þá sem trúnaðarmál. Það væri t. d. vel við hæfi að menntmn. þingsins, eða annarrar hvorrar deildarinnar, útvegaði sér slíkan lista og það þá sem trúnaðarmál. Þá fyrst er hægt að gera sér einhverja hugmynd um það, hvort þessar alvarlegu ásakanir hinna 46 rithöfunda styðjast við einhver rök.

Mér þykir þó augljóst hvar sönnunarbyrðin liggur í þessu máli, og þar er ég algjörlega ósammála þeim málflutningi sem t. d. hv. þm. Halldór Blöndal hafði hér uppi áðan. Mér þykir augljóst að sönnunarbyrðin liggur hjá þessum 46. Það getur ekki verið skylda hinna að hreinsa sig af órökstuddum áburði. En slíkar sannanir hafa okkur ekki verið sýndar enn sem komið er.

Fyrir mér er það aukaatriði, hvar þessir þremenningar eru í stjórnmálaflokki. Það er líka aukaatriði, hvaða stjórnmálaskoðanir þeir hafa sem styrkinn hafa fengið, og þá er ég auðvitað kominn að mjög erfiðu og viðkvæmu matsatriði, ef þeir rithöfundar, sem þessa styrki hafa fengið, uppfylla tiltekin listræn skilyrði. Og það kom fram í máli framsögumanns, hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur, að það er ekki verið að gera athugasemdir við þá rithöfunda sem þessa styrki hafa fengið.

Það er auðvitað á engan hátt óeðlilegt að bæði þau, sem í þessari valnefnd sitja, og eins forustumenn í Rithöfundasambandi Íslands, t. d. formaður Njörður P. Njarðvík, svari grimmt fyrir sig þegar um slíkar ásakanir sem þessar er að ræða.

Ég held að það sé skylda okkar sem alþm. að hlusta vel eftir þeim röddum sem hér er um að ræða. En jafnframt hljótum við að ætlast til þess, að sönnunarbyrðin sé hjá þeim sem hafið hafa þessar ásakanir. Enn eru þær ekki rökstuddar og verða það ekki fyrr en annars vegar er birtur listinn um þá, sem hann hafa fengið, og hins vegar til samanburðar listi um þá sem hafnað hefur verið. Fyrr en svo er gert svífur þessi umr. auðvitað öll meira og minna í lausu lofti.

Ég er sem sagt að taka upp hanskann fyrir bæði þessa úthlutunarnefnd og fyrir forustumenn í Rithöfundasambandinu. Ég held að það megi krefjast þess, að þeir heiti saklausir þangað til annað er sannað. Sannanir eru ekki komnar fram, hvað sem síðar mun verða. Og það hlýtur að gilda sama regla í máli af þessu tagi og við teljum vera grundvallarreglu í réttarfari, að menn eru saklausir þangað til annað er sannað.

Verði mér leitt fyrir sjónir að hér hafi misnotkun átt sér stað, sem ég engan veginn tel ástæðu til að telja á þessu stigi málsins, — en við eigum að vera þannig, að í ljósi nýrra upplýsinga eigum við að vera tilbúin til að skipta um skoðun, — verði mér leitt fyrir sjónir að hér hafi þrátt fyrir allt átt sér stað misnotkun, þá skal ég verða fyrstur manna til þess að taka þátt í gjörbreytingu þessa kerfis til þess að slíkt endurtaki sig ekki. En fyrst vil ég sjá sannanirnar, og það eru engar sannanir enn sem komið er í þessa veru. Mér þykir málstaður ófullkominn — og ég vísa nú til dólgslegustu ræðunnar sem hér hefur verið flutt um þessi efni, sem er ræða hv. 7. landsk. þm., Halldórs Blöndals. Það er millistríðsáratungutak sem hann notaði hér. Mér finnst hann spilla fyrir málstað sínum, og það er erfitt, held ég, fyrir velviljað áhugafólk um menningarmál að taka undir málflutning af þessu tagi. Mér skildist hann gera sig sekan um nákvæmlega það sem hann þóttist vera að saka hæstv. félmrh. Svavar Gestsson um í þessu efni.

Ég vil svo að lokum taka undir með málshefjanda þessa máls, hv. 4. þm. Vestf., Sigurlaugu Bjarnadóttur, um það, að umbeðnar upplýsingar fáist. Þegar slíkar upplýsingar hafa fengist skulum við setja okkur í dómarasæti. Við erum að vísu að tala um eitthvert erfiðasta dómarasæti sem til er, þ. e. að dæma um val og smekk í bókmenntum, því slíkt getur auðvitað verið bæði breytingum og sviptibyljum undirorpið og jafnvel svo að smekkur manna og heilla kynslóða getur gjörbreyst í einni andrá í slíkum efnum. Engu að síður verðum við að taka svona ákvarðanir, hið háa Alþ., annaðhvort með því að framselja slíkt vald eða taka ákvarðanirnar sjálft, eins og það auðvitað hefur lagalega stöðu til. Ég undirstrika það enn, að ég er tilbúinn að taka þátt í gjörbreytingu þessa kerfis, ef það er sannað fyrir mér að um misnotkun hafi verið að ræða. En þangað til það er sannað krefst ég þess, að það fólk, sem hér er verið að bera á sakir, njóti fyllstu mannréttinda. Þetta fólk er saklaust þangað til annað hefur verið sannað með rökum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég hefði talið enn heppilegra að þessi umr. hefði farið fram í Ed. í dag, því þar höfðu þeir lítið fyrir stafni. Þá hefðum við Halldór Blöndal, hv. þm., sloppið við að standa hér upp, Eyjólfur Konráð Jónsson hefði t. d. getað tekið til máls í staðinn fyrir okkur, og Nd. unnið að þeim málum, sem þar voru á dagskrá, og hefði getað haft tíma til að klára sína dagskrá. Mér er það alveg ljóst, hv. þm., að við erum í Sþ. sem stendur.

Sem betur fer er fjöldi fólks á Islandi að fást við bókmenntalega iðju. Þetta er meira og minna hæft fólk og þetta er eitt af okkar aðalsmerkjum, að fjöldi manna í þessu þjóðfélagi er að sýsla við að setja saman bækur. Þessar bækur eru náttúrlega misjafnar. Þessi hugverk, sem menn eru að vinna, eru misjöfn að gæðum.

Hér hefur verið varpað fram þungum ásökunum á tiltekna nefnd, sem unnið hefur trúnaðarstarf. Það hefur verið glósað með pólitískar skoðanir þessara nefndarmanna héðan úr ræðustól. Ég vil nota þetta tækifæri og ég vil ekki láta vin minn Björn Teitsson liggja undir því, að hann sé kannske Alþb.-maður. Ég vil fullyrða að hann er framsóknarmaður. Og ég þekki vel til annars nefndarmanns, Sveins Skorra. Það vill svo til að hann var einu sinni erindreki Framsfl. og m. a. fyrir hans orð gekk ég í Framsfl. á sínum tíma. Ég hef ekki orðið var við hann í flokksstarfi okkar framsóknarmanna undanfarin ár, en ég gæti vel trúað því að hann hefði kosið Framsfl., vegna þess að ég þekki það að hann er skynsamur maður. Ég hef ekki haft þá ánægju að hitta frú Fríðu Sigurðardóttur og veit ekkert um hennar stjórnmálaskoðanir. Mér sýnist að þessi nefnd sé líkleg til þess að geta unnið trúverðugt starf. Ég a. m. k. vil ekki gefa mér það, að hún sé ekki til þess hæf.

Mergurinn málsins er náttúrlega sá, hvort Ólafur Jóhann Sigurðsson og þessir fjórir, sem fengu 9 mánaða starfslaun, eru líklegir til þess að semja góð verk á þessum meðgöngutíma sem ríkið ætlar að borga þeim kaup. Ég næstum því þori að fullyrða það, að Ólafur Jóhann Sigurðsson mun semja gott verk á 9 mánuðum. Ég þori

að fullyrða það, að frú Svava Jakobsdóttir er vís til að semja gott verk á 9 mánuðum. Ég vonast til að hin geri það líka. Ég þekki reyndar verk Jakobínu Sigurðardóttur að nokkru og veit að þau eru að ýmsu leyti góð. Ég veit minna um ritverk Ólafs Hauks Símonarsonar, enda er hann yngstur af þessu liði.

Í þeim flokki, sem úthlutað var 6 mánaða starfslaunum, eru ágætir höfundar. Ég sé menn þar sem ég tel ekki líklega til þess að skrifa betri verk heldur en þá í efri flokknum. Ég t. d. stórefa það, að þó að bætt væri t. d. þriggja mánaða launum við Njörð P. Njarðvík, sem hér er nefndur, þá yrði hann betri höfundur eða líklegri til að semja betri verk eða þá væri þeim peningum betur varið heldur en að launa frú Svövu í þessa þrjá mánuði. Ég efast um að Þorgeir Þorgeirsson eigi þetta fremur skilið en Ólafur Jóhann Sigurðsson.

Svona samanburður er frekar fánýtur — og þó. Það er hægt að hafa ýmislegt form á úthlutun til lista og ýmislegt mat á listum og því starfi öllu. Eg er hér með þskj. sem við fjölluðum um fyrir nokkrum dögum, rétt fyrir páskana. Það er brtt. við fjárlög frá báðum menntmn. þessa þings, þar sem 12 menn eru teknir út úr og fá sérstök heiðurslaun samkv. ákvörðun Alþingis. Þetta er allt saman heiðursfólk. En það er fleira af heiðursmönnum hér í þjóðfélaginu. Og það er pólitískur „ballans" í vali þessara manna. Það var passað og óumdeilt. En ég er ekki endilega viss um að þetta sé réttari aðferð eða ábyggilegri heldur en það mat sem hin nefndin notaði eða að hér séu þeir 12 einir sem eru þessa heiðurs verðir.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð, væntanlega í lok þessara umræðna. — Umr. um þetta mál hafa farið nokkuð út og suður, út fyrir efnið og lent út í óþarfasnakki og skætingi og stóryrðum og brigslyrðum. Ég vil að lokum leggja megináherslu á það sem ég tel merg málsins, og það er þetta: að hvorki ég né aðrir hv. þm. eða hæstv. ráðh. eru þess umkomnir að gera sig að dómurum í þessu máli. Við erum ekki að ræða um þetta hér til þess að fella dóm yfir einum eða neinum. Það, sem við erum að gera, er að benda á mál og ákæru þessara 46 rithöfunda sem hafa mótmælt ráðstöfun fjár, ráðstöfun í máli sem snertir þá alla jafnt og þeir, þessir rithöfundar, eiga kröfu á að þetta mál sé tekið fyrir á Alþingi.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram og kom raunar fram hjá mér líka, að við hljótum að afla upplýsinga um þetta mál, afla okkur kannana á því, hvort ákæran á við rök að styðjast. Ég tel að það sé óþarfi að slá því framan í þessa 46 rithöfunda, að þeir hafi ekki rökstutt sitt mál. Ef menn hafa hlustað á fjölmiðla og lesið fjölmiðla, þá hafa þeir komið með fjölmörg veigamikil rök sem ekki er hægt að hrekja.

Hæstv. menntmrh. svaraði af ljúfmennsku sem honum er lagin. Mér þótti hann óákveðinn, óljós þó í sínum svörum. Ráðh. verður stundum að taka af skarið, og ég held að þetta sé eitt af þeim málum sem það á við.

Ég vona að þessi umr. þó að margt hefði mátt vera ósagt kannske, verði ekki til þess að sundra meira en orðið er þessum hópi listamanna í okkar landi, heldur verða til þess, að leiðréttíng fáist og sættir náist milli þessara hópa sem nú standa í stríði.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég vil taka undir það sem kom fram í máli hv. 4. þm. Vestf. nú síðast, að við erum ekki fær um að dæma um þessa ásökun, hvort hún sé rétt eða röng, og það var einmitt það sem ég var að segja að meginefni, held ég, í ræðu minni fyrr í dag. Ég leyfði mér að rekja veilur í röksemdum og ásökunum þeim sem fram hafa komið af hálfu þeirra 46 rithöfunda sem skrifað hafa undir þetta ásökunarskjal.

Það væri sjálfsagt hægt að halda þessum umr. nokkuð lengi áfram, en ég ætla ekki að gera það, heldur ætla ég aðeins að ganga beint til þess og víkja að því, sem að mér hefur verið beint í þessum umr., og þá m. a. um það, hvort ég mundi ekki vilja beita mér fyrir því að gerðar séu ráðstafanir til þess að listi yfir þá, sem ekki fengu úthlutun, yrði birtur. Ég er fús til þess að beita mér fyrir slíku. Ég held satt að segja að það skeri ekki úr þrætunni þó að slíkur listi yrði birtur, en hann hefur óneitanlega talsvert upplýsingagildi, og ég sé ekki að sá listi sé neitt launungarmál.

Eins hefur það komið mjög ákveðið fram, og ég tek þá hæstv. félmrh. og hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophusson til dæmis um það og reyndar fleiri, að þeir hafa talið að það sé nauðsynlegt að þetta mál verði kannað til hlítar, þ. e. hvort þessi ásökun eigi við rök að styðjast, að úthlutunarnefndin hafi misnotað aðstöðu sína í þágu Alþb. Ég get tekið undir það að eðlilegt sé að kanna þetta mál til hlítar. Ég vil þó í allri auðmýkt benda mönnum á að þetta er alls ekki auðvelt verk. Ég er fús til þess fyrir mína parta að athuga í fyrsta lagi og fyrst og fremst með hvaða hætti slík könnun getur farið fram svo að hún leiði til óyggjandi niðurstöðu. Það mun ég að sjálfsögðu gera með því fylgjast sem best með þessu máli og kynna mér það frá öllum hliðum. Og ég er fús til að gera mitt til þess að slíkar upplýsingar, sem þarna er beðið um, verði sem ítarlegastar og fyrst og fremst að þær leiði til þess að rétt niðurstaða fáist í þessu máli.

Ég verð að segja sem er, að þetta mál hefur að ýmsu leyti borið heldur leiðinlega að. En ég ætla ekki að segja að það hafi ekki að einhverju leyti verið ástæða til þess að hafa uppi þessi mótmæli og þessar ásakanir, sem þeim fylgja. Ég hef eigi að síður fundið marga annmarka á rökstuðningi þeirra sem að mótmælunum standa, og ég hygg að þeir verði að rökstyðja sitt mál betur þegar til þess kemur að upplýsa það betur en orðið er. Að því leyti til stendur það sem ég sagði hér í upphafi, að það sé erfitt fyrir okkur að dæma um þetta mál núna. Og það gleður mig satt að segja, að hv. 4. þm. Vestf. skuli vera sama sinnis um þetta og ég, að þetta þurfi að kanna betur. En ég skal nota mína aðstöðu og mitt vald til þess að þetta verði upplýst sem best, og hafi ég einhverjar upplýsingar í þessu efni eða verði ég mér úti um þær, þá skal ekki standa á að þær berist þm. og Alþingi og öðrum sem láta sig þetta mál varða.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en endurtek það sem ég hef sagt, að ég skal verða hv. þm. innan handar um upplýsingar eftir því sem mér er unnt. En ég bendi jafnframt á það, að þetta er ekki vandalaust verk. Ég geri naumast ráð fyrir því, að þeir, sem borið hafa þetta mál hér inn á Alþ. og vilja að það verði kannað til hlítar, telji að það verði kært til dómstóla, og ég þekki engan dómstól sem beinlínis fjallar um þessi mál. Þess vegna vil ég taka mér tíma og frest til þess að athuga hvernig slík könnun má fara sem skaplegast fram.

Efri deild, 71. fundur.

Þriðjudaginn 29. apríl, kl. 2.25 miðdegis.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 358). — Ein umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Við meðferð þessa máls í hv. Nd. kom fram ábending um að þessa undanþágu mætti skilja víðtækar en til er ætlast, en hún er einvörðungu miðuð við sauðfé og nautgripi. Þess vegna var frv. breytt í meðförum Nd. Alþingis.

Landbn. Ed. fellst á þessa breyt. og leggur til að málið fái þannig afgreiðslu úr Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 377).

Lántaka Bjargráðasjóðs, frv. (þskj. 5, n. 355). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs. Er hér um að ræða staðfestingu á brbl. sem út voru gefin í nóv. 1979. Nefndin fjallaði um frv. eins og það lá fyrir, án þess að þar hefðu komið til umr. nokkrar breytingar, og varð sammála um að leggja til að það yrði samþ. og brbl. staðfest óbreytt.

Nú hefur mér borist beiðni um að þetta mál yrði tekið til athugunar í því skyni að hægt væri að hækka þessa ábyrgðarheimild og hún yrði samhljóða því sem fjárlög gera ráð fyrir. Kemur fram í lánsfjáráætlun að þessi lántöku- og ábyrgðarheimild ríkissjóðs verði 1500 millj. kr. í staðinn fyrir 850 millj. kr.

Ég legg því til að á milli 2. og 3. umr. komi fjh.- og viðskn. saman aftur til fundar og fjalli um þessa beiðni, hvort möguleiki sé á að taka þetta inn og komi þá fram sem brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 65. fundur.

Þriðjudaginn 29. apríl, kl. 2.25 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 372). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Skattamálin hafa nú verið hér til umr. í þinginu og í fjölmiðlum um tveggja mánaða skeið og seinast fóru fram útvarpsumr. frá Alþingi, frá fundi Ed. Alþingis, í gærkvöld. Það má því heita að bera í bakkafullan lækinn að gera hér ítarlega grein fyrir þeim till. sem hér liggja fyrir um breytingar á skattstigum eftir þessar ítarlegu umr., en ég tel þó hlýða að fara nokkrum orðum um stöðu málsins eins og það liggur nú fyrir.

Eins og menn rekur minni til voru gerðar rúmar 60 breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt frá 18. maí 1978 fyrir tveimur mánuðum, og nær allar þessar breytingar voru samþykktar með atkv. allra þm. Hitt hefur svo legið eftir, að ganga endanlega frá skattstiga í samræmi við verðlags- og tekjuþróun, sem orðið hefur á undanförnum tveimur árum, og gera aðrar lagfæringar á lögunum sem menn áttu þá eftir óafgreiddar.

Við ákvörðun skattstiga hefur það meginmarkmið verið haft að leiðarljósi, að tekjuskatturinn skili nokkurn veginn nákvæmlega sömu tekjum í ríkissjóð og gamla skattakerfið hefði skilað, ef reiknað er með 45% hækkun skattvísitölu milli ára. Út frá þessari meginviðmiðun hafa ákvarðanir verið teknar um skattprósentur, skattþrep, persónuafslátt og barnabætur. Að sjálfsögðu má ákveða þessar grunnstærðir laganna með ýmsum hætti og þó gefur skatturinn nokkurn veginn sömu upphæð, ef sú forsenda er lögð til grundvallar að skatturinn skili sömu tekjum og áður. Að vísu má halda því fram, að tekjuaukning milli ára kunni að verða meiri en áður var ráð fyrir gert, að hún verði ekki 45%, heldur 46 eða 47%, eins og sumir hv. stjórnarandstæðingar hafa verið að gera gælur við og halda fram. Og ekki vil ég á þessu stigi fullyrða neitt um það, hvort svo kunni að reynast. En ég vek á því athygli, að þegar skattstigar hafa verið ákveðnir hér á Alþ. hefur ævinlega verið lögð til grundvallar sú spá sem Þjóðhagsstofnun hefur gert um tekjubreytingu milli ára, og svo er einnig gert nú. Það hefur aldrei verið, svo að ég viti til, miðað við áætlanir samkv. framtölum þess árs sem er að líða, enda yfirleitt óhægt um vik þar sem skattstiginn hefur venjulega verið ákveðinn áður en framtölum hefur verið skilað.

Nú hefur framtölum verið skilað og það liggja vissulega fyrir úrtök frá örfáum sveitarfélögum. Hins vegar er öllum kunnugt um það, að í heilum sýslum og jafnvel í heilum kjördæmum eru menn ekki enn farnir að skila skattframtölum, og því er ógerningur að spá neinu um hver raunveruleg tekjubreyting virðist vera milli ára út frá fyrirliggjandi skattframtölum, vegna þess að þau liggja ekki fyrir nema á tiltölulega afmörkuðum svæðum á landinu.

Það er rétt sem komið hefur fram í fjölmiðlum, að tekjubreyting milli ára í nokkrum sveitarfélögum á Suðurnesjum reyndist heldur meiri en landsmeðaltalið sem miðað er við, 45%. En það er líka vitað, að einmitt á þessu landssvæði, þ. e. Suðurnesjum, varð töluvert meiri sveifla upp á við í atvinnulífi á árinu 1979 en varð í öðrum landshlutum, einfaldlega vegna þess að þessi landshluti var langt niðri hvað atvinnuástand snerti á árinu 1978. Það er því ljóst að tölur um tekjubreytingar milli ára, sem miðaðar eru við þetta landssvæði sérstaklega, eru mjög villandi og segja ekki nema lítinn hluta af sögunni. Ég tel því að það sé meira eða minna út í hött að vera að fullyrða eitthvað um það á þessu stigi, hver hafi orðið hin raunverulega tekjubreyting milli ára, því að um það getum við ekkert fullyrt. Það er vitað, að tekjur bænda voru minni, tekjuaukning hjá bændastéttinni var

minni milli ára heldur en almennt gerist, og því nokkuð gefið að þegar dreifbýliskjördæmin verða komin með koma þau til með að draga niður meðaltalið fyrir landið allt. Ég held því að við verðum að ganga út frá því, meðan ekki liggja fyllri upplýsingar fyrir en nú er, að þessi tekjubreyting sé í kringum 45%, eins og við höfum miðað við þegar ákvarðanir um skattstiga og skattþrep voru teknar af ríkisstj. og stjórnarmeirihluta.

Í frv., eins og það var lagt fram í Ed., var gert ráð fyrir að skattþrepin yrðu við upphæðirnar 3 millj. og 6 millj. og skattprósenturnar yrðu 20% af 3 millj., 35% af 6 millj. og 50% skattur þar fyrir ofan. Persónuafsláttur var ráðgerður 440 þús. kr. Eftir að skattstigafrv. kom fyrst fram var hins vegar bent á það af mörgum að skattþrepin væru of stutt þegar efsta þrepið byrjaði við 6 millj. kr. tekjur framteljenda. Eftir nokkra athugun málsins varð því að ráði í samráði við ríkisstj. að teygja úr skattstiganum þannig að menn lentu ekki í efsta skattþrepi fyrr en tekjurnar væru komnar yfir 7 millj. kr. Fjh.- og viðskn. Ed. gerði till. þessa efnis í samráði við ríkisstj. og hækkaði þá lægstu prósentu úr 20 í 25% og persónuafsláttinn úr 440 í 525 þús. kr.

Við fyrstu sýn virtist þessi breyting ekki óeðlileg, en við nánari athugun kom í ljós að þegar teygt hafði verið á skattstiganum hafði neðsta þrepið orðið óhagstætt fyrir tekjulága einhleypinga. Þetta var að vísu ekki nægilega ljóst af þeim úrteikningum sem fyrir lágu frá Reiknistofnun Háskólans, vegna þess að þar er um nokkuð grófan meðaltalsreikning að ræða, eins og vill verða. En þegar upplýsingar bárust hins vegar um útreikning á einstökum dæmum frá ríkisskattstjóra varð ljóst, að þarna var um nokkuð óhagstæða útkomu að ræða fyrir tekjulága einhleypinga og fyrir einstæð foreldri. Að vísu kom í ljós þegar nánar var að gáð að þessir tveir reiknidæmar höfðu miðað við nokkuð ólíkar forsendur hvað snerti frádrátt frá tekjum einhleypinga í hinu gamla skattkerfi. En eftir sem áður og hvernig sem á þann mun er litið — ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um hann — þá var ljóst að niðurstaðan yrði fullóhagstæð fyrir þessa tvo hópa, einstæð foreldri og einhleypinga.

Strax og mönnum varð ljós þessi ágalli á skattstiganum var 3. umr. í Ed. frestað, umr. sem átti að vera útvarpsumr., og nýir tölvureikningar gerðir til þess að leita leiðréttingar á þessari skekkju. Í framhaldi af því flutti ég síðan brtt. við 3. umr. málsins í Ed. þar sem gert var ráð fyrir að einhleypingar fengju að lágmarki 550 þús. kr. frádrátt, jafnvel þótt 10% frádráttarreglan heimilaði þeim miklu minni frádrátt. Með þessari einföldu úrlausn reyndist möguleiki að slétta úr þeirri misfellu sem fyrir lá í skattstiganum, og útkoman varð í heild mjög hagstæð fyrir einhleypinga. Þeir lækka allir í skatti frá hinu gamla skattkerfi, bæði tekjulágir einhleypingar og tekjuháir. Auk þess var ákveðið að bæta einstæðum foreldrum upp þann mun, sem fram kom á hinu gamla skattkerfi og hinu nýja, með því að ætla þeim sérstakar barnabætur fyrir börn yngri en 7 ára, og voru þær ákveðnar 65 þús. kr. hærri upphæð en lágmarksbarnabætur til einstæðra foreldra, sem eru 280 þús. kr.

Eftir þessa breytingu, sem gerð var við 3. umr. málsins í Ed., varð niðurstaðan sú, að einhleypingar hagnast á þessari kerfisbreytingu samtals um 1500 millj. kr. miðað við skattgreiðslu þeirra samkv. hinu eldra skattkerfi og einstæð foreldri borga samtals um 280 millj. kr. lægri upphæð í skatt en verið hefði samkv. gamla kerfinu, þótt vissulega verði að viðurkenna að útkoma þeirra úr þessari kerfisbreytingu er misjöfn. Í heild er þó um verulega lækkun að ræða hjá einstæðum foreldrum.

Eftir að þessi breyting hefur verið gerð á skattstiganum er ljóst að fólk með lágar tekjur hagnast verulega á þessari skattkerfisbreytingu. Það er svo samkv. þessu kerfi, að nú eru greiddir 20 milljarðar kr. í barnabætur og í persónuafslátt til greiðslu upp í útsvar, en samsvarandi tala samkv. gamla skattkerfinu hefði aðeins numið rúmlega 14.5 milljörðum kr. Mismunurinn, sem kemur að sjálfsögðu fyrst og fremst lágtekjufólki til góða, er 5.5 milljarðar kr.

Menn hafa ýmsir hverjir fárast yfir því, að í dagblaðinu Þjóðviljanum var því slegið upp á forsíðu, að skattalækkun sem næmi 5500 millj. kr. kæmi í hlut lágtekjufólks með hækkuðum barnabótum og hækkuðum persónuafslætti upp í útsvar. En hér hefur ekki verið um nettóskattalækkun að ræða, heldur aðeins tilflutning á skattabyrðinni. Ég vil vekja á því athygli, að í þessari fyrirsögn í Þjóðviljanum var aldrei gefið í skyn að hér væri um nettóskattalækkun að ræða upp á 5500 millj. kr. Það kom alveg ljóst fram í fyrirsögninni, — ef hún er lesin í heild, ekki bara stærstu bókstafirnir, heldur öll fyrirsögnin í heild, bæði yfirfyrirsögnin og undirfyrirsögnin, — þá kom ljóst fram að ekki var um nettóskattalækkun að ræða, heldur fyrst og fremst skattalækkun í þágu lágtekjufólks. Ég veit hins vegar að ýmsir stjórnarandstæðingar hafa farið líkt að og hv. þm. Friðrik Sophusson, að þeir hafa ekki viljað lesa nema bara stóra letrið, þessa stærstu bókstafi, og slegið síðan striki yfir það sem stóð þar fyrir neðan. En hér var svo sannarlega ekki um neina fölsunartilraun að ræða af hálfu Þjóðviljans, heldur sagði hann satt og rétt frá, að í þágu lágtekjufólks er hér um að ræða skattalækkun upp á 5.5 milljarða í formi aukinna barnabóta og í formi persónuafsláttar. (Gripið fram í.) Ég held að hv. þm. geti svarað þeirri spurningu sjálfur. En það er ljóst, að hækkun barnabótanna og hækkun persónuafsláttar kemur fyrst og fremst lágtekjufólki til góða vegna þess að þessi hækkun er þess eðlis.

Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þessa skattstigabreytingu. Ég vil aðeins taka það fram, að í frv., eins og það var lagt fyrst fram, var gert ráð fyrir að námsmenn fengju ákveðinn lágmarksfrádrátt, að upphæð 500 þús. kr., ef þeir væru við nám hér heima, en allt að 1 millj. ef þeir væru við nám erlendis. Þegar þessi breyting fer saman við hitt, að maki getur notið þessa frádráttar, en ekki eins og var í skattalögunum, að námsmaðurinn einn gat notið hans, maki með tekjur fær þetta til frádráttar, þá held ég að nokkuð ljóst sé að gengið er verulega til móts við óskir námsmanna um lagfæringar á skattalögunum. En vissulega mátti til sanns vegar færa að eins og skattalögin voru úr garði gerð á árinu 1978, þá væru þau mjög óhagstæð námsmönnum að þessu leyti. Hins vegar treystum við okkur ekki til þess að ganga að öllu leyti til móts við kröfur námsmanna, sem gerðu kröfu til þess að námskostnaður yrði frádráttarbær frá skatti í mörg ár eftir að námi lyki. Menn töldu að það yrði slíkt grundvallarbrot á eðli þeirrar skattbreytingar sem nú er að ganga yfir, að það væri mjög óheppilegt að samþykkja slíka breytingu. Hins vegar er ljóst að í 1. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir, er fólgin veruleg hagsbót fyrir námsmenn, og ég tel að sú breyting verði að duga þeim til handa.

Herra forseti. Ég ítreka það, að ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta skattalagafrv. Ég vænti þess, að það fái skjóta og greiða meðferð hér í d. í samræmi við það samkomulag sem gert hefur verið milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu. Ég vil þó bæta því við, að í máli hv. þm. Halldórs Blöndals, 7. landsk. þm., fyrir nokkrum vikum kom fram sú hugmynd að nefnd þm. úr öllum flokkum fengi tækifæri til þess að fylgjast með framkvæmd skattálagningar í sumar vegna þeirrar miklu óvissu sem uppi væri um það, hvernig skattalögin kæmu út í framkvæmd, og vegna þess að hætta væri á því, að þá kæmu í ljós ákveðnar misfellur í skattalögunum sem taka þyrfti afstöðu til og fjalla um. Ég vil taka það fram vegna þessarar hugmyndar sem hv. þm. Halldór Blöndal varpaði fram hér á dögunum, að ég tel hana mjög góðra gjalda verða og er sannarlega fús að standa að ákvörðun af þessu tagi, hvort sem það verður í því formi að fjmrh. skipi formlega nefnd í þessu skyni eða samkomulag verði milli stjórnmálaflokkanna um skipun nefndarinnar og tilnefningu í hana. Ég tel að skattalögin, eins og þau liggja fyrir, verði að teljast á ábyrgð allra stjórnmálaflokka. Það hafa fjórir fjmrh. úr fjórum stjórnmálaflokkum setið í embætti meðan þessi skattalög hafa verið í undirbúningi. Ég tel því mjög eðlilegt að allir stjórnmálaflokkar fái tækifæri til þess að fylgjast sem allra best með álagningu skatta í sumar og þeir fái þá eins góða aðstöðu og hægt er til að afla upplýsinga um eitt og annað við framkvæmd skattalaganna og þá jafnframt að gera till. um úrbætur, eftir því sem þeim þykir þurfa.

Herra forseti. Ég læt þessi orð nægja, en tek það fram, að ég tel eðlilegast að formenn þingflokkanna komi sér saman um það, með hvaða hætti þessari nefnd verði hleypt af stokkunum.

Ég vil svo að lokum leggja til að eftir þessar umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú gert grein fyrir þessu frv., og satt að segja þótti mér sem ýmislegt í hans máli bæri vott um sömu blekkingarnar og komu fram í hinni stóru fyrirsögn Þjóðviljans sem hæstv. ráðh. gerði hér reyndar að umtalsefni, um 5500 millj. kr. skattalækkunina hjá barnafólki og lágtekjumönnum. Það er nefnilega greinilega svo, að þeir hjá Þjóðviljanum vita mætavel að það eru ýmsir sem lesa bara stærstu stafina, og á þeim grundvelli hefur þessi fyrirsögn alveg örugglega verið valin.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri út í hött að fullyrða nokkuð um það á þessu stigi málsins, hver tekjubreytingin væri milli ára. Það má rétt vera. En hvers vegna er þá hæstv. ráðh. að fullyrða, eins og mér þótti hann gera, að tekjubreytingin væri ekki nema 45%? (**Fjmrh:** Ég fullyrti ekkert.) Allar þær kannanir, sem hafa verið gerðar, benda til þess, að tekjubreytingin sé miklu meiri, 47—48%, og meðan við höfum ekki annað í höndunum hljótum við að fara eftir því. Hér eru sem sagt gjarnan stundaðar þær blekkingar sem svo mjög hafa verið hafðar í frammi að undanförnu af hæstv. ríkisstj. í sambandi við skattamálin.

Hér er raunverulega um að ræða verulega þyngingu skattbyrðar, a. m. k. um 2—3 milljarða kr. hækkun tekjuskatts frá því sem var ákveðið af vinstri stjórninni sálugu, en frá því 1978 er hér örugglega um að ræða 10—11 milljarða hækkun á tekjuskatti.

Um hvað er það sem þetta mál snýst? Það snýst um lögfestingu nýrra skattstiga vegna hinna nýju skattalaga sem nú koma að fullu til framkvæmda. Það var auðvitað nauðsynlegt að setja löggjöf um nýja skattstiga, þar sem í gildandi lögum er miðað við staðgreiðslukerfi skatta, en eins og menn vita hefur ekkert verið gert af hálfu þeirra ríkisstj., sem setið hafa frá því sumarið 1978, til þess að koma á staðgreiðslukerfi skatta. Þess vegna er nauðsyn að setja nýja skattstiga.

Frv. þetta er einn þátturinn af mörgum í hinum stórfelldu og auknu skattaálögum sem hæstv. ríkisstj. og sá þingmeirihluti, sem hana styður, standa að. Frv. gerir ráð fyrir að allir vinstristjórnarskattarnir verði í gildi áfram, en menn muna hvernig að þeim málum var staðið haustið 1978, þegar skattar voru gerðir afturvirkir í stórum stíl. Auk þess er svo hækkun frá þessum sköttum, eins og ég sagði áðan. Breytingin frá þeim reglum, sem giltu 1978, er 10—11 milljarðar kr., það hefur ekki verið hrakið. Þjóðhagsstofnun áætlar bruttótekjur framteljanda til álagningar 1980 820 milljarða kr. Skatthlutfallið 1978 var 11.6% af bruttótekjum 1978. Ef það hlutfall væri nú í ár, þá væri um að ræða 95 milljarða í álagningu tekjuskatts, eignarskatts, sjúkratryggingagjalds, útsvars og fasteignaskatta. En skatthlutfall núv. ríkisstj. er 14.7% og það þýðir 120 milljarða eða 25 milljarða umfram það sem verið hefði ef reglurnar frá 1978 væru í gildi. Þetta samsvarar 650 þús. kr. aukinni skattbyrði á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Og það, sem alvarlegast er, er að ráðstöfunartekjur heimilanna skerðast verulega. Fólk kemst ekki hjá að greiða hækkun söluskatts, vörugjalds og þess sem kallað hefur verið orkujöfnunargjald, en er ekkert annað en hækkaður söluskattur, — það kemst ekki hjá því að borga þessa skatta þegar keyptar eru inn nauðsynjar, og þá gildir einu hversu miklar tekjur menn hafa. Svo tala hæstv. ráðh. um það, að því er virðist í fullri alvöru, að um skattalækkanir sé jafnvel að ræða.

Ekki tekur betra við þegar litið er til hinna óbeinu skatta. Þar á að halda öllum vinstristjórnarsköttunum, eins og ég sagði áðan. Það er hækkaður söluskattur um 1.5 prósentustig að auki. Þetta þýðir allt saman 45.5 milljarða í þyngjandi sköttum, aðallega í formi söluskatts, vörugjalds og bensínhækkunar umfram það sem verið hefði ef skattreglur 1978 hefðu gilt. Það má draga frá tollalækkanir vegna milliríkjasamninga og niðurfellingu söluskatts á nokkrum vörutegundum. Þetta gerir samtals 14.5 milljarða, en eftir stendur þá 31 milljarður í umframskatta í vöruverði miðað við 1978. Ég held að það sé rétt að rekja þennan aukaskattreikning hæstv. ríkisstj. Það gæti kannske orðið til þess að stjórnarliðar áttuðu sig frekar á hvað þeir eru að gera, en það virðist svo sem þeir séu vart með rænu þegar þeir eru að leggja blessun sína yfir allar þessar skattahækkanir hæstv. ríkisstj.

Hér er um að ræða hækkun söluskatts frá því í fyrrahaust um 2%, þ. e. um 9.3 milljarða, það er hækkun vörugjalds frá sama tíma um 6%, 7.7 milljarðar, það er gjald á ferðalög til útlanda 1700 millj., það er nýbyggingargjald 250 millj., það er skattur á verslunarhúsnæði 1700 millj., aðlögunargjald 1840 millj., hækkun verðjöfnunargjalds af raforku 1220 millj., skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir 10 100 millj., það er nýtt orkujöfnunargjald, sem er í raun 1.5% söluskattur, 6000 millj., og það eru auknar markaðar tekjur í ríkissjóð 4700 millj. Þetta er nettó 31 milljaður, eins og ég

sagði áðan. Þessar tölur er að finna í fjárl. og að nokkru leyti reiknaðar samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun.

Hækkun söluskatts og vörugjalds, sem ákveðin var í fyrrahaust af vinstri stjórninni, leggur í ár 8 milljarða skattaálögur á þjóðina. En í fyrra voru þessar skattahækkanir 2.7 milljarðar vegna þess hversu seint hækkunin kom til framkvæmda á árinu. Gjald á ferðalög til útlanda, nýbyggingargjald, skattur á verslunarhúsnæði og aðlögunargjald eru allt nýir skattar sem fyrst voru lagðir á af vinstri stjórninni. Og orkujöfnunargjaldið, sem er í raun almenn hækkun söluskatts, eins og ég sagði áðan, er uppfinning núv. ríkisstj. og leggur nýja skattbyrði á sem nemur 6 milljörðum í ár, en á 12 mánaða tímabili 8 milljörðum. Þetta er aukareikningur hæstv. ríkisstj. í óbeinum sköttum.

Þetta mál hefur þegar fengið allítarlega umfjöllun í hv. Ed. Ég ætla ekki að kvelja hæstv. ríkisstj. með því að rekja raunasögu frv. gegnum þá d., frestanir útvarpsumræðna hvað eftir annað, ranga útreikninga, nýjar upplýsingar, nýreiknuð dæmi o. fl., o. fl. Allt hefur það verið með eindæmum. En ekkert hefur fengið stöðvað ríkisstj. í þeim ásetningi sínum að hækka skattana sem mest hún má. Þar hefur stefna flokks hæstv. fjmrh. sannarlega fengið að njóta sín.

Í forustugrein málgagns Alþb. á Austurlandi var fyrir skömmu rætt af mikilli hreinskilni um skattastefnu Alþb. Launþegasamtökin og allur almenningur eiga að krefjast aukinnar samneyslu og þar með aukinna skatta. Þetta er tónninn frá Lúðvík Jósepssyni og Hjörleifi Guttormssyni, hæstv. iðnrh., og hv. þm. Helga Seljan. Í nefndri forustugrein segir að háir skattar séu í samræmi við hagsmuni almennings. Svo er verkalýðsforusta Alþb. hér fyrir sunnan eitthvað að blaðra um það, að nú komi skattalækkanir láglaunafólki best. Þar hlýtur að kveða við falskan tón. Fulltrúar Alþb. í ríkisstj., í borgarstjórn Reykjavíkur og öðrum sveitarstjórnum, þar sem þeir eru í stjórnarandstöðu, eru að framfylgja þessari skatthækkunarstefnu Alþb. markvisst.

Allt frá því að vinstri stjórnin tók við haustið 1978 hafa nýjar og nýjar skattahækkanir dembst yfir þjóðina. Fólkið í landinu er skattpínt meir og meir. Tilgangurinn er margþættur. Það á að auka samneysluna, það á að vera í þágu hagsmuna almennings, háir skattar þar með einnig í þágu hagsmuna almennings, eins og sagði í ritstjórnargreininni sem ég var að vitna til áðan. Það er farið ránshendi um vasa almennings, peningarnir eru notaðir til þess að auka ríkisumsvifin. Almenningur fær ekki og á ekki að fá að ráða sínu aflafé, ekki eðlilegum skerf þess. Auðvitað er þetta fé betur komið í höndum þeirra, sem afla þess, en misviturra Alþb.-manna og hjálparkokka þeirra. Þetta er sem sagt stefna Alþb. sem þarna fær að njóta sín.

Það þarf engan að undra hversu fylgispök Framsókn er við þessa skattpíningarstefnu. Hún hefur í auknum mæli tekið þessa stefnu upp á sína arma, sér enga aðra leið en skattahækkanir fremur en Alþb. Niðurskurður ríkisútgjalda kemur ekki til greina á þeim bæ. Svo spyrja þessir háu herrar hvað muni ske ef farið væri að till. sjálfstæðismanna um skattalækkanir. Þeir sem þannig spyrja, skilja ekki grundvallaratriði efnahagslífsins. Það er ómögulegt að álykta öðruvísi þegar svona er spurt.

Eins og ég sagði áðan, þá er fylgispekt Framsóknar við skattpíningarstefnu Alþb. ekkert sérstakt undrunarefni. En afstaða þeirra sjálfstæðismanna, sem styðja þessa ríkisstj. eða sitja í henni, er óskiljanleg. Það má spyrja hvort þeir hafi boðað þessa stefnu fyrir kosningar. Hver var afstaða þeirra þá? Hvað með hæstv. forsrh. sem kynnti stefnu Sjálfstfl. fyrir kosningar á ýmsum fundum, á vinnustöðum og víðar? Var hann á móti því þá að boða niðurfellingu vinstristjórnarskattanna? Það var ekki svo að heyra eða sjá. En spurning er því hvað hér hefur gerst.

Það er ekki stórmannlegt að tala um skruggur og skemmdir eftir kosningar, eins og hæstv. forsrh. hefur gert um stefnu flokks síns, eftir að hann hefur talið sér sæma að ganga til liðs við andstæðinga flokks síns með þeim sérstæða hætti sem hann hefur gert. Eða stafar fylgi sjálfstæðismannanna í ríkisstj. við þessa stefnu skattpíningar af því að þeir ráða þar engu? Annaðhvort er að þeir hafi horfið frá stefnu síns flokks, ákveðið það vitandi vits að söðla um, væntanlega vegna þess að þeim þykir það klókt í ljósi þess að flokknum gekk heldur illa í kosningunum, eða þá þeir eru neyddir til að fylgja stefnu sem þeir hafa til þessa barist gegn. Ef svo er, þá er þeim sannarlega vorkunn. Þá er það komið fram sem margir spáðu: Þeir eru bandingjar Alþb. og Framsóknar í þessari ríkisstj. Þeir ráða engu og geta ekki, þótt þeir vildu, sveigt stefnu stjórnarinnar í átt að stefnu Sjálfstfl. í einu né neinu og síst í skattamálum. Þetta er ömurlegt hlutskipti.

Ríkisstj. reynir nú sem mest hún má að telja fólki trú um að leið hennar í skattamálum sé hin eina rétta, hún muni leiða til lækkunar verðbólgu, eða eins og segir í stjórnarsáttmálanum: „Ríkisstj. mun vinna að hjöðnun verðbólgu þannig að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga."

Hver trúir því að svona muni verða eins og af stað er farið? Sem sagt, skattahækkanir eru leiðin til að ná því marki sem þarna er greint frá í stjórnarsáttmálanum, en ekki leið Sjálfstfl. um skattalækkanir. Auðvitað trúir enginn þessum þvættingi og stjórnarliðar síst af öllu sjálfir. En almenningi er ætlað að trúa þessum blekkingum og sjálfsagt trúa einhverjir þeim í byrjun. En annað mun verða uppi á teningnum og það fyrr en varir. Hvernig ætlast menn til að nokkur maður trúi til lengdar að þessi stefna ríkisstj. í skattamálum leiði til hjöðnunar verðbólgu? Er það leið til hjöðnunar verðbólgu að hækka söluskatt um 1.5 prósentustig nú til viðbótar 2 prósentustigum vinstri stjórnarinnar? Þetta þýðir aukna skattheimtu í formi hækkaðs vöruverðs og þjónustu upp á 18 milljarða kr. Þetta er tekið af öllum, hvort sem menn hafa háar eða lágar tekjur. Þetta er fljótvirkasta leiðin til að fara ofan í vasa almennings og moka peningum í ríkissjóð. Og þetta hefur þveröfug áhrif við fyrirheitin um niðurtalningu verðlags, eins og það heitir hjá hæstv. ríkisstj.

Þessi niðurtalning verðlags, sem fyrirhuguð var og er kannske enn þá, er reyndar út af fyrir sig mesta tilræði við atvinnureksturinn sem nokkru sinni hefur verið kynnt af nokkurri ríkisstj. í þessu landi. Halda menn að það sé leið til hjöðnunar verðbólgu að þrefalda skattaálögur á bensín síðan 1978, þannig að nú er svo komið að hvergi í veröldinni eru meiri skattar á rekstur og stofnkostnað bifreiða en á Íslandi? Þessi skattauki einn nemur rúmum 10 milljörðum kr. Það er hækkun á hluta ríkissjóðs í bensínverðinu umfram verðlagshækkanir. Í krónum talið er hækkunin á bensíngjaldi, tollum og söluskatti af því 20 milljarðar frá 1978 eða yfir 220%. Síðast þegar

bensínverð hækkaði, það er ekki langt síðan, nam hækkunin 60 kr. á lítra. Þar af fara 42 kr. í ríkissjóð. Af 430 kr., sem lítrinn kostar í dag, fara 247.50 í ríkissjóð eða 57.6%, en 21.2% af verðinu fara til vegaframkvæmda. Það er mikil rausn!

Svona mætti auðvitað lengur telja, af nógu er að taka. Það er ofurskiljanlegt að stjórn BSRB og viðræðunefnd ASÍ mótmæli hækkun tekjuskatts, útsvars og söluskatts, „sem ásamt gengislækkun eru olía á verðbólgueldinn", eins og sagði í samþykkt ríkisstarfsmanna. Og fyrir fáum dögum samþykkti Verkamannasamband Íslands ályktun þar sem segir að sambandsstjórnin leggi áherslu á, „að skattalækkanir frekar en krónutöluhækkanir kaups, sem eru étnar jafnóðum upp af verðlags- og skattahækkunum, eru raunhæfari kjarabætur til verkafólks. Það er því á ábyrgð ríkisstj. og atvinnurekenda ef nú verður efnt til alvarlegra þjóðfélagsátaka", segir í þessari ályktun Verkamannasambandsins. En ríkisstj. treystir eflaust á að við mótmælin ein verði látið sitja. Þetta er ríkisstjórn verkalýðsins — eða er ekki svo? Og kannske er þetta leiðin til að greiða fyrir kjarasamningum? Einhvern tíma hefði annað verið álitið í þeim efnum.

Það mætti vissulega fara mörgum fleiri orðum um skattahækkanir þessarar ríkisstj. Mörgum þótti nóg um gífurlegar skattahækkanir vinstri stjórnarinnar þá 13 mánuði sem hún sat að völdum haustið 1978. Í kosningabaráttunni í vetur var það eitt af grundvallarstefnumiðum Sjálfstfl. að afnema alla vinstristjórnarskattana og leggja tekjuskattinn niður sem almennan launaskatt. Núv. ríkisstj. hefur valið sér þveröfuga leið. Hún viðheldur öllum vinstristjórnarsköttunum og bætir álögum á þjóðina í hverri viku. Hún ber ábyrgð á söluskatts- og vörugjaldshækkuninni, sem ákveðin var í fyrrahaust, og leggur þannig á þessu ári 18 milljörðum kr. a. m. k. meiri skattaálögur á almenning en í fyrra. Hún heimilar sveitarfélögum að leggja á að giska 4—5 milljarða aukaútsvar á skattborgarana. Hún bætir 2—3 milljörðum við tekjuskatt einstaklinga ofan á hækkun vinstri stjórnarinnar og leggur á nýtt orkujöfnunargjald sem eykur skattbyrðina um 6 milljarða kr. Aukaskattreikningurinn lítur því þannig út: Það er hækkun á vörugjaldi og söluskatti um 18 milljarða, hækkun útsvara 4.5 milljarðar, hækkun tekjuskatta 2.5 og orkujöfnunargjald 6, eða samtals 31 milljarður, og ýmsu mætti sjálfsagt bæta hér við.

Jaðarskattur er nú orðinn 65% auk hluta skattheimtu í tolltekjum, vörugjaldi, söluskatti og bensíngjaldi. Hér er auðvitað allt of langt gengið. Þessi skattheimta er ekki hvati til aukins vinnuframlags, þvert á móti. Hún dregur úr löngun manna til þess að vinna. Hún kemur í veg fyrir eiginfjármyndun í atvinnurekstri, tæknivæðingu og framleiðniaukningu fyrirtækja.

Sjálfstfl. er algerlega andvígur þessari stefnu. Fulltrúar flokksins í fjh.- og viðskn. Ed. fluttu brtt. í samræmi við stefnu flokksins við 2. og 3. umr. um þetta mál þar. Við 2. umr. voru brtt. efnislega þær, að álagning tekju- og eignarskatta sé sú sama eða sem hliðstæðust og var 1978, eftir þeim lögum sem sjálfstæðismenn báru þá ábyrgð á, — að afturvirk aukning tekju- og eignarskatta einstaklinga og félaga, sem vinstri stjórnin lagði á, sé afnumin, en þessir skattar hafa verið lagðir á í einu eða öðru formi síðan haustið 1978, — að tekjuskattar til ríkisins lækki sem svarar hækkun á útsvörum sem heimiluð var nú fyrir skömmu. Auðvitað náðu þessar till. ekki fram að ganga.

Við 3. umr. í hv. Ed. fluttu fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. enn brtt. Nýjar upplýsingar höfðu þá reyndar komið fram milli umr. Þær till voru á þá leið, að skattstiginn yrði þannig: 20% af fyrstu 2.5 millj., 30% af næstu 3 millj. og 40% af yfir 5.5 millj. Barnabætur yrðu eins og lagt var til af hálfu ríkisstj., sparifé og spariskírteini verði alltaf undanþegin eignarskatti, ónýttur persónuafsláttur nýtist til greiðslu sóknargjalda og kirkjugarðsgjalda auk útsvars og sjúkratryggingagjalds. Ónýttur námsfrádráttur nýtist í allt að fimm ár eftir að námsmaður lýkur námi. Auk þess verði vextir og verðbætur námslána frádráttarbær. Í þessum till. fólst sú meginstefna, að tekjuskattar verði afnumdir í áföngum á almennum og miðlungslaunatekjum, að tekjuskattur verði verulega lækkaður á láglaunafólki og aukið svigrúm þess til að nýta persónuafslátt til greiðslu opinberra gjalda, að heildarskattprósenta beinna skatta: tekjuskatts, útsvars, sjúkratryggingagjalda o. s. frv., fari ekki fram úr 50%, eins og verið hefur stefnumið Sjálfstfl.

Þessar brtt. höfðu í för með sér heildarlækkun skatta um 13—14 milljarða kr. samkv. nýjustu upplýsingum um tekjubreytingu milli ára. Þessar till. voru vitanlega líka felldar. En þess verður freistað að fá þær samþykktar hér í hv. Nd. og munu samhljóða till. verða fluttar af fulltrúum flokksins í fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa þessi orð mín miklu fleiri við þessa 1. umr. Ég lýsi algerri andstöðu Sjálfstfl. við þær geigvænlegu skattahækkanir sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur þegar ákveðið og fengið að verulegu leyti samþykktar. Þær eru í fullkominni andstöðu við stefnu Sjálfstfl., eins og ég hef rakið. Þessar aðgerðir hæstv. ríkisstj. munu hafa í för með sér enn nýja verðbólguskriðu, rýrnandi kaupmátt launa og þar með versnandi lífskjör. Sjálfstfl. mun berjast gegn athöfnum sem þessum af öllu afli.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan og var að reyna að bera þá mjög svo óvenjulegu blaðamennsku af málgagni sínu, Þjóðviljanum, er ástæða til að vekja á því athygli, að fyrirsögn á forsíðu Þjóðviljans 23. apríl s. l. er með þeim hætti að enginn getur skilið hana öðruvísi en að hér sé um að ræða 5500 millj. kr. skattalækkun hjá barnafólki og lágtekjufólki. Forsíðufyrirsögnin: Tillaga Ragnars Arnalds. Skattalækkun 5500 millj. kr. hjá barnafólki og lágtekjufólki. (**Fjmrh.:** Er það ekki rétt?) Nei, það er rangt. Er þetta rétt blaðamennska sem hér er um að ræða? Þetta var hæstv. fjmrh. að reyna að bera af blaðinu áðan, og í ljósi þess hlýtur hann að hafa ályktað sem svo, að hér væri ekki rétt frá skýrt eins og Þjóðviljinn hefur sett þetta upp. Það verður ekki skilið öðruvísi.

Hér er nú að ljúka líklega fimm vikna þrauta- og sálarstríði hæstv. fjmrh. fyrir því frv. sem hér er nú að koma til Nd. Alþingis. Þessu stríði er þó ekki að ljúka nema í bili, og óneitanlega kemur manni í hug í þessu pólitíska sálarstríði ráðh. hið gullfallega upphaf sálmsins þar sem segir: „Þegar ég leystur verð þrautunum frá." Þetta á þó ekki við nema að hluta til, því að hér er ekki um það að ræða að hæstv. fjmrh. verði leystur frá þessu þrautastríði fyrir fullt og allt í þessari lotu. Hið endanlega stríð á hæstv. fjmrh. verður fyrst og fremst þegar skattseðlarnir koma á sínum tíma á þessu komandi sumri. Þá og þá fyrst fara að bitna á honum þær gerðir sem hann og hæstv. ríkisstj. nú beita sér fyrir í

skattpíningu á almenning í landinu og þá ekki síst á láglaunafólkið í landinu.

Það væri auðvitað margt hægt að segja hér um þá málsmeðferð sem viðhöfð hefur verið í þessu máli. Hún er, að ég hygg, með eindæmum eins og málið hefur rekist í þinginu, þ. e. í Ed. Það var lögð á það gífurlega mikil áhersla af hæstv. fjmrh. og ríkisstj. að þessu máli yrði lokið strax eftir páskahlé. Stjórnarliðar ætluðu þá að vera tilbúnir með brtt. sínar áður en þinghlé yrði gert fyrir páska. Öll saga þessa máls er með eindæmum, að ég held. Það er engu líkara en hæstv. fjmrh. hafi ekki haft hugmynd um hvað hér væri á ferðinni að því er varðaði útkomu hjá hinum einstöku hópum skattgreiðenda, eftir þeim till. sem fram höfðu verið bornar. Ég skal ekki eyða tíma hér í að rekja það frekar. Það hefur verið gert um það samkomulag, að hægt yrði að ljúka þessu máli hér úr Nd. fyrir annað kvöld, að mér skilst, svo smekklegt sem mér finnst það nú vera af hálfu hæstv. fjmrh. og ríkisstj. að ætla að færa verkalýðshreyfingunni og launþegum í landinu þetta sem afmælisgjöf á baráttu- og hátíðisdegi verkamanna, sem er 1. maí, n. k. fimmtudag. Það er að mínu viti einkar ósmekklegt af hæstv. ríkisstj., ekki síst af hæstv. fjmrh. sem fulltrúa þess flokks sem hingað til hefur talið sig vera málsvara þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, að ætla að færa verkalýðshreyfingunni þessa gjöf 1. maí.

Ekki síst er þetta ósmekklegt þegar það er haft í huga, að launþegasamtökin í lsndinu, öll saman, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusamband Íslands og nú síðast Verkamannasamband Íslands, hafa harðlega mótmælt þessu frv. og þeirri skattaáþján sem núv. hæstv. fjmrh. hefur beitt sér fyrir og ríkisstj. sem heild. Þessir aðilar hafa bent á það í sínum mótmælum, að þessi skattaáþján hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar að því er varðar það ástand sem nú er á vinnumarkaðinum, þ. e. þegar allir samningar eru lausir. Og því er meira að segja haldið fram af þessum aðilum, að þessi skattpíningarstefna ríkisstj. geti orðið til þess að koma í veg fyrir að nokkur skynsamleg lausn finnist á samningamálum eins og staðan er í dag. Þessi stefna hæstv. fjmrh. miðar því að því einu og fyrst og fremst, að það verði stórátök á vinnumarkaðinum og þau séu ekki langt undan ef fram heldur sem horfir.

Hæstv. fjmrh., sem nú gengur undir nafninu skattkóngur gáfumannadeildar Alþb., viðhafði þau ummæli í útvarpsumr. í gærkvöld frá Ed., að þessar viðvaranir og þessi mótmæli launþegasamtakanna í landinu væru marklaust hjal og orðagjálfur manna sem ekkert vissu hvað þeir væru að tala um. Þetta var sú kveðja, sem hæstv. fjmrh., skattkóngur gáfumannadeildarinnar, lét sér um munn fara í útvarpsumr. í gærkvöld. En hverjir eru þessir menn sem hæstv. fjmrh. er að tala um? Jú, fyrst skal telja formann Verkamannasambands Íslands, Guðmund J. Guðmundsson, flokksbróður skattakóngsins, en líklega ekki í gáfumannadeildinni; forseta Alþýðusambands Íslands og framkvæmdastjóra þess, Snorra Jónsson og Ásmund Stefánsson, flokksbræður Ragnars Arnalds, en líklega hvorugur í gáfumannadeildinni; varaformann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, flokksbróður ráðh., en heldur ekki að ég hygg í gáfumannadeild Alþb.; fyrrv. forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Ingólf Ingólfsson, að ég held ekki heldur í þessari margumtöluðu deild Alþb. Þessir einstaklingar ásamt fjöldamörgum öðrum eiga það sameiginlegt, að þeir eru umboðsmenn launafólks í landinu, þveröfugt við það sem hægt er að segja um hæstv. fjmrh. Þessir menn eiga það sameiginlegt, að þeir eiga og eru að gæta hagsmuna launafólksins sem þeir eru skyldir að vinna fyrir. En svarið, sem þessir einstaklingar fá og launþegahreyfingin í heild frá hæstv. fjmrh., er að hér sé um að ræða marklaust hjal og orðagjálfur manna sem ekki vita hvað þeir séu um að tala. Hæstv. fjmrh. sagði líka í umr. í gærkvöld að skattalækkun nú væri gervilausn, enda þótt búið sé að sýna fram á að eina leiðin til að leysa þær kjaradeilur, sem nú standa yfir og eru fram undan, sé sú að beita sköttunum til þess að leiðrétta og lagfæra launakjör fyrst og fremst — og kannske einvörðungu — þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

Hæstv. fjmrh. sagði líka í gærkvöld, að myndun núv. hæstv. ríkisstj. væri örlagaríkur sigur, varnarsigur verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Ég hygg að það megi leita langt aftur í tímann til þess að finna sambærilegt við það, hversu stuttur tími hefur liðið frá því að hæstv. ríkisstj. tók við völdum og þangað til hún er búin að fá öll launþegasamtök í landinu upp á móti sér vegna þeirrar stefnu sem hún beitir í efnahags- og launamálum og í skattpíningarmálum. Það eru ekki nema 2½ mánuður síðan hæstv. ríkisstj. tók við völdum, en á þessum tiltölulega stutta tíma hefur hún fengið öll launþegasamtök í landinu upp á móti sér.

Það var vikið að því áðan, að þetta fóstur hæstv. fjmrh. sé nú loks hingað komið eftir óvenjustrangan meðgöngutíma og harðar fæðingarhríðir þess í Ed. þingsins. Þetta frv. er eitt af mörgum skattahækkunarfrv. ríkisstj. sem hér hafa verið til meðferðar í þinginu á undanförnum vikum.

Það er augljóst mál, að sú skattastefna sem virðist vera í æðimiklu uppáhaldi hjá hæstv. ríkisstj., hefur þær afleiðingar sem enginn getur séð fyrir nú varðandi það hvað kann að gerast innan þjóðfélagsins ef fram heldur sem horfir. Og það verður að teljast furðulegt, að sá aðilinn, sem virðist ráða ferðinni í þessu skattaæði hæstv. ríkisstj., er einn af forustumönnum Alþb., þess flokks sem hingað til a. m. k. hefur þóst vera málsvari launafólks í landinu. Það er líka furðulegt við þessa skattpíningarstefnu ríkisstj., að hún kemur í kjölfar margra yfirlýsinga hæstv. ráðh., fyrst eftir að hæstv. ríkisstj. tók við völdum, um að ekki kæmi til mála að hækka skatta né auka skattbyrði. Hæstv. fjmrh., skattkóngurinn sjálfur, hefur marglýst því yfir í viðtölum við fjölmiðla, að ekki verði um skattahækkun að ræða af hálfu þessarar ríkisstj. Hæstv. sjútvrh. og forsrh. hafa báðir lýst þessu sama yfir. Hér er enn eitt dæmið um það, hversu marklausar yfirlýsingar hæstv. ráðh. eru. Og raunar á það við um allt of marga stjórnmálamenn, að lítið sem ekkert mark er á þeim takandi í yfirlýsingum. Hér hygg ég þó að gengið hafi verið hvað lengst í því að lýsa yfir allt öðru en því sem menn ætla sér að gera og eru að gera. Hygg ég að þessi hæstv. ríkisstj. eigi met í því, a. m. k. miðað við þann tiltölulega stutta tíma sem hún hefur setið. Og það skýrir hug hæstv. núv. fjmrh., fulltrúa þess flokks sem berst fyrir launafólkið í landinu og ekki síst láglaunafólkið og virðist í orði kveðnu hafa viljað gæta hags þess, að upphaflegar till. hæstv. fjmrh. varðandi skattstigana gerðu ráð fyrir sérstakri skattpíningu á fátækar ekkjur og einstæða foreldra, þá þjóðfélagsþegna sem verst hafa orðið úti samkv. fyrri skattalögum. Sem betur fer tókst að hafa áhrif á þetta til hins betra í Ed. Alþingis vegna forgöngu

fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn. þeirrar deildar. Það hefur tekist, þó kannske ekki í miklu sé, að rétta þó nokkuð hlut þess fólks sem Alþb.-ráðh. Ragnar Arnalds ætlaði að svína hvað mest á með sínum fyrstu till. Þetta hefur tekist vegna þeirrar hörku, vil ég segja, sem sýnd var af hálfu Alþfl. í Ed. og var látið undan af hæstv. ráðh.

Það er ekki eðlilegt, að ráðh. í ríkisstj. mælist undan því að verja gerðir sínar fyrir alþjóð í útvarpsumr. Þetta gerðist þó núna. Hæstv. ráðh., hæstv. ríkisstj. fór undan í flæmingi í því að verja þessar gerðir sínar fyrir alþjóð. Þetta fékkst þó fram og það er vel. Ég hygg að útvarpsumr. og öll meðferð málsins eins og hún hefur verið sýni almenningi í landinu fram á það, að hér er í landinu ríkisstj. sem ekki er til þess treystandi að leysa þau vandamál sem nú eru uppi og er við að glíma í landinu, og ef hún sér ekki að sér og breytir til, þá er sannarlega vá fyrir dyrum að því er varðar úrlausn hinna mikilsverðu og margþættu fjöldamörgu mála sem nú bíða úrlausnar.

En þrátt fyrir það að Alþfl. tókst að fá lagfæringu á upphaflegum till. hæstv. fjmrh., þá stendur enn eigi að síður að þetta frv. eykur skattheimtu á launafólkið í landinu um a. m. k. 2.5 milljarða kr. miðað við það sem áður var, og það sem meira er, þetta frv., eins og það nú er, eykur verulega skatta á öllum hjónum í landinu. En það er eitt athyglisvert við þetta frv. skattakóngs Alþb.-gáfumannadeildarinnar. Það er það, að skattar á fyrirtæki eiga að lækka. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar, ef Alþb.-ráðh. — eftir allar þær yfirlýsingar og stóryrtu ummæli sem fulltrúar þess flokks hafa viðhaft um skatta á fyrirtæki — yrði fyrsti ráðh. um langt árabil sem legði til að skattar á fyrirtæki í landinu ættu að lækka á sama tíma og skattar á allan almenning og þó sér í lagi á launafólk og láglaunafólk eiga að hækka stórlega.

Ég óttast að sú breyting, sem gerð hefur verið á skattalögum — og þá á ég fyrst og fremst við þá breytingu sem gerð var 1978 um að fella niður 50% frádrátt af tekjum útivinnandi eiginkvenna, — sú breyting og sú skattahækkun, sem nú er verið að pína hér í gegnum þingið, eigi eftir að hafa í för með sér mikið vandamál innan þjóðfélagsins. Það þýðir það í raun og veru, að stórlega fækki þeim útivinnandi húsmæðrum sem verið hafa í fiskiðnaðinum t. d., sem í reynd þýddi þá stórkostlega aukið innflutt vinnuafl frá öðrum löndum, og ekki yrði það til hagsbóta þjóðfélaginu í heild. Ég óttast að þessi breyting verði til þessa.

Eins og ég sagði hér áðan, þá er ekki mín ætlan að vera langorður við 1. umr. þessa máls. Málið hefur verið ítarlega rætt í Ed. þingsins og í útvarpsumr., og Alþfl. ætlar ekki að tefja fyrir því að þetta mál nái fram að ganga á þeim tíma sem hæstv. fjmrh. kýs helst, þ. e. því verði lokið kannske helst um sólarhringsskiptin síðasta apríl og 1. maí, þannig að það verði eftirminnileg gjöf frá hæstv. fjmrh., fulltrúa Alþb., til launþeganna í landinu, þessi skattahækkun sem hann er nú að keyra í gegnum þingið. Ég vildi þó sem stjórnarandstæðingur að hæstv. ríkisstj. geymdi þetta mál fram yfir 1. maí og ögraði ekki launþegahreyfingunni í landinu með því að veifa þessu plaggi framan í hana á baráttu- og hátíðisdegi verkamanna. En það fer að sjálfsögðu fram eins og hæstv. fjmrh. vill, að þetta verði hér að lögum kannske annað kvöld, kannske aðra nótt, komið fram á 1. maí.

Það er þó ástæða til að vekja á því athygli hér, að Alþfl. hefur um langt árabil haldið fram þeirri stefnu, að tekjuskatt af almennum launatekjum eigi að afnema og að það eigi að gerast í áföngum. Um þetta hafa verið fluttar ítrekaðar till. og bent á með hvaða hætti slíkt skyldi framkvæmt. En á þetta hefur ekki verið hlustað. Það er eigi að síður staðreynd, að tekjuskatturinn í núverandi formi, eins og hann hefur verið og verður samkv. þessu, er launamannaskattur fyrst og fremst og raunar einvörðungu.

Það er ljóst, að samkv. því sem frv. nú lítur út eftir samþykktina í Ed. muni heildarskattaálögur til ríkis og sveitarfélaga á t. d. hjón með þrjú börn eða fleiri hækka um 560 millj. kr. eða um 5% í samanburði við áður gildandi lög. Tekjuskattsálögur á hjón með minni tekjur en 6 millj. kr. munu hækka um 442 millj. kr. frá þeim till. sem voru samþykktar við 2. umr. í Ed. Og svona mætti lengi telja. Hér er því um að ræða stórlega aukna skattheimtu í gegnum það skattstigafrv. sem hér er til umr., ofan á allt það sem hæstv. ríkisstj. hefur afrekað í skattheimtu á undanförnum vikum og mánuðum. Og það er augljóst og það hefur verið margítrekað, að Alþfl. telur að þessi stefna skattahækkunar sé röng og skaðleg. Hún er augljóslega skaðleg við þær kringumstæður sem nú eru í þjóðfélaginu, og hún er beinlínis ögrun við launafólk og launþegasamtökin í landinu á þessum viðkvæmu tímamótum í samningsgerð á vinnumarkaðinum. Og komi til harðra átaka á vinnumarkaðinum, þá er það ríkisstj. fyrst og fremst sem ber ábyrgð á því sem þar kann að gerast. Það hefur verið margítrekað af verkalýðshreyfingunni í landinu, að skattalækkun sé í raun og veru kannske eina færa leiðin miðað við kringumstæður í dag til þess að rétta hlut láglaunafólksins og til þess að leysa þær kjaradeilur sem nú standa yfir. Hæstv. ríkisstj. hefur hafnað þessari leið, ætlar sér að halda áfram í skattpíningunni og ætlar að reka þetta sem hnefahögg í andlit verkalýðshreyfingarinnar og launafólks á þessum tímamótum sem fram undan eru og á baráttu- og hátíðisdegi launafólksins í landinu. Sú ákvörðun hæstv. ríkisstj. verður eftirminnileg.

Það er augljóst mál og það hefur verið á það bent margoft af Alþfl., að í stað þess að auka skattheimtu svo gífurlega sem hér er gert ráð fyrir eigi að draga úr skattheimtu, þannig sé hægt að vernda rauntekjur láglaunafólksins fyrst og fremst. En ég hygg að almennt samkomulag sé um það, að fyrst og fremst eigi að rétta hlut þess í komandi samningum. Sú samþykkt sambandsstjórnar Verkamannasambands Íslands, sem gerð var grein fyrir fyrir nokkrum dögum, fer nákvæmlega saman við þá stefnu sem Alþfl. lagði til að höfð yrði í þeim stjórnarmyndunarviðræðum sem uppi voru fyrr í vetur. Það er sú stefna, að í þessum samningum eigi fyrst og fremst og raunar einvörðungu að snúa sér að því að rétta hlut láglaunafólksins, þess fólks sem verst hefur orðið úti í því verðbólguþjóðfélagi sem við höfum lifað í undanfarin ár og áratugi. Þessari leið er hæstv. ríkisstj. nú að hafna í andstöðu við — fyrrv. er kannske rétt að orða það — í andstöðu við fyrrv. stuðningsfólk sitt í verkalýðshreyfingunni. Það eru ekki nema harðlínukommar og eiginhagsmunahópar sem eru jákvæðir í afstöðunni til þess sem hæstv. ríkisstj. er nú að gera. Allir þeir innan verkalýðshreyfingarinnar, sem bera hag launþega fyrst og fremst fyrir brjósti, eru andvígir þessum áformum og berjast gegn því að þau nái fram að ganga. Og það er tímanna tákn, að formaður Verkamannasambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson, skuli í raun og veru sjá sig knúinn til þess að rísa gegn

hæstv. ríkisstj. í þessu skattpíningaræði sem hún stundar þessa dagana og undanfarnar vikur. (**Gripið fram í:** Þó nú væri.) Já, þó nú væri, sagði einhver. En þeir mættu vera fleiri. En einn hugsjónamaður virðist þó vera úr hópi Alþb.-liðsins í forustu verkalýðshreyfingarinnar sem enn er vitað um og ætlar að láta hagsmuni launafólksins sitja í fyrirrúmi fyrir eiginhagsmunum flokksins sjálfs eins og þau birtast hér. Vonandi verða þeir fleiri, en þeir eiga þá eftir að koma fram í dagsljósið.

Við meðferð þessa máls í Ed. lagði fulltrúi Alþfl. í fjh.- og viðskn. þeirrar d. fram brtt. við frv. eins og það þá var. Þær náðu ekki fram að ganga. Hæstv. ríkisstj. virðist vera staðráðin í því að reiða svo hátt til höggs við almenning í landinu, að engu verði í raun og veru borgið til hins betra. Þess mun að sjálfsögðu freistað að fá breytingar við meðferð málsins hér í Nd. Af þeim kynnum, sem við höfum af hæstv. ríkisstj., er lítil von til þess, að hún sjái að sér á þessu stigi máls. Það eina, sem kemur hæstv. ríkisstj. kannske til að sjá að sér, er það þegar hún sér alvöruna í reynd og stendur frammi fyrir því, að verkalýðshreyfingin ætlar sér ekki að láta knésetja sig með þeim hætti sem skattakóngurinn í gáfumannadeild Alþb. ætlar sér að gera við hreyfinguna sem heild. Þá og þá fyrst verður það kannske sem hæstv. ríkisstj. sér að sér. En þá getur það orðið um seinan.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð að sinni. Ég tel þó rétt að víkja örfáum orðum að þeim furðulega áróðri, sem hæstv. ráðh. og stjórnarliðar hafa nú beitt ósvikið gegn Alþfl. hér undanfarið og síðast í útvarpsumr. í gær, að kenna Alþfl. um það, hversu núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið gírug í skattpíningu sinni, og ásaka Alþfl. fyrir að hafa safnað upp vanda sem hafi verið geymdur og sé nú verið að leysa, — hafi verið geymdur í tíð minnihlutastjórnar Alþfl. frá því í okt. og þangað til í febr.

Nú er það svo, að auðvitað grípa menn í dauðateygjunum svo að segja til hvers þess hálmstrás sem þeir ná í. En þessi áróður er að mínu viti þannig að það er víðs fjarri að hægt sé að líkja honum við neitt, hann er í raun og veru, eins og hæstv. viðskrh. orðaði það, að ég held, í útvarpinu í gærkvöld, svo sannarlega að slá fyrir neðan beltisstað. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að það var enginn uppsafnaður vandi eftir minnihlutastjórn Alþfl. sem varð til þess eða er til þess að hæstv. ríkisstj. beitir þessari skattpíningarstefnu. Öll mál, sem upp komu í tíð þeirrar ríkisstj. varðandi hækkanir á vöru og þjónustu og hækkunarbeiðnir, voru afgreidd, en þau voru ekki afgreidd með því færibandafyrirkomulagi sem núv. hæstv. ríkisstj. virðist hafa á hlutunum. Það fengu ekki allir allt og það er mergurinn málsins. Viðkomandi aðilum var í raun og veru fyrirskipað að gæta aðhalds og draga úr. Það skyldi nú ekki vera, að það þyrfti að vera upphafið á þessari niðurtalningarstefnu, sem Framsfl. er alltaf að tala um? Ég veit ekki hvernig menn ætla að fara að því að telja niður verðbólguna, ef allir eiga alltaf að fá allt. Það er kúnst sem enginn kann, að ég hygg, nema þá Framsfl. og fulltrúar hans.

Nei, það, sem gerðist á þessu tímabili, var að synjað var um hækkanir sem beðið var um. Það er athyglisvert t. d. að bera saman viss tímabil. Hér er um að ræða upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun sem ég hygg að menn vefengi ekki sem hlutlausan aðila til að gefa umsögn um þessi mál. Ef tekið er tímabilið októberbyrjun 1979 til febrúarloka 1980, þá er hækkun framfærsluvísitölu 16—17% á þessu tímabili, þessu 5 mánaða tímabili, sem jafngilti miðað við 12 mánuði 45% verðbólgu. Ef við tökum tímabilið maíbyrjun til septemberloka 1979, þ. e. 5 mánuðina áður en ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar fór frá, þá var 27% verðbólga á þessu tímabili, sem jafngilti 80% verðbólgu miðað við 12 mánaða tímabil, — 80% verðbólga miðað við stjórnartímabil ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar síðustu 5 mánuðina sem hún var við, en á móti 45% verðbólga í 12 mánuði miðað við það tímabil sem Alþfl.-stjórnin sat. Ég held að þessar tölur sýni, svo að ekki verði um villst, að það hálmstrá, sem hæstv. ríkisstj. nú grípur í, verður ekki til að bjarga henni á flóttanum.

Það er augljóst mál, að það, sem nú er að gerast, er vegna stjórnleysis hæstv. ríkisstj. sjálfrar. Hún hefur ekki þá stjórn á hlutum sem þarf til þess að hægt sé að reka þjóðfélagið með eðlilegum hætti. Enn þá síður hefur hún þau tök til stjórnunar sem þarf til þess að niðurtalningaraðferðin nái fram að ganga.

Það er líka athyglisvert, sem fram kemur í þessum upplýsingum Þjóðhagsstofnunar varðandi gengismálin. Frá okt. 1979 til febr. 1980, þ. e. það tímabil sem Alþfl.-stjórnin sat, varð 5.7% gengisfelling, sem jafngilti 15% gengisfellingu miðað við 12 mánaða tímabil. Á 5 mánaða síðasta tímabili ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar fell gengið um 14.7%, sem svarar til 33% gengisfellingar miðað við 12 mánuði, eða meira en helmingi meiri gengisfelling en í tíð ríkisstj. Alþfl.

Og að síðustu eru upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun varðandi fjármál ríkisins. Ef tekið er tímabilið frá okt. 1979 til febr. 1980, þá var greiðsluafgangur hjá ríkissjóði upp á 7.9 milljarða rúma. Ef við tökum sama tímabil, okt. 1978 til febr. 1979, þ. e. í tíð ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, var það neikvætt hjá ríkissjóði og hann skuldaði 7.1 milljarð, en hafði afgang um 7.9 milljarða hitt tímabilið.

Ég hygg að ekki þurfi fleiri orð til að sýna fram á það, að allar ásakanir núv. hæstv. ríkisstj. í garð minnihlutastjórnar Alþfl. um það, að hún hafi geymt vanda til úrlausnar núv. hæstv. ríkisstj., eru firrur einar. Það, sem hæstv. ríkisstj. þarf fyrst og fremst að huga að og læra, er að stjórna. Þá og þá fyrst er þess að vænta að árangur náist. En það er augljóst mál, að það nær engin ríkisstj. árangri miðað við þau vandamál, sem nú eru í þjóðfélaginu, ef hún ætlar að gera allt fyrir alla.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð við þessa umr., en vísa til þess, að að sjálfsögðu mun Alþfl. freista þess að fá breytingu til hins betra fyrir fyrst og fremst láglaunafólkið í landinu varðandi meðferð skattstigamálsins hér í deildinni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns fagna því sérstaklega, að hæstv. fjmrh. skuli hafa orðið við þeirri beiðni að þingflokkunum gefist kostur á því að fylgjast með framkvæmd skattalaga nú í sumar, vegna þess að enginn vafi er á því, að í þeim efnum ríkir nú meiri óvissa en verið hefur um langt skeið, eins og raunar hefur komið fram í ummælum bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Ég vil sem sagt færa hæstv. fjmrh. þakkir fyrir undirtektir hans og leyfa mér að vona að þessari nefndarskipan verði komið á sem allra fyrst.

Í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, er það annars að segja, að það felur í sér mjög verulega hækkun á tekjusköttum. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt bæði fyrir hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hér á

Alþ. að viðurkenna þetta. Ef við leggjum til grundvallar þann tekjuskatt, sem gengið er út frá í fjárlögum 1978, og framreiknum hann til þessa árs, þá kemur í ljós að núv. hæstv. ríkisstj. ætlar sér að innheimta um 10 milljörðum meiri tekjuskatt heldur en skattalöggjöfin 1978 gefur, ef gengið er út frá þeirri þróun sem orðið hefur í verðlags- og launamálum, tekjubreytingu milli ára, sem hæstv. fjmrh. gerði mjög að umtalsefni áðan. Hæstv. fjmrh. sagði orðrétt, að gert sé ráð fyrir að ríkissjóður fái nákvæmlega sömu tekjur og gamla skattkerfið hefði skilað. Þetta gamla skattkerfi hefði skilað tæpum 10 milljörðum minna en gert er ráð fyrir í fjárl. Ég vil í þessu sambandi minna á að í sambandi við félagsmálapakkann 1978 gaf sú ríkisstj., sem þá var, fyrirheit um að skattar mundu lækka, og launþegar sættu sig við 2% launaskerðingu vegna þessa fyrirheits þeirrar ríkisstj. sem þá sat. Síðan hafa nýir kjarasamningar ekki verið gerðir. Núv. hæstv. ríkisstj. er því siðferðilega skuldbundin launþegum að þessu leyti og því fremur sem sjö af tíu ráðherrum voru aðilar að þessu loforði við launþegahreyfinguna og þeir þrír, sem eftir eru, buðu sig fram fyrir síðustu kosningar með þau orð á vörunum að þeir vildu afnema vinstri skattana. Þessi hækkun tekjuskattsins er um 30%, eitthvað á því bili sem tekjuskatturinn hækkar frá því sem var þegar hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, var fjmrh. Það er nú þessi skattahækkun.

Ofan á þetta er svo söluskattshækkunin, sem hæstv. heilbrmrh. Svavar Gestsson sagði á verkalýðsmálaráðstefnu Alþb. fyrir skömmu að skipti launþega engu máli. Það má segja að það sé út af fyrir sig gott, að maður, sem hefur þvílíkar hugmyndir um skatta — að þeir skipti engu máli fyrir þá sem þá greiða, skuli vera búinn að láta viðskiptamálin frá sér í ríkisstj.

Ég sakna þess nú sérstaklega, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér við. Þegar þessi mál bar á góma fyrir skömmu í Sþ. viðhafði hæstv. forsrh. þau ummæli, að hlutfall skatta af meðaltekjum væri lægra nú en verið hefði um margra ára skeið. Af þessum sökum aflaði ég mér upplýsinga um það hjá kauplagsnefnd, hverjar hefðu verið meðalatvinnutekjur verkamanns, bæði einhleypings og kvænts verkamanns, á árunum 1978, 1979 og 1980, og reiknaði út þá skatta sem þessi verkamaður hefði fengið eftir því skattkerfi sem á hverjum tíma var í gildi. Eftir því kemur í ljós, að á árinu 1978 greiddi einhleypur verkamaður, sem hafði meðalatvinnutekjur verkamanna í laun, um 25.86% í skatta, á árinu 1979 26.14% og samkv. lögum ríkisstj. 28.46%. Ef við tökum með sama hætti meðalatvinnutekjur kvæntra verkamanna — og þá eru teknar inn í dæmið þær meðaltekjur sem eiginkonur verkamanna höfðu á árunum 1978, 1979 og 1980, þá kemur í ljós að á árinu 1978 greiddu verkamannshjón 19.15% í beina skatta — þetta á allt við um beina skatta — árið 1979 19.24% og á árinu 1980 21.43%. Þarna er um verulega hækkun að ræða á skattbyrði verkamannafjölskyldna.

Það er að sjálfsögðu hægt að búa til margs konar samanburð á milli ára þegar verðbólgan er jafnmikil og hún er núna, ég tala ekki um þegar um mjög mismunandi skattkerfi er að ræða milli ára, ef menn gera tilraun til þess að framreikna meðaltekjur frá liðinni tíð. Það má auðvitað gera með margvíslegum hætti. En kjarni málsins er þessi, að í ár fer hlutfallslega meira í beina skatta hjá meðalverkamannafjölskyldunni en gerði í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Þetta er mergurinn málsins. Þetta er sá eini samanburður sem hægt er að viðhafa. Það gerir dæmið gagnvart þeirri ríkisstj. enn hagstæðara, að á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hafa óbeinir skattar hækkað mjög verulega, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur rækilega gert grein fyrir og ég skal ekki fara út í hér.

Það má auðvitað í þessu sambandi fara ofan í einstök atriði. Ég tel ástæðu til þess að leiðrétta það sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. áðan, að þær breytingar, sem voru gerðar milli 2. og 3. umr. í Ed., hafi falið í sér lækkun á sköttum allra einhleypinga. Þetta er rangt. Þær leiðréttingar náðu ekki einu sinni til meðaltekna verkamanns, sem hefur á þessu ári um 5.1 millj. í atvinnutekjur. Áhrif þeirrar breytingar hurfu þegar meðaltekjur urðu í kringum 4.9 millj. kr. Á þær tekjur, sem þar eru fram yfir, verður aftur skattahækkun eftir þeim breytingum sem gerðar voru í Ed., og þær skattahækkanir taka m. a. til verkamanns með meðalatvinnutekjur. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram. Og ég vil mjög taka undir það sem hv. 6. landsk. þm. sagði hér áðan, að þessar miklu skattaálögur, sem ríkisstj. stefnir að, hljóti að hafa í för með sér mikla erfiðleika í sambandi við samningsgerðina nú á þessu vori. Ég er ekki alveg með það í höfðinu, en ef ég man rétt hefur lækkun beinna skatta verið einna efst á blaði í kröfugerð hinna almennu verkalýðsfélaga frá því á árinu 1973 eða 1974 eða eitthvað um það bil, og svo er enn, sem er eðlilegt þegar á það er litið að beinu skattarnir eru komnir upp í 65% og menn vilja þá heldur í þessari miklu verðbólgu hafa aðeins færri krónur en vita þó að þeir eigi þær.

Sú eftiráskattheimta, sem menn hafa orðið að una við upp á síðkastið, er orðin algerlega óþolandi og þess sjást merki víða í atvinnulífinu, að menn eru farnir að halda að sér höndum vegna hennar. Ég hitti síðast í dag mann sem hafði ekki komið nálægt rekstri áður. Hann hafði ekki gert sér grein fyrir öllum þeim pinklum, sem á reksturinn eru lagðir, og lét í ljós undrun yfir því, að nokkur maður skyldi gera það að ævistarfi að berjast þeirri vonlausu baráttu að reyna að reka fyrirtæki með hagnaði eins og komið er efnahagsmálum okkar Íslendinga núna.

En það er ekki aðeins svo, að hinir beinu skattar hækki um 30% frá því sem var í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, heldur hefur þróunin því miður orðið sú á síðari hluta s. l. árs og það sem af er þessu ári að launakjörin hafa skerst verulega. Ef við lítum á kaupmáttinn á s. l. ári kemur í ljós að launakjör verkamanna hafa að jafnaði skerst um einhvers staðar á milli 1 og 2% á s. l. ári og launakjör verkakvenna litlu minna. Það er þetta fólk sem verður að borga hvað dýrustu verði þá óstjórn sem nú er í landinu. Og ef við horfum á þróunina eins og hún hefur orðið á þessu ári, þá hafa lífskjörin dregist verulega saman. Mér finnst eftirtektarvert, að málsvarar launafólks, bæði Alþýðusambandsins og BSRB, hafa ekki minnst einu einasta orði á þá þróun sem orðið hefur í þessum efnum. Eg held að það sé m. a. vegna þess, að þessir aðilar þora ekki að horfa framan í raunveruleikann eins og hann er, því að lífskjörin hafa dregist mjög alvarlega saman á þessu ári — mjög alvarlega.

Hæstv. fjmrh. flutti um það undarlega ræðu hér áðan, að sú breyting, sem í Ed. var gerð á skattafrv. milli 2. og 3. umr., hefði komið einhleypingum og einkanlega einstæðum foreldrum mikið til góða. Ég skal ekki draga úr því, að þar var nokkuð létt á skattabyrði þeirra sem lægstar höfðu tekjurnar miðað við það sem ríkisstj. hafði

ætlað sér. En gagnvart einhleypingum var ekki um skattalækkun að ræða í heild, ef borið er saman við fyrri kerfi, heldur þyngjast beinu skattarnir þvert á móti, þegar litið er á þá sem heild, frá því sem var á árinu 1978, a. m. k. ef miðað er við það dæmi sem í Þjóðviljanum var talað um. Og eins og ég sagði áðan, þegar komið er upp yfir 4.9 millj. rennur þessi lækkun út í sandinn, en hins vegar eru skattar á hjónum þyngdir um 40 þús. kr. að meðaltali og um 20 þús. kr. á einhleyping. Þegar þetta dæmi er líka skoðað í heild kemur í ljós að það, sem gefið er með annarri hendinni, er tekið með hinni. Þetta stenst nokkurn veginn á samkv. upplýsingum Reiknistofnunarinnar.

Hæstv. fjmrh. gerði úr því nokkurt mál, að ríkissjóður mundi nú greiða stærri hlut en áður upp í útsvör og annað því um líkt. Þegar skattalögin eru skoðuð í heild skiptir þetta ekki heldur máli vegna þess að sú tala, sem gengið er út frá í sambandi við tekjuöflun ríkissjóðs, er nettótala. Það er gert ráð fyrir að útsvörin komist öll til skila, 11.88% plús sjúkrasamlagsgjaldið, plús sá mikli tekjuskattur sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Og í öllum þessum útreikningi hæstv. fjmrh. kemur ekki heldur fram hversu mikil hækkun útsvarsins er þegar það er hækkað úr 11.1% í 11.88%. Það er hætt við því, að sú breyting vegi miklu þyngra líka gagnvart því fólki, sem þarna er um að ræða, heldur en sú smávægilega lækkun sem þeir guma svo mjög af og ég hef raunar ekki séð útreikninga á hvernig fundin er, þegar samanburður er gerður við árið 1978 t. d. eða 1979.

Þetta mál er nú svo þrautrætt, að það er út af fyrir sig ekki ástæða til að hafa um það miklu fleiri orð á þessu stigi. Ég vil aðeins ítreka það, að þau ummæli hæstv. fjmrh. og stuðningsmanna ríkisstj., að fólk með lágar tekjur hagnist verulega á þessari skattkerfisbreytingu, eru röng. Þau stangast á við staðreyndir og eru sögð gegn betri vitund. Það er kjarni málsins. Og þegar verið er að tala t. d. um það, að þessi 10% frádráttarregla sé eitthvað voðalega mikið sem gert sé fyrir launþega, að þeir eigi að þakka sérstaklega fyrir þessi 10% sem þarna séu gefin eftir sem fastur frádráttur, þá skulum við hafa það í huga, að allir launþegar verða nú í fyrsta lagi að greiða 4% af tekjum sínum í lífeyrissjóð og félagsgjöld í verkalýðshreyfingunni eru 1%, þannig að þar eru nú komin 5%. Ef maður með meðalatvinnutekjur verkamanns, 5.1 millj. skuldaði svo einn víxil upp á 600 þús. kr. og greiddi af honum vexti allt árið, þá væri það komið sem vantar upp á 10%. Það er nú ekki meira en þetta. Og við getum einnig tekið þetta öðruvísi. Um leið og ríkisstj. lögfestir þessa 10% frádráttarreglu, þá eru tekjuskattstigarnir hækkaðir úr 20% upp í 25, 30% í 35 og 40% í 45. Það er því einnig tekið til baka, þannig að þegar upp er staðið verður þessi 10% regla, sem átti að verða til hagsbóta fyrir launþega, í raun til þyngingar, vegna þess að núv. hæstv. ríkisstj. hefur haft þann háttinn á, að keyra þetta mál fram með það sjónarmið eitt í huga að ná sem mestum skattatekjum út úr almenningi í landinu.

Síðast í gær talaði ég við einn mann í Skattstofu Reykjavíkur um þetta mál og spurði hann hvernig honum litist á. Hann lét einmitt í ljós þennan ugg, að launþegar mundu fara mjög illa út úr þessari skattkerfisbreytingu af því að skattstigarnir eru svo háir.

Þegar hæstv. fjmrh. talar um það, að allir stjórnmálaflokkarnir beri ábyrgð á þessu frv., þá er það ekki rétt að þessu leyti gagnvart launþegum. Það er ríkisstj. sem knýr fram þessa miklu skattheimtu með ósanngjörnum og óhæfilega háum skattstigum, ekki aðeins hér, heldur einnig í sambandi við útsvarið.

Ég skal ekki á þessu stigi hafa þessi ummæli lengri. Ég harma aðeins að svo skuli nú komið sem raun ber vitni, að menn eru farnir að hugsa sig um tvisvar áður en þeir leggja mikið á sig til þess að afla tekna og skapa verðmæti í þjóðarbúið. Og það urðu okkur mikil vonbrigði mörgum, að þessi mikla skattpíningarstefna skuli knúin í gegnum Alþ. með atkv. manna sem kjörnir voru á þing fyrir Sjálfstfl. og höfðu skuldbundið sig til þess fyrir síðustu kosningar að létta af vinstri sköttunum, en margfalda þá ekki, eins og ég hef hér sýnt fram á að gert hefur verið. Jafnmikil og óvissan er í kjaramálunum hefði það þó verið lágmarkskrafa, að ríkisstjórnin hefði látið við það sitja að skattbyrðarnar á meðalverkamannstekjur hefðu verið nokkurn veginn jafnmiklar og áður, en ekki þyngdar eins og raun ber vitni, og kemur til með að spilla mjög verulega í þeim kaupdeilum sem nú eru uppi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því í upphafi máls míns að taka undir þau sjónarmið sem komið hafa fram bæði hjá hv. síðasta ræðumanni og eins hjá hv. 3. þm. Reykn., sem lýstu í ræðum sínum viðhorfum Sjálfstfl. til þess máls sem nú er um fjallað í hv. d. Ég mun ekki fjalla um málið á sömu nótum og þeir. Ég mun ekki ræða um skattstigana, sem mest hefur verið deilt um í þessari umr. og þremur umr. í hv. Ed., heldur snúa mér að öðrum þáttum þessa sama máls.

Í fyrsta lagi langar mig til þess að benda á að í 3. gr. fjárlaga eru sundurliðaðar tekjur ríkissjóðs. Þar er getið um beina skatta og einn liðurinn, ein línan í fjárl. segir að tekjuskattar einstaklinga séu áætlaðir rúmir 38 milljarðar, nánar tiltekið 38.2 milljarðar. Sé þessi tala skoðuð út af fyrir sig, þá segir hún þeim sem les þetta, að ríkið hljóti að ætla að ná inn þessum 38.2 milljörðum og það eigi að jafna þeim á tekjuskattsgreiðendur úr hópi einstaklinga í landinu. En sé betur að gáð, þá er málið ekki svona einfalt. Þannig er, að til þess að hægt sé að ná þessum 38 milljörðum eru lagðir á 64 milljarðar tæpir. Til frádráttar eru síðan barnabætur, tæpir 15 milljarðar — en það gerðist með kerfisbreytingu, líklega árið 1974, að þessi tvö kerfi voru sameinuð og er það í sjálfu sér til bóta, en þyrfti að sjálfsögðu að koma fram í fjárlögum. Þá er jafnframt til frádráttar afsláttur upp í útsvör, sem er 5.2 milljarðar, en það er upphæð sem þeir, sem á annað borð greiða tekjuskatta, verða að greiða með hinum, sem enga tekjuskatta greiða, upp í útsvör, þannig að bæjarfélögin og sveitarfélögin í landinu fái sitt. Það er athyglisvert, að sú tala, sem nú er 5.2 milljarðar, var áætluð á ríkisreikningi 1979 1200 millj., þannig að þessi tala hefur margfaldast. Þarna er um það að ræða, að 4 milljörðum kr. er skipt á þá gjaldendur, sem á annað borð greiða skatta, án þess að um það sjáist nokkuð í fjárl. Væri hér um að ræða einkafyrirtæki væri án efa talið að hér væri framkvæmt bókhaldssvindl.

Ég vek athygli hv. þm. á þessari staðreynd og þó sérstaklega hæstv. fjmrh., sem ég sé nú að er ekki sýnilegur hér í sölunum og virðist þess vegna ekki hafa mikinn áhuga á þessum málum. En vonandi gefst honum tækifæri til þess að lesa þetta í þingtíðindum ef hann lætur svo lítið að lesa svona smátt letur, því að eins og hann sagði sjálfur í sinni ræðu, þá gerði hann ekki ráð

fyrir að margir lesendur Þjóðviljans sæju nema það sem sett er upp með 72 punkta stríðsletri í Þjóðviljanum, eins og hann reyndi þegar hann sagði lesendum Þjóðviljans hvernig skattar hefðu lækkað, þegar í raun og veru var aðeins um millifærslu að ræða.

Í öðru lagi — og það eru atriði sem snerta það mál sem hér er til umr. kannske fremur en það tæknilega atriði sem ég hef nú fjallað um — vil ég aðeins gera nokkra grein fyrir þeim till. sem lagðar voru fram af hálfu Sjálfstfl. í hv. Ed., og þó einkum þeim sem snúa að námsmönnum. Áður en ég held áfram ræðu minni vil ég æskja þess, að hæstv. ráðh. verði sóttir inn í þingsalinn, því að ég mun beina orðum mínum sérstaklega til hans hvað þetta varðar. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. mun koma á hverri stundu. Hann bar undir mig að fá að víkja sér frá í 15—20 mínútur og það var honum veitt, því að honum bráðlá á, en hann mun birtast hér innan mjög skamms tíma.) Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að ég talaði við hæstv. ráðh. og sagði honum frá að ég mundi flytja hér ræðu sem ég ætlaðist til að hann svaraði, og hann tók mjög vel í það. Ég sé mér ekki fært að halda áfram ræðu minni ef hann er ekki við, en get að sjálfsögðu frestað henni, ef einhver annar vill fylla upp í þann tíma sem hér myndast. (**Forseti:** Ég skal gjarnan gefa hv. þm. orðið um leið og ráðh. birtist, en áskil mér þá rétt til þess að gefa öðrum orðið á meðan.) — [Frh.]

Bogi Sigurbjörnsson: Herra forseti. Það hefur verið deilt dálítið hér um skattálagningu og þá gjaldbyrði sem menn vilja segja að lögð sé á þegna þessa lands umfram það sem áður hafi verið. Ég held að það sé öllum ljóst, að skattbyrði á Íslandi, ef við berum saman við nágrannalöndin, er ekki ýkjaþung. Þó skal ég viðurkenna það, að það er alls ekki raunhæfur samanburður að bera saman skattbyrði t. d. á Norðurlöndum og hér, og því ætla ég ekki að taka þann samanburð þó að hann væri að sjálfsögðu Íslendingum hagstæður.

Nýju skattalögin, sem gengin eru í gildi og í fyrsta skipti verður skattlagt eftir á þessu ári, ef álagning getur einhvern tíma farið fram, eru að mörgu leyti mjög góð og ég efast um að menn séu farnir að átta sig á því, hvernig þau verka. Þó eru á þeim ákveðnir agnúar sem ég held að flestir séu nú búnir að sjá, en það vefst fyrir mönnum að leiðrétta þá eða taka þá til nánari skoðunar og menn vilja jafnvel sjá fyrst hvernig lögin reynast í framkvæmd. Ég held því að þegar skattálagningu þessa árs lýkur hljóti að koma til þess, að Alþ. þurfi að endurskoða tekjuskattslögin og gera á þeim nokkrar breytingar.

Það hefur verið deilt um hvað sá skattstigi, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, muni gefa í skatta, og sýnist sitt hverjum, eftir því hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. T. d. er deilt um það, hvort tekjuaukning milli áranna 1978 og 1979 muni vera 45%, 46% eða 47%. Ég held að málin séu einfaldlega þannig, að kannske hafi allir eitthvað til síns máls, en engin talan sé örugg. Og það er nú einhvern veginn hygginna manna háttur að setja ekki allt í botn þegar verið er að fjalla um fjármál, þannig að ég er svolítið hissa á því, hvað sjálfstæðismenn virðast vera harðir í því að reiknað skuli með 47 — 48% tekjubreytingu á milli ára, ef menn meina eitthvað með því að hér skuli reyna að halda niðri verðbólgu og spenna ekki allt upp eins og mögulegt er.

Grundvallaratriðið með sköttum er að jafna á milli þegna þjóðfélagsins. Ég held að það sé ekkert annað sem getur komið þar til. Við gerum okkur ljóst og viðurkennum það, að möguleikar manna til tekjuöflunar eru ákaflega misjafnir. Og ég held að ef menn vilja vera sanngjarnir, og ég held nú — hvar í flokki sem menn standa — að menn vilji að allir geti lifað í okkar landi, þá komi það á daginn að menn séu sammála um að fella ekki algerlega niður beina skatta. Hitt er annað mál, að það er eðlilegt og sjálfsagt að hafa einhver skattmörk, svo að menn séu ekki að borga skatta af tekjum sem nægja varla til framfæris.

Ég fylgi þessu frv., en ég treysti því að það verði endurskoðað eftir álagningu á árinu 1980. Það koma örugglega í ljós gallar sem þarf að sníða af lögunum, og ég treysti því að það verði gert.

Vonandi vinnst betri tími til þess en nú er. Nú er komið fram á síðustu stundu og hér verður þetta að ganga í gegn hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Þetta hefur tafið alla skattálagningu og raunverulega stendur allt kyrrt út af þessum málum og komið fram í maíbyrjun.

Það eru fleiri gjöld sem eru skattar þótt þau að vísu heiti ekki skattar. Það er t. d. nýbyggingagjald og það er sérstakt gjald á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem búið er að afgreiða núna með fjárl. Ég segi fyrir mig, að ég er ákaflega gagnrýninn á svona gjöld og tel að það ætti að athuga það a. m. k. næst hvort svona gjöld ættu raunverulega rétt á sér, hvort það væri þá ekki réttara að hafa þetta í einhverri venjulegri skattmynd, eignarskattsmynd þá að sjálfsögðu, ef afla þyrfti þessara tekna. Mér er hálfilla við að lýsa einhverri sérstakri vanþóknun á einhverri ákveðinni atvinnugrein með svona sérstakri skattlagningu, en mér finnst þetta koma hálfpartinn þannig fram. Og verslunarrekstur er atvinnurekstur eins og hvað annað og við höfum séð að það að búa í landi þar sem ekki er nokkurn veginn frjáls verslun getur dregið dilk á eftir sér.

Karvel Pálmason ræddi hér áðan um 50% frádrátt af launatekjum konu. Ég hélt satt að segja að það væri enginn lengur sem þyrði að mæla því bót að halda því ranglæti inni í skattalögunum. Og ef þetta er almenn stefna Alþfl. í því máli finnst mér það ákaflega skrýtið, af því að ég held að eitthvert mesta óréttlætið í eldri skattalögum hafi einmitt verið þetta ákvæði. Við getum tekið bara læknishjón þar sem konan hafði e. t. v. 8 eða 10 millj. Þá fengu þau sérstaka 4 — 5 millj. kr. skattaívilnun. Ég held að allir sjái að slíkt á ekki heima í samræmdu þjóðfélagi.

Hann sagði einnig að það væru ekki nema harðlínukommar og eiginhagsmunamenn sem fylgdu þessu frv. Ég vil nú sem betur fer frábiðja mér hvort tveggja þetta heiti, en ætla samt að styðja frv. Og ég vona að svo sé ekki komið fyrir öllum hinum, að þeir séu af öðru hvoru þessu sauðahúsi.

Það var líka eitt þeirra atriða sem hér komu fram, hvenær þetta frv. yrði afgreitt. Það gat verið svolítið atriði að afgreiða það eftir 1. maí. Ef það getur létt eða þyngt skatta á launþegum, hvort frv. er afgreitt kvöldið fyrir 1. maí eða kvöldið eftir, þá eru skrýtilega reiknaðir skattar á Íslandi. Og ég held að það sé ekkert skemmtilegra að koma daginn eftir 1. maí með þetta heldur en jafnvel daginn áður. Þetta er það sem koma skal og fólk verður að búa við, ef þannig má að orði komast. En ég held að það hafi verið stigið rétt skref einmitt með tilfærslu á þessari skattbyrði. Við erum sammála um það, að skattana eigi að jafna á milli ríkra og fátækra og þetta

frv., sem nú kemur fram um breyt. á lögunum frá 18. maí 1978, er tvímælalaust til þess að minnka skattbyrðina á þeim sem minna mega sín, en færa til þeirra sem meiri hafa greiðslugetuna.

Ég get ekki stillt mig um að nefna annað mál svona í framhjáhlaupi, þó að það komi þessu máli ekki við. Það var samþ. hér á Alþ. að veita heimild til að hækka útsvarið úr 11 í 12%. Ég tel það ákaflega vitlaust og líklega með því vitlausasta sem gert hefur verið. Ef almennt er að því stefnt að halda niðri verðlagi og ná samkomulagi við launþega um það, að nú skuli fara að telja niður verðbólgu, þá má ríkið ekki ganga á undan með slíku fordæmi.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er alveg ljóst að þessa dagana líður stjórnarliðum illa. Þó held ég að vinum mínum í Alþb. hljóti að líða hvað verst. Um líðan hæstv. forsrh. veit ég ekki, en hún hlýtur að vera slæm. Hann var í því oddaliði sem gekk harðast fram fyrir síðustu kosningar og prédikaði skattalækkanir, en hefur *nú gerst einn helsti oddviti þeirra manna sem hafa staðið* að því skattafári sem ríkisstj. hefur dengt yfir þjóðina að undanförnu.

Við höfum orðið vitni að því hér undanfarnar vikur hvernig skattar hafa verið hækkaðir á öllum sviðum. Nú erum við aðeins að tala um einn þáttinn, tekjuskattsþáttinn. Það er búið að hækka útsvörin um röskleg 10%, söluskattinn um 1.5 stig. Þessir skattar ganga yfir alla landsmenn, hvort sem um er að ræða hálaunaeða láglaunafólk. Og auðvitað koma þeir langverst niður á láglaunafólki.

Þegar sá skattstigi var lagður hér fyrir, sem nú er um fjallað, varð þegar ljóst að hann mundi koma harðast niður á lágtekjufólkinu, einkum og sér í lagi einhleypu fólki með börn. Þessu hefur nú örlítið verið breytt, en það er nákvæmlega sama hvernig reiknað er aftur á bak eða áfram, þessi skattstigi veldur mjög umtalsverðri tekjuskattshækkun. Og stjórnarliðar hafa staðið hér *upp, eins og hv. síðasti ræðumaður, og borið sig upp* undan því að þurfa að samþykkja allar þessar skattahækkanir.

Hv. síðasti ræðumaður talaði um það, að menn reiknuðu misjafnlega eftir því, hvort þeir væru í stjórn eða stjórnarandstöðu, og fengju út misjafnar tölur. En sú breyting á skattstiganum, sem nú liggur fyrir og ætlunin er að keyra í gegnum þingið, felur tvímælalaust í sér hækkun á tekjusköttum og það þarf mikla reiknimeistara til að halda öðru fram, og í þeirra hópi er hæstv. fjmrh. sem hélt því m. a. fram í útvarpsumr. í gær, að það væri raunverulega ekki verið að hækka skatta á þjóðinni. (**Fjmrh.:** Það er rétt.) Vegna þess að hæstv. fjmrh. svaraði og sagði: Það er rétt — þá er ástæða til þess að láta það koma fram, að heildarskattbyrði ríkis og sveitarfélaga hækkar um 8 milljarða kr. Og ef fjmrh. ætlar að kalla þessa hækkun lækkun eða ekki hækkun, þá veit ég ekki með hvaða tölvum hann reiknar. Ég held að *frátalinni þeirri lagfæringu sem fjmrh. gerði á frv. eftir að* Alþfl. var búinn að benda honum á augljósar villur og vitleysur þá einkennist hin nýja till. ríkisstj. eða fjmrh. af enn frekari skattahækkunum. Heildarálögur ríkis og sveitarfélaga á hjón með þrjú börn og fleiri hækka um 560 millj. kr. eða um 5% í samanburði við áður gildandi lög og 11.6% útsvar. Tekjuskattsálögur á hjón með *minni* tekjur en 6 millj. kr. hækka nú um 442 millj. kr. frá þeim till. sem samþykktar voru við 2. umr. í Ed. Hjá hjónum með tvö börn, sem vinna fyrir 2.5 millj. hvort, hækkar tekjuskattur um 74 þús. kr. frá þeim lögum sem áður voru í gildi. Þetta eru tölulegar staðreyndir sem ekki verða hraktar. (**Gripið fram í:** En verður þetta eitthvað áfram?) Það hefur komið skýrt fram, að Alþfl. telur *þessa skattahækkun bæði ranga og skaðlega. Ég held að* það sé ástæðulaust að fara að endurtaka mikið af þeim umr. sem hér hafa átt sér stað, en engu að síður er þetta býsna köld kveðja til verkalýðshreyfingarinnar sem mótmælt hefur skattaálögum núv. ríkisstj. mjög harðlega. Þetta er köld kveðja tveimur sólarhringum fyrir 1. maí. Og ef svo skyldi nú fara, að þetta yrði að lögum aðfara*nótt 1. maí, þá held ég að þessi ríkisstj. hafi bætt einni* silkihúfunni ofan á hinar sem hún hefur verið að setja á höfuð sér að undanförnu.

Ég veit að þegar menn hafa rætt þessi tekjuskattsmál hér á þingi nú að undanförnu hefur þeim orðið stöðugt ljósara að það verður að fara að gera breytingar og það verður að fara að stokka upp skattakerfið í heild. Þessir **eilífu beinu skattar, þessar eilífu skattahækkanir, sem** stöðugt og ævinlega bitna harðast á láglaunafólkinu í landinu, ná engri átt. Tekjuskatturinn var upphaflega ætlaður sem tekjujöfnunaraðferð, en hefur fyrir löngu misst gildi sitt sem slíkur. Beinir skattar af þessu tagi eru úr sögunni sem tekjujöfnunaraðferð.

Það hefur komið æ skýrar í ljós á undanförnum árum, að skattkerfi það, sem Íslendingar búa við, er svo ranglátt að ekki verður unað við það miklu lengur. Á grundvelli núgildandi skattalaga þrífst tvímælalaust mesta þjóðfélagsmisrétti sem nú er um að ræða á Íslandi. Þetta hefur verið sagt hér á hv. Alþ. ár eftir ár, en umbæturnar eru engar. Þær breytingar hafa einar orðið að skattar eru hækkaðir, þeir eru stöðugt hækkaðir. Og ég held að það verði á engan logið þótt sagt sé að núv. ríkisstj. sé einhver sú harðasta skattastjórn sem hér hefur verið við völd. Þetta kerfi, sem við búum við, og misréttið, sem því fylgir, er í því fólgið að meginþungi byrða hinna beinu skatta hvílir á herðum launamanna, en hins vegar greiða þeir sem einhvern atvinnurekstur stunda, hvort sem um er að ræða félög eða einstaklinga, sáralítinn skatt af tekjum sínum. Og þetta hefur sáralítið breyst á undanförnum árum þrátt fyrir öll stóru orðin og loforðin. Ég held að það sé að verða eitt að brýnustu hagsmunamálum launþega í landinu að þessu skattakerfi, sem við erum nú að ræða einn þáttinn af, verði breytt.

Þess ber að geta, að á undanförnum árum hafa tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti ekki numið nema um 10% af tekjum ríkisins, og það sýnir ljóslega, að þessi skattur er orðinn tiltölulega áhrifalítill og þjónar í sjálfu sér engum tilgangi. Þessa skatta má taka með öðrum aðferðum. Þá er þess að geta, að innheimta þessa tíunda hluta ríkisteknanna er svo kostnaðarsöm að engu tali tekur. Það er augljóst, að álagning beinna skatta almennt er að mörgu leyti mjög ranglát og þá ekki bara tekjuskattanna. Hún er dýr í framkvæmd, álagningarkerfið er orðið óeðlilega flókið og veitir skilyrði til margháttaðra undanbragða undan réttlátri skattgreiðslu, bæði löglegra og ólöglegra. Þar getur launamaðurinn engu stungið undan, það eru aðrir sem það gera í þjóðfélagskerfinu. Launamaðurinn er óvarinn í alla staði fyrir skattaárásum ríkisvalds á hverjum tíma. Þar eru það aðrir, sem geta skotið sér undan því að greiða réttláta skatta.

Þá er rétt að geta þess, að gallar mjög víðtæks og

flókins tekjuskattskerfis með mjög háum skattstigum, eins og hér um ræðir, eru ekki einungis orðnir vandamál á Íslandi, heldur einnig í nálægum löndum þar sem um er að ræða víðtæka og vaxandi gagnrýni á slíka skattheimtu. Þegar vitað er að um eða yfir helmingur viðbótartekna venjulegs launþega fer til greiðslu skatta af tekjum getur ekki farið hjá því að það hafi lamandi áhrif á framtakssemi og vinnuvilja, að ekki sé talað um þýðingu þess við hvers konar kjarasamninga. Og þegar ég tala um kjarasamninga, þá er ekki úr vegi að beina huganum að þeirri meginkröfu verkalýðshreyfingarinnar, að kjarabætur að þessu sinni yrðu best fengnar með skattalækkunum. En ríkisstj. fer þveröfuga leið. Hún bara hækkar skattana.

Þegar stighækkandi tekjuskattur var upphaflega lögfestur hér og annars staðar var hann eitt helsta tækið sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur. Síðan hafa fjölmargir aðrir möguleikar komið til skjalanna til að ná tekjujöfnunarmarkmiðinu, fyrst og fremst almannatryggingakerfið, en einnig ókeypis eða ódýr þjónusta af hálfu hins opinbera á fjölmörgum sviðum, einkum á sviði heilbrigðismála og skólamála, enn fremur margs konar niðurgreiðsla á neysluvörum almennings og nú á síðari árum tyrgging lágmarkstekna og neikvæður tekjuskattur. Það er óhætt að fullyrða að álagning stighækkandi tekjuskatts hafi minni áhrif til tekjujöfnunar hér á landi en almannatryggingakerfið, ókeypis menntunarskilyrði og niðurgreiðslur. Hins vegar er tekjuskattskerfið, eins og það er nú orðið, lamandi afl í þjóðfélaginu.

Ég er af framansögðu þeirrar skoðunar, að ekkert verkefni geti orðið nokkurri ríkisstj. eins mikils virði og það að taka skattamálin föstum tökum og að skera upp það kerfi sem við búum við í dag. Þetta er ekki eingöngu stórmál fyrir ríkisstj. Þetta er stórmál fyrir þá hreyfingu launþega sem hún segist í orði styðja, en svíkur á borði. Ég er hræddur um að hátíðahöldin 1. maí n. k. muni einkennast talsvert af því, að verkalýðshreyfingin fordæmi ríkisstj. fyrir skattaæðið. Og ef hæstv. ráðh. halda að þær skattaálögur, sem nú er verið að dengja yfir þjóðina, muni gleymast á næstu vikum og mánuðum, þá er það mikill misskilningur. Og enn þá hörmulegra er þetta skattaæði þegar þess er gætt, að nú eru fram undan einhverjir viðkvæmustu og erfiðustu kjarasamningar í sögu þjóðarinnar. Þegar hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir, að ekki sé grundvöllur til grunnkaupshækkana, þegar verkalýðshreyfingin hefur lýst því yfir, að skattalækkanir gætu orðið einhver besta kjarabótin sem hún gæti fengið, og þegar ríkisstj. hefur gengið þvert á þær óskir hennar með stöðugt auknum skattahækkunum, þá verð ég að segja það eins og er, að ég vildi ekki skipta um sæti við þá herramenn sem nú fara með stjórn í þessu landi.

Ég vil ekki, herra forseti, ljúka máli mínu án þess að víkja að atriði sem hv. þm. Karvel Pálmason kom örlítið að í ræðu sinni áðan. Það eru þau orð sem hæstv. ráðh. núv. ríkisstj. hafa látið falla um Alþfl., þ. e. starfsstjórn Alþfl. og fimm mánaða stjórnartímabil hennar. Það var á þeim að heyra í útvarpsumr. í gærkvöld, að ákvarðanataka þessarar starfsstjórnar hefði valdið því, að núv. hæstv. ríkisstj. þurfi að auka svo skattaálögur á þjóðina að skattseðlarnir, sem að öllum líkindum berast almenningi í sumar, muni verða eins konar löðrungur framan í megnið af launþegum þessa lands. Það er sem sagt Alþfl. að kenna og minnihlutastjórn hans eða starfsstjórn, hverju nafni sem menn vilja nefna þá stjórn, að nú er komið sem komið er.

Hv. þm. Karvel Pálmason minnti á tölur, sem við höfum hér undir höndum og báðum Þjóðhagsstofnun að reikna út fyrir okkur. Í stuttu máli snúast þessar tölur og þessir útreikningar um ýmsar efnahagsstærðir það fimm mánaða tímabil sem Alþfl. var við völd og til samanburðar efnahagsstærðir á fimm mánaða tímabili, síðustu fimm mánuði stjórnar Ólafs Jóhannessonar. Ég held að það sé bráðnauðsynlegt að þessar tölur komi hér fram til þess að reka ofan í kok á hæstv. ráðh. fullyrðingar um það, að starfsstjórn Alþfl. sé sökudólgurinn í skattaæði núv. ríkisstj.

Í þessum tölum kemur það fram, að frá októberbyrjun 1979 til febrúarloka þessa árs, 1980, þegar starfsstjórnin lét af völdum, hækkaði framfærsluvísitala um 16—17%, sem hefði orðið á ársgrundvelli eða á 12 mánaða tímabili 45% hækkun. Ef við berum þessar tölur saman við þær efnahagsstærðir sem blöstu við síðustu fimm mánuðina á stjórnartímabili Ólafs Jóhannessonar, þá kemur í ljós að frá maíbyrjun til septemberloka, þegar sú stjórn fór frá, hækkaði framfærsluvísitala um 27% á móti 16—17 á fimm mánaða tímabili stjórnar Alþfl., eða um 80% á ársgrundvelli. Og ef þessi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hefði starfað áfram, eins og hún stefndi að, þá hefði vísitöluhækkunin orðið 80—90%. Svo undrast menn það, að Alþfl. skyldi standa upp og ganga úr þessari ríkisstj., ganga úr þessari furðulegu flatsæng þar sem menn kúrðu sig hver undir sínum kodda og þorðu ekki að horfast í augu við þann vanda sem við blasi í dagsbirtunni.

En það eru fleiri tölur sem hægt er að nefna úr þessum útreikningum Þjóðhagsstofnunar, og ég held að menn geri það ekki að gamni sínu að rengja slíkar tölur. Það eru tölur um hækkun meðalgengis erlendra mynta á fimm mánaða tímabili starfsstjórnar Alþfl. Frá októberbyrjun 1979 til febrúarloka þessa árs hækkaði meðalgengi erlendra mynta um 5.7% eða um 18% að meðaltali, ef teknir eru 12 mánuðir. Þetta jafngildir 15% gengislækkun. Ef tekið er fimm mánaða tímabil stjórnar Ólafs Jóhannessonar, frá júní til október 1979, þá hækkaði meðalgengi erlendra mynta um 14.7% eða hér um bil þrefalda þá tölu, sem það hækkaði á fimm mánaða stjórnartímabili stjórnar Alþfl. Það gerir hvorki meira né minna á 12 mánaða tímabili en 50% eða 33% gengislækkun íslensku krónunnar. Þetta eru þær tölulegu staðreyndir sem hafa verður í huga þegar núv. stjórnarliðar gagnrýna starfsstjórn Alþfl. og telja að hún eigi sök á því skattaæði sem nú ríður yfir þjóðina.

Það er líka vert að geta þess, að það urðu mjög umtalsverðar breytingar á greiðsluafkomu ríkissjóðs á fimm mánaða tímabili starfsstjórnar Alþfl. Á tímabilinu okt. 1979 til febr. á þessu ári var greiðsluafkoma ríkissjóðs jákvæð um tæpa 8 milljarða kr. eða 7 milljarða 941 millj. Fimm mánuðina áður en ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar fór frá og ríkisstj. Alþfl. tók við snerust þessar tölur gersamlega við, því að þá varð greiðsluafkoman mínus 7 milljarðar 186 millj. kr. Þannig var staðan sú.

Ég held að þessar tölur nægi fullkomlega til þess að hrekja þær fullyrðingar, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur haft í frammi, að allur hennar vandi stafi af ákvarðanatöku eða getuleysi starfsstjórnar Alþfl. Skattaæði núv. ríkisstj. stafar af hennar eigin getuleysi til að fást við þann vanda sem við er að glíma. Það skal enginn neita því

og það mun ég aldrei gera, að erfiðleikar hér innanlands eru miklir um þessar mundir. En af hverju skyldu þeir stafa í megindráttum? Það ættu þeir menn að hugleiða sem lengst hafa haldið um stjórnvöl hér á Íslandi og lengst hafa forðast að takast á við verðbólguvandann. Og hvað blasir við okkur í dag? Það blasir við okkur, að þær skattahækkanir, sem nú er verið að leggja á þjóðina, muni draga stórkostlega úr rekstrarmöguleikum fyrirtækja í landinu. Atvinnureksturinn á við mjög alvarlegar erfiðleika að stríða, og þegar skattseðlarnir koma um mitt sumar er ég hræddur um að rekstur heimila í þessu landi geti orðið býsna erfiður. Drög að þeim skattseðlum verða lögð nokkrum klukkustundum áður en dagur verkalýðsins gengur í garð, 1. maí. Það skyldi þó ekki fara svo, að þessi ríkisstj. skrifaði þá sögu á spjöldin, sem geymd eru, að hún hafi verið einhver mesta harðræðisstjórn láglaunafólks í þessu landi sem um getur.

Friðrik Sophusson [frh.]: Herra forseti. Ég var búinn í fyrri hluta ræðu minnar að skýra frá lagatæknilegum atriðum varðandi tekjuskatta og hvernig þeir birtast í fjárlögum, en var þar kominn sem ég ætlaði að gera grein fyrir hugmyndum og till. sem komu fram í hv. Ed. og varða námsmenn og ég hafði, eins og ég sagði í fyrri hluta ræðu minnar, aðeins tæpt á við hæstv. ráðh. þannig að honum gæfist tækifæri til þess að svara þeim spurningum, sem mig langaði til að beina til hans og fá hjá honum sjónarmið hans varðandi þau mál.

Þegar eldri skattalög giltu voru í þeim ákvæði um námskostnað, sem ég vil leyfa mér að lesa ef hæstv. forseti gefur sitt leyfi, og hljóða þannig:

„Námskostnað, sem stofnað er til eftir 20 ára aldur, má, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu fimm ár eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum."

Reglugerðin, sem þarna er minnst á, er reglugerð nr. 245 frá 31. des. 1963 með síðari breytingum, og er þetta þó einkum b-liður 35. gr. þeirrar reglugerðar, sem ég ætla ekki að lesa. Það er óþarfi, en þar er því nánar lýst hvernig þetta skuli framkvæmt.

Þegar tekjuskattslögin voru til umr. fyrr á þessu þingi, nánar tiltekið 18. febr. s. l., flutti ég svo hljóðandi till. um þetta efni, með leyfi forseta:

„Námskostnað, sem stofnað er til eftir 20 ára aldur, má, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu fimm ár eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum. Námskostnaður, sem viðurkenndur er til frádráttar samkv. ákvæði þessu, skal umreiknast samkv. ákvæðum 26. gr. laga þessara."

Þessi brtt. var flutt á þskj. 173, en í umr. kom það fram, að hæstv. fjmrh. óskaði sérstaklega eftir því að þær brtt. við ýmis efnisatriði, sem ekki lá mjög á að fara með í gegnum þingið, yrðu látnar bíða, þannig að honum og hans mönnum í rn. gæfist kostur á því að kynna sér málið betur, og mundi þá, þegar málið kæmi aftur til Alþ., verða tekið tillit til þeirra viðhorfa sem kæmu fram í brtt., a. m. k. þeirra sem hæstv. ráðh. taldi ástæðu til að gera.

Nú leið tíminn og til Alþ. kom málið aftur, þá til hv. Ed. Og í ljós kom að ekkert hafði verið gert í þessum efnum, eða afar lítið a. m. k., enda þótt stúdentar hefðu þráfaldlega lýst yfir stuðningi við mál þetta.

Í hv. Ed. gerðist það, að 2. minni hl. fjh.- og viðskn. lagði fram brtt. á þskj. 349, sem ég þarf ekki að lesa og hefur verið dreift og reyndar er búið að fella í hv. Ed., þar sem fjallað er um námsfrádrátt og síðan að vaxtagjöld og verðbætur á námslánum geti einnig reiknast til frádráttar. Þetta eru hvort tveggja mál sem námsmenn hafa lagt mikla áherslu á, og ég get í því sambandi vísað til bréfs frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, sem er dags. 29. jan. 1980. Enn fremur hefur Vaka nýlega sent frá sér bréf um þetta sama efni.

Ég tel að þessar till. hafi komið fram nokkuð seint í hv. Ed. og þess vegna hafi hv. fjh.- og viðskn. Ed ekki gefist nægur kostur á því að skoða þetta réttlætismál, sem ég vil kalla svo. Ég vil þess vegna beina þeim tilmælum mínum til hæstv. ráðh., ef hann er á þeirri skoðun að gera eigi þessa bragarbót á lögunum, að hann beiti sér fyrir því ásamt hv. formanni fjh.- og viðskn., að þetta mál verði skoðað af fyllstu sanngirni í hv. n. á milli umr.

Í þessu sambandi kemst ég ekki hjá að minnast á annað mál sem nú hefur verið á hreyfingu um nokkurt skeið, en það er mál sem varðar Lánasjóð ísl. námsmanna. Nýlega var sett á laggirnar nefnd sem hæstv. menntmrh. skipaði. Nefndin er skipuð átta mönnum og á að gera till. til breytinga á úthlutunarreglum og endurgreiðslureglum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég tel ástæðu til þess að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því hér við 1. umr., hvernig á því stóð að ekki var tekið meira tillit til sjónarmiða námsmannanna og hvernig hann sem fyrrv. hæstv. menntmrh. og núv. hæstv. fjmrh. hefur þá hugsað sér að koma eigi til móts við sjónarmið námsmannanna. Það er ljóst, að það verður munur á núverandi lögum og fyrri lögum, ef þær lagabreytingar, sem stjórnin hefur flutt, verða að lögum án þess að brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. verði samþykktar.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að þessar nýju till. ganga engan veginn eins langt og sú till. sem ég flutti fyrr á þessu þingi. Þar var gert ráð fyrir að tillit væri tekið til alls námskostnaðarins, en nú er aðeins um það að ræða að ónýttur námsfrádráttur komi til skila. Má í því sambandi orða þetta á þann veg, að þarna sé um að ræða fríðindi, sem námsmönnum eru ætluð, og þess vegna sé eðlilegt, þegar þeir verða að lifa á framfærslulánum, að þeir geti notið þessara fríðinda þegar fram í sækir og þeir verða með vinnu sinni bæði að sjá sjálfum sér og fjölskyldu sinni farborða og standa í skilum við Lánasjóð ísl. námsmanna. Frá mínum bæjardyrum séð er augljóst að ekki er hægt að tala um Lánasjóð ísl. námsmanna sem lánasjóð nema endurgreiðslureglur sjóðsins séu þannig úr garði gerðar að gert sé ráð fyrir að mikill hluti skili sér aftur til sjóðsins og hann geti þannig lifað á eigin fjármagni. Hitt er svo annað mál, að það er jafnsjálfsagt að sá hópur, sem flýtir sér í námi og verður þess vegna að taka lán meðan á námi stendur, fái notið fríðinda, bæði námsfrádráttarins, sem hann á þegar hann er í skóla, og eins þess að fá að draga frá vexti af þessum lánum þegar skóla lýkur og til endurgreiðslu kemur. Þetta er stórfellt réttlætismál sem ég veit að hæstv. ráðh. hefur skoðun á, og ég vil beina til hans að hann geri hv. d. grein fyrir hér á eftir.

Í því hléi, sem varð á ræðu minni vegna fjarveru hæstv. ráðh., voru fluttar nokkrar ágætar ræður. Ég vil sérstaklega minnast á ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., Boga Sigurbjörnssonar, og taka undir þau sjónarmið mörg hver sem komu fram hjá honum, sérstaklega þau, hve fáránlegur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði er og eins nýbyggingagjaldið. Þar talaði maður sem við þessi störf

vinnur á hverjum degi og veit þess vegna gerst um afleiðingar þessarar skattheimtu. Ég vil aðeins leyfa mér að láta þá von í ljós, að flokksmenn hans taki mark á reynslu þess manns sem hefur fengist við þessi störf um mörg undanfarin ár. Það er ljóst, að þessir skattar voru settir á sínum tíma einfaldlega vegna þess að með þeim átti að ná til svokallaðs verðbólgugróða. Hugmyndin var að reyna að koma í veg fyrir fjárfestingu vegna þess að ýmsir aðilar hefðu þá aðgang að ódýru fjármagni og gætu þannig skapað sér gróða með því að byggja húsnæði langt umfram brýna nauðsyn. Nú hefur skattalögum verið breytt í þá veru, að ekki er hægt með sama hætti og áður að njóta slíkra fríðinda fyrir fyrirtæki. Samt sem áður er ætlunin að viðhalda áðurgreindum sköttum, þótt þeir hafi reyndar aðeins verið settir á til bráðabirgða.

Að lokum vil ég fjalla hér um annan þátt úr ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., þar sem hann tók undir sjónarmið *flokksbróður síns*, hæstv. ráðh. Tómasar Árnasonar, og reyndar margra annarra úr stjórnarliðinu, liði þeirrar hæstv. ríkisstj. sem fer nú fram með einhverja mestu skattpíningarstefnu sem um hefur frést í Íslandssögunni. Hann sagði, eins og þeir hafa margoft verið að reyna að telja okkur trú um, að skattar hér á landi væru tiltölulega litlir miðað við skatta annars staðar á Norðurlödnum. *Menn verða að átta sig á því, þegar svona er sagt, að laun* hér á landi eru líka allt önnur en laun annars staðar á Norðurlöndum. Það, sem skiptir máli, er því hvað eftir er í vasa skattgreiðendanna þegar búið er að taka af þeim skattana.

Í þessu sambandi langar mig til þess að fletta upp í ágætu riti sem allir þm. fá og heitir Nordisk kontakt. Í *hefti nr.* 4 frá 1980, á bls. 253, er listi frá Danmörku yfir brúttótekjur hinna mismunandi starfshópa í Danmörku. Þar eru efst taldir sjálfstæðir lögfræðingar og síðan er haldið niður eftir þessum lista. Mér datt í hug að bera launin á þessum lista saman við laun t. d. alþm. hér á landi, sem er stétt manna sem talin er vera vel launuð. Og ég fann aðila í Danmörku sm hafa svipuð laun og íslenskir alþm. og ég skal reyna að stauta mig fram úr því á minni prentsmiðjudönsku hvað þessar stéttir heita. Þær heita rengöringsassistent, smørrebrødsjomfru, kantinemedhjælper o. s. frv. (Gripið fram í.) Ég læt fyrrv. hæstv. menntmrh. um að þýða þetta, en ég heyri að honum *dettur greinilega allt annað í hug en öllum öðrum í þingsalnum*. Það, sem ég vildi benda á með þessum samanburði, er einfaldlega það, að hér á landi eru laun miklu lægri en í nágrannalöndunum. Og þess vegna segir það náttúrlega ekkert þegar verið er að bera saman skattahlutföll af þessum launum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Blaðafregnir í tveimur málgögnum, sem bæði hafa þótt vera höll undir núv. hæstv. ríkisstj., þ. e. Þjóðviljinn og Dagblaðið, tvær forsíðufregnir, sem birtust sama dag, miðvikudaginn 23. apríl þessa árs, vekja athygli og eru verðar samanburðar. Í fjögurra dálka forsíðufyrisögn í Þjóðviljanum er það haft eftir hæstv. fjmrh. Ragnari Arnalds, að skattalækkun verði 5500 millj. kr., hvorki meira né minna. En sama dag, einnig miðvikudaginn 23. apríl þessa árs, segir hæstv. forsrh. í viðtali við Dagblaðið: „Ekki möguleiki á skattalækkunum nú.“ Það er aldeilis auðsætt af þessu, að annar hvor þessara háu herra fer með rangt mál, því að ekki geta þeir fræðilega eða á annan hátt haft báðir rétt fyrir sér. (**Fjmrh.:** Jú, jú, það er einmitt það sem er.) Það er gersamlega útilokað að svo sé, og ég er sannfærður um það, að að þessu sinni er það núv. hæstv. forsrh. sem fer með rétt mál, svo spánskt sem það kann að koma einhverjum fyrir sjónir. Það er augljóst, að rætur þeirrar skattastefnu, sem hér á að fara að berja í gegnum hið háa Alþingi, liggja auðvitað í stjórnarstefnunni sjálfri. Rætur þessarar háskattastefnu, sem nú er verið að koma á, ekki aðeins í gegnum tekjuskatt, sem auðvitað er orðið bæði rangt og ósanngjarnt kerfi, eins og hér hefur verið rakið af fyrri talsmönnum Alþfl., heldur er það einnig svo, að *þetta kemur skömmu eftir að Alþ.* er búið að heimila, eftir miklar deilur þó, stórkostlega hækkun á útsvörum. Og þegar þetta tvennt er lagt saman, þá er auðvitað von að fyrsta spurningin sé þessi: Getur sú stjórnarstefna verið rétt, sem þarf efnahagslegar aðfarir eins og þær sem hafa verið samþykktar af meiri hl. þessarar stofnunar og hér er verið að leggja til nú?

Það er auðvitað tvennt sem veldur, bæði fyrst og síðast: Landbúnaðarstefnan, sem er orðin svo fokdýr að skattgreiðendur í þéttbýli þurfa stöðugt að greiða í gegnum skattakerfið meira og meira til þessarar röngu stefnu. Þetta er auðvitað ástæða nr. 1. Og ástæða nr. 2 er sú, að við þetta háa verðbólgustig — þegar einnig er ljóst að núv. ríkisstj. og fyrri ríkisstj. raunar einnig hafa ekki haft þrek, þor eða kjark til þess að fylgja eftir raunhæfri ávöxtunarstefnu fjármagns — glatast miklir fjármunir og þessa fjármuni er skattgreiðendum síðan gert að greiða, bæta ríkissjóði og stofnunum ríkisins í gegnum þetta hripleka skattakerfi.

Við erum nú að súpa seyðið af þessari röngu stefnu undanfarandi ára og röngu stefnu, sem er óeðlilega ýkt með tilkomu núv. hæstv. ríkisstj. Þó er það svo, að einhverjir stjórnarsinnar eru farnir að átta sig á því, hversu illa þessi pottur er brotinn. Á baksíðu Morgunblaðsins á sunnudaginn var birtist eitthvert forkostulegasta viðtal sem lengi hefur birst við íslenskan stjórnmálamann. Hér er *náttúrlega átt við hæstv. sjútvrh. Steingrím* Hermannsson. Steingrímur er þar að fjalla um vaxtamál, sem auðvitað eru nátengd því máli sem hér er til umr. Það er aldrei of oft undirstrikað, hvesu vaxtastefna, ávöxtunarstefna fjár í landinu, er skyld þeirri skattapólitík sem hver ríkisstj. telur sig verða að framfylgja. Hæstv. ráðh. segir að sér sé nú orðið ljóst — og betur að fyrr hefði verið — að eftir að ríkisstj. heyktist á því að framfylgja landslögum 1. mars s. l. og bæta sparifjáreigendum upp hina auknu verðbólgu, þá hafi orðið stórkostlegt fjárstreymi út úr bönkunum. Því miður er hættan sú, að þessir peningar fari að stórum hluta í fjárfestingu sem engum arði skilar. Með þessum *hætti er skipulega verið* að draga niður lífskjörin í landinu og það svo, að nú munu vera á annað þúsund manns, sem bíða eftir því að flytjast til útlanda. Það hygg ég vera alvarlegustu tíðindi íslenskra efnahagsmála um langt skeið, og er þó langt til jafnað. En þessi frábæri hæstv. ráðh., Steingrímur Hermannsson, er steinhissa á því, eftir að hann er búinn að *barma sér yfir því sem hann virðist bæði skilja og skilja* ekki, að fjárstreymi út úr bönkunum sé gríðarlegt vegna þess að ríkisstj. hefur ekki staðið við það sem þó stendur skýrum stöfum í lögum nr. 13 frá 1979 að gera skuli, hefur ekki staðið við það að framfylgja ákvæðum í vaxtamálum, — þá er hæstv. ráðh. steinhissa á því, að það skuli hafa orðið fjárútstreymi úr bönkunum. Og niðurstaðan af þessu kostulega viðtali er frábær. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Kvaðst Steingrímur hafa lagt fram tillögu í ríkisstj. um að aðilar hennar settu saman nefnd" heyri menn — „nefnd til þess að gera tillögur til betri samræmingar opinberra aðgerða í efnahagsmálum."

Við, sem áttum að heita stuðningsmenn ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar 1978—1979, þekkjum svona nefndir og má furðulegt heita að þetta skuli vera að koma upp nú, þegar þetta heildardæmi er að renna upp fyrir stuðningsmönnum núv. hæstv. ríkisstj. Þar má einkum taka til þrennt, landbúnaðarstefnu, vaxtastefnu og skattastefnu. Þetta dæmi þeirra gengur einfaldlega ekki upp. Það fara fram stórkostlegir fjármunaflutningar meira og minna í arðlausa fjárfestingu, og þeir, sem að lokum borga brúsann, eru skattgreiðendur í landinu með þeim hróplega háu sköttum sem núv. hæstv. ríkisstj. er núna að reyna að berja í gegnum hið háa Alþingi.

Eins og fyrri félagar mínir í Alþfl., sem hér hafa talað, vil ég einnig mótmæla þeim ásökunum, sem einkum heyrast í tali hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., nánast hvenær sem við þá eru tekin viðtöl, að það sukkástand, sem hér ríkir nú og hefur ríkt um langt skeið, sé að kenna þeirri minnihlutastjórn Alþfl. sem hér sat í fimm mánuði. Þetta eru rakin ósannindi, enda hafa þau verið hrakin.

Í skýrslu frá Þjóðhagsstofnun, dags. 23. apríl þessa árs, sem ber yfirskriftina: „Nokkrar hagtölur á tímabili starfsstjórnar Alþfl. okt. 1979 til febr. 1980" — eru birtar tölur um hækkun framfærsluvísitölu, og í ljós kemur að hún hækkaði á þessu fimm mánaða tímabili um 45%. En taki menn eftir því, að á næstu fimm mánuðum á undan, þ. e. þeim fimm mánuðum sem endanlega urðu til þess að við jafnaðarmenn töldum ekki annað fært en sprengja þáv. ríkisstj., þá er verðbólgustigið hér 80% á þessum fimm mánuðum, sem er auðvitað slíkt verðbólgustig að engin ríkisstj. hefur siðferðilegt leyfi til að sitja við slíkar aðstæður. Engu að síður er það einnig rangt, að það hafi verið blekkt með þeim hætti að sitja á augljósum verðhækkunartilefnum. Allt slíkt var afgreitt. En það var ekki afgreitt með þeim hætti að veita öllum það sem um var beðið, heldur var sérhvert verðhækkunartilefni skoðað og reynt að fylgja þeirri almennu reglu að fara ekki yfir 9% ársfjórðungslega. Þar var beitt því hagstjórnartæki sem síðar hefur verið kallað niðurtalning. Hún skilaði árangri meðan þó samhent ríkisstj. sat í landinu. Þessar tölur segja alla þá sögu sem margoft hefur verið vísað í, og þessar tölur sanna að það er rakalaus þvættingur hjá hæstv. forsrh. og hjá hæstv. fjmrh., sem opna ekki svo á sér munnana um óskyldustu mál að þeir fari ekki að kenna starfsstjórn Alþfl. um það hvernig komið var. Þessar tölur segja mikla sögu og þær segja einnig þá sögu, að þegar núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð, þá var — eins og komist hefur verið að orði — ekki stigið á neina hemla, heldur stigið á bensínið og gefið í botn, forhertasta afturhaldið í landinu látið um stjórn landbúnaðarmála og engu þorað að hnika til í vaxtamálum. Til samanburðar vil ég geta þess, að tveimur dögum fyrir kosningar framfylgdi ríkisstj. Alþfl. landslögum og hækkaði vexti eins og landslög skýrt og ótvírætt kveða á um. Og það skal viðurkennt, að meira að segja mörgum frambjóðanda flokksins þótti nóg um hörkuna. En þetta eru landslög og þeim á að framfylgja, enda var það gert. Næsta tímabil var komin svokölluð meirihlutastjórn í landinu. Og svo birtist árangurinn: Þetta forkostulega viðtal við hæstv. sjútvrh. Steingrím Hermannsson í Morgunblaðinu á sunnudag, sem hv. þm. Friðrik Sophusson gerir raunar ágætlega að umfjöllunarefni í grein í Morgunblaðinu í dag.

Þetta eru ósannindi sem þessir tveir hæstv. ráðh. hafa borið á borð fyrir þjóðina nær statt og stöðugt frá því að núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð, eins og hér hefur verið rakið. Á hinn bóginn er það nákvæmlega eðli málsins samkvæmt og í rökréttu samhengi við fyrri hegðan og fyrri till. Alþfl., það nál. sem svokallaður 3. minni hl. fjh.- og viðskn. í Ed. hefur skilað og inniheldur stefnu Alþfl. í þessum efnum.

Alþfl. hefur sýnt ábyrga stjórnarandstöðu. Það er ekki eðli okkar að taka þátt í því að espa til verkfalla eða ábyrgðarlausrar kröfugerðar, ef verðmæti eru ekki til. Þann veg vinnur Alþfl. ekki, enda á ekki að vinna með þeim hætti. Hins vegar höfum við tekið mjög rækilega stöðu með Verkamannasambandi Íslands. Og menn skyldu taka eftir því, hversu ábyrgar þær till. eru í raun og veru sem Verkamannasamband Íslands hefur nýverið kynnt. Þeir segja — og tala þar af biturri reynslu — að áherslan eigi ekki fyrst og fremst að vera á peningalaunahækkanir, heldur eigi að stilla slíku í hóf, en bæta kjör þess fólks sem eilíflega og ævinlega hefur orðið undir í kröfugerðarkapphlaupi undanfarinna ára, þess fólks sem raunverulega er fónarlömb þess ægilega verðbólguástands sem hér hefur ríkt. Engu að síður er það þetta fólk sem gengur á undan. Það er þetta fólk sem leggur á það áherslu, að peningalaunahækkanir út af fyrir sig séu ekki skynsamleg kjarabarátta, skynsamlegri kjarabarátta sé að leggja minni áherslu á peningalaunahækkanirnar, en meiri áherslu á félagsmálin og á skattapólitíkina. Og það er af hinu góða, að Alþfl. og Verkamannasambandið skuli eiga efnislega fullkomna samleið í þessum efnum. Það þýðir það, að við eigum ekki samleið með öðrum kröfugerðarhópum innan alþýðusamtakanna nú um sinn. Það er ekki hægt að vera bæði með og á móti þeirri aðferð að beita stjórnlausum peningalaunahækkunum. Þarna verða menn að velja og hafna og það höfum við gert. En þegar stórt og áhrifamikið samband eins og Verkamannsamband Íslands gefur upp boltann með þessum hætti, leggur áherslu annars vegar á ábyrga launapólitík, en hins vegar á þau tæki sem ríkisvaldið ræður yfir, sem eru skattatækin fyrst og fremst, þá skyldi maður ætla að velviljað ríkisvald tæki þessar kröfur til gagngerðrar athugunar. Maður skyldi ætla að skynsamleg ríkisstj. sæi, að það er mikið bæði félagslegt og efnahagslegt vit í þessari framsetningu Verkamannasambands Íslands. En ekkert af þessu gerir þessi ráðvillta hæstv. ríkisstj. Þvert á móti er anað út í skattafenið og með þeim hætti er sleginn löðrungur og þungt högg framan í andlitið á láglaunafólkinu í þessu landi. Þarna er svo óskynsamlega staðið að málum sem mest má verða. Ríkisstj., sem svona hagar sér, getur ekki, eftir hinar hóflega framsettu kröfur og þá vísa ég fyrst og fremst til Verkamannsambands Íslands, — slík ríkisstj. getur ekki vænst þess að fá frið á vinnumarkaði vegna þess hvernig hún sjálf hefur espað og efnt til óvinafagnaðar í þessu landi.

Þetta frv., sem hér á að keyra í gegnum hið háa Alþingi á miklum hraða, að mér skilst, vinnur gegn hagsmunum láglaunafólks í þessu landi. Það er hin átakanlega og sorglega staðreynd. En fyrir hverja berst þessi ríkisstj.? Hverra ríkisstj. er þetta eiginlega? Það er alveg ljóst, að þetta er ekki ríkisstj. launþegasamtakanna í landinu. Mín niðurstaða er sú, að þessi ríkisstj. sé ríkisstj. fyrir-

greiðslubáknsins. Hún er ríkisstj. fámenns hóps framleiðenda, hún er ríkisstj. niðurgreiddra lána, hún er ríkisstj. SÍS. Fyrr eða seinna hlýtur slík ríkisstj. að lenda í andstöðu við hin heilbrigðu samtök launafólks, og ég spái því að svo fari fyrr en seinna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 350). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla. Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum, aðeins tvær greinar, en hins vegar má segja að efni frv. sé nokkuð viðamikið í raun og veru.

Eins og kunnugt er fjallar 88. gr. grunnskólalaganna um gildistöku laganna og hvernig framkvæma skuli þau. Í 88. gr. segir, að lögin öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntmrn., þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku, en stefnt skuli að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu sex árum eftir gildistöku laganna.

Í því frv., sem hér er lagt fram, segir að stefnt skuli að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu sjö árum eftir gildistöku laganna. M. ö. o.: það er verið að lengja gildistökuákvæðið hvað varðar skólaskylduna um eitt ár, þannig að ef þetta frv. verður að lögum mun skólaskyldan ekki koma til framkvæmda alls staðar á landinu fyrr en sjö árum eftir gildistölu, en ekki sex árum eins og nú segir í lögunum. Þessi lög voru sett 1974 eða samþ. þá og tóku gildi, þannig að ef ekki kæmi nú til breyting á þessu ákvæði, þá mundi þetta ákvæði af sjálfu sér ganga í gildi og koma til framkvæmda næsta haust. En ýmislegt hefur orðið til þess að mér hefur þótt rétt að flytja þetta frv. og fresta þessari framkvæmd um eitt ár. Ástæðan til þess er sú, að það er augljóst mál að ekki er enn þá viðbúnaður til víða í landinu til þess að láta níu ára skólaskylduna taka gildi í haust. Það hefur ekki tekist að framkvæma þau lög, sem hér um ræðir, svo hratt að það sé eðlilegt eða mögulegt að þetta ákvæði taki gildi í haust. Enn er þess skylt að geta, að það er nokkur ágreiningur uppi meðal manna í landinu um nauðsyn þess að lögfesta níu ára skólaskyldu, og það segir auðvitað sitt í þessu máli. Og síðast en ekki síst vil ég nefna þau rök, sem ekki eru hvað minnst virði, að ég held að það sé skynsamlegt að tengja afgreiðslu þessa máls — að láta skólaskylduna koma að fullu til framkvæmda — því að nýskipan verði samþ. hér á Alþ. á framhaldsskólastiginu.

Það er í raun og veru efni þessa máls að fresta um eitt ár framkvæmd lagaákvæða um skólaskyldu, úr átta árum í níu. Ég hef talið upp hér í stuttu máli nokkur rök fyrir því. Ég vil geta þess m. a., að mjög nýlega var haldinn fundur í fulltrúaráði Sambands grunnskólakennara og það telur eðlilegt að fresta gildistöku ákvæðisins um skólaskyldu. Ég nefni það sem dæmi um ályktanir í þá átt, sem reyndar eru fleiri. Mér þykir líka rétt að nefna hér bréf sem ég hef fengið frá svokallaðri endurskoðunarnefnd grunnskólalaga, en það er nefnd sem menntmrh. skipaði fyrir ári eða svo til þess að vinna að endurskoðun grunnskólalaganna, eins og reyndar er gert ráð fyrir í lögunum sjálfum að gera skuli. Þessi nefnd er enn að störfum, hefur ekki lokið verki sínu, en í bréfi, sem hún ritaði mér í marsmánuði s. l., leggur hún til að þessu sérstaka ákvæði um níu ára skólaskylduna verði frestað til haustsins 1981. Þetta vil ég nefna til stuðnings því að þetta nái fram að ganga.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta nú við þessa umr., herra forseti. Ég vænti þess og legg á það nokkuð mikla áherslu, að sú n., sem fær þetta mál til skoðunar, fjalli um það svo að það sé tryggt, að þetta mál geti gengið fram sem lög á þessu þingi, og ég vona að ekki verði ágreiningur um að svo verði. En till. mín er sú, að þegar þessari umr. er lokið verði málinu vísað til menntmn., og ég vænti þess, að hv. nm. taki þetta mál til skjótrar umr. Og ég endurtek það, að ég tel ákaflega brýnt, eins og sakir standa, að þessi frestun nái fram að ganga. Í því felst þó engan veginn af minni hálfu endilega vísbending um að ég telji að þessu beri að fresta eilíflega. Um það hljóta að verða frekari umr., enda er mér ljóst að á þessu máli eru ýmsar hliðar sem nauðsynlegt er að ræða frekar, en eins og sakir standa tel ég eðlilegast að gildistölu níu ára skólaskyldu verði frestað um ár.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það er ekki efnislega um þetta frv. sem ég ætlaði að tala, heldur vekja athygli á því, að nú háttar svo til í menntmn. þessarar hv. d., að hæstv. menntmrh. var upphaflega kosinn formaður þeirrar n., en sagði sig úr henni þegar hann tók við ráðherradómi. Formaður var kosinn Ingólfur Guðnason, hv. 5. þm. Norðurl. v. (**GHelg:** Fyrirgefðu, Birgir, hann var ekki kosinn formaður. Hann tók sæti Ingvars. En nefndin kýs sér sjálf formann.) Síðan var kosinn varaformaður, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem jafnframt hefur sagt sig úr n., þannig að þessi n. er bæði formanns- og varaformannslaus og hefur ekki verið kvödd saman um langan tíma þó að fyrir henni lægju mál. Ég vildi vekja athygli á þessu nú þar sem verið er að vísa máli til þessarar n. sem ætlast er til að sé afgreitt á þessu þingi. Úr þessu þarf að bæta á einhvern hátt og einhver þarf að taka að sér frumkvæðið að því að kalla þessa n. saman.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þetta barst í tal á fundi vinnunefndar á dögunum og ég áleit að menn ætluðu að kippa þessu í liðinn, en það skal verða snarlega gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 351). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það frv., sem ég mæli hér fyrir, er flutt samkv. sérstakri ósk frá fræðsluráði Reykjavíkur og að tilhlutan þess. Frv. fjallar um það, að menntmrn. og Reykjavíkurborg sé heimilt að gera með sér samning um að skólahald í samræmi við 1.—8. gr. laga um fjölbrautaskóla fari fram í fleiri sjálfstæðum skólastofnunum en einni. Eins og ég segi er þetta

frv. flutt fyrir sérstaka áskorun frá fræðslustjóra og fræðsluráði Reykjavíkurborgar og fjallar í reynd um að svokallaður Ármúlaskóli í Reykjavík, sem nú er þegar í raun og veru orðinn einn stærsti fjölbrautaskóli í landinu, fái sjálfstæða stöðu. En þannig stendur á, að í lögunum, sem um þetta fjalla, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla, er aðeins gert ráð fyrir því, eftir orðanna hljóðan, að einn slíkur skóli megi starfa í Reykjavík. Hins vegar telja fræðsluráð og fræðslufulltrúi mjög mikilvægt að Ármúlaskólinn, þar sem eru þegar 600 nemendur, verði að sjálfstæðum fjölbrautaskóla.

En svo að sagan sé nokkuð rakin í þessu efni og til að skýra þetta frekar, þá var á árinu 1973 gerður samningur milli menntmrn. og Reykjavíkurborgar um að stofnaður yrði fjölbrautaskóli fyrir nemendur á framhaldsskólastigi í því nýja borgarhverfi sem kallað er Breiðholt og þá var í mikilli uppbyggingu. Þessi skóli átti, jafnframt því að vera hverfisskóli þarna, einnig að vera tilraunaskóli vegna þeirra breytinga á framhaldsskólastiginu sem þá var verið að taka upp. Þessi skólaskipan hefur verið kölluð fjölbrautaskóli. Nauðsynlegt þótti að afla lagaheimildar fyrir samningum milli rn. og Reykjavíkurborgar um stofnun fjölbrautarskóla í Breiðholti áður en hann hlyti staðfestingu samningsaðila og lög um það voru samþ. á Alþ. í apríl 1973.

Við meðferð málsins á Alþ. var bætt í frv. heimildarákvæði um að stofna mætti fjölbrautaskóla víðar en í Reykjavík, ef samningar tækjust um það milli menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga. Þetta heimildarákvæði var samþykkt og á grundvelli þess hafa verið stofnaðir allmargir fjölbrautaskólar víðs vegar um landið. En hvað Reykjavík snertir miðast lögin einungis við stofnun fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti tók til starfa haustið 1975 og hefur verið í mjög örum vexti. Þar eru á þessu skólaári um 1300 nemendur. Jafnframt því framhaldsnámi, sem þar fór fram, störfuðu á vegum Reykjavíkurborgar framhaldsdeildir gagnfræðastigs við nokkra skóla í Reykjavík, m. a. Lindargötuskóla, Ármúlaskóla og Laugalækjaskóla. Á undanförnum árum varð mikil breyting á framhaldsdeildum gagnfræðastigsins í þessum skólum, þar sem það lengdist allt upp í stúdentspróf, sem skólarnir sjálfir gátu þó ekki veitt, heldur urðu nemendur að útskrifast sem stúdentar á vegum Kennaraháskóla Íslands og Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Jafnframt lengingu námsins varð nauðsynlegt að samræma námsskipunina því eininga- og annakerfi sem fjölbrautaskólarnir höfðu tekið upp.

Vegna þessara breytinga var Ármúlaskólanum frá haustinu 1979 breytt í hreinan fjölbrautaskóla, en þangað höfðu þá flust þeir nemendur sem áður stunduðu nám í framhaldsdeildum gagnfræðastigs í Lindargötuskólanum og Laugalækjarskólanum. Jafnframt var ákveðið að Kvennaskólinn í Reykjavík yrði með uppeldisdeildir á framhaldsskólastigi og að hann yrði gerður að framhaldsskóla þegar grunnskólahald þar leggst niður að loknu skólaárinu 1980—81.

Í Ármúlaskóla, sem hér er sérstaklega um fjallað, eru nú nærri 600 nemendur. Hann er því í reynd einn stærsti fjölbrautaskóli landsins. Hins vegar hefur þótt skorta og skortir lagaheimild til þess að gera hann formlega að sjálfstæðum fjölbrautaskóla. Hann hefur því á yfirstandandi skólaári með samkomulagi milli menntmrn. og Reykjavíkurborgar verið að forminu til rekinn sem hluti af Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og á sama rekstrar- og kostnaðarskiptingargrundvelli milli ríkis og borgar og gilda um þann skóla. Sú breyting að gera Ármúlaskóla að sjálfstæðum fjölbrautaskóla mun því ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Þar sem lög um framhaldsskóla verða ekki afgreidd á þessu þingi og telja verður óeðlilegt að Ármúlaskólinn fái ekki nú þegar viðurkenningu sem sjálfstæður framhaldsskóli sem geti starfað á eigin vegum og útskrifað nemendur á eigin ábyrgð, er þetta frv. borið fram. Skal ég ekki hafa um þetta fleiri orð. En ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. menntmn., og ég beini því til nm., strax og þeir telja sig vera hæfa til starfa sem vonandi verður fljótlega, að taka þetta mál fyrir. Eins og ég hef lýst, þá er þetta flutt samkv. sérstakri beiðni fræðsluyfirvalda hér í Reykjavík og ég hygg að þetta sé mál sem brýnt er að nái fram á þessu þingi. Vænti ég þess, að hv. menntmn. taki málinu sem slíku og sjái til þess, að hægt verði að afgreiða þetta mál sem lög á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmrn. með 22 shlj. atkv.

Tæknimenntaðar heilbrigðissléttir, frv. (þskj. 203). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Brunatryggingar utan Reykjavíkur, frv. (þskj. 34). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 370). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 156). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 169). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 72. fundur.

Miðvikudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, frv. (þskj. 203). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 156). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 169). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 370). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er á dagskrá, hefur hlotið meðferð hv. Nd. Alþingis. Frv. fjallar um heimild til að greiða hreyfihömluðum uppbót á bensínkostnað ef brýna nauðsyn ber til, eins og það er orðað í frvgr.

Hér er um að ræða mál sem um allmargra mánaða skeið hefur verið mjög góð samstaða um hér á hv. Alþingi. Ég tel að ekki eigi að vera þörf á því að mæla mjög nákvæmlega fyrir því. Ég vil geta þess, að í grg. frv., eins og það var lagt fram í upphafi, var við það miðað að sú uppbót, sem hér er um að ræða, gæti kostað í kringum 60 — 65 millj. kr. á ári. Með tilliti til þeirrar góðu samstöðu, sem verið hefur um málið vil ég vænta þess, að hv. Ed. sjái sér fært að afgreiða málið á yfirstandandi þingi þó ekki sé langur tími til þingslita.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.-trn. með 14 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 327, n. 352). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. sem sett voru 9. nóv. 1979 og gerðu ráð fyrir að breyting væri gerð á lögum Bjargráðasjóðs, þar sem sjóðsstjórninni væri heimilt að kveða á um kjör á lánunum, þar með talið um lánstíma, vexti og hvort lánin skulu bundin verðtryggingu.

Nefndin fjallaði um þetta frv. og leggur til að það verði samþ. og staðfest óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 111, n. 378, 373). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Það voru einnig athugaðar nýjar umsóknir sem bárust eftir að frv. var lagt fram. N. er sammála um að mæla með að 41 manni verði veittur ríkisborgararéttur að þessu sinni samkv. till. sem kemur fram á sérstöku þskj. sem er nr. 373.

ATKVGR.

Brtt. 373 (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
2. — 3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 142). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það frv., sem hér er flutt, er byggt á viðræðum sem hafa átt sér stað milli fjmrn. annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar. Í þessum viðræðum kom það fram af hálfu Reykjavíkurborgar, að óskað væri eftir því að borgin annaðist sjálf mat fasteigna innan borgarmarkanna, en samkv. núgildandi lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94 frá 1976, er það Fasteignamat ríkisins sem ákvarðar allt matsverð fasteigna á landinu. Hins vegar er sveitarfélögunum gert að annast ýmiss konar upplýsingastarfsemi í þessu skyni.

Með frv. því, sem hér er til umr., er verið að koma að nokkru til móts við þær óskir Reykjavíkurborgar sem ég nefndi. Meginbreytingin, sem lögð er til með frv., kemur fram í 3. mgr. 1. gr., sem er viðbót við núgildandi 6. gr. laganna. Samkv. henni er lagt til að ráðh. sé heimilt að fela einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra að annast tiltekin störf til undirbúnings að mati fasteigna. Það er ljóst að með þessu er hugsanlega kleift að ná fram greiðara mati og endurskoðun mats en unnt er með þeim mannafla og aðstöðu sem Fasteignamat ríkisins hefur nú yfir að ráða. Í því sambandi skal einnig bent á að gert er ráð fyrir að heildarendurskoðun á matsverði allra fasteigna í landinu sé a. m. k. tíu ára verkefni og ekki vafi á því að slíkt endurmat er afar brýnt, m. a. vegna þess að mikils ósamræmis gætir í aðalmatinu sem var framkvæmt á árunum 1965—1970 og enn er að verulegu leyti byggt á sem stofni að framreikningi fasteignamats, sem samkv. núgildandi lögum fer fram ár hvert. Með slíkri samvinnu Fasteignamats ríkisins og sveitarfélaganna er væntanlega unnt að hraða þessu viðfangsefni, hraða undirbúningi þess að fasteignamat verði samræmt um land allt.

Önnur breyting, sem hér er lagt til að verði gerð, er reyndar minni háttar og kemur fram í 2. mgr. 1. gr. frv., þar sem fjallað er um heimild til að fela þar til greindum aðilum skráningu fasteigna. Breytingin felst í orðunum: „eða einstaka þætti hennar," þ. e. að fela þeim skráningu aðeins að hluta eða í áföngum eftir því sem henta þykir hverju sinni.

Ég legg á það áherslu að með 3. mgr. 1. gr. er alls ekki verið að leggja til að sveitarfélögunum sé falin hin endanlega matsstarfsemi. Það er ekki ætlunin að hverfa frá því að fasteignamat í landinu sé samræmt heildarmat á vegum eins opinbers aðila, þ. e. Fasteignamats ríkisins. Tilgangurinn er fyrst og fremst að ná fram greiðara mati og endurskoðun þess en er kleift samkv. núgildandi lögum og koma með þessu til móts við óskir stærsta sveitarfélags landsins.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til fjh.- og viðskn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég get tekið undir þau sjónarmið sem hæstv. fjmrh. lét falla hér. Þegar þessi mál voru til umræðu í ríkisstj. Alþfl. á sínum tíma þótti okkur einsýnt að það mundi verða til bóta að heimila, að sveitarfélögunum væri falið að vinna að mati fasteigna, og það mundi geta greitt fyrir því að matið væri bæði réttara og gengi fljótar fyrir sig.

Við erum sannfærðir um það, Alþfl.-menn, að þetta sé spor í rétta átt, og styðjum frv. eindregið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að fá að segja hér nokkur orð utan dagskrár og beina þá máli mínu til hæstv. forsrh., sem ég þakka fyrir að fá að eiga orðastað við hér um það mál sem ég ætla að ræða.

Hæstv. forsrh. viðhafði ummæli í sjónvarpsþætti í gærkvöld um verðbólguhorfur á þessu ári sem ég tel mjög villandi og fjarri því að vera rétt, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, ef ekki koma til nýjar aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum aðrar en hin fræga niðurtalning. Hann taldi verðbólgu líklega verða frá ársbyrjun til ársloka 40% og ekki hærri en 45%. Útreikninga sem birst hefðu í blaði um 53 — 54% meðaltalsbreytingu á verðlagi milli 1979 og 1980 taldi hann „ekki rétta."

Ég skýrði frá því í útvarpsumr. á mánudagskvöld, að í bréfi, sem borist hefði frá Þjóðhagsstofnun til fjvn., væri að finna nýjar upplýsingar um verðbólguhorfur á þessu ári. Þessar nýju áætlanir, sem gerðar voru að ósk fjvn., bentu til þess að uggvænlega horfði um verðbólguþróun á árinu. Í áætlun Þjóðhagsstofnunar, sem gerð er í samvinnu við Hagstofu, kemur fram að framfærsluvísitala hækkar á morgun, 1. maí, líklega um 13.18% og hækkun verðbótavísitölu á laun í samræmi við það er talin verða um 11 — 11.5% hinn 1. júní.

Í bréfi Þjóðhagsstofnunar segir í framhaldi af þessu:

„Sé þessi þróun framlengd út árið miðað við óbreytt verðbótavísitölukerfi og á þeirri forsendu að aðrar kostnaðarbreytingar hafi áhrif á verðlag á líkan hátt og verið hefur gæti vísitala framfærslukostnaðar hækkað um nálægt 9% frá maí — ágúst og vart undir 10% frá ágúst — nóv."

Dæmið lítur þá þannig út í samanburði við niðurtalningu hæstv. ríkisstj.: 1. maí átti niðurtalningin að hafa efri mörk 8%. Niðurstaðan er 13.2%. 1. ágúst áttu niðurtalningarmörkin að vera 7%, en verða vísitöluhækkun um 9%. 1. nóv. áttu niðurtalningarmörkin að vera 5%, en vísitöluhækkun framfærslukostnaðar verður þá ekki undir 10%, svo orðrétt sé vitnað í bréf Þjóðhagsstofnunar. Verðbólgan skeytir því engu um niðurtalningarmörk hæstv. ríkisstj. og er tvöföld miðað við niðurtalninguna síðustu þrjá mánuði þessa tímabils sem þegar er ákveðið um þessa frægu niðurtalningu.

Í framhaldi af þessu er fróðlegt að gera sér grein fyrir því, að í fyrra á sama tíma, frá 1. nóv. til 1. maí, hækkaði framfærsluvísitala um 17.7%, en nú hækkar framfærsluvísitalan á jafnlöngu tímabili um 23.3%. Hér er því greinilega um það að ræða að verðbólgan fer sínu fram þrátt fyrir niðurtalningaráform hæstv. ríkisstj. og er því miður dökkt fram undan í þessu efni.

Þetta sýnir að það er auðvitað markleysa að ætla sér með stjórnvaldsákvörðunum að telja niður kaupgjald og verðlag, en láta jafnframt vaða á súðum í ríkisfjármálum, peningamálum, erlendum lántökum o. fl., eins og hæstv. ríkisstj. gerir. Áætlun Þjóðhagsstofnunar og Hagstofu, sem samkv. reynslu er alltaf varlega unnin og hefur því miður oftar en hitt reynst allt of bjartsýn, þýðir nákvæmlega reiknað 48% verðbólgu frá 1. nóv. í fyrra til 1. nóv. í ár og hún þýðir að framfærslukostnaður hækkar að meðaltali á árinu um 53 — 55% fram yfir meðaltalshækkunina á árinu 1979. Allt það, sem ég hef sagt um þetta mál í útvarpsumr., og það, sem eftir mér var haft í blöðum, þó ekki væri á það minnst í Vísi í gær, er rétt miðað við þær forsendur sem ég geng út frá, sem eru áætlanir Þjóðhagsstofnunar.

Ég vil í sambandi við þetta mál vekja athygli á að þessi áætlun er miðuð við verulegan niðurskurð gjaldskrárhækkana fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, Strætisvagna Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur nú fyrir 1. maí, og eftir því sem ég best veit eru gjaldskrárhækkanir

annarra opinberra fyrirtækja miðaðar við niðurtalninguna síðar á árinu sem ekki stenst, eins og ég hef hér rakið. Einnig er þessi áætlun byggð á óbreyttu grunnkaupi hjá öllum launþegum í landinu á þessu ári og því miklu meiri kjaraskerðingu en í fyrra, og var hún þó talsverð þá. Menn geta því á þessum forsendum séð hvort hér er um van- eða ofáætlun að ræða hjá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu.

Spurning mín til hæstv. forsrh. er sú að þessu gefna tilefni: Hvernig skýrir hæstv. ráðh., að verðbólguhorfur séu um 40% og ekki meira en 45%, í ljósi upplýsinga sem ég hef hér tíundað og hann hlýtur að hafa undir höndum? Hvernig rökstyður hann að 53—55% meðalhækkun vísitölu framfærslukostnaðar milli ára, byggð á framangreindum forsendum, sé ekki réttur útreikningur?

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. um annað alvörumál. Samkv. nýjum upplýsingum, sem ég óskaði eftir frá Seðlabankanum í síðustu viku, verður greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum 16—17% af útflutningstekjum þjóðarinnar í ár, en miðað við 90 milljarða kr. erlendar lántökur, sem vart verða miklu minni samkv. fregnum af lánsfjáráætlun, verður þessi greiðslubyrði hvorki meiri né minni en 18.2% á næsta ári. Samsvarandi tala var 13.1% af útflutningstekjum 1978, og voru þá uppi ýmsar gagnrýnisraddir um að hér væri úr hófi keyrt. Hér er því meira en um uggvænlega þróun að ræða á skömmum tíma, þegar haft er í huga að nú er metafli, kannske meiri afli en ýmsir telja óhætt að taka úr sjónum, og verð á erlendum mörkuðum er það hæsta sem við höfum fengið. Hvað skeður um greiðslubyrði á erlendum lánum ef afli bregst eða verðfall verður?

Í málefnasamningi ríkisstj. segir: „Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útfluningstekjum þjóðarinnar.“ Spurning mín er í framhaldi af því sem ég hef sagt um þetta og vakti athygli á í útvarpsumr., en hæstv. viðskrh. sá ekki ástæðu til að minnast á í tveimur ræðum sem hann hélt á eftir mér. Ég spyr því í framhaldi af þessu: Hvað ætlar ríkisstj. að gera til að standa við þetta ákvæði í málefnasamningnum, sem mér sýnist vera eitt af gagnlegustu ákvæðum þessa merkilega samnings?

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Mér er ánægja að því að svara fsp. hv. þm. Í bréfi sem Þjóðhagsstofnun ritaði fjvn. eftir beiðni hennar fyrir nokkru var gerð grein fyrir því, hvernig verðlagsþróunin gæti orðið á þessu ári. Eins og tekið er fram í bréfi Þjóðhagsstofnunar er þessi áætlun gerð á þeirri forsendu að aðrar kostnaðarbreytingar hafi áhrif á verðlag á líkan hátt og verið hefur og þá gæti vísitala framfærslukostnaðar hækkað sem þar greinir. Þessar hækkanir, sem hér er um að ræða, eru í fyrsta lagi, sem staðreynd er, frá febrúar 9.1%, í maímánuði um 13%, en í ágústmánuði 9%, og nóvember 10%.

Þegar þessar fjórar tölur eru reiknaðar saman til að sjá hver hækkunin yrði á því tólf mánaða skeiði sem hér er um að ræða, þ. e. frá nóv. 1979 til nóv. 1980, en þessar tölur eru miðaðar við það tímabil, og þegar þessar fjórar tölur eru lagðar saman og þær síðari reiknaðar ofan á þær fyrri, eins og vera ber, kemur út talan 47.8%. Mundi vísitalan þá hækka sem því nemur á þessum tólf mánuðum, miðað við þær forsendur sem hér voru greindar.

Þessi tala, 47.8%, er ekki aðeins útreiknuð ag staðfest af Þjóðhagsstofnun, heldur liggur það í augum uppi og auðvelt fyrir hvern mann að reikna það út. Ef hins vegar á að miða við hækkun frá byrjun árs til ársloka 1980 yrði hækkun vísitölunnar samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar í dag 45% frá 1. jan. til 31. des. þessa árs, byggt á sömu forsendum.

Þegar ég var spurður í sjónvarpi í gærkvöld um þá fregn sem birtist í blaði í gær gaf ég auðvitað svör í samræmi við þá útreikninga sem ég hef og eru óyggjandi. Þessi fregn í blaðinu Vísi í gær, sem mun byggð á upplýsingum frá hv. fyrirspyrjanda eða tekin upp úr ræðu hans í fyrradag, er á þessa leið yfir þvera forsíðu: „Spá Þjóðhagsstofnunar um hækkun vísitölu á árinu: Um 55% óðaverðbólga verður á þessu ári.“ Út af þessu viðhafði ég þau orð, að þetta væru ekki réttir útreikningar. Ætla ég að ekki sé hægt að hafa vægari orð um málflutning og fréttaflutning eins og hér er um að ræða. Ekki er aðeins að birt sé röng spá, heldur Þjóðhagsstofnun borin fyrir þessum ranga útreikningi.

Auðvitað ber blaðið ábyrgð á þessu, en að því er mér er tjáð er fréttin byggð á upplýsingum frá hv. fyrirspyrjanda. Það liggur alveg ljóst fyrir, að þær tölur, sem ég gat um, eru réttar miðað við þessar áætlanir Þjóðhagsstofnunar, sem sagt tölurnar 9.1, 13, 9 og 10. Þá er samtalan þessi þetta tólf mánaða tímabil: 47.8% frá nóv. til nóv. En ef miðað er við árið í ár frá byrjun til enda er samtalan 45%, þ. e. hækkun verðbólgunnar á þessu tímabili. Þær tölur, sem hv. þm. og blaðið eru með, eru því rangar.

Hins vegar finnst mér rétt að leggja áherslu á að hér sem oftar eru umbeðnar skýrslur og áætlanir frá opinberum stofnunum rangtúlkaðar. Hér eru teknar til forsendur í áætlun Þjóðhagsstofnunar, þær forsendur að kostnaðarbreytingar hafi áhrif á verðlag á líkan hátt og verið hefur. Nú er hins vegar augljóst að það er ætlun ríkisstj. og stefna að breyta til og er sú starfsemi þegar hafin. Hún kemur m. a. fram í því, að 1. maí verða ekki leyfðar hjá opinberum stofnunum jafnmiklar hækkanir og þær hafa farið fram á og venja hefur verið að leyfa.

Sá málflutningur er hafður, að þar sem framfærsluvísitalan muni hækka um ca. 13% nú og ríkisstj. hafi í stjórnarsáttmála sínum miðað við 8% sé þar með stefna ríkisstj. hrunin í þessum efnum. Hv. fyrirspyrjandi hefði átt að geta þess í fsp. sinni, að í stjórnarsáttmálanum er alveg sérstakt ákvæði um að sérstaklega skuli afgreiddar hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma sem framangreind mörk setja. Hér er sem sagt, um leið og sú stefna var mörkuð að almennt yrðu ekki leyfðar á tímabilinu febr., mars, apríl meiri verðhækkanir en 8%, gerð undanþága út af hinum geymda eða samansafnaða vanda sem fyrrv. ríkisstj. hafði í mörgum greinum ýtt á undan sér. Þetta var öllum ljóst, og þess vegna átti það einnig að vera öllum ljóst að framfærsluvísitalan mundi verða hærri 1. maí en 8% þegar þessi geymdi vandi kæmi þar inn í. Þó að sá geymdi vandi hafi orðið og reynst nokkru meiri en menn hefðu óskað er fjarri öllu lagi að tala um að fyrirætlanir ríkisstj. og yfirlýst stefna hennar í stjórnarsáttmálanum sé hrunin af þeim ástæðum. Þetta ætti hverjum manni að vera ljóst. Það hefði verið réttari

málflutningur hjá hv. fyrirspyrjanda að sleppa ekki þessu skýra ákvæði í stjórnarsáttmálanum.

Það er ætlun ríkisstj. að halda áfram þeirri stefnu sem mörkuð er í stjórnarsáttmálanum, þannig að á næsta þriggja mánaða tímabili verði viðmiðunin 7% og þar næsta tímabili 5%. Miðað við að takist að framfylgja þessu stefnumarki gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að verðbólgan frá byrjun til loka þessa árs yrði um 40%. Á þessum áætlunum og útreikningum eru byggðar þær tölur sem ég notaði í gær í viðtali mínu við sjónvarpið, m. ö. o. miðað við að tækist að framkvæma þessa stefnu, sem ég vænti fastlega að takist, mundi verðbólgan verða um 40%, en yfir 45% ætti hún tæpast að fara. Sú tala er í samræmi við þær tölur, sem Þjóðhagsstofnun hefur gefið fjvn. og hv. fyrirspyrjandi byggir á, þó að hann hafi reiknað skakkt niðurstöðuna þegar hann leggur saman. — Ef verðbólgan í ár yrði þannig 40 — 45%, þó maður taki hærra markið, er auðvitað ljóst að hér er um verulega breytingu að ræða frá síðasta ári, þar sem verðbólgan frá upphafi til loka árs varð 61%.

Þá vék hv. fyrirspyrjandi að erlendum lántökum og greiðslubyrði. Það fer eins og í fyrri fsp. hv. þm., að hann býr sér til tölu sem hann svo byggir á. Hann gengur út frá því að erlendar lántökur verði 90 milljarðar á þessu ári. Sú tala er ekki rétt.

Varðandi hins vegar greiðslubyrðina er óhjákvæmilegt að skýra það mál nokkru nánar. Í fyrsta lagi: Í stjórnarsáttmálanum er rætt um erlendar lántökur og að stefnt sé að því að takmarka þær eins og kostur er og að því stefnt að greiðslubyrði af erlendum lánum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum. Síðan segir, og það er eins og fyrri daginn að hv. fyrirspyrjandi sleppir því af ásettu ráði sem skiptir hér e. t. v. meginmáli: „Efri mörk erlendrar lántöku verði þó ákveðin nánar með hliðsjón af eðli framkvæmda með tilliti til gjaldeyrissparnaðar og gjaldeyrisöflunar.“ — Það, sem hér er haft í huga, er auðvitað að eins og nú standa sakir þurfa Íslendingar að leggja alveg sérstaka áherslu á orkuframkvæmdir, bæði til raforkuframleiðslu og ekki síst til hitaveitna. Því er beinlínis gert ráð fyrir að þessi hlutfallstala gæti orðið hærri af þeim ástæðum. Þar stöndum við frammi fyrir margvíslegum vanda. Meginhlutinn af þeim erlendu lántökum, sem verða á þessu ári, eru til orkuframkvæmda. Þegar við sjáum nú að hitaveituframkvæmdir, sem ýmist eru í miðjum klíðum eða fyrirhugaðar, spara margar hverjar beinlínis í gjaldeyri á fyrsta eða öðru ári jafnmikið eða meira en nemur vöxtum og afborgunum af erlendum lánum til þeirra, þá hlýtur heilbrigð skynsemi hvers manns að mæla með því að ekki sé frestað slíkum gjaldeyrissparandi framkvæmdum vegna þess að ekki megi fara yfir þetta tiltekna mark, 15% af útflutningstekjum. Þess vegna er það ekki sæmilegur málflutningur að nefna hér aðeins 15%, en sleppa þessu meginatriði, sem í stjórnarsáttmálanum er nefnt, að hin efri mörk skuli miðast við að e. t. v. þurfi að taka erlend lán vegna gjaldeyrissparandi eða gjaldeyrisaflandi framkvæmda.

Hins vegar er rétt að gera þingheimi grein fyrir því, að þessi viðmiðun erlendra skulda og greiðslubyrði við útflutningstekjur eða hlutfall af útflutningstekjum er að dómi sérfræðinga hæpin og hæpnari nú en nokkru sinni áður. Þetta hefur komið fram í grg. bæði frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun nú í seinni tíð. Ástæðurnar eru margvíslegar. Ein ástæðan er sú, að vextir erlendis hafa farið hækkandi og þar með hækkar greiðslubyrðin og þessi prósenta fer upp fyrir 15% af útflutningstekjum þó að engin ný erlend lán verði tekin. Í annan stað tekur þessi viðmiðun við útflutningstekjur ekki mið af hinum mjög svo gjaldeyrissparandi orkuframkvæmdum. Þess vegna má segja að áður fyrr hafi þótt eðlilegt og stundum kannske rökrétt miðað við jafnvægi í efnahagsmálum og stöðuga vexti erlendis að hafa slíka viðmiðun og hún átt við rök að styðjast. Þetta hefur verið ríkjandi kenning hagfræðinga og hagstofnana og m. a. þess vegna nefnd sú tala í stjórnarsáttmálanum. En þó er ljóst að menn voru nokkuð farnir að efast um að þetta ætti að vera algild regla, eins og fram kemur í þessum fyrirvara í stjórnarsáttmálanum. Ég held að það sé e. t. v. ekki orðin ríkjandi skoðun, en hefur mjög rutt sér til rúms, að skynsamlegra sé að miða erlendar skuldir við þjóðarframleiðsluna, þannig að þegar menn meta, hversu miklar erlendar skuldir ríkið þoli eða geti staðið undir, sé öllu eðlilegri viðmiðun að taka hlutfall erlendra skulda í heild af þjóðarframleiðslu. Áður fyrr stóð það yfirleitt nokkuð jafnt að mati hagfræðinga að 15% af útflutningstekjum sem greiðslubyrði og svo erlendar skuldir u. þ. b. 35% af þjóðarframleiðslu væru nokkuð hliðstæðar tölur. Nú hefur fyrri viðmiðunin vegna margvíslegra breytinga og sérstaklega mikilla vaxtabreytinga á erlendum markaði orðið að mörgu leyti óheppileg viðmiðun. Hins vegar er talið að hin síðari viðmiðun sé nú eðlilegri. Sé hún viðhöfð mun niðurstaðan vera sú, að á síðasta ári hafi heildarskuld ríkisins verið um 35% af þjóðarframleiðslu og verði nú í ár, miðað við fyrirætlanir ríkisstj. um erlendar lántökur, um eða heldur lægri en 35%. Þetta er rétt að komi fram í þessu sambandi, en verður skýrt nánar síðar.

Ég hef svarað tveim meginfyrirspurnum hv. þm. og gert þeim skil. Ég vil aðeins draga það saman á þá lund, að miðað við áætlun Þjóðhagsstofnunar, byggða á því að haldið verði áfram verðhækkunum svipað og verið hefði, gæti verðbólgan orðið 45% frá byrjun til loka þessa árs, en ekki 55, eins og hv. þm. hefur talað um og Vísir gefið í skyn í gær með stórfyrirsögn. Ef hins vegar tekst í meginatriðum að fylgja stefnu ríkisstj., sem hún er staðráðin í að gera, eru líkur til að verðbólgan á þessu ári verði um 40% í stað 61% í fyrra. Og hinar erlendu lántökur verða ekki 90 milljarðar, eins og hv. þm. býr sér til í forsendum sínum. Í ádeilu sinni á stjórnvöld fyrir að nú fari greiðslubyrðin upp yfir 15%, eins og hafi verið í stefnuskrá ríkisstj., sleppir hann gersamlega þeim viðauka sem ég las um hinar gjaldeyrissparandi framkvæmdir. Auk þess er sú viðmiðun að því leyti óheppilegri nú, að vegna hækkunar á erlendum vöxtum gæti hún leitt til þess að greiðslubyrðin færi hlutfallslega hækkandi þó að íslenska ríkið tæki ekki á þessu ári einn einasta eyri til viðbótar í erlendum lánum.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin þó að ég hafi ekki búist við því að hæstv. ráðh., sem er gamalreyndur í þingsölum, mundi svara mér með jafnstrákslegum hætti og hann gerði, að væna mig um að ég kynni ekki að leggja saman og draga frá. Ég hélt að hæstv. ráðh. væri upp úr því vaxinn að fara með slíkan málflutning. — En ég skal víkja efnislega að því sem hæstv. ráðh. sagði um þessi mál.

Í fyrsta lagi vil ég víkja að því sem hann sagði um greiðslubyrðina. Mér var fullkunnugt um þann fyrirvara

sem var í málefnasamningi ríkisstj., en ég var svo barnalegur að halda að hæstv. ríkisstj. hefði sett þessa tölu í málefnasamning sinn til þess að það yrði eitthvert mark á henni tekið. Það er greinilegt að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að gera það og hún ætlar að fara algerlega í kringum þessa tölu eins og köttur í kringum heitan graut.

Hann sagði að ég hefði búið mér til tölu um 90 milljarða kr. erlendar lántökur samkv. lánsfjáráætlun. Það var athyglisvert, að hæstv. ráðh. minntist ekkert á hversu mikil frávik hér væri um að ræða frá því sem væri ætlun ríkisstj. Ég vil leggja á það þunga áherslu í sambandi við þetta mál, að frá því árið 1978 hefur greiðslubyrði þjóðarinnar vaxið um rúm 5% vegna vaxta og afborgana í hlutfalli af útflutningstekjum á næsta ári ef að líkum lætur. Ég er hér með undirskrifað skjal frá Seðlabanka um þá áætlun, að greiðslubyrðin verði yfir 18% 1981. Metafli er á þessu ári og verð er með besta móti á erlendum mörkuðum. Spurning mín var þessi og hæstv. ráðh. svaraði henni ekki: Hvað skeður ef annað hvort bregst eða kannske hvort tveggja? Ég held að við séum þarna — og það hryggir mig að hæstv. ráðh er ekki á sama máli og ég — að tefla á tæpt vað í fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar gagnvart erlendu peningavaldi, þótt við séum öðrum þræði að byggja hér upp gjaldeyrissparandi iðnað og ýmislegt sem skilar arði. Ég er hæstv. ráðh. alveg sammála um að slíkar framkvæmdir ættu að njóta algers forgangs. En spurningin er hvort við verðum ekki að spyrna við fótum á þessu sviði. Ég vildi vekja athygli á því að hæstv. ríkisstj. stefndi langt út fyrir þau mörk sem hún setti sjálfri sér í þessu efni. Ef hún hefði ekki talið að þyrfti að setja nein mörk að þessu leyti, hvers vegna í ósköpunum var þá þessi tala sett inn í málefnasamning hæstv. ríkisstj.?

Ég get verið nokkuð stuttorður um hinn þáttinn. Hæstv. ráðh. byggði á tvennu í málflutningi sínum þegar hann svaraði mér um verðbólguna. Hann sagði að þessar tölur væru rangar og það hefði verið reiknað skakt. Nú skal ég upplýsa hæstv. ráðh. um að það á ekki að leggja þessar tölur saman eins og hann sagði. Þegar verið er að reikna út vísitölu frá ársbyrjun til ársloka setur maður vísitöluna 100 þegar byrjað er og margfaldar síðan tölurnar. Maður margfaldar 109.1 með 113.2 og útkomuna með 109.0 og svo 110.0, en leggur ekki saman eins og hæstv. ráðh. sagði. Ég vona að hæstv. ráðh. kunni þetta framvegis.

Í annan stað sagði hæstv. ráðh. að þessar tölur, og endurtók það margsinnis, væru rangar og ég hefði rangtúlkað skýrslur. Ég vil benda hæstv. ráðh. á að ég sagði að ég væri að tala þarna um 53—55% meðaltalshækkun verðbólgu milli ára. Veit hæstv. ráðh. ekki hvað meðaltalsverðbólga er á milli ára? Veit hæstv. ráðh. ekki að fjárlög hans eru gerð upp á 47.5% meðaltalshækkun verðbólgu milli ára, sem er hærri tala en hann álítur að verðbólgan verði á þessu ári frá ári til árs? Við erum að tala þarna um tvo hluti sem eru ólíkir: meðaltalsverðbólgu milli ára og verðbólgu frá ári til árs.

Fjárlög miða við að verðbólga frá ársbyrjun til ársloka verði rétt rúm 30%, en að meðaltalsverðbreyting miðað við framfærslukostnaðarvísitölu milli áranna 1979 og 1980 verði 47.5%. Þessi tala er komin upp í 53—55%. Það er því algerlega rangt og sýnir vankunnáttu hæstv. ráðh. á þessu sviði sem hann sagði hér um hvernig ég hefði reiknað. Hér er nákvæmlega rétt reiknað. Vegna þess að hæstv. ráðh. talaði á svona strákslegan hátt um reikningskunnáttu mína get ég ekki stillt mig um að segja honum í bróðerni að hann þyrfti að kynna sér þennan reikning nánar.

Hæstv. ráðh. gerði mikið úr því að það væri geymdur vandi, sem hann væri að kljást við í verðbólgumálunum. Hæstv. forsrh. talaði þarna um geymdan og lengdan vanda, og mér datt í hug að það vantaði bara geymdan, lengdan og togaðan vanda. Að sjálfsögðu er hér um að ræða vandamál sem er ekkert annað en að víxlhækkun kaupgjalds og verðlags er í fullum gangi og ekkert er gert til að hefta þann skrúfugang, eins og hv. fyrrv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði einu sinni. Ríkisfjármálunum er þannig stjórnað að þau hafa engin áhrif þar á, frekar að þau ýti undir. Eins er með erlendar lántökur. Nú stefnir í 15—20 milljarða kr. viðskiptahalla, sem gerir það að verkum að taka þarf eyðslulán að auki til þess auðvitað að hella olíu á verðbólgubálið. Allt er þetta þannig, að víxlgangur kaupgjalds og verðlags er í fullum gangi og á meðan þannig er verður þessi vandi fyrir hendi.

Ég óska hæstv. ráðh. til hamingju með að lesa þessa umr. eftir nokkra mánuði og sjá hvað hér hefur farið fram. Það er kannske rétt að enda á því að segja að reynslan er ólygnust. Og ég er algerlega óhræddur að láta reynsluna dæma hvor okkar hæstv. ráðh. hefur farið hér með rétt mál. En ég tel mjög alvarlegt þegar þjóðin er beinlínis blekkt í málum sem þessum, eins og hæstv. ráðh. gerði í sterkasta fjölmiðli þjóðarinnar.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég er sannast sagna undrandi á þeim ósæmilegu ummælum hv. fyrirspyrjanda að telja að ég hafi farið með blekkingar og ósannindi í fjölmiðli, sjónvarpi, í gær. Hver einasta tala, sem ég nefndi þar, stendur fyllilega. Ég nefndi þar tvær tölur í sambandi við verðbólgu. Ég sagði að ég vonaðist til þess að hún yrði ekki hærri á þessu ári en 40%, a. m. k. yrði hún ekki yfir 45%. Síðari talan er byggð á þessum áætlunum, sem við höfum hér rætt um, frá Þjóðhagsstofnun, sem aftur á móti byggjast á því að verðhækkanir haldi áfram eins og verið hefur, en ætlunin er í þess stað að breyta til um vinnubrögð.

Út af því, að í fjölmiðlum var sagt frá því að á þessu ári mundi verðbólgan verða 55% og Þjóðhagsstofnun borin fyrir því, sagði ég auðvitað, sem rétt er, að þetta væru ekki réttar tölur. Hv. þm. veit ákaflega vel að þessar tölur, sem Þjóðhagsstofnun hafði nefnt í sinni áætlun, leiða til annarra talna. Þær leiða til þess að frá nóv. í fyrra til nóv. er verðbólga 47.8%, en miðað við ársbyrjun til ársloka 45%.

Dagblaðið Vísir, sem birti þessa frétt og hv. fyrirspyrjandi er heimildarmaður að, segir svo, eins og ég las upp áðan, að spá Þjóðhagsstofnunar sé 55% óðaverðbólga á þessu ári. Síðan eru taldar þessar tölur og sagt að niðurstaðan sé þessi. Þetta er alrangt, eins og ég hef gert hér grein fyrir og þarf ekki að fara um það fleiri orðum.

Hins vegar er það næsta furðulegt, að hv. þm. skuli ekki doka við með umr. eins og þessar um erlendar lántökur þangað til lánsfjáráætlun liggur fyrir. Þá er hægt að ræða hvort erlendar lántökur séu of miklar eða ekki. Í stað þess fer hv. þm. af stað utan dagskrár, örfáum dögum áður en lánsfjáráætlun verður lögð fyrir þingið, býr sér til tölu um erlendar lántökur, sem stjórnin hafi ákveðið, og byggir svo áætlanir sínar og ádeilur út frá því. Það væri auðvitað full ástæða til að spyrja þennan hv.

þm., ef honum finnst þær lántökur verða of miklar sem fyrirhugaðar eru, hvort hann ætli að leggja til að lækkaðar séu lántökur t. d. til Hitaveitu Akureyrar, svo að ég nefni eitt dæmi. Þegar hann er að deila á ríkisstj. fyrir að stefna í of miklar lántökur væri eins gott að fá fram hvaða framkvæmdir það eru sem hv. þm. vill fresta eða hvað hann á við með þessu eða hvort þetta er bara innantómt tal.

Varðandi hins vegar umr. um erlendar lántökur og framkvæmdir er sjálfsagt að bíða þess að málið komi formlega til umr. á þingi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að þrátta um þessar prósentur, samlagningu eða margföldun, en það vill reyndar svo til, að ef tölurnar eru lagðar saman kemur út 41.1, en ef þær eru margfaldaðar saman kemur út 47.8.

Það, sem ég vil gera að umræðuefni hér, er sá málflutningur sem hæstv. forsrh. hefur tíðkað og ýmsir aðrir ráðh., að tala mjög um geymdan vanda og láta sem svo að ríkisstj. Alþfl. hafi ekki afgreitt mál. Þetta er alrangt, eins og hæstv. forsrh. á að vera ljóst. Það lá engin óafgreidd umsókn frá opinberri stofnun eftir þegar ríkisstj. Alþfl. skilaði af sér. Það sama gilti um ákvarðanir verðlagsráðsins. Þær höfðu verið staðfestar, a. m. k. allar sem voru eldri en 4—5 daga gamlar og voru þess vegna komnar á skrifborðið. Þetta er fráleitur málflutningur, sem mér finnst aumingjalegur hjá ríkisstj., að ætla sér að kenna öðrum um eigin ófarir.

Það hefur oft verið tíðkað hér á Íslandi að ríkisstj. skildu illa við, og gleggsta og besta dæmið er náttúrlega ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, sem hæstv. núv. forsrh. sat í. Hún skildi við þannig, að atvinnuvegirnir voru komnir að stöðvun og hluti viðskilnaðarins var dulin gengislækkun upp á a. m. k. 15%. En svona var alls ekki viðskilnaðurinn hjá ríkisstj. Alþfl. Þær beiðnir, sem höfðu borist frá opinberum aðilum, höfðu verið afgreiddar. Þær höfðu verið afgreiddar með samræmdum hætti og með tilliti til þess að allir stjórnmálaflokkar höfðu talað um að hafa hemil á verðbólgunni. Flestir töluðu um hafa markið í kringum 30%, það væri markið sem ætti að stefna að. Afgreiðsla ríkisstj. Alþfl. á þeim verðlagsbeiðnum, sem bárust, var í samræmi við þau markmið sem allir stjórnmálaflokkar höfðu skrifað undir. Hún var í þá veru, að verðlagshækkununum var haldið innan við 35% miðað við ársgrundvöll. Þetta var í fyrsta skipti, a. m. k. í langan tíma, sem afgreiðslur gengu greiðlega og voru allar gerðar með samræmdum hætti. Það tókst ágæt samvinna við verðlagsráðið um afgreiðsluna, að setja tiltekinn fastan ramma til að fara eftir til að hafa hemil á verðhækkununum. Og það tókst. Þetta hefði núv. ríkisstj. auðvitað átt að notfæra sér.

Niðurtalningin var í raun og sannleika hafin í ríkisstj. Alþfl. og það lá ekkert eftir óafgreitt. Það var hvorki um leyndan né geymdan vanda að ræða. Þeir, sem halda því fram að þarna hafi verið um leyndan vanda að ræða, ættu að gæta að því að allar þessar ákvarðanir voru opinberar, ekki einungis ákvarðanir ríkisstj. Alþfl., heldur líka óskir allra fyrirtækjanna sem um var að ræða, þannig að það lá algjörlega ljóst fyrir og var engu leynt.

Mér þykir dálítið einkennilegur málfutningur hæstv. forsrh. — eða kannske ég ætti að nota það orðfæri, sem hann var með sjálfur, og segja að sá málflutningur væri ekki sæmilegur að kenna ríkisstj. Alþfl. um eigin ófarir? Og ég get sagt það sama um þann málflutning hæstv. forsrh. að tala um það sem sérstakt stefnumið ríkisstj. sinnar núna, eins og hæstv forsrh. tók til orða, að leyfa ekki jafnmiklar verðhækkanir og farið yrði fram á og eins og venja hefur verið til. Þessu lýsir hæstv. forsrh. yfir núna sem stefnumiði sinnar ríkisstj., að sýna þarna eitthvert aðhald, fara ekki eins hátt og um er beðið og venja hefur verið til. Á sama tíma verður hann ekki skilinn öðruvísi og heldur því meira að segja fram ítrekað að ríkisstj. Alþfl. hafi ekki leyft nógu miklar verðhækkanir. Hún hefur þá ekki verið nógu venjuleg eftir þessari formúlu. Hæstv. forsrh. leyfir sér sem sagt með öðru orðinu að boða stefnu, sem hann framkvæmir ekki, um aðhald og hrósa þeirri stefnu, en að hinu leytinu að ráðast á Alþfl. fyrir að framfylgja þeirri stefnu sem forsrh. er þó að boða í hinu orðinu inn á milli.

Eg tel að það sé mikill ljóður á íslenskum stjórnmálum að menn temji sér málflutning af þessu tagi. Sannleikurinn er auðvitað sá, að ríkisstj. Alþfl. skilaði af sér tiltölulega mjög góðu búi, a. m. k. eftir aðstæðum, og betra en yfirleitt hefur átt sér stað þegar ríkisstj. hafa skilað af sér. Nærtækasta dæmið í þeim efnum er auðvitað ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, sem hæstv. núv. forsrh. átti sæti í.

Ég held að það væri nær fyrir núv. hæstv. ríkisstj. að gá að því, hvað það er mikið sem hún er búin að bæta ofan á verðbólguhraðann með þeim aðgerðum sem hún hefur gripið til. Hvað skyldi vera mikið sem hún hefur bætt ofan á verðbólguhraðann vegna hækkana á áfengi og tóbaki eða vegna hækkana á vegaskatti eða vegna hækkana á söluskatti? Þetta skyldi þó ekki nema um 2%, bara þetta þrennt. En þar fyrir utan hefur ríkisstj. verið að bögglast við að boða niðurtalningu í svo langan tíma að margir aðilar í þjóðfélaginu hafa hlaupið til og komið hækkunum út í verðlagið áður en niðurtalningin hæfist. Það er þetta sem menn hafa upp úr því að boða eitt, en gera svo annað.

Ég vil ítreka það, að ég tel það rangan og — svo ég noti orð hæstv. forsrh. — ósæmilegan málflutning hjá hæstv. ráðh. að kenna ríkisstj. Alþfl. um eigin ófarir. Ég tel það ósæmilegt alveg eins og hæstv. forsrh. notaði hér áðan þetta orðfæri. Sannleikurinn er sá, að málin voru öll afgreidd og þau voru afgreidd með samræmdum hætti og þannig var skapaður stökkpallur fyrir þá ríkisstj., sem tæki við, til að halda fast á þessum málum, sýna það aðhald sem forsrh. boðar, en ríkisstj. sýnir ekki.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var eiginlega aðeins eitt atriði sem ég vildi leiðrétta í seinni ræðu hæstv. ráðh. Hann sagði að ég hefði verið heimildarmaður dagblaðsins Vísis að þeirri frétt sem birtist á forsíðu í blaðinu. Þetta er ekki rétt. Dagblaðið Vísir hafði þetta eftir mér úr ræðu minni sem ég flutti við útvarpsumr., og var ég ekki að öðru leyti heimildarmaður þess blaðs. Það kemur ekki fram í fréttinni, sem ég viðurkenni að er villandi, að þarna er miðað við meðaltalsverðbreytingu milli ára. En ég ítreka það, af því að mér varð það á í messunni áðan að segja að fjárlögin væru gerð upp á 47% meðalverðbreytingu milli ára 1979 og 1980, að rétta talan er 46.5%, og þessi meðaltalshækkun er komin upp í 53—55% eftir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. Þetta getur hæstv. ráðh. staðreynt og ég get sent honum plögg um það á hverju fjárlög eru byggð að þessu leyti. Þetta er sú tala sem við fjvn.-menn fengum um meðalverðbreytingu milli áranna, 46.5%. Ég sagði víst 47 áðan, en þá leiðrétti ég það. Þetta er sem sagt hærri

tala en hæstv. forsrh. talaði um sem hækkun á vísitölu á þessu ári, en þá var hann að tala um annað en ég. Ég vil benda honum á að við erum að tala þarna um tvo ólíka hluti. Hann virðist ekki skilja það.

Hann gerði líka aths. um að ég væri að tala um þetta greiðslubyrðarmál utan dagskrár nú. Ég gerði það einfaldlega vegna þess að ég gerði mér ekki miklar vonar um að geta átt orðastað við einn eða annan ráðh. um það þegar lánsfjáráætlun verður til umr. hér. Það hefur oftast verið svo, að hæstv. ráðh. hafa ekki látið svo lítið að vera viðstaddir umr. í hv. deildum Alþingis undanfarið, og ég býst ekki við að það verði mikil breyting á því. Mér þótti þetta svo alvarlegt mál að ég minnti á það í útvarpsumr., en þá var ekki á það minnst af hæstv. viðskrh. sem talaði á eftir mér. Mér þótti þetta aftur á móti svo alvarlegt mál að ég vildi vekja athygli á því hér.

Að lokum vil ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, þó að mér hafi fundist málflutningur hans heldur strákslegur með köflum og kannske gæta of mikillar reiði. En að lokum vil ég óska honum til hamingju að ætla að taka upp meiri verðlagshöft en þekkst hafa á Íslandi.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm. Lárus Jónsson skýrir fsp. sínar utan dagskrár með því að það sé erfitt að ná í ráðh. til að eiga orðastað við þá, hann búist ekki við að þeir verði hér viðstaddir þegar mikilvæg frv. koma til umr. Ég verð að segja, að ég kannast ekki við að ráðh. séu ekki viðstaddir í deildum eða Sþ. þegar mál, sem undir þá heyra, eru til umr., og tel að ekki séu rök fyrir þessum ásökunum hv. þm.

Varðandi ummæli hv. 2. þm. Reykn., Kjartans Jóhannssonar, vil ég fyrst taka það fram út af hinum svokallaða geymda vanda, að hæstv. viðskrh. gerði glögglega grein fyrir því með dæmum í útvarpsumr. í þessari hv. d. fyrir tveim dögum. Þessi mál heyra nú undir viðskrn., eins og kunnugt er, og ég held að það hafi komið skýrt fram hvað hér var um að ræða.

Hins vegar kom dálítið spánskt fyrir þegar hv. þm. hóf lofsöng sinn um stjórn Alþfl. Að vísu er þess að gæta að hann var ráðh. í þeirri stjórn sem næst sat á undan. En hann gat þess, að stjórn Alþfl. hefði skilað af sér góðu búi. Þessi skil á hinu góða búi birtust í því, að í lok ársins hafði verðbólgan hækkað um 61% frá ársbyrjun og hann hafði verið ráðh. allan þann tíma. Ég held að það sé ekki hægt að segja að það hafi verið gott bú sem við var tekið með þá geysilegu verðbólgu sem hér ríkti, og þess er langt að leita, trúlega áratugi hér á Íslandi, að verðbólga hafi verið eins gífurleg og þessi tala bendir til.

Lántaka Bjargráðasjóðs, frv. (þskj. 5). — 3. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Þegar frv. þetta, sem hér liggur fyrir til umr., var til 2. umr. í deildinni gat ég um að fram hefðu komið upplýsingar og beiðnir um að ábyrgðarheimildin vegna lántökunnar yrði hækkuð úr 850 millj. kr. í 1500 millj. kr. Ég óskaði eftir því, að fjh.- og viðskn. d. kæmi saman til fundar til að fjalla um það mál, og var það gert í morgun.

Á þann fund var kallaður Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs til að gera grein fyrir stöðu sjóðsins og greiðsluáætlun fyrir árið 1980. Það kom fram hjá honum, eins og vitað var fyrir, að Bjargráðasjóður þyrfti að taka meiri lán en gert var ráð fyrir til að geta staðið við þessa greiðsluáætlun. Í framhaldi af því varð n. sammála um að leggja til að flutt yrði brtt. við 3. umr. þar sem lagt yrði til að þessar upphæðir yrðu hækkaðar eins og ég gerði grein fyrir áðan.

Brtt., sem er á þskj. 381, hljóðar svo:

„1. gr. orðist svo:

Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 1500 millj. kr. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 1500 millj. kr. í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðh. ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar."

Í greiðsluáætlun Bjargráðasjóðs fyrir árið 1980 kemur m. a. fram, að gert er ráð fyrir að bæta tjón vegna uppskerubrests á kartöflum og veita lán og styrki vegna þessa uppskerubrests að upphæð 230 millj. kr. Í yfirliti, sem lagt var fyrir n., kemur fram að þetta uppskerutjón er reiknað á 440 millj. til 665 millj., eftir því hvaða forsendur eru lagðar fyrir, og sést á því að mikið vantar á að þetta tjón sé að fullu bætt. Voru nm. sammála um að koma þyrfti til meira fjármagn til að bæta þetta tjón betur en greiðsluáætlunin gerir ráð fyrir. N. lagði því til að leitað yrði eftir því við ríkisstj.eða ráðh. að þeir gæfu yfirlýsingu um það, áður en málið yrði endanlega afgreitt frá Alþ., þó það yrði við umr. um frv. þetta í Nd., að reynt yrði að bæta frekar tjónið vegna uppskerubrests á kartöflum en gert er ráð fyrir, svo og að nánari grein yrði gerð fyrir því, hvernig fyrirhugað er að lánskjör verði á þessum lánum, annars vegar þeim lánum, sem veitt verða vegna þessa uppskerubrests, svo og öðrum lánum sem Bjargráðasjóður fyrirhugar að veita vegna vorharðinda, heyskorts og annarra búsifja sem hann kemur til með að bæta.

N. leggur sem sagt til að frv. verði samþ. með þeirri breytingu sem flutt er á sérstöku þskj. og ég gerði grein fyrir áðan. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Sigurlaug Bjarnadóttir.

ATKVGR.

Brtt. 381 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 73. fundur.

Miðvikudaginn 30. apríl, að loknum 72. fundi.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 389). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 327). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 66. fundur.

Miðvikudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Fundarsókn þingmanna.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Fundur er settur í neðri deild Alþingis. Ég hlýt að finna að því, hversu seint og illa hv. dm. mæta til fundar. Klukkan er sex mínútur gengin í þrjú og það er fyrst nú sem hægt er að ná saman ályktunarhæfum fundi. Eg bið menn að taka þetta til athugunar. Ég bið ykkur að skila því til hv. meðbræðra ykkar hvernig komið sé. Hér eru viðstaddir þingflokksformenn sem hljóta að taka málið til athugunar.

Söluskattur, frv. (þskj. 7, n. 361). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um söluskatt með síðari breytingum, en hér er um það að ræða hvort staðfesta eigi brbl. frá 16. okt. 1979. Þau brbl. fjölluðu um að söluskattur yrði 22 stig í stað 20, en áður höfðu verið sett um það brbl. sem féllu úr gildi þegar Alþ. var rofið. Fjh.- og viðskn. klofnaði í afstöðunni til málsins. Meiri hl. n., ég ásamt hv. þm. Boga Sigurbjörnssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni og Karvel Pálmasyni, leggur til að brbl. verði staðfest. Það er gert ráð fyrir þessari tekjuöflun í þeim fjárlögum, sem Alþ. hefur þegar samþ., og því nauðsynlegt að framlengja þá tekjuöflun, sem hér er gert ráð fyrir, eigi þau fjárlög að standast.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls eru sjálfstæðismenn andvígir þessu frv. Það er flutt af vinstri stjórn og er framlengt af minnihlutastjórn. Það hefur komið fram við þessa umr., hverjir það eru sem bera ábyrgð á þessu frv., og kemur best fram þegar núv. ríkisstj. leggur síðan til að brbl. minnihlutastjórnar Alþfl. og vinstri stjórnar verði samþ. og staðfest.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:11 atkv.
2. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:2 atkv.

Hækkun lægstu launa, frv. (þskj. 20, n. 363). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hér er um samkynja mál að ræða, þ. e. brbl. frá 20. nóv. 1979, en þessi löggjöf hefur verið í gildi um nokkurt skeið. Leggur fjh.- og viðskn. einróma til að þetta frv. og þessi brbl. verði samþykkt. Ég vænti þess að hv. d. sjái sér fært að verða við einróma tilmælum nefndarinnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 92, n. 345, 346). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 345 segir að allshn. hafi kannað þetta mál, leitað umsagnar og orðið sammála um að leggja til við hv. d. að fyrirliggjandi frv. verði samþ. með brtt. sem kemur fram á þskj. 346 og er við 3. gr., sem er gildistökugreinin.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af hæstv. ríkisstj. og var lagt fram snemma á þessu þingi og fjallar um breytingu á vátryggingarupphæð. Þar er lagt til að hún breytist úr 12 millj. í 180 millj. annars vegar og hins vegar úr 24 millj. í 360 millj. kr. Hér er um að ræða stórkostlega breytingu á fjárhæðum. Það er rétt að gera deildinni örlitla grein fyrir þessu máli frekar.

Það er ljóst, að tilgangur löggjafans með skyldutryggingu bifreiða er tvíþættur: annars vegar sá, að þeir, sem verða fyrir tjóni af völdum ökutækis, fái tjón sitt bætt án tillits til efnahags tjónvalds, og hins vegar sá, að þeir, sem tjóni valda, verði ekki fyrir stórfelldum fjárútlátum og standi jafnvel eftir slyppir og snauðir. Miðað við þennan tilgang virðast ekki rök til annars en hin lögboðna vátryggingarfjárhæð sé það há að hverfandi líkur, jafnvel engar líkur séu til þess að bætur vegna einstakra slysa verði hærri en hún.

Tryggingaeftirlitinu var sent þetta mál til umsagnar og í umsögn Tryggingaeftirlitsins segir m. a., með leyfi forseta:

„Tryggingaeftirlitið hefur á undanförnum árum margsinnis bent á nauðsyn þess að stórauka þyrfti vátryggingarverndina í þessari lögboðnu vátryggingargrein, er snertir því nær alla landsmenn sem eigendur ökutækja, farþega og vegfarendur. Markmið umferðarlaganna er að sjálfsögðu að vernda bæði þá, sem ábyrgð bera á tjóni af völdum ökutækja, og tjónþola, þannig að sú hætta sé ekki fyrir hendi að ganga þurfi að eignum manna til að bæta tjón vegna umferðarslysa eða, ef slíkar eignir eru ekki fyrir hendi, að tjónþolar fái ekki tjón sitt bætt nema að hluta. Telja verður ljóst að almenningur ætlast til að sú vátryggingarvernd, sem lögboðin er og ákveðin af Alþ., sé fullnægjandi á hverjum tíma og að menn beri ekki persónulega stórkostlega áhættu í umferðinni sem tjónvaldar eða tjónþolar. Eins og nú er háttað fara bótafjárhæðir í mörgum tilvikum langt fram úr gildandi vátryggingarfjárhæðum þegar til uppgjörs meiri háttar tjóna kemur, eins og bent er á í aths. við frv. Verðmæti tjóna á núgildandi verðlagi geta numið tugum og jafnvel hundruðum millj. ef margir slasast í sama umferðarslysi. Slík tjón eru fátíð og hefur því kostnaður við verulega hækkun vátryggingarfjárhæða tiltölulega lítil áhrif á iðgjöld til hækkunar. Má reikna með að sú hækkun, sem lögð er til í frv., mundi hækka iðgjöld um

aðeins 3—4%. Verður að telja þann kostnað sáralítinn miðað við það öryggi sem hin aukna vernd veitir hverjum og einum.

Tryggingaeftirlitið lagði til á s. l. ári að vátryggingarfjárhæðir yrðu almennt hækkaðar í 240 millj. kr., sem samsvara um 360 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Bent er á að ef sú tillaga yrði samþ. væru vátryggingarfjárhæðir samt sem áður lægri en gengur og gerist í nágrannalöndum. Í Danmörku, þar sem fjárhæðirnar eru einna lægstar, miðast verndin við 10 millj. danskra kr., í Svíþjóð er fjárhæðin 50 millj. sænskra kr., í Noregi og Finnlandi og í mörgum öðrum löndum eru þær ótakmarkaðar. Telja verður að aðstæður hér á landi séu á ýmsan hátt frábrugðnar því, sem er í öðrum löndum á þessu sviði, og að fjárhæðir megi vera eitthvað lægri en þar gerist. Tillaga eftirlitsins er því sú, að vátryggingarfjárhæðir frv. verði tvöfaldaðar, þ. e. nemi 360 millj. kr. fyrir almenn vélknúin ökutæki, en 720 millj. kr. fyrir þau sem flytja mega fleiri en 10 farþega. Iðgjöld mundu af þeim sökum hækka á að giska um 5%. Ef fyrirliggjandi frv. yrði að lögum mundi það vera stórt skref í þá átt að koma þessum málum í viðunandi horf, en hvergi nærri fullnægjandi að mati eftirlitsins.

Eftirlitið telur eðlilegt að hækka gildandi fjárhæð sjálfsábyrgðar úr 24 þús. í 36 þús. kr., eins og lagt er til í 2. gr. frv."

Hér lýkur lestrinum úr áliti Tryggingaeftirlitsins. Þar kemur fram, eins og heyra mátti, að þeir leggja til að vátryggingarupphæðin verði helmingi hærri en allshn. leggur til og er í frv. Að mínu áliti er full ástæða til þess að þetta mál verði tekið aftur upp innan fárra ára, þegar reynsla hefur fengist af þeim breytingum sem nú verða gerðar á umferðarlögunum.

Það eru til litlar upplýsingar um tíðni þar sem tjón fara fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Slíkar upplýsingar þurfa að liggja fyrir þegar málið verður tekið upp aftur. Þá ber að geta þess, að hækkun á vátryggingarfjárhæðinni getur í sjálfu sér leitt til gerbreytts dómapraxís og stórhækkað tjónakröfur og hækkað dæmdar tjónabætur, sem hafa verið í algeru lágmarki hér á landi.

Þess ber að geta, að árið 1978 voru gerðar breytingar á umferðarlögunum, þar sem 3. gr. 70. gr. umferðarlaganna var breytt og orðast nú svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er dómsmrh. að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins að hækka vátryggingarfjárhæðir samkv. 1. og 2. mgr. í samræmi við verðlagsbreytingar."

Hér er um að ræða að ráðh. getur, ef honum sýnist svo, innan eðlilegra marka hækkað vátryggingarfjárhæðir ef þær eru innan þess verðlagsgrundvallar sem settur er með þeim breytingum sem hér er verið að leggja til að gerðar verði. Persónulega finnst mér satt að segja vera hálfskrýtin lagagerð að hafa heimild eins og þessa í lögum. Það er full ástæða til þess að sjálfar vátryggingarfjárhæðirnar séu ákveðnar í lögum, en ekki af ráðh., þar sem annað getur leitt til öryggisleysis í sambandi við réttarfar í landinu.

Ég bað Bjarna Þórðarson tryggingafræðing hjá Íslenskri endurtryggingu að gefa dæmi um hvernig 100% örorka yrði metin í dag hjá 30 ára manni. Hann hefur tjáð mér að ef áætlaðar vinnutekjur séu 600 þús. á mánuði og sé miðað við 13% vexti á ári, eins og gert er þegar kröfur eru settar fram, megi búast við að krafan og tjónið yrði metið á 45—50 millj. Sé það greitt eftir þrjú ár er upphæðin komin upp í 100—110 millj. ef reiknað er með 30% kauplagshækkunum, sem er alveg í lágmarki, og eftir fjögur ár yrði upphæðin 130—140 millj. Þá sjá menn hvílíkur gífurlegur munur verður á upphæðinni, sem nú er í lögum og er 12 eða 24 millj., þegar á að brúa kostnað sem verður að upphæð 130—140 millj.

Að undanförnu hafa komið fram kröfur allt að upphæð 120 millj. kr., og þá er gert ráð fyrir að Tryggingastofnunin greiði 20 millj. Af þessu sést að vátryggingarupphæð í núgildandi lögum er aldeilis ófullnægjandi og getur gert það að verkum að tjónvaldur verði algerlega eignalaus og ef eignir hans hrökkva ekki fyrir tjóni bitni það enn harðar á tjónþola.

Í 2. gr. er lagt til að hækkun á sjálfsábyrgð fari úr 24 þús. í 36 þús.

Í 3. gr., eins og kemur fram á sérstöku þskj., leggur n. til að gildistaka verði 12. maí. Sú dagsetning er valin einfaldlega með tilliti til þess að þá er fimmtungur af gjaldárinu liðinn, en það hefst 30. mars ár hvert, en eins og menn, sem eru góðir í reikningi, sjá munu vera 72 dagar frá 1. mars til 12. maí.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 346 (ný 3. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 311, n. 365). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Hér er um að ræða að gera lagfæringar á þessum lögum til samræmis við aðrar lagfæringar sem hafa verið gerðar í öðrum tilfellum, og má þar vitna til frv. til l. um Lífeyrissjóð sjómanna og um eftirlaun aldraðra.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um þetta mál, það var gerð grein fyrir því við 1. umr., en fjh.- og viðskn. leggur einróma til að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Listskreytingar opinberra bygginga, frv. (þskj. 369). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Við þrír þm. Sjálfstfl., þ. e. auk mín hv. 3. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson, og hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, flytjum á þskj. 369 frv. til l. um listskreytingar opinberra bygginga.

Í lögum hafa um nokkurt skeið verið ákvæði þess efnis, að heimilt sé að verja allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkja til listskreytinga á þeim mannvirkjum. Þetta nýmæli í lögum var sett inn 1967 og

þá þannig að menntmrn. gæti að fenginni umsögn sveitarstjórnar ákveðið slíka listskreytingu. Áður höfðu þó ýmsar skólabyggingar verið listskreyttar og má í því sambandi benda á lágmyndir Ásmundar Sveinssonar á Austurbæjarbarnaskólanum, eitt af hans fyrstu verkum, er hafa skreytt þann skóla síðan hann var tekinn í notkun árið 1930. Enn fremur má nefna málverk Jóhanns Briems í Laugarnesskóla, veggskreytingar Barböru Árnason í Melaskóla svo og mósaikmyndir Valtýs Péturssonar og reyndar Gunnlaugs Schevings, að ég held, í Kennaraskólahúsinu við Stakkahlíð.

Í lögum um grunnskóla var þetta ákvæði sett inn að nýju, en þá með þeirri breytingu að sveitarstjórn geti ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntmrn. Er heimildin fyrir allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis.

Enginn vafi er á því, að þær heimildir, sem voru settar í lög árið 1967, hafa örvar mjög listskreytingar í skólum þótt ljóst sé að þær hafa ekki verið notaðar í eins ríkum mæli og æskilegt væri. Ég vil í því sambandi vitna til svars sem hæstv. menntmrh. gaf í Sþ. 22. apríl s. l. við fsp. sem ég bar fram um það, hvernig þessar heimildir hefðu verið nýttar. Ljóst er að þær hafa verið nýttar í ýmsum tilvikum, en þó virðist það vera að í fleiri skólum hafi þetta ákvæði ekki komið til framkvæmda og listskreytingar ekki verið settar í þá skóla.

Frv. það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir allmikilli breytingu á þeim lagaákvæðum sem um þetta hafa gilt. Þær breytingar eru tvíþættar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að listskreytingar nái ekki aðeins til skólabygginga, heldur til allra opinberra bygginga, þó með ákveðnum undantekningum, sem í grófum dráttum eru taldar upp í 1. gr. frv., þ. e. undanþegnar séu byggingar sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að í staðinn fyrir heimild, eins og nú er kveðið á um í lögum um skólamannvirki, skuli hér vera um skyldu að ræða, þ. e. að skylt sé að verja til listskreytinga opinberra bygginga fjárhæð er nemi allt að 2% af byggingarkostnaði mannvirkis, þó ekki lægri en 1%. Í grg. er þetta ákvæði nánar skýrt þannig, að gert sé ráð fyrir að meginreglan verði sú, að það verði farið nálægt 2% af byggingarkostnaði við allar venjulegar byggingar, en hins vegar megi þó lækka þá fjárhæð allt niður í 1% þegar um mjög dýrar byggingar er að ræða eða mjög stórar byggingar, og má þar t. d. nefna sjúkrahúsbyggingar.

Það er gert ráð fyrir að fjárhæð þessari megi verja jafnt til listskreytinga utan húss sem innan, sem væri þá hluti af mannvirki, t. d. mósaikmyndir sem felldar eru í veggi utan húss eða innan, eða til kaupa á lausum listaverkum sem komið sé fyrir í byggingunni eða á lóð hennar.

Gert er ráð fyrir að viðmiðunin sé áætlaður byggingarkostnaður þegar um er að ræða listaverk sem felld séu inn í sjálfa bygginguna og verði hluti af henni, en endanlegur byggingarkostnaður þegar um er að ræða laus listaverk sem keypt eru eftir á til að setja í byggingar eða á lóðir þeirra.

Ef bygging er reist í áföngum, sem mjög oft er, er gert ráð fyrir að lög þessi komi til framkvæmda eftir því sem hverjum áfanga miðar áfram.

Með listskreytingu opinberra bygginga vinnst margt. Þjóðin verður ríkari af listaverkum og með því að tengja þau opinberum byggingum er þeim komið fyrir á stöðum þar sem margir eiga að jafnaði leið um og geta notið listaverkanna. Íslenskir listamenn fá enn fremur tækifæri á þennan hátt til að vinna að list sinni, og enginn vafi er á því, að laun fyrir slík verk eru flestum listamönnum kærkomnari en styrkir hins opinbera. Reynslan sýnir að íslenskir listamenn hafa tekið slíkum verkefnum vel og fagnað þeim og unnið þau af alúð.

Það er enginn vafi á því, að þó að mönnum hafi e. t. v. í upphafi vaxið nokkuð í augum kostnaður sem slíku fylgir verða slík listaverk fljótlega ómissandi þáttur af umhverfinu. Ég hef t. d. komið í nokkra skóla hér í Reykjavík þar sem slík listaverk hafa verið sett upp, og þó að mönnum hafi e. t. v. ofboðið kostnaður í upphafi, eða a. m. k. sumum útlölumönnum, þá held ég að þegar verkið er fullkomnað og komið á sinn stað muni enginn vilja missa það úr umhverfi sínu. Og ég er ekki í vafa um að t. d. í skólum eru slík verk líkleg til að þroska listasmekk ungs fólks og til að kenna fólki að meta og umgangast listaverk betur en ella.

Ég hygg að það standi engum aðilum í þjóðfélaginu nær en ríki og sveitarfélögum að tryggja aðgang almennings að listaverkum. Þetta er unnt að gera á margan hátt, en ég held að ein árangursríkasta aðferðin sé að tengja þau opinberum byggingum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Reynslan hefur sýnt, m. a. í skólabyggingunum, að skilningur manna á þessu er mjög misjafn. Sums staðar hafa menn ekki hirt um að nota heimildarákvæðin í þessu skyni. Þessu frv. er því ætlað að tryggja að allar opinberar byggingar, með nokkrum undantekningum þó, verði listskreyttar. Það er trú flm. að með því verði auðgað íslenskt lista- og menningarlíf.

Ég gat þess þegar fsp. var til umr. í Sþ. ekki alls fyrir löngu, að í Noregi hefur sú leið verið farin sem hér er lögð til, þ. e. að gera listskreytingar að skyldu við allar opinberar byggingar.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að þegar um er að ræða skólabyggingar eða aðrar byggingar, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, sé frumkvæðið í höndum sveitarfélaganna, en tillögur um listskreytingar háðar samþykki menntmrn., en önnur rn., þ. e. rn. sem viðkomandi stofnun heyrir undir, komi við sögu þegar um aðrar stofnanir er að ræða, t. d. heilbrigðisstofnanir.

Þetta frv. er flutt þegar nú er langt liðið á þingtímann. Við flm. gerum okkur vissulega ekki vonir um að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi, en það væri þó mjög æskilegt að það kæmist til n. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til hv. menntmn. þessarar deildar, og æskilegt væri að nota tímann til að fá umsagnir ýmissa aðila um þetta mál, bæði samtaka listamanna, Sambands ísl. sveitarfélaga og annarra aðila sem málið kann að snerta, þannig að hægt sé að taka það upp á þingi að nýju næsta haust og þá með þeim aths. sem kunna að hafa fram komið.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. menntmn. þessarar deildar.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í sambandi við þetta frv.

Ég held að það sé augljóst að hv. flm. eru hér að fjalla um mjög mikilvægt mál, sem reyndar hefur lengi verið til meðferðar á Alþ. og lagabókstafur er fyrir í allmörg ár, a. m. k. að hluta. Það, sem þetta frv. hefur, ef svo má segja, fram yfir það sem er nú þegar í lögum, er það, sem

réttilega kom fram hjá hv. 1. flm. í ræðu hans áðan, að um verulegar breytingar er að ræða frá því sem hugsað hefur verið, því að þarna er gert ráð fyrir að allar opinberar byggingar, þó með nokkrum undantekningum, verði listskreyttar og sé skylt að listskreyta þær samkv. 2. gr. þessa lagafrv. Hins vegar koma allmargar undantekningar fram í 1. gr. frv. Þó hygg ég að þær undantekningar séu varla tæmandi taldar og þurfi að skýra betur hvað við er átt.

En ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. flm., að það er ákaflega mikilvægt að listskreytingar skóla og annarra opinberra bygginga verði meira tíðkaðar en verið hefur. Eins og hv. flm. réttilega sagði er það fyrst og fremst tvennt sem menn hafa þá í huga, þ. e. að fegra umhverfið, búa mönnum fallegt umhverfi yfirleitt, og svo hitt, sem segja má að sé mikils virði líka og ekki minna virði kannske, að aukinn markaður verði fyrir vinnu listamanna. Undir þetta get ég sannarlega tekið og að þessu leyti til held ég að það sé mjög gott að við ræðum þessi mál, og ég get fallist á að eðlilegt sé að menntmn. þessarar d. taki þetta mál til umfjöllunar. Þó að stuttur tími sé til þingslita trúlega og ekki líkur á að hægt sé að ljúka þessu máli á þeim tíma er áreiðanlega bót að því að þn. fái þetta mál til umfjöllunar. En samt sem áður geri ég ráð fyrir að það megi finna ýmsa annmarka á þessu frv. þegar til kastanna kemur og þegar til framkvæmdanna á að koma.

Ég er því mjög meðmæltur að þær lagaheimildir, sem nú eru fyrir hendi um listskreytingar skóla, séu notaðar meira en verið hefur, en satt að segja hafa reynst nokkrir agnúar á framkvæmd þeirra mála frá því að grunnskólalögin voru sett. Það er næstum að segja fortakslaust þannig í sambandi við listskreytingarnar, að sveitarstjórnirnar hafa frumkvæðið í þeim málum. Það má segja að það sé algerlega augljóst hvað snertir grunnskólana að þar hafa sveitarstjórnirnar frumkvæði, og að því leyti til er erfiðara fyrir ríkisvaldið að hafa þau beinu áhrif á sem æskilegt væri. En að sjálfsögðu eru skólabyggingar sameiginlegt verkefni sveitarstjórna og ríkisvalds og einhvers staðar verður frumkvæðið í þessu að liggja. Það fór þannig í meðförum Alþingis þegar grunnskólalögin voru til meðferðar, að frumhugmyndunum, sem fram komu í frv. um grunnskóla, var breytt í þá átt að sveitarstjórnirnar fengju alfarið frumkvæðið í þessum málum. Þessu mætti að sjálfsögðu mín vegna breyta, og ef Alþ. hefur aukist frjálslyndi síðan fyrir sex árum eða svo væri það mjög gott. Á það kann kannske að reyna þegar þessi mál verða frekar rædd í menntmn.

Það er einnig vísað til 10. gr. í skólakostnaðarlögunum, en sú grein er að verulegu leyti úrelt og naumast framkvæmanleg eftir að lögin um grunnskóla voru sett og 26. gr. grunnskólalaganna var samþ. um þetta efni. Hún gerir þá heimild, sem er að finna í 10. gr. skólakostnaðarlaga, að verulegu leyti óframkvæmanlega og að sumu leyti, eins og ég hef reyndar áður haldið fram hér, tel ég að það sé naumast hægt að framkvæma þá grein eins og nú er. Við verðum sem sagt að una við þá lagaheimild sem um þetta er, sem er að finna fyrst og fremst í 26. gr. grunnskólalaganna.

Í þessu frv., sem hér er til umr., er vissulega að finna mjög verulega stefnubreytingu frá því sem verið hefur. Ég held að út af fyrir sig væri mjög æskilegt ef við gætum náð því marki sem frv. gerir ráð fyrir, en þó hygg ég að það mætti vel við una þó að hin ríka skylda til listskreytinga, sem fram kemur í 2. gr. frv., væri ekki fyrir hendi. En sjálfsagt er að kanna þetta allt vel og rækilega. Ég held að það þurfi að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvaða mannvirki það eru, sem við er átt, og hvaða mannvirki það eru, sem ekki kynnu að heyra undir lög af þessu tagi. Maður gæti t. d. spurt sig hvort brýr heyrðu undir þessi ákvæði. Þar er oft um mjög dýr mannvirki að ræða, og höfum við í því sambandi Borgarfjarðarbrúna. Hún verður mjög dýrt mannvirki. Ekki veit ég hversu kostnaðarsamt það verður, hvort það kostar 10 milljarða eða 12. En þá geri ég ráð fyrir að jafnvel þó að menn séu listelskir og unni listinni hið besta og vilji vinna listinni allt hið besta og listamönnum mundi þeim þykja það nokkuð há upphæð ef skylt væri að listskreyta t. d. Borgarfjarðarbrúna sem næmi 2% af kostnaði og þó ekki væri nema 1%. Ég held að það sé hægt að vinna þessu máli gagn án þess að skjóta yfir markið.

Ég held sem sagt að að mörgu leyti sé þetta mjög athyglisvert frv. og ágætt að hreyfa þessu máli hér. En ég vil líka taka það fram, að ég hef ævinlega litið svo á að menntamálaráðherrar eigi að beita sér sem mest í þessum efnum. Ég mun gera það og hef þegar reynt að hafa afskipti af þessum málum, þó í litlu sé, m. a. með því að hafa áhrif á að sótt verði ráðstefna af hálfu rn. og listamanna í Noregi sem fjallar um skreytingar opinberra bygginga. Sú ráðstefna verður haldin í Noregi innan ekki mjög langs tíma, á þessu sumri. Þetta er norræn ráðstefna. Ég hygg að það sé mjög gagnlegt að fylgjast með því, hvað fram kemur á þeirri ráðstefnu. Þar er ætlunin að gera grein fyrir þessum málum eins og þau standa á Norðurlöndum. Er eðlilegt að við fylgjumst með því og reynum að móta okkar stefnu svo sem fært er og kannske að öllu í samræmi við það sem frændur okkar á Norðurlöndum gera best í þessum efnum. Ég held að mjög æskilegt sé að við fylgjumst með því, sem þar er að gerast, og bíðum þess að þessi ráðstefna verði haldin svo við getum tekið mið af henni þegar kæmi til frekari framkvæmda á þessu sviði og e. t. v. hugsanlega með því að breyta þeim lagaákvæðum sem um þetta er að finna, m. a. í lögum um skólakostnað og ekki síður í lögum um grunnskóla.

En ég tel að þetta sé merkilegt mál og sannarlega þess virði að ræða það í hv. Alþ. Ég vænti þess, að hv. menntmn. líti á þetta mál, skoði það frá öllum hliðum og m. a. kynni sér það, ef hún hefur möguleika á, hvernig þessum málum er fyrir komið annars staðar í heiminum og þá ekki síst á Norðurlöndum.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég kem hér upp til að lýsa stuðningi mínum við frv. um listskreytingar opinberra bygginga. Það er enginn vafi á því, að land okkar er því miður allt of fátækt af listaverkum miðað við það sem gerist hjá öðrum þjóðum og þess vegna er allt, sem stuðlar að því að á þessu verði breyting, mjög til bóta. Ég held að það sé ljóst að skilningur fer mjög vaxandi á þörfinni á því að listskreyta opinberar byggingar. Mér er kunnugt um að eftir að ákvæði um slíkt voru sett í grunnskólalögin hefur a. m. k. orðið veruleg stefnubreyting hjá sveitarstjórnarmönnum. Mér er kunnugt um að í samtökum sveitarfélaga er að finna mikinn áhuga á þessu máli og þau hafa reynt að hvetja sveitarstjórnir til að nýta þau ákvæði í lögum í sambandi við nýjar skólabyggingar.

Hins vegar tel ég rétt að vekja athygli á því, að mér

finnst að samtök listamanna í landi okkar, sem vissulega hafa innan sinna vébanda marga ágæta listamenn, hafi raunverulega ekki sýnt nægan skilning á því að gera list sína nógu aðgengilega fyrir þá aðila sem hafa áhuga á því að skreyta opinberar byggingar, sérstaklega skólana. Á þessu þyrfti að verða breyting.

Ég vil vekja athygli á því, og sjálfsagt hafa margir tekið eftir því, að áhugi á listskreytingum bygginga er orðinn nokkuð almennur. Víða er það þannig í skólum landsins, að nemendur skólanna hafa tekið frumkvæði að því leyti að reyna að skreyta skólabyggingar og jafnvel aðrar byggingar í sínu umhverfi. Þetta sýnir að þörfin á þessu er mjög brýn. Ég get einnig bent á að víða um land má sjá stefnubreytingu hjá þeim sem ráða fyrir atvinnufyrirtækjum. Í mörgum tilfellum eru eigendur mannvirkja í fiskiðnaði nú í vaxandi mæli að listskreyta þau húsakynni. Það er öruggt að það örvar áhuga fólks á að hafa slíka listskreytingu fyrir augum og bendir til þess að þarna sé mikið verk óunnið.

Ég vænti þess, miðað við það sem kom fram hjá hæstv. menntmrh., að hann kynni sér vel þessi mál og veiti vissa forustu eða stuðningur komi frá menntmrn. til þess að hér geti orðið um framfarir að ræða. Ég endurtek, að miðað við aðrar þjóðir er land okkar mjög fátækt af listaverkum og allt, sem getur orðið til að bæta þar úr, horfir til bóta. Þess vegna styð ég þetta frv.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir, sem þetta mál hefur fengið hjá hæstv. menntmrh. og 1. þm. Vesturl., sem var að ljúka máli sínu. Ég vil hins vegar ekki að þessari umr. ljúki án þess að ég gefi eina skýringu að gefnu tilefni frá hæstv. menntmrh.

Það var í sambandi við þá aths. hans, að það væri ekki nægilega vel skilgreint í frv., hvaða mannvirki væri átt við, og tók dæmi af Borgarfjarðarbrú, sem er ærið dýrt mannvirki. Til þess að alveg sé ljóst hver skilningur okkar flm. er, þá er af ásettu ráði notað orðið bygging í frv. Það er einmitt til að forðast að menn líti á það sem skyldu að listskreyta önnur mannvirki en byggingar. Þá eru brýr ekki innifaldar í því sem frv. á við. Þetta vildi ég að kæmi alveg ljóst fram og yrði fest á segulband fyrir þá sem kynna sér þetta mál betur að lokinni þessari umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Mér finnst sjálfsagt að sýna því fullan áhuga. Mér finnst þetta frv. af hinu góða og beri að styðja að því að það nái fram að ganga. Ég vil lýsa því yfir, að ég hygg að við Alþb.-menn munum gera það sem við getum til þess að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 198, n. 376). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 100 frá 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, og liggur álit n. fyrir á þskj. 376. N. athugaði þetta frv. og hún mælir með því að það verði samþykkt og stendur öll að afgreiðslu málsins. Sýnist okkur að þetta sé skynsamlegt mál, en það gengur út á það að leyfa Hitaveitu Suðurnesja stækkun um 6 mw. úr 2 sem þar eru nú framleidd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. — 3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 354 (sbr. 231), n. 364, 374 og 382, 375). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um flugvallagjald, en það er gert ráð fyrir að flugvallagjald verði á árinu 1980 um það bil 1050 millj. kr. Langstærstur hluti þessa gjalds verður innheimtur af millilandaflugi, en tiltölulega lítill hluti er gjald af innanlandsflugi, en áætla má að það gæti orðið um 130 — 140 millj. kr. Gjaldið af innanlandsfluginu var samkv. þeim upplýsingum, sem við fengum í fjh.- og viðskn., 94 millj. kr. og þess vegna er það alrangt, sem segir í nál. 3. minni hl., að einkum sé seilst í vasa þeirra sem fjærst búa höfuðborginni um greiðslu þessa skatts.

Ég vil geta þess, að upphaf þessa máls var það, að söluskattur var felldur niður af fargjöldum í innanlandsflugi. Það var mjög veruleg upphæð á þeim tíma, en þá var söluskattur 20%, ef ég man rétt. Það þótti ekki fært á þeim tíma að fella algerlega niður þá skattheimtu og var þá tekið til bragðs að leggja á hið svokallaða flugvallagjald. Þessi réttarbót til handa þeim, sem þurfa á því að halda að fljúga landshluta á milli, var þá mjög veruleg. En síðan hefur þróun málsins verið sú, að flugvallagjaldið hefur ekki verið lagt niður, heldur notað til að auka og örva framkvæmdir í flugmálum.

Það er út af fyrir sig ljóst að niðurfelling á þessu gjaldi í innanlandsflugi skiptir engum sköpum um afkomu ríkissjóðs. Fjárupphæðin 100—150 millj. skiptir þar engum sköpum. Hitt er svo annað mál, að hún getur skipt nokkru máli varðandi nauðsynlegar framkvæmdir í öryggismálum og flugmálum, en það er öllum kappsmál, sem þar þekkja best til, að verulega verði úr bætt.

Jafnhliða því, að menn leggja niður þetta gjald, hljóta menn því einnig að verða að gera það upp, hvort ástæða sé til að minnka framkvæmdir í þessum málaflokki innanlands, sérstaklega í öryggismálum, en öryggi í flugmálum hefur verið mjög ábótavant í langan tíma. Það verður að koma til skoðunar hverju sinni. Að þessu sinni hefur það orðið niðurstaðan hjá 1. minni hl. n., að við leggjum til að gjaldið verði framlengt með þeim breytingum sem hér er lagt til, en 2. og 3. minni hl. skila um málið séráliti.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Hér er á ferðinni enn eitt skattahækkunarfrv. hæstv. ríkisstj. og ekki það skásta að mínu viti, þó að upphæð-

irnar sem slíkar séu kannske minni en í mörgum öðrum tilfellum. Á þskj. 374 er nál. frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn. þar sem fram kemur sú afstaða Alþfl. að hann er andvígur þeirri hækkun sem frv. gerir ráð fyrir, bæði að því er varðar hækkunina á flugvallagjaldinu á innanlandsflugi og leggur til að það verði gersamlega fellt niður og einnig að ekki verði jafnmikil hækkun á flugvallagjaldinu að því er varðar utanlandsflugið.

Það má út af fyrir sig til sanns vegar færa, að 94 millj. kr. skipti ekki sköpum, t. d. fyrir árið 1979, en sú var gjaldtaka af innanlandsflugi. Eigi að síður er óréttlæti að taka gjald af þeim farþegum úti í dreifbýlinu sem fyrst og fremst og kannske einvörðungu langtímum saman úr árinu byggja á flugsamgöngum við hina ýmsu staði. Hér er því óréttlátur skattur á þessa þjóðfélagsþegna, og er það í sjálfu sér „prinsip"-afstaða að ekki eigi að leggja hann á. Það má raunar líka segja að mikil skattheimta með flugvallagjaldi af flugferðum til útlanda dragi úr því, að utanlandsferðir geti orðið svokölluð almenningseign hjá fólki og það geti leyft sér að ferðast til útlanda.

Um þetta geta verið skiptar skoðanir. En í alla staði er óréttlætanlegt að leggja þessar auknu byrðar, þó að ekki séu miklar í fjármunum talið, á dreifbýlisfólk sem byggir samgöngumöguleika sína fyrst og fremst og í mörgum tilfellum einvörðungu stóran hluta úr árinu á flugsamgöngum.

Það er því flutt brtt. á þskj. 375 þess efnis, að í stað 8800 kr. flugvallagjalds á utanlandsflugið komi 7400, það verði ca. 35% hækkun á þessu gjaldi á utanlandsfluginu, en ekki 60% eins og frv. gerir ráð fyrir.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að gjaldið verði fellt niður af innanlandsfluginu. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um hver ástæðan er fyrir þeirri brtt.

Þá er gert ráð fyrir að síðasti málsliður fyrri mgr. 2. gr. verði felldur niður, en hann sýnist mér vera einvörðungu um það að ekki megi sjást þetta sérgreinda gjald á farseðlinum, það verði að felast. Það er óeðlilegt að mínu viti að slík skattheimta, sé hún á annað borð, sé ekki sýnileg öllum sem hlut eiga að máli, og því óeðlilegt að ætlast til þess að þetta sé ótilgreint í verði miðans. Þetta á að aðgreinast.

Í síðasta lagi er svo lagt til að síðari mgr. í 2. gr. laganna falli niður, en hún er um að ráðh. sé heimilt að hækka gjaldið í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar. Hér er greinilega verið til frambúðar að festa þessa gjaldtöku og skattheimtu. Það er óeðlilegt, því að eins og áður hefur komið fram er hún að okkar áliti ranglát að öllu leyti gagnvart innanlandsfluginu og verður að sjálfsögðu að stemma stigu við eða halda í hækkanir á þessum skatti að því er varðar utanlandsflugið. Það er því óeðlilegt að gert sé ráð fyrir að ráðh. hafi heimild til að hækka þetta gjald í hlutfalli við það sem vísitala byggingarkostnaðar hækkar.

Þetta eru þær brtt. sem eru fluttar af hálfu 2. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 375.

Það mætti margt fleira um þetta og önnur skattheimtumál hæstv. ríkisstj. segja, en nú er hart keyrt á það af hv. stjórnarliðum að mesta skattpíningarmálið hljóti hér afgreiðslu sem sérstök afmælisgjöf hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst Alþb. til launafólks og lágtekjufólks áður en hátíðisdagur verkalýðsins rennur upp, og ég skal ekki, nema þá sérstakt tilefni gefist til, reyna frekar að tefja fyrir því eða verða þröskuldur í vegi þess að þetta að því er virðist sérstaka réttlætismál hæstv. ríkisstj. verði hér afgreitt áður en 1. maí rennur upp. Ég mun því ekki hafa fleiri orð um þetta frv., a. m. k. ekki að sinni.

Frsm. 3. minni hl. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. og leggst meiri hl. n. gegn frv. eins og það er úr garði gert, enda þótt hann sé ekki samferða í áliti og afgreiðslu að öðru leyti.

Við þrír undirritaðir, hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Reykn. auk mín, leggjum til að þetta frv. verði fellt. Eins og segir í grg. okkar og nál. er þetta einn þátturinn í þeirri gegndarlausu skattheimtu sem hæstv. ríkisstj. beitir sér nú fyrir. Og þetta er auðvitað með því lágkúrulegasta. Þarna er seilst til tekna með mjög óeðlilegum hætti. Menn vilja reyna að verja þetta með því að aðrir hafi fundið þennan skatt upp. Hv. 4. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, hafði mjög á orði sem afsökun fyrir því, að þessi skattheimtuaðferð væri notuð nú, að aðrir hefðu fundið hana upp. Ég held að ég hafi minnt á það áður, að það liggur ekkert fyrir um að hann megi nota púðrið eins og honum sýnist, enda þótt hann hafi ekki fundið það upp. Þetta var auðvitað neyðarúrræði á sínum tíma og mistök, rétt er það, það er rétt að segja það eins og það er, að hafa lagt þetta á. Þetta var fljótfærni á sínum tíma og hefði aldrei átt að leggja á þessa lífsnauðsynlegu þjónustugrein skatta með þessum hætti.

Hv. 3. þm. Austurl. segir að það sé rangt, sem segir í okkar nál., að strjálbýlisfólk borgi mestan hlutann af þessu. Hvað ætli muni miklu t. d. hjá hv. 6. landsk. þm., Karvel Pálmasyni, á því sem hann borgar í þennan skatt, hvort heldur hann fer innanlands eða utan, sem fer kannske 20 ferðir á milli Bolungarvíkur og Reykjavíkur og aldrei út til Kaupmannahafnar? Það þarf að taka þetta með í reikninginn. Og svo þarf að gá að því, að þegar Raufarhafnarmenn fara til Mallorka fljúga þeir fyrst frá Raufarhöfn og svo áfram út. Þetta eru því auðvitað reikningar sem ekki standast ef að því er gáð. Auðvitað er miklu meiri fjöldi sem ferðast innanlands en til útlanda og þess vegna bera þeir mestan hluta og þyngstan part skattsins.

Þetta er, eins og ég sagði, einn þátturinn í þessari ástríðu hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir gefin loforð þeirra sjálfstæðisflokksmanna, sem að þessari ríkisstj. standa, fyrir kosningar um að afnema alla vinstristjórnarskattana. Þetta er tryggð þeirra við kjósendur Sjálfstfl. Ef Sjálfstfl. hefði lýst því yfir að hann ætlaði að viðhalda og hækka alla vinstristjórnarskattana hefði Sjálfstfl. fengið þrem til fjórum þm. færra, því munaði þeim mönnum sem standa að og mynda núv. hæstv. ríkisstj. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Þetta er um milljarður kr. Svo koma byltingarsinnarnir og skattaálögumennirnir og tala um að þetta megi menn ekki hafa á hornum sér af því að það bráðliggi á að búa vel í haginn fyrir flugvallagerð og að öryggistæki séu reist. Það er hægt að tala svona og spyrja eins og gert var hér á dögunum: Eru menn á móti því að flugvellir séu betur úr garði gerðir og þeim sé fjölgað? Ætli þeir fari ekki að flytja bráðum frv. um sérskatt, sjúkrahúsbyggingargjald, og spyrja, ef menn snúast gegn slíku háttalagi: Eru menn á móti því að byggja sjúkrahús? Eða þeir vilji leggja á sérstakt hafnabyggingargjald og spyrja: Eru menn á móti höfnum? Svona er að sjálfsögðu hægt að halda áfram með því að draga þessa þætti úr sjálfu fjárlagadæminu, þar sem þeir eiga heima, og mynda sérskatt,

til nauðsynjamála að vísu, og spyrja svo hvort menn séu að snúast með þessum hætti gegn nauðsynjaframkvæmdum.

En við skulum þá líta á hvernig hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðinu fer úr hendi ráðstöfun þessa fjár. Maður skyldi halda að með því að leggja milljarða á með þessum hætti mundi ríkið leggja meira á sig í þessum framkvæmdum. En hvað kemur á daginn? Framlag ríkissjóðs til flugmála sem hlutfall af fjárlögum lækkar úr 0.53% 1979 í 0.43% 1980. Flugvallagjaldið hverfur allt inn í ríkissjóðshítina og um leið og hún dregur til sín það fé, ríkissjóðshítin, lækkar stjórnarliðið framlag til flugmála úr ríkissjóði úr 0.53% í 0.43%. Þetta er nú öll rausnin. Sem sé alveg öfugt að farið.

Ég hef hér upplýsingar um að framlag ríkissjóðs til flugmála sem hlutfall af heildarútgjöldum til þess málaflokks lækkar úr 47% árið 1979 í 40% árið 1980. Í öðru lagi, eins og ég sagði, lækkar framlag ríkissjóðs til flugmála sem hlutfall af niðurstöðutölu fjárlaganna úr 0.53% árið 1979 í 0.43% árið 1980. Sjá nú allir menn hver rausnin er — eða hitt þó heldur — að hafa ráðstafað til þessara lífshagsmuna okkar 0.53% á árinu 1979. En jafnframt því sem lagður er á þessi skattur, sem nemur á annan milljarð kr., er stórlega dregið úr fjárveitingum í þessu skyni miðað við heildarniðurstöðutölu fjárlaga.

En það er fleira í þessu sambandi sem þarf að taka til athugunar og sýnir rausnar- og myndarskapinn — eða hitt þó heldur. Sé tekið tillit til nettótekna ríkissjóðs af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, sem voru 460 millj. kr. árið 1979 og áætlað er að verði 624 millj. 1980, þá er raunverulegt framlag ríkissjóðs á árinu 1980 0.25% og lækkar úr 0.31% árið 1979. (**Gripið fram í:** Þetta eru aðeins tekjur af Fríhöfninni.) Þetta liggur ljóst fyrir. Þessar upplýsingar, sem ég hef í höndum, liggja skjalfestar fyrir. Þetta eru nettótekjur ríkissjóðs af Fríhöfninni, sem rekin er vegna flugmála okkar og hefði sjálfsagt aldrei risið upp ef sú samgöngutækni hefði ekki haldið innreið sína í þetta þjóðfélag. (Gripið fram í.) Svona er nú upplitið á þessu. Þar við bætist, eins og ég hef áður sagt, að þarna er ákaflega lítilmótleg aðferð viðhöfð um skattaálögur.

Við leggjum sem sé til, fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn., að þetta verði fellt, enda — eins og ég hef marglýst yfir og geri enn að marggefnu tilefni — hafði Sjálfstfl. lýst því yfir og gefið um það heilagt kosningaloforð í okt. og nóv. s. l. og alveg fram til 3. og 4. des. að hann ætlaði að beita sér fyrir afnámi allra vinstristjórnarviðbótarskattanna sem á höfðu verið lagðir á stjórnartímanum 1978—1979. Forsenda kosningar allra þm. Sjálfstfl. var sú, að almenningur og kjósendur flokksins treystu því að þm. hans mundu standa við loforð sín.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hún er ekki Alþingi til sóma þessi umr. (**HBl:** En skatturinn?) Skatturinn er góður. — Hv. sjálfstæðismenn lofuðu því fyrir kosningar, eins og mörgu öðru óframkvæmanlegu, að afnema alla vinstristjórnarskattana. Það var göfugt og fagurt fyrirheit. En leiðin til heljar er vörðuð fögrum fyrirheitum. Ef við Alþb.-menn hefðum lofað að afnema alla skatta hægri stjórnarinnar væri ríkið gersamlega tekjulaust, því að uppistaðan í þeim tekjum, sem ríkið hefur af sköttum, er ættuð frá stjórn íhaldsmanna í landinu auðvitað, og þar var hv. þm. og fyrrv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen býsna drjúgur. Í þeirri stjórn hækkuðu sjálfstæðismenn skattana með dyggri og góðri aðstoð kommissars Hermannsson. Það stóð ekki á honum að hækka alla skatta, sem fyrir voru, og leggja á nýja.

Ég man hvílíkri skelfingu þetta olli á sínum tíma í röðum stjórnarandstöðunnar þáv. Þá voru vissir menn í stjórnarandstöðunni sem hömuðust á því hvað þessi stjórn væri að gera, hún tvöfaldaði skattana og byggi til nýja og kæmi náttúrlega verst við þá kjósendur sem okkur þótti þá ekkert síður vænt um en Sverri Hermannssyni nú. Nú er gripið til þess ráðs að leggja á nýja skatta vegna aðsteðjandi og erfiðra vandamála, sem eru nauðsynlegir, og einnig til þess ráðs, ef ráð skyldi kalla, að hækka nokkra skatta, sem fyrir voru, í samræmi við verðlagsþróun. Ekki má einu sinni gera það. Þá kemur stjórnarandstaðan, sem nú er, og hamast eins og naut í flagi gegn öllum möguleikum ríkisins til þess að afla tekna. En í blöðum sínum skrifa þeir á sama tíma að ríkissjóður verði að vera rekinn hallalaus á hverju ári og það eigi að berjast gegn verðbólgu o. s. frv. Ég nenni ekki að elta ólar við að ræða við þessa menn meðan þeir nota slíkar aðferðir í rökræðum.

Þessi skattur, sem nú er til umr., flugvallaskatturinn, var tekinn upp hér á landi af fyrrv. hæstv. fjmrh. Matthíasi Á. Mathiesen. Það má vera að þá hafi verið rangt að staðið. Ég gagnrýndi þá nokkuð þennan skatt vegna þess að hann var hér nýttur með allt öðrum hætti en gengur og gerist annars staðar, í útlöndum, þar sem hann hefur verið víða tekinn upp. Það má segja um hæstv. fyrrv. fjmrh. og ágætan þm., Matthías Á. Mathiesen, að hann var ekki uppfinningamaðurinn að skatti af þessu tagi. Tíðkast hafði víða í nágrannalöndunum og í mörgum öðrum löndum að taka flugvallagjald. En þannig var það „praktiserað" í þeim útlöndum, að þeir peningar, sem inn komu, fóru allir til uppbyggingar viðkomandi flugvallar yfirleitt eða þá til flugmála í heild. Þjóðir hafa notað við þetta svolítið mismunandi aðferð. T. d. hafa Svíar byggt upp mikið af sínu kerfi með peningum af þessu tagi. Fjmrh., með góðri aðstoð hv. þm. Sverris Hermannssonar, lagði á þennan skatt, en hann fór ekki til flugmálanna, hann fór beint í ríkiskassann og sjálfsagt til góðra mála. Ekki dettur mér í hug að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi verið að heimta skatta til að nota í illu skyni. Ég geri mig ekki að því viðundri að segja um þá peninga, sem fara til samfélagslegrar þjónustu í landinu, að þeir fari í óráðsíuna. Þetta fer auðvitað allt til þeirra verkefna sem við í sameiningu þurfum að leysa.

En þá skeður það fyrir líklega einum tveimur árum að hér er samþ. frv. um að flugvallagjaldið skuli renna til flugmála, á þann rétta stað og eina sem þessir peningar eiga að fara. Það er auðvitað spurning að hve miklu leyti menn eiga að eyrnamerkja slíkar tekjur. Það má alltaf deila um það. Það er kannske ekki æskilegt að gera það mjög víða í kerfinu. En þarna var þó ákveðið að þessir peningar færu til flugmálanna. Ég lagði það til á sínum tíma, þegar þetta gjald var lagt á, og vildi þá ekki vera frekur við þáv. hæstv. ríkisstj., enda ekki þekktur fyrir að beita óskynsamlegum aðferðum, — ég stakk upp á því að helmingur þess flugvallagjalds, sem þá var lagt á, bara helmingurinn til þess að vera ekki með fantaskap vegna peningaleysis í kassanum, færi til flugmálaframkvæmda. Það var auðvitað fellt og það líka af hv. þm. Sverri Hermannssyni. Þessir menn tala svona í dag og allt öðruvísi á morgun, eftir því hverjir sitja í ríkisstj. Skynsemin verður meira að segja að víkja, því að ég efast ekki um að hv. þm. Sverrir Hermannsson skilur ósköp vel þetta mál.

Þeir, sem böðlast á móti þessu gjaldi, að það hækki eftir annarri verðlagsþróun, eru auðvitað bara að berjast

á móti því, það er óhætt að segja það alveg beint, að nægilegir peningar fáist til að leysa úr þeim hnútum sem enn eru í sambandi við flugmálin í landinu. Ég er hins vegar býsna óánægður með það, að um leið og þessi skattur er lagður á skuli vera teknar að fullu út úr fjárlögum aðrar tekjur. Ég hefði vonað að með þessum skatti, þegar hann kæmi inn í þennan málaflokk samkv. lögum, væru jafnframt látnir aðrir peningar, til þess að það peningamagn, sem færi í þennan málaflokk, yxi verulega. Ég harma að ekki skyldu vera taldir möguleikar á að gera það.

Hins vegar er allur þessi málflutningur hrein sýndarmennska og kjósendahræðsla og verið að nudda sér utan í fólk úti á landi út af þeim 650 kr. sem þarf að borga í viðbót, ekkert annað en til þess að þykjast meiri vinur kjósendanna en hinir. Það er leiður siður og vondur. Ég tel að kjósendahræðslan yfir höfuð hafi allt of mikil áhrif á hv. þm., bæði stjórnarþm. og kannske ekkert síður hina. Menn ættu að þora að takast á við verkefnin og leggja á skatta eða gera hvað sem þarf án þess að vera skíthræddir um hvort þeir fái einu þúsundi atkv. meira eða minna. Menn eiga að vera menn til að gera rétt og skynsamlegt án þess að vera stöðugt að hugsa um hvort þeir missi eitt eða fleiri atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er ekkert gaman að þessu. Hv. síðasti ræðumaður hleypur úr salnum. Ég sem hélt að gosinu í Vestmannaeyjum væri löngu lokið. En líklega hefur hann fengið sömu tilfinninguna innan um sig og hraunið í Vestmannaeyjum fékk þegar „Patton" var að sprauta á það. Hv. þm. hljóp burt. (**Gripið fram í:** Hann er kominn.) Er hann kominn, blessaður?

Það er alveg furðulegt með hv. þm., sem annars er blessunarlega blíður, stilltur og friður á að sjá, hvernig hann getur umhverfst stundum þegar hann er sendur upp af flokksbræðrum sínum og systrum til að tala tóma vitleysu í ræðustól á Alþingi. Hvernig dettur honum í hug að líkja saman ástandinu nú og því ástandi sem var þegar þessi svokallaði flugvallaskattur var fyrst lagður á? Af hverju var hann lagður þá á? Við hvað bjó þjóðin þá? Af hverju dettur hv. þm. í hug að tala um að við séum að svíkja kosningaloforð okkar, sem við gengum fram til kosninga undir og erum að reyna að efna með þeirri till. sem við leggjum til í sambandi við afgreiðslu þessa máls? Hvað gerir þessi sami hv. þm. og flokksbræður hans? Þeir voru kjörnir hingað á Alþ. og eru í meirihlutaaðstöðu til að efna loforð sín sem þeir voru kosnir til að efna, en þeir svíkja hvert einasta kosningaloforð sem þeir hafa gefið þjóðinni og launþegum þessa lands. Þeir lofuðu að koma samningum í gildi, að hækka laun láglaunafólks og så videre, og så videre. Af því að hann talar tungum, þá hlýtur hann að skilja þetta.

Svo kemur þessi maður hér fram og segir að við séum að svíkja kosningaloforð okkar. Sjálfstfl og þingflokkur Sjálfstfl. eru ekki að gera það. Ég vil benda hv. þm. á að hann hefur haft mörg tækifæri til að efna loforð sín að undanförnu, sem hann barðist fyrir strax í kosningunum 1978. Hann hefur ekki efnt eitt einasta atriði þeirra og þess vegna vísa ég algerlega heim til föðurhúsa hjá honum þegar hann er að bera okkur á brýn að við séum að svíkja okkar kosningaloforð með því að bera fram þá till. sem við berum fram nú um að fella þetta frv. Við lofuðum því fyrir kosningarnar að afnema vinstristjórnarskattana og við viljum standa við það.

Það kemur að sjálfsögðu úr hörðustu átt þegar hv. þm. fer að tala um að mikla karlmennsku þurfi til að standa hér á samvisku sinni og leggja á skatta til að framkvæma eitt og annað sem þjóðfélagið þarf á að halda. Það þarf að sjálfsögðu ekki neina karlmennsku til þegar samviskan er engin sem undir býr hjá þessum karlmennum. Þeim er alveg sama hverju þeir lofa og hvað þeir svíkja. Þeir geta staðið frammi fyrir kjósendum og lofað þessu í dag, en svikið það á morgun, eins og öll dæmi sýna og sanna.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég held að við, sem stöndum að þessu máli, verðum að standa við okkar hlut, loforð okkar og annað. Ég held að við þurfum út af fyrir sig enga hjálp frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni við það. Það verður hver að standa fyrir sínu máli gagnvart slíku.

En ég vil upplýsa það vegna orða hv. þm. Sverris Hermannssonar, að 13.5% af því gjaldi, sem hér um ræðir, voru á s. l. ári af innanlandsfluginu, og það má áætla að hlutfallið verði svipað í ár eða um 130—140 millj. Þess vegna hlýt ég að endurtaka að það er rangt að mestur hluti þessa fjármagns komi af innanlandsfluginu. Það má áætla að um 900 millj. af því komi af millilandafluginu.

Hann sagði einnig að það hefði verið slys að leggja þetta gjald á á sínum tíma. En var það þá jafnframt slys að fella niður söluskattinn? Á sínum tíma, um áramótin 1975—1976, eftir að hafa verið flutt frv. í Ed. um að söluskattur af flugfargjöldum í innanlandsflugi yrði felldur niður, varð að samkomulagi milli Sjálfstfl. og Framsfl. að flugvallagjald yrði lagt á í staðinn, sem var mun minna en söluskatturinn var þá. Það er út af fyrir sig hægt að upplýsa hvað þetta þýðir. T. d. kostur að fljúga milli Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði, sem er ekki sú leið sem dýrust er þegar ferðast er á milli, það er dýrara t. d. til Egilsstaða, — það kostar 45 500 kr. fram og til baka. 23.5% söluskattur er 10 700 kr. Auðvitað sjá allir að það munar mjög miklu að borga 1300 kr. eða 10 700 kr. Ég vil því leyfa mér að mótmæla því að það hafi verið slys á sínum tíma að gera þetta.

Það er út af fyrir sig alveg rétt, að það hefði verið betra að fella þetta algerlega niður þá. En við getum ekki hrósað okkur mjög af því, sem stóðum að ríkisstj. á þeim tíma, að ríkissjóður hafi verið rekinn með miklum geiðsluafgangi. Hann var rekinn með gíurlegum greiðsluhalla, sem er e. t. v. það sem hefur orðið þess valdandi að verðbólgan var mjög mikil á þeim tíma. Við höfum því miður ekki af miklu að státa í þeim efnum.

Með lögum, sem voru samþ. á Alþ. 21. des. 1978, var svo ákveðið frá og með 1. jan. 1980, það stendur í 1. gr., að tekjum af gjaldi þessu skyldi varið til eflingar flugmála.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Mér er ljúft að stytta mál mitt ef forseti óskar eftir því, en ég fer ekki eftir fyrirskipun formanns þingflokks Framsfl. í þeim efnum og vona að ég eigi það ekki eftir.

Ég ætlaði að vera ósköp stuttorður, en ég botnaði satt að segja ekkert í því sem hv. þm. Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm., æsti sig sem mest út af. Þetta er dagfarsprúður maður en satt að segja bjóst ég hreinlega við sprengingu þegar hann hafði talað í rúmar 3 mínútur. Þessi hv. þm. sagði að ég hlyti að skilja þetta og hitt, ekki

síst vegna þess að ég talaði tungum. En hvað segir ekki Páll frá Tarsus í Korintubréfinu: „Þótt ég talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, yrði ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla.“ — Áframhaldið ætti Pétur kannske að kynna sér, sem er gott og gamalt ljóð. Einmitt þegar hið rétta hugarfar vantar er ekki nægilegt að tala tungum.

Ég skildi alls ekki hvað maðurinn var að fara þegar hann var að lýsa því voðaástandi sem hefði ríkit þegar þessi skattur var lagður á. Auðvitað var skelfilegt ástand í þjóðfélaginu þegar hægri stjórnin undir stjórn Geirs Hallgrímssonar, fyrrv. hæstv. forsrh., var hér við völd. Það er auðvitað skelfilegt fyrirbæri í sjálfu sér og jaðrar við náttúruhamfarir. Það er rétt. En ég vil bara segja það einu sinni enn, að sú hækkun, sem nú er lögð til, er aðeins verðlagshækkunin á milli ára og það er ekki óeðlilegt að gjaldið fylgi verðlagsþróun.

Ég skal viðurkenna það fyrstur manna, að þessi skattur hér innanlands er leiðinlegur skattur, þegar menn sjá þessa viðbót ofan á flugfargjaldið sitt hér innanlands, ekki síst með tilliti til þess að það kemur tiltölulega lítið fé út úr þessu. En þetta eins og annað í skatta- og álögukerfinu hjá okkur er fyllilega ástæða til að skoða betur. Ég held þó að menn ættu að gæta sín að taka ekki of mikið upp í sig, þegar þeir ræða mál eins og þetta, jafna þessu við átthagafjötra. Það er hræðilegt orð. Við vitum hvað átthagafjötrar voru og eru sums staðar enn, því miður. Að kalla það átthagafjötra að greiða til uppbyggingar flugvallakerfisins 650 kr. þegar menn fljúga á milli landshluta jaðrar við að vera ósæmilegt.

Við getum skammað hér hver annan eins og okkur gott þykir, en ég held að það sé best að það sé allt í hófi, og við eigum að tala um þetta málefnalega, en ekki með einhverjum eldgömlum tilvitnunum um hvað hefði skeð í þessari og hinni stjórninni, því að við vitum að jafnvel þó að menn ætli að reyna að slá sér upp á því að vera á móti sköttum, sem alltaf eru óvinsælir, er það ekki skynsamlegt af skynsömum mönnum að beita því um of.

Ég vil neita því, að ég hafi verið að bera hv. sjálfstæðismönnum á brýn að þeir hafi verið að svíkja kosningaloforð sín. Mér kemur það bara ekkert við. En sem betur fer, vil ég segja, heppnast þeim ekki að koma kosningaloforðum sínum öllum í framkvæmd.

Frsm. 3. minni hl. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. úr því sem komið er, en ég held fast við að það hafi verið slys á sínum tíma þegar við lögðum á þetta flugvallagjald, og skiptir þá engu máli þótt þeir á Kastrup hafi tekið þetta upp á sínum tíma eða sænskir byggt hjá sér flugvelli fyrir slíkt fé.

Það er alveg rétt, að það var felldur niður söluskattur sem nam meiri fjárhæðum, en það er ekki endilega nauðsynlegur siður, þó að menn falli frá einhverjum skatti, að bæta sér hann upp með öðrum og það óeðlilegum skatti eins og þessum.

Þessi skattur er óeðlilegur. Minnumst þess t. d. að nú þessa dagana hefur verið haldinn aðalfundur aðalflugfélags okkar, og við getum líka verið sammála um að sá félagsskapur er lífsnauðsynlegur og við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að hann geti haldið rekstri sínum við eins og nú háttar til um samgöngur við umheiminn, en þetta er einn snarasti og nauðsynlegasti þátturinn, þ. e. flugið. Auðvitað verður svona skattheimta þeim þætti til trafala. Slík skatttaka hlýtur af sjálfu sér að draga úr kaupum fólks á flugmiðum. Menn geta hugsað sér að það hefði verið nær að slíkt gjald hefði runnið til flugfélagsins og styrkja það. Það munar um minna en á annan milljarð. En alla vega liggur ljóst fyrir að þetta er óeðlileg og lítilmótleg aðferð, enda kom það fram hjá hv. 4. þm. Suðurl., byltingarsinnanum Garðari Sigurðssyni, að honum finnst þetta leiðinlegur skattur. „Ef ráð skyldi kalla“, sagði hann í fyrri ræðu sinni, meðan hann hélt nokkurn veginn áttunum.

Ég endurtek það, að á sama tíma og þessi aðferð er viðhöfð snarlækka framlög úr ríkissjóði til framkvæmda í flugmálum okkar. Það er stórhækkaður þessi nefskattur, sem ég vil kalla, en um leið er snarlækkað til hinna miklu hagsmunamála sem bygging flugvallanna er, og ég tala nú ekki um frekari öryggisbúnað, þar sem víða er ábótavant í þeim efnum. Þetta stangast alveg á og sýnir eitt með öðru að peningarnir eru notaðir í óráðsíuna. Menn bæta ekki við hina lífsnauðsynlegu liði þrátt fyrir aukna skattheimtu, heldur minnka þá af því að það þarf að nota þetta fé í eitthvað annað.

Ég svara engu til um kjósendahræðslu. Hún hefur ekki kvalið mig fram til þessa. Hins vegar eru stjórnarsinnar nú mjög svo höfuðstyggir vegna framferðis síns í skattaálögum. Það fer ekkert milli mála að æði hefur runnið á byltingarsinnann hv. 4. þm. Suðurl., og manni býður í grun að það sé eitthvað skylt þessu, sem hann sjálfur talar nú um að þjái aðra, kjósendahræðslu, því að mér sýnir hann svingla hér um í hálfgerðu meðvitundarleysi. Að sjálfsögðu er hann ekki umboðsmaður fólks sem tekur með þegjandi þökkum þeim aðferðum og þeirri aðför, sem ég vil kalla það, sem skattheimtan er að öllum almenningi þessa lands.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þær upplýsingar, sem komu fram hjá hv. 4. þm. Austurl., um lækkað framlag til flugmála hlutfallslega miðað við niðurstöðutölur fjárlaga. Þessar upplýsingar eru nýjar. Þær komu fram í útreiknaðri töflu á flugráðsfundi í morgun. Þrátt fyrir hækkun flugvallagjalds lækkar framlag skv. fjárlögum til framkvæmda við flugvallagerðina eða á sviði öryggismála, ef menn vilja heldur tala um þau.

Ég hefði sem flugráðsmaður átt afskaplega erfitt með að vera á móti þessu flugvallagjaldi ef sú skoðun mín hefði verið rétt, sú skoðun sem ég hafði áður en ég kom á flugráðsfundinn í morgun, að með hækkun flugvallagjalds hækkaði framlagið til framkvæmda á vegum flugráðs um land allt. En svo er ekki. Ég undirstrika það sem ég gat um áðan og vitnaði í ræðu hv. 4. þm. Austurl. Þess vegna er ég á móti þessum skatti.

Ég vil líka benda á það, sem að mínu viti er ógnvekjandi, að sú ákvörðun felst í þessu frv. að láta flugvallagjaldið fylgja verðlagsbreytingum og binda það við byggingarvísitölu. Ég óttast að þetta flugvallagjald verði innan tíðar of stórt hlutfall af heildarferðakostnaði ferðamannsins. Ég get fullvissað ykkur um þetta. Þegar útlendingar taka ákvörðun um hvar þeir eyði sumarleyfi sínu eða hvíldarleyfum munar um minna en þá upphæð sem hér um ræðir í flugvallagjaldi. Það getur í mörgum tilfellum haft neikvæð áhrif á ákvörðun ferðamannsins og þá er það farið að hafa keðjuverkandi áhrif á margt annað í þjóðskipulagi okkar, því að ýmislegt byggist á tekjum af ferðamönnum, ekki bara verslunin, — það er

enn þá kannske mest hér í Reykjavík, en líka úti á landsbyggðinni, — heldur líka framlag til ferðamála. Það verður þá minna til skiptanna og minna til rekstrar Ferðamálaráðs o. s. frv. Gjaldeyristekjurnar af ferðamönnum, sem eru verulegur hluti af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar, minnka líka. Ég varð því fyrir nokkrum vonbrigðum þegar ég sá þessar niðurstöður á flugráðsfundi í morgun.

Ég held að enginn mótmæli því, að ríkið þarf að taka skatta til ríkisrekstrarins. Það verður ekki rekið með öðrum hætti. En hitt er annað mál og við erum allir sammála um það, að það þarf að takmarka skatta eins mikið og mögulegt er. Það er líka ljóst, að eins og á stendur er engin hemill á skattheimtunni og ríkissjóður virðist vera óseðjandi.

Ég vil líka benda á það, þó að ég hafi ekki verið talinn sérstakur talsmaður landsbyggðarinnar hingað til, að flugvallagjald, sem á að verða 8800 kr. til útlanda, verður 10 100 kr. fyrir fólk sem býr úti á landi, en ætlar að ferðast til útlanda. Ef bætt er við 650 kr. við þessar 8800 kr. fyrir ferðamann utan af landi, sem ætlar til útlanda, verða það 9450 kr. Síðan kemur hann heim og verður að taka flugvél til baka heim til sín og þá bætast aftur 650 kr. við. Þá er gjaldið orðið 10 100 kr. Og þá er flugvallagjaldið af þeim sem fljúga frá Hornafirði, af því að talað var um það áðan að það væri rúmar 40 þús. kr. fram og til baka, — þá er það ekki undir 25% af innanlandsflugferðinni. Flugvallagjald, þ. e. flugvallagjald bæði innanlands og til útlanda, er þá komið í 10 100 kr. Þetta er orðin nokkuð stór upphæð. Maður, sem kemur utan af landi, er þá farinn að borga 1300 kr. meira fyrir að fara til útlanda en sá sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Ef mér verður mótmælt af landsbyggðarmönnum held ég að dæmið sé farið að snúast við.

Því er það, að við flm. þeirrar till., sem liggur fyrir á þskj. 382, leggjum til að flugvallargjaldið af flugferðum innanlands verði lagt niður. Ég held að það geti ekki talist sjálfsagt af þeim, sem fylgja flugvallaskattinum, og verði ekki talin nein sérstök hollusta við ríkisstj. að samþykkja þann skatt. Ég legg til að þeir hugsi mál sitt betur og hjálpi okkur til að losa þjóðina við þennan skatt.

Það var annað sem vakti athygli mína í 2. gr., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Einungis skal greitt eitt gjald þó millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar, enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir.“

Ég held að þessi setning geri svokölluð „stopover“ hjá flugfélögunum, sem áður voru hjá Loftleiðum og reyndust mjög vel, ókleif án þess að viðkomandi flugfarþegar borgi til viðbótar 8800 kr. til þess að komast frá landinu aftur.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að í þessu frv. er gert ráð fyrir að hækka flugvallagjaldið um 60%, og segir í grg. að það sé til samræmis við almenna verðlagsþróun frá 1. jan. 1979. Þetta eru nokkuð aðrar tölur en hæstv. ríkisstj. notar undir öðrum kringumstæðum. Þegar verið er að leggja skatta á þjóðina eru alltaf notaðar hæstu viðmiðanir, en svo aðrar þegar talað er á öðrum nótum, og þá kemur að þeirri áráttu hæstv. ríkisstj. að ná sem mestu til sín af almannafé á sama tíma og ráðstöfunarfé þjóðarinnar dregst saman. Ég vil jafnframt undirstrika það, að með því að hækka flugvallagjaldið meira en réttmætt getur talist er verið að skáka í því skjóli að þetta tekur ekki til verðbótavísitölunnar. Þetta er aðeins eitt dæmi um að níðst sé á landsbyggðinni með opinberum gjöldum sem höfuðborgarsvæðið losnar við. Ástæðurnar fyrir því, að ég get ekki sætt mig við þetta flugvallagjald, eru ekki síst þær, að gjaldið bitnar fyrst og fremst á þeim sem eru úti á landi. Ég vil ekki trúa því að óreyndu, að þm. þeirra kjördæma, sem mest eiga undir flugsamgöngum, geti fallist á að haldið sé á þessum málum með þeim hætti sem hér kemur fram.

ATKVGR.

Brtt. 375,1 felld með 17:13 atkv.

1. gr. samþ. með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PP, PJ, RA, SkA, SvG, ÞS, AS, EH, GS, GGÞ, GHelg, HÁ, SvJ, BS, IGísl, JE, ÓÞÞ.

nei: PS, SÓ, VG, AG, ÁG, BÍG, FrS, GH, HBl, JÞ, KP, MHM, EKG, MÁM, ÓE, SvH.

7 þm. (SighB, SV, StH, BGr, VI, GJG, JS) fjarstaddir.

Brtt. 375,2 felld með 16:16 atkv.

2. gr. samþ. með 17:16 atkv.

Brtt. 375,3 felld með 17:16 atkv.

3. gr. samþ. með 18:16 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:3 atkv.

Neðri deild, 67 fundur.

Miðvikudaginn 30. apríl, að loknum 66. fundi.

Söluskattur, frv. (þskj. 7) — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:6 atkv. og afgr. til Ed.

Hækkun lægstu launa, frv. (þskj. 20) — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Umferðarlög, frv. (þskj. 365 (sbr. 92)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 311). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 198). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 399).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 372, n. 379, 384 og 385, 380, 386). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft frá því í gær til formlegrar meðhöndlunar frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, en n. hafði áður unnið að þessu máli með fjh.- og viðskn. Ed. Ég hafði hugsað mér að gera nokkra grein fyrir gangi þessara mála, en þar sem allir flokkar hafa hér á Alþ. skipti eftir skipti rætt þetta mál, ekki aðeins við meðhöndlun þessa máls, heldur við meðhöndlun allra annarra mála hér á Alþ., sem að mínum dómi hefur gengið út í miklar öfgar, og menn þrítekið sig og fjórtekið sig í þessum málum, þá ætla ég a. m. k. að reyna að gera mitt fyrir hönd míns flokks til þess að þetta mál geti hlotið afgreiðslu nú helst fyrir kvöldmat — ég á von á því, að allir aðrir flokkar hafi tjáð sig nægilega um málið til þess að hafa komið sjónarmiðum sínum til skila, m. a. í útvarpsumr. En ef það reynist ekki hægt, þá mun ég nota tækifærið síðar í kvöld til þess að gera frekari grein fyrir gangi þessara mála, en vildi aðeins ítreka það, að 1. minni hl. n. leggur til að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir frá Ed.

Frsm. 2. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Austurl., formaður fjh.- og viðskn., hefur nú lokið máli sínu og hann vék að því, að hann vildi ekki lengja umr. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt til þess að það næði fram að ganga nú helst fyrir kvöldmat. Hann vék enn fremur að því, að allir stjórnmálaflokkar hefðu nú látið til sín heyra og það væri þess vegna ekki ástæða til þess að fjölyrða um málið svo mjög. Þegar hann hafði sagt þetta var ræðu hans lokið fyrir kvöldmat, sagði hann, og hann áskildi sér rétt eða orðaði það svo, að hann gæti þá komið með viðbótarræðu síðar í kvöld. Það stangaðist aðeins á við það sem hann hafði sagt áður, ef þetta mál hefði fengið afgreiðslu fyrir kvöldmat. (**HÁ:** Ef ekki.) Hann bætir nú við: ef ekki, þá gæti hann komið að aths. fyrir hönd síns flokks, sem er eðlilegt því að eins og nál. frá hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. bera með sér hefur n. klofnað. Það eru þrír minni hlutar. Sjálfstæðismenn mynda 2. minni hl. n. og eru þar fjölmennastir, þrír að tölu, framsóknarmenn mynda 1. minni hl. og eru þar tveir og 3. minni hl. myndar fulltrúi Alþfl. í hv. n. Þá hef ég talið upp sex, en sjöundi nm. var ekki viðstaddur afgreiðslu þessa máls. Og það sem meira er, flokksbróðir hæstv. fjmrh., fulltrúi Alþb. í hv. fjh.- og viðskn., hefur ekki enn skilað nál., en vissulega kemur það stundum fyrir að þm. hafa ekki haft aðstöðu til þess að mæta á fundum og láta þar í ljós skoðanir sínar á málum og hafa gefið út nál. engu að síður til þess að fram komi hver sé skoðun þeirra og vilji í málinu.

Ég veit ekki hvort von er á nál. frá þessum hv. þm. sem á sæti í fjh.- og viðskn. af hálfu Alþb., flokks hæstv. fjmrh. Ef það er á leiðinni, þá verður því sjálfsagt dreift hér meðan á umr. stendur, þannig að áður en henni lýkur fái þm. tækifæri til þess að sjá afstöðu þessa þm. og þess flokks sem hann er fulltrúi fyrir.

Mér fannst rétt að gera þessa aths. og vekja athygli á þessu hér í upphafi, því að það hefur ekkert farið á milli mála að töluverður ágreiningur er um þetta frv., þ. e. breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, og hafa komið fram margs konar upplýsingar, sem eðlilegt er, betri og fyllri upplýsingar eftir því sem fleiri dagar hafa liðið frá því að frv. var flutt. Mætti segja mér, að ef það hefði fengist tækifæri til þess að hafa þetta mál lengur til skoðunar í nefndum þingsins, en nefndir beggja deilda hafa unnið saman í þessu máli, þá hefðu sjálfsagt enn á ný verið komnar upplýsingar sem hefðu getað leiðrétt og lagfært það sem hér hefur verið lagt á borð þm.

Það er ekki svo að hér hafi aðeins verið um að ræða upplýsingar sem stjórnarandstaðan taldi rétt að taka tillit til og breyta þess vegna frv. Hér var um að ræða upplýsingar sem sjálf ríkisstj., sjálfur fjmrh. taldi þess eðlis að gera þyrfti lagfæringu á frv. áður en það gæti hlotið endanlega staðfestingu. Sá hv. þm., 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson, fulltrúi Alþb. og fulltrúi flokks hæstv. fjmrh., eins og ég gat um áðan, mætti ekki á þeim eina fundi sem fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hafði þetta mál til athugunar, þ. e. í dag, en málinu var vísað til n. í gær. Kannske hefur honum fundist þetta allt of skammur tími til þess að það tæki því yfirleitt að mæta á þessum fundi til að athuga málið. E. t. v. hefur hann ekki talið ástæðu til þess yfirleitt að koma fram neinum leiðréttingum í sambandi við þetta frv. (**KP:** Auðvitað er maðurinn á móti frv.) Ef það er svo, að þm. er á móti málinu, eins og hv. 6. landsk. þm. lét í ljós, hvers vegna þá ekki að koma á fund og koma í d. til þess að gera grein fyrir skoðunum sínum? Það er miklu oftar sem við heyrum í þm. í þessum ræðustól, þegar þeir eru að andmæla því sem til umr. er, heldur en að langar ræður séu haldnar til þess að mæla með því — þó menn geri það að vísu stundum og vilji þar með undirstrika áhuga sinn á því máli sem er til umr.

Þetta mál hefur verið langan tíma til umfjöllunar í hv. Ed. Hins vegar eru aðeins ætlaðir tveir sólarhringar í þessari d. til að afgreiða málið. Hér er að sumu leyti um samkomulag að ræða sem gert var í sambandi við útvarpsumr. og frestun á þessu máli vegna nýrra upplýsinga sem fram komu, og við það samkomulag mun staðið af hálfu okkar sjálfstæðismanna, að þetta frv. geti fengið

þinglega meðferð og afgreiðslu út úr þessari d. í kvöld. Hins vegar hefur a. m. k. ekki að okkar dómi nægjanlega margt verið um málið sagt í þessari d. til þess að okkur dugi 4—5 mínútur til að ræða málið. En ég vil undirstrika að við það samkomulag, sem gert var, verður staðið af hálfu okkar sjálfstæðismanna, og ég veit ekki til þess að nein breyting hafi orðið á af hálfu hins stjórnarandstöðuflokksins, þ. e. Alþfl., en þeir Alþfl.-menn gera að sjálfsögðu grein fyrir sínum sjónarmiðum hér á eftir.

Ég vil, áður en ég vík að efnisatriðum frv., ræða örlítið um þau vinnubrögð sem við eru höfð í sambandi við þetta frv. — og ekki aðeins þetta frv., heldur fjölmörg önnur frv. sem eru og hafa verið á dagskrá þessa fundar og fundanna í dag. Það er búið að samþykkja fjárlög og það eru settar inn í þau fjárlög tekjumegin ákveðnar tölur, sem eru samkv. lögum um skattheimtu, án þess að fyrir þeim sé lagastoð. Þegar svo fjárlög hafa verið samþykkt standa menn hér uppi í ræðustóli og segja: Fjárlögin hafa verið samþykkt, tölurnar hafa verið settar inn í þau og nú verða þm. að gera svo vel að samþykkja þessi frv. því að ella er ekkert mark takandi á fjárlögunum. — Þetta eru vinnubrögð sem að vísu hafa þekkst á Alþ. áður, en þetta eru vinnubrögð sem hér hafa ekki þekkst þann tíma sem ég hef setið hér nema þegar vinstri stjórn hefur verið í landinu. Þá hafa menn búið til fjárlög nákvæmlega eins og þeim hefur hentað og það hefur engu máli skipt hvernig tölurnar hafa verið fengnar tekjumegin. Það hefur verið búin til gjaldahlið samkv. till. þeirra flokka sem eru í ríkisstj., þ. e. vinstri flokkanna, og eftir það hefur svo stjórnarþm. verið sagt: Nú verður að hækka þessa skattana, nú verður að hækka hina skattana, nú verður að bæta á nýjum sköttum til þess að fjárlagafrv. verði ekki tóm markleysa.

Ég sagði áðan, að við værum að ræða hér um tekju- og eignarskatt og flugvallagjald. Eftir páskana var samþykkt hækkun á söluskatti um 1½%. Það var kallað orkujöfnunargjald. Nú er verið að samþykkja brbl. um hækkun á söluskatti úr 20 upp í 22%. Það var vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar sem setti þennan skatt á með brbl. Alþfl.-stjórnin varð að gefa út ný brbl. því að það vannst ekki tími til þess að afgreiða brbl. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar á þinginu í haust. Svo kemur ný ríkisstj. og leggur til að brbl. verði samþykkt. En allt gerist þetta löngu eftir að fjárlagafrv. hefur verið samþykkt.

Sú eðlilega starfsaðferð í sambandi við gerð fjárl. er að Alþ. samþykki þau tekjuöflunarlög sem byggja á tekjuhlið fjárlagafrv. á. Síðan gera menn sér grein fyrir því hvað er til skiptanna, hverju hugsa menn sér að eyða, en fara ekki öfugt að eins og hér er gert: Fjárlagafrv. er samþ. Það er þannig tilbúið, að gjaldahliðin er ákveðin, og síðan finna menn út hvernig þeir nái tekjum til þess að geta staðið við útgjaldahliðina.

Hæstv. forsrh. hefur stundum vikið að því þegar hann hefur rætt um fjárlagagerð, — hann er fyrrv. fjmrh. eins og kunnugt er, — að fyrst og fremst verði menn að gera sér grein fyrir því, hver eigi að vera tekjuöflunin, og þá verði menn að setja þak. Þegar hann sem forsrh. stýrir svo í fyrsta skipti fjárlagagerð, þá er ekki aldeilis verið að setja á þak. Það er a. m. k. ekki flatt þak. (**Gripið fram í:** Bara gólf.) Því var skotið hér fram, að það væri bara sett gólf og svo væri byggingin þaklaus, þakið væri fokið af. Síðan koma smiðirnir og þeim er sagt: Ja, nú verðum við, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að koma einhvern veginn þaki yfir þetta allt saman. — Og það eru skattborgararnir sem verða að borga.

Ég minnist þess sérstaklega 1972, hvernig fjárlagagerðin þá var. Fjárl. voru samþ. í des. 1971. En það var ekki fyrr en á útmánuðunum sem breyting á lögum um tekjuskatt var samþ. og þá var sagt: Það verður að samþykkja þessi lög einfaldlega vegna þess að það er búið að samþykkja fjárl., ella verður ekkert mark hægt að taka á þeim.

Ég er sannfærður um það, að a. m. k. ýmsir af þm. stjórnarliðsins eru þessum aðferðum ekki samþykkir. Það verður sjálfsagt látið heita svo, að menn þurfi að gera fleira en gott þyki, og með það að leiðarljósi standa menn að því að samþykkja öll þau skattafrv. sem hafa verið og eru til meðferðar hér á hv. Alþ. þessa daga.

Mig langar þá til þess að víkja nokkrum orðum að öðrum vinnubrögðum í sambandi við þetta frv. Við erum að flytja og ræða breytingu á nýjum skattalögum. Við gerðum það fyrr á þessu þingi og þá var það frv. flutt hér í hv. Nd. Forustu um afgreiðslu þess máls hafði formaður fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Austurl., og honum tókst að ná fullri samstöðu og samkomulagi um afgreiðslu á því máli. Ég var út af fyrir sig ekkert hissa á því, að honum tækist þetta, bæði vegna þess að hann hafði mikinn kunnugleik á málinu og hafði unnið að því og vegna þeirrar sérþekkingar sem hann hefur á þessum málum. En þetta hvort tveggja hefði ekki dugað, ef hann hefði ekki persónulega lagt sig eftir því að ná þessari samstöðu. Þegar það frv. var hér til meðferðar og samþ. með samkomulagi gerðu menn sér grein fyrir því, að það yrði að flytja annað frv. hér á Alþ. einmitt vardandi skattstigana og áður en því máli í raun og veru væri lokið. Það mátti því búast við því, að frv. um skattstigana yrði flutt í þessari hv. d. og hér yrði unnið með sama hætti og hv. formaður fjh.- og viðskn. hafði unnið að fyrra frv. En því var ekki að heilsa. Hæstv. fjmrh. flytur frv. í Ed., og ég verð að segja að það var að mínum dómi mjög óráðlegt, því að ég hefði trúað hv. 3. þm. Austurl., formanni fjh.- og viðskn., betur til þess að ná samstöðu í þessu máli heldur en gert hefur verið varðandi meðferð þessa máls. Ég er sannfærður um það, að upplýsingar, sem hefði þurft að fá, hefðu komið betur til skila ef þannig hefði verið á málunum haldið, og ég fullyrði að formanni fjh.- og viðskn. Nd. hefði tekist miklu frekar að ná samstöðu í þessu máli — og því er bætt við, að varaformaðurinn í n. er með sama hugarfari.

Hins vegar er kannske ekki öll sagan sögð með þessu. Við skulum átta okkur á því, að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir ákveðnum tekjum og það frv., sem hér er til umfjöllunar, verður — samkv. því sem hæstv. fjmrh. segir og hæstv. forsrh. líka — að gefa í ríkissjóð þær tekjur sem þar var gert ráð fyrir. En við skulum líta á þær forsendur, sem eru fyrir þessu frv. og því sem þar er um að ræða. Þeim er jafnvel breytt til þess að skila þeirri tölu. Þeim er breytt þannig að það á að hafa í tekjur hærri upphæð en fjárlög gera ráð fyrir. Þeir skattstigar, sem hafa verið samþykktir af hv. Ed., miðað við tekjubreytingu á milli áranna 1978 og 1979, gefa ríkissjóði 2.5 milljörðum, ef ekki 3 milljörðum meiri tekjur en fjárlög gera ráð fyrir. Þetta hefur verið staðfest af Þjóðhagsstofnun sem hefur sent frá sér útreikninga í sambandi við tekjuhlið frv. sem voru birtir með nál. og ég held gerð grein fyrir þeim með nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. Gerð var grein fyrir nýrri athugun á þessum atriðum við 3. umr., en hún var gerð

eftir úrtökum frá Þjóðhagsstofnun sem sýndu í raun og veru hvernig útkoman hafði verið.

Öll eru þessi vinnubrögð með þeim hætti, að ekki getur hjá því farið að hér á Alþ. komi fram gagnrýni og það mikil gagnrýni. Það á öllum að vera ljóst, að fjárlög á að samþykkja með þeim hætti, að tekjur ríkissjóðs, tekjur fjárlaga byggist á þeirri löggjöf sem þá þegar hefur verið samþykkt. Ef gerðar eru hins vegar sérstakar ráðstafanir þegar komið er fram á fjárlagaárið sem krefjast viðbótartekna, þá kemur ríkisstj. að sjálfsögðu til Alþingis og gerir grein fyrir því, og þá eru hin nýju útgjöld háð því að Alþ. samþykki þann tekjuauka sem af þeirri löggjöf leiðir. Ég verð að undirstrika það, að það voru mér vonbrigði að málið skyldi ekki flutt hér í þessari hv. d. og formaður fjh.- og viðskn. þessarar d., sem svo mjög vel og mikið hafði unnið að þessu máli, fengi tækifæri til að ljúka þessu verki. Og ég álít að undir hans forustu hefði e. t. v. verið hægt að ná töluvert víðtækari samstöðu um málið heldur en sýnist vera, a. m. k. þegar litið er á alla minni hlutana sem eru í fjh.- og viðskn. þessarar d. — og minni hl. sem lætur ekki í sér heyra í sambandi við þetta mál.

Það frv., sem hér er til umr., er einn þátturinn í stórfelldum auknum skattálögum, sem núv. ríkisstj. og fyrrv. ríkisstj. hafa beitt sér fyrir. Það er vissulega lærdómsríkt að gera sér grein fyrir því, hversu óskaplega mikið skattbyrðin — skatttekjur ríkissjóðs annars vegar og skattbyrði borgaranna í landinu — hefur breyst frá því að vinstri stjórnin tók við 1978 og þar til í dag. Söluskattur hefur verið hækkaður oftar en einu sinni. Vörugjald hefur verið hækkað og gjald á ferðalög, sett hefur verið á nýbyggingagjald, það hefur verið lagður skattur á verslunarhúsnæði, aðlögunargjald, hækkun verðjöfnunargjalds af raforku, bensínið hefur verið hækkað umfram verðlagshækkanir, síðan hefur verið sett á nýtt orkujöfnunargjald og svo hafa markaðir tekjustofnar til ríkissjóðs verið auknir. Þetta skiptir tugum milljarða. Hér er um að ræða upphæðir á milli 25 og 30 milljarða sem fólkið í landinu greiðir meira nú en það gerði á miðju ári 1978. Og það er alveg nákvæmlega sama hvernig menn í ræðustól eða í greinum sínum reyna að útskýra að það hafi ekkert verið hækkaðir skattar á fólkinu í landinu, allar þær tölur, sem notaðar eru til þess að átta sig á stöðu þjóðarbúsins, sýna eitt og aðeins eitt: skattbyrðin hefur verið aukin geysilega mikið.

Fyrr í dag tók til máls hv. 4. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, og gerði örlítinn samanburð í orðum á skattheimtu núv. ríkisstj. og skattheimtu ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, en í þeirri ríkisstj. veitti ég fjmrn. forustu. Af því að ég sé að þessi ágæti þm. er hér ekki langt undan langar mig til að vekja athygli hans á því, hvað tölur Þjóðhagsstofnunar segja í þessum efnum. Ef við skoðum árin 1975, 1976, 1977 og jafnvel árið 1978, sem var að hluta til vinstristjórnarár, þá kemur í ljós að af vergri þjóðarframleiðslu fara 26.8% til ríkisins 1975, 26.2% 1976, 25% 1977, svo stígur það aftur 1978 í 26.4%. Hver er svo talan í dag? Hver er talan sem reiknað er með að ríkissjóðstekjur á árinu 1980 verði sem hlutfall af þjóðarframleiðslu? Það er ekki tuttugu og sex komma eitthvað, það er ekki tuttugu og sjö komma eitthvað. Það er 28.5% af þjóðarframleiðslunni á árinu 1980 sem gert er ráð fyrir að renni til ríkissjóðs. Ef við miðum við meðaltal þessara ára — ekki árið 1977 sem varð lægst, þá er mismunurinn 2.5% af þjóðarframleiðslu, sem er um 1200 milljarðar. (Gripið fram í.) Ég er að tala um skattheimtuna, það er um hana sem við erum að ræða. Og þegar þessi tala er reiknuð út, þá komum við að 30 milljörðum. Það er sú tala sem fæst þegar hver einstök skattheimta er sérstaklega reiknuð út, þá skilar það út úr dæminu 30 milljörðum um það bil. Þetta eru þær tölur sem Þjóðhagsstofnun lætur frá sér fara, og ég hugsa að talan 28.5% á árinu 1980 sé ekki of há.

Ef við víkjum svo að einstaklingnum sem slíkum, að skattbyrðinni, hvað kemur þá út úr því dæmi? Er um að ræða útkomu sem er í samræmi við það sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði? Það er alls ekki svo. Ef við skoðum álagða skatta sem hlutfall af tekjum greiðsluárs — og erum ekkert að rugla dæmið, því að það getur vel verið að þá verði það orðið of flókið fyrir menn og þeir rugli þá öllu saman, þá kemur í ljós að skattbyrðin á árinu 1980 verður nærri 14.5% af tekjum greiðsluárs á móti árinu 1977, þegar fjmrh., sem hv. þm. talaði um í dag, sá um ríkiskassann, þá var dæmið 10.6%, — árið þar á undan 12.5%, árið þar á undan 11.4, en strax og vinstri stjórn var tekin við 1978 og áfram árið 1979 fer þessi tala hægt og hægt að stíga og kemst nú upp í 14.5% á þessu ári. Skatttekjur ríkissjóðs árið 1980 sem hlutfall af þjóðarframleiðslu verða um 28.5%, og ég hugsa að ég sé heldur varkár þegar ég er að halda þessu fram. Skattbyrði einstaklinganna í landinu verður 14.5% á árinu 1980 samkv. því sem Þjóðhagsstofnun segir. Og til hvers leiða þessi vinnubrögð? Það liggur auðvitað í augum uppi. Atvinnuvegirnir eru aldrei eins illa staddir og nú, kaupmátturinn rýrnar og afkoma fólksins versnar. Þessi hv. þm. kallaði það kjósendadekur þegar bent er á þessar staðreyndir, hann kallaði það kjósendadekur og taldi alveg ástæðulaust að vera með slíkt hér á hinu háa Alþingi.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, hver kaupmáttur kauptaxta er eða hvernig vísitölur þeirra eru. Í upphafi árs — miðað við 100 í ársbyrjun 1977 — er kaupmátturinn um 119 stig, en sígur nú niður á þessu ári og er þegar kominn niður fyrir það sem hann var í upphafi ársins 1978, kaupmáttur kauptaxta er kominn þó nokkuð niður fyrir það í dag. Einhvern tíma heyrðum við í kosningabaráttunni 1978: Samningana í gildi. Kosningar eru kjarabót. — Ég efast ekkert um, að þessi hv. þm. viðhafði þessi orð í sinni kosningabaráttu, og hann hefur sjálfsagt eins og margir af hans samstarfsmönnum og hans flokksbræðrum fengið út á það atkv. Það skyldi þó ekki vera að allar þær orðræður og þær setningar, sem sagðar voru, hafi verið kjósendadekur og þessi hv. þm. hafi því búið í glerhúsi þegar hann brigslaði öðrum um slíkt? Ég hef bent á með tölum að fullyrðingar hans fá ekki staðist. Miklu frekar er hitt, sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram, að stefna núv. ríkisstj. sé með þeim hætti í skattamálum, að hún lami atvinnulífið, hún minnki kaupgetu almennings og hún geri það að verkum, að landsmenn hafi ekki úr jafnmiklu að spila og þeir höfðu áður. (**Forseti:** Hentar hv. þm. fljótlega að gera hlé á ræðu sinni?) Já, herra forseti. Það hentar nú þegar ef forseta sýnist svo. [Frh.]

Forseti (Sverrir Hermannsson): Umræðu verður nú frestað, en ég minni á að stjórnarliðar og stjórnarandstaða gerðu samkomulag um að mál þetta næði fullnaðarafgreiðslu í hv. d. á þessum degi. Því ætla ég að biðja um samvinnu við hv. þdm. um að það nái fram að ganga

og ætla nú að gera tilraun til þess og bið um aðstoð að svo megi verða að ákveða, að atkvgr. fari fram um málið kl. 11, enda hefur þá umr. um málið staðið yfir í þrjá tíma, án þess þó að ég kjósi nema í neyð að fara að beita ákvæðum 38. gr. þingskapa um niðurskurð umr. Þetta bið ég hv. þdm. að athuga sérstaklega. — [Fundarhlé.]

Frsm. 2. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen) [frh.]: Herra forseti. Þegar ég lauk ræðu minni rétt fyrir kl. 7 var minni hluti ræðunnar eftir og ég mun að sjálfsögðu, eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, virða það samkomulag sem gert var um afgreiðslu þessa máls.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 384, sem er flutt af stærsta minni hl. fjh.- og viðskn., þremur sjálfstæðismönnum, er þar gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum og skírskotað til nál. sem frá sjálfstæðismönnum í hv. fjh.- og viðskn. Ed. kom. Þær till., sem þeir þar fluttu, brtt. við 3. umr., eru fluttar af 2. minni hl. á sérstöku þskj., þskj. 380, og mun ég gera nokkra grein fyrir þeim, að vísu ekki eftir númeraröð, heldur efni.

Í fyrsta lagi er gerð till. um breytingu á skattstiganum. Það er ljóst mál og kemur fram í dæmum sem lögð hafa verið fram og birt sem fskj. með nál., að sá skattstigi, sem ríkisstj. hyggst beita við álagningu skatta árið 1980 fyrir tekjuárið 1979, þyngir mjög skatta á fólki í landinu, sem að sjálfsögðu kemur mest við þá sem lægstu launin hafa. Við gerum till. um breytingu á skattstiganum til þess að koma í veg fyrir þetta. Að vísu voru þessar till. felldar í hv. Ed., en við væntum þess, að þegar nú fer fram atkvgr. um málið hér í Nd. hafi menn áttað sig á því, að enn er mikil skekkja í þeim útreikningum sem ríkisstj. hefur gert varðandi skattstigana, ef hún hugsar sér að koma fram skattalækkunum. Það var öllum ljóst að það yrði tilfærsla í sambandi við skattana vegna þeirrar skattkerfisbreytingar sem lög nr. 40/1978 gera ráð fyrir. En að ríkisstj. mundi nota þetta tækifæri og koma með slíka skattstiga, að skattar mundu hækka almennt á fólki, datt engum í hug. Við gerum því með brtt. okkar tilraun til þess að ná fram réttlæti í þessu máli og að tekjur ríkissjóðs af þessum skattalögum, miðað við rétta tekjubreytingu á árunum 1978 — 1979, ekki 45% heldur 47.5%, verði með þeim hætti að vinstristjórnarskattarnir falli niður. Auk þessa eru brtt. fluttar á þessu þskj. varðandi námsmenn, en með lögum nr. 40/1978 var gerð breyting sem horfið var frá aftur að hluta til með breytingunni á skattalögunum sem gerð var fyrr á þessu þingi. Sú breyting náði ekki að öllu leyti til þess sem áður hafði verið fellt út og til samræmis og með tilliti til eðlis málsins leggjum við til að þeir námsmenn, sem ekki geta nýtt sér námsfrádráttinn eins og hann er ákvarðaður, geti geymt hann þar til þeir hafa lokið námi og nýtt hann þá, miðað við þá verðlagsþróun sem átt hefur sér stað frá þeim tíma, sem þeim bar námsfrádrátturinn, þar til þeir hafa lokið námi og geta nýtt hann.

Þá er einnig gerð till. um að þeir, sem hafa lágar tekjur, geti ekki aðeins nýtt persónuafslátt til greiðslu á útsvörum, heldur einnig til greiðslu sóknargjalda og kirkjugarðsgjalda. Þetta þýðir að sjálfsögðu lægri útgjöld þess fólks sem lægstu launin hefur.

Þá er í þriðja lagi lagt til að sparifé og spariskírteini verði alfarið undanþegin eignarskatti, en í lögunum, eins og þau gilda í dag, er það að frádregnum skuldum. Frá því að lögin voru samþykkt hafa orðið það miklar breytingar í sambandi við verðtryggingu og vexti, að okkur flm. sýnist eðlilegt og rétt að þeir, sem hafa safnað sparifé, geti verið öruggir um að það verði ekki eignarskattsskylt.

Þetta eru í stórum dráttum þær brtt. sem við leggjum til. Við leggjum til að skattstigarnir verði af fyrstu 2.5 millj. kr. 20%, af næstu 3 millj. 30% og af tekjuskattsstofni yfir 5.5 millj. 40% og að persónufrádrátturinn verði 525 þús. kr.

Ég hef gert grein fyrir sjónarmiðum stærsta minni hl. fjh.- og viðskn., 2. minni hl., bæði um vinnubrögð varðandi þetta frv. svo og um skattbyrðina sem slíka. Þar fer ekkert á milli mála, eins og ég vék að, samkv. þeim gögnum sem óhlutdræg stofnun, Þjóðhagstofnun, hefur látið frá sér fara. Ég vék að því líka í upphafi, að það væri ekki komið fram nál. frá öllum nm. fjh.- og viðskn. þessarar d., það væri ekki komið nál. frá fulltrúa Alþb., flokks hæstv. fjmrh. En þegar frv. var flutt fyrr á þessu þingi um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt kom einmitt þessi ágæti hv. þm. hér upp í ræðustól og sagði að þessar breytingar allar saman væru þess eðlis, að hann hefði það á tilfinningunni að hann hefði farið heljarstökk út í náttmyrkrið og vissi ekki hvar hann kæmi niður. Má vel vera að heljarstökki hans sé enn ekki lokið og hann sé ekki kominn niður og þess vegna ekki tilbúinn að láta frá sér heyra í þessu máli. En sjálfstæðismenn hafa í nál. gert grein fyrir afstöðu sinni.

Frsm. 3. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það er nú ekki að sjá að hæstv. ráðh. hafi mikinn áhuga á að fylgjast með framgangi þessa máls. Þeir eru sjálfsagt ánægðir yfir þeirri staðreynd, að þeim ætli kannske að takast það á síðustu mínútum þessa sólarhrings að gera þetta frv. að lögum, svo þokkalegt sem það þá yrði að því er varðar komandi dag, sem er hátíðis- og frídagur verkamanna.

Það er engu líkara en hæstv. ráðh. — og raunar stjórnarliðar allir — hafi svarið þess dýran eið, að enginn mannlegur máttur skyldi koma í veg fyrir að þeim takist að koma þessu máli í gegn fyrir 1. maí, og það hafi verið aðaltakmarkið, fyrir þann tíma sem verkalýðshreyfingin í landinu hlýtur að láta til sín heyra um stöðuna í samningamálunum. Ég held að ég hafi orðað það svo í gær við 1. umr. þessa máls hér í d., að nú væri að ljúka nálega fimm vikna þrauta- og sálarstríði hæstv. fjmrh., pólitísku sálarstríði út af þessu máli. En það yrði aðeins stundarfriður. Aðalatriðið mundi að sjálfsögðu skella á þegar öllum almenningi í landinu birtast skattseðlar, væntanlega um mitt sumar, og það er engin spurning í mínum huga, þó að hæstv. fjmrh., sem fyrst og fremst ber ábyrgð á þessu frv., telji sig hafa unnið þessa lotuna með því að koma málinu hér í gegnum Alþ., — þá er enginn vafi á því að hann mun tapa hinu síðara stríði. Ég held ég hafi orðað það svo hér í gær, að mér kæmu í hug í sambandi við þennan stundarsigur í stríði hæstv. fjmrh. hin gullfallegu orð í upphafi sálmsins: „Þegar ég leystur verð þrautunum frá", en mér kemur enn í hug, þegar ég hugsa til lokastríðsins, hvort þar gæti ekki átt við um pólitískt líf hæstv. núv. ríkisstj. upphaf sálmsins þar sem segir: „Kallið er komið, komin er nú stundin." Það skyldi nú ekki vera að ýmsum kæmi það í hug, þegar almenningur í landinu — og þá kannske fyrst og fremst launafólk — fær að sjá í reynd iðjusemi þessara stjórnarherra við að auka álögur á almenning í landinu?

Það hefur orðið æ ljósara, eftir því sem menn hafa fengið betri tíma til að skoða þetta mál, að með þessu frv. eru lagðar geigvænlega miklar viðbótarálögur á almenning. En samfara því, að flestum hefur orðið þetta ljóst, hafa hæstv. ráðh. orðið æ gírugri í að keyra málið í gegnum þingið og ljúka afgreiðslu þess þannig að það yrði að lögum fyrir morgundaginn. Það virðist nokkuð ljóst t. d., að frv., eins og það var afgreitt af stjórnarliðum í Ed., felur í sér í kringum 18% hækkun tekjuskatts miðað við framreikning gamla skattakerfisins. Það er því engin furða þó að menn vilji reyna alveg fram á síðustu stund að spyrna við fótum og gera a. m. k. tilraun til að koma í veg fyrir að slíkt axarskaft sem hæstv. ríkisstj. er hér að fremja nái fram að ganga. Því að þetta er ekki bara spurning um það að hækka stórkostlega álögur á almenning í landinu með þessu frv. Það er líka spurning um það — sem allt virðist benda til að verði — að hæstv. ríkisstj. spilli með þessum framgangsmáta svo fyrir hugsanlegri lausn samningamála á vinnumarkaðinum að til stórátaka geti komið og það fyrr en síðar — fyrst og fremst vegna aðgerða hæstv. ríkisstj. Og það er ekki síður alvarleg hlið á þessu máli.

Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen minntist á það áðan, að enn væri ekki vitað um afstöðu fulltrúa Alþb., þ. e. annars stjórnarflokksins í fjh.- og viðskn., til þessa máls. Það er kannske í raun og veru ekkert vitað enn á þessari stundu hvort þessi hv. fulltrúi Alþb. og fjmrh. í viðkomandi nefnd hér á Alþ. ætlar sér að taka þátt í afgreiðslu málsins. Það getur alveg eins hugsast að hann ætli sér að mótmæla þessum vinnubrögðum og þessum álögum, þessari aðför að launafólki í landinu, með því að taka ekki þátt í afgreiðslu málsins með hæstv. ríkisstj. Og það yrði vissulega eftir því tekið, ef sá fulltrúi einn í þingflokki Alþb., sem enn sýnir merki þess að hann beri hag launafólks fyrir brjósti, tæki þessa afstöðu á lokastigi málsins. Hitt mun öllum ljóst, hver afstaða fulltrúa gáfumannadeildarinnar í Alþb. mun verða. Það skyldi nú ekki vera, að afstaða formanns Verkamannasambandsins, Guðmundar J. Guðmundssonar, kunni að ráða úrslitum um það hvort þetta verður að lögum um eða eftir miðnætti, hvort það verður að lögum nokkrum mínútum áður en frídagur verkamanna rennur upp eða hvort hæstv. ríkisstj. tekst að haga svo málum hér í þinginu að sjálfur baráttu- og frídagur verkamanna verði til þess notaður, að ríkisvaldið reki launafólki þennan löðrung. Allt þetta á eftir að koma í ljós.

Þess hefur orðið vart hér síðari hluta dags, að mikils óróa hefur gætt í sumum hópum stuðningsliðs hæstv. ríkisstj. Þó að um margt megi nú segja, að sérkennileg staða hafi verið hér á Alþ. í raun og veru allt frá því að hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þá er það þó sérkennileg staða að ekki skuli vera um að vitað tveimur, þremur klukkustundum áður en gengið er til lokaafgreiðslu á stjfrv., hvort slíkt frv. nýtur meirihluta fylgis hér á Alþingi. Um þetta er ekkert vitað. Frekar bendir það til þess að frv. hafi ekki meirihlutafylgi hér í deildinni.

Það er út af fyrir sig rétt sem hv. frsm. — nú má ekki segja þeirra stjórnarliða hér á Alþ., það er ekki um það vitað enn — en hv. þm. Halldór Ásgrímsson, frsm. 1. minni hl., sagði í upphafi þessarar umr. í kvöld, að svo margt væri búið um þetta mál að tala að raunar væri engu við það að bæta. Það má til sanns vegar færa að svo sé. En þó er að ég hygg æðimikið sem enn mætti upplýsa og gæti orðið til þess að opna augu enn fleiri hv. stuðningsmanna ríkisstj. hér á Alþ., þannig að innra með þeim fari að hrærast eitthvað svipað og hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni. Ef sá árangur næðist, þá væri það albesta gjöfin sem hægt væri að færa íslenskri verkalýðshreyfingu og launþegum á komandi degi. Væri hægt að koma í veg fyrir að þessi hnefi hæstv. ríkisstj. yrði látinn lenda á launafólki að morgni, þá væri það sannarlega góð gjöf, ekki hvað síst láglaunafólkinu í landinu til handa.

Í umr. um þetta mál hefur verið gerð grein fyrir afstöðu Alþfl. til málsins. Á það hefur verið bent og það er staðreynd, að vegna áhrifa Alþfl. í Ed. þingsins hopði hæstv. fjmrh. af hólmi og gerðist ekki eins djarfur í skattheimtu við suma þjóðfélagsþegna og hann ætlaði sér í upphafi með frv. Það var ljóst og hæstv. ráðh. sannfærðist um það eftir ítrekaðar ábendingar Alþfl. við umr. í Ed., að þó að vissulega væri við því að búast af honum að hann seildist sem dýpst í vasa skattgreiðenda, þá væri hann um of gírugur í tillögum sínum um skattlagningu þeirra tekjulágu og einhleyps fólks og einstæðra foreldra. Úr þessu var dregið, sem betur fer, en þrátt fyrir þetta er frv. — eins og það hefur verið afgreitt af stjórnarliðum í Ed. — þess eðlis að af því leiðir stórkostlega íþyngjandi skattheimtu á öllu launafólki í landinu og þá fyrst og fremst því fólki sem ætti hvað mest að hlífa.

Margoft hefur verið á það bent, og nú síðast ítrekað af Verkamannasambandi Íslands, að líklega væri eina raunhæfa leiðin til þess að rétta hlut láglaunafólksins og komast með skaplegum hætti frá þeirri samningsgerð, sem nú stendur yfir, að lækka skatta, fyrst og fremst á lágtekjufólki. Þetta er auðvitað aðalatriðið, ef menn vilja í raun og veru horfast í augu við þær staðreyndir sem við blasa í þjóðfélaginu. Alþfl. telur að þessi skattahækkunarstefna hæstv. ríkisstj. sé bæði röng og skaðleg, og að miklu fremur nú en oftast áður beri nauðsyn til þess að draga úr skattheimtu til að vernda raunkjör í landinu og þá fyrst og fremst kjör lágtekjufólks. Og þetta er að sjálfsögðu hægt ef stjórnvöld vilja fara þessa leið.

Eins og hér hefur komið fram fluttu fulltrúar Alþfl. í Ed., bæði við 2. og 3. umr. málsins þar, brtt. sem miðuðu að því að nálgast það stefnumark að snúa af braut stórkostlegrar skattahækkunar til þess að lækka skatta og um leið að vinna með raunhæfum hætti að lausn kjaradeilna — og að því markmiði hæstv. ríkisstj., sem hún hefur í orði og á blaði, en ekki í verki, að minnka verðbólguna í þessu landi, sem í raun og veru er kannske mesta og besta kjarabótin til handa láglaunafólkinu. Þessu er ekki sinnt og virðist augljóst að hæstv. ríkisstj. ætlar að keyra þessa skattahækkunarstefnu í gegnum þingið. Þá verður hún að taka afleiðingum af þeim gerðum sínum.

Enn verður þess freistað af hálfu Alþfl. við umr. þessa máls hér í Nd. af ná fram breytingu á þessari skattastefnu hæstv. ríkisstj. Um það flyt ég till., brtt. á þskj. 386, sem eru í sjálfu sér einfaldar og þarfnast ekki skýringa, en þó er kannske rétt að víkja að þeim örfáum orðum. Hér er um að ræða brtt. um skattstiga. Samkv. frv., eins og það var afgreitt frá Ed., er gert ráð fyrir að af fyrstu 3 millj. af tekjuskattsstofni eigi að reiknast 25% tekjuskattur og af næstu 4 millj. af tekjuskattsstofni skuli reiknast 35% tekjuskattur. Af tekjuskattsstofni, sem er yfir 7 millj., á að reiknast 50% tekjuskattur samkv. því sem stjórnarliðar samþykktu í Ed. Brtt. á þskj. 386 gerir ráð fyrir að af fyrstu 2.5 millj. greiðist einvörðungu 16% tekjuskattur, af næstu 3.5 millj. reiknist 32% og af yfir 6 millj. reiknist 48% skattur. Hér er um að ræða tilraun til að

hlífa fólki í landinu sem verst er sett og með engum hætti getur tekið á sig auknar skattbyrðar, það ætti mönnum að vera ljóst. Síðan er gert ráð fyrir í brtt. á þskj. 386 að persónuafsláttur manna verði 425 þús. kr., en í frv., eins og það var afgreitt frá Ed., er hann 505 þús.

Í fskj. með nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 385 er gerð grein fyrir því, hvað þetta í raun og veru þýðir til lækkunar á skattheimtu miðað við hin ýmsu tekjubil, annars vegar með skattstigum þeim, sem Alþfl. gerir till. um, og hins vegar þeim skattstigum, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að lögleiða. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara yfir þær tölur, þær skýra sig sjálfar og er ekki ástæða til þess að eyða tíma í það. En ég undirstrika að þessar brtt. Alþfl. eru í samræmi við þá stefnu sem launþegasamtökin í landinu hafa lagt til að farin yrði, miðað við þær kringumstæður sem í þjóðfélaginu eru.

Ríkisstj. eins og núv. hæstv. ríkisstj., sem lýst hefur því yfir, ráðh. eftir ráðh. og margoft hver um sig, að eitt af höfðumarkmiðum hennar sé náið samstarf og samvinna við verkalýðshreyfinguna og launþegasamtökin til að leysa aðsteðjandi vandamál, — ríkisstj., sem hefur þetta á vörunum, en allt annað í framkvæmd, vinnur ekki traust verkalýðshreyfingarinnar eða launþega í landinu. Hún slær á framrétta hönd þessara aðila til að leysa þau vandamál sem uppi eru, og hún gerir kannske meira en það. Hún heldur þannig á málum, að allt bendir til að hún stefni öllu í bál og brand á vinnumarkaðinum ef fram heldur sem horfir. Og það er vissulega þung ábyrgð sem hæstv. ráðh. taka á sig með þeim vinnubrögðum.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu lengri tíma í að ræða þetta mál. En það er von mín og það er von Alþfl. og það er von launþegahreyfingarinnar í landinu, að það takist — þó ekki væri nema að örlitlu leyti — að snúa hæstv. ríkisstj. af villu síns vegar í þessu máli til að komast megi hjá þeim illvígu deilum sem augsýnilega verða ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda því striki sem hún hefur nú tekið. Fari hins vegar svo, mót von Alþfl. og mót von láglaunafólksins í landinu, að stjórnarliðar á Alþ. haldi fram þeirri skattpíningarstefnu sem þeir hafa markað, þá er það enn eitt dæmið um þá forheimskun sem hæstv. ráðh., ríkisstj. og stjórnarliðarnir hér á Alþ. — allir sem einn, kannske að einum undanteknum — virðast vera haldnir. (**Gripið fram í:** Hver er það?) Það er spurningin. Það kemur væntanlega í ljós við lokaafgreiðslu málsins, hvort og þá hver hann er. Ég vænti þess, að hv. skrifari d. taki þá eftir og hugsanlega læri ef vel tekst til við lokaafgreiðslu málsins.

En það verður líka tekið eftir því — og það ættu hv. stjórnarliðar að muna, það verður líka tekið eftir því á morgun á meðal launafólks, hvort þeir nota fyrstu mínútur eða klukkustundir 1. maí til þess að reiða þetta hnefahögg að andliti launafólks í landinu með því að keyra þetta mál í gegnum þingið í algeru trássi við og gegn mótmælum allra launþegasamtaka í landinu og nota til þess baráttu- og frídag verkamanna. Eftir því verður tekið á morgun um allt land, hversu margir og hverjir stjórnarliðar það verða sem reiða það hnefahögg í andlit launafólks 1. maí.

Sigurður Óskarsson: Herra forseti. Það er fróðlegt og athyglisvert að fylgjast með því hér á hv. Alþ., með hverjum hætti þm. stjórnarflokkanna ætla að efna kosningaloforð sín. Þessir hv. þm., sem hér hafa innan þessarar stofnunar bakað saman það skattpíningarfrv. sem hér er til umræðu, eru á einkennilegan hátt, vægast sagt, að efna loforð sín við hv. kjósendur í þessu landi.

Ef ég man rétt hafa sumir stuðningsmenn þessarar hæstv. ríkisstj. og talsmenn þeirrar skattbólgustefnu, sem hér er rætt um, talið sig ákafa og einlæga verndara láglaunafólks í þessu landi. Verndunarstefnan virðist þó fyrst og fremst fólgin í árásum á kjör launafólks, m. a. með því frv. sem hér er til umr. Þingmenn Framsfl. og Alþb. og nokkrir aðrir hv. þm. með óvissar stjórnmálaskoðanir eru hér og nú að neyða upp á láglaunafólk í landinu mesta skattpíningarfrv. sem komið hefur til umræðu á Alþ. Já, það er ekkert annað.

Það verður athyglisvert að sjá, þegar gengið verður til atkv. að umr. þessari lokinni, að heyra og sjá hvort sjálfskírðir láglaunafólksverndarar samþykkja að hver fimm manna fjölskylda í landinu skuli greiða að meðaltali 650 þús. kr. hærri skatta á þessu ári en því síðasta. Þessi skattpíning er nú fyrirhuguð af fulltrúum þeirra stjórnmálaflokka hér á hinu háa Alþingi sem hétu því fyrir síðustu alþingiskosningar að standa vörð um kjör launafólks á Íslandi. Og það eru bág örlög, sem þeir hv. þm. hafa búið sjálfum sér, sem með þessum hætti launa verkafólki á Íslandi það umburðarlyndi sem það hefur sýnt hæstv. valdhöfum á síðustu misserum óverðskuldað.

Nú stefnir í 15—20 milljarða halla á viðskiptajöfnuði við útlönd. Greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum á þessu ári mun nema 16—17% af útflutningstekjum og mun þyngjast samkv. nýjum útreikningum Seðlabankans. Gert er ráð fyrir að á þessu ári verði tekin ný erlend lán að upphæð 90—100 milljarðar kr. Áætlanir Þjóðhagsstofnunar benda til þess, að framfærsluvísitala hækki um 13% 1. maí, um 9% 1. ágúst og ekki undir 10% 1. nóvember. Þetta þýðir tvöfalt meiri verðbólgu en núverandi hæstv. ríkisstj. þykist stefna að.

Ég vil ekki óska þeim til hamingju með ákvarðanatöku sína sem telja sig fulltrúa launafólks hér á hv. Alþ. og greiða atkvæði með því skattpíningarfrv. sem hér er lagt fram. Íslenskir launþegar munu á morgun, 1. maí, á baráttudegi verkalýðsins, vita hverjir það eru hér á Alþ. sem stuðla að allt að 20% kaupmáttarskerðingu hjá lág- og millitekjufólki í landinu í stað þeirrar kaupmáttartryggingar sem þeir lofuðu hv. kjósendum fyrir síðustu alþingskosningar. Það verður gjörla fylgst með því, hverjir ljá hæstv. ríkisstj. lið í þessu kaupránsmáli við afgreiðslu hér á Alþ. í kvöld.

Ég vil að lokum segja það, að ég trúi því ekki að fulltrúar launafólks hér á hv. Alþ., þm. sem telja sig fulltrúa launafólks og eru það í raun og veru á borði, en ekki bara í orði, muni greiða þessu frv. atkv. Ég á ekki von á að sjá þá gera það og trúi því ekki að það traust, sem verkalýðshreyfingin hefur sýnt þeim, verði launað með þeim hætti. En það kunna að vera til þm. sem fórna hugsjónum sínum fyrir æðstu embætti, hafa gert það og eru að gera það. En ég á ekki von á því, að fulltrúar innan samtaka verkalýðshreyfingarinnar muni lúta svo lágt.

Mér virðist því miður meiri áhugi hjá ýmsum innan hæstv. ríkisstj. nú á því að telja ýmsa liðsmenn sína á að fylgja sér — trega þó í þessu máli — en að bæta kjör þess fólks sem engan veginn lifir í dag af launum sínum fyrir dag- og yfirvinnu. Verkafólk á Íslandi í dag, sem með samanlögðum dagvinnu- og yfirvinnutekjum vinnur naumlega fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, hefur sýnt hæstv. ríkisstj. trúnað eða umburðarlyndi með því að gera ekki óhóflegar kröfur, heldur sanngjarnar kröfur.

Og það hefur ekki verið farið út í átök á vinnumarkaðnum. En verkafólk þolir ekki þetta ástand lengur, einfaldlega vegna þess að það getur ekki lifað af launum sínum eins og þau eru í dag.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hv. þm. Karvel Pálmason hefur þegar gert grein fyrir brtt. þeim sem hann flytur í nafni Alþfl. við þessa umr., og tel ég þarflaust að fara frekar út í þá sálma, enda gerði hv. þm. rækilega grein fyrir þeim, auk þess sem þær eru mjög vandlega skýrðar í nál. hans, sem liggur frammi sem prentað þskj. á borðum þdm.

Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á því, að eftir því sem fram hefur komið, bæði nú á síðustu dögum og eins þegar gengið var til kosninga hér í haust, þá á hæstv. ríkisstj. ekki að hafa þingmeirihluta fyrir þessu skattstigafrv. sínu hér í Nd. Alþingis. Ég held að það séu nú liðnar rétt um þrjár vikur síðan hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson kvaddi sér hljóðs, þegar var verið að afgreiða söluskattshækkun frá þessari hv. d., til þess að lýsa því yfir að hæstv. ríkisstj., sem hann styður, hefði ekki lengur sinn stuðning við frekari aðgerðir til þess að hækka skatta. Hv. þm. ítrekaði þetta á Alþ. í ræðu sinni nokkrum dögum síðar og hefur látið það koma ótvírætt í ljós í viðtölum við blöð og aðra fjölmiðla á undanförnum dögum, þannig að ef marka má orð hv. þm. — og ég dreg þau ekki í efa — þá hefur hæstv. ríkisstj. ekki atfylgi hans til þeirra athafna sem hún er að framkvæma. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hefur lýst því yfir, að hann fylgi ríkisstj. ekki í frekari hækkun skatta en hún hefur þegar fengið afgreidda á Alþ. og hér er um að ræða skattahækkun.

Þá liggur það einnig ljóst fyrir, að a. m. k. þrír yfirlýstir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., núv. hæstv. ráðh., gáfu um það fyrirheit þegar þeir voru kjörnir til þings og leituðu eftir atkvæðum frá kjósendum sínum til þess að ná kosningu til þings, að þeir mundu ekki aðeins sporna við frekari skattahækkunum, heldur jafnframt afnema þá skatta sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar lagði á á s. l. vetri. Þessir ráðh. eru að sjálfsögðu hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen, hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson og hæstv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson. Þetta loforð þeirra hæstv. ráðh. liggur fyrir, bæði munnlegt á framboðsfundum í kjördæmum þeirra og skriflegt á síðum þeirra blaða sem þeir skrifuðu í eða gáfu út fyrir kosningar. Greiði þessir hæstv. ráðh. atkvæði með því skattstigafrv., sem hér er til meðferðar, eru þeir því að ganga á bak orða sinna, og ég held að það væri engum ætlandi, a. m. k. ekki þessum hæstv. ráðh., að gera slíkt fyrr en þeir þá sýna það hér með handauppréttingu á hinu háa Alþingi, að það séu ekki liðnar nema nokkrar vikur frá því að þeir gáfu tiltekin loforð þar til þeir síðan svíkja þau við fyrsta tækifæri.

Aðrir hv. þm., eins og hv. þm. Eggert Haukdal, sem hafa verið orðaðir við þessa ríkisstj., hafa líka náð kjöri til Alþingis út á loforð um sama efni, út á loforð um að standa gegn frekari skattahækkunum, — og ekki aðeins að standa gegn frekari skattahækkunum, — heldur að afnema þá skatta sem lagðir voru á á s. l. ári. Það mun því liggja alveg ljóst fyrir, að ef þessir hæstv. ráðh. og hv. þm. Eggert Haukdal greiða atkv. með þessu skattstigafrv., þá eru þeir að ganga á bak orða sinna við það fólk sem veitti þeim traust í síðustu alþingiskosningum. Ég held að þessir hæstv. ráðh. og hv. þm. ættu a. m. k. að skoða hug sinn tvisvar áður en þeir gerast svo mjög brotlegir við yfirlýsingar sínar frá því í kosningabaráttunni að þeir ekki aðeins láti það vera að afnema þá skatta, sem lagðir voru á af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, heldur bæti um betur.

Ég þarf ekki að ræða um hv. þm. Albert Guðmundsson, því ég hef ekki litið svo á um nokkra hríð, að hann væri stuðningsmaður ríkisstj., hvernig svo sem því máli hefur verið farið á fyrstu dögum ríkisstj. hér á Alþingi.

Ræðutími minn getur ekki orðið langur að þessu sinni vegna þess að við höfum gefið ríkisstj. fyrirheit um það, að hún geti fyrir 1. maí, baráttudag verkalýðshreyfingarinnar, afhent henni þá gjöf í tilefni dagsins sem hún telur við hæfi. Mun ég því ekki gerast mjög langorður, en láta mér nægja að drepa á nokkur atriði sem komið hafa fram í ræðum hæstv. ráðh. á undanförnum dögum varðandi skattamálin.

Í fyrsta lagi liggur það nú fyrir, að hækkun á tekjum milli ára verður ekki 45%, eins og gengið er út frá við áætlun um það hvað þessi skattstigi ríkisstj. gefur, heldur er talið líklegt samkv. nýjustu gögnum að tekjur á milli ára muni hækka um 47%. Verði sú raunin á, sem niðurstöður úrtakskannana á framtölum einstaklinga hafa bent til, mun sá skattstigi, sem hér er til meðferðar, skila a. m. k. tveimur milljörðum kr. í ríkissjóð umfram það sem látið er í veðri vaka. Ég hef heyrt það, m. a. hjá hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni, að það er reynt að komast fram hjá þessu með því að láta í veðri vaka að þetta úrtak sé ekki marktækt þar sem það nái aðeins til framteljenda sem ekki hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, þ. e. framteljenda sem þiggja laun sín hjá öðrum. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason hefur haldið því fram, að þetta úrtak sé ekki marktækt vegna þess að upplýsingar skorti um þá aðila sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri. Þessi viðbára er hreinasta bull og algjörlega út í loftið. Í fyrsta lagi eru þeir framteljendur, sem aðeins hafa tekjur af eigin atvinnurekstri og eru að skila framtölum sínum nú um þessar mundir, aðeins 10% af heildarhópnum, þannig að til þess að mjög verulegt frávik yrði frá þeirri 47% tekjuaukningu milli ára, sem Þjóðhagsstofnun áætlar á grundvelli úrtaks úr þeim framtölum einstaklinga sem þegar eru fram komin, þyrfti mjög verulegt frávik að verða niður á við frá þeim framtölum einstaklinga, sem þegar liggja fyrir, og til framtala þeirra einstaklinga sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, en þau eru að berast til skattstofanna um þessar mundir. Hópurinn er svo lítill, að til þess að mjög veruleg frávik gætu orðið þyrfti tekjuaukabilið á milli þeirra, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, og hinna, sem hafa tekjur sem launatekjur, að vera mjög mikið til þess að færa 47% tekjuaukningu niður í 45%, eins og reiknað er með í áætlun hæstv. ríkisstj. Í sambandi við þetta skattstigafrv. mættu tekjur einstaklinga, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, þannig ekki hafa hækkað á milli ára um meira en 30%. Og það sér auðvitað hver heilvita maður, að það getur ekki gerst, að á sama tíma og tekjur einstaklinga í landinu, sem eru launþegar, hækka á milli ára um 47%, þá hækki tekjur þeirra, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, aðeins um 30%. Þessi viðbára er sem sé hreint bull og algjörlega út í loftið.

Í öðru lagi er því til að svara við þessari röksemd þeirra

stjórnarsinna, að tekið hafa gildi nýjar reglur um hvernig skattleggja skuli þá einstaklinga sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri. Þar er nú í fyrsta sinn búið að setja ákveðið lágmark sem er þess eðlis, að áætla skuli þessum aðilum tekjur sem eru a. m. k. jafnmiklar og ætla má að þeir hefðu fengið ef þeir hefðu verið launþegar hjá öðrum. Þetta þýðir að sjálfsögðu að þarna er verið að setja ákveðið lágmark um skatttekjur þessara tilteknu einstaklinga og lágmarkið er sami tekjuauki og aðrir hafa fengið í sinn hlut, sem vinna sambærileg störf, en taka fyrir það laun hjá öðrum. Það er því alveg sama hvernig maður skoðar þessa viðbáru þeirra stjórnarliða, hún er algjörlega út í loftið. Það eru miklu meiri líkur á því, vegna þessara nýju reglna, að tekjur þeirra einstaklinga, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, hafi hækkað meira á milli ára en hinna. Samkv. þessu eru meiri líkur á því, þegar heildarhópurinn verður skoðaður, þegar allir hafa talið fram, að tekjuaukningin milli ára verði meiri en 47% en að hún verði minni. Ég vil aðeins taka það fram — og ég vænti þess að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson gæti staðfest þær upplýsingar mínar ef hann væri hér staddur — að athuganir, sem gerðar hafa verið á vegum Verkamannasambands Íslands og aðildarfélaga þess á inngreiðslum í orlofs- og sjúkrasjóði á árinu 1979 benda til að tekjuaukning milli áranna 1978 og 1979 hafi orðið 47.5 — 48%. Reynslan undanfarin ár af þessum útreikningum Verkamannasambandsfélaganna bendir til þess, að þær séu mjög nálægt sanni. Allar þær upplýsingar, sem fyrir liggja, benda í þá átt að ekki sé rétt að miða við 45% tekjuaukningu milli ára, eins og hæstv. ríkisstj. gerir í áætlunum sínum um hvað hún fái í sinn hlut af þessum skattstiga, heldur sé nær að miða við 47 eða jafnvel 48% tekjuaukningu milli ára. Það mun auka tekjur ríkisins af þessum skattstiga og þar með skattbyrðina í landinu um milli 2 og 3 milljarða kr.

Út af fyrir sig er ekkert við því að segja og það er alkunnugt hagfræðilegt lögmál, að ráð til þess að draga úr þenslu og spennu í þjóðfélaginu sé að hækka skatta til að minnka ráðstöfunarfé fjölskyldnanna svo þær hafi úr minna að spila. Þetta er alkunnugt skólabókarráð úr hagfræðivísindum. Ef hæstv. ríkisstj. hefði ætlað sér að gera þetta, hefði ætlað sér með skattstiga sínum að hækka tekjuskattinn meira en hún telur sig þurfa til að ná endum saman í ríkisfjármálunum, að beita skattstiganum með þessum hætti til að rýra ráðstöfunartekjur heimila og draga þannig úr þenslu í þjóðfélaginu, þá ætti ríkisstj. að sjálfsögðu að hafa hug til að segja frá því undanbragðalaust, en láta ekki líta út fyrir að hún sé að taka minna fé af skattborgurunum með skattstiga sínum en allar líkur benda til. Og það er alveg fáránlegt að halda áfram að miða alla útreikninga við 45% tekjuhækkun á milli ára þegar fyrir liggur eftir öllum fáanlegum lýsingum, að sú tekjuspá sé allt of lág. Það er svipað og þegar hæstv. ríkisstj. var að afgreiða hér á dögunum fjárlagafrv. sitt, miðað við 31% verðbólguþróun á árinu, þegar fyrir lá að verðbólgan mundi vaxa um a. m. k. 47 — 55% á árinu, eftir því hvort menn nota viðmiðunina frá upphafi til loka árs eða samanburðinn á meðalverðhækkun ársins 1980 miðað við meðalverðhækkun ársins 1979.

Þá hefur hæstv. ríkisstj. haldið því fram, að með þessum skattstiga væri hún ekki að hækka skatta. Við skulum láta vera að ræða frekar um það en gert hefur verið, því að það er ekki langt þangað til skattseðlar verða sendir út til hvers og eins, og ætli sé ekki best að láta skattseðlana dæma og skera úr í þessu deilumáli stjórnar og stjórnarandstöðu. Hitt er alveg ljóst, og það liggur fyrir í upplýsingum Þjóðhagsstofnunar, að þessi skattstigi og skattaáform ríkisstj. í sambandi við tekjuskattinn munu auka skattbyrðina í hlutfalli af tekjum greiðsluárs úr 13.4%, eins og skattbyrðin var á árinu 1979, í 14.2 — 14.6% af tekjum, eins og talið er að skattbyrðin muni verða á árinu 1980, og að halda því fram frammi fyrir þessum tölum, sem kynntar eru Alþingi af ríkisstj. sjálfri, að ekki sé um skattahækkun að ræða, er að sjálfsögðu að berja höfðinu við steininn.

Þá liggur það jafnframt fyrir samkv. upplýsingum þessa sama ráðunautar ríkisstj., Þjóðhagsstofnunar, að áhrif þessarar skattbyrðaraukningar úr 13.4% af tekjum greiðsluárs í 14.2 — 14.6% muni ein út af fyrir sig rýra kaupmátt launþega á árinu 1980 um 1.6%. Þetta eru einnig upplýsingar sem hafa verið sendar Alþ. af hæstv. ríkisstj. og fyrir milligöngu hennar, og þegar fyrir liggur samkv. þessum upplýsingum, sem alþm. hafa í höndum frá sérfræðingum og ráðunautum ríkisstj. sjálfrar, að skattbyrðin milli ára muni aukast úr 13.4% af tekjum í 14.2 — 14.6% og sem afleiðing af því muni kaupmáttur rýrna um 1.6% á árinu, hvernig í ósköpunum geta stjórnarsinnar og hæstv. ríkisstj. haldið því þá fram að hér sé ekki um skattaaukningu að ræða? Slíkt er að sjálfsögðu alveg fráleitt og þar stangast yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. á við upplýsingar sem hæstv. ríkisstj. gefur þm. og starfsnefndum þingsins.

Það liggur auðvitað ljóst fyrir, og ég held að um það þurfi ekki að deila, að til eru þau áföll sem íslenska þjóðarbúið verður fyrir, eins og áföll vegna versnandi viðskiptakjara og olíuverðhækkana erlendis, sem hljóta óhjákvæmilega að hafa í för með sér kjararýrnun. Hæstv. ríkisstj. áætlaði í fjárlagafrv. sínu, og setti það fram sem eina meginforsendu fjárlagagerðar sinnar, sem allar tölur fjárlaganna grundvallast á, að kaupmáttur launþega muni á árinu 1980 rýrna um 4.5%. Hæstv. ríkisstj. tók það sérstaklega fram í aths. með fjárlagafrv., að það byggðist á þeirri forsendu, að á sama tíma og verðlag mundi hækka í landinu um 46.5% ætti kaupmáttur ekki að vaxa um nema 42%. Þetta var ein af meginforsendum fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. Þessi meginforsenda þýðir það auðvitað, að í fjárlagafrv. sínu gerir hæstv. ríkisstj. ráð fyrir að kaupmáttur í landinu skerðist á árinu 1980 um 4.5%. Á sama tíma óskar hæstv. ríkisstj. eftir því, að launþegar sýni biðlund og þolinmæði og fari ekki fram á kauphækkanir eða aukinn kaupmátt þrátt fyrir þessar staðreyndir. Hvað gæti ríkisstj. hugsanlega gert til að tryggja það, að launþegasamtökin tækju vel í þessi tilmæli hennar? Að sjálfsögðu hefði ríkisstj. átt, eins og við Alþfl.-menn lögðum til, að reyna að taka á þessu máli með þeim hætti að beita ríkisfjármálum og skattamálum á móti þessari kaupmáttarrýrnun sem hæstv. ríkisstj. taldi óhjákvæmilega vegna ytri aðstæðna. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert þetta. Hún hefur ekki reynt að beita skattamálum og ríkisfjármálum gegn þeirri kaupmáttarskerðingu sem hún telur að muni hljótast af versnandi viðskiptakjörum. Þvert á móti hafa allar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. miðað að því að auka enn á kaupmáttarýrnunina frá því sem hún sjálf taldi óhjákvæmilegt. Aðgerðir hæstv. ríkisstj. hafa miðast við það

að bæta ofan á kaupmáttarskerðinguna, en ekki reyna að draga úr henni. Þannig áætlar Þjóðhagsstofnun að áhrifin af hækkun útsvars, sem nýlega hefur verið samþykkt hér á hinu háa Alþingi, muni ein út af fyrir sig rýra kaupmátt á árinu 1980 um 0.9%. Sennilega mun þessi aðgerð rýra kaupmátt launa nokkru meira, þar sem líklegt er að tólfta prósentið verði notað af fleiri sveitarfélögum en gert var ráð fyrir þegar Þjóðhagsstofnun áætlaði kaupmáttarskerðingaráhrif útsvarshækkunarinnar. Sennilega lætur nærri að áhrif útsvarshækkunarinnar til að rýra kaupmátt verði frekar 1% en 0.9%.

Eins og ég sagði áðan telur Þjóðhagsstofnun að kaupskerðingaráhrif þeirrar tekjuskattshækkunar, sem hér er ráðgerð, muni á árinu 1980 nema 1.6%. Þjóðhagsstofnun áætlar að kaupmáttarskerðingaráhrif þeirrar 8% gengisfellingar, sem ríkisstj. ákvað í sambandi við fiskverð, muni rýra kaupmátt launa á árinu um 0.2 — 0.3%. Og þegar inn í dæmið er síðan reiknaður hækkaður söluskattur, hækkað flugvallagjald og fleiri smásporslur hér og þar, þar sem ríkisstj. hæstv. hefur verið að teygja sig í meira fé úr vösum hins almenna launamanns, þá lætur nærri að áhrifin af aðgerðum ríkisstj. ein út af fyrir sig til að rýra kaupmátt nemi 3.5—4%. Þetta bætist ofan á þá kaupmáttarrýrnun sem hæstv. ríkisstj. boðaði í fjárlagafrv. sínu, þannig að samanlagt er hæstv. ríkisstj. að boða kaupmáttarskerðingu á árinu 1980 um 8 — 8.5%. Þannig kemur ríkisstj. ekki til liðs við verkalýðinn og verkalýðshreyfinguna, heldur til liðs við verðbólguna með athöfnum sínum. Hún dregur ekki úr kaupmáttarskerðingu sem verður af óviðráðanlegum ytri aðstæðum og versnandi viðskiptakjörum, heldur bætir hún við og eykur kaupmáttarskerðinguna úr 4.5%, eins og hún hefði orðið ef ríkisstj. hefði hvergi komið nálægt, hvorki til né frá, — eykur þá kaupmáttarskerðingu úr 4.5% í 8—8.5%. Og það er kannske nokkuð vel við hæfi, að stærstu einstöku kaupmáttarskerðinguna samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar, tekjuskattshækkun sem rýrir almennan kaupmátt í landinu um 1.6%, ætli Alþb., flokkur fjmrh., flokkur félmrh. og flokkur iðnrh. og flokkur hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að afgreiða kl. rúmlega 12 á miðnætti, þegar baráttudagur verkalýðshreyfingarinnar er runninn upp. Þá held ég að væri við hæfi, þegar kröfur verkalýðshreyfingarinnar verða kynntar síðar þann dag, þ. á m. krafan um kjarabætur í formi skattalækkana, að það kröfuspjald bæru hv. þm. Guðrún Helgadóttir og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson í kröfugöngu verkalýðshreyfingarinnar hér í Reykjavík og stæðu sitt undir hvorum enda. Hins vegar gætu þessir tveir hv. þm. að sjálfsögðu bundið fyrir augun, svo að þeir þyrftu a. m. k. ekki að horfast í augu við félagsmenn sína í verkalýðshreyfingunni um leið og þeir ganga undir því kröfuspjaldi utan dyra Alþingis sem þeir snúa baki við innan sala þingsins. Ég er ansi hræddur um að ýmsum kjósendum hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur þætti lítið leggjast fyrir kappann, þegar hv. þm. gerir sér lítið fyrir hér innan veggja Alþingis og greiðir með hægri hendi atkvæði með skattahækkunum og kaupmáttarrýrnun á móti félögum sínum sem hún þykist styðja með þeirri vinstri í kröfugöngu verkalýðshreyfingarinnar á morgun, nokkrum klst. eftir að hv. þm. er búinn að samþykkja hér á Alþ. að rýra kaupmátt láglaunafólksins, þ. á m. félagsmanna sinna í BSRB, um 1.6%. Þetta kallar maður nú að bera kápuna á báðum öxlum, og ég er sannfærður um að ef samviska hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur svæfi ekki fastar en samviska hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, þá hefði hún líka verið heima í dag.

Svo verður víst hver að liggja sem hann hefur um sig búið, en það er nokkuð fróðlegt að vita að einn og sami maðurinn skuli geta varið það fyrir samvisku sinni að ganga hér um innan veggja Alþingis og greiða atkv. með skattahækkunum og kaupmáttarrýrnun nokkrum klukkutímum áður en sami einstaklingur býr sig undir að taka þátt í kröfugöngu Alþýðusambandsins og BSRB á morgun, þar sem krafan er lægri skattar, hærri laun. (**GHelg:** Það eru allir sammála þessu í BSRB.) Stjórn BSRB gaf út álit, mjög harðort, þegar hér var til afgreiðslu á Alþingi hækkun söluskatts um 1.5%. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir á sæti í þeirri stjórn sem gerði þá samþykkt. Ég hef ekki enn þá fengið upplýst hvort hv. stjórnarmaður í BSRB og hv. þm. Guðrún Helgadóttir var á þeim stjórnarfundi eða ekki. Hafi hv. stjórnarmaður í BSRB og hv. þm. Guðrún Helgadóttir verið á þessum fundi, þá veit ég ekki betur en hún hafi greitt atkv. gegn þeirri afstöðu sem hún tók síðar hér í þingsölunum, vegna þess að álit stjórnar BSRB var samþykkt samhljóða. Hafi hins vegar hv. þm. ekki setið stjórnarfund þann sem afgreiddi viðkomandi umsögn, þá hlýtur hv. þm. að vera andvíg umsögninni sem kom frá BSRB og mótmælunum við því athæfi sem hv. þm. síðan gerði sig seka um í atkvgr. hér á Alþingi. Og þá held ég nú að hv. þm. Guðrún Helgadóttir skuldi félögum sínum og samstarfsmönnum í BSRB a. m. k. að gera þeim opinberlega grein fyrir afstöðu sinni, en það hefur verið mjög einkennandi hér í umr. um kauplækkunaráform hæstv. ríkisstj., að einn af helstu verkalýðsforingjum Alþb. að eigin mati, stjórnarmaður í BSRB, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, hefur ekki sagt eitt einasta aukatekið orð um þau mál og hefur ekkert haft til þeirra mála að leggja. (**Fjmrh.:** Veit þm. ekki hvaða mál við erum að tala um?) Jú, jú, ég veit það. (Gripið fram í.) Þetta er allt í lagi, hæstv. forseti þarf ekki að skaka skellu sína. Það er bara einhverjum mönnum ómótt hér í kvöld, enda fer nú að nálgast baráttudagur verkalýðsins, þegar þeir Alþb.-menn ætla að færa láglaunafólkinu sérstaka kveðju frá sér í tilefni dagsins.

Hinu held ég að menn verði að gera sér grein fyrir um leið og þeir ræða þessi skattamál, að eins og mál standa á Íslandi í dag er ekki — eins og hæstv. fjmrh. hefur raunar tekið fram — grundvöllur fyrir því að veita öllum launþegum almennar kauphækkanir. Og til þess að vernda kaupmátt þeirra lægst launuðu er aðeins eitt ráð til. Það er ráðið sem Verkamannasambandið og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafa bent á, að ríkisvaldið komi þar til skjalanna og reyni m. a. með skattalækkun að koma til móts við láglaunafólkið og verja það með þeim hætti fyrir kaupmáttarskerðingu sem það ella yrði fyrir.

Auðvitað hefur þetta það í för með sér að ríkisvaldið verður að sníða sér stakk eftir vexti. Ríkisstj. verður að skilja að hún verður að kunna og þora að segja nei. Hún verður að kunna og þora að láta á móti sér í eyðslunni. En það er mjög athyglisvert, að þeim till., sem Alþfl.

gerði í fjárlagafrv. því sem lagt var fram fyrr í vetur um 7 milljarða kr. sparnað í ríkisrekstrinum, hafnaði núv. hæstv. ríkisstj. flestöllum, en skildi þó tvær eftir, sparnað á vettvangi Landhelgisgæslu og sparnað á vettvangi Hafrannsóknastofnunar. Hæstv. fjmrh. hrósaði sér síðan af því í útvarpsumr. á dögunum, að þetta væri til dæmis um þann sparnað sem ríkisstj. viðhefði við afgreiðslu fjárlaga. Bæði þessi atriði voru hins vegar beint tekin upp úr fjárlagafrv. Alþfl., og þó að við köllum ekki eftir höfundarréttinum, Alþfl.-menn, þá hefði þó verið ástæða til þess að hæstv. fjmrh. léti þess getið, að þarna væri hann að samþykkja tvær till. um aðhald í ríkisrekstrinum frá okkur komnar, þó ekki skili þær umtalsverðum peningum til sparnaðar.

Hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað haldið því fram í umr. hér á Alþ., að ýmsar þær kjaraskerðingaraðgerðir, sem hæstv. ríkisstj. hefur orðið að grípa til að undanförnu, hafi stafað af aðgerðaleysi ríkisstj. Alþfl., á tímabili ríkisstj. Alþfl. hafi hlaðist bak við mikla stíflu óafgreidd mál sem hafi síðan dunið yfir þjóðina af illri nauðsyn eftir að ríkisstj. Alþfl. fór frá.

Í Alþýðublaðinu í morgun gerir formaður Alþfl. nokkra grein fyrir úttekt sem gerð var á vegum Þjóðhagsstofnunar að beiðni þingflokks Alþfl. á starfstímabili minnihlutastjórnar Alþfl., hvernig mál þá stóðu og hvaða mál voru þá afgreidd. Ég vil aðeins í örstuttu máli drepa á nokkur þau atriði.

Í fyrsta lagi hækkaði framfærsluvísitalan frá októberbyrjun 1979 til febrúarloka 1980, í starfstíð minnihlutastjórnar Alþfl., aðeins um 16—17%, þannig að verðbólgan á eins árs grundvelli, hefði þeirri stefnu verið fylgt lengri tíma, hefði aðeins orðið 45%. Jafnlangan tíma áður, frá maíbyrjun til septemberloka 1979, hækkaði verðbólgan hins vegar um 27%, sem samsvarar 80% verðbólgu í landinu á ári. Á þessum tíma, frá okt. 1979 til febrúarloka 1980, hafði sem sé tekist að breyta 80% verðbólgu í 45% verðbólgu með samræmdum aðgerðum. Niðurtalningin var sem sé hafin í okt.-febr., en þeirri niðurtalningu hefur síðan verið breytt í upptalningu, eins og allir vita. Síðustu þrjá mánuði af starfstímabili minnihlutastjórnar Alþfl. varð verðbólgan um 2% minni en búist var við að hún yrði. Á fyrstu þremur mánuðum núv. hæstv. ríkisstj. varð verðbólgan hins vegar 2% meiri en búist var við að hún yrði. Þannig hefur núv. hæstv. ríkisstj. byrjað að telja verðbólguna upp þegar ríkisstj. Alþfl. taldi hins vegar verðbólguna niður.

Frá okt. 1979 til febr. 1980 námu gengisbreytingar aðeins ígildi 15% gengislækkunar íslensku krónunnar. Mánuðina þar áður, júní-okt. 1979, námu gengisbreytingar hins vegar sem samsvaraði 33% gengislækkun íslensku krónunnar. Gengisbreytingar í tíð minnihlutastjórnar Alþfl. voru því helmingi minni en á jafnlöngum tíma þar á undan. Gengisbreytingarnar á s. l. þremur mánuðum hafa numið yfir 11%, þannig að einnig á þessu sviði hefur ríkisstj. byrjað að telja upp. Hún er einnig byrjuð að telja gengislækkunina upp, ef svo er hægt að segja.

Það kemur fjöldamargt annað fróðlegt fram í þeirri úttekt sem Þjóðhagsstofnun gerði að beiðni Alþfl., t. d. í sambandi við gjaldeyrisstöðuna og afkomu ríkissjóðs. Afkoma ríkissjóðs varð á tímabilinu okt. 1979 — febr. 1980 hagstæð um 7.9 milljarða kr., en var einu ári áður yfir sömu mánuði óhagstæð um 7.2 milljarða kr. Þessi úttekt, sem Þjóðhagsstofnun vann, og samanburður, sem hún hefur gert annars vegar á fjögurra mánaða valdatíð minnihlutastjórnar Alþfl. og hins vegar á næstu fjórum mánuðum á undan og eftir í gengismálum, í verðlagsmálum, í afkomu ríkissjóðs, í vaxta- og lánskjaramálum, í gjaldeyrisstöðu og í vöruskiptajöfnuði, sýnir svo að ekki verður um villst að niðurtalning verðbólgunnar hófst í okt. 1979, en henni lauk 6. febr. 1980 þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum.

Þá mun einnig liggja fyrir í viðskrn. — og eiga þar að vera hæg heimatökin fyrir hæstv. ráðh. — listi yfir allar verðhækkunarbeiðnir, sem bárust minnihlutastjórn Alþfl. á þeim tíma sem hún sat, og jafnframt listi yfir hvernig þessar verðhækkunarbeiðnir voru afgreiddar. Mundi ég gjarnan vilja óska eftir því, ef hæstv. viðskrh. væri hér, að hann legði þennan lista fyrir Alþingi svo menn gætu séð hvað það var sem Alþfl. átti ekki að hafa afgreitt í þessu sambandi. Fram kemur af þessum listum að þær verðhækkunarbeiðnir, sem borist höfðu til ríkisstj. á þessu tímabili, höfðu verið afgreiddar eftir ákveðnum reglum sem ríkisstj. hafði sett sér. Þær höfðu að sjálfsögðu ekki verið afgreiddar þannig, að menn segðu já við öllum beiðnum frá opinberum stofnunum og einstaklingum um verðhækkanir, enda er það ekki leið til að telja niður verðbólgu. Þær höfðu hins vegar allar fengið afgreiðslu eftir tilteknum reglum sem ríkisstj. hafði búið sér til, þannig að það er hrein fölsun, sem er vonandi byggð á ókunnugleika, en ekki vísvitandi ósannindum, að verðhækkunarbeiðnir, sem bárust til ríkisstj. mánuðina okt. 1979 — febr. 1980, hafi ekki verið afgreiddar og einhver langur listi af slíkum beiðnum hafi beðið óafgreiddur í rn. Þetta er ósatt, þetta eru helber ósannindi, og ég skora á hæstv. viðskrh. að staðfesta þau orð mín með því að leggja fram listann sem til er í viðskrn. um þær verðhækkunarbeiðnir sem bárust á þessum mánuðum, leggja jafnframt fram samþykktina, sem ríkisstj. gerði um það, eftir hvaða reglum skyldi starfað við afgreiðslu þessara beiðna, og jafnframt lista, ef hann skyldi vera til, yfir hvaða mál voru óafgreidd af þessu tagi þegar ríkisstj. Alþfl. fór frá 6. febr. s. l.

Ég held að ég fari ekki öllu lengra út í þessa sálma nú. Ég vil aðeins vekja athygli á mjög athyglisverðri og eftirtektarverðri þróun þau tíu ár sem kennd hafa verið við Framsfl. og kölluð framsóknaráratugurinn. Árið 1971, þegar Framsfl. komst til valda á Íslandi eftir 12 ára útlegð með Alþb. í eftirdragi, var söluskattur hér 7%. Núna, tíu árum síðar, er söluskattur 23.5%. Það skal fram tekið í þessu sambandi, að nokkur hluti þessarar söluskattshækkunar stafar af þeim tollalækkunum sem gerðar voru samkv. samningunum við EFTA og síðar samkomulaginu við Efnahagsbandalag Evrópu og þær þjóðir sem að því standa. Hins vegar skýrist ekki nema brot af þessari söluskattshækkun með þessum tollalækkunum. Og það er mjög athyglisvert, að vorið 1971, þegar páv. ríkisstj. sá fram á að líklega væri óhjákvæmilegt að hækka söluskatt eitthvað á næstu árum vegna þessara tollalækkana, þá lagði sú ríkisstj. fram hér á Alþ. till. um breyt. á innheimtukerfi söluskatts, þannig að innheimta söluskatts á síðasta stigi viðskipta yrði lögð niður, en þess í stað tekinn upp virðisaukaskattur, sem er miklu betri í framkvæmd, ekki síst þegar söluskattur er orðinn svona hár, og auk þess miklu auðveldari tekjustofn fyrir ríkissjóð. Það er harmsefni, að á s. l. 10 árum þegar sölu-

skattur hefur undir forustu Framsfl. verið hækkaður úr 7% í 23.5%, skuli engar umbætur hafa verið gerðar á söluskattskerfinu til þess að tryggja það og festa það betur í sessi sem réttlátan tekjustofn fyrir ríkissjóð.

Það er líka athyglisvert að gefa því gaum, að árið 1970 voru skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 22.5%, en nú tíu árum síðar eru skatttekjur hins opinbera, mældar á sama mælikvarða, 30%. Meginhlutinn af þessari hækkun hefur orðið vegna tekjuþarfa ríkissjóðs, því að hluti sveitarfélaganna í þessari skattlagningu hefur minnkað og hlutur ríkissjóðs vaxið að sama skapi. Árið 1970 var skattbyrði beinna skatta í prósentum af tekjum greiðsluárs 13.3%. Árið 1980, tíu árum síðar, mun skattbyrði í prósentum af tekjum greiðsluárs nema 15.5%, þegar búið er að taka tillit til þeirrar kerfisbreytingar sem gerð hefur verið í millitíðinni, að fjölskyldubæturnar voru felldar niður sem sérstaklega útgreiddar bætur, en teknar inn í skattakerfið.

Þá er einnig vert að hugleiða að árið 1968, eftir að Íslendingar höfðu misst 40% af útflutningstekjum sínum svo til á einni nóttu, var greiðslubyrði þjóðarinnar vegna erlendra skulda aðeins 16% af gjaldeyristekjunum þó að gjaldeyristekjurnar hefðu minnkað um 40%. Núna, eftir tíu ára framsóknarforustu, mun greiðslubyrði erlendra skulda nema um eða yfir 16% af útflutningstekjum. Og ímyndið ykkur þá hvað yrði hér á Íslandi ef eitthvað svipað áfall dyndi yfir okkur á árinu 1981 eins og gerðist árið 1968 þegar 40% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar hurfu á einni nóttu. Þá er ég hræddur um að ömurlegt yrði um að litast í atvinnulífi landsmanna. Þegar greiðslubyrðin er orðin um eða yfir 18% af gjaldeyristekjunum miðað við blómlegasta árferði, hvað halda menn þá að mundi gerast ef svipað áfall dyndi yfir íslensku þjóðina árið 1981 og gerðist árið 1968?

Í hvað hafa svo þessar auknu skatttekjur farið, sem ég var að lýsa hér áðan? Hafa þær farið í að auka almannatryggingar og tekjutilfærslur fyrir milligöngu almannatrygginga á þeim áratug sem Framsfl. og Alþb. hafa ráðið ferðinni í stjórnmálum hér á Íslandi? Nei, millifærslur samkv. almannatryggingakerfinu eru ekki meiri á árinu 1980 en þær voru árið 1970. Hin aukna skattbyrði hefur því ekki farið í að jafna tekjur manna hér á landi fyrir tilverknað aukinna framlaga í tryggingakerfið. Hafa þessar auknu skatttekjur ríkisins þá farið til þess að auka opinberar framkvæmdir? Nei, opinberar framkvæmdir, kostaðar úr ríkissjóði, eru ekki meiri á árinu 1980 en þær voru á árinu 1970. Hins vegar hafa hinar stórauknu erlendu lántökur að mjög verulegu leyti farið til aukinna framkvæmda, en þar hefur engra skynsamlegra aðgerðaissjónarmiða verið gætt, eins og best sést af hinni mjög umtöluðu Kröflufframkvæmd, sem er nokkurs konar einkabarn núv. hæstv. ríkisstj., því að Kröflunefndarráðherrann er forsrh., Kröflunefndarvaraformaðurinn er æðsti yfirmaður vísindarannsókna á Íslandi, og Kröflunefndarmaðurinn Ragnar Arnalds er æðsti yfirmaður fjármála íslenska lýðveldisins. Og þessi mikla framkvæmd, kostuð af erlendu lánsfé, skilar þjóðinni engum arði, en kostar þjóðarbúið árlega álíka útgjöld og ríkissjóður þarf að leggja til rekstrar Háskóla Íslands. Og það sem kannske er langalvarlegast við þennan svokallaða framsóknaráratug er sú staðreynd, að kaupmáttur launa eftir þessi tíu ár er nákvæmlega 10% minni en hann hefði verið ef fylgt hefði verið áfram þeirri jafnvægisstefnu í efnahagsmálum sem ríkti á sjöunda áratugnum.

Ýmsir þóttust ekki sjá mikið gott við stefnu viðreisnarstjórnarinnar, fundu á henni marga annmarka. Og vissulega er það rétt, að margt mátti þar betur fara. En hvílík óskapleg óstjórn er það þá ekki hjá framsóknarmönnum og Alþb., sem gagnrýndu viðreisnarstjórnina og viðreisnarstefnuna, að sumu leyti með réttu, — hvílík óskapleg óstjórn er það þá ekki hjá þessum tveimur flokkum að skila eftir áratuginn 10% lakari kaupmætti en orðið hefði ef fylgt hefði verið hinni voðalegu viðreisnarstefnu. Hversu miklu verri er þá ekki framsóknarkommúnismi áttunda áratugsins heldur en viðreisnarstefna sjöunda áratugsins. Og það er nokkuð einkennandi, að einmitt á þessum tímamótum þegar verið er að gera upp þennan áratug og þegar þrír ágætir sjálfstæðismenn — kannske eru þeir fleiri — hafa tekið að sér að ganga undir það ok, sem aðrir fengust ekki til eftir þessa tíu ára reynslu hér á Alþ., að framlengja þessa framsóknarkomma-óstjórn, þá er mjög lærdómsríkt fyrir þm. og þjóðina að sá maður, sem enn hefur einhver tengsl við hina gömlu hugsjónastefnu Alþb., einasti verkalýðssinni og verkalýðsforustumaður í þingflokki Alþb., Guðmundur J. Guðmundsson, hann sést ekki hér í þingsölum. Hann er sjöundi maður í fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. og er þar fulltrúi flokks síns. Á þeim fundum að undanförnu, þar sem skattstigafrv. hefur verið til umr., hefur hv. þm. ekki mætt. Á fundi n., þegar málið var afgreitt frá n. og nál. voru skrifuð, var hv. þm. ekki viðstaddur. Þó var hann sama dag á ferð hér í Alþingishúsinu, svo að það voru ekki veikindaforföll sem töfðu hann frá setu í n. Það var annað sem kom til.

Hv. þm., fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. þessarar d., vill ekki taka þátt í að afgreiða málið, hvorki frá n. sem hann á sæti í, né hér í þingdeildinni í dag, því að hv. þm. hefur ekki heldur sést í sæti sínu í þessari þingdeild í dag eftir að málið var þar tekið fyrir. Og flokkur hans, Alþb., á engan málsvara í fjh.- og viðskn. í þessu máli hér í deildinni í dag. Það væri kannske ástæða til þess að spyrja formann fjh.- og viðskn. Nd., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, hvort ekki megi gera ráð fyrir því, að sjöundi fulltrúinn í fjh.- og viðskn. hafi eitthvað til málanna að leggja. Er hv. þm., formanni fjh.- og viðskn., kunnugt um að það sé ekki fjórða nál. á leiðinni? Hefur hv. formaður fjh.- og viðskn. kynnt sér það hjá þeim sjöunda nm., sem ekki hefur skilað áliti, hvort verið geti að hann hafi hug á að skila slíku áliti? Ég tel nauðsynlegt að fá að vita þetta, og það er auðvitað formaður fjh. og viðskn. sem á að ganga eftir þessu áður en málið verður afgreitt hér, til þess að ekki sé verið að afgreiða mál út úr Alþ. án þess að nm. í fjh.- og viðskn. hafi aðstöðu til að koma túlkun sinni á framfæri við þd.

Vill nú ekki hv. þm. Halldór Ásgrímsson vera svo góður að kanna það hjá nm. sínum, hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, hvort sá nm. í fjh.- og viðskn. Nd. hefur í hyggju að skrifa undir eitthvert þeirra nál. sem fram eru komin, skila sjálfur sérálíti eða láta það vera að koma nálægt afgreiðslu málsins með einum eða öðrum hætti?

Herra forseti. Ég fékk upphringingu um kvöldmatarleytið í kvöld. Það var kunningi minn, gamall sósíalisti,

sem hefur allt sitt líf ekki kosið annað en fyrst Sameiningarflokk alþýðu sósíalistaflokkinn og svo Alþb. Og hann hefur ekkert mjög mikið álit á krötum frekar en svo fjölmargir aðrir, þessi ágæti kunningi minn, þó okkur sé vel til vina. En hann bað mig að koma skilaboðum á framfæri við hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, ef hann skyldi mæta til þings hér í kvöld. Það gerir hv. þm. hins vegar ekki og ég hef því miður ekki komist að honum til að flytja honum skilaboðin, þó ég hefði feginn viljað, því að hv. þm. hefur ekki sést hér í allan dag. En skilaboðin voru þau, að nú væri hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson staddur á krossgötum. Nú yrði hann að gera það upp við sig, hvort hann vildi halda tryggð við sinn gamla flokk og sínar gömlu hugsjónir eða labba yfir á hinn breiða veginn og taka undir með þeirri nýju stétt sem komið hefur til valda í þeim ágæta flokki Alþb. og metur meira aðstöðu og völd en hugsjónir og stefnu.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Margt hefur verið sagt um það frv. sem hér er til umr., bæði í þessari hv. d. og þá ekki síður og reyndar miklu fremur í hv. Ed. Hef ég þar litlu við að bæta, enda búið að semja um afgreiðslu málsins í þessari hv. d. nú í kvöld og vil ég síst af öllu verða til þess að bregða fæti fyrir það samkomulag.

Ég get þó ekki látið hjá líða að mótmæla þeirri fullyrðingu hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj., að ekki sé um að ræða tekjuskattshækkanir frá því sem orðið hefði að óbreyttum lögum. Nú liggur það fyrir, að hækkun tekna einstaklinga milli ára 1978 og 1979 var u. þ. b. 47%, og kom það mjög skýrt fram í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar áðan. Ef vægi tekjuskatts ætti að vera óbreytt frá síðasta ári hefði skattvísitala samkv. eldra kerfi því orðið að hækka um 47%. Ef tekjuskattur einstaklinga frá fjárlögum síðasta árs er framreiknaður á þennan hátt, þ. e. miðað við 47% hækkun skattvísitölu, hefði skatturinn átt að verða að óbreyttum skattþunga á einstaklinga 34 milljarðar kr., en er samkv. núgildandi fjárlögum 38.2 milljarðar, eða 23% hærri en hefði orðið að óbreyttum lögum. Ef borið er saman við fjárlagafrv. í fyrra er um að ræða 18% hækkun, eins og kom fram hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni. Ef tekjuskattur einstaklinga samkv. fjárlögum síðasta árs er borinn saman við núgildandi fjárlög er hækkunin, eins og ég sagði áðan, 23% umfram framreiknaðan tekjuskatt einstaklinga samkv. eldri lögum. Tekjuskattur félaga samkv. fjárlögum er aftur á móti stórlækkaður miðað við síðasta ár.

Þessi 18% eða 23% — hvort sem við hugsum okkur að nota — hækkun á tekjuskatti einstaklinga hlýtur auðvitað að koma einhvers staðar fram, eða réttara sagt hún kemur alls staðar fram. Við skulum taka örfá dæmi. Einhleypingur með 4 millj. kr. bruttótekjur — og er þá reiknað með að hann notfæri sér 10% afsláttarregluna — hefði fengið samkv. eldri lögum 334 200 kr., en fær samkv. þessu frv. 410 þús. kr. eða 22.7% hækkun. Ef við förum neðar, ef maðurinn hefði haft 3 millj. bruttó, þá hefði hækkunin orðið 49% hjá þessum sama manni. Maðurinn sem er með 250 þús. kr. á mánuði á síðasta ári, fær 50% hækkun á sínum tekjuskatti milli ára. Ef við aftur á móti berum saman hjón með tvö börn þar sem annað hjónanna vinnur fyrir öllum tekjunum, þá er hækkunin óveruleg, en nokkur þó.

Hjá hjónum, þar sem annað hjónanna vinnur fyrir 1/3 teknanna og hitt fyrir 2/3 og tekjurnar hafa samanlagt verið 8 millj. bruttó, hækkar skatturinn úr 349 200 kr. í 540 þús. eða um 54.6%. Ef þessi hjón hefðu haft 7 millj. kr. tekjur yrði hækkunin 47%. Í öllum þessum dæmum er reiknað með hjónum með 2 börn, þar sem annað barnið er undir 7 ára aldri. Ef við tökum hjón sem hafa 8 millj. í bruttótekjur á s. l. ári og tekjurnar skiptast jafnt, hefðu þau eftir gömlu lögunum fengið 148 200 kr. í tekjuskatt, en þau fá núna 480 þús. kr. tekjuskatt, m. ö. o. 224% hækkun.

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir og hefur lengi legið ljóst fyrir, að hæstv. núv. ríkisstj. treystir sér hvergi í umtalsverðan niðurskurð á ríkisútgjöldum. Það er því eðlilegt og skiljanlegt að reynt sé að afla tekna á móti gjöldum. Hitt er ótækt með öllu, að reyna að telja sjálfum sér og öðrum trú um að ekki sé um skattahækkun að ræða frá fyrra ári. Það er ekki aðeins um skattahækkanir að ræða, heldur mjög verulegar skattahækkanir. Og það sem verst er, þær eru mestar hlutfallslega á lægstu tekjunum.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef ekki ætlað mér að lengja þessa umr., en koma hér með nokkrar aths. varðandi það sem hér hefur komið fram.

Grundvallaratriðið fyrir þeim skattstiga, sem hér er lagður fram, er sú staðreynd, að ríkisstjórnarflokkarnir komu sér saman um það í upphafi að standa að svipaðri skattheimtu og var árið áður í formi tekjuskatts. Tekin höfðu verið í gildi ný skattalög sem veruleg óvissa ríkti um. Þessi skattalög fólu að sjálfsögðu í sér, sem alltaf var vitað, allverulega breytingu á skattbyrði einstakra skattþegna. Á sumum hækkaði hún, en lækkaði á öðrum. Lagður var fram skattstigi sem gerði ráð fyrir að lægsta skattþrep væri 20% og hæsta skattþrep 50%. Við nánari athugun kom í ljós að ýmsir voru óánægðir með þennan skattstiga. Í fyrsta lagi fannst mönnum vera of mikið bil á milli hæsta skattþreps og hins lægsta. Það væri of mikill munur á því, hvort hjónanna aflaði teknanna. Ef þessi munur er minnkaður og persónuafsláttur hækkaður á móti hlýtur það að koma við skatta einstaklinga. Þetta er út af fyrir sig ekkert flókið mál. Það leiðir af eðli málsins að svo hlýtur að verða. Eins er það líka ljóst, að við það að taka upp hinn svokallaða 10% frádrátt verður um allverulegan tilflutning að ræða milli þeirra, sem engan frádrátt höfðu áður, og þeirra, sem verulegan frádrátt höfðu. Hér er því um margs konar breytingar að ræða sem verka sumpart til lækkunar og sumpart til hækkunar.

Það hefur einkennt þá umr., sem orðið hefur undanfarið um þessi mál, að mikið hefur verið gumað af alls konar dæmum um það þegar um hækkun er að ræða, en lítið talað um að einnig geti orðið lækkun. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvað menn hafa í huga, þegar menn leggja aðaláherslu á slíkan málflutning. Ég ætla þó að vona — því að ég veit að mál eru viðkvæm á vinnumarkaði — að það sé a. m. k. ekki hugmynd hv. stjórnarandstæðinga að reyna að gera sitt til að efna þar til mikilla átaka, eins og gerðist á Alþ. fyrir nokkrum árum, að menn notuðu hvert tækifæri til þess að reyna að ýta undir slík átök. Sú umr., sem hér hefur verið að undanförnu, bendir í mínum huga til þess, að það séu ýmsir hér

inni sem vilji hafa slíkt í frammi. En ég hélt satt best að segja að menn hefðu lært það mikið af þeirri reynslu sem þjóðin fékk af slíkum vinnubrögðum, að menn mundu ekki leika sér að slíku nú.

Auðvitað er skattheimta aldrei vinsæl hjá þeim aðilum sem eiga að greiða skattana. Og við verðum vör við það, að þeir, sem þurfa að greiða þessa skatta, heimta einnig aukin framlög af hendi ríkisins. Við fengum síðast fyrir tveimur dögum bréf frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda — sem eru út af fyrir sig ágæt samtök og ég er félagi í — sem er eitt það ósvífnasta sem við höfum fengið hér á Alþ., þar sem við erum krafðir sagna um skoðanir okkar á alls konar málum. Þetta er dæmigert kröfugerðarbréf sem alþm. fá og ég fyrir mitt leyti ætla mér ekki að svara, og ég vænti þess að flestir hv. þm. séu sömu skoðunar. En þarna rekst ýmislegt á og það fer eftir því, frá hvaða sjónarhorni maður lítur á skattheimtuna, hvort mönnum þykir hún of mikil eða of lítil. Ég þykist vita að flestir séu sammála um að skattheimtan sé ekki svo mikil, að þjónustan, sem veitt er á móti, sé of mikil. Ég held að flestir geti út af fyrir sig samþykkt það. Og ég held að menn geti líka samþykkt það, að það er frekar á þann veg að of miklar framkvæmdir eru fjármagnaðar með lánsfé fremur en að fjármagna þær með skattheimtufé. Hvaða vit er í því að fjármagna t. d. þjóðarbókhlöðu með erlendum lánum? Mér finnst það a. m. k. ekki skynsamlegt, og ég veit að fleiri eru á því máli. Slíkar framkvæmdir á að sjálfsögðu að fjármagna með skattheimtu. Ekkert bendir því til þess, að skattheimtan vegna þessa sé of mikil.

Hins vegar geta allir verið sammála um það, að skattheimtan rýrir að sjálfsögðu ráðstöfunarfé heimilanna og er að því leyti of mikil. En þá útreikninga, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lagði hér á borð áðan um skerðingu ráðstöfunartekna, vil ég leyfa mér að draga mjög í efa. Ég veit að vísu að gert er ráð fyrir því í þjóðhagsspá, að einkaneysla dragist saman á árinu 1980 um 1.5%. En það er jafnframt gert ráð fyrir að samneyslan aukist um 2%. Þessi tilfærsla er að því leyti ekki skynsamleg, að hún getur orðið til þess að spilla eitthvað fyrir kjarasamningum, vegna þess að það er reynsla áranna að menn eru ekki tilbúnir að meta það mikils sem gert er í samneyslunni. Ég ætla hins vegar að leyfa mér að vona að slíkt leiði ekki til átaka hér í þjóðfélaginu sem ekki yrðu til annars en að eyðileggja fyrir öllum þjóðfélagsþegnum.

Það, sem hefur fyrst og fremst orðið til aukningar, er að sjálfsögðu útsvarsbreytingin, eða heimildin til að auka útsvarið úr 11% í 12.1%, og síðan söluskattshækkunin. En ég fellst ekki á það, að um sé að ræða hækkun á tekjuskatti milli ára. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði áðan að það væri hreint bull sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason hefði sagt um þau mál. Ég ætla mér ekki að kalla það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði hér áðan bull, mér finnst það út af fyrir sig ekki vera viðeigandi. Hins vegar má vel vera að ýmsir hefðu tilhneigingu til þess að kalla margt af því, sem hann sagði, þvílíku nafni. Það liggur að vísu fyrir frá Þjóðhagsstofnun, að breyting atvinnutekna á milli ára sé sennilega um 46—47%, en það kemur einnig fram í þessu áliti Þjóðhagsstofnunar, að hún hefur ekki treyst sér til að gera grein fyrir því, hvaða breyting yrði á skattstofninum. Það er t. d. vitað mál, að 10% frádráttarreglan verður til þess að skattskyldar tekjur verða lægri en atvinnutekjur, og það kemur skýrt fram í bréfi Þjóðhagsstofnunar, að hún hefur eingöngu reynt að meta breytingu atvinnutekna.

Það kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að afkoma atvinnuveganna eða þeirra aðila, sem atvinnurekstur stunda, væri síst verri á árinu 1979 en á árinu 1978. Það má t. d. nefna, að það voru lagðir á ýmsir skattar á árinu 1979. Aðstöðugjald var hækkað í sveitarfélögum, það var lagður á skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og ýmislegt fleira sem gaf tekjur á því ári. En þessi skattlagning gerir það að sjálfsögðu að verkum, að tekjuskattur lækkar árið á eftir, því að þessi gjöld eru frádráttarbær. Hækkun aðstöðugjalds í Reykjavík á árinu 1979 leiðir að sjálfsögðu til lækkunar tekjuskatts hjá ríkinu árið eftir, og ég er þess fullviss að þetta hefur nokkur áhrif. Það liggur einnig fyrir að afkoma bænda var mjög góð á árinu 1978 miðað við það sem oft hefur áður verið. Hins vegar er afkoma bænda mun lakari á árinu 1979 og tekjuskattur þessara aðila mun lækka verulega. Það er því mjög mikil óvissa í kringum tekjubreytinguna milli ára, enda segir í lok umsagnar Þjóðhagsstofnunar: „Hér er enn um áætlun að ræða, sem að vísu er studd úrtaksathugun á nokkrum stöðum, sem yfirleitt hefur gefið nokkuð góða raun.“ Ég get ekki séð ástæðu til þess, að menn byggi miklu frekar á þessum 47% en 45%. Það stendur hér að þetta hafi yfirleitt gefið nokkuð góða raun. En við erum komin með allt önnur skattalög, allt annað skattkerfi, við höfum enga reynslu af því. Samt vilja menn rjúka til og taka þessar prósentur sem einhverja heilaga tölu. Ég ætla mér ekki að fullyrða að 45% tekjubreyting á milli ára sé það eina rétta. Þetta er nokkuð sem verður að koma í ljós, eins og alltaf hefur verið. Þarna hefur alltaf verið um áætlun að ræða, og það hefur brugðið til beggja vona. Það hefur yfirleitt verið nokkru hærra en gert var ráð fyrir. Hitt er svo annað mál, að ég veit ekki dæmi þess, að það hafi orðið til þess að um afgang hafi verið að ræða hjá ríkissjóði sem hafi valdið verulegum erfiðleikum.

Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen sagði að þessi tekjuskattur gæfi 2.5 milljörðum meira en gert væri ráð fyrir í fjárlögum, og það er náttúrlega miðað við það að tekjubreytingin verði 47%. Það hefur einnig farið fram samanburður hér á skattinum sem hlutfalli af bráttótekjum heimilanna. En það kemur fram í áætlun Þjóðhagsstofnunar, að þetta muni verða um 14.2% af tekjum greiðsluárs, miðað við það að helmingurinn af útsvarsheimildinni verði notaður. Og þess hefur verið getið hér, að þetta hafi verið 10.6% 1977. Nú verða menn einnig að gæta þess, að þessi tala fyrir árið í ár er að sjálfsögðu áætluð, en talan fyrir 1977 og 1978 er raunveruleg niðurstaða. Þessar áætlunartölur hafa ávallt verið hærri en raunveruleg niðurstaða af þeirri einföldu ástæðu að á undanförnum árum höfum við reiknað með því í upphafi árs, að verðbólgan yrði mun minni en raun ber vitni, vegna þess að ásetningur okkar — eða hvernig skal orða það: það, sem menn hafa ætlað sér, hefur mönnum ekki tekist að standa við, þannig að þegar þessar tölur eru bornar saman, eins og gert var af hv. sjálfstæðismönnum, og reiknuð út hækkun upp á 25 milljarða, þá er það langt frá því að vera sanngjarn samanburður. Það ætti þá a. m. k. að nota áætluðu töluna fyrir fyrri ár miðað við áætluðu töluna fyrir árið í ár. Það munar ekki nema eins og 10—12—13 milljörðum hvort sem menn nota þetta eða eitthvað annað. Þess vegna spyr ég: Mönnum gengur vonandi ekkert illt til þegar menn eru að stunda þessar

reikningskúnstir hér á Alþ. Ég ætla ekki að biðjast undan því að menn beri þetta saman og reikni það rétt út. En mér finnst það vera lágmarkskrafa að menn geri það eftir sambærilegum forsendum.

Það hefur verið sagt hér, sérstaklega af þeim Alþfl.-mönnum, að þeir hafi viljað létta tekjuskatti af almenningi um 7.2 milljarða. Og rétt er það, þeir gerðu till. um slíkt. En þeir gerðu líka till. um að ýmislegt kæmi þar á móti sem þeir hafa kallað niðurskurð, og það gæti verið að eitthvað af þeim niðurskurði mundi rýra kaupmátt tekna almennings. Niðurskurður á niðurgreiðslum um 3.4 milljarða hefur t. d. væntanlega einhver áhrif á kaupmátt almennings. Menn vita að niðurgreiðslur um 3000 millj. vega sama og 1% í kaupgjaldsvísitölu. Og niðurskurður á Lánasjóði ísl. námsmanna um 2 milljarða mundi náttúrlega breyta eitthvað kaupmætti þess fólks. Og það mætti telja upp fleiri liði. Þessar niðurskurðartillögur eru því ekki alveg eins saklausar og menn vilja vera láta hér í ræðustól. Menn skyldu gera launþegum grein fyrir því einnig í sínu máli á morgun, hv. þm. Karvel Pálmason, að þetta hafi verið með í pokanum í þessum niðurskurðartillögum. (**KP:** Að sjálfsögðu.) Það þykir mér vænt um að heyra.

Herra forseti. Ég ætla að verða við þeim tilmælum að hafa hér ekki langt mál, enda hefur forseti hlustað hér á mál manna af einstakri þolinmæði. En ég veit að hann hyggst ekki gera það lengi nætur og þess vegna vil ég verða við tilmælum hans. Ég vil aðeins ítreka það, að veruleg óvissa er í kringum alla tekjuskattsálagninguna, sem nú er fram undan. Sérstaklega er það varðandi félögin. Menn vita alls ekki hvað þar kemur út. Í fyrsta lagi valda því breytt skattalög og í öðru lagi virðist afkoma atvinnuveganna vera verri á árinu 1979 en hún var á árinu 1978. Allt þetta hefur að sjálfsögðu mikil áhrif. Og það er að mínu mati ekki rétt að auka þessa óvissu enn meir með því að fara að reikna með t. d. 47% tekjuhækkun milli ára, sem menn hafa enga vissu fyrir, enda er Þjóðhagsstofnun með alla fyrirvara varðandi það og það er hrein rangtúlkun að taka það sem hreina og beina skoðun Þjóðhagsstofnunar. Þjóðhagsstofnun er ráðgjafarstofnun ríkisstj. og Alþingis, en því miður ber mikið á því, þegar þessi stofnun lætur eitthvað frá sér fara með alls konar fyrirvörum, að þess er ekki getið hér á Alþ. Menn taka þetta sem bókstaflega tölu, sem getur að sjálfsögðu brugðist eins og allt annað, og það er hrein rangtúlkun á þessum upplýsingum Þjóðhagsstofnunar að taka þessa tölu svona bókstaflega.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil nú taka undir þau ummæli, sem hv. síðasti ræðumaður viðhafði hér áðan, að mönnum ber að varast að taka upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun of hátíðlega vegna þess að í sumum dæmum er þar um hreinar ágiskanir og áætlanir að ræða, sem hvorki styðjast við nógu sterk né gild rök, þótt hinar þýðingarmestu ákvarðanir séu á slíkum áætlunum byggðar. Er í þeim efnum skemmst að minnast ýmissa ákvarðana sem teknar hafa verið í sambandi við atvinnuvegina, því að við vitum að það, sem Þjóðhagsstofnun hefur t. d. sagt um stöðu ullariðnaðarins og annað því líkt, er byggt á hreinum ágiskunartölum og er ekkert raunhæft í þeim efnum. Og það er einmitt eitt af þeim málum sem ég tel hvað þýðingarmest að átta sig á, eftir hvaða leiðum verður við komið að afla gleggri og betri upplýsinga um stöðu atvinnuveganna á hverjum tíma og hvernig að slíkum upplýsingum skyldi unnið. Ég hef grun um það, að Þjóðhagsstofnun mundi kjósa að hafa meira bolmagn til þess að vinna úr slíkum plöggum fyrr en reynslan sýnir að gert hefur verið á undanförnum árum.

Það kom margt mjög athyglisvert fram í ræðu hv. 3. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, enda er hann manna kunnugastur skattamálum og vel að sér í þeim, þótt á hinn bóginn kæmi jafnan fram að hann væri að verja vondan málstað, og greip í þeim efnum stöku sinnum til samanburðar sem hann sjálfur veit að ekki var réttur. Þannig getum við t. d. tekið þá fullyrðingu hans, að hann segist algerlega hafna því að um skattahækkanir sé að ræða núna, og spurt hann út í það, á hverju hann byggi slíka fullyrðingu. Það er náttúrlega viðurkennt og við vitum öll að þegar um skattkerfisbreytingu er að ræða, eins og núna, þá hlýtur skatturinn að koma öðruvísi niður en áður. Og vandinn við að taka einstök dæmi er einmitt í því fólginn, að einstök dæmi geta gefið villandi mynd af skattbyrðinni eins og hún verður. Þess vegna er ekki um annað að ræða en að taka þá heildarinnheimtu sem ríkissjóður ætlar sér að fá í sinn hlut. Ef við nú berum tekjuskatt einstaklinga, sem er í fjárlögum þessa árs, fyrir árið 1980, saman við það sem var í fjárlögum ársins 1979, þá kemur í ljós að ríkissjóður ætlar sér tæplega 5 milljörðum meira þótt aðeins sé reiknað með þeirri 45% tekjubreytingu milli ára sem hv. þm. taldi hámark að reikna með til þess að eðlilegur samanburður gæti orðið milli ára. Jafnvel þó við notum hans eigin tölur, þá er þarna um tæplega 5 milljarða viðbót að ræða, viðbótarskattheimtu miðað við það sem var á s. l. ári, og þessi skattheimta yrði 50% meiri eða 7.5 milljarðar, ef reiknað er út frá tölunni 47.5% hækkun skattgjaldstekna milli ára.

Nú get ég alveg tekið undir það með hv. þm., að auðvitað er tekjuskattshugtakið — eftir þeim skattalögum, sem hér er gert ráð fyrir — hjá einstaklingum ekki sambærilegt við það sem áður var, vegna þess að þar er ýmsu sleppt, bæði tekju- og gjaldamegin, svo sem eigin húsaleigu teknamegin, en aftur til frádráttar er sleppt liðum eins og fyrningum á eigin húsnæði, fasteignagjöldum, húseigendatryggingu, viðhaldi o. s. frv. Ég þori að fullyrða það, að þegar þetta dæmi er gert upp í heild út frá tekjuöflunarsjónarmiðum ríkissjóðs, þá hagnast ríkissjóður á þessari breytingu, eins og menn geta rétt séð á svipstundu, með því að sá frádráttur, sem húseigendur höfðu af viðhaldi á sínu eigin húsnæði, kom að mestu leyti fram í lækkun á hæsta skattþrepinu, þar sem mest munaði um það. Þess vegna er enginn vafi á því, að þessi breyting hefur a. m. k. ekki svipt ríkissjóð miklu í teknalegu tilliti. Miklu fremur gæti ég trúað hinu, ef þetta dæmi væri gert upp, að ríkissjóður hagnaðist heldur á þessari breytingu.

Það er líka annað atriði í þessu sambandi, sem menn skyldu gæta að. Það er náttúrlega gott að geta talað um það, að launþegar græði á 10% frádrætti frá tekjuskattsstofni þar sem ekki var um slíkan fastan frádrátt að ræða á s. l. ári. En til þess að svara þessu hefur hæstv. ríkisstj. hækkað skattþrepin um 5% til þess að ná þessu öllu til baka og meiru til. Eins og ég hef áður sagt hér í þessari d., þá er fastur frádráttur launamanna 4% í lífeyrissjóð og 1% félagsgjald, þannig að hver einasti launamaður í landinu hefur a. m. k. 5% frádrátt, svo að þessi 5% sem til viðbótar koma eru náttúrlega, eins og ég hef áður sagt, gagnvart meðallaunamanni rétt eins og

hann skuldaði hálfa milljón yfir árið. Það er nú ekki meira, auk þess sem þessi frádráttur er notaður sem réttlæting fyrir því að hækka tekjuskattsþrepið um 5%.

Þá kem ég að einu atriði, sem ég vildi ræða örlítið við hæstv. forsrh. úr því að hann gerði deildinni þann heiður að koma hér í kvöld. Hann sagði í sjónvarpsviðtali í gærkvöld að tekjuskattur mundi lækka, sérstaklega hjá þeim sem hefðu almennar launatekjur og lægri. Nú hef ég fengið um það upplýsingar hjá kjararannsóknarnefnd, hverjar voru meðalatvinnutekjur verkamanns á árunum 1978, 1979 og 1980. Ég hef á hverju einasta ári reiknað þessar atvinnutekjur eftir þeim skattstigum sem hafa verið í gildi á viðkomandi árum, bæði hjá kvæntum verkamönnum og ókvæntum, og niðurstaðan af þessu dæmi er sú, að hlutfallslega hafa beinir skattar hækkað á árinu 1979 frá því sem var á árinu 1978 og á árinu 1980 eftir þessum lögum frá því sem var í fyrra, gagnstætt því sem þessi hæstv. ráðh. sagði hér á Alþ. fyrir hálfum mánuði og gagnstætt því sem hann sagði í sjónvarpinu í gærkvöld. Eða hvernig ber að skilja orðið almennar launatekjur? Væri ósanngirni að reikna sem svo, að þarna væri átt við meðalatvinnutekjur verkamanns? Hið sama kæmi raunar út úr dæminu þótt við tækjum meðalatvinnutekjur iðnaðarmanns, meðalatvinnutekjur verslunarmanns. Hér er sem sagt um blekkingar að ræða, enda er það augljóst af því, að innheimtur tekjuskattur hjá ríkinu, það sem ríkið ætlar í sinn hlut af tekjuskatti, það hækkar meira en nemur verðbólgunni milli ára. Hv. stuðningsmenn þessarar ríkisstj. hafa reynt að verja sig með því, að tekjuskatturinn sé þannig upp byggður að ef menn hafi litlar launatekjur, þá greiði ríkið fyrir menn útsvar og sjúkratryggingagjald og þar fram eftir götunum. Þetta á náttúrlega við í algerum undantekningartilvikum og ekki um það sem maður kallar almennar atvinnutekjur, en sleppum því. Sú tala um tekjuskattinn, sem er í fjárl., er nettótala. Þá er búið að taka þetta allt til greina þannig að þegar við berum skattbyrðina saman, það sem ríkisstj. ætlar sér að ná út úr þessum tekjuskatti, þá skiptir þetta ekki máli. Skattbyrði tekjuskattsins birtist í fjárl. Svo einfalt er það. Og enginn annar samanburður getur verið réttur en sá einn að bera saman þessa heildarniðurstöðu. Og allra síst eftir að fyrir liggur, m. a. frá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., að þeir viti nánast ekkert um hvernig þetta nýja skattkerfi kemur út í einstökum tilvikum, hvorki gagnvart launafólki né atvinnurekstrinum. Þá er það heildarskattheimtan sem gefur besta mynd.

Ég sakna þess að hv. 8. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, skuli ekki vera hér inni, en það kom fram hér áðan — hér er hv. þm. kominn og það er mjög gott, — það kom fram áðan í framíkalli hennar við ummælum hv. 3. þm. Vestf., Sighvats Björgvinssonar, framíkalli sem ég vissi nú raunar ekki hvort átti að vera léleg fyndni eða hvernig átti að skilja það, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja væri sammála því skattafrv. sem hér liggur fyrir. Er það rétt skilið? Hún kinkar kolli, ég skil að það þýði já, þó að okkar hugsunarháttur sé ólíkur. Þó getur verið að þetta þýði nei, ég þori ekki að ábyrgjast það. En nú hef ég fyrir því örugga vitneskju, að þetta skattafrv. hefur að vísu verið rætt innan stjórnar BSBR, en því fer víðs fjarri að þar hafi verið gefið grænt ljós á samþykki þess. Hitt liggur hins vegar ljóst fyrir, að stjórn BSRB hefur ekki einungis mótmælt þeirri skatthækkun, sem fólst í hækkun söluskattsins, heldur hefur stjórn BSRB einnig mótmælt hækkun útsvarsins, þeirri hækkun beinna skatta sem þar kom fram. Og augljóst er að sjálfsögðu að hið sama gildir um þær skattahækkanir sem hér eru boðaðar. Í þessu sambandi er einnig nauðsynlegt að hafa það í huga, að alveg síðan á fyrri hluta þessa áratugs, síðan 1973 eða 1974 eða þar um bil, hefur það verið rauður þráður í sambandi við alla samningagerð verkalýðshreyfingarinnar að reyna að knýja á um það við ríkisvaldið að skattheimtan minnkaði. Og það á náttúrlega ekki hvað síst við núna þegar beinir skattar eru komnir upp í nær 65%. Menn gera sér náttúrlega grein fyrir því, að það eru ólíkt meiri kjarabætur í því fólgnar að fá hreinan hagnað í lækkun skattanna heldur en þótt tekjurnar hækki lítils háttar og 65% af þeim séu svo teknar til baka í ríkishítina.

Ég verð nú að segja það í sambandi við þessi kjaramál almennt, að það kom mér afskaplega mikið á óvart þegar ég hlustaði á það í sjónvarpinu í gær hjá hæstv. forsrh., að hann leit svo á að 1% grunnkaupshækkun mundi innan árs jafngilda 1% hækkun verðbólgunnar. Þetta er gagnstætt þeim kenningum sem ég hef heyrt um þetta mál, og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það frá hæstv. fjmrh. Ég sakna þess að hann er ekki hér inni, en ég get geymt mér þessa spurningu, ef hann skyldi birtast. En ég sé að formaður Framsfl. er hér viðstaddur og það væri gaman að spyrja hann einnig að því, hvort það sé hans skoðun að 1% hækkun láglaunatekna, 1% grunnkaupshækkun, þýði 1% hækkun verðbólgunnar. Við skulum gá að því, að verkalýðshreyfingin hefur sýnt mikla hógværð nú við þessa samningsgerð. Ég hygg að þess séu fá eða engin dæmi, svo mjög sem kaupmáttur almennra launatekna hefur verið skertur á síðari helmingi ársins 1979 og það sem af er þessu ári. Ætli það megi ekki reikna með því, að kjaraskerðingin bara frá áramótum sé í kringum 2—3% og eitthvað svipuð á síðari helmingi s. l. árs? Það er náttúrlega mjög undarlegt og ég verð að segja að það sé mjög mikil hógværð sem verkalýðshreyfingin sýnir með því að fara eingöngu fram á 5% grunnkaupshækkanir af þeim mönnum sem sjálfir boðuðu samningana í gildi fyrir tveim árum. Og maður verður líka að hafa það í huga og það er skiljanlegt, að ekkert gagntilboð skuli enn hafa borist opinberum starfsmönnum eftir óratíma, ef skilningur ríkisstj. allrar er sá að 1% grunnkaupshækkun handa almennum launþegum í landinu jafngildi 1% verðbólguhækkun. Það er náttúrlega ekki eðlilegt, að menn með slíkan hugsunarhátt sýni þeim mönnum kurteisi sem vinna hjá þeim við hinar opinberu stofnanir né flýti sér að svara þeim, komi með gagntilboð í þeirri vinnudeilu sem þar stendur yfir. En ég leyfi mér að fullyrða að afturhaldsmálflutningur af þessu tagi er aftan úr grárri forneskju og að þvílík ummæli hafa ekki heyrst eftir stjórnmálamönnum í nokkra áratugi, eins og þau að 1% hækkun grunnkaups jafngildi 1% hækkun verðbólgunnar. Og að þetta skuli gerast á sama tíma og Alþb. er valdamesti flokkurinn í ríkisstj. er svo sem eftir öðru í þessu stjórnarsamstarfi.

Ég tek undir það, sem hv. síðasti ræðumaður, Halldór Ásgrímsson, sagði, og vil ítreka það, að það er náttúrlega til lítils að vera með alls konar talnaleik í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir. Eftir þeim viðræðum, sem ég hef átt bæði við endurskoðendur og starfsmenn á skattstofum, þá eru þeir mjög uggandi um þá niðurstöðu sem verður út úr þessu skattafrv. eins og það liggur fyrir. Og ýmsir hafa haft við orð að meðal launþega muni

verða mikil ólga þegar skattskrárnar verða lagðar fram, enda næsta spaugilegt þegar hæstv. fjmrh. var að gefa það í skyn hér í gær, að allir muni verða ánægðir með gjöldin sín í sumar.

Það er eftirtektarvert, að í þeim upplýsingum, sem borist hafa frá Þjóðhagsstofnun, er gert ráð fyrir að á þessu ári minnki þjóðartekjur á mann um 1% á árinu. Ég hef ekki orðið þess var hér á Alþ. að ríkisstj. hafi af þessum sökum boðað neinar sérstakar aðgerðir til eflingar atvinnurekstrinum. Þvert á móti hafa klyfjarnar á hann verið þyngdar. Það er ekki að sjá að bjart sé fram undan í sumum greinum, meira að segja um stöðnun að ræða, og menn óttast atvinnuleysi í sumum greinum. En á sama tíma og þjóðartekjur á mann minnka um 1%, þá eykst samneyslan um 2%. Á sama tíma og hver einstakur hefur minna til skiptanna tekur ríkissjóður meira til sín. Það er náttúrlega ekki við því að búast við þvílíkar aðstæður að greiðlega gangi að ná samstöðu eða samningum á vinnumarkaðinum, allra síst þegar viljaleysi ríkisstj. til þess að mæta sanngjörnum kröfum launafólks er jafnafgerandi og raun ber vitni.

ATKVGR.

Brtt. 380,1 felld með 19:19 atkv.
1. gr. samþ. með 20:18 atkv.
Brtt. 380,2 felld með 20:19 atkv.
2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 380,3 felld með 20:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, SighB, SÓ, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, EKG, MÁM, ÓE, SvH.

nei: PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, VI, GS, GGÞ, GHelg, HÁ, SvJ, BS, IGísl, JE, ÓÞÞ.

1 þm. (GJG) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég óskaði eftir nafnakalli um þessa till. aðeins til þess að leiða það í ljós, að till. þessi er flutt af fulltrúum þingmanna Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. Nd. og ef hún fellur, till. fulltrúa þingflokks Sjálfstfl., þá fellur hún á atkvæðum sjálfstæðismanna sem eru í þessum sama þingflokki. Þetta er mjög athyglisvert ástand, einkennilegt og hörmulegt, að í einum og sama flokki skuli menn vera að leika sér með svona hluti. Herra forseti. Ég segi já.

Brtt. 386,1 felld með 20 19 atkv.
3. gr. samþ. með 20:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, VI, GS, GGÞ, GHelg, HÁ, SvJ, BS, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS.

nei: ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JP, KP, MHM, EKG, MÁM, ÓE, PS, SighB, SÓ, VG, AG, SvH.

1 þm. (GJG) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, sem neitaði að taka þátt í störfum fjh.- og viðskn. þessarar deildar þegar þetta mál var afgreitt, neitaði að taka þátt í þingstörfum hér í deildinni þegar málið var til umr., hann neitar einnig nú að taka þátt í þessari atkvgr. þó hann hafi ekki fjarvistarleyfi. Málið væri því fallið ef ekki hefði komið til liðsinni þm. Sjálfstfl., og skoðast því Sjálfstfl. bera allverulega ábyrgð á þeim skattstiga sem hér er verið að ákveða. Ég segi nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil vekja á því athygli, að klofningurinn í Sjálfstfl. hefur tekið á sig nokkuð nýja mynd þegar þess er gætt, að skattpíningarstefnunni hefur bæst liðsauki. Það er hinn nýi varaþingmaður, hv. þm. Valdimar Indriðason, sem ber auðvitað að fullu, eins og atkvæðaskiptingin er hér í kvöld, ábyrgð á því að ný skattastefna er að ganga yfir þjóðina. Ég tel rétt að vekja á því athygli að það hafa bæst upplýsingar við þær upplýsingar sem við höfðum um klofninginn í Sjálfstfl. Ég segi nei.

Brtt. 386,2 tekin aftur.
Brtt. 380,4 felld með 20:19 atkv.
4. gr. samþ. með 20:1 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 380,5 felld með 20:18 atkv.
8.—10. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 380,6 felld með 20:19 atkv.
11. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Við hv. þm. í Nd. höfum orðið vitni að allmerkilegri atkvgr. hér í kvöld, þegar senn líður að 1. maí. Þannig er að mál komast ekki í gegn fyrr en eftir síendurteknar atkvgr. og þá upplýsir hæstv. forseti okkur um að mál hafi gengið þannig að þau séu samþykkt með 20:1 atkv. Ég hef reynt að skima hér í kringum mig og hvergi séð hægri hönd á lofti, en samkv. þingsköpum mun það vera skylda til þess að atkv. teljist gilt. Mig langar til þess að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann skýri hvernig á því standi að þetta eina atkv. kemur alltaf fram.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það vill þannig til að forseti hefur atkvæðisrétt. Sú er skýringin.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 354 (sbr. 231)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, VI, GS, GGÞ, GHelg, HÁ, SvJ, BS, IGísl.

nei: JS, JP, KP, MHM, EKG, MÁM, ÓE, PS, SighB, SÓ, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, SvH.

1 þm. (GJG) fjarstaddur.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að vekja athygli á því, að hér fer hver skattahækkunin af

annarri í gegn á atkvæðum sjálfstæðismanna, og vil benda á að Sjálfstfl. hlýtur að bera ábyrgð á eigin gerðum. Ég segi nei.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Til þess að forðast misskilning vil ég benda hv. þdm. á að forseti hlaut að beita nafnakallsaðferð ef ekki hefði viljað betur til, ef menn undrast eitthvað um atkvæðagreiðslur hér.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þegar við erum að greiða atkv. um svo mikilsverða skatta sem einkum og sér í lagi Sjálfstfl. barðist hetjulega gegn í síðustu kosningum, þá vil ég vekja athygli hv. þd. á því, að hér situr nýkominn varamaður fyrir Sjálfstfl., hv. þm. Valdimar Indriðason. Hann hefur enn ekki greitt atkv., en telji ég rétt, þá sýnist mér að þessi nýi og óreyndi þm. hafi nú nokkuð í hendi sér hvort þetta gjald er lagt á þjóðina eða ekki. Ég er ekki aðeins að vekja athygli þd. á þessu, heldur einnig sérstaklega þessa hv. þm. Ég segi nei.

Valdimar Indriðason: Hæstv. forseti. Ágæta þingdeild. Ég hef ekki fyrr staðið upp hér á hv. Alþ. og bjóst ekki við því að þurfa að koma hingað upp við þessar aðstæður. En ég vil í fyrsta lagi afþakka kennslu Vilmundar Gylfasonar í því, hvernig ég á að greiða atkv. Þar er ég frjáls maður og hann kannske veit það manna best. Eigi að setja mig hér upp við vegg í atkvgr., þá er ég það lífsreyndur maður orðinn í gegnum mína pólitík í bæjarmálum og öðru, að ég veit alveg hvað snýr upp og niður á hlutunum. Ég veit alveg hvað þarf að gera í slíkum efnum, og hann veit manna best hver er staða mín hér í þd. í dag, þannig að hann þarf ekki að leiðbeina mér. Forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri nú að sinni, en ég segi já.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að þingflokkur sjálfstæðismanna hefur samþykkt að standa gegn frekari skattaálögum á þjóðina, hvort sem felst í þessu gjaldi, sem við erum nú að greiða atkv. um, eða hækkuðum tekjuskattsstiga. Þau orð, sem hér hafa fallið af hálfu Alþfl.-manna, eru merkileg að því leyti til, að forsaga þeirra er 25—35 milljarða kr. skattahækkun á þjóðina. Eftirfari þeirrar skattahækkunar er 25—30 milljarða kr. skattahækkun núv. vinstri stjórnar sem tók við af þeirri vinstri stjórn sem Alþfl. veitti lífshjálp í 13 mánuði. Það liggur ljóst fyrir, að Sjálfstfl. vill ekki bera ábyrgð á aukinni skattaálagningu á þjóðina, og með tilvísun til þess segi ég nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og aðrir frambjóðendur Sjálfstfl. bauð ég mig fram undir því kjörorði, að vinstri skattarnir skyldu felldir niður, og naut leiðbeiningar varaformanns Sjálfstfl. í þeim efnum. Þar sem ég vil standa við gefin loforð í þessum efnum segi ég nei.

Frv. samþ. sem lög frá Alþingi (þskj. 400).

Neðri deild, 68. fundur.

Fimmtudaginn 1. maí, kl. 0.05 eftir miðnætti.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 372). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Við, sem erum komnir á miðjan aldur, höfum lesið margar sögur íslenskar um þá hátíð og þá stemmningu sem greip fjölskyldur á aðfangadag jóla, sérstaklega á þeim heimilum sem úr litlu höfðu að spila, þá hátíð sem varð í hugum manna við það litla sem heimilin höfðu þá að bjóða. Þetta skapaði vissa stemmningu sem menn, sem nú eru komnir á fullorðinsár, minnast og muna. Við höfum nú á aðfangadagskvöldi 1. maí tekið á móti gjöfum í hátíðarskapi sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur skapað sjálfsagt bæði í huga og í hjarta launþega. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessar gjafir muni verða metnar á næstunni eins og verðugt er, því að með þeim hefur verið gengið þvert gegn öllum loforðum þeirra manna, sem nú skipa þann meiri hl. sem styður núv. hæstv. ríkisstj.

Mér sýnist á öllu að þeir einu, sem geta staðið hér í kvöld með höfuð hátt, séu þeir úr þingflokki Sjálfstfl. sem standa við þau fyrirheit sem þeir gáfu í síðustu kosningabaráttu, því enn höfum við ekki svikið neitt af þeim loforðum. Hins vegar eru því miður menn, sem hafa gert það, hér í salnum í kvöld. En mér finnst satt að segja grátlegt að hlusta á þá menn, sem þvengjalengjast hér upp í ræðustól ítrekað til þess að benda á það, að það sé Sjálfstfl. sem standi að þeim sköttum sem verið er nú að framlengja og íþyngja frá því á vinstristjórnartímanum. Eins og hér kom réttilega fram í ræðu hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, þá er þetta auðvitað beint framhald af því sem skeði á árum beggja vinstri stjórna, hjá báðum Ólafíustjórnunum. Og það voru ekki sjálfstæðismenn, sem blésu lífsanda í nasir síðustu vinstri stjórnar, heldur voru það Alþfl.-menn. Það, sem hér er að ske nú, er því á þeirra ábyrgð, en ekki á ábyrgð okkar sjálfstæðismanna.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Klukkan er nú að ganga eitt, 1. maí er runninn upp, hátíðisdagur verkalýðsins. Við vitum það þm., að allir kjarasamningar eru lausir í þessu landi, og það hlýtur að vera ofarlega í hugum okkar með hvaða hætti við getum stuðlað að friðsamlegum samningum, þannig að vinnufriður ríki og verðmætaöflun megi áfram halda öllum landslýð til heilla og kjarabóta.

Spurningin er hvort afgreiðsla þessa frv. er þáttur í því að stuðla að slíkum samningum. Það er ljóst að með þessu frv. og öðrum þeim aðgerðum og frv., sem núv. ríkisstj. hefur fengið samþ., er skertur möguleiki til að bæta hag launþega með þeim hætti að peningalaun þeirra að raunverðmæti, ekki nauðsynlega krónutölu, en að kaupmætti megi haldast eða aukast. Þetta er fyrsti agnúi, fyrsti annmarki, fyrsti ágalli og meginástæðan til þess að þetta frv. ætti ekki fram að ganga.

Okkur ætti að vera ljóst í þessum sal, að það verður ekki skipt meiru en aflað er. Hið opinbera hefur með þessu frv. ásamt með öllum þeim öðrum frv., sem núv. ríkisstj. ber ábyrgð á, ætlað sér stærri hlut en áður. Jafnframt er ljóst að þessi hæstv. ríkisstj. ætlar að taka að láni til þess að framtíðarkynslóðir skuli borga meira en skynsamlegt er. Af þessum ástæðum ættum við að fella þetta frv.

Þetta frv. og þessi lög eru þannig til þess fallin að

torvelda samninga um kaup og kjör, koma í veg fyrir að vinnufriður komist á í þessu landi.

En þetta er ekki eini ágalli þessa frv. Annar ágalli þessa frv. er sá, að það er til þess fallið að auka spillingu í þessu þjóðfélagi. Með þeirri aukningu beinna skatta, sem þetta frv. stefnir að, er ljóst að það verður erfiðara fyrir skattayfirvöld að sjá svo um, að allir beri þær byrðar sem þeim ber að bera.

Það er alvarlegt mál þegar það hefur skeð á ábyrgð fyrri stjórnar og núv. stjórnar að söluskattur er orðinn svo hár, að það er slík freisting að skjóta undan söluskatti, að hætta er á því að margir falli fyrir þeirri freistingu. Og það er ekki eingöngu hætta á því að margir falli fyrir þeirri freistingu, heldur og að atvinnustarfsemin í landinu breytist frá því sem æskilegt væri og menn hírist í skúmaskotum, kjallaraholum og bílskúrum við atvinnustarfsemi með langtum óhagkvæmari hætti en ætti að vera ef bæta á kjör fólksins í þessu landi.

Slíkt skipulag er á ábyrgð núv. ríkisstj. og fyrrv. ríkisstj. Það er ábyrgðarhluti að ætlast til þess að menn láti það gott og gilt, að 2/3 hlutar þeirrar krónu, sem þeir vinna fyrir með miklu vinnuframlagi og álagi, renni til hins opinbera, en þeir fái aðeins 1/3 hluta. Með þeim hætti hygg ég að siðferðiskennd manna sé misboðið og með þeim hætti hygg ég að erfitt sé að halda uppi raunhæfu skattaeftirliti í landinu. Þetta er önnur ástæðan til þess, að okkur ber að hafna þessu frv.

Þriðja ástæðan er auðvitað sú, að auknar skattaálögur — í raun og veru hvort heldur er með beinum sköttum eða óbeinum, en einkum þó á fyrsta stigi með beinum sköttum — eru til þess fallnar að draga úr áhuga manna á að skapa verðmæti. Það er stefna Sjálfstfl., að að svo miklu leyti sem hið opinbera þarf á fjármunum að halda til þess að sjá fyrir sameiginlegum þörfum landsmanna — og auðvitað erum við sammála um það, — þá beri að afla slíkra fjármuna með óbeinum sköttum, með því að leggja skatta á eyðsluna og draga með þeim hætti úr eyðslunni, en ekki með því að leggja skatt á tekjurnar, ekki auka beina skatta, ekki með því að leggja á verðmætasköpunina skatt sem er til þess fallinn í bráð og lengd að draga úr þjóðarframleiðslu, þjóðartekjum og þeim grundvelli sem við öll viljum byggja á til þess að auka og bæta lífskjör landsmanna.

Af þessum þremur veigamiklu ástæðum: í fyrsta lagi, að þetta skattalagafrv. sem og aðrar auknar skattaálögur núv. ríkisstj. koma í veg fyrir að skynsamlegir kjarasamningar komist á og vinnufriður ríki í landinu, í öðru lagi, að með þessum hætti er ríkisstj. að koma í veg fyrir aukna verðmætasköpun í landinu, og í þriðja lagi er ríkisvaldið með þessum hætti því miður að skapa skilyrði — óholl skilyrði fyrir því, að spilling aukist í landinu, — af öllum þessum ástæðum ber okkur að hafna þessum skattalögum sem nú er lagt til að verði samþykkt.

Ég ítreka og endurtek, herra forseti, að það er táknrænt, að slík skattalög, sem eru e. t. v. á þessari stundu — þótt þau hafi langvinnari og langdrægari áhrif — einkum til þess fallin að torvelda vinnufrið í landinu og sátt milli stétta, skuli ganga undir atkv. 1. maí, á degi verkalýðsins. Það ásamt efni laganna, sem þó skiptir höfuðmáli, er á ábyrgð ríkisstj.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Atkvgr., sem nýlega fór fram um mál þetta hér í d., leiddi þá athyglisverðu staðreynd í ljós, að ríkisstj. hefur ekki þingmeirihluta lengur í Nd. Alþingis fyrir stefnu sinni í skattamálum. Það er öllum dm. ljóst og hefur komið fram að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, Alþb.-maður og stuðningsmaður ríkisstj., hefur gefið yfirlýsingu hér í þd. um að hann sé andstæðingur þeirra skattahækkana sem ríkisstj. er nú að framkvæma. Þetta kom fram við þessa afgreiðslu með þeim hætti, að hv. þm., sem er fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. þessarar d. sem hefur fjallað um þetta skattstigafrv., tók ekki þátt í störfum n. Hann var ekki viðstaddur þegar n. afgreiddi álit sitt á frv. og hafði þá ekki fjarvistarleyfi. Hann hefur ekki sést hér inni í þingsal í dag og hefur þó verið í húsinu. Hann hefur ekki tekið þátt í umr. um málið og hann var fjarstaddur atkvgr. án þess að hafa fjarvistarleyfi. Aðeins 20 dm. voru reiðubúnir til þess, þegar á átti að herða, að styðja ríkisstj. í þessu máli, og það hefði ekki nægt hæstv. ríkisstj. til að fá málið afgreitt, ef stjórnarandstaðan hefði ekki staðið við loforð sitt við ríkisstj. um að standa ekki í vegi fyrir því að hægt væri að afgreiða þetta mál á þessum tíma, ef stjórnarandstaðan hefði brugðið á það ráð að mótmæla vinnubrögðum ríkisstj. og því, að einn af þm. stjórnarliðsins, sem er andvígur ríkisstj. og skattastefnu hennar, skuli komast upp með það að fá sér frípassa frá slíku stórmáli, sem hann hefur tekið þátt í að ályktа gegn í stjórn Verkamannasambands Íslands, með því að bregða á það heldur ómerkilega ráð að þora ekki að koma hér inn fyrir dyr í sölum Alþingis í dag. Stjórnarandstæðingar hefðu getað mótmælt þessum vinnubrögðum með því að taka ekki frekar þátt í umr. eða atkvgr. og þá kæmist ríkisstj. ekki áfram með málið. Það eina, sem bjargar hæstv. ríkisstj., er að stjórnarandstaðan sýnir þann drengskap að standa við samkomulag og loforð sem hún hefur gefið hæstv. ríkisstj. Ef stjórnarandstaðan brygði á það ráð að mótmæla með þeim hætti, sem sérhver stjórnarandstöðuþm. er jafnfrjáls að eins og stjórnarsinninn Guðmundur J. Guðmundsson, að taka ekki þátt í störfum d. eða atkvgr. hér eins og hv. flokksbróðir fjmrh. Ragnars Arnalds, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, hefur gert, ef stjórnarandstaðan hefði ætlað að fá sér frípassa með sama hætti og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, þá væri hæstv. ríkisstj. komin í sjálfheldu og kæmi ekki málum fram hér í d. Þessi hæstv. ríkisstj. taldi sig byrja fyrir nokkrum vikum með 22 þm. á bak við sig í þessari d. Nú standa aðeins 20 eftir og með harmkvælum þó. Ég man satt að segja ekki eftir því, að nokkur ríkisstj. hafi verið jafnfljót að tapa tiltrú — ekki bara innan veggja þingsins, heldur fyrst og fremst utan veggja þess — eins og sú ríkisstj. sem er nú að byrja að syngja sitt síðasta, því að öllum þm. er ljóst, jafnvel þeim sem hreykja sér hvað hæst eins og hanar á haugi í ráðherrastólunum, að jörðin er farin að skjálfa undir þessari ríkisstj.

1. maí, alþjóðlegur baráttudagur verkalýðshreyfingarinnar, er runninn upp. Verkalýðsfólk, m. a. úr Alþb., flokki hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. iðnrh., er um þessar mundir að undirbúa baráttugöngu 1. maí hér í Reykjavík og víðar með því að mála slagorð og kröfuorð á spjöld til þess að bera í göngunni á morgun. Hv. Alþb.-menn hér í þinginu eru einnig önnum kafnir í nótt við framlag sitt til hátíðarhaldanna 1. maí. Framlag þeirra til hátíðarhaldanna 1. maí er þetta skattstigafrv. sem verið er að afgreiða hér, sem að áliti Þjóðhagsstofnunar rýrir kaupmátt almennings í þessu landi um 1.6%, sem að áliti

Verkamannasambands Íslands mun torvelda kjarasamningagerð, sem að áliti Verkamannasambands Íslands er þess eðlis að sambandið spyr: Hvernig getur hæstv. ríkisstj. sífellt ætlast til fórna af öllum öðrum þegar hún heimtar ávallt meira í sinn hlut?

Þetta mál er framlag Alþb. til hátíðarhaldanna 1. maí. Þetta frv., sem þá verður væntanlega orðið lög, er veganesti hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur í kröfugöngu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hér í Reykjavík á morgun. Þetta er veganestið sem hún hefur með sér eftir næturvinnuna hér á Alþingi. Þetta er veganestið sem hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. iðnrh. hafa falið henni að flytja íslenskum verkalýð 1. maí.

Það er mjög athyglisvert hvernig komið er fyrir þeim flokki, Alþb., sem áður og fyrr þóttist umfram aðra til þess kominn í stjórnmálin að bera hag hins vinnandi fólks fyrir brjósti. Þegar Verkamannasambandið sendir þessari ríkisstj. álit sitt, sem í er falin harkaleg gagnrýni á stefnu ríkisstj. í skattamálum, sem m. a. að áliti Verkamannasambands Íslands mun torvelda gerð kjarasamninga á vinnumarkaðinum, þá er hrokinn í hinni nýju stétt Alþb., pappírstígrisdýrunum, gáfumannafélaginu, slíkur, að þeir velja aðfaranótt 1. maí til þess að svara Verkamannasambandi Íslands með þeim hætti sem hér er gert. Þetta er þeirra framlag í baráttugöngu verkalýðsins á morgun. Þetta er það veganesti sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir og aðrir Alþb.-menn flytja launþegum í þessu landi frá hinni nýju stétt Alþb., frá gáfumannafélaginu, frá pappírstígrisdýrunum, frá hlaupastrákunum úr Framsfl., sem nú ráða ferðinni í þessum áður svo róttæka flokki.

Hlutur Sjálfstfl. í þessu máli er þó sýnu verstur. Hv. þm. Valdimar Indriðason sagði áðan, þegar hann gerði grein fyrir atkv. sínu, að um það, hvernig hann ráðstafaði atkv. sínu í þessu máli, þyrfti hann ekki að taka neinni leiðsögn frá öðrum, heldur færi hann eftir sannfæringu sinni. Þegar hv. þm. bauð sig fram og leitaði eftir stuðningi samborgara sinna lýsti hann því yfir, að sannfæring hans væri þveröfug við það sem hann segir að sé sannfæring sín í dag. Annaðhvort sagði hv. þm. ósatt, skrökvaði vísvitandi í desembermánuði s. l. á framboðsfundum í kjördæmi sínu, þegar hann sagði sína sannfæringu vera þá að afnema alla þá skatta sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hafði lagt á landslýðinn, bauð sig fram til þess að gera það og hét að gera það ef samborgarar hans sæju til þess að hann fengi aðstöðu til áhrifa hér á Alþingi, — annaðhvort sagði hv. þm. þá ósatt um sína sannfæringu eða hann segir ósatt um sína sannfæringu núna. Hv. þm. og aðrir flokksbræður hans, sem kjörnir voru til þings í desember á þeim forsendum sem þeir þá settu sér, voru samkv. því kjörnir til þings á röngum forsendum. Þeir sögðu þjóðinni vísvitandi ósatt í desembermánuði s. l. Þegar þeir gengu fram fyrir þjóðina og föluðust eftir stuðningi fólksins, þá sögðu þeir vísvitandi ósatt, þá breyttu þeir þvert gegn sannfæringu sinni, ef nokkuð er að marka það sem þeir segja í dag.

En það er nú einu sinni þannig í pólitík, að það verður ekki bæði sleppt og haldið. Og ég verð að segja eins og er, að hlutur þeirra manna er hörmulegur sem þykjast eiga aðild að tilteknum flokki, taka þátt í störfum hans og stefnumótun, sitja fundi hans, taka þar þátt í umræðum um hvaða afstöðu flokkurinn og þeir, sem flokkinn mynda, eigi að hafa til tiltekinna mála, sitja þar og þegja þunnu hljóði, gera enga tilraun til að hafa áhrif á flokksbræður sína til þess að breyta um skoðun, gera enga tilraun til að láta fram koma að þeir séu annarrar skoðunar en þeirrar sem flokkurinn er að móta, og koma svo, eftir að ákvörðun hefur verið tekin, og segja: Nei, ég er ekki með. Ég er á annarri skoðun — og gera félaga sína þannig ómerka til orðs og æðis. Ég harma það ekki þó svo Sjálfstfl. eigi við slíkt heimilisböl að búa. En furðulegt er innræti þeirra manna, það verð ég að segja, sem geta gert sér þannig leik að því að draga dár að félögum sínum, gera lítið úr þeim og sjálfum sér og flokki sínum, sjálfum sér og samstarfsmönnum sínum til ævarandi háðungar og skammar með framferði sínu hér innan sala Alþingis. Og jafnvel metnaðurinn, jafnvel hrokinn og stoltið, hæstv. landbrh., megnar ekki að fela þetta. Það getur enginn hani galað nógu hátt til þess að kæfa þessar raddir.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að bæta mörgum orðum hér við. Það er auðvitað ljóst, að þær skattahækkanir, sem nú er verið að afgreiða, eru afgreiddar á ábyrgð þeirra flokka, sem þeim veita atfylgi, og þá ekkert síður á ábyrgð Sjálfstfl. en annarra, vegna þess að skattstigafrv. og hækkun flugvallagjaldsins og hækkun söluskattsins og hækkun útsvarsins hefðu fallið ef þm. Sjálfstfl., félagar í þingflokki hans, kjörnir til trúnaðarstarfa af kjósendum hans, þátttakendur í stefnumótun hans og störfum, valdir í þingnefndir af þingflokki hans, fullgildir meðlimir í flokknum: þingflokki, flokksfélögum og öllum stofnunum Sjálfstfl., hefðu ekki orðið þess valdandi að öll þessi mál fengu þann meiri hl. sem til þurfti. Þeirra er ábyrgðin. Sjálfstfl. getur ekki skorast undan því að eiga jafnvel öðrum flokkum fremur ábyrgðina á slíkum afgreiðslum. Því getur hann ekki velt yfir á aðra því að þeir, sem úrslitunum ráða, eru hans menn, fullgildir hans menn, sem sitja í trúnaðarstöðum fyrir þann flokk, bæði innan og utan veggja Alþingis. En furðulegt — ég segi það aftur — er innræti og skapferli þeirra manna sem geta látið sér sæma að leika ekki bara sjálfa sig svo grátt, heldur félaga sína líka.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson upplýsti hér að stjórnarliðið hefði ekki getað fengið þetta frv. samþykkt nú nema með því móti að stjórnarandstaðan — og þar með hann sjálfur — hjálpaði til með því að sækja þingfund. Mér er bæði ljúft og skylt að þakka hv. þm. fyrir þessa aðstoð við að koma þessu frv. fram og sjálfsagt að það komist til skila til þjóðarinnar að það sé honum að þakka að þessi frv. ná fram að ganga. (**HBl:** Það er nú hægt að bæta úr því enn náttúrlega.)

Hv. þm. réðst hér með illyrðum að vissum þm. Sjálfstæðismanna út af því, að ekki hefði verið staðið við fyrirheit frá því fyrir kosningar um afnám tiltekinna skatta. Þessi ræða hv. þm. og tal þeirra, hans og hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og jafnvel fleiri, vekja nokkra furðu. Ég veit ekki betur en um margra ára skeið hafi Alþfl. boðað þá stefnu, flutt um það frv. og till. að lækka og jafnvel afnema tekjuskatt. Ekki síst var það fyrir kosningarnar 1978 sem þessi boðskapur hljómaði. Þeir komust í ríkisstj., þessir hv. þm., og fengu tækifæri til að framkvæma sína stefnu, sem þeir vafalaust hafa fengið þúsundir atkv. út á, að lækka eða afnema tekjuskattinn. Nú skulum við segja að þeir hafi ekki fengið því framgengt að afnema hann eða lækka hann verulega vegna

samstarfsmannanna. En þeir létu sér ekki nægja að láta þennan tekjuskatt vera óbreyttan, heldur lögðu sitt lið til að stórhækka hann í valdatíð þeirrar ríkisstj. sem sat á árunum 1978 — 1979. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Vilmundur Gylfason studdu það, greiddu atkv. með því hér á Alþ. og gerðu mögulegt að hækka verulega tekjuskattinn á öllum almenningi, þvert ofan í öll gefin loforð. Ég held að hv. þm. Vilmundur Gylfason hafi einhvern tíma kallað sjálfan sig arkitekt þessa mikla kosningasigurs Alþfl. 1978. Hann stóð ekki að því síður en aðrir flokksbræður hans að gera það mögulegt að hækka tekjuskattinn á fólkinu, þvert ofan í gefin loforð.

Ég verð að segja að það er blöskranlegt að heyra þessa hv. þm. koma hér upp í ræðustól og býsnast yfir því að verið sé að hækka tekjuskatt, segja þeir, sem er hrein blekking því þetta frv. felur ekki í sér hækkun á skattbyrðinni. Mér finnst að þessir hv. þm. ættu heldur að hafa hægra um sig og allra síst að bera brigsl á aðra þm. í þessu sambandi.

En hér hafa nokkrir aðrir þm., m. a. nú í þessum umr. hv. þm. Halldór Blöndal, ráðist á okkur flokksbræður sína, sem stöndum að ríkisstj., fyrir að við höfum tekið þátt í að heita því fyrir kosningar að afnema alla skatta vinstri stjórnarinnar, en ekki staðið við það. Nú vil ég, áður en ég vík að þessu nánar, í rauninni byrja á því að bera af mér sakir, því að hv. þm. dróttaði því að mér að ég hefði verið leiðbeinandi hans í leiftursókninni. Ég vil biðjast alveg undan öllu slíku, að ég beri með leiðbeiningum, ráðum eða einhverri uppeldisstarfsemi varðandi hann nokkra ábyrgð á því sem hann segir eða gerir. En við skulum líta á hvernig staðið hefur verið að þessum fyrirheitum í hinni svokölluðu leiftursókn.

Formaður Sjálfstfl., sem hér talaði áðan, gerði í umboði forseta Íslands tilraunir til stjórnarmyndunar á s. l. vetri. Það tók að vísu alllangan tíma áður en nokkrar tillögur væru lagðar fram um stjórnarmyndun. Loksins kom þó frá honum eitt plagg þar sem settar voru fram ýmsar hugmyndir varðandi stjórnarmyndun. Í þeim hugmyndum formannsins var að vísu gert ráð fyrir nokkurri lagfæringu eða lækkun á tekjuskatti. En þessar till. voru þeim annmarka háðar, að þær byggðust á því að ríkissjóður yrði í ár rekinn með verulegum halla, eins og m. a. kom fram í umsögn Þjóðhagsstofnunar um þær hugmyndir. Með þessu, að leggja hugmyndir eða till. varðandi stjórnarmyndun fyrir aðra flokka sem fólu í sér greiðsluhalla hjá ríkissjóði á árinu, var ekki aðeins farið inn á hættulega braut, því að eitt það hættulegasta í sambandi við viðnám gegn verðbólgu er að halda áfram að reka ríkissjóð með halla og láta Seðlabankann prenta þeim mun fleiri seðla. Þessar hugmyndir voru einnig brot gegn einu grundvallaratriði í stefnu Sjálfstfl. fyrr og síðar: að reka ríkissjóð hallalausan og helst með greiðsluafgangi. Þarna var sem sagt minnst á nokkra tekjuskattslækkun, en í þessum hugmyndum formannsins var ekki minnst á það einu orði eða gerðar nokkrar till. um að allir skattar vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar yrðu felldir niður. Það láðist alveg að minnast á þá, með þessari einu undantekningu varðandi tekjuskattinn.

Mér finnst það sannast sagna koma úr hörðustu átt, þegar þessi hv. þm. og liðsmenn hans ráðast nú að þeim sjálfstæðismönnum, sem standa að núv. ríkisstj., með ásökunum og brigslyrðum um að þeir séu að svíkja kosningaloforð með því að beita sér ekki fyrir því að fella niður alla skatta sem stjórnin 1978 — 1979 lagði á, því að í þessum stjórnarmyndunartilraunum formanns Sjálfstfl. hvarf hann sjálfur frá því og gerði ekki till. um það og virðist ekki hafa dottið í hug að setja það skilyrði fyrir þeirri stjórnarmyndun sem hann var að reyna.

Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið afflutt kirfilega, eins og við höfum heyrt hér. Hvað er hér um að ræða? Það er um að ræða í þessu frv. fyrst og fremst breytingar á skattstiga eða skattprósentum í gildandi skattalögum frá 1978 sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar beitti sér fyrir og fékk sett. Þessum skattaprósentum í því frv. varð að breyta vegna þess að þau skattalög, sem nú verður farið eftir við álagningu í fyrsta sinn, voru byggð á staðgreiðslu skatta sem ekki hefur komist á. Þess vegna varð að breyta þessum prósentum. Það er meginefni þessa frv.

Ég skal ekki fara frekar hér út í áhrif og efni þessa frv. En ég vil fullyrða eitt: að skattalögin, þessi sem við erum nú að afgreiða, breytingar á skattalögunum frá 1978, þýða ekki aukna skattbyrði frá því sem orðið hefði samkv. skattalögunum frá 1978, sem sett voru fyrir forgöngu ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Það er alrangt að hér sé um þyngingu á skattbyrði að ræða. Það var ljóst að samkv. þeim lögum mundu skattar hækka og það verulega á vissum hópi manna, og það fór ekkert leynt, að vegna þess að tekin yrði upp sérsköttun hjóna og 50% afsláttur af tekjum útivinnandi eiginkonu væri felldur niður mundu skattar hækka samkv. þeim lögum óbreyttum á hjónum þar sem bæði hefðu verulegar tekjur. Það verður eins samkv. þessu frv. sem hér liggur fyrir, að þessi skipulagsbreyting leiðir til skattahækkunar á þessum tiltekna hópi gjaldenda. Hins vegar er það líka staðreynd, að á hinum lægri tekjum fjölskyldufólks verður skattbyrðin léttari nú en hefði orðið samkv. þessum skattalögum frá 1978.

Sigurður Óskarsson: Herra forseti. Stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. á Alþingi Íslendinga hafa haldið sína 1. maí ræðu hér í kvöld. Ég átti sannarlega ekki von á því, að skattpíningarfrv. þessu líkt yrði samþykkt á baráttudegi verkafólks fyrir tilstilli þeirra sem hæst hafa látið um að þeir væru verndarar launafólks í þessu landi. Aldrei hefur það komið skýrar í ljós og aldrei hefur það komið í ljós svona skýrt 1. maí, þó að ýmislegt hafi skeð á þeim degi, að Alþb. er ekki flokkur launafólks í þessu landi. Mér kemur ekkert á óvart þó að framsóknarmenn greiði þessu frv. atkv., því að þeir hafa ekki einu sinni reynt að telja launafólki í þessu landi trú um að þeir ynnu fyrir það.

En að gefnu tilefni og vegna ummæla hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og Vilmundar Gylfasonar um ábyrgð Sjálfstfl. á því, sem hér hefur verið samþ. í kvöld, vil ég segja það, að Sjálfstfl. ber ekki ábyrgð á þeim einstaklingum sem hér hafa greitt atkv. að eigin sögn eftir sinni sannfæringu í kvöld. Ég harma það, að nokkrir þeirra manna, sem ég barðist með í síðustu kosningabaráttu, skuli hafa gleymt loforðum sínum og þeir skuli nú styðja arðrán á þá sem minnst mega sín í þessu þjóðfélagi. Ég vona að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason og flokksbræður þeirra verði duglegri málsvarar verkalýðsins innan verkalýðshreyfingarinnar við kjarasamningaborðið næstu daga en þeir hafa verið undanfarna daga og þar fari eitthvað eftir þeim orðum sem hafa verið látin falla í kvöld af þm. þessa flokks. Mér

hefur einmitt fundist það stundum vilja brenna við, að Alþfl. sækti meira til Alþb. á vettvangi verkalýðssamtakanna en þm. hans vilja vera láta innan veggja Alþingis í kvöld. Og ég fagna því, ef túlka má þessi ummæli hv. þm. sem stefnubreytingu innan raða verkalýðshreyfingarinnar. Við þurfum ekki að búast við því í þeim kjarasamningum, sem fram undan eru, að okkur takist með tilstilli Alþb. að endurheimta eitthvað af því sem verið er að ræna hér með skattalögum af verkafólki á Alþingi Íslendinga 1. maí. Alþb. hefur yfirleitt haft lágt um sig á vettvangi kjaramálanna þegar Alþb.-menn hafa setið í ráðherrastólum á Íslandi, og ég geri ekki ráð fyrir því að þar verði nein breyting á.

Það eru ekki fulltrúar verkalýðsins eða Verkamannasambands Íslands, sem ráða ríkjum í flokksstjórn Alþb. á Íslandi. Ef það væri, þá hefði formaður Verkamannasambandsins verið hér í kvöld og atkv. hefðu fallið á annan veg en þau gerðu.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er fyrst svolítil leiðrétting. — Hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að ég hefði einhverju sinni kallað sjálfan mig arkitekt að tilteknum kosningasigri á árinu 1978. Þetta er ónákvæmni sem hæstv. forsrh. er kannske leyfileg 29. des. eða síðar, en helst ekki fyrr. Þau ummæli, sem hér er vísað í, birtust í málgagni hæstv. forsrh., Morgunblaðinu, og orðin, sem féllu, voru: „Einn af arkitektum," sem ég vitaskuld var ásamt með öðrum frambjóðendum Alþfl. á þeim tíma svo og þeim hundruðum eða þúsundum manna sem unnu að þeim kosningasigri sem hæstv. forsrh. gat um. Þetta er lítil ónákvæmni sem hæstv. forsrh. gerir sig sekan um, sem venjulega hefur verið kennd við Þjóðviljann, enda má oftast lesa slíka tegund af ónákvæmni í því blaði, en mér þykir hann gerast fulldjarfur námsmaður ef hann ætlar að taka upp þessi vinnubrögð með litlu tilliti til staðreynda og nánast engum fyrirvara. Að vera einn af arkitektum er allt annað en að vera arkitekt. T. a. m. mætti segja að hæstv. forsrh. væri einn af arkitektum að Kröfluævintýrinu, en það hvarflar ekki að mér að segja að hann sé arkitektinn að því ævintýri, fleiri voru þar að verki. Sem sagt, lítil leiðrétting. Ónákvæmni er leyfileg eftir 29. des. n. k., en ekki fyrr.

Erindi mitt hingað í ræðustól er að vekja athygli á því fyrst og fremst, að hún er orðin grínaktug, framkoma þm. Sjálfstfl., sem svo er enn kallaður, í þessu máli sem raunar öðrum sem hér eru til umr. „Málgagn þjóðarinnar," í gæsalöppum sagt og hugsað, Morgunblaðið, sagði frá því í stórfréttum ekki alls fyrir löngu, að nýr félagi hefði bæst í þingflokk Sjálfstfl., þ. e. hv. þm. Eggert Haukdal. Það eru vissulega stórtíðindi þegar málgagn þjóðarinnar skýrir frá því, að í þingflokk þjóðarinnar hafi komið nýr liðsauki. Nú skyldi maður ætla að það, sem hefði gerst, væri að þetta samstillta fjörlið þjóðarinnar væri hálfu samstilltara eftir óneitanlega svolítinn óróa að undanförnu. Og nú skyldi maður ætla að þetta djarfa lið, þessi þingflokkur þjóðarinnar, stæði samstæður og samhuga og að þessir fáu undanvillingar, sem það slys hefur hent að styðja allt aðra stefnu en boðuð var fyrir kosningar, — maður skyldi halda að þeir yrðu þeim mun einangraðri sem blað þjóðarinnar notaði stærri fyrirsagnir um að þingflokkur þjóðarinnar væri orðinn stærri og sterkari. Svo eru greidd atkv. hér í kvöld og hvað gerir hv. þm. Eggert Haukdal, nýinntekinn í þingflokk þjóðarinnar? Hann segir auðvitað þetta sama já. Og þá spyr maður: Hvað þýddi fréttin um það að hv. þm. Eggert Haukdal væri genginn í þingflokk Sjálfstfl.? Hafði sú frétt yfirleitt enga þýðingu? Er þetta grín og er verið að gera grín — látum vera hér innan húss, menn eru ýmsu vanir, en er verið að gera grín úti um þjóðfélagið allt?

Hér hefur fyrr í kvöld einnig verið vakin athygli á því, að einn hv. þm., að vísu óreyndur þm., en þm. engu að síður, sem kemur af Akranesi, hv. þm. Valdimar Indriðason, hefur farið á kostum. Og menn skyldu hafa ætlað að hann væri ekki liðsmaður undanvillinganna, heldur væri hann í þessum heilsteypta þingflokki þjóðarinnar. En svo er ekki aldeilis. Þvert á móti munar nákvæmlega einu atkv. að skattastefnan komist til framkvæmda. Og hver er það? Hv. þm. Valdimar Indriðason. Það er engin furða þó að ég spyrji, þó að fleiri þm. spyrji og þó að spurt sé úti um þjóðfélagið allt: Til hvers eru þingflokkar og hvað þýðir þetta kerfi yrirleitt sem við erum að byggja upp, ef á sama tíma og verið er að greina frá því í stórum fyrirsögnum í sjálfu málgagni þjóðarinnar, að t. d. hv. þm. Eggert Haukdal sé genginn í þingflokk Sjálfstfl., ef hann á sama tíma greiðir atkv. með allt öðrum hætti en þm. flokksins og þá nefni ég t. d. hv. þm. Geir Hallgrímsson? Hann lýsir því hér skýrum og sterkum orðum, að það sé stefna Sjálfstfl. að vera á móti þeim skattahækkunum sem hér er verið að leggja til. Hvað þýða þessi orð? Eða eru þessir menn fullkomnir ómerkingar orða sinna? Og hvernig ætlar þessi fiokkur að ganga fram til kosninga? Hvað ætlar hann yfirleitt að bjóða næst? Hvað bauð hann síðast? Hvað ætlar hann að bjóða næst? Auðvitað ætti Sjálfstfl. að hafa það í flokkslögum sínum, að því viðbættu sem hann þegar hefur, að sjálfstæðismönnum sé fullkomlega frjálst að vera í öðrum stjórnmálaflokkum. Það væri hægt að þiggja það upp á þau býti að vera í þingflokki Sjálfstfl. með þeim réttindum sem því fylgja, ef það eru engar skyldur þar fyrir utan.

Það er auðvitað hörmungarsaga þegar verið er að stórhækka skatta á landsfólkinu. Það er auðvitað hörmungarsaga, að því viðbættu að það skuli gerast á alþjóðlegum hátíðisdegi verkalýðshreyfingarinnar í veröldinni, 1. maí. Harmsaga Alþb. er öllum svo kunn, að um hana þarf ekki að fara fleiri orðum. Það að þm. flokksins skuli, auðvitað af ásettu ráði, vera á öllum stöðum öðrum á landinu heldur en í þessum sal í kvöld er út af fyrir sig ýkjavel skiljanlegt. En hitt er sennilega enn þá grínaktugra, að hér á að heita þingflokkur sem er að tilkynna það með pomp og prakt að hann sé að auka kyn sitt í bókstaflegri merkingu þess orðs, m. a. með því að hv. þm. Eggert Haukdal er nýorðinn þátttakandi og meðlimur með réttindum og skyldum sem því fylgja í þessum þingflokki, og síðan falla atkv. hér í kvöld út og suður eins og auðvitað öllum þm. er ljóst.

Það hefur verið talað um það í kvöld, að það sé út af fyrir sig ekki þinglegt eða drengilegt að vera að níðast á hv. þm. Valdimar Indriðasyni með þeim hætti sem gert hefur verið hér í kvöld. Maðurinn er óvanur og sennilega þekkir hann ekki þær leikreglur sem hér hafa tíðkast. En hlýtur það ekki að koma fleirum en mér spánskt fyrir sjónir, að þessi nýi varaþm. Sjálfstfl. — skulum við segja — verði með atkv. sínu valdur að þeirri skattahækkun sem hér er verið að samþykkja, þrátt fyrir margítrekaða yfirlýsingu formanns flokksins, hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, um að hið gagnstæða sé stefna Sjálfstfl.?

Það er augljóst, að við öll þessi tíðindi verður að fara

að breyta um tungutak í íslenskum stjórnmálum. Hvað þýðir stefna Sjálfstfl. ef ekkert er við það að athuga og enginn gerir við það aths., að hv. þm., nýinntekinn í þingflokk Sjálfstfl., Eggert Haukdal, að ég ekki tali um hv. varaþm. Valdimar Indriðason og þá fleiri sem hér sitja, ef menn greiða atkv. út og suður eins og gert hefur verið? Hverju á fólk yfirleitt að treysta og hverjar eru leikreglur stjórnmálanna ef ekkert er við þessa framkomu að athuga?

Það er óhætt að vísa ábyrgðinni af því, sem hér hefur verið að gerast, alfarið í fangið á Sjálfstfl. Flokkurinn er augljóslega stjórnlaus í alla staði. Forustumenn hans ráða ekki neitt við neitt. Það er ekki lengur hægt að segja að það sé þessum þremur mönnum, sem keyptir voru fyrir ráðherrastóla, einum að kenna hvernig komið er. Varaþm. hv. hefur hér í kvöld sýnt fram á að þetta er miklu flóknara mál, greinilega djúptækara og nær miklu víðar en þar er um að ræða. Og ég þarf að endurskoða eigin hugmyndafræði um metnaðinn í dr. Gunnari Thoroddsen, því að augljóst er að það mál er bæði flóknara og víðfeðmara en hér hefur áður verið greint frá í fræðilegum vangaveltum um þessi mál. En kostulegustu tíðindin af þessu öllu eru kannske þau, að tveimur eða þremur dögum eftir að frá því er greint, að hv. þm. Eggert Haukdal — sem bauð sig fram af L-lista og er auðvitað ekki sekur um að hafa svikið eitt eða neitt, því mér er ekki kunnugt um að hann hafi lofað einu eða neinu — sé kominn í þingflokk Sjálfstfl., að við héldum með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja, þá snúist hann gegn þingflokknum, aðeins tveimur kvöldum seinna, og í fyrsta skipti sem eitthvað reynir á. Væri nú ekki ráð fyrir þingflokk Sjálfstfl. að hætta þessum leikaraskap og leysa bara þingflokkinn upp? Það eru áreiðanlega nóg herbergi hér í húsinu, t. d. hér undir stiganum, sem hægt er að nota sem minni háttar þingflokksherbergi fyrir þennan þingflokk, alls konar smáherbergi þar sem þeir geta verið einn og tveir og þrír saman. Það er alveg augljóst, að það að kalla þetta þingflokk hefur enga merkingu. (**Gripið fram í:** Er símaklefi laus?) Til dæmis, það er eitt herbergið sem vel getur komið til greina.

Sjálfstfl. hafði tiltekna stefnu fyrir kosningar, það er rétt. Hv. þm. Eggert Haukdal bar enga ábyrgð á þeirri stefnu. Hann bauð sig fram fyrir allt annan flokk, L-listann á Suðurlandi. En Sjálfstfl. hafði tiltekna stefnu. Hann hafði þá stefnu m. a. að afnema hina 19 skatta vinstri stjórnarinnar. Það var stefna, rétt eða röng, við skulum láta það liggja milli hluta að sinni, en þetta var kosningastefnan sem Sjálfstfl. hafði á þeim tíma. Nú er alveg augljóst að flokkurinn er klofinn í frumeindir sínar um það, með hverjum hætti þessari stefnu skuli framfylgt. Og þegar hv. þm. Geir Hallgrímsson kemur hingað í ræðustól og verður einbeittur í framan og segir að það sé stefna Sjálfstfl. að afnema þessa 19 skatta, þá er það einfaldlega ekki satt. Það er beinlínis ósatt, vegna þess að hv. þm. og hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen, hæstv. ráðh. Friðjón Þórðarson, hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson, þeir framfylgja alls ekki þessari stefnu. Því má svo bæta við, að hv. þm. Albert Guðmundsson, sem að vísu hefur öðrum hnöppum að hneppa um þessar mundir, hefur verið æríð óviss í þessari flatsæng, svo ekki sé meira sagt. En svo bætist grínið við, að maðurinn utan flokksins, hv. þm. Eggert Haukdal, er nýgenginn inn í flokkinn, eins og lesa má í málgagni þjóðarinnar, og notar fyrsta tækifærið til þess að sparka í þennan sama flokk og greiða atkv. gegn því sem hv. þm. Geir Hallgrímsson segir að sé stefna flokksins. Það er þessi ómynd af stjórnmálaflokki sem ber ábyrgð á því fyrst og síðast, hvernig þessum málum nú er komið. Það er auðvitað þessi ómynd af stjórnmálaflokki sem ber ábyrgð á því að skattarnir á fólki í landinu eru að snarhækka nú á þessari nóttu, og þegar morgunn, heiðríkur morgunn 1. maí, hins alþjóðlega baráttudags launafólks úti um gjörvallan heim, rennur upp, þá verður fólkinu í landinu gert að greiða miklum mun hærri skatta en áður hafði verið ákveðið. Það er þetta sundurtætta sundrungarlið að viðbættum hv. þm. Eggert Haukdal, sem ber á því fulla og alla ábyrgð. Ég vil í fullri vinsemd beina því til hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, þegar hann kemur andagtugur hér upp og lýsir því hver sé stefna Sjálfstfl. í þessum efnum, að gera þá heiðvirðu undantekningu, að ég veit ekki betur en að ráðherrarnir og hinir tveir a. m. k. séu í Sjálfstfl., en þetta er ekki stefna þeirra. Hann verður þá að segja: Þetta er stefna minna manna í Sjálfstfl. Þetta er stefna tætingsliðsins, sem í kringum mig er, sem ég er að tala fyrir. Maðurinn er ekki að tala fyrir stefnu Sjálfstfl. í þessum efnum vegna þess að slík stefna er ekki til og hefur ekki verið til síðan dr. Gunnar fór að brölta á sinni tíð.

Það er fyrst og fremst einn stjórnmálaflokkur sem ber á þessu fulla og alla ábyrgð, vegna þess að ef kosningaúrslitunum hefði verið framfylgt nákvæmlega, þá værum við ekki að hækka skattana hér í kvöld. Kosningaúrslitin sögðu til um aðra meðferð mála að því er þetta varðar. En það að þeir hv. þm. Geir Hallgrímsson og Ólafur G. Einarsson hafa ekki nema mjög takmarkaða stjórn á sínu liði, það er auðvitað fyrst og síðast orsök þeirrar ógæfu sem hér er um að ræða.

Svo, herrar mínir, þegar þið lýsið því hver sé stefna Sjálfstfl. í þessum efnum, þá verðið þið — a. m. k. dr. Gunnars vegna, hæstv. ráðh. Pálma vegna og hæstv. ráðh. Friðjóns vegna og vegna mannsins sem er nýgenginn inn í þingflokkinn til ykkar og tekinn með pomp og prakt, að því er lesa má í málgagni þjóðarinnar, og hv. þm. Alberts Guðmundssonar vegna, sem að vísu hefur öðrum hnöppum að hneppa eins og kunnugt er, — en þið verðið að gera þessar heiðarlegu undantekningar, þið verðið að beita frádráttaraðferðinni áður en þið lýsið því hver sé stefna Sjálfstfl. í þessum efnum. Það er við Sjálfstfl. að sakast og þá staðreynd, að Sjálfstfl. er pólitískt flakandi sár. Það tekur mörg ár að brjótast út úr þeirri sjálfheldu, út úr þeim harmleik sem hér hefur verið að gerast. En haldið þið ekki áfram að blekkja þjóðina í þá veru, að hér sé um einn heildstæðan og heilsteyptan stjórnmálaflokk að ræða. Það er auðvitað ekki. Sjálfstfl. er klofinn í einn, tvo, þrjá, fjóra, fimm arma, það er staðreynd. Og því fyrr sem talsmenn Sjálfstfl. viðurkenna þessa staðreynd, þeim mun fyrr veit þjóðin að hverju hún gengur, hverjir raunverulegir valkostir í stjórnmálum eru. Og því fyrr sem þjóðin veit það, því fyrr sem þjóðin hefur réttari upplýsingar, líka frá þessum mönnum sjálfum, þeim mun fyrr eru valkostirnir skýrir. Þetta þurfum við að hafa skýrt fyrir okkur. Þessi sök er stór og það er rangt að reyna að breiða yfir hana.

Landbrh. (Pálmi Jónsson). Herra forseti. Í öllu því orðaskvaldri, sem hér hefur verið flutt, og öllum þeim ræðum stjórnarandstæðinga, sem fluttar hafa verið um þetta mál og ýmis önnur hér á undanförnum vikum,

höfum við stjórnarliðar tekið það ráð að láta ræðuhöld fram hjá okkur fara án þess að hafa mikil afskipti af. Þetta er, eins og öllum er kunnugt, nauðsynlegt til að freista þess að mál nái þó að lokum fram að ganga. Ég mun þess vegna ekki hér gera neinar aths. eða blanda mér í þær efnislegu deilur sem hér hafa átt sér stað, jafnmiklar rangfærslur og hér hafa þó verið á borð bornar, bæði í kvöld og marga aðra daga.

Hér hefur mönnum orðið tíðrætt um ábyrgð Sjálfstfl. Ég ætla aðeins að segja um það efni, að ég mun ekki varpa af mér þeirri ábyrgð að styðja það frv. sem hér er á dagskrá. Ég mun ekki heldur varpa af mér þeirri ábyrgð að hafa átt þátt í myndun þeirrar ríkisstj. sem nú situr. Til þess lágu efnislegar ástæður sem ég hef greint frá annars staðar og mun greina frá betur við önnur tækifæri. Til þess eru næg tækifæri seinna, en undan þeirri ábyrgð ætla ég ekki að skorast.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kastaði til mín orðum alveg sérstaklega. Hv. þm. benti á mig sem sérstakan persónugerving metnaðar og hroka og hana sem galaði á hærri haug en nokkur maður annar. Ég ætla ekki að ræða þessa eiginleika mína né bera þá saman við til að mynda hv. þm. Sighvat Björgvinsson hvað þetta snertir. En hv. þm. Sighvati Björgvinssyni varð einnig tíðrætt um innræti, og ég hygg að ýmsa þá hv. þm., sem þekkja okkur báða, muni gruna að innræti okkar muni ekki sérlega líkt, a. m. k. ekki hið sama.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil nú aðeins leiðrétta það hjá hæstv. forsrh., að ég hafi leitað til hans í sambandi við leiftursóknina. Ekki man ég nú eftir að ég hafi nokkurn tíma haft orð á því, að hæstv. forsrh. hafi frætt mig mikið um þau efni, enda er mér satt að segja ókunnugt um hvort hann skildi í hverju hún var fólgin. Hins vegar er það ekkert launungarmál, að við, sem vorum ungir sjálfstæðismenn í kringum 1960 og fylgdumst með þeirri ríkisstj. sem kennd var við viðreisn, við lásum með mikilli athygli þá stefnu sem boðuð var í skattamálum í sambandi við þá viðreisn. Þaðan hafði ég þann lærdóm sem ég var að lýsa áðan. Til að rifja þetta upp, skal ég nú lesa, með leyfi hæstv. forseta, nokkuð af því sem ég fræddist um á þessum árum.

Gunnar Thoroddsen, þáv. fjmrh., núv, hæstv. forsrh., sagði m. a. á landsfundi Sjálfstfl. á árinu 1961:

„Það er auðvitað öllum ljóst, að það ástand í skatta- og útsvarsmálum, sem hér hafði ríkt um langan aldur, var ekki aðeins óviðunandi, heldur hættulegt fyrir alla velmegun og lífskjör þessarar þjóðar. Þetta skattaástand hefur verið til niðurdreps fyrir atvinnureksturinn, meinað atvinnufyrirtækjum að endurnýja sig, efla og auka starfsemi sína og afköst. Og í fjölda tilvika hafa þessir skattar dregið úr framtaki og orku einstaklinganna. Þess eru mörg dæmi sem við þekkjum með sanni. Þess eru dæmi, að þegar sjómenn hafa verið orðnir alltekjuháir og óskað var eftir eiginkonum þeirra til vinnu í frystihúsum, hafa menn þeirra amast við því vegna þess að skatturinn tæki kúfinn af tekjunum. Þannig hefur skattafarganið ekki aðeins verið til óþurftar fyrir atvinnuvegina, heldur og dregið úr dugnaði og vinnusemi einstaklinganna.

En auk þessa hefur skattaáþjánin haft þau áhrif, að skattsvik hafa verið orðin almennari á Íslandi heldur en í nágrannalöndum okkar. Í rauninni var svo komið, að þorri manna taldi eðlilegt og réttlætanlegt að draga undan skatti það sem mögulegt var. Þetta skapaði svo aftur hið mesta misrétti og ranglæti. Þeir þjóðfélagsborgarar, fyrst og fremst launamenn, sem urðu að telja fram allar tekjur sínar, töldu oft með réttu að skattar þeirra væru í hinu argasta ósamræmi við skatta nágrannans, sem hafði hagrætt sínu framtali betur. Það er orðið þjóðfélagsvandamál, þjóðfélagsböl, ef það er komið inn í almenningsálitið, að sjálfsagt sé að draga undan eins og frekast er fært."

Þetta er kafli úr landsfundarræðu hæstv. forsrh. á árinu 1961. Og það er athyglisvert, að sá stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. sem fjarverandi er, Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, sagði í sjónvarpsþætti í gærkvöld að hann óttaðist að við yrðum að flytja inn 4000 Ástralíustúlkur til þess að vinna í frystihúsunum af því að skattarnir væru orðnir svo háir, nákvæmlega það sama og hæstv. forsrh. var að lýsa að verið hefði í tíð vinstri stjórnarinnar áður en hann varð fjmrh. í upphafi viðreisnar. Nákvæmlega það sama.

Tveim árum síðar sagði þáv. hæstv. fjmrh. á landsfundi Sjálfstfl., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef við víkjum að fyrsta meginatriðinu, tekjuöflun ríkisins, komum við strax að grundvallaratriði, sem er viðhorfið til beinna og óbeinna skatta. Áður fyrr var mikill ágreiningur um það milli sjálfstæðismanna annars vegar og hins vegar sósíalista og kommúnista, hvort ætti að afla tekna fyrst og fremst með beinum sköttum eða óbeinum. Sósíalistar og kommúnistar héldu fram hinum beinu sköttum, þeir ættu að greiða hina stighækkandi tekjuskatta sem breiðust hefðu bökin, en tollar og aðrir óbeinir skattar ættu að vera sem allra lægstir, því að þeir kæmu þyngst niður á alþýðu.

Sjálfstæðismenn héldu því fram, að háir beinir skattar væru skaðsamlegir á marga lund, drægju úr framkvæmdum, framtaki og vinnusemi manna, sköpuðu margvíslegt ranglæti og leiddu til skattsvika ef skattstigar færu úr hófi.

Nú á síðustu árum hefur orðið gjörbreyting á viðhorfi manna í þessu efni. Margir þeirra, sem áður héldu fram ágæti hinna beinu skatta fram yfir þá óbeinu, hafa horfið frá fyrri skoðunum. Þetta hefur gerst bæði hér og í nágrannalöndum okkar. Það eru bráðum komin sex ár síðan haldinn var hér þingmannafundur Norðurlanda þar sem þáv. fjmrh. Norðmanna, Bratteli, einn af forustumönnum jafnaðarmanna í Noregi, flutti stórfróðlegt og athyglisvert erindi um beina og óbeina skatta. Hann hafði látið fara fram í Noregi rækilegar athuganir á þessum málum. Niðurstöður hans brutu í bág við fyrri kenningar jafnaðarmanna. Við eigum að draga úr hinum beinu sköttum, en taka í staðinn upp óbeina skatta, fyrst og fremst söluskatta. Hann færði fyrir þessu sterk rök.

Sú hefur orðið raunin á þar sem jafnaðarmenn ráða mestu á Norðurlöndum, að teknir hafa verið upp óbeinir skattar í æ ríkari mæli. Það sama hefur gerst hér á þessu kjörtímabili.

Við fyrstu sýn munu vafalaust margir segja: Það er meira réttlæti í því að ná ríkistekjum inn með beinum sköttum af þeim sem hafa háar tekjur, það er rétt að þeir borgi meira en hinir, í stað þess að tollar og söluskattar lenda einnig á fátæka fólkinu. Þetta lítur eðlilega út við fyrstu sýn. En reynslan sýnir og sannar allt annað. Þegar beinir skattar eru komnir úr hófi, eins og þeir voru komnir ekki aðeins hér heldur í flestum nágrannalöndum okkar, þá draga þeir úr framtaki manna. Ekki aðeins draga þeir úr uppbyggingu og eflingu atvinnulífsins,

heldur voru þess mörg dæmi að launamenn, sem voru komnir sæmilega hátt í tekjum, höfðu ekki áhuga á því að leggja á sig meiri vinnu og afla meiri tekna vegna þess hve mikið hlutfallslega fór þá í skatta. Fyrir fáum árum fór ég í sjávarpláss hér úti á landi. Þar voru mér sögð dæmi þess, að þegar sjómenn hefðu aflað mikilla tekna, komið var fram á haust og eiginkonurnar vildu fara að vinna í frystihúsum og afla sér aukatekna, þá var það illa séð af eiginmönnunum. Þetta gat hækkað skattana verulega og þegar ætti að fara að greiða þá væri erfiðara að fá konurnar til þess að borga af sínum tekjum þeirra part af skattinum. Og það er athyglisvert, að þar sem atvinnuleysi er eitthvað að ráði nú, t. d. í Bandaríkjunum og Bretlandi, er fyrsta ráðið, sem menn grípa til, að lækka hina beinu skatta.

Framsóknarmenn hafa mjög reynt að koma óorði á Kennedy Bandaríkjaforseta með því að kenna hann og flokk hans við Framsókn. En þegar hann leggur fram till. til að draga úr atvinnuleysinu er fyrsta ráðið að lækka hina beinu skatta á atvinnurekstrinum til þess að skapa atvinnufyrirtækjunum möguleika á að færa út kvíarnar, efla starfsemi sína, endurnýja hana og auka og þar með skapa aukna atvinnu.

Hinir háu beinu skattar hafa jafnan leitt til undandráttar undan skatti. Þar komum við að öðru atriði. Þetta skipulag leiðir oft til þess, að verulegur þungi skattabyrðarinnar lendir einmitt á hinum efnaminni launamönnum. Meðan skattarnir voru hér sem hæstir þurftu launamenn, sem urðu að borga háa skatta, oft að horfa upp á það, að nágranni þeirra, sem hafði aðstöðu til þess að telja ekki allt fram, greiddi ekki nema brot af þeim skatti sem á launamanninn var lagður. Þetta skapaði svo mikið ranglæti milli manna innbyrðis að til vandræða horfði. Ég held að flestir menn muni kjósa heldur að borga það, sem á að fara til ríkisins, jafnóðum í vöruverði, um leið og þeir kaupa vöruna, heldur en að þurfa að snara út þúsundum kr. í beinan skatt. Þar við bætist að álagning og innheimta hinna óbeinu skatta, tolla og söluskatts, eru miklu ódýrari og handhægari heldur en hinna beinu skatta. Það var eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstj. að lækka verulega beinu skattana, fella tekjuskattinn með öllu niður af almennum launatekjum og síðan að endurskoða allt skattkerfið með það fyrir augum að gera atvinnurekstrinum kleift að byggja sig upp og endurnýjast."

Svo mörg voru þau orð. Það er athyglisvert, að núv. ríkisstj. velur hátíðisdag verkalýðsins til þess að hækka hlutfallslega beina skatta af atvinnutekjum verkamanns, meðalatvinnutekjum verkamanns frá því sem áður var. Það er líka annað athyglisvert í þessu sambandi. Hæstu skattar eru núna 64 — 65%. Sumir af talsmönnum hæstv. ríkisstj. hafa reynt að verja þessar drápsklyfjar með því að verðbólgan verði gífurlega mikil á þessu ári. Að vísu hefur hæstv. forsrh. sagt í sjónvarpi að það sé algjör misskilningur. En sumir halda því fram, að verðbólgan verði jafnvel 55% og það réttlæti 65% í beinum sköttum af því að þeir séu greiddir eftir á.

Ég vil nú ekki trúa því, að hæstv. forsrh. sé haldinn þeirri vinstri villu að bera þvílíkan rökstuðning á borð fyrir hinum háu beinu skattþrepum. Ef við fylgjum þessum hugsanagangi, og það miklu fremur nú en endranær þar sem samningar eru lausir, þá erum við að kalla á að launþegarnir sjálfum sér til bjargar síðari hluta ársins spenni kaupkröfurnar upp til þess að lifa skattahækkanirnar af. Það eru þess vegna ekki rök, að í mikilli verðbólgu sé réttlæting fólgin í því að hækka beinu skattþrepin eins og nú er gert, vegna þess að það kallar á andsvar launafólksins. Launamaðurinn á ekkert annað svar en að krefjast þeim mun hærri grunnkaupshækkana sem tekjuskattstiginn er píndur upp. Þetta er augljóst öllum mönnum.

Ég veit ekki hvort ég á að endurtaka það, það er nú hálfþreytandi, en gaman væri að fá gleggri upplýsingar um hvernig það má vera, að tekjuskattsálögurnar á þjóðina í heild minnki þegar tekjuskattsinnheimtan vex meira en verðbólgunni nemur. Hæstv. forsrh. gerði ekki tilraun til að svara þessu áðan, sem ekki er von, frekar en annarri þeirri réttmætu gagnrýni sem fram hefur komið á það skattalagafrv. sem meiningin er að samþykkja nú á næstu stundum.

En það var ein spurning sem ég spurði hæstv. sjútvrh. um áðan og hann skaut sér undan að svara, og það var hvort hann væri sammála forsrh. um að 1% launahækkun þýddi 1% verðbólgu. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: er hann sammála þessari kenningu? Það hefur stundum komið fyrir að Alþb. hefur haldið því fram, að launakjörin hafi engin áhrif á verðbólguna. Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir í sjónvarpi, að 1% launahækkun þýði 1% hækkun verðbólgu þegar ár sé liðið. Hvað segir hæstv. félmrh. um þetta? Er hann sammála þessum skilningi? Ef það fólk, sem lægstar hefur tekjurnar, fær 1% hækkun sinna launa, þýðir það þá undir þeirri ríkisstj., sem nú situr, að verðbógan þurfi endilega að hækka um 1%? Það væri afskaplega fróðlegt að fá þetta upplýst. Þetta kom fram í sjónvarpsþætti í gær. Frekari skýringar voru ekki á þessu gefnar af hæstv. forsrh. (**Forsrh.:** Má ég skýra þetta fyrir þér?) Ég fékk nú ekki að skýra mikið út þegar hæstv. forsrh. var að tala í sjónvarpið og skrökva því að þjóðinni að skattar lækkuðu á meðaltekjum. (**Forsrh.:** Má ég skýra það fyrir hv. þm., að þetta er ekki pólitískt mat, heldur hagfræðilegt mat, sem ég skýrði frá í gær.) Hvaða hagfræðingur er sammála hæstv. forsrh.? (**Forsrh.:** Þjóðhagsstofnun Íslands.) Er hún sammála því? (**Forsrh.:**Já.) Það er nefnilega það, það er fróðlegt.

Það væri gott að fá það frá Þjóðhagsstofnun þá, að 1% hækkun á almennum launatekjum þýddi 1% hækkun verðbólgu. Það væri mjög fróðlegt. (**Gripið fram í:** Er forsrh. sammála því mati?) Hann skýrði frá þessu sem sinni skoðun í sjónvarpsþætti. En ég er að spyrja hæstv. fjmrh. hvað hann segi um málið. Og hvað segir hæstv. félmrh.? Eru þeir sammála þessu? Eða láta þeir það bara vera gott og gilt? (**Forsrh.:** En ræðumaður sjálfur, hvað segir hann?) Ég tel það sama og m. a. Ólafur Björnsson sem hæstv. forsrh. var einu sinni kunnugur. Og það hittist nú þannig á, að við höfum spurt um þetta í verkalýðsráði Sjálfstfl., einmitt um þetta atriði. Og hann var nú ekki þessarar skoðunar. En annars býst ég við því, að hæstv. forsrh. geti sjálfur rætt þetta við hann. Þeir voru einu sinni kunnugir. (**Forsrh.:** Ég var að spyrja um álit ræðumannsins.) Ég er ekki sammála þessu, nei. Ég er ekki sammála þessu, hæstv. forsrh., frekar en ýmsu öðru. (**Gripið fram í:** Er þetta flokksfundur í Sjálfstfl. eða hvað?) Það kom einu sinni fyrir að hér var utan dagskrár lesin upp, ef ég man rétt, flokkssamþykkt Alþfl. Var það ekki?

Ég vil svo í tilefni af þessum degi aðeins rifja upp leiðara Þjóðviljans þegar núv. hæstv. heilbr.- og félmrh.

var ritstjóri, í tilefni af 1. maí 1978. Þessi leiðari bar fyrirsögnina: „Kjósum ekki kaupránsflokkana" — og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 1. maí ávarpi fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Iðnnemasambands Íslands í fyrra var lögð áhersla á að fram undan væru þáttaskil: eftir sammfellt varnarstríð í tvö ár væri tímabil sóknarinnar hafið. Í ávarpinu var því lýst yfir, að reykvísk alþýða væri staðráðin í „að berjast til sigurs gegn óbilgjörnu ríkisvaldi og auðstétt landsins, sem á fáeinum misserum hafa efnt til hrikalegrar kjaraskerðingar, þannig að Ísland er nú orðið láglaunasvæði."

Þess var krafist í ávarpinu, að ríkisstj. færi frá, og lögð áhersla á að afstaða hennar til tillagna verkalýðshreyfingarinnar í efnahagsmálum væri prófsteinn á viðhorf ríkisstj., skilning hennar eða skilningsleysi. Í þessum tillögum bentu verkalýðssamtökin á efnahagslegar ráðstafanir sem hefðu skapað svigrúm til kjarabóta án þess sem kalla mætti grundvallarbreytingar á gerð þjóðfélagsins. Í lok ávarpsins í fyrra sagði á þessa leið: „1. maí 1977 fylkir reykvísk alþýða liði til sóknar fyrir bættum lífskjörum gegn fjandsamlegri auðstétt og ríkisvaldi. Hún heitir á hvern einasta einn að ganga fram og gerast virkur í baráttunni."

Ég get skotið því hér inn, að í þessum leiðara er talað um samfellt varnarstríð í tvö ár. Hvað er það sem verkalýðshreyfingin er búin að vera að heyja síðan þessi hæstv. ráðh. settist í fyrsta skipti í stjórnarráðið? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar hjá honum um það til dæmis, hvað lífskjör verkamanns hafa versnað mikið á síðari helmingi ársins 1979 og fyrri helmingi þessa árs? Ætli kjaraskerðingin frá áramótum sé ekki 2 — 3%, bara frá áramótum. Og hvernig var það síðasta ársfjórðunginn 1979? Eg ætla að lesa þetta áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki verður annað sagt en launamenn á Íslandi hafi tekið þessum heitu áskorunum vel. Í sjö vikur í fyrravor stóð yfirvinnubann, svæðaverkföll og starfsgreinaverkföll, og þær aðgerðir báru svo góðan árangur, að seint í júní voru undirritaðir samningar sem staðfestu það, að vörn hafði verið snúið í sókn, og verkalýðshreyfingin sótti fram á kostnað auðstéttanna. Nokkrum mánuðum síðar fóru opinberir starfsmenn í sitt fyrsta verkfall og tryggðu sér allmyndarlegar kjarabætur eftir eldskírn stéttabaráttunnar.

Þannig var ljóst að verkalýðshreyfingin hafði faglegt afl til þess að knýja fram kjarabætur, jafnvel þó að í landinu sitji fjandsamleg ríkisstj."

Þessi ríkisstj. svaraði opinberum starfsmönnum þegar þeir settu fram sínar kaupkröfur, þessi fjandsamlega ríkisstj. En hvað hefur nú gerst? Hvar er svar þeirrar ríkisstj., sem nú situr, við kröfum opinberra starfsmanna? Það hefur ekki borist enn. Skyldi það standa í ávarpi verkalýðshreyfingarinnar á morgun eða í dag, að ríkisstj. sé fjandsamleg? Skyldi Benedikt hafa samþykkt það og Snorri? Það verður fróðlegt að fylgjast með því. Hér segir áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„En varla var blekið þornað á undirskriftum kjarasamninga opinberra starfsmanna þegar öllum samningum var rift með lagaboði. Ríkisstjórn landsins braut sjálf gegn þeim lýðræðislegu og lagalegu grundvallarreglum sem samningar verkalýðs og atvinnurekenda hvíla á. Verkalýðshreyfingin lýsti sig þá óbundna af ólögunum, efndi til allsherjarverkfalls 1. og 2. mars s. l., nú stendur yfir útskipunarbann Verkamannasambands Íslands og Iðja í Reykjavík hefur boðað verkfall eftir mánaðamótin. Verkalýðshreyfingin ætlar að sækja sinn rétt, en reynslan sýnir hins vegar að þó henni tækist það skortir hana pólitískt afl til þess að verja rétt sinn þegar á herðir. Í því ljósi ber að lesa 1. maí ávarp Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, BSRB og Iðnnemasambands Íslands sem birt er landsmönnum í dag. Í því ávarpi segir einmitt:

„Verkalýðshreyfingin hafði faglegt afl til þess að knýja fram kauphækkanir 1977, en skorti pólitíska styrk til þess að standa vörð um ávinning kjarasamninganna. (**PS:** Var þetta ekki samið með krötum, maður?) Eigi að nást varanlegur árangur verður pólitísk og fagleg barátta verkalýðssamtakanna að haldast í hendur. Með því einu móti er unnt að gjörbreyta íslenska þjóðfélaginu, valda straumhvörfum. Við þessar aðstæður fylkir íslensk alþýða liði 1. maí 1978."

Það er augljóst hér hvað átt er við. 1. maí ávarpið er faglegt og pólitískt ákall til launafólks um að læra af reynslunni, læra af þeirri staðreynd að faglegt afl dugir ekki eitt sér, pólitískt afl verður að slá skjaldborg um verkalýðshreyfinguna, árangur hennar og baráttu. 1. maí ávarpið er ákall til launafólks um að kjósa ekki kaupránsflokkana, Sjálfstfl. og Framsfl., eins og launafólk hefur óneitanlega gert þúsundum saman í kosningum undanfarinna ára. Sú afstaða mikils fjölda launamanna hefur sprottið af margvíslegum ástæðum sem ekki verða gerðar að umtalsefni hér að sinni, en þessi afstaða hefur orðið öllum launamönnum dýr og sársaukafull vegna kauplækkana og kjaraskerðingar sem þessir flokkar bera ábyrgð á. Krafa dagsins og ákall er því: Kjósið ekki kaupránsflokkana, tryggið pólitískt afl verkalýðsins, því eftir kosningar tekur annars við kauprán og réttindaskerðing.

Í þessari forystugrein var í upphafi minnst á sóknarhvatningu verkalýðssamtakanna 1977. Sú sóknarhvatning hlaut hljómgrunn í víðtækri faglegri baráttu, sem bar mikinn árangur með sólstöðusamningunum og samningum BSRB s. l. haust. Vorið 1978 þarf einnig að verða sóknarvor, pólitískt sóknarvor alþýðunnar, sem skynjar þá möguleika sem nú eru til þess að valda straumhvörfum, þáttaskilum í sögu íslenskrar alþýðuhreyfingar. Látum það tæki ekki úr greipum ganga!

Fram til sigurs í kjarabaráttunni! Fram til sigurs í stjórnmálabaráttunni! Til baráttu á baráttudegi verkalýðsins 1. maí 1978!"

Svo mörg voru þau orð núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. meðan hann var ritstjóri Þjóðviljans. En hvað hefur hann nú gert til þess að reyna að standa við þessi orð? Hvað skyldi hann vera búinn að standa oft að löggjöf hér á Alþingi sem skerti kjarasamningana frá 1977? Ég kann ekki að rifja það upp í fljótu bragði. Og hvað skyldi skerðing kaupgjaldsvísitölunnar vera mikil þegar allt er talið? Hann hafði orð á því hér um daginn, að það mætti búast við að kaupgjaldsvísitalan mundi ekki skerðast meira í bili, mestöll skerðingin væri komin fram. Ætli hæstv. félmrh. hafi reiknað þetta út? Það væri gaman að sjá.

Það er líka svolítið skemmtilegt að fylgjast með því, að þegar þessi ríkisstj., sem meira að segja hæstv. forsrh. er viðkvæmur fyrir nú, ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, lét af völdum var það samdóma álit allrar verkalýðshreyfingarinnar, eða þeirra fulltrúa sem skipuðu Alþfl. og Alþb., að ástandið í þjóðfélaginu væri þannig að atvinnuveg-

irnir og þjóðfélagið gætu risið undir þeim kjarabótum, sem fólust í samningunum 1977, þá um vorið. Það var mat þessara manna, forustumanna Alþýðusambands Íslands, forustumanna BSRB og forustumanna BHM. Síðan hefur vinstri stjórn verið við völd í hálft annað ár, og hvernig er ástandið þá? Álögur ríkisvaldsins á launþega og atvinnurekstur hafa stóraukist. Því er lýst yfir og það er gefið út af Þjóðhagsstofnun, að þjóðartekjur á mann muni minnka um 1%. Verkalýðshreyfingin heldur að sér höndum, hver mánuðurinn líður á eftir öðrum án þess að raunverulega sé sest að samningaborðinu, og þær grunnkaupshækkanir, sem farið er fram á, eru um 5%. Það rifjar upp að á árinu 1977 var samið um 44% grunnkaupshækkun á einu og hálfu ári, svo það er aldeilis ólíku saman að jafna. Og ég verð að segja það, að þeim mönnum, sem mest og best treystu mönnum eins og núv. hæstv. félmrh. á því herrans ári 1978, getur ekki verið gerð meiri háðung fyrir sína barnalegu trúgirni heldur en sú skattpíningarlöggjöf sem á að samþykkja á þessari nóttu, á hátíðisdegi verkalýðsins. Það er líka, vil ég segja, hálfbroslegt, þegar maður flettir þessum gömlu blöðum, að sjá það, að nokkrum dögum fyrir 1. maí á árinu 1978 var þessi sami hæstv. ráðh., þá sem ritstjóri Þjóðviljans, að hreykja sér yfir því, að Sósíalistaflokkurinn hefði fyrst fengið fylgi vegna þess að Alþfl. og Sjálfstfl. stóðu að gerðardómslögum á sjómenn árið 1942. En hvað var fyrsta verk þeirrar ríkisstj. sem þessi hæstv. ráðh. sat í, síðustu vinstri stjórnar? Á fyrsta árinu var settur gerðardómur á sjómenn sem hann stóð að ásamt öðrum Alþb.-mönnum sem þá sátu á þingi. Og ég verð að segja að það var hálfraunalegur endir fyrir Eðvarð Sigurðsson, sem fyrst komst í stjórn Dagsbrúnar í kjölfar gerðardómsins á sjómenn á árinu 1942, að sú síðasta ríkisstj., sem hann studdi, skyldi einnig verða til þess að setja gerðardóm á sjómenn. En það sýnir svo eitt með öðru þann galla sem á þingræðinu er, að þetta frv., þessi brbl. um gerðardóminn á sjómenn, þau runnu úr gildi um síðustu áramót, þannig að þau koma ekki til afgreiðslu hér á Alþ. né umfjöllunar. Hefði þó vissulega verið fróðlegt og skemmtilegt að skiptast á skoðunum um þá atburði sem þar gerðust í sambandi við sjómenn, og einnig mætti tala langt mál um það, hvernig að sjómönnum hefur verið vegið æ ofan í æ nú á síðustu misserum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það má hverjum ljóst vera, sem les þingsköp Alþingis, að þau tryggja mjög svo vel að menn geti komið hér skoðunum sínum á framfæri, en aftur á móti gæta þau þess varla, að mál komist eðlilega fram. Þess vegna hefur hæstv. forseti mjög gjarnan brugðið til þess ráðs að gera samkomulag um að málum sé lokið á ákveðnum tíma. Hann hefur náð árangri í því að stjórna þannig þd., að oft og tíðum hefur verið til fyrirmyndar. Í kvöld höfðum við fyllstu ástæðu til að ætla að hann hefði einnig gert samkomulag sem við yrði staðið og hljóðaði á þá leið, að ákveðnum málum skyldi lokið 30. apríl.

Ég vil að hæstv. forseti upplýsi það hér og nú, við hverja hann gerði samkomulag, þannig að þd. megi ljóst vera, hverjir sviku það samkomulag, og jafnframt að öllum megi ljóst vera að við svik á samkomulagi eins og þessu hlýtur að bresta visst traust hér innan þingsins. Jafnframt finnst mér það vanvirða við þann dag, sem upp er runninn, að menn haldi áfram málþófi sem þessu.

Ég hóf afskipti mín af stjórnmálum með ræðu 1. maí og kann því illa að hann sé notaður á þann veg sem hér er gert.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Með vísun til þessara orða hv. 5. þm. Vestf. vil ég taka fram, að það er að vísu misskilningur að ég hafi gert samkomulag við einn eða neinn um það, hvenær þetta mál yrði afgreitt úr hv. deild. Hins vegar var mér kunnugt um að stjórn og stjórnarandstaða höfðu gert um það samkomulag, að máli þessu skyldi lokið á miðvikudag, eins og það var orðað. En svo skipast mál nú, að nokkuð er liðið fram yfir miðnætti, og ekkert raunar við því að segja af því að kveðið er svo á að umr. skuli hið minnsta, áður en ræðutími er takmarkaður, standa í þrjár stundir. Hef ég ekki séð ástæðu til — þar sem mál hafa hér gengið sæmilega greiðlega fram og mjög greiðlega, má segja, á liðnum degi — að gera neina tilraun til þess að hefta málfrelsi manna. Vona ég að þetta verði ekki að ásteytingarsteini.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hefði talið ástæðu fyrir forseta hv. d. að benda ritara sínum á að við erum búnir að afgreiða hér fjölda mála í dag án þess að hafa haldið uppi umr., sérstökum töfum eða málþófi, eins og þessi hv. þm. kallar það nú. Ég mótmæli því að okkur skuli ekki gefast tími til þess að ræða þetta mál í örfáar klukkustundir, — mál sem hefur ekki aðeins gífurlega mikla þýðingu fyrir þjóðarheildina, heldur og sérstaklega fyrir launþega þessarar þjóðar sem eru einmitt nú við upphaf síns hátíðisdags sem að vísu nokkur blettur hefur fallið á í mínum huga við þær upplýsingar sem síðasti ræðumaður gaf.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil fyrst beina örfáum orðum til hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og þeirra Alþfl.-manna sem hafa áhyggjur af okkur sjálfstæðismönnum og Sjálfstfl. Ég hef einnig ákveðnar áhyggjur og þakka þeim samúð í því sambandi. En sannleikurinn er sá, að það skýtur skökku við þegar þessir hv. þm. berja sér á brjóst og telja að Sjálfstfl. hafi gengið erinda skattpíningar í þessu landi. Alþfl. gekk til kosninga 1978 með ákveðna stefnuskrá. Eftir kosningar sveik hann þá stefnuskrá svo gersamlega, að hann var í sífelldri vörn, sífelldri upplausn, sífelldri sundrungu, sífelldum upphlaupum á þingi á 13 mánaða stjórnarferli þeirrar ríkisstj. sem hann kom saman á haustmánuðum 1978. Alþfl. ber ekki sitt barr síðan. Það, sem er ógæfa, ekki Sjálfstfl. heldur þeirra sjálfstæðismanna, sem gengu undir ok Alþb. og Framsfl., eins og Alþfl. 1978, og gerðu það kleift að mynda núv. ríkisstj. og tengja saman þessa ríkisumsvifaflokka sem Framsfl. og Alþb. eru, — það sem er ógæfa okkar félaga er að taka að sér þetta „veglega og göfuga" hlutverk Alþfl. — innan gæsalappa og með háðsmerki á eftir! Það er ömurlegt hlutskipti, verð ég að segja. Og ég hefði unnt hæstv. forsrh., hæstv. landbrh., hæstv. dómsmrh. og þeim öðrum úr okkar flokki, sem stuðlað hafa að myndun þessarar stjórnar, veglegra hlutverks en að ganga í fótspor vesalings kratanna, ganga í fótspor þeirra krata, sem komu á fót vinstri stjórn númer þrjú, þeirri skattpíningarstjórn sem lagði á landsmenn 25 — 30 milljarða kr. auknar skattaálögur, og létu ekki þar við sitja, létu sér það ekki nægja. Þetta er ömurlegt hlutskipti, að láta Alþb. og Framsfl. teyma sig lengra út í fenið en jafnvel

vesalings kratarnir létu teyma sig. Ég verð að játa það, að þetta er mér áhyggjuefni. Þetta er okkur sjálfstæðismönnum áhyggjuefni. En Sjálfstfl. ber ekki ábyrgð á því, vegna þess að Sjálfstfl. hafði ákveðna stefnuskrá fyrir kosningar, hefur ákveðna stefnuskrá og hefur tekið ákveðna afstöðu til núv. ríkisstj. og málefnasamnings og aðgerða núv. ríkisstj. Fyrir kosningar var það stefna Sjálfstfl. að lækka skatta og álögur um 35 milljarða kr., þar af 20 milljarða kr. til lækkunar á fjárlögum og 15 milljarða kr. til lækkunar á lánsfjáráætlun eða lánsfjáröflun til ríkisframkvæmda. Ég skal segja ykkur að einn helsti málsvari okkar fyrir kosningar skrifaði grein í Morgunblaðið 28. nóv. þar sem m. a. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki lengur hægt að hækka skatta, þeir eru þegar orðnir allt of háir. Þetta verður að gerast með því að lækka ríkisútgjöldin. Hvernig á að fara að því? Taka þarf upp ný vinnubrögð við gerð fjárlaga.“ Og enn fremur: „Til dæmis mætti ákveða að fjárlögin skuli á næsta ári vera 10% lægri en fjárlagafrv. sem vinstri stjórnin lagði fram í okt. og hljóðaði upp á 350 milljarða.“ Og hvernig átti að ná þessum niðurskurði fram? Jú, m. a.: „Niðurgreiðslur úr ríkissjóði á landbúnaðarvörum kosta nú 20 — 30 milljarða á ári og eru komnar úr hófi. Hér má spara milljarða.“

Þetta eru allt skynsamleg orð. Ég vildi gjarnan hafa skrifað þau. En því miður get ég ekki tileinkað mér höfundarréttinn, þó að ég hafi kannske sagt eitthvað svipað á sama tíma. Höfundurinn er skráður Gunnar Thoroddsen, hæstv. núv. forsrh. (**Gripið fram í:** Góð grein.) Já, sammála, mjög góð grein. En hvernig hefur nú hæstv. forsrh. staðið við eigin orð? „Það er ekki lengur hægt að hækka skatta, þeir eru þegar orðnir allt of háir.“ Hann hefur hækkað skattana um 25 eða 30 milljarða kr. umfram sömu upphæð sem vinstri stjórnin hækkaði þá áður.

Orð hæstv. forsrh. voru: „Þetta verður að gerast með því að lækka ríkisútgjöldin.“ Hvar sjáum við lækkunarinnar stað? Fjárlagafrv. hefur hækkað frá því í haust og þar að auki margir útgjaldabálkar teknir út úr fjárlögunum og varpað yfir í lánsfjáráætlun eða beinlínis huldir, þannig að við fáum halla á rekstri ríkissjóðs á þessu ári. Þá segir hæstv. forsrh. fyrir kosningar að t. d. mætti ákveða að lækka fjárlögin á þessu ári um 10%, að þau eigi að vera 10% lægri en fjárlagafrv. sem vinstri stjórnin lagði fram í okt. og hljóðaði upp á 350 milljarða. Við erum með fjárlög upp á 350 milljarða, þó að búið sé að taka alls konar útgjaldaþætti út úr fjárlögunum. Hvar er 10% niðurskurðurinn sem hæstv. forsrh. boðaði fyrir kosningar? Og má ég spyrja: Hefur hann staðið við það að lækka niðurgreiðslur úr ríkissjóði af landbúnaðarvörum, sem hann nefndi sérstaklega sem aðferð til þess að lækka útgjöld á fjárlögum? Nei, því miður. Hæstv. forsrh. hefur ekki staðið við neitt af þessu. Og það er harmsaga út af fyrir sig.

Það er áhyggjuefni, ekki bara Sjálfstfl., það er áhyggjuefni þjóðarinnar í heild, að örfáir sjálfstæðismenn skyldu ganga erinda Alþb. og Framsfl. En Sjálfstfl. sem slíkur ber ekki ábyrgð á því. Samþykktir hans fyrir og eftir kosningar hnigu í allt aðra átt. Sjálfstfl. fyrir og eftir kosningar er samkvæmur sjálfum sér, þótt einstaka menn hafi því miður brugðist því trausti sem menn báru til þeirra fyrir kosningar.

Hæstv. forsrh. sagði að í þeim till., sem ég hefði borið fram, eða hugmyndum við stjórnarmyndun hefði ekki verið minnst á skattalækkanir. Ég vil leiðrétta þessi ummæli. Í þeim hugmyndum, sem ég bar fram í sambandi við þjóðstjórnarmyndun, kom það greinilega fram, að aðalinntak þeirra var að draga úr ríkisútgjöldum samkv. fjárlögum um 17 — 25 milljarða kr., þ. e. um u. þ. b. sömu upphæð og gert var ráð fyrir í stefnuskrá okkar sjálfstæðismanna fyrir kosningar. Í þeim tilgangi að mæta andstæðingum okkar og til þess að fá þá inn á þá þjóðstjórnarhugmynd, sem ég var þá og er enn þeirrar skoðunar að er fyrst og fremst til þess fallin að koma á þjóðarsátt og ná einhverjum árangri í baráttunni gegn verðbólgu, þá var það innifalið í þessari lækkun ríkisútgjalda um 17 — 25 milljarða, að hún skyldi fólgin í lækkun beinna skatta eða hækkun tekjutryggingar, svo að unnt væri að ná samkomulagi við launþega í landinu og taka úr sambandi vísitöluskrúfuna er næmi 10 — 15 prósentustigum. Á þennan veg hefðum við náð verðbólgunni niður þegar í septembermánuði nú í ár í 26% til 30%, í stað þess að við horfum fram til 50 — 60% verðbólguvaxtar á þessu ári. Þarna var um raunhæfa stefnu að ræða, samkvæma stefnu okkar sjálfstæðismanna fyrir kosningar, en þó með þeirri aðlögun, þeirri sáttfýsi og málamiðlun sem nauðsynleg var til að ná samstöðu með öðrum flokkum.

Aðrir flokkar vildu ekki taka á verðbólguvandanum. Aðrir flokkar en Sjálfstfl. heyktust á að takast á við vandamálið. Núv. ríkisstj. var mynduð eingöngu vegna þess að menn tókust ekki á við vandann, en hlupu saman í keppni eftir valdastólum.

Þessi ömurlegi sannleikur er að koma dag frá degi fram í dagsljósið, að ríkisstj. stendur ráðvana frammi fyrir öllum vanda. Hún lætur verðbólguna geisa áfram. Hún lætur hallast á í vöruskiptajöfnuði, í viðskiptajöfnuði, í lausafjárstöðu bankanna, í stöðu ríkisfjármála. Hvergi er veitt viðnám.

Ríkisstj. slær sér á brjóst og segir: Gott og vel, við höldum niðri verðlagi í landinu. En með hvaða hætti heldur þessi ríkisstj. niðri verði í landinu? Með því að horfast ekki í augu við raunveruleikann. T. d. með því að heimila ekki nauðsynlegar verðhækkanir á hitaveitunni eða Landsvirkjunartöxtum, sem leiðir aðeins til þess að Landvirkjun þarf að taka meiri erlend lán, Hitaveitan þarf að taka meiri erlend lán. Greiðslubyrði erlendra skulda er komin langt upp fyrir það sem nokkru sinni hefur átt sér stað. Og hver er afleiðingin af þessari stefnu? Jú, hún er sú, að í stað þess að sú skynsamlega stefna sem var áður uppi höfð, að Hitaveita Reykjavíkur kostaði — ef ekki að öllu leyti nýframkvæmdir, þá að mestu leyti. Nú þarf hún að leita á náðir erlendra lánadrottna. Þetta leiðir til þess að Landsvirkjun, sem hafði það að markmiði að fjármagna Hrauneyjafoss 27—30% af eigin fé, verður að öllu leyti að leita á náðir erlendra lánardrottna.

Nú andvarpar ríkisstj. og ráðh. vegna þess að Hrauneyjafossvirkjun krefst 30—32 milljarða í lánsfjáráætlun. En er það nokkuð undarlegt þegar menn vilja ekki viðurkenna raunveruleikann og það verðlag sem leiðir af því að menn vilja ekki takast á við verðbólguna, eins og þessi ríkisstj. hefur ekki viljað, eins og fyrrv. ríkisstj. kratanna vildi ekki, eins og fyrrv. vinstri stjórn vildi ekki og gat ekki. Þessir flokkar, sem nú standa að ríkisstj., eru eingöngu Alþb. og Framsfl. Okkur er það ömun og vonbrigði að félagar okkar skuli ganga undir

þeirra vagni. Og að sumu leyti skil ég að kratarnir skuli hlakka yfir því, að þessir félagar okkar skuli vera í sömu klípu og stöðu og þeir voru, bandingjar Alþb. og Framsfl.

En þetta er út af fyrir sig aukaatriði. Aðalatriði málsins er það, að við náum því hér innan þessara þingsala með stuðningi heilbrigðra þjóðfélagsafla utan þessara þingsala að skapa nýtt viðhorf til þess að koma á nýjum ráðstöfunum í baráttunni við verðbólguna. Þessi ríkisstj. hefur ekki sýnt nein merki til þess að gera það. Og því miður mun ferill hennar verða í samræmi við feril fyrri stjórnar Alþfl. og vinstri stjórna áður.

Það hefur verið nefnt m. a. af hæstv. forsrh., að allt sé krötum að kenna og kratastjórninni. Það er síst mitt hlutverk að bera blak af þeirri stjórn og raunar ekki heldur af krötunum almennt. En ég held að enginn hafi gefið þeirri stjórn meiri eða betri syndakvittun en hæstv. forsrh. þegar hann bæði í útvarps-, sjónvarps- og blaðaviðtölum sagði, eftir að núv. ríkisstj. var mynduð, að ekki væri þörf á neinum sérstökum ráðstöfunum, t. d. til þess að atvinnuvegir landsmanna væru reknir með eðlilegum hætti. Þetta var þvílík syndakvittun fyrir fráfarandi stjórn að engin fráfarandi stjórn hefur fengið aðra slíka. Það er þess vegna of seint til þess ráðs gripið af hálfu núv. stjórnarherra að kenna fráfarandi stjórn um þá erfiðleika sem við eigum nú við að glíma. Sannleikurinn er sá, að við höfum við að glíma erfiðleika frá tíð vinstri stjórnarinnar, sem lét af völdum í októbermánuði, og af völdum Alþfl.-stjórnarinnar, en því miður eru þessir erfiðleikar vaxandi af völdum núv. ríkisstj. Ég harma það. Og það frv., sem nú er verið að afgreiða, er til þess fallið að auka þá erfiðleika. Það er til þess fallið að torvelda samninga og koma í veg fyrir vinnufrið. Það er til þess fallið að auka spillingu í þjóðfélaginu. Það er til þess fallið að draga úr verðmætasköpuninni í þjóðfélaginu. Og þar með er það til þess fallið að koma í veg fyrir bætt kjör landsmanna. Það er ömurlegur boðskapur 1. maí 1980.

Frsm. 2. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hæstv. forsrh. kom í ræðustólinn áðan og vildi gera samanburð á þeim skattstigum, sem hér eru til umr., og þeim staðgreiðsluskattstigum sem voru í lögum nr. 40/1978. Það liggur í augum uppi, að ef svo hefði farið sem fór, að staðgreiðslan væri ekki lögfest, þá hefðu sjálfstæðismenn breytt skattstiganum til þess horfs sem þeir voru áður en þau lög tóku gildi. Samanburður við löggjöf, sem aldrei hefur náð fram að ganga, er ákaflega hæpin, eins og var hjá hæstv. forsrh. áðan.

Athygli manna hefur vakið sú ókyrrð sem hefur verið í þeim Alþfl.-mönnum síðari hluta kvöldsins, og furðulegt er að þeir hafa komið hér upp í ræðustólinn til þess að lýsa ábyrgð á hendur sjálfstæðismönnum á því sem nú er að gerast. Ég get mjög vel skilið, þegar nú er komið fram á 1. maí og þeir sjá hluta af eigin verknaði, að þá bíti sök sekan. En ég get ekki látið þessa umr. svo líða að ekki sé vakin athygli á skattastefnu Alþfl. og því sem gerðist á s. l. ári, eða frá því að Alþfl. kom í ríkisstj. á síðari hluta ársins 1978. Eins og hv. 1. þm. Reykv. vék að hér áðan, hefur það, að nokkir þm. Sjálfstfl. hafa hlaupið í skarðið fyrir Alþfl.-menn í sambandi við skattastefnuna, verið okkur hinum, sem viljum fram halda stefnu Sjálfstfl., áhyggjuefni og að sjálfsögðu hefðum við kosið að aldrei hefði til þess þurft að koma. En það, sem er að gerast í dag með aðstoð Alþfl., er sannarlega athyglisvert. Tökum t. d. hækkun söluskatts. Þetta er í þriðja sinn sem Alþfl. samþykkir hækkun söluskattsins, nú úr 20 upp í 22%. Fyrst samþykkir hann söluskattshækkun í vinstri stjórninni, hún gefur út brbl., síðan gefur Alþfl.-stjórnin út brbl. á ný og í dag samþykkja Alþfl.-menn að hækka þennan skatt. Alþfl.-mennirnir samþykkja hækkun á vörugjaldi. Alþfl.-mennirnir samþykkja gjald á ferðalög til útlanda. Alþfl.-mennirnir samþykkja nýbyggingargjald. Alþfl.-mennirnir samþykkja skatt á verslunarhúsnæði. Ég trúi því ekki, að þeir hv. alþm., sem hér hafa talað — að vísu var komið fram yfir miðnætti — hafi verið búnir að gleyma því þegar þeir samþykktu þetta allt saman.

Þær voru þungar áhyggjurnar sem hv. þm. Vilmundur Gylfason hafði af Sjálfstfl. og því, að þar hefði bæst einn í hópinn fyrir skömmu, og af atkvgr. hér í dag og því, hvaða stefnu Sjálfstfl. hefði haft fyrir kosningar og hvaða stefnu nokkrir þm. hans framkvæmdu eftir kosningar. Það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. að hafa áhyggjur af þessu. Sjálfstfl. er sjálfum sér samkvæmur, og það er miklu meira en hægt er að segja um Alþfl. í þessum efnum.

Við skulum aðeins rifja upp þegar Sjálfstfl. fór með fjmrn. árin 1974—1978. Hvert var hlutfall skatttekna ríkisins á því tímabili? Það er ósköp auðvelt að fletta þessu upp og benda þessum hv. þm. á að 1975 er hlutfallið 26.8%, 1976 26.2%, 1977 25% og 1978 26.4%, þegar teknir eru nýju skattarnir, sem Alþfl. samþykkti síðari hluta ársins, en innan við 26% ef þeir eru dregnir frá. Meðaltal þessara fjögurra ára er 26%. En viti menn: Alþfl. fór í ríkisstj. og hvert er hlutfallið árið 1979? Það eru tæp 28%. Það eykst um 2% á árinu 1979 þegar þjóðarframleiðslan er nærri 900 milljarðar. Það eru 18 milljarðar sem þá eru ný skattlagning í beinum sköttum, m. a. vegna samþykkta Alþfl.

Ef við lítum á áhrif þessarar skattheimtu á skattborgarana, ef við lítum á álagða skatta sem hlutfall af tekjum greiðsluárs, hvað kemur þá út? Þá kemur út nákvæmlega það sama. Það hefur tekist að lækka þetta hlutfall frá árinu 1975 til ársins 1977 úr 11.5% niður í 10.5%. Á árinu 1978 er talan 11.6%. En hvað gerist svo 1979 þegar Alþfl. er kominn í stjórn? Þá er hækkunin allt í einu orðin um 2%. Þá hækkar greiðslubyrðin úr 11.6% í 13.4%. Þá eru Alþfl., Alþb. og Framsfl. farnir að leggja á nýja skatta. Og þetta hafa þeir verið að gera síðan. Og eins og ég sagði áðan eru þeir núna í þriðja skiptið að samþykkja 2% hækkun á söluskattinum, úr 20 upp í 22%. Svo koma þeir hér í ræðustólinn, þessir tveir ágætu þm., fullir vandlætingar vegna þess að það eru örfáir þm. Sjálfstfl. sem hafa ekki viljað fylgja fram stefnu flokksins og því miður hlaupið í skarðið fyrir Alþfl., sem gafst upp, og staðið að samþykkt á nýjum sköttum.

Mig langar jafnframt til að benda þessum ágætu þm. á það, að fyrir nokkrum vikum var hér til umr. heimild til handa sveitarfélögum til að hækka útsvarsálagningu. Hvar var Alþfl. þá? Hvar var hv. 5. þm. Suðurl., þegar atkvgr. fór fram í þeim efnum? Ég man ekki betur en sá hv. þm. hafi samþykkt tólfta prósentið, eins og við köllum það hér. Og ég hef ekki heyrt að þessi hv. þm. hafi sagt sig úr Alþfl. Ég vissi ekki betur en hann væri í Alþfl. þegar hann samþykkti þetta hér á þingi. En auðvitað vildu þessir tveir þm. ekki muna eftir þessu þegar þeir komu hér upp í kvöld til að ræða skattamálin og gera

tilraun til að villa um fyrir mönnum og koma á Sjálfstfl. ábyrgðinni á þeirri löggjöf sem gert er ráð fyrir að verði samþ. hér nú í nótt.

Nei, við verðum að gera okkur grein fyrir því, að Alþfl. ber ábyrgð á því sem nú er að gerast. Hann ásamt með Alþb. og Framsfl. myndaði ríkisstj. síðla árs 1978, ríkisstj. sem hóf skattpíningarherferð, þá skattpíningarherferð sem enn geisar í landinu. Og það var réttilega bent á það hér áðan af hv. 1. þm. Reykv., til hvers slík skattpíning leiðir, hvort heldur er varðandi atvinnulífið eða einstaklingana í landinu.

Ég skal svo ekki halda hv. 5. þm. Vestf. lengur vakandi hér, a. m. k. skal það ekki vera mitt verk að framlengja vöku hans mjög mikið. En þegar rætt er um að afgreiðslu mála ljúki og samkomulag hefur verið um að ljúka afgreiðslu mála hér á einhverjum ákveðnum degi, þá hafa menn ekkert hrokkið upp við það að umr. hafi staðið eitthvað fram yfir miðnætti, ég tala ekki um þegar afgreiðslan gengur svo seint að það er ekki hægt að byrja umr. um málið fyrr en komið er langt fram eftir degi. Ég bendi þessum hv. þm. á að það var klukkan eitt í dag sem fjh.- og viðskn. tók þetta mál til meðferðar. (Gripið fram í.) Ég er að tala við skrifarann, já. Og ég veit ekki til þess, að það hafi staðið á stjórnarandstöðunni að koma með sín nál. Hafi staðið á einhverjum mönnum í þeim efnum, þá eru það menn sem hafa stutt stjórnina. (Gripið fram í.) Já, ég sagði að það hefði staðið á mönnum sem hafa hingað til stutt stjórnina. Einhver sagði, að þeir væru vestur í Stykkishólmi, og aðrir bættu því við, að þeir væru þar á krossgötum, og þá voru menn að velta fyrir sér, hvort krossgöturnar væru í Stykkishólmi. En ef hér er ekki hægt að ræða jafnþýðingarmikil mál og frv. um skattstiga, varðandi skattlagningu borgaranna í landinu, vegna þess að menn geti ekki haldið vöku sinni í nokkra klukkutíma fram yfir miðnætti, þá held ég að mál séu farin að ganga hér á hinu háa Alþingi með nokkuð sérkennilegum hætti. (**Gripið fram í:** Það er gott að vita hvernig þið túlkið samkomulag.) Ég sagði áðan við þennan hv. þm., að a. m. k. þau 21 ár sem ég hef setið á Alþ. þegar rætt hefur verið um að ljúka afgreiðslu mála á einhverjum ákveðnum degi, þá hafa menn ekki talið eftir sér, hvorki mínir flokksmenn né heldur flokksmenn hv. þm., því Framsfl. hefur stundum verið í stjórnarandstöðu, að vera hér nokkra klukkutíma fram yfir miðnætti. Málið hefur verið afgreitt áður en nýr dagur er runninn. Að sjálfsögðu verður staðið við það samkomulag og þeir verða hér sem geta haldið sér vakandi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:18 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 401).

Sameinað þing, 51. fundur.

Laugardaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Pétur Sigurðsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf frá Svavari Gestssyni, 2. þm. Reykv.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Garðar Sigurðsson,
forseti Nd."

Guðrún Hallgrímsóttir hefur setið á þingi áður og kjörbréf hennar verið athugað og býð ég hana velkomna til áframhaldandi starfa.

Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra, þáltill. (þskj. 226). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 226 hef ég leyft mér ásamt þeim hv. þm. Stefáni Jónssyni og Skúla Alexanderssyni að flytja till. til þál., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara könnun á þeim möguleika að nýta ríkisjarðir í nánd við þéttbýlisstaði með góða heilsugæsluaðstöðu sem dvalarheimili fyrir aldraða eða festa kaup á jörðum í þessu skyni.

Dvalarheimilin yrðu byggð upp sem smáar einingar, þar sem búandfólk, sem flytja þarf af bújörðum sínum vegna aldurs eða heilsubrests, gæti haft smábúskap, sameiginlega eða út af fyrir sig undir ákveðinni yfirstjórn og með vissri aðstoð.

Reynt yrði að tengja slík heimili svo sem kostur væri við smáiðnað í sveitum einnig."

Till. þessi var flutt á 100. löggjafarþingi, en varð þá eigi útrædd.

Upphafið að tilurð þessarar till. var það, að kona ein, sem hefur lengi og mikið haft afskipti af málefnum aldraðra og ýmiss konar aðstoð og afþreyingu þeim til handa, kom að máli við mig og skaut að mér hugmynd um leið sem hana hafði lengi dreymt um að framkvæma fyrir eldra fólk í sveitum. Skömmu síðar kom aldraður maður inn í þessa mynd með greinargóðu bréfi um vanda hinna öldruðu úti í sveitunum og ýmsum hugmyndum til úrbóta. Orðrétt sagði í bréfinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Allt of lengi býr fólk á jörðum sínum langt um megn sér af ótta við það að þurfa að skipta algerlega um umhverfi, verða að flytja á elliheimili í kaupstað eða kaupa sér íbúð, sem gæti hæglega bundið því bagga til framtíðar og skapað því áhyggjur á ævikvöldi, öfugt við það sem sjónvarpsauglýsingin segir frá DAS."

Og síðar í sama bréfi:

„Hvað með nýtingu ríkisjarðanna í þessu efni? Er þeim öllum svo vel ráðstafað? Dæmi þekki ég um hið gagnstæða, en veit raunar um vel setnar og vel hýstar jarðir með fyrirmyndarbúskap. Mætti ekki alveg hugsa sér að ríkið keypti jarðir til þess, sem ég hef verið að minnast á, og geri betur síðar? Varla væri fjármunum ríkisins betur varið ef vel tækist til um framkvæmdina, sem ég efa ekki að yrði ef rétt yrði að því staðið."

Og að lokum ein tilvitnun enn úr bréfinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumskilyrði tel ég það að vel takist til með ráðsmenn á svona búum, sem gætu gert alla ánægða, skapað þeim vinnutækifæri eins og unnt væri og séð um að búið í

heild skilaði arði, þó ekki yrði um neinn ágóða að ræða sem máli skipti, enda ekki meiningin. Ég sé að þú ert með till. um iðnað í sveitum. Gæti það ekki komið þarna til viðbótar búskapnum? Ekki hugsa ég mér neina framleiðslu að ráði á þessum jörðum, enda á slíkt nú víst ekki upp á pallborðið hjá mörgum í dag, þó vel megi segja mér að þetta eigi eftir að breytast."

Bréfið endar þessi greindi maður með hvatningu til mín um að láta a. m. k. kanna málið og hreyfa því á Alþ. Þetta hef ég gert með þessari till. og hef þó raunar ekki enn gert fyllilega upp við mig endanlegt form og fyrirkomulag, ef einhver hreyfing kæmist á málið. Til þess er ályktunin orðuð svo, að könnun skuli framkvæmd á möguleikum þess fyrirkomulags sem hér er fitjað upp á. Eflaust þykir einhverjum að hér sé, eins og hjá konunni er ég minntist á í upphafi, um draumóra að ræða. En við nánari athugun og umhugsun þessa máls hef ég sannfærst um að verði vel að unnið er hér um möguleika að ræða, — möguleika sem ég efa ekki að yrðu vel þegnir af ýmsum og gæfu þeim þá lífsfyllingu sem við leitum að öll meira og minna.

Grg. segir í raun allt annað um þessa till. og því vil ég, með leyfi forseta, lesa hana:

Aðstaða aldraðra í þjóðfélaginu til að njóta ævikvöldsins sem best hefur verið mjög til umræðu á undanförnum árum. Þjóðfélagsþróunin hefur orðið þess valdandi, að í raun blasir við æ meiri einangrun þessa fólks, ef ekkert er að gert. Eitt veigamesta atriðið í velferð aldraðra á elliárum þeirra er öruggt athvarf og aðstæður til að starfa svo lengi sem frekast er kostur.

Athugun á atvinnumálum aldraðra var samþ. í formi þál. fyrir nokkrum árum, en 1. flm. þeirrar till. þá var Svava Jakobsdóttir. Hægt mun þar miða, því miður, og er þó ærin þörf sem eftir kallar. Fólk með skerta starfsorku hefur engu síðri þörf fyrir að veita henni útrás og öðlast þannig aukna lífsfyllingu en þeir sem við fulla starfsorku búa.

Sé grannt skoðað um aðstæður allar er þörfin sennilega enn meiri m. a. í ljósi þess, að þetta fólk vill mörgum öðrum fremur leggja sitt af mörkum, vera hlutgengari þjóðfélagsþegnar með virkni sinni í atvinnulífinu.

Eitt með því alvarlegra, sem blasir við okkur varðandi allt of margt fólk, er sú mikla og snögga lífsvenjubreyting og oft algera röskun sem högum þess verður við það t. d. að flytjast inn á elliheimili. Þessi þáltill. beinist að könnun á því, hvernig e. t. v. sé unnt að taka að hluta á þessu vandamáli hjá því fólki, sem verður að þola hér mest umskipti og röskun á öllum högum sínum, þ. e. aldrað fólk í sveitum. Sem betur fer á mikill hluti þess kost á athvarfi heima hjá sér allt til hins síðasta, en hins vegar munu þó dæmin fleiri, ekki síst vegna þeirrar miklu fólksfækkunar sem í sveitum hefur orðið og síður en svo sér nú fyrir endann á.

Ríkið á margar ágætar jarðir um land allt, sumar vel hýstar og vel setnar, aðrar annað hvort, enn aðrar eyðijarðir eða því sem næst. Okkur flm. þykir fullkomin ástæða til að kanna möguleika á nýtingu einhverra þessara jarða í því skyni að koma upp litlum dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, sem kysi að hafa smábúskap áfram eða stunda einhverja aðra iðju, sem væri þá tengd landbúnaði á einhvern hátt, svo sem fullvinnslu á landbúnaðarafurðum. Við teljum einnig mjög koma til álita kaup á jörðum, er losnuðu úr ábúð og ekki yrðu betur til annars nýttar.

Við flm. erum þess fullvissir að þessa könnun eigi að gera sem besta því hér gæti þetta aldraða fólk búið við svipaðar aðstæður og lífsstarf þess hefur við miðast, með að sjálfsögðu þeirri aðstoð sem nauðsynleg kann að reynast, bæði varðandi vissa yfirstjórn (ráðsmann eða forstöðumann), nauðsynlega aðstoð varðandi vélanotkun og ef með þarf einhverja heimilshjálp. Smáar einingar væru hér eðlilegastar, en þó yrði stærð þeirra að fara eftir hagkvæmni varðandi nýtingu jarða og ekki síður fjárhagslegri hagkvæmni.

Hugmyndin að þessari till., eins og ég hef komið þegar að, er m. a. komin frá þeim, sem hér ættu gerst að vita, þ. e. frá sveitafólki, sem orðið hefur að fara á dvalarheimili í þéttbýli þvert gegn innsta vilja sínum, aðeins af því að ekki var um annað að ræða, — sveitafólki, sem ekki gat rekið sjálfstæðan, erfiðan búskap lengur, en hafði alla orku og krafta til þess að hafa smábúskap með höndum, fólki, sem situr nú að mestu auðum höndum, en vildi gjarnan leggja hönd á plóginn að einhverri verðmætasköpun í þjóðfélaginu og þá eðlilega helst þeirri sem tengist lífsstarfi þess um langan aldur. Þessi sjónarmið eru hér sett fram í tillöguformi eins og þau komu frá þeim aðilum sem vöktu fyrst máls á þessu.

Sú stefna, að dvalarheimili eða íbúðir fyrir aldraða eigi að vera smáar einingar, á nú góðu heilli almennu fylgi að fagna, og sú tilhögun, sem hér er lagt til að könnuð verði, er hin besta í samræmi við þá meginstefnu.

Flm. gera sér ljósa ýmsa annmarka hér á og vilja því ítarlega könnun á þessu máli sem fyrsta skref. Þeir vita um þá augljósu einangrunarhættu, sem af slíku fyrirkomulagi stafar, einangrun frá öðrum aldurshópum, sem er mikið vandamál margs aldraðs fólks. En sú einangrun mæðir sannarlega ekki síður á fólki í þéttbýlinu og eflaust mest og verst hér á suðvesturhorninu, á hinum fjölmennu stofnunum, sem þar er að finna. Hins vegar koma möguleikarnir til eðlilegs starfs hér mjög á móti og útilokað er að einingrunin verði svo alger sem hún oft vill verða í mesta þéttbýlinu.

Við leggjum mikla áherslu á að heimili þessi verði í nánd þeirra staða sem hafa góða heilsugæsluaðstöðu, en þeim þéttbýlisstöðum fer nú ört fjölgandi. Hér er um sjálfsagt öryggisatriði að ræða, sem taka verður mið af í könnuninni.

Að lokum vilja flm. benda á að ekki síður koma öryrkjar hér til greina, þó tillaga um forkönnun málsins feli það aðeins óbeint í sér.

Alþb.-menn fengu samþykkta á s. l. vori till. um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum. Því telja flm. þessarar till. rétt, að í könnun og hugsanlegri framkvæmd þessa máls verði einnig hugað að þessum smáiðnaði og þátttöku aldraðs fólks þar svo sem frekast er kostur.

Könnunin mun að sjálfsögðu leiða í ljós kostnað af tilhögun sem þessari, en flm. telja að hann muni síst verða meiri en almennt er um heimili af þessu tagi, og hugsanlegur aukakostnaður muni skila sér til baka, bæði fjárhagslega beint og ekki síður í aukinni lífshamingju þess fólks sem við eigum samfélagslega skuld að gjalda.

Að lokum: Ég veit erlendis frá um fyrirkomulag líkt þessu, bæði á vegum opinberra aðila, svo sem sveitarfélaga, og eins hjá einstökum aðilum, m. a. félagasamtökum. Því miður hefur sá, er ætlaði að gefa mér þær upplýsingar þaðan sem hann þekkti best, ekki sent mér neina þá nákvæma og útfærða lýsingu er ég gæti stutt mál mitt

með hér. En færi svo að von minni, að till. yrði samþ., þá eru þessar upplýsingar fáanlegar án efa innan tíðar. Þessi ungi námsmaður sagði mér hins vegar á liðnu sumri að ekki væri hann í vafa um að eitthvað þessu líkt ætti framtíð fyrir sér hér. Sjálfur er hann úr sveit og þekkir aðstæður allar og nám hans úti er nátengt vandamálum aldraðra og úrlausn þeirra.

Það er von okkar flm. að þeir þrír hvetjandi aðilar, sem eiga bæði hugmynd og kveikju að till. og ýmsar ráðleggingar varðandi hana, muni hafa rétt fyrir sér og hún megi verða að undangenginni góðri könnun að veruleika sem einn liður þeirrar viðleitni að skapa öldruðu fólki hamingju í ellinni með aðstöðu sem hentar því best, umhverfi sem það ann og iðju sem er því meiri lífsnauðsyn en flest annað.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins láta í ljós stuðning minn við að sú könnun verði gerð, sem till. fjallar um, og vil jafnframt leyfa mér að benda á að ég er ekki allsendis sannfærður um að hún leiði til þess að það verði talið affarasælt að setja upp vistunarheimili fyrir aldrað fólk í sveitum landsins. Það hefur verið gerð tilraun með þetta, eftir því sem mér er lauslega kunnugt um, í Vesturlandskjördæmi, að hafa þar vistheimili fyrir gamalt fólk með tilteknu sniði, eins og flm. till., hv. þm. Helgi Seljan, ræðir um, og eftir því sem mér best skilst hefur það alls ekki gefið góða raun, hvorki rekstur vistheimilisins né heldur frá sjónarmiði þeirra dvalargesta sem þar hafa fengið inni.

En ég leyfi mér að benda á annað í þessu sambandi. Þó ekki þurfi endilega að vera að svona vistheimili sé rétt úrlausn, og þau dæmi, sem eru að vísu fá, sem við höfum fyrir okkur í þeim efnum, staðfesta þá hyggju mína, er engu að síður sjálfsagt að nota ýmsar ríkisjarðir og ríkiseignir í svipuðum tilgangi, t. d. til tímabundinnar vistunar eldra fólks og þá einkum og sér í lagi yfir sumartímann. Nú er alveg ljóst að á heimilum, þar sem eldra fólk dvelst, skapast oft sá vandi að heimilsfólkið, sem þarf að sinna hinu gamla fólki, sem e. t. v. er sjúkt, en þó ekki það sjúkt að það þurfi á sjúkrahúsvistun að halda, er ákaflega bundið og á erfitt með að komast frá í orlof eða annað slíkt vegna þessa gamla fólks. Það er léttir, bæði fyrir gamla fólkið og fyrir heimilisfólkið sem sinnir því, ef gamla fólkið getur fengið vistun við sitt hæfi um takmarkaðan tíma, nokkurs konar orlofsdvöl yfir sumarið í eða við sveitir eða í dreifbýlinu, t. a. m. eins og hv. flm. tekur fram. Nú vill svo til að íslenska ríkið hefur aðstöðu til að framkvæma slíkt. Íslenska ríkið á t. d. fjöldann allan af mjög vel búnum heimavistarskólum í dreifbýlinu, þar sem er mjög fullkomin aðstaða til að taka á móti fólki til skammtímavistunar sem þarf ekki á læknishjálp að halda sérstaklega. Ég held að það væri ráð að athuga hvort ekki mætti t. d. í dreifbýlinu nýta heimavistarskóla með fullnægjandi aðstöðu, eldhúsi, sjúkraaðstöðu að nokkru leyti o. s. frv., til þessara þarfa. Ég er sannfærður um að það yrði mjög vinsælt bæði hjá eldra fólkinu, sem hefur ferlivist, og eins hjá aðstandendum þess, sem hafa gamla fólkið heima hjá sér.

En ástæðan til þess, að ég bað um orðið, var nokkuð önnur en þessi till. gefur tilefni til. Á síðasta Alþ. flutti hv. þáv. þm. Gunnlaugur Stefánsson fsp., að mig minnir til þáv. fjmrh., þar sem hann óskaði eftir að fá samantekið hvaða jarðeignir ríkisvaldið ætti og hvernig þær jarðeignir væru hagnýttar. Það mun víst vera svo, að ríkið er stærsti jarðeigandi á Íslandi. Margar af þeim jörðum, sem ríkið á, hafa yfir mjög verulegum hlunnindum að ráða, t. d. laxveiðihlunnindum. Þeim, sem hafa kynnt sér eitthvað þau mál, er ljóst að nokkrir einstaklingar hafa komist upp með að leigja þessar jarðir, þ. á m. laxveiðihlunnindin, fyrir lítið fé af ríkissjóði, en endurleigja svo þessi verðmætu hlunnindi fyrir margfalt fé einstaklingum og félögum. Mér er nær að halda að ýmsir nokkuð hátt settir menn í ríkiskerfinu noti sér þá aðstöðu sem þeir hafa í störfum sínum til að fá leigðar fyrir sjálfa sig slíkar ríkisjarðir með hlunnindum eins og laxveiðileyfum og endurleigi þau svo fyrir ógrynni fjár öðrum aðilum.

Nú veit ég til þess, að það mun hafa verið búið að undirbúa svar við þessari fsp., sem óhjákvæmilega hlýtur að hafa tekið allmikinn tíma að vinna því að jarðeignir ríkissjóðs eru miklar og margvíslegar og hafa sjálfsagt aldrei verið teknar saman í eitt. Hins vegar vannst ekki tími til að taka fsp. fyrir og svara henni á síðasta Alþ. Ég tek fram, að ég er ekki alveg viss um að fjmrh. sé sá aðili sem stendur þarna í forsvari, það getur verið landbrn. sem fer með umsvif þessara jarða, en þar sem hæstv. fjmrh. er eini ráðh., sem viðstaddur er þessa umr., vil ég óska eftir því við hann, hvort hann mundi ekki vilja láta kanna í stjórnarráðinu hvort þetta svar væri ekki tilbúið síðan í fyrra. Ef svo væri vildi ég gjarnan fá því dreift hér sem skriflegu svari við fsp., þó svo sú fsp. hafi ekki komið fram í ár, heldur í fyrra. Ég vil sem sé nota þetta tækifæri til þess að óska eftir því við hæstv. fjmrh., að hann athugi þetta mál og reyni að verða við bón minni um að þm. fái að sjá þennan lista ef hann er tilbúinn.

Umr. frestað.

Könnun á áhrifum af ákvæðislaunakerfum, þáltill. (þskj. 344). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Hallgrímsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja í Sþ. þáltill. á þskj. 334 um könnun á áhrifum af ákvæðislaunakerfum. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj.að beita sér fyrir könnun á heilsufarslegum og félagslegum áhrifum af ákvæðislaunakerfum (afkastahvetjandi launakerfum) á það fólk, sem tekur laun samkv. þeim.

Niðurstöður skulu liggja fyrir eigi síðar en að ári liðnu.

Að rannsókn lokinni skal ríkisstj., ef þurfa þykir, beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á vinnuskilyrðum þess verkafólks, er hlut á að máli, í samráði við samtök þess."

Í grg. eru raktar ástæður fyrir því, að ákvæðislaunakerfi hafa verið tekin upp, og einnig er bent á, að þeim starfshópum fer sífellt fjölgandi er taka laun eftir þeim.

Þessi launakerfi eru margvísleg og innbyrðis ólík. Helstu gerðir þeirra eru svokallað „slumpakkorð", þar sem slegið er á vinnumagn og ágóða síðan skipt á milli verkafólks. Það tíðkast t. d. við síldarsöltun og við útskipun. Þá eru það uppmælingartaxtar, þar sem samkomulag er gert á milli atvinnurekenda og verkafólks um tímaþörf einstakra verkþátta og er þá oft byggt á reynslutölum, þ. á m. frá öðrum þjóðum. Það er athyglisvert, að einatt hefur ekki verið tekið tillit til mismunandi

tæknistigs og endurskoðun vegna breyttrar tækni fyrst farið fram eftir á þegar ágallar hafa komið fram. Þessa kerfis gætir helst í rafiðnaði og í byggingariðnaði. Að síðustu nefni ég svokallaða „tímamælda ákvæðisvinnu". Þar er verkið mikið brotið niður í verkhluta og hver einstakur þeirra er tímamældur upp á 1/100 hluta úr mínútu. Reynt er síðan að meta afköst starfsmannsins og finna þannig svonefnd málsafköst, sem oft eru kölluð afköst 100. Hér er gert ráð fyrir að allir standi jafnt að vígi gagnvart því að ná málsafköstum. Í þessum flokki eru svonefnd bónuskerfi, sem einkennast af því að ekki er beint hlutfall á milli afkasta og launa. Um þessi ákvæðislaunakerfi gildir samningur sá á milli Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins sem minnst er á í grg. fyrir till. Helstu starfshópa, sem taka laun eftir þessu kerfi, er að finna í fiskiðnaði og í vaxandi mæli í ýmiss konar verksmiðjuiðnaði.

Ég vildi gjarnan staldra hér ögn við og minna menn á þá umbun sem menn hafa fengið fyrir vinnu sína og var fólgin í sannri vinnugleði og stolti yfir vel unnu verki. Listilega hlaðinn veggur eða hornréttur stakkur, hús sem rís, allt er þetta órækur vitnisburður um vel unnið dagsverk og aðrir geta velt fyrir sér og dáðst að. Í frystihúsum hérlendis er helst hægt að kynnast nútímavinnubrögðum í verksmiðjustíl. Þar hverfur vinnuframlag dagsins inn í frystiklefa að kvöldi. Í stað vinnustoltsins er komið eftirlitskerfi og síðan peningaþóknun. Þessi breyting frá gömlum hefðum til nútímaatvinnuhátta hefur yfirleitt verið talin taka u. þ. b. tímabil heillar kynslóðar og þessi breyting hefur ekki alls staðar gengið fyrir sig án átaka. En þrátt fyrir mikla verkfallatíðni hérlendis virðast verkföll ekki hafa verið tengd þessum vandamálum. Orsakirnar hafa fyrst og fremst verið átök um skiptingu afraksturs. En það segir kannske ekki alla sögu um erfiðleika fólks við að lúta nútímavinnuskipulagi, og kannske væri ekki fráleitt að heyra nokkrar lífsreynslusögur verkafólks. Ég held að það sé allt of lítið gert að því að draga slíkar sögur fram. — En jafnhliða átökum um skiptingu afraksturs hefur á seinni tímum verið vakin upp umræða um margvíslega jöfnun lífsskilyrða. Rætt hefur verið um jöfnun eftir búsetu, en ýmiss konar aðstöðumunur hefur þegar verið viðurkenndur, t. d. eftir því hve langt fólk býr frá höfuðborgarsvæðinu, hvort það býr á hitaveitusvæði eða kyndir hús sín með olíu. Konur hafa vaknað til vitundar um margvíslega kúgun sína, bent á misrétti á ýmsum sviðum og barist ótrauðar fyrir jafnrétti kynjanna. Margvíslegar aðrar vitundarhreyfingar fyrir bættum lífsháttum og nýju gildismati hafa sett svip sinn á pólitíska umræðu næstliðinna ára. En misskipting lífsskilyrða á Íslandi liggur e. t. v. ekki hvað síst í misskiptingu vinnuálags. Um það höfum við hrikaleg dæmi. Það er því óhjákvæmilegt að jöfnun vinnuálags, vinnutíma og vinnuskilyrða verði meira en hingað til viðfangsefni pólitískra og efnahagslegra umræðna. Því tel ég eðlilegt að menn velti sérstaklega fyrir sér tengslum milli afkasta fólks og þess sem það skapar með vinnu sinni og svo tekna og annarrar umbunar að hinu leyti.

Það er almennt viðurkennt að sjávarútvegur er undirstaða efnahagslegrar velferðar Íslendinga, en einmitt í sjávarútvegi hefur meira borið á en í öðrum atvinnugreinum að tengd væru saman vinnuafköst og kaupgreiðslur. Á sjónum fer aflahlutur eftir því, hve vel veiðist, og í landi eru kauptekjur eða bónus greiddur eftir afkastamælingum. Í ýmsum öðrum greinum er erfitt að gera sér grein fyrir beinu sambandi á milli verðmætasköpunar og vinnulauna. Raunar er myndin sú, að eftir því sem störf eru fjær því að vera verðmætaskapandi eru þau léttari, vinnutíminn styttri, aðbúnaður betri og laun á hverja tímaeiningu hærri. Ekki virðist þetta sýna mikinn jöfnuð í skipulagi vinnu- og launakerfa okkar, sem ég mun annars ekki gera mjög að umtalsefni, um það hefur töluvert verið rætt í þingsölum þá daga sem ég hef setið hér.

Í till. minni legg ég til að könnuð verði heilsufarsleg og félagsleg áhrif ákvæðislaunakerfa á það fólk sem tekur laun samkv. þeim. Nú er það svo, að óhóflega langur vinnudagur hefur lengi einkennt íslenskt atvinnulíf. Því væri sannarlega ástæða til að fagna öllum raunhæfum aðgerðum til styttingar vinnudagsins. Eftir að ákvæðislaunakerfi, sem hér eru einkum höfð í huga, voru tekin upp þótti sannað að afköst hefðu aukist. Ekki hefur nægilega verið gengið úr skugga um hvort afkastaaukningin á rót sína að rekja til aukinnar hagræðingar og bættra vinnubragða ellegar hvort hún stafi af auknu vinnuálagi, þ. e. hraðari og samfelldari hreyfingum. En staðreyndin er að aukin afköst á landsmælikvarða hafa ekki leitt til styttingar vinnutíma á landsmælikvarða, enda þótt efalaust sé hægt að benda á staði þar sem vinnutíminn hefur styst. Það er því full ástæða til að ætla að margfeldi vinnuálags og vinnutíma sé við mörg framleiðslustörf meira en áður en tíðkast fóru svokölluð ákvæðislaunakerfi reist á „fræðilegum" grunni. Ég veit ekki hvort vinnuálag, áður en þessi kerfi voru tekin í notkun, hafi verið nálægt þolmörkum meðalmanns, en augljóst er að einstaklingar eru misjafnir að heilsufari, þoli og þreki þótt jafngamlir séu, hvað þá þegar einnig er tekið tillit til mismunandi aldurs í vinnuhópi. Ákvæðislaunakerfi taka ekki tillit til þess mismunar sem er á mönnum og er meginstaðreynd í málinu. Ég skal skýra þetta lítillega.

Málsafköst, en á þeim byggjast tengslin milli afkasta og launa, eru skilgreind sem þau afköst er æfður verkmaður skilar sem gagnkunnugur er vinnuaðferð, verkfærum og vélum og vinnur með hraða sem unnt er að halda án þess að það skaði heilsu hans. Hér er um afstætt mat að ræða. Alþjóðavinnumálastofnunin hefur gert tilraun til að móta ákveðinn afkastamælikvarða með samanburði við gönguhraða. Afköst 100 samsvara þá 5.8 km á klukkustund. Nú tel ég mig nokkuð þokkalegan göngumann. Auk þess er ég herðabreið og skreflöng. Líklegast gæti ég skilað þessum afköstum á sléttum vegi, enda þótt verulega hefði dregið af mér áður en ég næði austur á Selfoss, tæplega 50 km leið. En ætli ýmsir mér smávaxnari og fínlegri þyrftu ekki að leggja töluvert meira á sig. Skreflengd okkar er engan veginn sambærileg. Úthaldið er ekki það sama.

Þegar saman koma einstaklingar með mismunandi getu og eiginleika, sumir í blóma lífsins, en aðrir þegar búnir að skila löngu dagsverki, viljum við að allir fái að njóta sín og allir eigi hlutdeild í gæðum lífsins, einnig þeir sem af einhverjum ástæðum mega sín lítils. En við þurfum einnig að tryggja að gætt sé jafnaðar í því, hvers er krafist af hverjum og einum í vinnu. Í því sambandi eru ákvæðislaunakerfin sérstaklega skoðunarverð vegna þeirrar hættu sem er á því að þau vinni gegn því að tekið sé tillit til mismunandi aðstæðna. Sé litið á vinnustað sem er einkennandi fyrir ákvæðisvinnu, eins og t. d. frystihús,

getur aldursmunurinn verið allt upp í 50 ár, kraftar margra farnir að þverra, sjón að daprast, en aðrir óharðnaðir. Allir eru samt settir undir sama skipulagið og mældir sama máli. Má því segja að vinnuskipulagið leitist við að gera alla jafna. En vegna þess að menn eru alls ekki jafnir verður útkoman hinn mesti ójöfnuður og ranglæti. Því tel ég brýnt að athuguð séu áhrif þessara launakerfa á félagsleg samskipti og heilsu verkafólks.

Mér er fyllilega ljóst að starfsfólk almennt er hlynnt þessum kerfum, þetta er einasti möguleiki þess til þess að komast af í velferðarþjóðfélagi okkar á ofanverðri 20. öld. Það lifir enginn á dagvinnutekjum af tímakaupi. En það er ekki hægt að loka augunum fyrir ýmsum annmörkum á framkvæmd þessara launakerfa, sem glöggt kemur fram í ýmsum lífsreynslusögum verkafólks sem ég gat um áðan. Ein slík birtist í Morgunblaðinu 17. apríl s. l. Sú saga er ljót og henni lauk með brottrekstri viðkomandi starfsmanns, að því er virðist eingöngu fyrir þær sakir að hann vildi fá upplýsingar um vinnukjör sín og félaga sinna og mótmælti mismunun manna innan fyrirtækisins. Hér skal ekki lagður dómur á hvort rétt sé með allt farið, en mér vitanlega hefur frásögnin ekki verið hrakin. En hún er sérstaklega athyglisverð fyrir það, að sagan gerist í einu fullkomnasta frystihúsi landsmanna þar sem aðstaða öll er talin til fyrirmyndar, og reyndar er hún í fullu samræmi við frásagnir fjölmargra starfsmanna annars staðar. Þau eru mýmörg dæmin um það, hvernig samhjálp og samstaða á vinnustað hefur vikið fyrir innbyrðis samkeppni, fyrir metingi, öfund og níg.

Kerfi eins og það sem bónusvinna í frystihúsi byggist á, sem krefst hraða, nákvæmni og flýtni, hlýtur að vera vandmeðfarið og er auðvelt að gera sér í hugarlund þá streitu sem af því getur leitt. Verði einhver einn þáttur útundan tapar fólkið bónus, til einskis var barist. En ljótastur er þó leikurinn þar sem svokallaður refsibónus hefur tíðkast, en þar er um aðgerðir að ræða sem vart eiga sinn líka í nútímaatvinnulífi Íslendinga. Talandi tákn um það andrúmsloft, sem skapast hefur meðal verkafólks, er að sums staðar þar sem honum hefur verið beitt hafa starfsmenn, sem lenda í refsibónus, beðið verkstjóra þess lengstra orða að segja ekki nokkrum lifandi manni frá því að þetta hafi hent þá. Daginn, sem unnið er í refsibónus, hamast viðkomandi starfsmenn sem mest þeir mega, frá þeim er allt talið vendilega, en allt í plati, þeir eru aðeins á tímakaupi.

Á einum stað var refsibónus framkvæmdur þannig, að konum tveim, sem refsa átti, var komið fyrir við borð á miðju gólfi svo að allir gætu virt þær fyrir sér.

Þær eru ungar bónusdrottningarnar um allt land, og það virðist vera regla hjá iðnaðarmönnum að þeir fara að tínast úr uppmælingunni um fertugt. Eigum við ekki að staldra við og athuga hvert við stefnum? Annars er ekki að vita nema innan örfárra ára verði farið að biðja Þjóðhagsstofnun að reikna út hvort 10 ára stytting á starfsævi vinnandi fólks sé þjóðhagslega hagkvæm.

Ég vil geta þess hér, að fjölmörg félög iðnaðarmanna hafa ákveðið að standa að könnun á högum félagsmanna sinna, sem mun ekki hvað síst beinast að atvinnusjúkdómum. Sú könnun, sem ég fer hér fram á, gæti hugsanlega tengst þeirri könnun sem hafin er að frumkvæði iðnaðarmanna. Á þinginu 1976 — 1977 fluttu hv. fyrrv. þm. Svava Jakobsdóttir og Eðvarð Sigurðsson till. um skipun nefndar til að kanna eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma. Till. fékk mjög góðar undirtektir, en fékkst ekki afgreidd. Till. sú, sem hér er flutt, gengur í sömu átt, en einskorðar sig við áhrif af svonefndum ákvæðislaunakerfum.

Um leið og ég vil eindregið ítreka þörf á skipun þeirrar nefndar bendi ég á síaukna notkun afkastahvetjandi launakerfa, og með tilliti til þess, sem ég nú hef rakið, legg ég til að eftirfarandi verði kannað:

Hve stór hluti verkafólks í landinu vinnur eftir ákvæðislaunakerfum og hvaða kerfi og afkastamælikvarðar eru notuð í einstökum greinum? Hver eru heilsufarsleg áhrif ákvæðislaunakerfa með tilliti til slitsjúkdóma, streitu og slysatíðni? Hver eru áhrif ákvæðislaunakerfa á samstarf fólks á vinnustað, á meðalstarfsaldur í viðkomandi grein og skiptingu í aldurshópa svo og á þátttöku yngra og eldra fólks í atvinnulífi?

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég legg til að till. minni verði vísað til allshn.

Umr. frestað.

Geðheilbrigðismál, þáltill. (þskj. 240). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 240 hef ég leyft mér ásamt þeim hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, Davíð Aðalsteinssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Stefáni Jónssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Helgasyni og Agli Jónssyni að flytja svo hljóðandi þáltill. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka nú þegar til algerrar endurskoðunar öll geðheilbrigðismál hér á landi með tilliti til þess að byggt verði upp nýtt skipulag þessara mála.

Í þessu skyni skipi viðkomandi ráðh. nefnd til undirbúnings málinu þar sem m. a. aðstandendur geðsjúkra eigi fulla aðild.

Nefndin skili áliti fyrir árslok 1980. Brýnustu viðfangsefni, sem vinna þarf að ýmist samhliða nefndarstarfinu og í nefndinni sjálfri, eru þessi:

1) Veitt verði fé til lúkningar Geðdeildar Landspítalans á næstu tveimur árum og sá hluti hennar, sem tilbúinn er, tekinn í notkun nú þegar. Fjármagn verði veitt til ráðningar starfsfólks, svo deildin geti sinnt verkefni sínu að fullu.

2) Að aðstaða til skyndihjálpar og neyðarþjónustu verð bætt.

3) Fullkomnari göngudeildarþjónustu verði komið á.

4) Fjölgað verði vernduðum heimilum fyrir geðsjúka.

5) Sérstök áhersla verði lögð á aðstöðu fyrir unglinga með geðræn vandamál (12 — 16 ára), svo sem lög kveða á um.

6) Í stað fangelsisvistar geðsjúklinga komi viðeigandi umönnun á sjúkrastofnunum.

7) Reglur um sjálfræðissviptingu verði teknar til rækilegrar endurskoðunar.

8) Atvinnumál geðsjúkra verði í heild tekin til athugunar, m. a. með tilliti til verndaðra vinnustaða, nauðsynlegustu iðjuþjálfunar, endurhæfingar, þ. m. t. símenntunar og ráðgjafaraðstoðar til að komast út í atvinnulífið á ný.

Kannaðir verði allir möguleikar hins opinbera svo og atvinnurekenda til lausnar þessa vanda.

9) Kannað verði hvort stofna skuli embætti deildarstjóra við heilbrrn., sem fjalli sérstaklega um stýringu og skipulag geðheilbrigðismála. Sér til ráðuneytis hefði

deildarstjórinn sérstaka stjórnarnefnd þar sem viðkomandi hagsmunaaðilar ættu fulla aðild.

10) Stóraukin verði almenn fræðsla um vandamál geðsjúklinga og aðstandenda þeirra svo og um eðli geðrænna sjúkdóma. Ráðgjafaþjónusta verði sem allra best tryggð."

Till. þessi er, eins og sjá má, flutt af þm. allra flokka í samráði við stjórn Geðhjálpar, félags geðsjúklinga, aðstandenda og velunnara. Meginuppistaða grg. og rök fyrir till. eru sett fram af stjórn Geðhjálpar, og kunna flm. því fólki þakkir fyrir það starf.

Mjög er brýnt að gaumgæfa geðheilbrigðismál hér á landi. Í 1. gr. heilbrigðislaga frá 6. maí 1978 er kveðið svo á:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita, til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Vissulega er margt vel gert og við stöndum vel að vígi á ýmsum sviðum, en miður annars staðar, og svo er um geðheilbrigðismál. E. t. v. er það vegna þeirrar hulu sem hvílir yfir geðsjúkdómum sökum lítillar umræðu og fræðslu um þessa sjúkdóma almennt, og þar af leiðandi er það ekki rætt að geðsjúkdómar þjái fólk, nema þá í flimtingum og glensi manna á meðal, því miður. Geðrænir sjúkdómar eru þó ein algengasta fötlun sem um getur.

Samkv. rannsókn, sem gerð hefur verið, þurfa 20% af íbúum hins vestræna heims að leita geðlæknis einhvern tíma á ævinni. Það þýðir að fimmtungur íslensku þjóðarinnar þarf einhvern tíma að leita geðlæknisaðstoðar. Þau vandamál, sem upp koma, eru mismikil og krefjast mismunandi meðferðar. En að hverju á svo þessi hópur að hverfa? Ágætri þjónustu á ýmsum sviðum, en því miður allt of fáum meðferðarplássum og umtalsverðum erfiðleikum þess vegna. Til að fá fullkomna þjónustu samkv. staðli heilbrmrn. eiga Íslendingar að hafa 4.8 „pláss" eða sjúkrarúm á hverja 1000 íbúa fyrir fólk með geðræn vandamál, en í raun eru þau 1.9 á hverja 1000 íbúa á því herrans ári 1980.

Till. þessi er í raun og veru tvíþætt. Hún gerir ráð fyrir skipun nefndar sem hafi það að markmiði að taka öll geðheilbrigðismál til endurskipulagningar og þar sem leyst yrði úr ýmsum vandamálum til frambúðar. Hins vegar er bent á ýmis atriði sem knýja þannig á um úrbætur að á þeim er rétt að vekja sérstaka athygli og fá fram úrbætur svo fljótt sem mögulegt er, helst áður en Alþ. afgreiddi lagafrv. þessa efnis.

Skipan í nefnd til endurskoðunar geðheilbrigðismála er mjög nauðsynleg með tilliti til framtíðarstefnu og hagræðingar fyrir alla er hlut eiga að máli. Gildi þess, að aðstandendur eigi fulltrúa í nefndinni, er mikið, — aðstandendur þeir sem bera hita og þunga þess að koma sínum nánustu undir læknishendur og sjá hlutina frá öðru sjónarhorni en þeir sem starfa inni á geðdeildum undir stöðugu álagi sem sífellt rúmleysi, mikil neyð og mjög veikir sjúklingar skapa.

Í frekari grg. hér, sem ég ætla aðeins að stikla á helstu atriðunum í og gerð er mjög náin grein fyrir af hálfu stjórnar Geðhjálpar, er komið inn á rökstuðning fyrir hinum einstöku liðum þessarar tillögu.

Um fyrsta liðinn er sagt, að þörfin á opnun sjúkrarúma á Geðdeild Landspítalans sé mjög brýn. Kleppsspítalinn getur nú aðeins sinnt neyðarþjónustu, þ. e. tekið við þeim sjúklingum sem veikastir eru.

Á Kleppsspítalanum er mjög erfitt að hafa skipulagt biðlistakerfi vegna þessa. Það er ekki hægt að anna fleirum en þeim sem þurfa sjúkrahúsvist strax — bráðatilfellum.

Þar af leiðir að þeir sjúklingar, sem geta verið á heimilum með hjálp og fyrir tilstilli aðstandenda sinna, eru látnir bíða uns þeim hefur elnað svo að þeir eru fársjúkir og krefjast bráðainnlagnar og fá ekki þá þjónustu sem þeim ber samkv. heilbrigðislögum.

Tilfinningalegt álag aðstandenda er mjög mikið undir þeim kringumstæðum að sjá sinn nánasta veikjast meir og meir og hverfa frá raunveruleikanum, en geta lítið gert sökum aðstöðuleysis.

Tilkoma geðdeildarinnar mundi létta til muna þá fordóma sem sérlega aldrað fólk hefur gagnvart því að leita aðstoðar á geðdeild, sem ber nafnið Kleppur.

Til viðbótar þessu segir svo síðar í grg.:

„Opnun geðdeildar mundi tryggja það að sjúklingar yrðu ekki útskrifaðir of fljótt af geðdeildum, eins og nú vill því miður brenna við, vegna þess að nú er ástand þannig, að einungis er hægt að sinna mjög veikum og margir bíða veikir utan sjúkrahúsa. Þeir, sem útskrifaðir eru rétt þegar sjúkdómsástandið er í rénun, eru ekki í stakk búnir til að takast á við kaldan „hvunndagsheiminn." Nú liggja menn oft skemur en þyrfti á geðdeild til þess að hægt sé að rýma fyrir öðrum fársjúkum. Þetta eykur til muna líkur á að bati verði ekki verulega varanlegur og innlagnir og legudagar á geðsjúkrahúsi fleiri en vera þyrfti ef aðstaða væri til að veita lengri legutíma og betri hugsanlega þjónustu strax í upphafi."

Svo kemur hér að athyglisverðu atriði sem hefur verið vakin rækileg athygli á að undanförnu:

„Fangageymslur gista að jafnaði þrír geðsjúkir einstaklingar á nóttu hverri allan ársins hring, sem eru að bíða eftir „plássi" á geðdeild eða vegna þess að sökum sjúkdómsins geta þeir ekki verið heima hjá sér, en fá ekki „pláss" á sjúkrahúsi." — Það eru upplýsingar Bjarka Elíassonar sem hér eru hafðar til viðmiðunar.

Samkv. öllum kenningum nú á dögum er manneskjan andleg, líkamleg og félagsleg heild sem ekki er hægt að skilja að ef mesta möguleg velliðan á að nást.

Síðan er vikið að hinum einstöku atriðum öðrum sem í till. felast.

Þar er bent á að neyðarþjónusta sé ekki sem skyldi, t. d. hvergi staður til að leita aðstoðar sérfróðra aðila utan venjulegs vinnutíma og ekki hægt að kalla út sérfróðan mann til aðstoðar á heimilum utan dagvinnutíma.

Það er einnig sagt, að Kleppsspítalinn sé eina geðsjúkrahúsið sem beri lagaleg skylda til að taka við veiku fólki hvaðan sem er og hvenær sem er, sjálfræðissviptu og í fylgd lögreglu. Geðsjúkir munu vera eini sjúklingahópurinn er þarf að fara í lögreglufylgd inn á sjúkrahús til meðferðar.

Heimilislæknar eru illa í stakk búnir til að geta greint og aðstoðað þá er til þeirra leita með geðræn vandamál. Þó hafa þeir reynt að koma sér upp fræðsluaðstöðu, umræðuhópum með sérfræðingum sér til aðstoðar, en vegna skorts á sérfræðikunnáttu og ráðgjöf verða vandamál, sem borin eru upp hjá heimilislæknum, að skyndilegum stórvanda sem krefst bráðainnlagnar strax.

Neyðarþjónusta ætti að verða til í tengslum við göngudeild.

Síðan er komið að hlutverki göngudeildarinnar nokkuð.

Æskilegt væri að göngudeild væri opin allan sólarhringinn. Nú er opin göngudeild á Kleppsspítalanum til kl. 19.00 og á Geðdeild Landspítalans til kl. 16.30 virka daga. En sjúklingar og þeirra nánustu þurfa að sjálfsögðu oft á hjálp að halda á kvöldin, nóttunni og helga daga. Á göngudeild er nú rekin þjónusta fyrir þá sem hafa legið inni á Kleppsspítala, en án eftirlits með hverjum einstökum, þannig að þangað leita aðeins þeir sem vilja. Það er ekki til starfslið til að hringja út þá sjúklinga, sem ekki mæta, né heldur mannafli til að fara á heimilin og fylgjast með þeim sjúklingum, er ekki sækja göngudeild, en það er oft fyrsta einkenni þess hjá mörgum sjúklingum að þeim sé að elna sóttin.

Um vernduðu heimilin fyrir geðsjúka segir svo:

„Til eru vernduð heimili og hafa þau gefist vel, en þeim þarf að fjölga í formi „áningarstaða" milli heimilis og geðdeildar, þannig að sjúklingar aðlagist betur hinu daglega lífi á vernduðum stað.

Einnig er þörf á fleiri heimilum fyrir þá er geta ekki verið einir eða búið hjá fjölskyldu sinni, en geta unnið úti og séð um rekstur sameiginlegs heimilis undir eftirliti.

Einnig er brýn þörf á að leysa vanda geðsjúkra útigöngumanna með gistiaðstöðu og matargjöf til þeirra er hvergi eiga höfði sínu að halla."

Um unglingavandamálið í þessu efni segir svo m. a. í grg.:

„Innlagningarþjónusta fyrir unglinga á aldrinum 12—16 ára með geðræn vandamál á háu stigi er mjög af skornum skammti, og eru þeir afskiptur hópur. Það er e. t. v. vegna þess að aukin sérhæfni samfélagsins og auknar skyldur unglinganna virðast minnka réttindi þeirra. Þeim finnst þeir útundan og það eykur á þunglyndi þeirra og erfiðleika í félagslegri aðlögun.

Ráðgjöf þeim til handa er mjög dreifð og þörfin á fleiri meðferðarheimilum og unglingageðdeild er alltaf að aukast."

Þá kemur að þeim geðsjúklingum er sæta fangelsisvist. Þar er m. a. sagt:

„Stefna verður að því, að geðsjúklingar, er sæta fangelsisvist, séu vistaðir við þau skilyrði, er draga úr sjúkdómseinkennum þeirra, og farið sé að lögum í því efni. Frelsisskerðing er skref sem tekið er til öryggis vegna samborgaranna, en lokamarkið verður að vera að gera fangann að nýtum samborgara, ef mögulegt er."

Þá er komið að hinum umdeildu reglum um sjálfræðissviptingu. Um það er ekkert sérstakt lagt til í þessari grg., en á það bent að réttur sjúklings er skertur við sjálfræðissviptingu og erfiðleikar aðstandenda, tilfinningalegir og félagslegir, eru miklir. Því hlýtur að teljast sjálfsagt að taka reglurnar til algerrar endurskoðunar í því skyni að finna þeim betra og manneskjulegra form. Í því efni er rétt að líta til reynslu annarra þjóða, þó að engin alhliða aðhæfing dugi í þeim efnum.

Atvinnumálum sjúklinga er gerð grein fyrir í nokkrum greinum hér. Ég ætla aðeins að tæpa á því helsta.

Atvinnumál geðsjúkra eru í ólestri vegna þeirra erfiðleika sem eru á því að fá atvinnu fyllilega við þeirra hæfi er sjúkir eru. Vöntun er á vernduðum vinnustöðum, þar sem skipuleg iðjuþjálfun fer fram. Flestir þeir geðsjúklingar, er leita fyrir sér um vinnu, eru á umtalsverðum lyfjaskömmtum. Þess vegna vekja þeir athygli samstarfsmanna sinna. Þeir taka oft að sér störf er krefjast hraða og skarprar hugsunar, sem þeir vegna sjúkdóms síns geta illa valdið, og gefast því upp. Það brýtur niður sjálfsvirðingu einstaklings svo að honum finnst hann ævinlega fara halloka.

Einn verndaður vinnustaður er rekinn fyrir geðsjúklinga. Er það Bergiðjan í tengslum við Kleppsspítalann. Þar fer fram iðjuþjálfun að einhverju leyti. Þó er mikill fjöldi sjúklinga sem ekki getur nýtt sér þessa aðstöðu vegna þess að fjölda starfsmanna þarf að takmarka við stærð iðnaðarhúsnæðisins.

Það er líka bent á það í lokin hvernig stéttarfélögin koma inn í þetta mál, að taka atvinnumál geðsjúkra til endurskoðunar, ekki síður en varðandi hlut vinnuveitenda í þeim efnum eða hlut ríkisvaldsins.

Það þarf einnig að auka möguleika geðsjúklinga til símenntunar og fullorðinsfræðslu.

Síðan er vikið að níunda liðnum, varðandi það hvernig fara skuli með þessi mál í framtíðinni, og sagt:

„Æskileg væri stofnun embættis við heilbrrn. Embættismanni þessum væri ætlað að sjá til þess, að mannréttindi séu ekki brotin á geðsjúklingum og þeir njóti þess, sem þeim ber samkv. lögum, að vera til aðstoðar og leiðbeiningar aðstandendum, að sjá um fræðslu allra þeirra sem um er að ræða: geðsjúkra, aðstandenda, starfsliðs geðsjúkrahúsa, almennings. Hann ætti einnig að vera oddamaður í ráði, skipuðu af öllum hagsmunaaðilum, sem sé til eftirlits, samræmingar og mats á því sem verið er að gera í geðheilbrigðismálum.

Komið verði á fót markvissri aðstandendafræðslu í formi námskeiða, svo sem fræðslunámskeið SÁÁ fyrir fjölskyldur.

Mjög er brýnt að auka alla fræðslu um geðsjúkdóma meðal almennings og einnig að auka þessa fræðslu til muna í framhaldsskólum, þannig að geðsjúkdómum sé gert þar jafnhátt undir höfði og öðrum kvillum, sem þar er getið."

Opnun geðdeildarinnar er það mál sem brýnast er að leysa. Í húsi Geðdeildar Landspítalans er nú göngudeild þar sem koma mætti upp aukinni göngudeildarþjónustu og neyðarþjónustu. Einnig mundi það leysa mikinn hluta þess brýna vanda, er skortur sjúkrarúma skapar, og auka mjög möguleika á lausn annarra brýnna vandamála en hér eru talin. En á það verður aldrei lögð of þung áhersla að þessi mál séu öll rædd opinskátt og af fullri reisn, svo sem þeim ber.

Að lokum þetta: Það er ekki vandalaust að flytja till. á Alþ. um það viðkvæmnisvandamál sem geðheilbrigðismál eru. Ekki ætlum við flm. okkur þá dul, að í till. þessari sé að finna neina heildarlausn þessara mála. Nær væri að segja að hér væri verið að hreyfa við máli sem of sjaldan fær þá umræðu og athygli sem því er samboðin miðað við eðli og umfang þess. Svo margslungið er það og margbreytilegt, svo einstaklingsbundið með sín mörgu og ólíku sérkenni, að gagnvart fáu standa menn í raun jafnráðvana á lækningasviðinu. Þar við bætist að málið er þess eðlis að það jaðrar enn í dag við feimnismál og því skortir hreinskilni og víðsýni ærið oft í umræðum. Þeir, sem við vandann stríða, en hefðu möguleika á því öðrum fremur að vekja umræður, hefja málið ofar, bera sjaldnast vanda sinn á torg, á hvaða stigi sem er, og allt í einu verða svo umskiptin eða þau gerast smám saman og verða öllu yfirsterkari. Hins vegar leituðum við flm. styrks og aðstoðar hjá aðstandendum, sjúklingum og þeim sem umönnun og hjálp veita, enda er það félagsskapurinn Geðhjálp sem hefur knúið á um þessa tillögugerð, og hjá þeim félagsskap, í lifandi starfi hans, höfum

við fengið að kynnast nýjum viðhorfum, nálgast vandann í raun. Það er formaður þess félags, Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarkennari, sem borið hefur hitann og þungann af grg. till. Við flm. gleymum í engu tilvist Geðverndarfélagsins og góðum hlut þess á liðnum árum, miklu starfi og óeigingjörnu í hvívetna. Við vonum einmitt að þessi tvö félög, sem að sama marki stefna, efli með sér samvinnu sem allra mest málstaðnum til framdráttar.

Við viljum með þessum flutningi leggjast hér á sveif. Það skal skýrt tekið fram, að öll upptalning till. er hvorki tæmandi né einhlít. Aðalatriðið er í okkar huga og þeirra *sem standa að till., að málið fái allt rækilega meðferð í n.*, eins skjóta og unnt er, eins vel studda sérfræðilegum rökum og unnt er og eins vel verði að unnið af þeim sem vandinn snýr að öðrum fremur, sjúklingum sem aðstandendum, í þeirri nefnd og þannig megi áhuginn, skilningurinn og þekkingin haldast í hendur.

Ég hef heyrt aðfinnslur ýmissa nú þegar við þessa tillögugerð, hún sé yfirborðskennd, sé ekki studd nægilegum læknisfræðilegum forsendum og rökum, í upptalningu á viðfangsefnum sé fullt af sjálfsögðum hlutum, sem þó eru ekki sjálfsagðari en það, að þeir eru fæstir til í dag nema að hluta. Ég hef heyrt sérfræðilegar aths., sérstaklega um það sem á skorti, um það sem ofsagt er og það sem e. t. v. er verst: efasemdir um að slík mál eigi að ræða hér, það sé sérfróðra aðila einna að fjalla um þau. Ekki dreg ég úr gildi sérfræði en mikils þykir mér um vert að opna þessa umræðu sem mest og ekki síst hér, þar sem löggjöfin er sett, fjármagninu deilt, framkvæmdirnar ákveðnar. Þingnefndir, sérstök nefnd og alþm. almennt munu án efa gera sitt til þess að sérfræðin verði ekki útundan, þó að ég vilji einnig byggja á reynslu þeirra, sem hafa sigrast á vandamáli sínu, og þeirra, sem við hafa búið árum saman sem aðstandendur. Sérfræði er góð, en algild er hún ekki. Og þeir, sem nú gera aths. og kunna að eiga eftir að gera, ættu að athuga einnig hve vanmáttugir þeir eru í raun í mörgu enn, og það viðurkenna þeir bestu og víðsýnustu, sem eru að hjálpa fremur en gera tilraunir og rannsaka í nafni fræðigreinarinnar. Við eigum sem betur fer marga slíka og þeim ber sannarlega að þakka gott starf, en ekki síður hug sinn og hjartalag.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með því að óska eftir að umr. þessari verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. frestað.

Efri deild, 74. fundur.

Mánudaginn 5. maí, kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 395 (sbr. 92)). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 311). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. sem fjallar um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Frv. þetta hefur verið afgreitt frá Nd. og þyrfti að fá lokaafgreiðslu frá Alþ. fyrir vorið.

Þetta frv. er flutt til samræmingar, en með lögum nr. 3/1977 voru sett ákvæði um sérstaka uppbót á lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði bænda fyrir árin 1976 og 1977 til samræmis við samkomulag, sem Alþýðusambandið hafði gert við vinnuveitendur í febrúarmánuði 1976, og í samræmi við þá breytingu, sem gerð hafði verið á lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Ráðstafanir þessar voru síðan framlengdar til ársloka 1979 með nýju samkomulagi launþega og vinnuveitenda í júní 1977, og með lögum sama ár var sams konar framlenging uppbótargreiðslna lögfest gagnvart Lífeyrissjóði bænda.

Með lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, hafa ofangreindar uppbótargreiðslur, sem um var samið 1976 og 1977, enn verið framlengdar um þrjú ár, þ. e. fyrir árin 1980 — 1982. Í þeim lögum eru jafnframt ákvæði um hvernig útgjöld til uppbótargreiðslna samkv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda skuli borin þetta tímabil, og er þá gert ráð fyrir framlengingu ákvæða laga nr. 64/1977. Í þessu frv., sem hér er til umr., er kveðið á um slíka framlengingu.

Auk þeirra ákvæða, sem varða lífeyrishækkanir fyrir þrjú næstu ár, eru í 1. gr. frv. ákvæði um breytingar á 2. gr. núgildandi laga um skilyrði fyrir aðild að sjóðnum. Þar er um að ræða að lækka aldursmarkið úr 20 árum í 16 ár og hins vegar að rýmka heimild til að veita launþegum í landbúnaði aðild að sjóðnum. Þessi ákvæði eru í fullu samræmi við þróun undanfarinna ára, sbr. lög um starfskjör launþega og lög um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, og þann undirbúning sem átt hefur sér stað að lagasetningu um almenna þátttökuskyldu í lífeyrissjóðum, sbr. frv. sem flutt hafa verið um það efni nú seinustu daga í hv. efri og neðri deild.

Með ákvæðum 2. gr. frv. er tryggt að lífeyrisfjárhæðir þær, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins og ríkissjóður eiga að standa undir, sbr. 19. gr. laga nr. 101/1970, breytist árlega eftir sömu reglu og undanfarin ár þann tíma er hin sérstaka uppbót skal borin uppi með þeim hætti sem lög nr. 97/1979 kveða á um. Þá er gert ráð fyrir að sama gildi um hluta lífeyrissjóðsins ef lífeyrisþegi samkv. II. kafla laganna á að hluta rétt samkv. I. kafla þeirra.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég hef út af fyrir sig ekki miklu við það að bæta sem ráðh. sagði í framsögu sinni. Ég vil leggja áherslu á að frv. fái skjóta afgreiðslu frá þessari deild. Frv. var afgreitt athugasemdalaust frá Nd.

Hvað varðar 1. gr., þ. e. heimild sjóðsins til að taka í tölu sjóðfélaga launþega í landbúnaði, lýsi ég því yfir að það er afskaplega mikilsvert ákvæði sem þarna kemur fram. Þetta er mikilsverð breyting. Þetta er rýmkun á þeim reglum sem hingað til hafa gilt. Það eru fjölmargir, sem verið hafa starfandi að landbúnaði sem launþegar, sem ekki hafa átt aðild að lífeyrissjóðum. Í þessu sambandi er þess að vísu getið í athugasemdum með lagafrv. að þarna hafa menn gjarnan í huga forfalla- og afleysingaþjónustuna sem nú kemur til framkvæmda. Hins vegar skil ég þessa grein svo, að þarna muni miklu fleiri koma inn í.

Samkv. gildandi lögum er gert ráð fyrir að sjóðstjórninni sé heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn á lögbýlum sem ráðnir eru til eins árs eða lengur, enda komi beiðni um slíkt frá hlutaðeigandi vinnuveitanda. Er augljóslega um rýmkun að ræða samkv. því frv. sem hér er til umfjöllunar.

Varðandi lífeyrissjóðinn er mönnum kunnugt um að innheimta á ársiðgjöldum sjóðfélaga hefur verið í höndum framleiðsluráðs. Á þessu ári er fyrirhuguð breyting í því efni, þ. e. að lífeyrissjóðurinn sjálfur taki við innheimtunni alfarið, að vísu fyrst í stað a. m. k. með aðstoð framleiðsluráðsins. Það sakar ekki að geta þess hér, að iðgjöld sjóðfélaga á árinu 1979 voru u. þ. b. 1.31% af brúttóverðmæti landbúnaðarafurða. Á þessu ári eru þau talin verða um 1.23% af brúttóverðmæti landbúnaðarafurðanna. Hámarksiðgjaldagreiðsla kvænts sjóðfélaga verður á þessu ári 284 059 kr. Hámark vegna ókvænts sjóðfélaga verður eins og kunnugt er 1/3 lægra. Lífeyrissjóður bænda er orðinn allverulegur að umfangi. Til marks um það vil ég geta þess að á síðasta ári fengu 1632 aðilar greiðslur úr lífeyrissjóðnum.

Að lokum vil ég geta þess, að það er í ráði að taka upp nýjan lánaflokk. Ég hygg að það verði um 600 millj. kr. sem koma þar til ráðstöfunar. Þetta er eins konar frjáls lánaflokkur að því leyti að lán innan þessa flokks er ekki bundið verkefnum. Þau munu verða að hámarki til 15 ára. Að vísu mun mönnum gefast kostur á því, að því er ég best veit, að ráða lánstíma. Ég tel þetta mjög þarft ef til framkvæmda kemur. Þessi lán verða með fullri verðtryggingu, líklega samkv. lánskjaravísitölu, og með hálfs annars prósents vöxtum. Er gert ráð fyrir að samkv.

þessu verði lánað þeim sem hafa greitt iðgjöld frá upphafi, en hafa ekki notið lánsfyrirgreiðslu úr Stofnlánadeild að því leyti sem lífeyrissjóðurinn kemur inn á fjármögnun lána.

Ég vil að endingu æskja þess, að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu svo að lögum verði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 370, n. 402). — 2. umr.

Frsm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar á þskj. 370, 96. mál þessa löggjafarþings. Aðalefni frv. er í 1. gr. laganna á eftir 3. mgr., sem verði 4. mgr. og orðist svo:

„Þá er og heimilt að greiða enn frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri svo og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar, ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af eða rekið bifreið án uppbótarinnar."

Hér er um sjálfsagt réttlætismál að ræða og n. mælir einróma með samþykkt frv. eins og það er komið frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 75. fundur.

Mánudaginn 5. maí, að loknum 74. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 370, n. 402). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 425).

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 126, n. 418, 419). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og fengið umsagnir fjárlaga- og hagsýslustofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins. Jafnframt kölluðum við til ráðuneytis Birgi Ás Guðmundsson talkennara.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum sem fluttar eru á þskj. 419. Þær brtt. eru fjórar.

Í 1. lið er gerð tillaga um að breyta orðinu „uppeldisfræðingur" í: taluppeldisfræðingur.

Við 5. gr. bætist: Í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatryggingalaganna. Hljóðar þá mgr. þannig:

„Ráðh. setur að fengnum tillögum stjórnarstofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatryggingalaganna."

Þetta er gert til þess að ekki skapist misræmi í greiðslum til hinna ýmsu þátta er bættir verða.

Við 6. gr. bætist: og skal sú gjaldskrá vera í samræmi við gjöld fyrir aðra veitta sérfræðiþjónustu. Hljóðar greinin þá þannig: „Að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar skal ráðh. heimilt að setja með reglugerð gjaldskrá fyrir veitta þjónustu stöðvarinnar og skal sú gjaldskrá vera í samræmi við gjöld fyrir aðra veitta sérfræðiþjónustu."

7. gr. breytist á þann veg: Í stað orðanna „Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga" verði upphaf greinarinnar" þannig: Stofnunin skipuleggur ferðir starfsmanna sinna. — Það eru fleiri en sérfræðingar sem þarna skulu starfa og þykir þetta víðtækara orðalag.

N. leggur til, eins og sagði áðan, að frv. verði samþ. með þessum brtt.

ATKVGR.

Brtt. 419,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. — 4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 419,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 419,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 419,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
8 — 11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Öryggi á vinnustöðum, frv. (þskj. 18, n. 403, 404). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv., sem hér er til umr., og haldið um það marga fundi, enda er málið bæði stórt og viðamikið. Hér er verið að setja löggjöf er snertir meira og minna allt vinnandi fólk í landinu. Í hverju einasta fyrirtæki sem hefur á að skipa tíu starfsmönnum eða fleiri, skal tilnefna fulltrúa vinnuveitenda og fulltrúa starfsfólks sem í samvinnu eiga að fylgjast með og gæta að því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi sé í samræmi við lög þessi. Í fjölmennari fyrirtækjum skulu auk þessa vera starfandi öryggisnefndir sem skipuleggja aðgerðir og ráðstafanir er varða þessi mál og annast fræðslu starfsmanna. Jafnvel á fámennustu vinnustöðunum skal atvinnurekandinn eða verkstjóri hans, starfsmaður hans, stuðla að góðum aðbúnaði á vinnustað. Á þessu sést ljóslega hversu yfir-

gripsmikið mál er hér á ferð. Til viðræðu og upplýsinga boðaði nefndin á sinn fund fulltrúa hinna ýmsu aðila er hagsmuna hafa að gæta svo og fulltrúa þeirra aðila er unnu að gerð frv.

Í aths. við frv. er gerð ítarleg grein fyrir upphafi málsins og störfum þeirrar nefndar er vann við samningu frv. Þar er m. a. gerð grein fyrir því, að frv. er samið í framhaldi af sameiginlegum tillögum sem aðilar vinnumarkaðarins lögðu fram í kjarasamningum vorið 1977 um aðgerðir í vinnuverndarmálum og samþ. voru af þeim og ríkisstj. 19. apríl 1977. 22. júní 1977 ritaði forsrn. Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna bréf þar sem segir m. a.:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að skipa nefnd til að semja frv. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum."

Þessi nefnd var skipuð 14. sept. 1977 og áttu í henni sæti þrír fulltrúar frá Alþýðusambandinu, tveir frá Vinnuveitendasambandinu, einn frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og þrír fulltrúar er skipaðir voru af félmrh. Nefndin hafði samráð við fjölmargar stofnanir sem lögum samkv. hafa eftirlit á vinnustöðum hér á landi og vann nefndin samkv. því meginsjónarmiði að eftirlit með aðbúnaði og hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum yrði sem allra mest innan vinnustaðanna sjálfra, eins og ég gat um í upphafi.

Í frv. er í sambandi við samkomulagið frá 19. apríl 1977 lagt til að ein stofnun, Vinnueftirlit ríkisins, sjái um framkvæmd þessara laga. Er með því lögð rík áhersla á nauðsyn náins samstarfs allra þeirra aðila sem hafa eftirlit á vinnustöðum, til þess að komið verði í veg fyrir tvöfalt og oft margfalt eftirlit með sama þætti á vinnustað, eins og nú vill brenna við.

Af þessu er ljóst að þetta frv. er nánast hluti af kjarasamningum og samið af þeim aðilum sem þar áttu hlut að máli. Yrðu allar breytingar á frumvarpsgerðinni vandasamar og verður að gæta þess að ekki sé raskað því samkomulagi sem þeir, er stóðu að samningsgerðinni, hafa náð í frv.

Félmn. fjallaði mjög ítarlega um allar umsagnirnar sem henni bárust við frv., og urðu miklar umræður um ýmsa þætti þess, svo sem skipun öryggismannanna og öryggisnefndanna, hvíldartíma og frítíma, vinnu barna og unglinga, kostnaðarþættina og margt fleira. Auk þess var fjallað um hvernig þessi mál féllu að einstökum þáttum íslensks atvinnulífs. Var þar m. a. rætt um landbúnaðinn og mun ég gera grein fyrir því er ég fer yfir þær brtt. sem nefndin var sammála um að flytja. Þær brtt. eru á þskj. 404 og eru fimm.

Það er í fyrsta lagi breyting við 6. gr. frv. Þar segir að 1. málsl. mgr. skuli orðast svo:

Í fyrirtækjum, þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd.

Breytingin er í því fólgin, að í frv. er talað um að í fyrirtækjum, þar sem starfa 20 manns eða fleiri, skuli stofna svona nefndir. Nefndin varð sammála um að það yrðu að vera 50 starfsmenn vinnandi í fyrirtækinu til þess að öryggisnefnd væri stofnuð.

Önnur brtt. er við 50. gr., þar komi inn í ný mgr., sem verði 2. mgr. og orðist svo:

Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku skulu fylgja með, um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang, þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

Hér er fjallað um að betri upplýsingar fylgi við afhendingu á vörum og þær skuli vera á íslensku þannig að öryggis sé betur gætt.

Þriðja brtt. er við 73. gr. 3. mgr. og orðist svo:

Vinnueftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun.

Það er felldur niður síðari hluti þessarar mgr., sem var svo:

„Vinnueftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun. Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík." — Fellt er niður að það skuli vera bundið í lögum að hún skuli vera í Reykjavík.

Fjórða brtt. er við 78. gr. Þar segir:

G-liður orðist svo: fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði, tækni- og tækjabúnað og fleira. Einnig um notkun efna, þegar í lögum eða reglugerðum er mælt svo fyrir, að leyfi Vinnueftirlits ríkisins þurfi til.

Þarna er bætt inn í greinina að það sé fjallað um öryggisþætti í áætlanagerð. En eins og greinin var, þá var aðeins sagt: fjalla um áætlanir um vinnslu- og framleiðsluaðferðir o. s. frv. Þarna er talað um að það skuli fjalla um öryggisþætti í áætlunum, sérstaklega tekið fram.

Fimmta brtt. er við bráðabirgðaákvæði. Þar kemur inn í nýr liður, er verði 3. liður og orðist svo:

Félmrh. skal fyrir 1. júní 1981 setja reglugerð um þau ákvæði laga þessara, sem snerta landbúnaðinn.

Skal þar m. a. kveðið á um aðild Stéttarsambands bænda að ákvörðunum um þau ákvæði laganna er sérstaklega varða landbúnaðinn. Reglugerðin skal samin í samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands."

Í umsögn þeirri, sem Stéttarsamband bænda sendi um frv., segir m. a. að eðlilegast væri að hafa í lögunum sérákvæði varðandi landbúnaðinn er væru sniðin að sérstöðu hans í þessum málum öllum. Nefndin varð sammála um að landbúnaðurinn hefði vissa sérstöðu og við undirbúning málsins hefði samráð við fulltrúa landbúnaðarins ekki verið nægjanlegt, þyrfti að gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á hvernig aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi yrði hagað á vinnustöðum landbúnaðarins. Með því að setja þarna inn í þetta bráðabirgðaákvæði í væntanlegri reglugerð, að Stéttarsambandið eigi aðild að ákvörðunum um þau ákvæði laganna er sérstaklega varða landbúnaðinn, teljum við að nokkuð sé komið til móts við sjónarmið bænda í þessum málum. Mætti hugsa sér þessa aðild annaðhvort óbeina aðild að stjórn Vinnueftirlitsins, þar sem Stéttarsambandið ætti fulltrúa sem hefði tillögurétt og málfrelsi, eða þá að skipuð yrði sérstök samráðsnefnd þegar fjallað yrði sérstaklega um mál landbúnaðarins. En um það verður að fjalla nánar við samningu reglugerðar hvernig þeim málum verður best hagað og hvernig Stéttarsambandið eða fulltrúar landbúnaðarins geta haft áhrif á sín mál sem falla undir þessi lög.

Það hafði fallið niður við gerð brtt. að breyta í frv. dagsetningu sem fjallar um gildistöku laganna. Á þskj. 413 hefur verið séð við þessu, en þar koma til viðbótar nokkrar brtt. Þar fjallar ein brtt. um að lög þessi skuli öðlast gildi 1. jan. 1981. Þannig hefur verið séð við þeim mistökum, sem nefndinni urðu á, að láta ekki fylgja þeim brtt., sem hún var þó sammála um að standa að, hina nýju dagsetningu.

Nefndin er sem sagt sammála um að leggja til að frv. þetta verði samþ. með þeim brtt. sem hún stendur sam-

eiginlega að og fluttar eru á sérstöku þskj. og ég hef nú gert grein fyrir.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Frv. það, sem við nú ræðum, fjallar um vinnuverndarmál. Hér er því um að ræða mjög mikilvæg löggjafarmálefni. Vinnuvernd varðar allt í senn: hag einstklingsins, hag fyrirtækisins og hag þjóðarheildarinnar.

Markmið vinnuverndar er að fækka slysum og draga úr og koma í veg fyrir atvinnusjúkdóma. Vinnuverndin felur í sér bætt vinnuumhverfi, bætta aðstöðu af ýmsu tagi og að hæfileikar einstaklingsins fái notið sín.

Allt er þetta einnig til hagsbóta fyrirtækjunum. Því er eðlilegt að fyrirtækin beri kostnað af tæknilegum og stjórnunarlegum umbótum sem nauðsynlegar eru í vinnuverndarmálum. Það er því ekki að ófyrirsynju að báðir aðilar vinnumarkaðarins, launþegasamtökin og atvinnurekendasamtökin, láti sig þessi mál skipta. Og fyrir tilstuðlan aðila vinnumarkaðarins ber nú þessi mál einmitt að í formi þess frv. sem hér er á dagskrá.

Það er nauðsynlegt að setja reglur um skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu til að halda megi upp öflugu og markvissu vinnuverndarstarfi. Slíkar reglur mynda að *verulegu leyti ramma um starfið í fyrirtækjunum og starf* þeirra aðila sem þjóðfélagið felur ráðgjöf og eftirlit í þessu efni. Slíkar almennar reglur eiga jafnframt að tryggja sem hagkvæmasta lausn samkynja vandamála í fyrirtækjum alls staðar á landinu og því fylgir í sjálfu sér hagfræði. Það er líka mikið öryggi fyrir eigendur fyrirtækja að vita hvar þeir standa og til hvers er ætlast af þeim. Slíkar almennar reglur varða fyrirkomulag vinnustaða og vinnuumhverfið sjálft. Hér koma og sérstaklega til vélar og hvers konar tækjabúnaður. Vinnuverndin varðar eftirlit með framleiðslu og innflutningi ýmiss konar véla og verkfæra og samræmingu krafna sem gerðar eru um öryggisbúnað og eiginleika þeirra. Einnig lætur vinnuverndin til sín taka notkun eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum í ríkari mæli en áður. Kemur þar bæði til aukin vitneskja um hættur af völdum efnanna, en einnig stóraukin notkun samfara breyttum atvinnuháttum. Hóflegur vinnutími og vinnuálag er mikilvægur þáttur í vinnuvernd. Við störf, sem sérstök hætta fylgir óhjákvæmilega, getur verið mikil ástæða til að takmarka vinnutíma frekar en almennt gerist, svo sem þar sem lofthiti, loftraki eða geislunarhiti er utan viðtekinna marka, og vinnu þar sem sérstakrar einbeitni og árvekni er þörf. Vinnuvernd lætur og til sín taka eðlilegar takmarkanir á vinnu og vinnutíma barna og unglinga. Síðast en ekki síst hlýtur heilsuvernd starfsmanna að verða mjög mikilvægur þáttur í skipulagi og framkvæmd vinnuverndar. Atvinnusjúkdómavörnum þarf að koma við með markvissum og skipulögðum hætti.

Þetta eru ekki ný viðfangsefni í landi okkar. Við höfum á okkar hátt verið að fást við þessi mál um langan aldur. Þannig hefur Öryggiseftirlit ríkisins nú starfað í hálfa öld. Brunavarnir hafa verið um langan aldur með skipulögðum hætti. Fengist hefur verið á síðari árum við mengunarmál í mörgum samböndum. Og þá má ekki gleyma hinum mikilvæga þætti heilsuverndar og heilbrigðiseftirlits sem náð hefur til aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustöðum.

Á öllum þessum sviðum hefur verið unnið mikið og merkilegt starf. Samt sem áður hafa menn fundið að ekki væri nóg að gert í þeim efnum sem varða vinnuverndina. Kemur þar margt til. En sú gagnrýni hefur jafnvel frekar verið fólgin í skipulagi þessara mála en að slæleg væri framkvæmd á þeirri löggjöf sem sett hefur verið um þessi efni. Mælt hefur verið fyrir um aðgerðir til vinnuverndar í mörgum lögum. Margar stofnanir hafa farið með þessi mál undir yfirstjórn margra rn. Af þessu hefur leitt að aðgerðir til vinnuverndar í landinu hafa ekki verið undir markvissri og hnitmiðaðri yfirstjórn. Til þessa hafa menn rakið margt sem vangert og ógert er í vinnuverndarmálunum. Þetta hefur orðið þeim mun meira áberandi sem tækni, þekkingu og margbreytileik atvinnulífsins hefur farið fram.

Það var við þessar aðstæður sem aðilar vinnumarkaðarins létu til sín taka vinnuverndarmálin við kjarasamningana vorið 1977. Eins og hér hefur áður verið vikið að *af hv. frsm. n. lögðu aðilar vinnumarkaðarins fram sameiginlegar tillögur um aðgerðir í vinnuverndarmálum* sem samþ. voru af þeim og ríkissj. 19. apríl 1977. Í samræmi við þetta samkomulag skipaði ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar nefnd til að semja frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eins og það var orðað í bréfi forsrh. 22. júní 1977 til Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Alþýðusambands Íslands. Það er árangurinn af starfi þessarar nefndar sem við höfum nú fyrir framan okkur í frv. því til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem við nú ræðum.

Í frv. þessu er fjöldi nýmæla, eins og frv. ber með sér og vikið hefur verið að áður. En meginstefnumörkun frv. er fólgin í tvennu: Annars vegar að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi verði sem allra mest innan fyrirtækjanna sjálfra og atvinnurekendur og starfsmenn skipuleggi sameiginlega ráðstafanir á vinnustöðum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Hins vegar er eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk hins opinbera sameinað undir eina stofnun, Vinnueftirlit ríkisins, sem eingöngu fjallar um vinnueftirlit og skyld málefni. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða frá þeirri skipan sem nú er og eru aðilar vinnumarkaðarins sammála um að gera þá breytingu.

Við meðferð þessa máls hefur komið fram andstaða við þessa höfuðstefnumörkun frv. Af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins er því haldið fram að það sé röng stefna að setja atvinnusjúkdómavarnir undir sömu stjórn og aðra vinnuvernd það sé röng stefna, sem í frv. felst, að vinnuvernd og atvinnuheilbrigðismál séu látin falla undir félagsmál. Sjúkdómsástand er hljótist af atvinnu sé og verði alltaf heilbrigðisvandamál. Það sé annað mál, að sjúkdómur geti haft í för með sér félagsleg vandamál, bæði fyrir þann sjúka, aðstandendur og samfélagið í heild. Því sé ljóst að vinnuvernd og atvinnuheilbrigðismál skari tvo málaflokka, þ. e. félags- og heilbrigðismál. Það er varað við þeirri stefnu frv. að færa atvinnusjúkdómavarnir undir stjórn Vinnueftirlits ríkisins inn á vinnustaðina þar sem þá ljúki afskiptum heilbrigðisnefnda í landinu af vinnustöðum og eftirlitið verði minna en áður. Þá er bent á að heilbrigðisyfirvöldum og heilbrigðiseftirliti sé ekki ætlað að móta stefnuna í atvinnusjúkdómavörnum. Þessum málum væri betur fyrir komið á þann veg, að heilsugæslulæknar og heilbrigðisyfirvöld mótuðu stefnuna í atvinnusjúkdómavörnum, eins og þeim ber samkv. núgildandi lögum.

Hér er deilt um hvort þau verkefni, sem frv. þetta ætlar Vinnueftirliti ríkisins, heyri undir eina eða tvær stofn-

anir. En frv. þetta er í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins frá 1977 um að ein eftirlitsstofnun sjái um framkvæmd þessara mála. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir að heilsuverndarkerfið, sem fyrir er, verði hagnýtt við atvinnusjúkdómavarnirnar, bæði heilsugæslustöðvar og sjúkrahús, og samráð verði haft við heilbrigðisyfirvöld um framkvæmd þessara mála.

Við sjálfstæðismenn í hv. félmn. deildarinnar teljum að rétt hefði verið að freista þess að samræma hin mismunandi sjónarmið varðandi atvinnusjúkdómavarnirnar. Til þess hefði greinilega þurft lengri tíma en völ var á ef afgreiða á málið á þessu þingi. Þess vegna teljum við að hyggilegra hefði verið að fresta málinu til næsta hausts og nota tímann til þess m. a. að athuga þennan þátt frv. betur.

Alveg sérstök ástæða var til að hafa slík vinnubrögð þegar þess er gætt, að einmitt nú er verið að endurskoða lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Árið 1978 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh., Matthías Bjarnason, nefnd til að endurskoða þessi lög og er því verki nú svo langt komið að því mun ljúka innan nokkurra vikna, ef ekki nokkurra daga, eftir því sem mér er tjáð. Það væri að mínu viti nauðsynlegt að hafa hliðsjón af hinu nýja frv. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit þegar gengið yrði frá því frv. sem við nú ræðum og það lögfest, vegna þess að mest er um vert að fullt samræmi sé milli þessara tveggja frv. til að koma í veg fyrir skörun og fá eðlilega lausn á þeim ágreiningi, sem ég hef lýst, um atvinnusjúkdómavarnirnar.

En það er ýmislegt fleira sem ástæða hefði verið að athuga nánar í frv. þessu en kostur hefur verið á. Ég nefni í þessu sambandi það sem varðar landbúnaðinn í landinu. Það er svo, að við samningu þessa frv. virðist, og er ekkert óeðlilegt, að frekar hafi verið höfð hliðsjón af þeim aðstæðum sem ríkja í öðrum atvinnuvegum, iðnaði sérstaklega, en þeirri aðstöðu sem er sérstök fyrir landbúnaðinn í landinu. Það hefði þess vegna verið full þörf á að athuga þetta frv. allmiklu nánar með tilliti til sérstöðu landbúnaðarins. Í umsögn, sem hv. félmn. fékk frá Stéttarsambandi bænda, kemur einmitt þetta sjónarmið bænda fram.

Ég tel að til bóta sé brtt. frá félmn. á þskj. 404 varðandi þessa hlið málanna, 5. brtt., þar sem gert er ráð fyrir að samráð verði haft við Stéttarsamband bænda þegar sett verður reglugerð sem snertir landbúnaðinn, og ég er þess vegna fylgjandi þeirri brtt.

En það kom nokkuð til umræðu í félmn., hvort ekki kæmi til greina að bændur fengju beina aðild að stjórn Vinnueftirlits ríkisins og litið yrði á þá á sama veg og aðra aðila vinnumarkaðarins eða þá aðila sem venjulega ganga undir því heiti. Það kom engin bein tillaga um þetta fram. Ég hygg að öllum í hv. félmn. hafi fundist slíkt, og mér fannst í þessu efni að málið þyrfti að athuga allmiklu betur til að gera tillögu sem þessa á þessu stigi málsins.

Ég vil þá víkja að öðru atriði sem ég hygg að hefði þurft verulega meiri athugunar við. Þar á ég við spurninguna um Brunamálastofnun ríkisins og afstöðu hennar í þessu sambandi. Það verður að segjast eins og er, að það eru óljós öll ákvæði í frv. þessu um verkaskiptingu milli Vinnueftirlits ríkisins og Brunamálastofnunar ríkisins. Þó verður ráðið af frv. að gert er ráð fyrir að a. m. k. verði hluti af þeim verkefnum, sem Brunamálastofnunin hefur núna með höndum, fluttur til Vinnueftirlits ríkisins, þar sem m. a. er gert ráð fyrir að það verði mynduð sérstök brunamáladeild innan Vinnueftirlits ríkisins. En í frv. eða grg. með því eru engar upplýsingar um hvað af verkefnum Brunamálastofnunarinnar eigi að færa til Vinnueftirlits ríkisins.

Það kann að vera að það sé töluvert mikið álitamál hvað eigi að gera í þessum efnum. Manni kemur til hugar að það, sem frekast kæmi til greina að flytja af verkefnum frá Brunamálastofnuninni til Vinnueftirlits ríkisins, sé eftirlit með notkun eldfimra efna á vinnustöðum, en það er veigamikill þáttur í eftirlitsstarfi Brunamálastofnunarinnar. Þá mundu verða eftir hjá Brunamálastofnuninni verkefni svo sem eftirlit með hönnun og gerð bygginga og yfirumsjón með slökkvistarfi.

Ég hef heyrt fleygt þeirri hugsun að það væri rétt að setja öll verkefni Brunamálastofnunarinnar undir Vinnueftirlit ríkisins. Ég fyrir mitt leyti tel að það sé ekki rétt og að meðal verkefna Brunamálastofnunarinnar séu slík störf sem eru allsendis óskyld vinnuvernd.

Það sýnist vera eðlilegt að skipta verkefnunum á milli Brunamálastofnunar ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins. En þetta er eitt af því sem hefði þurft að athuga miklu nánar en n. hafði kost á að gera.

Ég vek athygli á í þessu sambandi að n. barst í hendur álit eða skýrsla frá brunamálastjóra þar sem voru ábendingar eða tillögur um tiltekin efni sem miðuðu að því að treysta stöðu Brunamálastofnunarinnar með því að halda innan þeirrar stofnunar meiri verkefnum en brunamálastjóri taldi að frv. gerði ráð fyrir. Nefndin treysti sér ekki til að taka afstöðu til tillagna brunamálastjóra og gerði engar af hugmyndum eða tillögum hans að sínum. En það þarf ekki að segja það að n. hafi endilega verið andvíg einstökum, hvað þá öllum þeim tillögum sem þarna komu fram, heldur ber afstaða nefndarinnar vott um það hve mál þetta er margslungið og að það þurfti viðameiri og betri athugun en komið varð við.

Þá er eitt atriði sem má segja að gott hefði verið að geta athugað nánar. Þar á ég við hvernig ætti að mynda og hverjir ættu að mynda stjórn Vinnueftirlits ríkisins, þessarar nýju ríkisstofnunar. Ég vék að því áðan í sambandi við landbúnaðinn að það gæti komið til greina að veita samtökum bænda beina aðild að stjórn Vinnueftirlitsins. En fleira kemur til og m. a. spurning um hvort ætti einnig að taka tillit til fleiri aðila vinnumarkaðarins í þessu efni en frv. gerir ráð fyrir, þ. e. Alþýðusambands Íslands, sem gert er ráð fyrir samkv. frv. að tilnefni þrjá menn í stjórn Vinnueftirlitsins, Vinnuveitendasambands Íslands, sem gert er ráð fyrir að tilnefni tvo menn, og Vinnumálasambands samvinnufélaga, sem gert er ráð fyrir að tilnefni einn mann. Það er spurning um hvort hér sé ekki nauðsynlegt að kveðja til aðila eins og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, fjöldasamtök sem hafa afgerandi áhrif og hagsmuna að gæta í öllu sem varðar vinnuvernd.

Ef Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja er veitt aðild vaknar sú spurning hvort því eigi ekki að fylgja að Sambandi ísl. sveitarfélaga, samtökum sveitarfélaga í landinu, sé einnig veitt aðild að þessari stjórn. Byggist það þá á þeirri hugsun, sem skipun stjórnarinnar hvílir á samkv. frv. sjálfu, að það yrðu báðir aðilar vinnumarkaðarins, það yrðu bæði launþegar og atvinnurekendur sem eiga aðild að stjórninni. En sveitarfélögin í landinu eru náttúrlega, sem ekki þarf að taka fram, mjög þýð-

ingarmikill aðili á vinnumarkaðinum sem atvinnurekendur.

Auk þessa er á það að líta að ekki er óeðlilegt af öðrum ástæðum að sveitarfélögin hafi aðild að stjórn Vinnueftirlits ríkisins. Þetta er ekki óeðlilegt ef við höfum í huga að samkv. frv. er gert ráð fyrir að sumt af starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins í landinu, sem er á vegum sveitarfélaganna, hverfi frá þessum aðilum, til hinnar nýju stofnunar. Það hefur verið m. a. fært sem rök gegn þessum tillögum frv. að sveitarfélögin væru svipt eðlilegum áhrifum á gang þýðingarmikilla mála. En það mundi vera gengið að einhverju leyti til móts við þessi sjónarmið ef sveitarfélögin, heildarsamtök þeirra, fengju aðild að stjórn Vinnueftirlitsins.

Það er líka eitt verkefni sem stjórn Vinnueftirlitsins eða Vinnueftirlitinu er fengið í hendur, sem varðar leyfisveitingar til atvinnurekstrar, og það eru mál sem varða að sjálfsögðu sveitarfélögin í landinu hvert á sínum stað ákaflega miklu. Þannig renna ýmsar stoðir undir þá hugmynd að sveitarfélögin eða samtök þeirra fái aðild að stjórn Vinnueftirlitsins.

Ég hef hér talað um aðila vinnumarkaðarins. Í frv., sem hér liggur fyrir, er víða talað um aðila vinnumarkaðarins. Það er ekki óeðlilegt að spurt sé að því, hverjir séu þessir aðilar vinnumarkaðarins. Algengasta merkingin er sú, að það séu Alþýðusambandið annars vegar og hins vegar Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Ég hygg að í frv., þegar talað er um aðila vinnumarkaðarins, sé þetta haft í huga, enda gerir frv. sjálft ekki ráð fyrir að aðrir aðilar eigi hlutdeild að eða skipi fulltrúa í stjórn Vinnueftirlits ríkisins.

Sú spurning vaknar hvort eðlilegt sé að setja löggjöf sem varðar aðeins þessa aðila vinnumarkaðarins, og lögfesta samkomulag, sem þessir aðilar hafa gert sín á milli. Það hefur verið hreyft þeim sjónarmiðum, að það væri óeðlilegt að binda heildarlöggjöf um vinnuvernd við þessa aðila vinnumarkaðarins í þröngum skilningi. Ég hygg að þetta sjónarmið eigi rétt á sér og það er í samræmi við það sem ég tel rétt að taka inn í stjórn Vinnueftirlits ríkisins fulltrúa bæði frá BSRB og Sambandi ísl. sveitarfélaga og gæti komið til greina að taka aðila frá landbúnaðinum. En ég tel að þó að slíkt sé gert sé á engan hátt veikt það samkomulag, sem Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasamband samvinnufélaganna hafa gert í þessu efni við Alþýðusambandið, og breyti ekki í neinu því samkomulagi sem þetta frv. byggist á.

Ég er hér að tala um ýmis atriði sem hefði verið æskilegt að fengju nánari meðferð og athugun. Að lokum skal ég víkja að einu, og það er ekki síst atriðið því það varðar kostnaðinn að þeim aðgerðum sem frv. þetta felur í sér.

Það er rétt að vekja athygli á því, að í grg. frv. er ekkert að finna um þessi efni. Þar eru engar upplýsingar um þessi efni. Nefndin leitaði til fjárlaga- og hagsýslustofnunar til að freista þess hvort þaðan væri hægt að fá einhverjar hugmyndir um þessi efni. En í erindi, sem fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur sent hv. félmn., er sagt að sú stofnun sjái sér ekki fært að gefa neinar hugmyndir um þetta efni. Slíkt er að sjálfsögðu ekki gott. Þetta er eitt af þeim atriðum sem skjóta stoðum undir það viðhorf að hyggilegt hefði verið að fresta afgreiðslu þessa máls þannig að það væri borið fram á ný í haust og afgreitt fyrir áramót, þannig að það yrði ekki fyrir töfum miðað við að gildistaka laganna yrði 1. jan. næstkomandi.

Hér er um að ræða að vanda vinnubrögð í þeim tilgangi að gera allt sem fært er til að stuðla að því að með þessari löggjöf verði náð sem bestum árangri. En nú hefur það æxlast svo, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt áherslu á að ljúka þessu máli á þessu þingi. Ég geri mér grein fyrir því, að það er sjónarmið út af fyrir sig og viss rök færð fyrir þeirri afstöðu, þó að ég meti þau rök ekki jafnmikilvæg og það sjónarmið sem ég hef hér sett fram um frestun.

Ég vil svo árétta það sjónarmið, að rétt hefði verið að fresta málinu og athuga það betur með því að þann tíma hefði mátt nota til að kynna málið betur en gert hefur verið félagsmönnum aðila vinnumarkaðarins. Ég er ekki með þessum orðum að gera neitt lítið úr því sem kann að hafa verið gert í þessu efni. En mér er kunnugt að það má gera betur.

Ég bendi einnig á það, sem ég hefði átt að gera þegar ég ræddi um Brunamálastofnun ríkisins, að nú er starfandi nefnd, skipuð af félmrh. á síðasta ári, til að endurskoða lög um Brunamálastofnun ríkisins. Og það gildir sama um þá endurskoðun og það sem ég sagði um endurskoðun á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, að það hefði farið ákaflega vel á því að það hefði verið hægt að athuga öll þessi frv. sameiginlega.

Ég sagði að ríkisstj. hefði lagt áherslu á að afgreiða þetta mál. Og með tilliti til þess, hve við sjálfstæðismenn teljum þetta mál merkilegt og mikilvægt, viljum við ekki gera neina tilraun til að bregða fæti fyrir framgang þess þannig að það verði afgreitt á þessu þingi. En við höfum viljað reyna að freista þess að ná fram breytingum á frv. sem við teljum augljóst að horfi til bóta. Ég vil taka fram, að í hv. félmn. hefur verið góð samvinna um þessa viðleitni og enginn ágreiningur milli fulltrúa flokka um að reyna að gera breytingar sem menn teldu að gætu verið til bóta. Þetta kemur fram í brtt. sem fram hafa verið bornar við frv. Það eru brtt. frá félmn. á þskj. 404 og brtt. frá Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur ásamt mér á þskj. 413.

Í framhaldi af því, sem ég sagði áðan, að það hefði engin pólítísk togstreita verið innan nefndarinnar um að reyna að bæta þetta frv., vil ég skýra frá því, svo engum misskilningi valdi, að þegar n. var að ræða hugsanlegar brtt. flokkuðust saman sumar till. sem voru þess eðlis að það hafði enginn nm. neitt við neina þeirra að athuga. Það varð samkomulag um flutning þessara brtt. Það eru þær till. sem félmn. flytur á þskj. 404 og hv. frsm. n. hefur þegar skýrt. En eftir þetta hafði ég forustu um að fluttar væru tillögur varðandi þau mál sem brtt. á þskj. 413 bera mér sér. Það voru mál sem hafði verið hreyft á fundum n., en einhver aths. komið fram við. Það var gengið frá þessum tillögum nú rétt fyrir hádegið og þær eru hér í fjölrituðu formi. Ég hefði gjarnan viljað ná til fleiri nm. og freista þess að fá þá sem meðflm. að þessum tillögum. Mér er kunnugt núna að sumir nm., sem ekki eru flm. að þessum tillögum, eru fylgjandi þeim sumum og jafnvel öllum. — Þetta vildi ég að hér kæmi fram svo ekki ylli neinum misskilningi. Raunar ber þetta vott um að þessar tillögur séu harla góðar. Skal ég nú víkja nokkrum orðum að þeim.

Fyrsta tillagan á þskj. 413 er við 55. gr. frv. Í 55. gr. frv. er ákvæði um það, að m. a. af hverju sjö daga tímabili skuli starfsmenn fá a. m. k. einn vikulegan frídag sem tengist beint samfelldum daglegum hvíldartíma. Það er rætt um og kveðið svo á, að að svo miklu leyti sem því

verði við komið skuli vikulegir frídagar vera á sunnudegi og að að svo miklu leyti sem því verður við komið skuli allir þeir, sem starfa í fyrirtækjum, fá frí á þeim degi. Og þá er tekið fram að ef nauðsyn krefur megi fresta vikulegum frídegi og gefa þess í stað frí síðar. Um það eru svo nákvæmari ákvæði í greininni, með hverjum hætti þetta sé gert. En síðar í greininni segir: „Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um framkvæmd þessarar greinar.“ En þar á eftir kemur lokamálsgrein. Sú mgr. er á þessa leið: „Slíkt samkomulag aðila vinnumarkaðarins skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins, sem bannar frávik, ef stofnunin telur, að ekki séu nægar ástæður fyrir tilfærslu frídaga.“

Fyrsta brtt. á þskj. 413 er um að síðasta mgr. falli niður. Það byggist á því, að við teljum að eðlilegt sé að það fái að standa ef aðilar vinnumarkaðarins hafi komið sér saman um þessi efni og þetta geti verið mikilvægt, einkum úti um landsbyggðina, þar sem aðilar vinnumarkaðarins á staðnum eru nákunnugastir staðháttum og aðstæðum, og ef þeir hafa komið sér saman geti ekki stofnun í Reykjavík rift því samkomulagi. Þetta liggur til grundvallar þessari brtt. Ég er ekki að gefa í skyn að Vinnueftirlit ríkisins mundi leggja það í vana sinn að rifta samkomulagi sem gert er milli aðila vinnumarkaðarins, en okkur þykir engin ástæða til að það sé samt sem áður möguleiki á því.

Þá er það önnur brtt. á þskj. 413. Hún er við 73. gr. frv. um að 4. mgr. orðist svo sem þar segir. Hér er um það að ræða, að í frv. er gert ráð fyrir að ráðh. skuli skipta Vinnueftirliti ríkisins í deildir, svo sem rekstrardeild, eftirlitsdeild, fræðslu- og upplýsingadeild, brunamáladeild, atvinnusjúkdómadeild, heilsugæsludeild o. fl. Við teljum að það sé ekki rétt að slá þessu svo föstu á þessu stigi málsins. Ég skírskota í því sambandi til þess sem ég hef áður sagt um nauðsyn frekari athugunar í ýmsum efnum. Þess vegna leggjum við til að þessu ákvæði verði breytt þannig að ráðh. er heimilt að skipta stofnuninni í deildir að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Þriðja brtt. á þskj. 413 er við 74. gr. frv. Hún fjallar um **mál sem ég hef þegar** vikið að og rætt nokkuð um, **spurninguna um hvort eigi að** veita BSRB og Sambandi ísl. **sveitarfélaga aðild að** stjórn Vinnueftirlitsins. **Í samræmi við þær skoðanir, sem ég túlkaði** áðan um þetta **efni, leggjum við til að þetta verði gert. Og** þriðja brtt. á þskj. 413 **fjallar um þetta efni.**

Þá kem ég að fjórðu brtt. og hún er við 77. gr. frv. Hún er um að 4. mgr. 77. gr. falli niður. Þessi 4. mgr. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.“

Nú er samkv. þessari grein gert ráð fyrir að staðið verði undir kostnaði við Vinnueftirlit ríkisins þannig:

1) Með iðgjöldum sem reiknist af sama stofni og slysatryggingagjald og það verði greitt af atvinnurekendum.

2) Með tekjum af skrásetningar- og eftirlitsgjöldum sem gert er ráð fyrir að stofnunin hafi heimild til þess að taka.

Við, sem flytjum brtt. nr. 4 á þskj. 413, teljum að þetta eigi að nægja og að það sé óviðfelldið að það sé án takmarkana eða að forminu til hægt að leita í ríkissjóðinn ef þetta nægir ekki. Þess vegna leggjum við til að 4. mgr. 77. gr. falli niður.

Þá kem ég að fimmtu brtt. á þskj. 413. Það er brtt. við 100. gr. frv. Það er um að lögin öðlist gildi 1. jan. 1981. Hv. frsm. n. hefur þegar vikið að þessari brtt. Hann sagði að það hefði gleymst að koma þessu inn í till. n. í heild. Þar erum við allir jafnt í sök. Við gleymdum því allir. Þegar ég var að ganga frá þessum brtt. nú rétt fyrir hádegið tók ég eftir þessu og setti það að sjálfsögðu hér inn. Þetta hygg ég að hljóti að vera ágreiningslaust og þurfi ekki umræðna við.

Þá kem ég að 6. tölul. á þskj. 413. Það eru brtt. við bráðabirgðaákvæði. Það eru tvær brtt. Það er annars vegar brtt. við 3. tölul. bráðabirgðaákvæðanna, en þar er kveðið svo á að Seðlabanki Íslands skuli árlega á næstu fimm árum útvega fjármagn, 300 millj. kr. á ári miðað við verðlag 1. jan. 1979, til lánveitinga til fyrirtækja sem þurfa að framkvæma endurbætur á vinnuaðstöðu starfsfólks. Við teljum að þetta ákvæði sé mikilvægt. Það er ekki nóg að tala um að það þurfi að bæta ástandið og setja lög um það ef ekki eru gerðar ráðstafanir til að gera þeim aðilum, sem þurfa að framkvæma þetta, mögulegt að koma umbótum í verk. Með tilliti til þessa er réttilega ákvæði um þetta í frv. sjálfu. En þar er talað um 300 millj. Okkur þykir að þá sé heldur naumt skammtað. Við vitum að vísu að það eru takmörk fyrir því hvað kann að vera hægt að gera í þessu efni, en okkur blandast ekki hugur um að það sé bæði hægt og rétt að gera meira en frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna leggjum við til að þessi upphæð, 300 millj. kr., verði hækkuð í 500 millj. kr.

Ég kem þá að lokabrtt., síðari liðnum í 6. brtt. á þskj. 413, við bráðabirgðaákvæði frv. Samkv. þessari brtt. er gert ráð fyrir að það komi nýr tölul. í ákvæðum til bráðabirgða sem orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.“

Ég þarf ekki nú að færa rök fyrir þessari brtt. Ég hef allítarlega vakið athygli á því, að það hefði farið betur á því að athuga þetta mál gaumgæfilegar en gert hefur verið áður en verði gengið frá afgreiðslu þess. Í samræmi við þessa skoðun teljum við sjálfstæðismenn eðlilegt og viljum leggja á það áherslu að ekki líði langur tími þar til þessi löggjöf verði endurskoðuð. Við tökum fram í till. okkar að það líði ekki lengri tími en fimm ár, en við teljum að það væri æskilegt að það liði skemmri tími og verulega skemmri tími.

Ég hef þá, herra forseti, lokið við að lýsa brtt. á þskj. 413 og hef lokið máli mínu að öðru leyti.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það markar veruleg þáttaskil í íslenskri löggjöf og ég tel mikilvægt að Alþ. afgreiði frv. N. hefur lagt mikla vinnu í frv. og fengið umsagnir um það, og ég stóð í þeirri meiningu að það væri almenn samstaða í n. um afgreiðslu frv. og þær brtt. sem n. vildi gera. Ég vil segja í fullri hreinskilni við hinn ágæta formann n., hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, sem nú var að ljúka máli sínu, að út af fyrir sig er allt í lagi að hafa þær efasemdir um frv. sem hann lýsti að hann og hans flokksmenn hefðu, en ég skildi þó ræðu hans þannig að þeir ætluðu að greiða frv. atkv. Það kom ekki skýrt fram í ræðunni, eftir því sem ég hlustaði. Ef ekki kemur önnur skoðun fram skil ég ræðuna svo, að þeir ætli að greiða frv. atkv. Ég held að það væri einkar undarlegt ef svo verður ekki, ef horft er til þeirra brtt. sem þessir

ágætu fulltrúar Sjálfstfl. í n. flytja á þskj. 413 og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson lýsti í löngu máli, vegna þess að ég var þeirrar skoðunar að það væri ekki ágreiningur í n. um nánast neitt af því sem þessir hv. þm. Sjálfstfl. hafa hér flutt.

Þegar ég var síðast á fundi í n., áður en ég vék af þingi, með hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni stóð ég í þeirri meiningu að n. hefði öll náð samkomulagi um ýmis af þeim atriðum sem þm. Sjálfstfl. flytja hér. Ég býst við því t. d., að ég verði sammála nm. að BSRB fengi fulltrúa í stjórn Vinnueftirlitsins.

Ef ég man rétt var ég uppástungumaður um að Samband ísl. sveitarfélaga kæmi þá inn á móti. Ég skal að vísu ekki fullyrða það, en það er eins og mig minni að ég hafi stungið upp á því í nefndinni. Sama gilti um síðustu brtt. á þskj. 413, um endurskoðun málsins. Mig minnir að ég hafi fyrstur hreyft í n. þeirri hugmynd að því ákvæði yrði bætt aftan við frv. Og sama gildir um deildaskiptinguna. Það finnst mér sjálfsagt að styðja.

Mér er ekki alveg ljóst hvað liggur hér að baki hjá hinum ágætu fulltrúum Sjálfstfl. í n. Ég get þó lýst því yfir að ég er sammþykkur öllum þeim brtt., sem þeir hafa flutt, og mun greiða þeim öllum atkvæði, enda taldi ég, að n. hefði öll ætlað sér að flytja margt af þessu, síðast þegar ég fylgdist með umræðum þar. Svo hefur ekki orðið. En ef ætlunin var að taka upp sérstakar brtt. um þetta, sem gert er á þskj. 413, hefði ég kosið að n. hefði gert það öll. Það skiptir þó engu höfuðmáli, aðalatriðið er að samþykkja þetta. Ég fagna því að fulltrúar Sjálfstfl. í n. skuli hafa lagt þessar brtt. fram. Á þskj. 413 eru a. m. k. tvær eða þrjár brtt. sem ég hefði talið nauðsynlegt að flytja sjálfur, ef ekki hefðu aðrir gert það, og ætlaði að boða það við þessa umr. En þær liggja hér fyrir og ég lýsi því yfir að bæði þær brtt., sem koma frá n. allri á þskj. 404, og eins þær, sem koma frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og fleiri á þskj. 413, tel ég einsýnt að deildin eigi að samþykkja og geti þá staðið öll að því að afgreiða frv. einróma sem lög frá Alþ. Ég skildi hv. þm. Þorv. Garðar þannig, eins og ég sagði áðan, að Sjálfstfl. ætlaði þrátt fyrir efasemdir sínar að greiða frv. atkv. — ég tala nú ekki um ef allar brtt. þm. verða samþykktar.

Það er alveg rétt að hér er um mjög flókið mál að ræða og það er verið að vinna að endurskoðun annarra þátta í hliðstæðri og tengdri löggjöf. Sú endurskoðun tekur langan tíma. Ég tel að ekki þyrfti að skemma fyrir þó að þessi lög tækju fyrst gildi. Í okkar þjóðfélagi hljóta óhjákvæmilega að eiga sér stað veigamiklar breytingar varðandi framkvæmd og eðli laga á þessu sviði, og lög um þetta efni að verða sífellt í endurskoðun. Sú röksemd ein sér er þá ekki nægileg til að geyma afgreiðslu málsins. Ég held að rétt sé að hafa í huga að þetta frv. var lagt fram vorið 1979 til kynningar og hagsmunasamtök og aðrir aðilar í þessu þjóðfélagi hafa þess vegna haft u. þ. b. ár til að kynna sér málið. Það er ærinn tími. Við skulum vona að þessi hv. d. geti þannig einróma staðið að því að afgreiða frv. sem lög og það verði til þess að marka þau þáttaskil í framkvæmd vinnuverndar og öryggis og aðbúnaðar á vinnustöðum sem efni þess gefur tilefni til að ætla.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil í flestu taka undir með síðustu ræðumönnum. Það verður að segjast eins og er, að þegar ég las frv., sem hér er til umræðu, fyrst yfir og gætti að greinafjölda þess datt mér helst í hug að það hefði verið ákveðið í upphafi að hafa greinarnar hundrað og síðan hefði verið unnið samkvæmt því. En sennilega hefur það ekki verið. Þetta var fyrsta hugsun mín þegar ég barði frv. augum.

Það verður að segjast eins og er, reyndar hefur það komið fram, kom fram í máli hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, að fjárlaga- og hagsýslustofnun treystist ekki til að segja fyrir um þann kostnað sem hlytist af samþykkt þessa frv. Ég tel það vera miður. Það er nú einu sinni svo, að þegar við erum að samþykkja eitt og annað á hv. Alþ vill brenna við að við eigum erfitt með að ráða í þann kostnað sem fylgir iðulega þeim samþykktum.

Ég vil taka undir það, að nauðsynlegt er að koma á þeirri löggjöf, sem hér um ræðir, og að flestu leyti vil ég í mínum orðum skrifa undir það sem hér stendur. Hins vegar fannst mér við lestur frv. fjallað um hluti í e. t. v. of mörgum greinum. Mér finnst í upphafi frv. tíundað svo að segja hið sama hvað eftir annað. Nú er mér sagt og ég veit það raunar, að samviskusamt fólk á sæti í félmn. og það hefur farið vel ofan í saumana á þessu. Eftir því sem ég hef heyrt varð niðurstaðan sú, að erfitt væri að fella atriðin saman, þetta yrði að standa svona.

Varðandi kostnaðinn má kannske geta um samþykkt hliðstæðra laga í Noregi. Er mér tjáð að samþykkt hliðstæðrar löggjafar og hér um ræðir hafi kostað norsku vegagerðina 900 millj. norskra kr. Nú er að vísu erfitt að gera svona samanburð á milli landa, en þetta gefur óneitanlega vísbendingu um að samþykkt frv. muni leiða af sér allmikinn kostnað.

Svo er það varðandi þátt landbúnaðar að þessu frv. Ég hygg að menn hefðu gjarnan orðið að athlægi ef þeir hefðu samþykkt frv. eins og það lá fyrir með tilliti til landbúnaðar, án þess bráðabirgðaákvæðis sem hér hefur verið lagt til. Sannleikurinn er sá, að við stöndum iðulega frammi fyrir því, þegar gerðar eru hinar ýmsu breytingar og lagðar eru til hinar ýmsu reglur í þessu þjóðfélagi, að landbúnaðurinn hefur sérstöðu. Hann hefur það í þessu tilliti ekki síður en í svo mörgum öðrum.

Umsögn um þetta frv., eins og hér hefur verið sagt, barst frá Stéttarsambandi bænda. Þar hefur væntanlega verið farið yfir frv. samviskusamlega, ef ég þekki rétt. Í þessari umsögn er tekið fram að ekkert samráð hafi verið haft við Stéttarsamband bænda um gerð frv. Raunverulega var ekki haft samband, eins og hér hefur komið fram, við neinn sérstakan aðila sem slíkan eða hliðstæða aðila og Stéttarsambandið. Það hefur komið fram.

Með leyfi forseta, stendur í umsögninni:

„Í grg. er einnig sagt að samráð hafi verið haft við Búnaðarfélag Íslands. Samkvæmt upplýsingum Búnaðarfélagsins var starfsmaður þess nokkrum sinnum boðaður á fund undirnefndar til viðræðna um eftirlit með bújörðum. Annað samráð var ekki haft við Búnaðarfélagið og málið ekki sent Búnaðarþingi til umfjöllunar, sem eðlilegt hefði verið.

Stjórn Stéttarsambands bænda er vel ljóst að mikil þörf er á að auka öryggi og eftirlit við landbúnaðarstörf. Á síðustu árum hafa komið til sögunnar margs konar hættuleg efni, sem notuð eru við búvöruframleiðsluna, og fjöldi búvéla sem hættulegar geta verið ef ekki er gætt fyllsta öryggis. Lítið eftirlit er nú með þessum vélum.“

Ég vil taka undir þetta. Enn fremur stendur í umsögn Stéttarsambandsins:

„Nauðsynlegt er að slíku eftirliti verði komið á og um

það sett löggjöf. Slík löggjöf verður hins vegar ekki samin án staðgóðrar þekkingar á landbúnaðarstörfum og á hinum sérstöku staðháttum sem bústörf eru unnin við."

Eins og fram hefur komið hefur verið nokkuð naumur tími til að athuga frv. Ég hygg að ekki hafi verið nógsamlega um það fjallað í þingflokkum yfirleitt. Ég lýsi því hér yfir að a. m. k. hefur, að mér finnst, ekki verið nóg að því gert í mínum flokki.

Með tilliti til þess bráðabirgðaákvæðis, sem gerð er till. um á ákveðnu þskj., lýsi ég fylgi við frv. með öllum þeim brtt. sem fram hafa komið. Ég vil geta þess og taka undir með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að mér hefði þótt eðlilegra að n. hefði tekið til sérstakrar umfjöllunar allar brtt. Mér finnst það eðlilegri gangur þegar við erum að fjalla um lagasetningu sem allir eru raunverulega sammála um. Mér finnst nokkru máli skipta að nefndir skrifi undir sameiginlegt álit og flytji sameiginlega brtt. þegar að því er að gá að það hefur ekki komið fram neinn meiningarmunur í sjálfu sér.

Það vill svo til að því er mig varðar, að við upphaflegan lestur á þessu frv. var ég einmitt búinn að krossa við ýmislegt af því sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson flutti áðan brtt. um. Ég skal ekki um það segja, en ég hygg að betur athuguðu máli að óþarfi sé að athuga málið í þingflokkum frekar. Ég var með þá hugsun áðan að e. t. v. þyrftu menn að ræða það í sínum hópi, en ég er kominn á þá skoðun núna að slíks sé ekki þörf. Ég ætla að vona að samþykkt þessa frv. leiði gott af sér.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það er fagnaðarefni að frv. þetta um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skuli vera komið úr nefnd, en nefndin sem hafði með það að gera, hefur unnið mjög mikið í því, borist fjöldi umsagna og hefur verið reynt að skoða frv. eins og tök hafa verið á.

Frv. tekur til hundrað greina og var samið af nefnd sem félmrh. skipaði á sínum tíma og skipuð var aðilum vinnumarkaðarins, fulltrúa rn. o. fl. Það er mitt mat að nefndin hafi unnið mjög gott starf.

Samstöðunnar vegna er ég aðili að því áliti sem félmn. gaf út. Ég hélt, þegar við vorum að vinna að brtt., að alger samstaða væri um þessar breytingar og það hefði verið samstaða um það einnig að láta annað kyrrt liggja. Því fór fyrir mér eins og Ólafur Ragnar Grímsson kvað um sig, að ég kom ekki með aðrar brtt. Ég hefði þó getað fallist á að hækka framlagið sem getið er um í bráðabirgðaákvæðunum. Ég tel að þær till., sem hafa komið fram frá fulltrúum Sjálfstfl. í n., breyti sáralitlu, og tel ég því ástæðulaust að amast við þeim, það sé í lagi að samþ. þær.

Það hefur verið farið mörgum orðum um þetta frv. og rætt um að lítið samband hafi verið haft við bændur. Reyndar segir í áliti eða umsögn Stéttarsambands bænda að ekkert samráð hafi verið haft við það. Þeir, sem voru í nefndinni, töldu sig hafa samband við fulltrúa bænda, höfðu samband við Búnaðarfélagið, og komu þeir tvisvar til fundar hjá nefndinni. Rætt var við þá um þau atriði er lutu að landbúnaði. Við töldum, sem vorum í nefndinni, að það hefði verið farið eftir þeim ábendingum sem þá komu fram. Það var og haft samráð og samstarf við fjölmarga aðra sem málið snerti. Við töldum að það hefði í öllum tilvikum eða langflestum verið reynt að haga málum þannig að menn gætu við unað. — Seinna, þegar nefndarstörfum var að ljúka í þeirri nefnd er undirbjó frv., kom fram sérálit frá fulltrúa Heilbrigðiseftirlits ríkisins og voru allir aðrir nm. á því að ekki bæri að taka tillit til þess. Heilbrigðisnefndir víða um landið hafa ekki gegnt því hlutverki að vera eftirlitsaðili hvað varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Því taldi nefndin eðlilegt að ganga fram hjá áliti Heilbrigðiseftirlitsins.

Það kom fram áðan hjá einum ræðumanna að ástæða væri til að fresta frv. Ég tel að þá fari mjög miður, vegna þess að hér er um samkomulag að ræða milli aðila vinnumarkaðarins. Ég tel að það sé nauðsynlegt að frv. verði afgreitt einmitt nú næstu daga. Tel ég að ef það verður gert komi það til með að greiða fyrir þeirri samningagerð sem verkalýðsfélögin nú standa í.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið að sinni, en eins og ég sagði í upphafi var alger samstaða meðal manna um frv. og ég vona að svo verði á seinni stigum málsins. Ég lýsi yfir samþykki mínu við þær brtt. sem fram hafa komið. Ég er ekki alveg dús við þær allar, en tel ástæðulaust annað en að samþ. þær til þess að við getum haldið fullri samstöðu um þetta mál.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu og hef ekki ástæðu til að ræða miklu frekar um þetta mál. Ég vil þó aðeins víkja að því sem kom fram hjá Ólafi Ragnari Grímssyni, hv. 11. þm. Reykv., og hv. 3. landsk. þm. Það kom fram í máli þeirra að þeir hefðu ekki búist við brtt. þeim sem ég ásamt samflokksmönnum mínum hef flutt. Þeir töluðu eins og það hefði verið gert ráð fyrir að ekki gætu komið neinar till. nema þær sem höfðu verið afgreiddar í n. Ég ætla ekki að fara að fjölyrða um þetta. Og ég ætla ekki að fara að afsaka neitt í þessu efni ef þessir hv. þm., telja að ég og mínir félagar hafi tekið eitthvað ófrjálsri hendi með því að bera fram þessar till. En það kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv. að hann hefði átt hugmyndir sem hefðu komið fram í þessum till. Ég ætla ekkert að fara hér að deila um hver á fyrst hugmyndir í þessu efni. En ég lagði áherslu á það í frumræðu minni að það hefði engin togstreita verið milli flokka í n. um þetta mál. Það, sem ákveðið var við afgreiðslu málsins í félmn., var að n. bæri fram till. í heild sem fram hefðu komið og engin aths. hefði verið við í n., en það væri hverjum og einum nm. að sjálfsögðu frjálst að bera fram aðrar till. Eftir þessu hefur verið farið.

Það er kannske rétt að geta þess hér, að þó að ég sé formaður þessarar hv. n. var ég ekki formaður n. þegar þessi afgreiðsla fór fram vegna þess að þá var varamaður minn inni á þingi. Þetta starf n. var síðasta spölinn undir ágætri forustu hv. 5. þm. Norðurl. e., þó ég sæti þá nefndarfundi sem áheyrandi með tillögurétti.

Ég fagna því, sem hér hefur komið fram, bæði hjá hv. 11. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. þm., að það má vænta þess að þeir — og þeir lýstu því reyndar yfir — muni styðja brtt. okkar þremenninganna.

Ég skal svo aðeins víkja að því, sem hv. 11. þm. Reykv. spurði mig um, hvort ég ætlaði að greiða atkv. með þessu frv. Hann lét orð falla á þá leið, að ég hefði talað á þann veg að það mætti helst ætla að ég ætlaði að standa á móti og greiða atkv. gegn þessu frv. Ég verð að segja að mig furðar á þessu vegna þess að meginhlutinn í ræðu minni var eiginlega óður til þessa máls, þar sem ég var að lýsa því á marga vegu, hve þýðingarmikið og mikilvægt það væri, og talaði oft í nafni okkar sjálfstæðismanna. Og

fulltrúar sjálfstæðismanna í hv. félmn. skrifuðu undir nál. þar sem lagt er til að frv. verði samþ. Þessi misskilningur er því furðulegur.

Allt eru þetta smáatriði og hefði naumast verið ástæða til að standa hér upp og leiðrétta þetta. Og ekki er ástæða til að ítreka neitt af því sem ég sagði í minni fyrri ræðu. Það hefur ekki verið deilt á það efnislega eða því mótmælt.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Í framsögu minni fyrir nál. fyrr í þessum umr. fjallaði ég ekki um þær brtt. sem fram koma á þskj. 413, vegna þess að þá var ekki búið að gera grein fyrir þeim. En ég vil taka það fram í sambandi við það sem síðar hefur komið fram í umr., að n. varð sammála um að leggja fram þær brtt. sem ég gerði þá grein fyrir. Jafnframt áskildu einstakir nm. sér rétt til að flytja eða fylgja sérstökum brtt. sem fram kynnu að koma. Nú er það svo með allar brtt., sem eru á þskj. 413, að það var mikið um þær rætt í n. Við ræddum aftur og fram þar um allar þessar till. Ég held að segja megi að það hafi ekki verið beinn ágreiningur um þessi mál. En þó vildu menn ekki á nefndarfundunum tjá sig alfarið um að þeir væru allir sammála um þetta. Þess vegna tók n. þetta ekki upp í brtt. sem hún stóð öll að. Ég get hins vegar lýst því yfir fyrir mitt leyti, að mér sýnist við skoðun, og ég hef velt þessu mikið fyrir mér yfir helgina og síðustu daga, að ég geti einnig stutt þær brtt. sem hér eru fluttar af Þorv. Garðari Kristjánssyni o. fl.

Þar er t. d. fyrsta brtt. um að stjórn Vinnueftirlits ríkisins geti ekki rift samkomulagi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa náð sín á milli. Mér finnst það eðlilegt. Og við ræddum einmitt mikið að stjórn Vinnueftirlitsins ætti ekki að geta rift því samkomulagi. Ég fellst þess vegna á fyrstu brtt.

Aðra brtt., þar sem talað er um að ráðh. sé heimilt að skipta stofnuninni í deildir, finnst mér í sjálfu sér allt í lagi líka að fallast á, þó ég hefði hins vegar getað sætt mig við fyrirkomulagið eins og það var í frv.

Þá er þriðja brtt. Það atriði ræddum við einmitt mjög mikið, þ. e. um stjórnunina á stofnuninni og hvort bæta skyldi inn fulltrúum frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og til jöfnunar fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Við í n. töldum, þegar við vorum að ræða þetta mál síðast, að það væri réttast að halda sig við frv. eins og það var. En þó var ekki bein andstaða gegn því í nefndarstörfunum að fallast á að þarna kæmu þessir aðilar inn. Ég gerði þó grein fyrir því áðan, að við hefðum verið svolítið viðkvæmir fyrir því að breyta mikið eða gera róttækar breytingar vegna sambandsins milli þessa lagafrv. og kjarasamninga. Ég tel þó að allir hafi verið nokkurn veginn sammála um þetta og mundu þess vegna geta fallist á það líka.

Um fjórðu brtt. urðu að vísu nokkrar vangaveltur, varðandi það, að það, sem vanti á greiðsluáætlun Vinnueftirlits ríkisins, greiðist úr ríkissjóði. Ég held að við munum samt sætta okkur við að styðja þessa brtt. eins og hún liggur hér fyrir.

Fimmti liðurinn er um gildistökuna, sem ég gerði grein fyrir í dag. Og sjötti liðurinn er við bráðabirgðaákvæði. Það gæti ég líka mjög vel fallist á að samþ. Mér sýnist því að ég gæti staðið að þessum brtt. öllum.

Ég vildi gera grein fyrir þessu, þar sem ég ræddi ekki um þessar brtt. fyrr í dag.

Karl Steinar Guðnason: Eins og ég sagði áðan er ég samþykkur þeim brtt. sem komið hafa fram, en ég tel að við þurfum að athuga mjög gaumgæfilega ef við fellum niður síðasta málslið 77. gr., þar sem segir:

„Það, sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.“

Ef við fellum þetta niður verðum við að gera það með það í huga að Vinnueftirlit ríkisins verði ekki sett í fjárhagslegt svelti og þessi lög verði um leið gerð að markleysu, en vissulega er hætta á því ef stofnunin fær ekki nægan tekjustofna. Ég tel að með samþykkt þessa frv. sé verið að taka þátt í byltingu á sviði þessara mála og þess þurfi að gæta að í komandi fjárlögum, næstu fjárlögum, verði stofnuninni séð fyrir fjármagni er nægi til að sinna þeim verkefnum sem um er að ræða.

Það kom fram áðan og hefur víða komið fram í umr. um frv., að hér sé verið að stofna til mikils bákns, hér sé um að ræða mikla útþenslu á ríkisapparatinu. Ég tel að það sé hinn mesti misskilningur, því að það, sem hér er fjallað um, er til víða í kerfinu. Einhver aukning verður, en það er hert á öllum atriðum og starfsemin gerð virkari með því að miðstýra núverandi starfsemi.

Ég endurtek, að ég vona að við næstu fjárlagagerð verði séð fyrir því að niðurfelling á þessu ákvæði verði ekki til að draga úr gildi stofnunarinnar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því sem hv. 3. landsk. þm. sagði um þá brtt. að fella niður 4. mgr. 77. gr., þ. e. þar sem kveðið er á að það greiðist úr ríkissjóði sem kann að vanta á að tekjustofnar nægi til að mæta útgjöldum Vinnueftirlits ríkisins.

Ég vildi láta það koma hér fram, að ég hef sérstaklega kynnt mér þetta mál. Mér er tjáð að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir að þetta væri einungis til vara og nánast tekið til fyrirmyndar hliðstætt ákvæði sem er í lögum um Brunamálastofnun ríkisins og hefur víst ekki verið notað. Þannig sé öryggi stofnunarinnar tryggt með því að það sé greitt iðgjald af sama stofni og slysatryggingaiðgjaldið er greitt af. Hlutfall þessa iðgjalds á ekki að ákveða í eitt skipti fyrir öll, heldur á hverju ári. Þannig er trygging fyrir því að á hverju ári sé gert ráð fyrir að þessi tekjustofn nægi. Hlutfallið hlýtur á hverju ári að vera við það miðað. Ef það kynni eitthvað að bera út af, þannig að það væru umframgreiðslur eitt árið, er hægur vandi að gera við því næsta ár þegar þetta hlutfall er ákveðið og hafa það þá ívið hærra til að mæta því sem skort hefur á á fyrra ári.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hér er um að ræða ákaflega mikilvægt þjóðmál, þar sem er aðbúnaður og öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Núgildandi lög um það efni eru frá 1952. Þau lög mörkuðu spor í sambandi við þróun þessara mála. Ég var kunnugur því frv. og þeim lögum, þar sem ég stóð að flutningi frv. og fjallaði um það í þinginu. Frá því eru nú liðin nærri 30 ár og eðlilegt að þörf hafi orðið á margvíslegum breytingum og umbótum í þessu efni.

Í kjarasamningum 1977 var eindregið farið fram á það af hálfu Alþýðusambands Íslands að nú yrði gerð gangskör að endurskoðun hinna gömlu laga og sett ný lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það frv., sem hér liggur fyrir, er árangur af starfi nefndar — sem ég skipaði sem félmrh. 14. sept. 1977. Í samræmi við

samkomulagið í kjarasamningunum 1977 voru tilnefndir þrír menn af hálfu alþýðusamtakanna, tveir menn af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands og einn af hálfu Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Auk þeirra voru svo skipaðir af félmrh. í nefndina Friðgeir Grímsson öryggismálastjóri og forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins, Hrafn Friðriksson, en formaður nefndarinnar var skipaður ráðuneytisstjórinn í félmrn., Hallgrímur Dalberg. Nefndin réð sér starfsmann, Örn Bjarnason skólayfirlækni. Ég tel ástæðu til að þakka nefndinni og starfsmönnum hennar fyrir mjög vel unnið starf í þessu efni og þá alveg sérstaklega formanni nefndarinnar, Hallgrími Dalberg, sem stýrði þessu verki.

Ég held að það sé mikilvægt og raunar beinlínis þjóðarnauðsyn að fá þessi nýju lög samþ., því að það er ljóst að víða er ýmsu ábótavant um öryggi á vinnustöðum, hollustuhætti og aðbúnað.

Í nál. hv. félmn. kemur fram að nokkrir nm. skrifa undir með fyrirvara. Ég skil það svo, að þar sem þessir þrír hv. þm. flytja brtt. á þskj. 413, þá komi þar fram fyrirvari þeirra og að samþykktum þeim till. muni þeir fylgja frv. Mér líst svo til að brtt. á þskj. 404 frá félmn. í heild og á þskj. 413 frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur, séu flestar til bóta eða þannig a. m. k. að það megi vel við una. Ég vil því mæla með því, að frv. verði samþ. ásamt brtt. á þessum tveim þskj., og vænti þess, að þannig verði full samstaða um þetta merka mál í þessari hv. deild.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Það má segja að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hafi gert mjög ítarlega grein fyrir afstöðu okkar sjálfstæðismanna til þessa merka lagafrv., sem ég efast ekkert um að á eftir að hafa mjög mikil áhrif á vinnumarkaðinum og í atvinnuvegum landsmanna. Ég vildi þó gera grein fyrir því, að sá fyrirvari, sem við eða a. m. k. ég setti, var vegna þess að ég taldi að frv. hefði í sjálfu sér ekki fengið eins mikla umfjöllun og við hefðum gjarnan viljað að yrði. Við hefðum viljað hafa lengri tíma til að fjalla um þetta frv., því ég tel að málið sé svo mikils virði fyrir atvinnulífið í landinu að þarna megi ekki mistök verða, og því m. a. flytjum við þá till. að þessi lög yrðu endurskoðuð í síðasta lagi eftir fimm ár.

Það gerir ekkert til þó það komi fram, að við höfum ýmsar efasemdir um sum ákvæði þessa frv. Við vitum hvernig bændasamtökin hafa tekið þessu. Það eru ýmis ákvæði t. d. í X. og XI. kafla þessa frv. sem ég efast ekkert um að verða erfið t. d. sjávarútvegi í framkvæmd. Við skulum horfast í augu við það eins og það er. En náttúrlega fær þessi atvinnuvegur nokkurn tíma til að átta sig. Ég efast t. d. ekkert um að mörg fyrirtæki í sjávarútvegi úti á landi, þar sem fámennt er og lítil fyrirtæki eru, koma til með að eiga erfitt með að skila verkefni sínu á svo stuttum tíma þegar þessi breyting verður, sem þarna er gerð, og ég býst við að það verði svo víðar. Það vill nú oft verða, að við Íslendingar viljum gjarnan vera annað en okkar samfélag býður í sjálfu sér. Okkar samfélag er náttúrlega veiðimannasamfélag miklu fremur en iðnaðarsamfélag og menn verða að taka tillit til þess í flestum tilvikum.

Fyrirvari okkar var fyrst og fremst sá, að við hefðum gjarnan viljað fá lengri tíma til að fjalla um þetta. Við hefðum líka gjarnan viljað sjá nokkra áætlun gerða um hvernig þessi stofnun yrði úr garði gerð, þannig að hægt yrði að gera kostnaðaráætlun um hana og vita hver kostnaður yrði af henni áður en málið yrði fullfrágengið. Því miður gefst ekki tími til þess, svo að við munum standa heils hugar að því að samþykkja frv. sem lög. En við hefðum sem sagt gjarnan viljað hafa lengri tíma til að fjalla um það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 404,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
7.—49. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 404,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
50. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
51.—54. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 413,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
56.—72. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 404,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 413,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
73. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt., 413,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
74. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
75.—76. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 413,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
77. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 404,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
78. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
79.—99. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 413,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
100. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. 1—2 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 404,5 (nýr liður í ákv. til brb., verður 3. liður) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 413,6.a samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. 3 (verður 4. liður), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 413,6.b (nýr liður í ákv. til brb., verður 5. liður) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 31, n. 415, 416). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 63 frá 29. mars 1961. N. fékk umsagnir um þetta mál frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem hún flytur á sérstöku þskj., þskj. 416, og eru það till. sem byggðar eru á tillögum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandinu, en þær fjalla annars vegar um að herða á ábyrgð skipstjórnarmanna að fylgja lögunum um lögskráningu og hins vegar að kveða stíft á um að

stéttarsamtökum sjómanna sé heimill aðgangur að gögnum um lögskráningu.

Á fund nefndarinnar kom enn fremur Hjörtur Magnússon fulltrúi hjá tollstjóra, sem annast lögskráningu fyrir hönd tollstjóraembættisins hér í Reykjavík. Hann lagði fram þau tilmæli við nefndina að breytt yrði um innheimtu á gjöldum til Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem lögskráningarstjórum er skylt að innheimta áður en lögskráning fer fram, á þann veg að innheimta þeirra yrði eins og á öðrum sambærilegum gjöldum. Það er í samræmi við breytingu sem gerð var árið 1978, en síðan hafa slysa- og lífeyristryggingaiðgjöld verið innheimt á þann hátt, og slíkt mundi vera mikil einföldun. Enn fremur gæti það komið í veg fyrir að menn hliðruðu sér hjá að láta lögskrá sig vegna þess að þessi gjöld þyrfti að greiða fyrir fram.

Nefndin athugaði þetta mál nokkuð og eru menn sammála um að rétt sé að stefna að því að breyta lögunum á þennan hátt, þar sem það mundi verða til einföldunar. Hins vegar kom fram við þá athugun að æskilegt væri að gera e. t. v. meiri breytingar, þ. e. að í stað þess að nú eru iðgjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs miðuð við vinnuvikur mundi það vera mikil einföldun ef þau yrðu miðuð við laun á sama hátt og nú tíðkast yfirleitt. Slík breyting er svo viðamikil að n. taldi ekki fært að hnýta hana við þetta frv. að þessu sinni, en vill leggja áherslu á að þetta mál verði tekið til athugunar, þar sem þeir, sem um þessi mál fjalla, telja tvímælalaust að þarna gæti verið um einföldun og sparnað að ræða. Ættu allir að vera sammála um að að slíku beri að vinna ef ekki fylgja því allt of miklir annmarkar.

En n. leggur til að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem hún leggur fram á þskj. 416.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 416,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 416,2 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 76. fundur.

Mánudaginn 5. maí, að loknum 75. fundi.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 424). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Öryggi á vinnustöðum, frv. (þskj. 426 (sbr. 18)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 69. fundur.

Mánudaginn 5. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sigurgeir Bóasson skrifstofustjóri í Bolungarvík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Steingrímur Hermannsson,
2. þm. Vestf."

Þegar hefur farið fram rannsókn kjörbréfs Sigurgeirs Bóassonar og þarf ekki að taka það aftur til skoðunar. Býð ég hann velkominn til starfa.

Viðskiptafræðingar og hagfræðingar, frv. (þskj. 390). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er nú til 1. umr., fjallar um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Þetta mál hefur verið alllengi á döfinni og það hefur verið borið upp við fyrirrennara mína í embætti menntmrh. að undanförnu og hefur verið til athugunar hjá þeim og í rn. Þær urðu lyktir, að ég tók að mér að flytja þetta frv. fyrir orð Félags viðskipta- og hagfræðinga. Það er eðlilegt að viðskiptafræðingar og hagfræðingar fái löggildinu á stöðuheitum sínum eins og margar aðrar stéttir háskólamenntaðra sérfræðinga og annarra sem sérfræðingar eru, og að því leyti til taldi ég rétt að verða við þeirri beiðni að bera þetta mál upp.

Frv. er þannig úr garði gert, að það er mjög svipað að allri gerð og efni og reyndin er um lög, sem fjalla um svipað efni, varðandi aðrar stéttir sérfræðinga. Þarf það ekki að því leyti til sérstakrar útskýringar við. Þó má sjálfsagt um það deila hvort rétt sé að fela stéttunum sjálfum eins mikið vald og reyndar felst í orðalagi 2. gr., en ég vil taka það fram, að þetta er í samræmi við það orðalag og það efni gildir t. d. um verkfræðinga, tæknifræðinga og arkitekta. Að því leyti til sá ég ekki ástæðu til

að bregða út af því að flytja frv. í þessu formi. Hins vegar vænti ég þess, að menntmn. taki þetta mál til skoðunar og kanni það frá öllum hliðum áður en það verður gert að lögum. Ég tel ekkert óeðlilegt þó að hið mikla vald, sem þarna er fengið stéttarsamtökum viðskiptafræðinga og hagfræðinga, verði rætt í n. og það verði borið saman við það sem gerist hjá öðrum stéttum.

Að öðru leyti skal ég ekki hafa um þetta fleiri orð, herra forseti. Frv. er flutt samkv. ósk Félags viðskipta- og hagfræðinga. Það hefur verið til athugunar í rn. alllengi og ég held að það hafi verið rétt að flytja þetta mál, enda eðlilegt að þessir sérfræðingar fái sinn rétt eins og fleiri sérfræðingar hafa fengið áður.

Að lokinni þessari umr., herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Á undanförnum árum hefur að mínu mati verið gengið of langt í að veita hinum og þessum stéttum og starfshópum sérréttindi og allt að því einokunaraðstöðu á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins. Þetta býður upp á misnotkun, t. d. í sambandi við launakröfur hátekjumanna og getur útilokað ágætlega færa menn er hafa stundað það starf sem þeir hafa menntun og eða reynslu til ef viðkomandi stéttarfélagi eða starfshópi býður svo við að horfa.

Í því tilviki, sem hér er á dagskrá, er að vísu aðeins um að ræða rétt til ákveðinna starfsheita. Eigi að síður finnst mér það nokkuð hvimleitt að gert er ráð fyrir að ákveðið stéttarfélag, ef við megum kalla það svo, hafi í reynd algert eindæmi í þessum málum. Ég tel að æskilegra sé að einhver, t. d. ráðh., hafi meiri möguleika til úrskurðar í ágreiningsatriðum en frv. gerir ráð fyrir. T. d. sting ég upp á að í stað orðanna „Að fengnum meðmælum Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga“ í 2. mgr. 2. gr. komi: að fenginni umsögn o. s. frv.

Þessum orðum mínum er alls ekki beint sérstaklega gegn því félagi sem hér á í hlut, síður en svo. Þau er almennt viðhorf mitt til veitingar sérréttinda og allt að því einokunaraðstöðu einstakra starfshópa.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. menntmrh. hefur þetta mál verið á döfinni árum saman.

Það mun vera svo, að það er orðin nokkuð viðtekin venja í málinu að orðið „viðskiptafræðingur“ standi fyrir þá einstaklinga sem lokið hafa prófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands, en „hagfræðingur“ standi hins vegar fyrir þá einstaklinga sem lokið hafa hliðstæðu námi, en við háskóla erlendis. Er að því nokkurt hagræði að svo skuli vera greint á milli. Hins vegar hefur það valdið nokkrum vandræðum þegar við ræðum þessa málnotkun, hvernig eigi að titla þá sem lokið hafa prófi í viðskiptafræði hér, en síðan farið til framhaldsnáms erlendis og t. d. lokið þar magistersprófum. Þar sem slíkt hefur færst í vöxt, sem er vitaskuld af hinu góða, hefur nokkur ruglingur komist að varðandi þessar nafngiftir.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, að það felast mjög ákveðnar hættur í því að þarna sé einokunarréttur of stífur. Fljótt á litið hallast ég að þeirri breytingu, sem hann talaði fyrir, að það sé ekki talað um „meðmæli“, heldur talað um „umsögn“, en í því felst nokkur blæbrigðamunur. Ég hygg að hér sé verið að benda á blæbrigðamun og sýnist sem sagt í fljótu bragði að hér gæti verið um skynsamlega breytingu að ræða.

Eins vil ég gera aths. við annað í þessu frv. eins og það er lagt fyrir, þ. e. við 1. gr. þess. Þar er sagt að þeir, sem hafi lokið prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands, þurfi ekki leyfi ráðh., en um það leyfi er nánar fjallað í fyrri hluta þessarar greinar. Hér sýnist mér vera um nokkurt misræmi að ræða, því að mér sýnist að nákvæmlega það sama ætti að gilda um þá sem lokið hafa hagfræðiprófi, þ. e. B.A.-námi í hagfræði við viðurkennda erlenda háskóla eða magistersprófi, eftir því hvað við leggjum að jöfnu við hliðstæð próf hér heima. Mér finnst að viðskiptafræðideildin hér eigi ekki að hafa þau forréttindi sem hér er verið að leggja til. Ef viðskiptafræðingar hér heima þurfa ekki slíkt leyfi ráðh. eiga auðvitað ekki heldur þeir, sem lokið hafa prófi úr viðurkenndum háskólum erlendis, að þurfa sérstaklega að sækja um slíkt leyfi.

Það er út af fyrir sig ákaflega skiljanlegt að starfshópar vilji vernda starfsheiti sitt, en engu að síður er rétt að vara við því að slíkri vernd geta fylgt tilteknar einokunarhættur. Í 3. gr. þessa frv. er reynt að mæta þessari hættu með því að ráðh. skeri úr ágreiningi. Þessi grein virðist þó ganga nokkuð á 2. gr. frv. vegna þess að þar er talað um „meðmæli“ Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

Hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir því að þetta mál yrði skoðað vandlega í n. Hér er um ákaflega viðkvæmt mál að ræða og það verður vitaskuld gert, en ég taldi rétt að þessar aths. kæmu fram.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þær aths., sem gerðar hafa verið við frv., eiga rétt á sér, eins og ég held að hafi komið fram í ræðu minni áðan. Ég tel að það sé engan veginn gefið að rétt sé að afgreiða lögin svo, eins og þau eru lögð fram í frumvarpsformi, þó að ég hafi eigi að síður lagt þau fram í þessu formi og með þessu efni sem er og þá miðað við lög sem gilda um svipað efni, þó um aðrar starfsstéttir sé að ræða.

Ég get vel fallist á það og hef sjálfur komið auga á að sá réttur, sem Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga er gefinn í 2. gr., er vissulega mikill og sjálfsagt að athuga betur hvort ástæða sé til að minnka hann eitthvað, draga eitthvað úr honum. Hitt er annað mál, að það er líka dálítið viðurhlutamikið að gefa þessum félagsskap minni rétt en t. d. félögum verkfræðinga, tæknifræðinga og arkitekta, sem vissulega hafa þennan mikla rétt nú þegar. Ég held því að það sé ástæða til þess, jafnvel þó að málið sé sýnt núna, að það sé athugað vel og frá ýmsum hliðum, og að því leyti til get ég vel tekið undir ýmsar þær aths. sem fram komu í ræðum þeirra sem töluðu á eftir framsöguræðu minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 391). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breytingu á lögum um vélstjóranám, nr. 67/1966, og felur það í sér að þeir, sem lokið hafa fyllsta námi frá Vélskóla Íslands á hverjum tíma og hafa að auki lokið sveinsprófi í vélvirkjun eða annarri málmiðnaðargrein, fái rétt til þess að kalla sig starfsheitinu vélfræðingur.

Þessari beiðni var beint til mín af hálfu Vélstjórafélags Íslands og á það bent að orðið „vélstjóri" nái yfir mjög stórt svið og gefi ekki rétt til kynna hvaða námi þeir hafa lokið sem nefnast þessu starfsheiti. Tillaga þeirra var sú í Vélstjórafélaginu, að þeir, sem lengst og fyllst nám hafa úr Vélskólanum, verði nefndir vélfræðingur. Ég hef talið að það sé ekki óeðlilegt að þessi munur sé gerður á og þeir fái að nefna sig vélfræðinga sem hafa lokið því langa og stranga námi sem fullt nám í Vélskóla Íslands er. Vélfræðingur var notað um vissa tegund tæknimenntaðra manna, hygg ég, um nokkurt árabil, en hefur nú alveg dottið úr málinu og að því leyti til tel ég ekki óeðlilegt þó að þetta orð sé notað um þá sem lokið hafa fyllsta námi frá Vélskólanum og eru auk þess með sveinspróf í vélvirkjun eða annarri málmiðnaðargrein, eins og segir í 1. gr. þessa frv.

Það gildir eins um þetta frv. og það sem ég var að mæla fyrir áðan, að það er eðlilegt að það verði skoðað vel og þm. fái aðstöðu til að átta sig á því. Ég rek ekki svo á eftir því að það verði að lögum á þessu vori, heldur sé það lagt fram til kynningar.

Ég legg til, herra forseti, að þegar þessari umr. er lokið verði málinu vísað til 2. umr. og til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, frv. (þskj. 392). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum, en það fjallar um nokkrar tilteknar breytingar á lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Eins og menn þekkja voru lög um Kennaraháskólann samþykkt hér fyrir um það bil 9 árum. Þeim hefur, að ég held, í engu verið breytt frá því að þau voru samþ. hér vorið 1971. Hins vegar gerðu lögin sjálf ráð fyrir að þau yrðu endurskoðuð tveimur árum eftir að þau tóku gildi og menntmrh. þáv., sem fór með menntamál árið 1973, mun hafa skipað nefnd til þess að annast endurskoðun á þessum lögum. Sú nefnd skilaði áliti í júnímánuði 1976 og síðan var frv., sem nefndin hafði samið, lagt fyrir Alþ. bæði 1976 og aftur 1977—1978, en það hefur ekki hlotið neina afgreiðslu.

Nú telja forráðamenn Kennaraháskólans, rektor og skólastjórn, að það sé mjög brýnt að breyta vissum atriðum, þó í smáu sé og án þess að þeir hafi gert kröfu til þess að það viðamikla breytingafrv., sem endurskoðunarnefndin lagði fram, yrði lagt fram á þessu þingi. Ég hef fallist á það fyrir áeggjan rektors Kennaraháskólans að flytja þetta frv. og kynna þessar breytingar fyrir hv. Alþingi.

Það er óhætt að segja að þessar breytingar eru yfirleitt ekki veigamiklar, en þær eiga það sameiginlegt, að þær eru yfirleitt til samræmingar við aðra löggjöf sem komið hefur á þeim tæpu 10 árum sem lögin um Kennaraháskólann hafa staðið. Þetta er sem sagt mest að leiðrétta og samræma Kennaraháskólalögin gildandi löggjöf sem síðar hefur komið fram, eins og t. d. lögum um embættisgengi kennara og reyndar einnig lögum um Háskóla Íslands, að nokkru leyti.

Ég held að það sé ekki þörf á því að fara mjög ítarlega út í þessar breytingar. Ég vænti þess að menntmn., sem trúlega fær málið til athugunar, fari yfir það, kynni sér það og kveðji rektor Kennaraháskólans til umræðna um þessar breytingar. Ég legg að vísu á það nokkra áherslu að málið fái framgang á þessu þingi, en það verður þó að ráðast hvernig til tekst um það. Þó ætti það að geta tekist ef vel er að unnið í n. og ef menn setja sig inn í þessar breytingar.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til 2. umr. og menntmn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands séu stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því og menntmrn. fellst á það. — Þetta er tilvísun beint í frv.

Nú vaknar sú spurning og mig langar til að bera þá spurningu fyrir hæstv. menntmrh.: Hefur þetta verið svo? Og ef það hefur verið svo, þá í annan stað: Er eðlilegt að skólastjórn hafi þetta feikilega vald að meta hvort annað nám, sem svo er hér kallað, standi jafnfætis stúdentsprófi? Nú vitum við að það geta risið ákaflega viðkvæm deilumál sem snerta t. d. fólk sem af alls konar félagslegum ástæðum er t. d. menntað erlendis og kemur síðan og vill sækja um upptöku í þennan skóla. Jafnframt vitum við að skólastjórnir geta haft tilhneigingu til þess að vera mjög íhaldssamar í þessu mati sínu og vilja með þeim hætti auðvitað gera veg síns skóla sem mestan, en slíkur vegsauki getur hins vegar verið misskilinn og beinlínis valdið vandræðum. Mér sýnist þess vegna í fljótu bragði að það sé ekki aðeins óþarfi, heldur geti það jafnvel valdið skaða að færa skólastjórn þetta vald og ætti að vera nóg að hafa þetta vald hjá menntmrn. þannig að inntökuskilyrði séu stúdentspróf eða próf sem menntmrn. meti jafngilt þessu prófi. Hér vitum við að á takast tvö sjónarmið. Annars vegar er svokallað sjálfstæðissjónarmið skólans, en slíkt sjálfstæðissjónarmið getur endað í mjög óbilgjörnu félagslegu ranglæti. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. menntmrh.: Er þetta nýmæli? Og í annan stað, hvort hann geti ekki fallist á það með mér að hér geti verið um að ræða óeðlilegt vald skólastjórnar viðkomandi skóla.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Því miður hef ég ekki lögin við höndina, en ég held að þetta, sem hv. þm. var að gera aths. við, sé óbreytt frá því sem verið hefur. Eins og segir í aths. við 1. gr. er lagt til að 1. tölul. 4. gr. standi óbreyttur, og ég held að mér sé óhætt að segja að 1. tölul. sé svona orðaður nú. Þetta er mjög í samræmi við það sem er í háskólalögum. Ég held því að aths. eigi ekki við þannig að ástæða sé til þess að gera mikið úr henni.

En hitt er alveg rétt, að það er sjálfsagt að athuga þetta. Óneitanlega er skólastjórn þarna fengið mikið vald og um það má auðvitað deila hvort svo skuli vera. Persónulega er ég heldur á því að skólastjórnir háskóla, hvort sem það er kennaraháskóli eða annar háskóli, eigi að hafa nokkuð mikið vald og sjálfstæði háskóla, megi gjarnan vera nokkurt. — En mér sýnist að þetta ákvæði sé óbreytt frá því sem verið hefur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 396). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Pétri Sigurðssyni leyft mér að leggja hér fram frv. til l. um breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 frá árinu 1973, með síðari breytingum. Frv. er stutt og laggott.

1. gr. þess gerir ráð fyrir að g-liður 16. gr. laganna falli niður, en í grg. er skýrt hvernig hann hljóðar. Síðari greinin er: „Lög þessi taka gildi 1. jan. 1981, og reglugerð nr. 221/1973 verði breytt samkv. þeim."

16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar fjallar um þá sem ekki eiga rétt til atvinnuleysisbóta, svo sem þá sem taka þátt í verkfalli, njóta slysa- eða sjúkradagpeninga, misst hafa vinnu vegna óreglu, sviptir eru frelsi með opinberri íhlutun, ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, stunda vinnu í eigin þágu eða loks, eins og segir í g-lið greinarinnar, en það er einmitt sá liður sem gert er ráð fyrir að falli burt, en hann hljóðar svo, með leyfi forseta: „eiga maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Regla þessi um hjón gildir einnig um karl og konu, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúð hefur varað í samfleytt tvö ár."

Ég vil strax vekja athygli á því, að nýlega féll dómur í Hæstarétti í máli sem höfðað var á hendur almannatryggingakerfinu eða nánar til tekið Tryggingastofnun ríkisins, þar sem gerð var aths. við að mæðralaun væru felld niður þegar sambúð hæfist. Stofnunin tapaði því máli á þeim forsendum að um sambúð eru engin lög til, þannig að lagalega séð sýnist mér að þetta sé meira en hæpið ákvæði í lögum um atvinnuleysistryggingar. En þetta ákvæði veldur því að fjöldi kvenna hefur ekki rétt til atvinnuleysisbóta vegna tekna maka, þó að iðgjöld séu greidd vegna þeirra eftir sömu reglum og annarra. Sama gildir raunar um hvort kynið sem er, en oftast bitnar þetta óréttlæti þó á konum vegna hærri launa karlmanna. Er nærtækt að benda á það sem gerðist á Ísafirði nýlega þegar fjöldi manns varð atvinnulaus vegna verkfalls sjómanna, en þá kom þetta réttleysi hart niður á konum á staðnum.

Þegar lög um atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi tóku gildi kom fljótlega í ljós að ótækt var að láta þetta ákvæði gilda, þar sem fjöldi kvenna varð af bótunum vegna þess. Var ákvæði g-liðar 16. gr. því tekið út þegar um atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi var að ræða. En enn þá er ákvæðið í gildi, þegar um bætur vegna atvinnuleysis er að ræða, með áðurnefndum afleiðingum.

Benda má á að frv. þetta gerir ráð fyrir gildistöku 1. jan. 1981, en einmitt þá má gera ráð fyrir að lög um atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi verði úr gildi numin. Í samræmi við nýsamþykkt lög um eftirlaun aldraðra, eða nánar til tekið ákvæði til bráðabirgða sem í þeim lögum eru, og frv. það, sem fyrir þinginu liggur á þskj. 146 um fæðingarorlof, er gert ráð fyrir að létta greiðslum vegna fæðingarorlofs af Atvinnuleysistryggingasjóði og flytja þær yfir á almannatryggingar.

Þá má benda á að mál þetta nýtur stuðnings verkalýðshreyfingarinnar allrar, enda eitt af baráttumálum hennar í komandi kjarasamningum.

Í rekstrarreikningi Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir árið 1978 kemur fram, að af kostnaði sjóðsins það ár voru atvinnuleysisbætur 389 002 901 kr., kauptrygging í fiskvinnu 70 204 635 kr., en atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi 522 318 256 kr. Engar tölur er að fá nákvæmlega um kostnaðarauka sjóðsins vegna þessarar lagabreytingar, þar sem skrá um synjanir liggja engar fyrir. En ljóst er að hann gæti aldrei farið fram úr þeirri upphæð sem nú fer í atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi, enda þyrfti þá að vera um fleiri synjanir að ræða en samþykktar bætur og hefur framkvæmdastjóri sjóðsins, Eyjólfur Jónsson, staðfest að slíkt sé fráleitt við venjulegar aðstæður. Það liggur í augum uppi, að komi til allsherjar atvinnuleysis á landsmælikvarða þyrfti að sjálfsögðu að styrkja sjóðinn verulega þar sem hann réði ekkert við slíkt.

Að lokum skal á það bent, og það er kannske grundvallaratriði þessa frv., að atvinnuleysistryggingar eiga ekki að byggjast á framfærslusjónarmiðum, heldur eru þær tryggingamál og hluti af rétti hvers einstaklings til að vinna fyrir framfærslu sinni sjálfur, en vera tryggður ella, ef þeim rétti er ekki sinnt. Það er megininntak allra trygginga, að tryggingar séu bætur fyrir eitthvert tjón. Þá sér hver sjálfur að það er auðvitað á engan hátt sanngjarnt að manneskja, hvort sem það er karl eða kona, sem unnið hefur fyrir verulegum tekjum og verður af þeim án þess að eiga sök á því sjálf, njóti ekki eðlilegra atvinnuleysisbóta.

Ég vil biðja hv. þdm. að styðja þetta frv. Hér er um ósköp einfalda leiðréttingu að ræða, sem m. a. einn af stjórnarmönnum Atvinnuleysistryggingasjóðs, hv. þm. Pétur Sigurðsson, stendur að. Ég vænti þess að svo einfalt leiðréttingamál geti átt stuðning þm. allra flokka.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er ekki viss um að stefna þess frv., sem hér er til umr., sé alfarið rétt. Ég viðurkenni að 16. gr. laga um Atvinnuleysistryggingasjóð þarf verulegra lagfæringa við, eins og reyndar öll lögin, en ég sé ekki að rétt sé að fella hana burt, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég er t. d. ekki viss um að rétt sé að maður, sem sjálfur er í verkfalli, eigi samtímis að njóta atvinnuleysistryggingabóta. Í því sambandi er rétt að hafa í huga, að að því hlýtur að vera stefnt að atvinnuleysistryggingabætur nálgist mjög raunveruleg laun. Hvaða áhuga munu menn hafa á lausn verkfalla ef þeir, sem í verkfalli eru, halda svo til óbreyttum launum meðan á verkfallinu stendur?

Ég er ekki heldur viss um að rétt sé að þeir, sem í fangelsi sitja á kostnað ríkissjóðs, skuli hafa fullar atvinnuleysistryggingabætur meðan á fangelsisdvölinni stendur, eins og mér sýnist að frv. geri ráð fyrir. Ef um fjölskyldumenn er að ræða þarf auðvitað að sjá fyrir þörfum fjölskyldunnar.

Ég er ekki heldur viss um að þeir, sem stunda vinnu í eigin þágu, skuli samtímis njóta atvinnuleysistryggingabóta. Það væri þá ekkert því til fyrirstöðu, svo að dæmi sé tekið, að menn ynnu við byggingu eigin íbúðarhúss og nytu atvinnuleysistryggingabóta á meðan og það jafnvel þótt byggingin væri ætluð til sölu síðar meir.

Aftur á móti tel ég að viðmiðun við tekjur maka þurfi verulegrar endurskoðunar við og er þá með í huga sama sjónarmið og fram kemur hjá hv. flm. frv., að atvinnuleysistryggingar eigi ekki að byggjast á framfærslusjónarmiðum, heldur séu þær tryggingamál, eins og þar stendur.

Í grg. frv. er rætt um hugsanlegan aukakostnað og gert

heldur lítið úr honum. Þar er sagt að gjöld vegna fæðingarorlofs falli af Atvinnuleysistryggingasjóði um næstu áramót. Það er rétt ef frv. um fæðingarorlof verður samþykkt, en ég vil þó benda á að samtímis fellur á Atvinnuleysistryggingasjóðs hluti af eftirlaunum aldraðra sem hann losnar nú við, sem er líklega einhvers staðar á bilinu milli 30 og 40% af því sem hann nú ber af fæðingarorlofinu. Auðvitað er það verulegt hagræði fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, en við megum ekki nota þessa tölu sem nettótölu.

Enn fremur segir í grg., að ekki sé svo ýkjamikið um synjanir á umsóknum að ræða, og er þá verið að sýna fram á að viðbótarkostnaðurinn sé miklu minni en kostnaður af fæðingarorlofi sé í dag. Er það líka rétt. En auðvitað fjölgar umsóknum þegar stórir hópar koma til með að eiga hérna rétt sem alls ekki dettur í hug að sækja um í dag.

Auðvitað þarf að endurskoða ákvæði 16. gr. laganna og á það reyndar við um öll lögin og er endurskoðun í gangi þó að allt of hægt gangi í því starfi. Endurskoðunin hlýtur að beinast að því að hækka verulega bætur Atvinnuleysistryggingasjóðs miðað við tekjur og að sjóðurinn nái til mun fleiri en nú er. Allar viðbótarálögur á sjóðinn, eins og hér yrðu, mundu náttúrlega draga úr möguleika hans á að fljótar yrði þessum tveimur áföngum náð. Við megum aldrei gleyma því aðalatriði, að Atvinnuleysistryggingasjóði ber fyrst og fremst að greiða bætur til þeirra sem vilja vinna, en fá ekki starf við sitt hæfi.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég get verið sammála hv. síðasta ræðumanni um að öll lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð þarfnist endurskoðunar. En hér er óneitanlega eitt afmarkað mál sem lítill vandi er að breyta. Það hlýtur að vera hróplegt óréttlæti að allir þeir, sem iðgjöld greiða til sjóðsins, skuli ekki hafa úr honum rétt til atvinnuleysisbóta.

Það var kannske ekki alveg nákvæmt hjá síðasta ræðumanni að í grg. segði að þetta yrði lítill kostnaðarauki vegna þess að lítið væri um synjanir. Það stendur reyndar ekki, heldur stendur þar að erfitt sé að vita hve synjanir eru miklar vegna þess að um það liggja engar skýrslur fyrir. Ef við gerum ráð fyrir svipuðu ástandi og verið hefur, þá hefur sem betur fer ekki verið alvarlegt atvinnuleysi í landinu um langt skeið og mikill hluti af útgjöldum sjóðsins hefur farið til margumræddsfæðingarorlofs. Mér er auðvitað fullkomlega ljóst að kostnaðarauki verður þegar framlag vegna eftirlauna aldraðra kemur inn, ef lög um fæðingarorlof verða samþykkt. En hér verður að leggja á það megináherslu að hver sá sjóðfélagi, sem iðgjöld greiðir, hljóti bætur í atvinnuleysi og ekki sé gerður munur þar á hvort sjóðfélagi er kvæntur eða ókvæntur, auk þess sem ég tel að ákvæðið um sambúð sé gersamlega út í bláinn eftir umræddan hæstaréttardóm og gæti hver sambúi sem væri höfðað svipað mál og verið öruggur um að vinna það fyrir Hæstarétti. Ég held því að greinin þarfnist óumdeilanlega breytingar og að mínu viti einfaldlega þeirrar breytingar að g-liður falli niður.

Ég skal játa að ég skildi ekki alveg aths. hv. 5. þm. Suðurl. um aðra liði 16. gr. Ég vænti þess að það sé alveg skýrt fyrir hv. þm., að hér er um að ræða að g-liður 16. gr. falli niður, og hann nær ekki nema til þeirra orða sem ég las hér áðan. Það sem á eftir kemur í 16. gr. er augljóslega almennara efnis og ekki hluti af umræddum lið.

En ég legg á það mikla áherslu að við getum fallist á að styðja þetta frv. Ég hygg að þetta baráttumál komi upp í komandi kjarasamningum, og ég treysti því að þm. skoði þetta vel áður en þeir treysta sér til að vera á móti þessu.

Ég leyfi mér svo að fara þess á leit að frv. verði sent til meðferðar hv. heilbr.- og trn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 29 shlj. atkv.

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 394). — 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Núgildandi lög um eyðingu refa og minka eru frá árinu 1957. Var þá upphæð verðlauna fyrir unnin dýr ákveðin 350 kr. fyrir hvern ref og 200 kr. fyrir hvern mink. Vegna verðbreytinga hefur reynst nauðsynlegt að breyta lögum þessum hér á hv. Alþ. á nokkurra ára fresti til hækkunar á verðlaunum, fyrst 1964, síðan 1971 og síðast 1975. Auk þessa hafa komið fram á hv. Alþingi brtt. til hækkunar við þessar lagagreinar án þess að hljóta afgreiðslu.

Þrátt fyrir lagabreytingar þessar hefur upphæð verðlauna ekki haldið upphaflegu verðgildi sínu. Sem dæmi má nefna að samkv. útreikningi Hagstofu Íslands ættu verðlaun, sem svöruðu til 350 kr. og 200 kr. árið 1957, að vera núna 19 þús. kr. fyrir ref og 10 800 kr. fyrir mink. Samkv. núgildandi lögum frá 1975 eru verðlaunin fyrir ref, þ. e. hlaupadýr, 2500 kr. og 1500 kr. fyrir fullorðið grendýr, 800 kr. fyrir yrðlinga, en 1500 kr. fyrir mink. Veiðistjóri hefur þráfaldlega frá árinu 1977 bent á að hin lágu verðlaun samkv. núgildandi lögum geti ekki talist hvatning til þeirra fjölmörgu veiðimanna sem stundað hafa loðdýraveiðar sem áhugamenn og eiga drýgstan þátt í því að tekist hefur að halda þessum villtu dýrum í skefjum.

Eins og sjá má af framangreindu hefur núgildandi fyrirkomulag reynst nokkuð þungt í vöfum, þar sem leggja þarf fram tillögur um lagabreytingar á nokkurra ára fresti til þess eins að hækka upphæð verðlauna. Er því lögð fram hér tillaga um breytingu á 8. og 9. gr. þessara laga, sem í sér felur að hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr, hlaupadýr og mink skuli ákveðið ár hvert af landbrh., að fenginni umsögn veiðistjóra.

Þetta frv. er samið í landbrn. og hefur rn. farið þess á leit við landbn. Nd. að flytja þetta frv. sem önnur frv. á undanförnum árum um breytingar á þessum lögum. Legg ég til að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 29 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, frv. (þskj. 397). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Við tveir þm. Sjálfstfl., ég og hv. 10. þm. Reykv. Friðrik Sophus-

son, höfum flutt á þskj. 397 frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Þau lög voru nokkur nýmæli þegar þau voru sett árið 1970, en þá var m. a. í 13. gr. þeirra laga sett í lög ákvæði um að verk skyldu að jafnaði unnin samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Þó væri heimilt að víkja frá útboði ef verk væri þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð teldust ekki mundu gefa góða raun, en þá þarf undir slíkum kringumstæðum umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir.

Þetta ákvæði er mjög skýrt að því leyti, að meginreglan átti að vera sú að útboð færi fram og verk unnin samkv. tilboðum að undangengnum útboðum. Þetta má einnig sjá með því að skoða grg. með þessu frv., þar sem fram kemur að frv. gerir ráð fyrir að flest verk á vegum ríkisins verði unnin á útboðsgrundvelli. Í reynd hefur framkvæmd orðið nokkuð á annan veg.

Hér á Alþ., í Sþ. ekki alls fyrir löngu, flutti ég fsp., sem hæstv. samgrh. svaraði 22. apríl, um útboð verklegra framkvæmda hjá nokkrum ríkisstofnunum. Þar kom fram að því fer fjarri að þessari meginreglu laganna, sem ég gat um áðan, hafi verið fylgt og það mun frekar vera regla heldur en hitt hjá ýmsum ríkisstofnunum að þær framkvæmi sjálfar sín verk, en láti útboð ekki fram fara. Þannig kom það t. d. fram, að hjá Vegagerð ríkisins var árið 1978 aðeins um 11% af framkvæmdum miðað við kostnað þeirra boðið út og árið 1979 aðeins um 12% af framkvæmdum Vegagerðar ríkisins. Hjá Hafnamálastofnuninni var þetta hlutfall árið 1978 14.7%, en árið 1979 14.6%. Hjá Flugmálastjórn unnu verktakar 13% af verkefni við flugvallagerð árið 1978 og 24% árið 1979.

Það kom fram hjá hæstv. samgrh. þegar hann svaraði fsp. minni, að ástæðan fyrir því, að útboð færu ekki fram í ríkari mæli, væri sú, að 3. mgr. 21. gr. laganna væri túlkuð á þann veg að útboð þyrfti ekki að fara fram, en í henni segir að heimilt sé að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni. Nú vel ég segja að þetta er mjög frjálsleg túlkun á þessari lagagr., því að hún felur það aðeins í sér eftir orðanna hljóðan að heimilt sé að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar tilgreindra framkvæmda, en hvergi í þessari grein er þess getið að hún feli í sér undanþágu frá þeirri meginreglu laganna að útboð eigi að jafnaði að fara fram.

Til þess að taka af öll tvímæli um, að þessa grein beri ekki að túlka á þann veg sem gert hefur verið, flytjum við þetta frv., sem gerir ráð fyrir að inn í 3. mgr. 21. gr. komi ákvæði þess efnis, að þó að einstökum ríkisstofnunum sé falin umsjón ákveðinna framkvæmda skuli verk að jafnaði unnið samkv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna. Með því að vísa til 13. gr. laganna er við það átt að undanþáguákvæði greinarinnar geti átt við í þeim tilvikum einnig þegar einstökum ríkisstofnunum er falin umsjón sinna verkefna. Við gerum jafnframt ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða, að ráðh. geti veitt ríkisstofnunum ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga. Þá er aðallega átt við ríkisstofnanir sem framkvæma nú aðallega verk sín sjálfar, þær fái tíma til að losa sig við tæki og útbúnað svo og til að útvega þeim starfsmönnum ný störf sem skipta þyrftu um störf af þessum ástæðum.

Í þeim umr., sem urðu um þá fsp. sem ég flutti og ég gat um áðan, rakti ég ýmis dæmi þess, hvernig útboð hefðu skilað sér í lægri kostnaði hjá tveimur stofnunum aðallega sem ég þekki til, þ. e. hjá Reykjavíkurborg og Landsvirkjun, og þá t. d. vegaframkvæmdir. Ég get fallist á að undir vissum kringumstæðum sé erfitt að koma við útboðum, eins og t. d. þegar framkvæmdaáætlanir eru mjög seint á ferðinni, eins og stundum vill brenna við hér á hinu háa Alþingi, og einnig geta aðstæður verið slíkar að rétt sé að verk sé unnið af viðkomandi stofnunum. Hins vegar er ég eindregið þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að vera meginreglan eins og nú er í framkvæmd. Þess vegna, eins og ég gat um áðan, flytjum við þetta frv. til að reyna að tryggja að sú meginstefna, sem Alþ. markaði með lögunum frá 1970, komist í framkvæmd í raun.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Lántaka Bjargráðasjóðs, frv. (þskj. 393). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 327). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 6, n. 387, 388). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald, sem hefur verið tímabundið frá því 30. des. 1978. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl., sem sett voru 16. okt. 1979, og gert er ráð fyrir þeirri tekjuöflun, sem felst í frv. þessu, í fjárlögum sem Alþ. hefur þegar samþykkt.

Við í 1. minni hl. fjh.- og viðskn. leggjum til að gerðar verði tvær breytingar sem voru lagðar fram í n. að beiðni ráðuneytisins. Hér er fyrst og fremst um leiðréttingaratriði að ræða, sem eru til hagsbóta fyrir gjaldendur vegna breyttra viðhorfa, og enginn ágreiningur var um þessar tvær brtt. í nefndinni. Það var einnig beðið um aðra brtt., sem ekki var útrædd í n., og taldi hún sér ekki fært að flytja þá brtt.

En ég vil ítreka það, sem 1. minni hl. fjh.- og viðskn., þ. e. hv. þm. Karvel Pálmason, Bogi Sigurbjörnsson og

Halldór Ásgrímsson, leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim tveimur breytingum er fram koma á þskj. 388.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það kom fram við 1. umr. þessa máls hver er afstaða sjálfstæðismanna. Við erum andvígir þessu frv. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. sem gefin voru út af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og voru endurútgefin af ríkisstj. Benedikts Gröndals. Við 1. umr. málsins og reyndar þegar lögin voru sett lýstu sjálfstæðismenn andstöðu við þau og þar á hefur ekki orðið nein breyting.

Formaður fjh.- og viðskn. lýsti hér brtt. og gat þess réttilega að í n., þegar þetta mál var rætt, gerðum við ekki athugasemdir við þær, enda um að ræða brtt. til að veita ráðh. heimild til lækkunar og til samræmingar á vörugjaldi í sambandi við tollflokkun.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég er samþykkur þeirri afstöðu sem síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Reykn., mælti fyrir. En ég kem hér í ræðustól til að flytja eina skriflega brtt. við frv. við þessa umr.

Í 3. gr. frv. er tillaga um að úr hinum hærra gjaldflokki vörugjalds skuli nokkur tollskrárnúmer falla brott. Við nánari athugun kemur í ljós að hér er fyrst og fremst um að ræða hljóðfæri. Ég er fyllilega samþykkur þeirri breytingu, enda vakti það mikla athygli og reyndar furðu á sínum tíma að sú ríkisstj., sem þá sat, skyldi leggja slíkt ofurgjald á hljóðfæri eins og raun bar vitni um með því að setja þau í hinn hærra flokk vörugjalds. Það mun enn fremur gert ráð fyrir að úr hærra gjaldflokki falli niður hljómplötur með íslensku efni. Þetta tel ég góðra gjalda vert, en ég vil ganga lengra. Brtt. mín gengur út á það, að hljómplötur almennt falli einnig út úr þessum gjaldflokki, þ. e. að við 3. gr. bætist ákveðið tollskrárnúmer, 92.12.29, en það tollskrárnúmer mun ná almennt yfir hljómplötur.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa till. Ég held að hljómplötur séu slíkur menningarmiðill að ríkissjóður eigi ekki að seilast jafnlangt og nú er með gjaldtöku af hljómplötum. Hljómplötur eru reyndar einnig mjög mikilvægt tæki til tómstundaiðkunar fyrir ungt fólk. Það er sennilega fátt sem ungt fólk notar í jafnríkum mæli til að stytta sér stundir, því það hlustar mikið á hljómplötur. Þess vegna finnst mér mjög óeðlilegt að ríkið skuli á þennan hátt seilast til þessarar vörutegundar með sérstakri gjaldtöku.

Mér er tjáð af þeim, sem annast sölu á hljómplötum, að þrátt fyrir að mikil samkeppni hafi komið upp í þessari verslunargrein og auglýsingar aukist mjög hafi sala á hljómplötum dregist saman og það sé mjög áberandi að sala á hljómplötum sé í mjög ríkum mæli að flytjast úr landi. Það fólk, sem hefur aðstöðu til þess að ferðast til annarra landa, notfærir sér það af því að hljómplötur eru nú svo miklu ódýrari í flestum nágrannalöndum okkar. Þetta er orðin sú vörutegund sem menn hvað helst leitast við að kaupa á ferðalögum sínum erlendis og koma með inn í landið. Ég held að það sé þess vegna ekki beinn tekjuauki af þessari hækkun. Ég held að þarna hafi komið á móti samdráttur í sölu og alla vega væri hægt að auka þessa sölu verulega ef ríkið gerði sér ekki leik að því að taka svo hátt gjald fyrir þennan vöruflokk.

Ég vil því, herra forseti, leggja fram brtt. þessa efnis við þessa umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 423) samþ. með 28 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 21:6 atkv.
Brtt. 423 tekin aftur til 3. umr.
2. — 3. gr. samþ. með 18:6 atkv.
Brtt. 228,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 388,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
6. — 7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 52. fundur.

Þriðjudaginn 6. maí, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Borist hefur svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík 5. maí 1980.

Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson lektor, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Þar sem Haraldur Ólafsson hefur ekki átt sæti á Alþingi fyrr á þessu kjörtímabili þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar. Verður gefið fundarhlé í 5 mínútur á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason viðskrh.): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Haralds Ólafssonar, Einarsnesi 18, Reykjavík, en hann er 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi og tekur sæti hæstv. utanrrh., 5. þm. Reykjv., sem hefur ritað forseta Sþ. það bréf sem hann las upp á fundinum áður.

Kjörbréfanefnd hefur shlj. samþykkt að mæla með því, að kjörbréf Haralds Ólafssonar verði samþ. og kosning hans tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Haraldur Ólafsson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Jón Helgason): Haraldur Ólafsson hefur undirritað eiðstafinn og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Beiðni um skýrslu iðnaðarráðherra vegna Kröfluvirkjunar (þskj. 398). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Samþ. með 40 shlj. atkv. að leyfa beiðnina.

Veiðar erlendra fiskiskipa í íslenskri fiskveiðilögsögu, fsp. (þskj. 294). — Ein umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fsp. á þskj. 294 frá hv. þm. Eiði Guðnasyni liggur hér fyrir. Hún er í sex liðum og þeir fjalla allir um veiðar erlendra fiskiskipa í íslenskri fiskveiðilögsögu. Eins og fram kemur á þskj. er óskað eftir skriflegu svari við fimm fyrstu liðum og því mun hafa verið dreift fyrir nokkru til þm. og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það.

Sjötti liðurinn hljóðar svo: „Ráðgerir núv. ríkisstj. einhverjar breytingar að því er varðar veiðar erlendra fiskiskipa í íslenskri fiskveiðilögsögu?"

Ég hef dreift upplýsingum um þetta fyrir allnokkru til ríkisstj., en engar ákvarðanir hafa verið teknar um breytingar og treysti ég mér ekki til að segja um það öllu meira á þessu stigi. Þó vil ég taka fram að í sambandi við viðræður, sem munu fljótlega hefjast og segja má að séu hafnar með könnunarviðræðum við Efnahagsbandalagið um veiðar á Grænlandsmiðum og þá hagsmuni sem við höfum þar að gæta, kemur vitanlega til greina og er ekki óeðlilegt að m. a. veiðiheimildir eins og heimild Belga verði teknar til skoðunar.

Mér er einnig ljóst að veiðar Færeyinga á Austfjarðamiðum eru allþungur baggi þar og þykir ástæða til að endurskoða það einnig. Sömuleiðis má segja um veiðar Norðmanna, að ekki er ástæðulaust að líta á þau mál, m. a. með hliðsjón af því hvernig tekst í viðræðum um Jan Mayen. Ensvariðerþetta,aðenginendanlegákvörðun hefur verið tekin, en þessi mál eru í ítarlegri skoðun með tilliti til þeirra umræðna sem framundan eru.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. sjútvrh. svör hans við þessari fsp. minni. Ég held að það sé vissulega ástæða til að endurskoða stefnuna í þessum málum, ekki kannske hvað síst að því er snýr að Norðmönnum, sem við færum núna veruleg verðmæti á meðan má segja að þeir séu að reyna að troða af okkur skóinn á öðrum vettvangi.

Í svari ráðh. kom fram að erlend veiðiskip voru hér 4668 veiðidaga í fyrra. Þetta held ég að sé allt of mikið, um það geti menn verið sammála. En um það, hversu raunhæfar þær aflatölur eru sem koma fram í hinu skriflega svari, skal ég ósagt láta, en víst er að sjómenn draga þær tölur mjög í efa. Ég held að það, sem til þarf að koma hér, sé langtum raunhæfara eftirlit með veiðum hinna erlendu skipa en verið hefur. Ég held t. d. að það væri ekki úr vegi að sjútvrn. tilkynnti vikulega hve mörg erlend skip eru hér að veiðum og hvernig þau afla. Sömuleiðis mætti taka til athugunar að skylda þessi erlendu veiðiskip til að koma við í íslenskri höfn — það ætti ekki að vera þeim ofverk — áður en þau halda af miðunum.

Enn var spurt um aflaverðmæti erlendu skipanna. Ég held að þær tölur, sem nefndar eru í hinu skriflega svari, að hvert kg af fiski leggi sig á 110—130 kr., séu gersamlega út í hött. Ég held að rauntölur þar séu a. m. k. helmingi hærri, þannig að hið raunverulega aflaverðmæti, sem þessi skip flytja héðan, sé kannske á bilinu 5—7 milljarðar. Það þarf ekki annað en að hugsa til þess, að verðið á bæði þorski og ýsu hér upp úr sjó er yfir 200 kr. og á lúðu langtum, langtum hærra. Ég held því að þessar tölur séu gersamlega út í bláinn.

Að því er varðar veiðar Norðmanna, þá var greint frá því í norska blaðinu Fiskaren 25. apríl s. l., að 18 norskir bátar mundu stunda hér veiðar. Þessir bátar eru kallaðir línuveiðarar, en eru engir línuveiðarar, þetta eru fljótandi frystihús sem hefur verið laumað hér inn í landhelgina á þeirri forsendu að þetta séu línuveiðarar. Í þessari grein í Fiskaren eru tilmæli til þessara skipa um að flytja sig þegar í stað af þeim miðum þar sem þorskur veiðist, því að norsku bátarnir séu þegar búnir að veiða upp í þennan 300 tonna kvóta. Hann er búinn. Halda menn að þessir 18 bátar, sem eru að veiða núna hér suðvestur af landinu, fái engan þorsk? Halda menn það?

Í öðru lagi má svo á það benda, að þessir norsku bátar, sem þarna veiða lúðu, hafa boðið niður verðið fyrir okkur á þeirri lúðu sem við höfum verið að reyna að selja erlendis. Talið er fullvíst að afli þessara norsku báta hafi leitt til þess, að verðið á þeirri lúðu, sem við höfum verið að selja, hefur lækkað. Það er margt sem kallar á að þessum málum sé gaumur gefinn núna, en ég held að nú sé orðið tímabært að segja þessum samningum upp, endurskoða stefnuna í þessu frá grunni, afnema sumar þessar heimildir erlendra skipa og þrengja þær allar mjög verulega frá því sem nú er.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég gat ekki betur heyrt en hæstv. sjútvrh. segði að viðræður við Efnahagsbandalagið væru hafnar eða að hefjast. Þetta kom mér mjög á óvart, því að það er vissulega stórmál, þegar við Íslendingar hefjum aftur viðræður við Efnahagsbandalagið, vegna þess, hver forsagan er, og svo hins, að Efnahagsbandalagið mun fá mikil fiskveiðiréttindi þegar Danir færa út við Grænland. Það er vitað mál, að ekki mun þýða fyrir okkur að tala við ráðamenn í Brüssel á öðrum grundvelli en þeim, að það verði jöfn skipti á afla. Þeir munu ekki leyfa okkur að veiða eina bröndu Grænlandsmegin við línuna, án þess að þeir fái jafnmikil veiðileyfi hérna megin. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hvort þetta hafi verið rétt skilið hjá mér, og biðja hann um að gera svo vel að gefa á þessu nánari skýringar. Það var síðast í gærmorgun haldinn fundur í utanrmn., þar sem hæstv. utanrrh. var mættur, og var rætt fram og aftur um öll þessi mál, m. a. mikið um Grænland og samband okkar við Dani til upplýsingaöflunar í þeim efnum. Var ekki á honum að heyra að nein ákvörðun hefði verið tekin um að hefja viðræður við Efnahagsbandalagið í Brüssel. Ef við teljum okkur neydda til þess að taka slíka ákvörðun, þá er það stórmál. Við þurfum að hafa að því

góðan aðdraganda og vera vel undirbúnir, og ég vænti þess, að engin ríkisstj. stígi slíkt skref án þess að hafa um það samráð við alla flokka þingsins.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. þm. Benedikt Gröndal, fyrrv. utanrrh., hefur hvað eftir annað lýst því, að við ættum miklu stærri hagsmuna að gæta gagnvart útfærslu og innan fiskveiðilögsögu Grænlands heldur en í kringum Jan Mayen, og ég er honum alveg sammála. Hann má ekki ætla okkur það, að við séum ekki farnir að undirbúa það mál, enda gerði hann það sjálfur. Hann óskaði eftir skýrslu frá m. a. fiskimálastjóra, sem ég hef fengið í hendurnar, og þeirri vinnu hefur verið fram haldið, þannig að undirbúningur er allur í gangi. Formlegar viðræður eru ekki hafnar og vitanlega verða ekki formlegar viðræður teknar upp fyrr en um málið hefur verið fjallað í utanrmn. Ég vil að það komi skýrt fram, ef orð mín hafa verið misskilin.

Við höfum jafnframt leitað eftir upplýsingum frá embættismönnum í Danmörku til að vera undir viðræður búnir. Frést hefur að þeir muni ætla sér að færa út 1. júní.

Um hagsmuni okkar almennt í þessu sambandi skal ég hins vegar ekki fara mörgum orðum. Ég held að mönnum sé ljóst að þeir eru miklir. Þarna geta verið töluvert meiri loðnuveiðar heldur en á Jan Mayen svæðinu. Rækjan á Dornbanka, sem okkar menn fundu, er mikil auðlind sem gengur á milli eða yfir miðlínu. Karfi er veiddur að sjálfsögðu beggja vegna og er þar um mikla hagsmuni að ræða. Mér er ljóst að Efnahagsbandalagið hefur lýst því yfir, að það sé ekki til viðræðu um veiðar nema á þeim grundvelli, að það fái heimildir til veiða jafnframt innan íslenskrar lögsögu. Þetta vitum við allir. Ég vil jafnframt segja það, að ég hef engar hugmyndir um hvaða veiðar við getum boðið því. Ég hygg að það væri æðilítið. En Belgar veiða hér nokkurt magn og kannske gæti það talist til skipta við Efnahagsbandalagið. Ég nefni það hér, án þess að geta út af fyrir sig rökstutt það, að það verði tekið sem veiðikvóti á vegum Efnahagsbandalagsins. En ég undirstrika að ég er hv. þm. sammála um það, að þarna er um ákaflega stór mál að ræða og undirbúningur er hafinn að þeim málum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram í tilefni af þeim umr. sem hér hafa orðið, að ég er eindregið fylgjandi þeirri skoðun sem kom fram í samþykkt þingflokks Alþfl. sem mun hafa verið gerð í gær og formaður þingflokks hans kynnti mér síðdegis í gær. Í þessari samþykkt er því lýst yfir, að nauðsynlegt sé að Íslendingar taki upp formlegar viðræður við Dani vegna þeirrar útfærslu sem þeir hafa boðað á efnahagslögsögu Grænlands áður en sú útfærsla á sér stað. Hagsmunir Íslendinga á þessu sviði eru mikilvægir. Ætlun Efnahagsbandalags Evrópu, sem Danir fara að gegna hlutverki fyrir í þessu máli, er að skapa sér aðstöðu til þess að nýta miðin við austurströnd Grænlands. Hún gerir verulegt strik í reikning okkar í þessu máli og við höfum margvíslegar ástæður til þess að setja fram gagnrýni á það sjónarmið, út frá þeirri forsendu að þarna er um að ræða mið sem Íslendingar hafa fyrst og fremst sótt einir á. Út frá sanngirnissjónarmiðum og sögulegri hefð okkar á þessum miðum hljótum við að mótmæla því, að Danir fyrir hönd Efnahagsbandalags Evrópu ætli sér að fara að ráðskast með fiskveiðistefnu á þessu svæði. Ég held að það sé afar nauðsynlegt, eins og kemur fram í þessari samþykkt þingflokks Alþfl., að Íslendingar taki upp viðræður við Dani áður en útfærslan á sér stað.

Ég vildi láta þetta koma fram og jafnframt fagna því, að Alþfl. skuli hafa haft visst frumkvæði að þessari samþykkt. Það hefur verið mikið unnið að þessu máli, en þetta mun vera í fyrsta skipti sem formlega er látin í ljós sú skoðun, að þessar viðræður eigi að fara fram áður en Danir færa út efnahagslögsöguna við Grænland.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Út af þeim ummælum, sem hér hafa fallið, vil ég gjarnan að það komi fram, að það er æðilangt síðan ég hef lýst opinberlega yfir þeirri skoðun minni, að það ætti fyrir alllöngu að vera búið að taka upp formlegar viðræður við Dani út af þeirri hugsanlegu útfærslu sem þeir hafa ákveðið á fiskveiðilögsögunni við Grænland. Þar höfum við mikilla hagsmuna að gæta. Ég legg á það mikla áherslu, að við Íslendingar reynum að ná samstöðu um það að ná samkomulagi við Norðmenn í Jan Mayen deilunni, og sú samstaða næst ekki nema báðar þjóðirnar sýni lipurð og skilning í því að leysa þetta alvarlega vandamál. Því næst ber okkur að vinna að því að kynna málstað okkar í sambandi við útfærslu Dana og síðan kemur að því að ræða við Efnahagsbandalagið.

Ég vil ekki taka undir þau orð sem hér hafa fallið, að Efnahagsbandalagið láti aldrei nein fríðindi af hendi við aðra nema það fái að fiska jafnmikið magn af fiski á móti. En það er margt annað sem kemur til í samskiptum á milli þjóða. Hér verður um að ræða að fiska í órafjarlægð frá þeim löndum sem þessar þjóðir byggja sem eiga aðild að veiðum innan hafsvæðis Grænlands, og það getur verið nauðsyn á því fyrir þessar þjóðir að flytja afla til Íslands, sem er næst þessu hafsvæði, og vinna hann hér, þar sem Íslendingar keyptu hann, gerðu hann að sinni útflutningsvöru. Annað getur orðið til þess að auka á það, að þessar þjóðir komi sér upp verksmiðjuflota til að nýta þessi mið og jafnvel verði þá miklu stærri fiskveiðifloti.

Ég vil líka minna á það, að við Belga var gerður fyrsti samningurinn þegar fært var út í 50 mílur. Þeir voru lykillinn að Efnahagsbandalaginu. Sú þjóð hefur ekki farið fram á neina nýja samninga um ný skip til veiða hér við land. Þetta er úreltur gamall floti, sem gengur úr sér árlega, og aflamagnið færist óðfluga niður. Því er það kannske ekki rétta leiðin núna, þegar fram undan eru viðkvæmar, erfiðar viðræður við Efnahagsbandalagið, að byrja á því að segja upp slíkum samningum. Hún er ekki alltaf öruggust, stysta leiðin. Það verður stundum að fara betri veginn þótt hann sé aðeins lengri.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. þær skýringar sem hann gaf. Auðvitað veit ég vel að undirbúningur undir þessi mál er fyrir löngu hafinn og hann er í fullum gangi, en mér þykir gott að það var ekki rétt skilið af orðum hans, að viðræður væru byrjaðar.

Það er rétt, sem hér kom fram, að Alþfl. samþykkti í gær að beina því til ríkisstj. að hefja viðræður við Dani um fiskveiðimörkin milli Íslands og Grænlands. Ég bið menn að gera sér það ljóst, að sjálf útfærslan við Grænland er danskt mál. En á því augnabliki sem hún tekur gildi fær Efnahagsbandalagið öll yfirráð yfir fiskinum fyrir innan þá línu. Við þurfum að tala við Dani, af því að sérfræðingar okkar og þeirra verða að mæla þessa línu sameiginlega og af því að Danir neita að viðurkenna

Kolbeinsey sem grunnlínupunkt. Ef þeir færa þannig út skapast 9000 ferkm svæði, sem verður umdeilt á milli Íslands og Danmerkur, og þá deilu verður einhvern veginn að leysa. Það er því eðlilegt að byrja á því að tala við Dani, en það getur aðeins orðið um sjálfa útfærsluna, sjálfa línuna. Þegar kemur að umr. um fiskinn eða önnur auðæfi sem eru innan við línuna Grænlandsmegin, þá verður því vísað til Brüssel. Þetta liggur þegar fyrir og er nauðsynlegt að menn geri sér það fyllilega ljóst sem og hversu mikilvægt allt þetta mál er þegar litið er á það í heild.

Ég mun ekki gera verulegan mun á því, hvort við veitum veiðihimildir eða veitum einhverja aðstöðu í landi. Það má allt athuga ef að því kemur eða þegar að því kemur. Ég vildi aðeins benda á þetta mál og biðja menn að gera sér ljósan muninn á hlutverkum Danmerkur annars vegar og Efnahagsbandalagsins hins vegar, en við verðum vafalaust að skipta meira eða minna við báða aðila um langa framtíð um þessi mál.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir það, að nauðsynlegt er að mínum dómi að byrja fljótt að ræða við Dani og athuga vel útfærsluna við Grænland. Það var gert mikið úr mikilvægi Jan Mayen málsins og ekki skal ég draga úr því, en hitt er ljóst, að fiskveiðihagsmunir Íslendinga við Grænland eru auðvitað miklu meiri en hagsmunirnir gagnvart Jan Mayen, það er alveg augljóst. Þar er um hafsvæði að ræða sem skiptir okkur verulega miklu máli og með margar mikilvægar fisktegundir, ekki aðeins loðnu — en það má geta þess, að mikill hluti þeirrar loðnu, sem við höfum verið að veiða á haustvertíð undanfarin ár, hefur einmitt fengist á svæði sem við mundum hugsanlega missa úr okkar höndum.

Ástæðan til þess, að ég bað nú um orðið, var það sem hæstv. sjútvrh. sagði, að engar ákvarðanir hefðu verið teknar um breytingar á fiskveiðisamningunum og málin væru í ítarlegri skoðun. Hvar eru þessi mál í skoðun? Á að skoða þessi mál án þess að hafa samband við Alþingi? Ég vil skora á hæstv. sjútvrh. að ljúka ekki þeirri skoðun fyrr en samband hefur verið haft við okkur hér sem fáumst við sjávarútvegsmál á Alþingi, láta ekki embættismennina eina um þá skoðun.

Ég hef að vísu margsinnis farið fram á það hér í mörg ár, að veiðar Norðmanna og Færeyinga hér yrðu takmarkaðar eða jafnvel tekin af þeim þessi fiskveiðiréttindi, ósköp einfaldlega vegna þess að við höfum lagt mjög miklar takmarkanir á okkar flota í veiðum, og mér þykir ákaflega óeðlilegt að á sama tíma og verið er að draga úr veiðum Íslendinga, þeirra einu lífsbjörg, er óhætt að segja, séu 82 erlendum skipum leyfðar veiðar við landið. Við eigum rúmlega 80 togara sjálfir, en á sama tíma eru yfir 80 erlend skip hér að veiðum, að vísu takmarkaðan tíma og með önnur veiðarfæri, en þau draga sannarlega mjög verðmætan afla í land. Og það er bókstaflega fáránleg, ef ekki hlægileg staðhæfing í því skriflega svari sem kom frá ráðh., þegar talað er um að verðmætið á kg sé um 100 kr., eða 110 kr. Norðmenn segjast veiða hér 300 tonn af þorski og tekur auðvitað enginn mark á því, það er alveg óhætt að segja það — en þá eru líka eftir 1700 tonn af því sem þeir gefa upp, sem er vafalaust yfir 3000, af mjög verðmætum fiski, þar sem verðmætið er ekki 100 kr., heldur miklu nær 1000 kr. kg. Það er alveg óhætt að fullyrða það.

Ég vil ítreka það, herra forseti, — tíminn er of stuttur, — og segja það einu sinni enn, að ég legg til að samningunum við Færeyinga verði sagt upp og þeir fái ekki að veiða hér bolfisk áfram, og sömuleiðis samningunum við Norðmenn. Ég vil segja það hér, að fyrir tveimur vikum voru íslensku togararnir hér á skrapfiskiríi, voru komnir í þorskveiðibann hér við suðurströndina og þeir voru m. a. að veiðum hérna úti í kantinum utan Selvogsbanka. Þá lá íslenskt varðskip yfir þeim til að passa að þeir færu ekki yfir á svæði þar sem línubátarnir voru að veiðum, og þessir línubátar voru ekki íslenskir, heldur norskir. Norskir og færeyskir línubátar höfðu raðað sér í kantinn með allri suðurströndinni og gerðu íslenskum veiðiskipum erfitt um vik.

Áfengiskaup ráðuneyta, fsp. (þskj. 314). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ástæðan fyrir þeirri fsp., sem liggur hér fyrir til umr., er sú, að mér hafa borist upplýsingar um að árið 1977 hafi rn. keypt áfengi hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem nemur tæplega 13 þús. flöskum. Það jafngildir því að á hverjum einasta degi ársins, 365 daga á ári, hafi rn. þessi keypt 35 flöskur. Þetta þykir mér nokkur ofrausn og taldi því eðlilegt að fá skýringar á þessum áfengiskaupum og jafnframt að benda á það, að þarna eru á ferðinni miklir fjármunir sem ríkissjóður tapar af. Flöskur eru keyptar á 300—400 kr., að mér skilst, ef um sterk vín er að ræða, en eitthvað ódýrari ef veik vín eru.

Ég vil í þessu sambandi minna á að það er skattgreiðandinn sem borgar brúsann í þessu sambandi, vegna þess að tekjur af sölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru ákveðnar á fjárlögum. Ég vil í þessari fsp. fá það skýrt fram, hverjir það eru sem kaupa þetta mikla magn áfengis. Fsp. er á þessa leið, með leyfi forseta:

1. Hve mikið magn áfengis hafa einstök ráðuneyti keypt hjá ÁTVR s. l. 10 ár, sundurliðað eftir árum og ráðuneytum? Spurt er um allar tegundir áfengis.
2. Hvaða verð greiða ráðuneytin fyrir einstakar áfengistegundir, miðað við 1. janúar 1980?
3. Eru aðgreind kaup ráðherra og ráðuneyta á áfengi?

Svar við þessari spurningu vil ég fá einkar skýrt, hvort það geti verið, að einstakir ráðherrar kaupi áfengi beint, eða hvort það er gert á vegum ráðuneyta, þar eð mér skilst að bein áfengiskaup ráðherra séu ekki heimil.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson spyr að því, hve mikið magn áfengis hafi verið keypt af einstökum ráðuneytum hjá Áfengis- og tóbaksversluninni s. l. 10 ár, sundurliðað eftir árum og ráðuneytum. Spurt er um allar tegundir áfengis.

Það er skemmst frá að segja, að strax eftir að þessi fsp. kom fram voru starfsmenn Áfengisverslunar settir í að telja flöskur. Þetta reyndist gífurlegt verk og var fljótt ljóst að nokkuð yrði að fjölga starfsmönnum hjá Áfengisversluninni ef takast ætti að svara þessari fsp. eins og um er spurt áður en þing lýkur störfum í vor. Ég verð því að valda fyrirspyrjanda þeim vonbrigðum, að í þetta sinn verður að duga áfangaskýrsla.

Ég hef fengið bréf Áfengis- og tóbaksverslunarinnar, dags. 5. maí, og það hljóðar svo:

„Eftir beiðni hins háa rn. í bréfi, dags. 15. apríl s. l., varðandi fsp. Árna Gunnarssonar alþm. um áfengiskaup

ráðuneyta hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins s. l. 10 ár sendum vér hér með lista yfir þessi kaup fyrir árin 1977, 1978 og 1979. Í listanum eru sundurliðuð kaup hvers rn. fyrir sig eftir mánuðum, flöskutölu og verðmæti. Verðið er hið sama og erlend sendiráð greiða fyrir áfengi hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins á hverjum tíma. Því miður getum vér ekki sent yfirlit yfir fleiri ár að þessu sinni, þar sem mjög tímafrekt er að taka saman sundurliðun sem þessa eftir langan tíma og vér höfum mjög takmarkaðan vinnukraft til þess að taka að sér verkefni utan hinna venjulegu starfa sem verða að ganga fyrir daglega.

Varðandi fsp. Árna Gunnarssonar nr. 3, þ. e.: „Eru aðgreind kaup ráðherra og ráðuneyta á áfengi?“ — er það að segja, að ráðherrar afsöluðu sér réttindum til þess að kaupa áfengi á diplomataverði árið 1971. Diplómataverðlisti 12. sept. 1979, sem enn er í gildi, fylgir hér með.“

Í yfirliti, sem fylgir þessu bréfi, er að finna svofelldar upplýsingar um kaup ráðuneyta á víni frá ársbyrjun 1977 til loka febrúar 1980 og vil ég þá gera grein fyrir þessum magntölum. Ég tek fyrst árið 1977, síðan 1978, síðan 1979 og því næst tvo fyrstu mánuði ársins 1980.

	1977	1978	1979	1980	
				jan.	febr.
	fl.	fl.	fl.	fl.	fl
Forsrn.	4423	4329	2414	747	302
Menntmrn.	0	0	378	26	68
Utanrrn.	5213	1645	2231	276	195
Landbrn.	245	356	644	90	42
Sjútvrn.	741	432	460	91	28
Dóms- og kirkjumrn.	17	180	263	0	0
Félmrn.	106	386	288	0	0
Heilbr.- og trmrn.	140	138	348	0	0
Fjmrn.	1098	1241	1660	90	165
Samgrn.	228	178	178	218	24
Iðnrn.	455	234	511	24	0
Viðskrn.	71	12	76	0	0

Þetta voru magntölurnar og það skal hér tekið fram, að hér eiga hlut að bæði stórar flöskur og smáar með *borðvínum jafnt sem sterkum drykkjum.*

Þessum lista fylgir verðlag þessara flaskna allra, jafnítarlega sundurliðað, og vegna þess að ég veit að Alþ. hefur nú mörgum hnöppum að hneppa þessa daga, þá ætla ég að hlífa þm. við þessum lestri, en hef beðið starfsmenn að útbýta lista þar sem gerð er grein fyrir þessum tölum, sem ég tel ekki ástæðu til að rekja hér í smáatriðum.

Eins og fram kom í bréfi Áfengisverslunar, sem vitnað var til áðan, afsöluðu ráðherrar sér árið 1971 þeim réttindum að geta keypt vín með sérstökum kjörum. Kaup ráðh. eru því ekki inni í þeim tölum sem tilgreindar hafa verið, enda eru þau þeirra einkamál. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins fylgir þeirri meginreglu bókhaldslaga að hafa öll fskj. undanfarinna sex ára aðgengileg endurskoðendum. Skjölum um kaup ráðuneyta hefur aldrei verið haldið aðgreindum frá öðrum sölunótum. Þrátt fyrir þá miklu vinnu, er leggja verður í að fletta bókum Áfengis- og tóbaksverslunar, hef ég sérstaklega óskað þess, að lokið verði hið fyrsta við yfirlit, er nái til sex undanfarinna ára, og vonast til að geta veitt fyrirspyrjanda fullnægjandi svar að því er þau ár varðar áður en lagt um líður.

Helgi Seljan: Herra forseti. Um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda það að koma með þessa fsp. hér á dagskrá og um leið og ég minni einnig á vissar tölur úr þeirri skýrslu, sem hæstv. ráðh. las frá menntmrn., þá vil ég aðeins segja þetta:

Undrandi ég aðeins vildi segja
er ósköp þessi fyrir hlustir ber:
Um slíkan þorsta er ekki hægt að þegja,
nei, þetta gengur alveg fram af mér.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þakka þessa skýrslu eins og síðasti ræðumaður, þó að ég geti ekki gert það á sama hátt og hann gerði. Ég kveð mér hljóðs til að koma að einni skýringu. Það var áberandi í upplestrinum, að forsrn. er langsamlega hæst allra rn. í þessu flöskutali. Skýringin á því er sú, að ráðherrabústaðurinn við Tjarnargötu heyrir undir forsrn. Þegar haldið er *samkvæmi í þeim bústað fær viðkomandi rn. án endurgjalds húsið* og það áfengi sem til þarf, en borgar sjálft aðeins matföng sem eru ávallt aðkeypt. Þess vegna eru þessar tölur ekki að öllu leyti réttar, vegna þess að tölurnar fyrir forsrn. eru fyrst og fremst fyrir ráðherrabústaðinn, sem er til afnota öllum rn., þótt hæstv. ráðh. Ólafur Jóhannesson hafi sett á það réttlætanlegar takmarkanir á sínum tíma. Þeim tölum verður því að dreifa á rn. ef menn vilja fá sanna mynd af því sem spurt er um.

Ég vil svo að lokum, af því að þetta er gamalt og heitt deilumál í íslenskum stjórnmálum, benda mönnum á þann milliveg sem nú hefur verið ákveðið að fara í Svíþjóð, sem sagt að veita aðeins áfengi af litlum styrkleika eða svokölluð létt vín í opinberum samkvæmum. Mundi það tvímælalaust verða gagnlegt skref í þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. þessa skýrslu sem þó er hvergi nærri tæmandi. Mér þótti það nú heldur klént, ef ég má nota það orð, að hæstv. fjmrh. skyldi að nokkru leyti hafa þetta að gamanmáli. Ég benti á það í upphafsorðum mínum hér, að árið 1977 keyptu rn. *samtals tæplega 13 þús. flöskur af áfengi, 35 flöskur á* dag. Og ef einhver ætlar að telja mér trú um að það sé notkun ráðuneyta í sambandi við veisluhöld og annað sem á þeirra vegum er, þá frábið ég mér að taka slíkt trúanlegt.

Ég vil líka minna á það, að inni í þessum tölum eru áfengiskaup starfsmanna stjórnarráðs, sem njóta þeirra forréttinda fram yfir aðra menn í þessu landi að fá á hverju ári keypt áfengi á sama verði og rn. Þennan sið á að afleggja með öllu. Þetta er ósvinna. Ég vil benda á það, að þeir menn, sem um þessi mál fjalla, ættu að leggja saman þær tölur sem hæstv. fjmrh. las hér upp, leggja saman tölur frá hverju rn. og deila í með 365 dögum ársins og athuga hver útkoman verður. Þyki mönnum þessi áfengiskaup ráðuneyta eðlileg, þá þeir um það. En ég er ansi hræddur um að skattgreiðendur þessa lands séu ekki á sama máli.

En ég vona að bókhald Áfengis- og tóbaksverslunar

ríkisins verði fært til nokkurrar leiðréttingar. Ef Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins getur ekki gripið upp á skömmum tíma sérstök kaup rn. á ódýru áfengi, þá held ég að bókhaldið sé ekki með öllu gott. Síðan skortir mjög á í svari fjmrh., að hann gefi það hreinlega upp hér, á hvaða verði rn. kaupa veik og sterk vín, hvert verðið er, eins og spurt er um í fsp.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ekki skal ég hafa þetta mál í flimtingum. Mér þykir þetta heldur leiðinleg umr. En ég skil það vel, og þurfti ekki sérstakar útskýringar á, að forsrn. fari með mest af brennivíni. Það er auðskilið. En ég er algerlega andstæður því að taka neitt upp eftir Svíum. Og aldrei hef ég fundið neinn mun á Íslandsmanninum hvort heldur hann var fullur af léttu víni eða sterku — heldur þægilegri ef hann hefur fengið sér almennilega í staupinu af sterku víni, heldur en ef hann bregður á hitt ráðið.

En það var aðallega í sambandi við þessa skýrslugjöf sem mig langaði til að forvitnast um hvort það væru nokkrar frekari fréttir af þessu kendiríi þeirra í janúar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Fjmrh. flutti okkur hér stórfróðlega skýrslu. Það er eðlilegt að svona mál beri á góma á öld rannsóknarblaðamennskunnar, og svar við þessari fsp. þarf náttúrlega að vera skriflegt. Að vísu höfum við fengið hér aðkenningu að skriflegu svari, en það er, eins og ráðh. réttilega tók fram, allt of stutt og nær ekki yfir nægilega langan tíma. Ég held að það megi ekki minna vera en gá að þessu svona 20 ár aftur í tímann. Og það má hafa menn í því í sumar í Áfengis- og tóbaksversluninni að telja þetta saman.

Ég sé nú strax í hendi minni að það er fyrirhafnarsamt að flytja mjöðinn í flöskum. Mér fyndist búmannlegra að taka upp kúta- og jafnvel ámusystemið, sem Íslendingar bjuggu við lengi, það sé miklu þjóðlegra fyrir þá að fá þetta í stærri ílátum í ráðuneytin.

Hvað varðar janúarkendiríið, þá sé ég nú að rækilega hefur verið hnekkt metinu frá 1977. Ég vona nú að það verði ekki haldið svo fram allt árið, en þarna hefur sýnilega verið slegið glæsilegt met. Og það er ekki að undra þó að ýmsar skyssur hafi orðið á landsstjórninni í janúar úr því að lífernið hefur verið svona.

Hvað varðar aths. hv. 4. þm. Austurl., Sverris Hermannssonar, þá vil ég segja það sem mína reynslu, að ef menn drekka mjög mikið af sterku víni, þá verða þeir enn þá vitlausari heldur en ef þeir drekka mjög mikið af léttu víni.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Mér fannst óneitanlega svolítið kynlegt að hv. þm. Árni Gunnarsson skyldi vera að agnúast út í þá flöskuskýrslu sem ég hef hér gefið. Hún var eins nákvæm og hægt var að ætlast til, og vissulega hljóta að vera takmörk fyrir því, hvað hægt er að leggja mikla vinnu á herðar starfsmanna Áfengis- og tóbaksverslunar. Og enn frekar eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að leyfa sér að lesa langar skýrslur af þessu tagi upp á Alþingi. Auðvitað er sannleikur málsins sá, að hér er um mál að ræða þar sem átti auðvitað að biðja um skriflegt svar, en ekki munnlegt, og ég mun reyna að bæta úr því með því að þær viðbótarupplýsingar, sem enn vantar, komi hér sem skriflegar upplýsingar. En ég get upplýst að ef ég hefði átt að lesa upp allan verðlista Áfengis- og tóbaksverslunarinnar, þá hefðum við verið að því til kl. hálffjögur og það þykir mér fullilla með tímann farið hér á Alþ. En ég mun gera ráðstafanir til þess að þessum merka verðlista Áfengisverslunarinnar verði dreift til allra þm.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. í sambandi við þessa fróðlegu skýrslu og þær ágætu umr. sem hér hafa farið fram, sem eiga vissulega rétt á sér.

Ég vil bara vekja athygli hv. alþm. á einum þætti í þessari skýrslu sem mér virðist þörf á að gera sérstaklega. Það er í sambandi við menntmrn. 1977 og 1978. Það vill svo til, eins og e. t. v. flesta rekur minni til, að mikið var gagnrýnt á sínum tíma það frumkvæði sem fyrrv. menntmrh. á þessum árum tók sér fyrir hendur í sinni ráðherratíð, að útiloka áfengi í veislum á vegum þess rn. sem hann veitti forstöðu. Þetta var mjög gagnrýnt, ekki síst af hv. alþm. En ég held að það sé full þörf á því að vekja athygli þjóðarinnar á því einmitt nú við þetta tækifæri, hvaða árangur hefur orðið af þessu. Hann er sýnilegur hér í opinberri skýrslu, og mér finnst ástæða til að undirstrika þetta atriði. Þetta ætti að geta verið til eftirbreytni fleiri ráðuneytum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ummælum sem féllu hér áðan um það, að opinberir starfsmenn og þá einkum starfsmenn stjórnarráðsins hefðu leyfi til þess að kaupa áfengi á afstláttarverði. Það er rétt, að um tíma — og sá siður hefur ríkt mjög lengi — gátu starfsmenn stjórnarráðsins einu sinni á ári, í desembermánuði, fest kaup á, að ég held, tveimur áfengisflöskum á lækkuðu verði. Þetta er siðvenja sem hefur ríkt í stjórnarráðinu mjög lengi. Hins vegar var þetta afnumið í tíð hæstv. fyrrv. fjmrh. Tómasar Árnasonar, og hefur ekki verið tíðkað nú um eins eða tveggja ára skeið, að ég held, þannig að þessi gamla siðvenja er ekki til lengur. Einu hlunnindin, sem mér er kunnugt um að opinberir starfsmenn njóti, eru þau, að það tíðkast yfirleitt hjá flestum stærri fyrirtækjum að halda starfsmönnum sínum eina árshátíð á ári. Gjarnan leggja fyrirtækin fram talsverðan skerf í formi fjárupphæðar til þess að greiða niður aðgangseyri starfsmanna að slíkum árshátíðum, þannig að aðgöngumiðar að árshátíðum eru seldir á lægra verði en nemur kostnaðarverði. Gagnvart starfsmönnum stjórnarráðsins hefur sú siðvenja gilt, að þeir halda árshátíð í upphafi árs, eins og lög gera ráð fyrir og fjölmargir aðrir starfsmenn stórra stofnana gera. Þeir greiða í verði aðgöngumiðans að þessari árshátíð fullt kostnaðarverð, en sú siðvenja hefur viðgengist um alllangan tíma, að fjmrn. hefur veitt þessu starfsfólki stjórnarráðsins nokkra greiðasemi, sem er í því fólgin að gefa því, að ég held, tvö glös af víni fyrir mat og borðvín með mat. Þetta eru einu hlunnindin sem þessir opinberu starfsmenn njóta og þætti sennilega lítið hjá starfsmönnum ýmissa stórfyrirtækja í Reykjavík. (Gripið fram í.) Matinn borga þeir sjálfir og allan kostnað við hátíðina að öðru leyti en þessu. Þetta er sennilega skýringin á því, að hjá rn. vill gjarnan verða nokkru meira umleikis í upphafi árs í sambandi við svona veitingastarfsemi heldur en þegar líður á árið, svo að ég tali nú ekki um ef stjórnarskipti eru tíð og menn þurfa að kveðja og fagna nýjum samstarfsmönnum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Mig langar fyrst

til að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. varðandi þessa skýrslu. Mér þykir gæta nokkurs ósamræmis. Það er gefið upp t. d. um forsrn. árið 1977 að þar sé um að ræða tæplega 4500 vínflöskur, og síðan er neðar á þessari skýrslu, sem hér hefur verið dreift skriflega, gefin upp tala, sem á að vera færð til verðlags 1. jan. 1980, sem nemur rúmum 2.5 millj. Síðan eru teknir tveir fyrstu mánuðir ársins 1980. Þar eru gefnar upp rúmar 1000 vínflöskur, en þær kosta tæpar 2 millj. kr. Þarna sýnist mér einhver skekkja vera í, hvernig verðlagið er fært til. (**Gripið fram í:** Misjafnt verð eftir tegundum.) Það kann að vera það, en þetta þykir mér þó óeðlilega mikill munur.

Í annan stað þykir mér furðulegt hvað „sveitamönnum" er skemmt yfir þeim hugleiðingum sem hér er verið að flytja. Kjarni málsins held ég að sé sá, sem menn ræða ekki hér, að í fyrsta lagi er um að ræða veislur sem haldnar eru í húsakynnum ráðuneytanna. Ég get t. d. upplýst það, að þá mánuði sem ég sjálfur sat í ráðuneytum, — ég held að ég fari áreiðanlega rétt með það — hafi verið fimm slíkar veislur haldnar. Sú fyrsta var reyndar uppfylling á loforði sem fyrrv. hæstv. menntmrh., Ragnar Arnalds, hafði gefið og sjálfsagt var að standa við og fjórar til viðbótar og get ég gefið um það skýrslur. En að öðru leyti voru þessi fríðindi ekki notuð. Málið er það, að það er hægt að nota þessi fríðindi með þeim hætti að færa þetta inn á heimili og þar er stórfelld misnotkunarhætta. Ég er ekki að segja misnotkun, ég er aðeins að segja: það er misnotkunarhætta, hvað sem „sveitamönnum" kann um það að finnast. Ég held að það sé það sem við ættum að spyrja glögglega um: Er slík misnotkun liðin? Jafnvel þó að því sé lýst yfir, að árið 1971 hafi því verið hætt að menn notuðu þetta persónulega, sem er út af fyrir sig from yfirlýsing, þá segir mér svo hugur um að það sé ekkert nema orðin tóm, í vissum tilfellum a. m. k. Og það held ég að sé kjarni þessa og það skildist mér að hv. fyrirspyrjandi væri m. a. að spyrja um, en við því hafa engin svör fengist.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að ég tek undir það með fyrirspyrjanda, að tónninn og framsetningarmátinn í svörum hæstv. fjmrh. og svo undirtektir einhverra manna hér í salnum þykir mér vera langt fyrir neðan þá virðingu sem þessar upplýsingar ættu að njóta hér. Þetta held ég að sé kjarni málsins. Það er misnotkunarhætta þarna og við ættum að fá upplýsingar um það, hvort slík misnotkun hefur átt sér stað.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri að það sé talið eðlilegra að menn séu á fylliríi á vinnustað sínum heldur en heima hjá sér. Ég kannast ekki við þetta og ég hélt að það mundi kannske vilja fara að ruglast í möppunum fyrir ýmsum ef mikið væri umleikis í brennivíni á vinnustað. Þetta er alveg öfugt við þá reglu sem t. d. ég hef haft.

En menn voru að tala um hversu mjög hann hefði sparað, vinur minn Vilhjálmur Hjálmarsson. Hafa menn athugað kökureikningana hans? Það var slíkt meðlæti á borðum þar af kökum og kruðerii, að menn gengu þaðan og urðu veikir af í staðinn fyrir að koma hressir og endurnærðir frá venjulegum ráðherrum. Ég vildi þá spyrja um kostnaðinn, sem mér skilst og hefur verið sagt að væri margfaldur á við það sem hóflega drukkið vín hefði kostað í þeim veislum sem hér greinir. Og ég vil benda á það, enda þótt ég hafi ekkert fyrir mér í því, að það sé beint orsakasamband þar í milli, að Vilhjálmur, vinur minn, var settur við fyrsta tækifæri sem gafst úr þessari stöðu. Eftir fyrstu kosningar varð hann ekki aftur ráðh. Aftur á móti er ég kunnugur manni, dr. Gylfa Þ. Gíslasyni, sem er allra manna veitulastur og hann var í þessum ráðherrastóli í 15 ár í röð. Ég vil nú spyrja hv. Alþfl.-menn hvort þeir telji þetta ekki til fyrirmyndar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að bæta hér nokkrum orðum við, einkum og sér í lagi vegna aths. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, sem er að gera því skóna að svör mín séu ófullnægjandi, ég hafi verið spurður hér spurninga sem ég hafi alls ekki svarað. Og þegar hlustað er gjörla eftir því, hvað það á að vera sem á vantar, þá er það hvort verið geti að ráðherrar hafi misnotað þessar heimildir sem ráðuneytin hafa til áfengiskaupa. Ég er hræddur um að það stæði miklu nær fyrrv. dómsmrh. að svara spurningu af því tagi. A. m. k. er mér ekki nokkur leið að svara þeirri spurningu, hvort einstakir ráðherrar hafi misnotað þær heimildir, sem ráðuneytin hafa til áfengiskaupa, og hvort þeir hafi tekið með sér flösku heim eða ekki. Þar er ég hræddur um að fáir geti svarað nema að undangenginni nákvæmri rannsókn, sem aldrei verður sjálfsagt framkvæmd fyrir fortíðina.

Ég vil svo bara bæta því við vegna orða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og þess, sem hann sagði hér um opinbera starfsmenn, að það er alveg rétt, að opinberir starfsmenn hafa talið sig eiga rétt til þess að fá sem hlunnindi tvær flöskur af áfengi á niðursettu verði og þetta mun hafa viðgengist í marga áratugi. (**SighB:** Bara starfsmenn stjórnarráðsins.) Já, starfsmenn stjórnarráðsins. En sannleikans vegna held ég að rétt sé að það komi hér fram, að þessi siður hefur haldist og hann var við lýði á seinasta ári og hefur þegar verið framkvæmdur á þessu ári. Ég vildi að það kæmi fram, þannig að ekki væri neinn misskilningur á ferðinni hvað þetta snertir.

Sameinað þing, 53. fundur.

Þriðjudaginn 6. maí, að loknum 52. fundi.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980, skýrsla forsrh. (þskj. 410).

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ríkisstj. samþykkti hinn 29. apríl s. l. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980. Áætlunin var lögð fram á Alþingi laugardaginn 3. maí. Mun ég gera hér nokkra grein fyrir efni þessarar áætlunar.

Í lögum nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., segir að leggja skuli fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn. Þá segir þar enn fremur, að með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skuli lagt fram frv. til l. um lántöku- og ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til fjáröflunar vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða, að því marki sem slík ákvæði eru ekki í frv. til fjárl. eða fjárlögum. Í samræmi við þetta var frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980 lagt fyrir Alþ. samtímis þessari skýrslu.

Þingrofið í okt. 1979, alþingiskosningarnar í des. og hin langvinna stjórnarkreppa, sem fylgdi í kjölfarið, hafa

á ýmsan hátt raskað eðlilegum gangi þingmála. Af þessum sökum var ekki kleift að leggja fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild fyrir Alþ. samtímis fjárlagafrv. eins og lög um stjórn efnahagsmála gera ráð fyrir. En sérstakt fskj. ásamt grg. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir ríkisframkvæmdir á árinu 1980 var lagt fram fyrir 3. umr. um fjárlagafrv. Þessi skýrsla um áætlunina í heild fylgir nú svo fljótt á eftir samþykkt fjárlaga sem kostur hefur verið við þessar aðstæður.

Í lögunum um stjórn efnahagsmála eru ákvæði um viðfangsefni fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar. Þar segir að í áætlunum þessum skuli m. a. eftirtalin atriði koma fram:

1. Heildaráætlun um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra með framlögum á fjárlögum, eigin fjármögnun opinberra fyrirtækja og lánsfé, enn fremur um framkvæmdir annarra aðila.
2. Framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga.
3. Framlög til fjárfestingarlánasjóða.
4. Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða og fjármögnun þeirra.
5. Útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða.
6. Áætlun um erlendar lántökur opinberra aðila.

Þá skal gera grein fyrir þróun og horfum um fjárfestingu í einstökum atvinnuvegum, fyrir áætlunum um þróun peninga- og lánamála og áætlun um erlendar lántökur. Enn fremur skal setja fram mat á atvinnuástandi og atvinnuhorfum svo og mannaflaþörf og umsvifum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sérstaklega.

Allt frá árinu 1963 hafa verið samdar árlega framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir vegna þeirra ríkisframkvæmda sem fjármagnaðar eru af lánsfé. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 er fimmta árlega heildaráætlun um lánastarfsemi og fjárfestingarmál, en hin fyrsta sem lögð er fyrir Alþingi eftir setningu lagaákvæða um gerð slíkra áætlana. Lagasetningin er í veigamiklum atriðum staðfesting og formbinding á starfsvenju, sem verið hefur í mótun um langt skeið í því skyni að Alþingi eigi þess kost að fjalla um fjárhagsmálefni hins opinbera og landsins alls á heildstæðan hátt.

Að þessu sinni hafa atvikin ráðið því, að tímabil undirbúnings hefur ekki verið svo rúmt sem skyldi og því ekki reynst unnt að fjalla samtímis um fjárlög og lánsfjáráætlun að öllu leyti, eins og æskilegast er.

Áætlunin er samin á vegum ríkisstj. og hafa Þjóðhagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök rn. annast undirbúning.

Í stjórnarsáttmála ríkisstj. er mörkuð meginstefna í fjárfestingarmálum. Þar segir að heildarfjárfestingu á árunum 1980 og 1981 skuli haldið innan þeirra marka sem ákvarðast af eftirspurn, viðskiptajöfnuði og atvinnuöryggi og nemi fjárfestingin um fjórðungi af Þjóðarframleiðslu. Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er. Áhersla skuli lögð á framkvæmdir á sviði orkumála. Til þess að tryggja næga atvinnu og koma í veg fyrir ofþenslu á vinnumarkaði er félmrn. og Þjóðhagsstofnun ætlað að fylgjast náið með atvinnuástandi og horfum í öllum greinum atvinnulífs og opinberum framkvæmdum um allt land. Komi í ljós að hætta sé á atvinnuleysi eða ofþenslu í einhverri grein skal ríkisstj. gert aðvart til þess að unnt verði í tæka tíð að gera nauðsynlegar ráðstafanir með ákvörðun ríkisstj. og samkomulagi við aðra aðila.

Þjóðhagsstofnun hefur lagt drög að nýrri þjóðhagsspá fyrir árið 1980. Niðurstaða hennar er að þjóðarframleiðslan verði um 1230 milljarðar og fjárfesting 327 milljarðar kr. Hlutfall fjárfestingar af þjóðarframleiðslu er því rúmlega fjórðungur eða um 26.5%. Ástæðan til þess, að farið er lítið eitt fram úr fjórðungsmarkinu, er hin brýna nauðsyn að efla innlenda orkuframleiðslu og dreifingarkerfi bæði rafveitna og hitaveitna.

Í þjóðhagsspánni felst að þjóðarframleiðsla aukist um 1.5% á árinu 1980, en þjóðartekjur standi í stað vegna rýrnandi viðskiptakjara. Utanríkisviðskiptin eru ákaflega snar þáttur í íslenskum þjóðarbúskap. Niðurstöðum þeirra er lýst með þrenns konar tölum. Fyrst er vöruskiptajöfnuður, en hann er jöfnuður útflutnings og innflutnings á vörum. Sé jöfnuðurinn hagstæður, þá er afgangur á vöruskiptunum við útlönd. Það merkir að við höfum flutt út meira af vörum en við höfum flutt inn. Sé jöfnuðurinn óhagstæður hefur meira verið flutt inn en út og þá er talað um halla á vöruskiptunum.

Annar mælikvarði á utanríkisviðskiptin er þjónustujöfnuður, en hann er niðurstaðan af þeim reikningi sem sýnir annars vegar andvirði seldrar þjónustu til útlanda, en hins vegar útgjöld til kaupa á ýmiss konar þjónustu frá útlöndum. Af helstu þáttum þessara viðskipta má nefna tekjur og útgjöld af samgöngum við útlönd, sölu og kaup á vátryggingum til og frá útlöndum, vaxtatekjur og vaxtagjöld af erlendum viðskiptum og lánum, auk ýmissa annarra liða, eins og t. d. útgjöld ferðamanna. Séu þessir tveir reikningar, þ. e. vöruskiptajöfnuður og þjónustujöfnuður, dregnir saman, þá fáum við þriðja mælikvarðann, viðskiptajöfnuðinn, en hann sýnir heildarniðurstöðu utanríkisviðskiptanna, þ. e. andvirði seldrar vöru og þjónustu til útlanda, útflutningstekjur okkar — á móti andvirði aðkeyptrar vöru og þjónustu frá útlöndum. Sé afgangur af viðskiptajöfnuði, eða sé hann hagstæður m. ö. o., höfum við selt meira þaðan til útlanda af vörum og þjónustu en við höfum keypt þaðan, og sé jöfnuðurinn óhagstæður, m. ö. o. viðskiptahalli sé, þá þýðir það að útgjöld okkar til kaupa á innflutningi og erlendri þjónustu eru meiri en tekjurnar af sölu vöru og þjónustu til útlanda.

Vöruskiptajöfnuður í ár er talinn verða hallalaus og jafnvel með nokkrum afgangi. Hins vegar er hætta á miklum halla á þjónustujöfnuði. Á undanförnum áratug hefur þjónustujöfnuður yfirleitt verið hallalaus, þar til í fyrra að halli varð um 16.5 milljarðar kr. Þessi halli stafar fyrst og fremst af þrennu: Mikilli hækkun vaxta af erlendum lánum, halla vegna erfiðleika í flugrekstri og auknum útgjöldum vegna ferðalaga erlendis. Á árinu 1980 eru horfur á að halli á þjónustujöfnuði verði ekki minni að raunverulegu verðgildi en á liðnu ári. Því er þess vegna spáð, að verulegur halli verði á viðskiptajöfnuði. Ríkisstj. mun vinna að því með öllum tiltækum ráðum að viðskiptahallinn fari minnkandi á næstu misserum.

Niðurstaða lánsfjáráætlunar er að erlendar skuldir þjóðarinnar muni aukast um 39 milljarða á árinu 1980. Erlendar lántökur í heild verða um 85.5 milljarðar kr., en endurgreiðslur eldri lána alls um 46 milljarðar. Samkv. áætlun Seðlabankans verður greiðsubyrði af er-

lendum skuldum á þessu ári væntanlega rúmlega 16% af útflutningstekjum. Greiðslubyrðin í þessum skilningi ræðst af almennum lánskjörum, hæð vaxta á alþjóðalánamarkaði og útflutningstekjum. Vextir eru afar háir á lánamarkaði um þessar mundir og ætti að vera nokkur von til þess að þeir fari lækkandi á næstu árum. Útflutningshorfur á komandi árum virðast fremur vænlegar, ef vel tekst til um hagnýtingu fiskstofna og eflingu orkuframleiðslu. Ástæða er því til að ætla að greiðslubyrði fari ekki hækkandi úr hófi fram á næstu árum ef rétt er á haldið.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að greiðslubyrði á mælikvarða útflutningstekna er ekki alls kostar heppileg viðmiðun þegar um er að ræða erlendar skuldir sem stofnað er til vegna framkvæmda sem spara innflutning á eldsneyti. En um þessar mundir er einmitt miklu fé varið til slíkra framkvæmda. Hlutfall erlendra skulda af þjóðarframleiðslunni mun hins vegar haldast óbreytt.

Áætlunin felur í sér rúmlega þriðjungsaukningu framkvæmda í orkumálum frá fyrra ári. Framkvæmdir við rafvirkjanir og rafveitur aukast um 46% og ber þar hæst Hrauneyjafossvirkjun. Framkvæmdir við hitaveitur aukast um 17%. Í heild verður hlutfall orkuframkvæmda af þjóðarframleiðslu tæp 6% og er það með því allra mesta á síðustu áratugum. Á næstu árum munu þessar framkvæmdir skila sér í auknum útflutningstekjum og innflutningssparnaði.

Skráð atvinnuleysi á fyrsta fjórðungi 1980 er 0.4% að mannafla eða færri en 450 menn að meðaltali. Þetta eru lægstu atvinnuleysistölur í byrjun árs frá því heildarskráning hófst 1969. Nýlega hefur verið gert könnun á atvinnuástandi og horfum í byggingariðnaði. Niðurstöður hennar virðast í aðalatriðum þær, að í ársbyrjun 1980 muni atvinnuástand í byggingarstarfsemi hafa verið svipað og undanfarin ár, en horfur taldar nokkuð óvissar, ekki síst vegna þess að ákvarðanir um opinberar framkvæmdir og starfsemi fjárfestingarlánasjóða lágu ekki fyrir.

Fjárfestingaráætlunin felur í sér aukningu á umsvifum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð um 4—5% frá árinu 1979, en á því ári dróst þessi starfsemi saman um 2%. Að þessu athuguðu og með samanburði við fyrri ár er talið að atvinnuástand verði gott á árinu 1980 í þessari grein og yfirleitt í landinu. Þetta er þó vitaskuld háð því að atvinnuvegirnir gangi snurðulaust.

Þegar litið er yfir þau atriði, sem ég hef nú sérstaklega fjallað um, verður ekki annað sagt en fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin fyrir 1980 nái með viðunandi hætti fyrrgreindum markmiðum stjórnarsáttmálans.

Í skýrslunni er gerð allítarleg grein fyrir efnahagshorfum þessa árs. Þess vegna ætla ég aðeins að stikla á helstu atriðum í þeirri þjóðhagsmynd sem nú blasir við.

Ef svo fer sem horfir er útlit fyrir að þorskafli verði meiri á þessu ári en í fyrra, en loðnuaflinn hins vegar minni. Gangi þessar áætlanir eftir og sé jafnframt gert ráð fyrir að annar afli verði svipaður í ár og í fyrra, gæti framleiðsla sjávarafurða aukist um 2% á þessu ári. Stækkun álverksmiðjunnar lýkur á þessu ári og við það eykst afkastageta hennar um 13%. Framkvæmdum við síðari áfanga járnblendiverksmiðjunnar lýkur einnig seint á árinu og eykst afkastagetan þá úr 25 þús. tonnum í 50 þús. tonn. Ef næg raforka fengist fyrir verksmiðjurnar yrði framleiðsla álverksmiðjunnar um 7% meiri í ár en í fyrra og framleiðsla járnblendiverksmiðjunnar um tvöfalt meiri.

Að undanförnu hefur dregið úr orkusölu til þessara fyrirtækja vegna vatnsskorts og útlit er fyrir að í haust verði aftur að skammta rafmagn til þessara fyrirtækja og e. t. v. fleiri stórra rafmagnsnotenda. Af þessum sökum eru horfur á að framleiðsla áls og járnblendis verði minni í ár en afkastageta verksmiðjanna leyfir. Önnur iðnaðarframleiðsla en til útflutnings gæti aukist nokkuð á árinu.

Að öllu samanlögðu virðist mega gera ráð fyrir a. m. k. 4% aukningu útflutningsframleiðslunnar í heild á árinu. Útflutningsframleiðsla jókst hins vegar á síðasta ári um 13%, enda var aukning framleiðslu sjávarafurða þá um 14%.

Útflutningsverðlag hækkaði á síðasta ári um 8% í erlendri mynt miðað við árið á undan, en undir lok ársins dró úr hækkuninni. Verðlag vöruinnflutnings hækkaði um 19% þannig að viðskiptakjör rýrnuðu um 9%. Viðskiptakjörin fóru versnandi eftir því sem á árið leið. Meginástæðan var hin gífurlega hækkun olíuverðs. Gengislækkun Bandaríkjadollars átti og nokkurn þátt í rýrnun viðskiptakjaranna í fyrra. Sé gert ráð fyrir að innflutningsverð á olíu verði á síðari hluta ársins líkt og verð á Rotterdammarkaði um miðjan apríl lætur nærri að innflutningsverð olíu á þessu ári verði að meðaltali um 25% hærra í erlendri mynt en í fyrra. Í þessum efnum er þó engin spá trygg. Annað innflutningsveð er talið munu hækka heldur meira en í fyrra eða um 10% í erlendri mynt. Útflutningsverðlag hækkar aftur á móti að líkindum líkt og á liðnu ári eða um 8% í erlendri mynt.

Á þeim forsendum, sem nú hafa verið greindar, verða viðskiptakjörin í ár um 5% lakari en á síðasta ári, en þó heldur betri en þau voru á síðasta fjórðungi ársins 1979. Þessa spá um viðskiptakjör verður að telja óvissa og e. t. v. reista á nokkurri bjartsýni.

Niðurstaða fjárfestingaráætlunar fyrir árið 1980 er sú, að heildarútgjöld til fjárfestingar aukist um 4.7% að raungildi frá fyrra ári. Fjármunamyndunarspáin er reist á þeirri forsendu, að byggingarkostnaður hækki að meðaltali um 45% milli áranna 1979 og 1980. Á þessum forsendum eru fjárfestingarútgjöldin í heild talin verða 327 milljarðar kr. eða, eins og getið var áður, um 26.5% af þjóðarframleiðslu. Samkv. bráðabirgðatölum fyrir árið 1979, sem eru að nokkru áætlaðar, námu heildarútgjöld til fjármunamyndunar á því ári röskum 217 milljörðum kr. eða um 26% af þjóðarframleiðslu.

Sú aukning opinberra framkvæmda, sem fram kemur í þessari áætlun, stafar mest af aukinni áherslu á orkuframkvæmdir og einkum vega framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun hér þungt, m. a. af því að þeim virkjunarframkvæmdum var frestað nokkuð á s. l. ári. Áætlað er að alls verði 31 milljarði kr. varið til framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun á þessu ári, en framkvæmdaáform miðast við að unnt verði að taka fyrsta áfanga virkjunarinnar í notkun haustið 1981.

Fjárfestingarútgjöld atvinnuvega á árinu 1980 eru í heild talin verða 3.5% minni en á árinu 1979. Af einstökum greinum má nefna, að reiknað er með 10% samdrætti í fjárfestingu í landbúnaði. Í fiskiskipakaupum er í heild reiknað með 18% samdrætti. Innlend skipasmíði og endurbætur voru með mesta móti á s. l. ári, og líklegt er að nýting afkastagetu skipasmíðastöðva, sem annast nýsmíði, hafi verið óvenjugóð. Innlend nýsmíði og endurbætur eru samtals metnar til yfir 10 milljarða kr. árið 1979, en á þessu ári eru horfur á að nýsmíði verði

litlu minni. Ákveðið hefur verið að fjármagna innlenda skipasmíði beint með erlendum lánum, sem koma í stað smíðalána Fiskveiðasjóðs, en þessi lánstilhögun er ekki fullfrágengin og getur hún ráðið nokkru um framkvæmdahraða.

Fjárfesting í fiskvinnslu jókst um fimmtung á árinu 1979. Enda þótt útlán fjárfestingarlánasjóðs til vinnslustöðva aukist verulega á þessu ári má gera ráð fyrir að erfið staða frystihúsanna í ársbyrjun haldi nokkuð aftur af framkvæmdum, en reiknað er þó með að framkvæmdir á árinu 1980 verði svipaðar og á s. l. ári. Framkvæmdir við álverksmiðju er áætlað að verði röskum fimmtungi meiri í ár en í fyrra. Stækkun verksmiðjunnar lýkur um mitt ár og jafnframt er unnið að uppsetningu hreinsitækja. Framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna verða heldur minni í ár en á s. l. ári, en byggingu verksmiðjunnar verður að mestu lokið á árinu. Fjárfesting í öðrum iðnaði jókst um 3% á árinu 1979 og stafaði sú aukning af fjárfestingu í vinnslustöðvum landbúnaðarins. Úr þeim framkvæmdum mun draga á þessu ári, en á hinn bóginn benda útlánaáætlanir lánasjóða iðnaðarins til nokkurrar aukningar að raungildi. Því þykir líklegast að iðnaðarfjárfestingin í heild aukist um 3—4%.

Framkvæmdir við verslunar-, skrifstofu- og gistihús eru taldar hafa dregist saman um 18% á s. l. ári. Vitneskja um framkvæmdaáform 1980 er af skornum skammti, en spáð er 5% samdrætti frá fyrra ári.

Bráðabirgðatölur fyrir árið 1979 benda til þess, að íbúðabyggingar hafi verið um 2% minni en árið áður. Íbúðabyggingar hafa í raun verið svipaðar að magni allt frá árinu 1974. Verkefni við smíði íbúðarhúsa í byrjun þessa árs eru talin hafa verið svipuð og árið áður.

En víkjum nú aftur að fjárfestingu hins opinbera. Framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera á árinu 1979 voru svipaðar og árið áður, en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins var gert ráð fyrir 5% samdrætti. Talsverð aukning var í raforkuframkvæmdum, hitaveituframkvæmdir voru svipaðar og árið áður, en aðrar opinberar framkvæmdir voru minni. Í fjárfestingaráætlun ársins 1980 er gert ráð fyrir að 127 milljörðum kr. verði varið til opinberra framkvæmda. Þessi fjárhæð er tæplega 39% af heildarútgjöldum til fjármunamyndunar samkv. fjárfestingaráætlun, en var 33% á árinu 1979. Aukning opinberra framkvæmda stafar að langmestu leyti af framkvæmdum á sviði orkumála sem beinlínis eru forsenda aukinnar framleiðslu og athafna á vegum einstaklinga og samtaka þeirra. Hér á landi eru þessar framkvæmdir á vegum opinberra fyrirtækja, en í raun og veru má líta á þær margar hverjar sem hina arðvænlegustu atvinnuvegafjárfestingu.

Raforkuframkvæmdir eru taldar aukast um 46% og er gert ráð fyrir að til þeirra verði varið um 50 milljörðum kr. á árinu. Framkvæmdir við hitaveitur hafa verið mjög miklar undangengin ár. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir verulegum lánveitingum til hitaveitna sveitarfélaga og er áætlað að þessar framkvæmdir aukist að raungildi um 17% á árinu. Áætluð útgjöld vegna hitaveituframkvæmda á þessu ári nema rösklega 20 milljörðum kr. Stærstu verkefnin á því sviði eru Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveita Akureyrar, Hitaveita Suðurnesja og Hitaveita Reykjavíkur. Áformað er að leita heimildar til erlendrar lántöku fyrir bæjar- og sveitarfélög er nemi rösklega 6.5 milljörðum kr. Þar af renna 5 milljarðar til hitaveituframkvæmda, 1.1 milljaður til raforkuöflunar í Svartsengi og ½ milljarður til ýmissa annarra verkefna á þessu sviði. Síðar verður vikið að hitaveituframkvæmdum og mikilvægi þeirra fyrir þjóðarbúskapinn á tímum hinna miklu umhleypinga á olíumörkuðum erlendis sem orðið hafa á síðustu árum.

Framkvæmdir við samgöngumannvirki hafa dregist saman nokkur undanfarin ár, en á þessu ári er gert ráð fyrir að þær verði auknar í heild um 5%. Vegaframkvæmdir aukast þó mun meira eða um þriðjung. Framkvæmdir við flugvelli aukast um fimmtung, en á hinn bóginn verður samdráttur í fjárfestingarútgjöldum Pósts og síma, enda er byggingu jarðstöðvar að mestu lokið.

Samkv. fjárfestingaráætlun fyrir árið 1980 verður fjármunamyndunin 6.8% meiri að raungildi í ár en í fyrra. Niðurstaðan af spám er sú, að þjóðarútgjöld aukist um 1% eða svipað og á s. l. ári, að þjóðarframleiðsla vaxi um 1.5% í ár eða um 0.5% á mann, en vegna versnandi viðskiptakjara munu þjóðartekjur í heild standa í stað eða minnka um 1% á mann. Verði sjávarafli meiri en hér er reiknað með og komi ekki til frekari rafmagnsskömmtunar til stóriðju í haust gæti aukning þjóðarframleiðslu orðið nær 2%. Meiri takmarkanir á afla og minni framleiðsla stóriðjufyrirtækjanna en hér er gert ráð fyrir gætu aftur á móti falið í sér að aukning þjóðarframleiðslu yrði nær 1%.

Forsendur fjárlaga um kauplags- og verðlagsbreytingar voru þær, að kauplag hækkaði um 42% að meðaltali milli áranna 1979 og 1980, vísitala byggingarkostnaðar um 45% og neysluverðlag um 47%. Þessar forsendur voru reistar á áætlun fyrir fyrri hluta ársins og markmiðum niðurtalningarstefnu ríkisstj. um hækkanir á síðari hluta ársins. Þetta fól í sér að hækkunin frá upphafi til loka árs 1980 yrði rúmlega 30%. Hins vegar horfir nú svo, að verðlag hækki meira á fyrri hluta ársins en gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrv.

Nú er áætlað að hækkun framfærsluvísitölu frá febr. til maí verði vart undir 12—13% og gætu laun þá hækkað um 11—11.5% 1. júní, en í fjárlagaforsendum var gert ráð fyrir 8% hækkun. Markmið ríkisstj. er að halda verðbreytingum innan við 7% frá maí til ágúst og innan við 5% frá ágúst til nóv. Takist þetta yrði verðhækkun frá upphafi til loka árs innan við 40%, en meðalhækkun verðlags milli ára 1979 og 1980 væntanlega nálægt 50%. Verðhækkanir að undanförnu gera það að verkum, að nú er mjög brýnt að beita öllum tiltækum ráðum til þess að hamla gegn verðbólgu á síðari hluta ársins. Í þessu sambandi er mikilvægt að fjárhæðir fjárveitinga og lánveitinga til framkvæmda verði ekki rýmkaðar vegna þessara verðlagshækkana, og þess vegna er fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin í aðalatriðum miðuð við verðlagsforsendur fjárlaga óbreyttar. Ástæðan er einnig sú, að svo mikil tengsl eru milli fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar að óhjákvæmilegt er að hvort tveggja sé á sama verðlagi. Þetta tryggir rétta samsvörun milli fjárlaga og lánsfjáráætlunar og auðveldar heildaryfirsýn yfir stefnumörkun ríkisstj. í opinberum fjármálum og lánsfjármálum. Á hinn bóginn eru verðlagsforsendurnar ein af meginviðmiðunum í peningamálum og nauðsynlegt að við ákvörðun þeirra sé tekið nokkurt tillit til breyttra verðlagshorfa.

Ný útlán stofnlánasjóðanna eru áætluð 57.5 milljarðar kr. og er það tæplega 30% aukning frá fyrra ári. Þetta er töluvert minni aukning en svarar áætluðum verðbreytingum. Slíkt aðhald er óhjákvæmilegt vegna aukningar á

raforku- og hitaveituframkvæmdum. Lán íbúðarlánasjóða munu þó aukast að raungildi, en á hinn bóginn verður nokkur samdráttur í útlánum atvinnuvegasjóða. Þrátt fyrir það er áætlað að útlán til einstakra mikilvægra málaflokka verði aukin. Má hér einkum nefna lán til iðnaðar og fiskiðnaðar.

Fjár til útlánastarfsemi fjárfestingarlánasjóða er aflað með þrennum hætti: a) með eigin fé, b) opinberum framlögum og lögboðnum skatttekjum og c) með lántökum. Hluti lánsfjár í heildarútlánum sjóðanna var um helmingur á árinu 1978, fór í 60% á s. l. ári og verður svipaður á þessu ári. Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna afar þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi. Það er skoðun ríkisstj., að nauðsynlegt sé að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra. Jafnframt verður að leggja á það ríka áherslu, að sjóðirnir styrki fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsærri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til þorra nýrra útlána. Eldri óverðtryggð lánskjör vega þó enn þungt og veldur verðbólgan mikilli skerðingu þess fjár. Loks er nauðsynlegt að útlánakjör verði samræmd frekar en nú er og er að því unnið.

Áætlað er að lífeyrissjóðir láni fjárfestingarlánakerfinu 15.5 milljarða kr. auk þess sem þeir verji 6 milljörðum til kaupa á skuldabréfum ríkissjóðs. Óhætt mun að fullyrða að kjör á þessum lánum lífeyrissjóðanna eru hin hagstæðustu sem völ er á. Sjóðunum er nauðsynlegt að tryggja sem besta ávöxtun lífeyrisiðgjalda og þar með lífeyrisgreiðslur þegar fram í sækir. Lán lífeyrissjóðanna skiptast á Byggingarsjóð og Framkvæmdasjóð, en aðrar lántökur Byggingarsjóðs ríkisins eru innkomið skyldusparnaðarfé og frá Atvinnuleysistryggingasjóði eins og verið hefur undanfarin ár.

Gert er ráð fyrir að viðskiptabankarnir láni til Framkvæmdasjóðs 4% af innlánsaukningu ársins 1980 eins og á liðnu ári. Þessi viðskipti milli Framkvæmdasjóðs og bankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 13 ár og allt fram til ársins 1978 var hér um að ræða 10% af innlánsaukningu bankanna. Á þennan veg taka bankarnir þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma. Samkv. áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 18 050 millj. kr. á árinu 1980, þar af 17 050 millj. kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er sú fjárhæð miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóða sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmdasjóður þurfa að taka erlend lán er nemi 5050 millj. kr. Þá er og um að ræða erlend lán til Byggðasjóðs, 1500 millj. kr., og er það lán tekið með í áætlun um lánsfjáröflun ríkissjóðs. Auk þess og alveg utan síns reglubundna starfssviðs mun Framkvæmdasjóður annast útvegun 3000 millj. kr. láns til Framleiðsluráðs landbúnaðarins með ábyrgð ríkissjóðs og Byggðasjóðs.

Sem fyrr sagði er í útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs, sem ríkisstj. hefur fjallað um, gert ráð fyrir 5050 millj. kr. erlendum lántökum til endurlána til atvinnuvegasjóðanna. Ríkisstj. hefur samþykkt þessa útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs með þeirri breytingu, að hinni erlendu lántöku verði skotið á frest að hálfu leyti til fyrstu mánaða ársins 1981. Þessari frestun verður síðan skipt niður á sjóðina eftir nánari ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins í samráði við ríkisstj. Ástæðan fyrir þessari frestun er auðvitað sú þörf sem á því er að halda erlendum lántökum í heild í skefjum, ekki síst þegar lánskjör á alþjóðlegum lánamarkaði eru jafnþung og nú er, en einnig má á það benda, að greiðslustaða fjárfestingarlánakerfisins var betri í upphafi árs 1980 en verið hefur undanfarin ár.

Þær áætlanir um peningamál, sem fram eru settar í lánsfjáráætlun ársins 1980, eru eins og aðrar stærðir áætlunarinnar reistar á fjárlagaverðlagi. Ég hef þegar fjallað um verðlagshorfurnar og bent á að stefnt yrði að því að verðlagshækkun frá upphafi til loka þessa árs yrði ekki meiri en 40%. Í þessu mundi felast veruleg hjöðnun verðbólgunnar, því að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 61% á árinu 1979. Á þessum verðlagsforsendum mundu nafnvextir vaxtaaukainnlána og útlána að líkindum haldast lítt breyttir á árinu, en gera verður ráð fyrir endurskoðun vaxta á öðrum tegundum innlána og útlána þannig að vaxtakerfið myndi skipulegri heild. Með hjöðnun verðbólgu verður þannig stefnt að verðtryggingarmarkinu. Slík þróun stuðlar að auknum peningalegum sparnaði einkaaðila og eykur möguleika á þátttöku innlánsstofnana í fjármögnun opinberra framkvæmda, sem annars krefjast erlends lánsfjár. Áformað er að semja við innlánsstofnanir um verðbréfakaup í þessu skyni, eins og áður var nefnt. Afstaða sparifjáreigenda til ávöxtunarkjara innlána ræður miklu um getu banka og sparisjóða til að veita langtímalán.

Það er stefnt að því, að aukning almennra útlána innlánsstofnana fari ekki fram úr 37% á árinu. Standist jafnframt áætlanir um greiðsluafkomu ríkissjóðs og endurkaup afurðalána munu heildarútlán bankakerfisins aukast um 29% á árinu. Er þetta raunar sú hámarksútlánaaukning sem samrýmist settum markmiðum við gefnar forsendur. Breyttar forsendur, t. d. um innlánsaukningu, breyta að sjálfsögðu útlánagetu innlánsstofnana.

Áætlað er að innlán á vaxtaaukareikningum og öðrum uppsagnarreikningum aukist um 49% eða um 10 prósentustigum meira en verðlag. Í samræmi við reynslu síðustu ára má hins vegar búast við nokkru hægari aukningu annarra innlána og er gert ráð fyrir 40% aukningu peningamagns í víðri merkingu, þ. e. samtölu heildarinnlána seðla og myntar í umferð. Þegar frá eru taldar innstæður á uppsagnarreikningum er áætlað að peningamagnið aukist um 35%.

Í stjórnarsáttmála ríkisstj. segir að í peningamálum skuli mörkuð stefna er stuðli að hjöðnun verðbólgu. Eins og hér hefur verið lýst verður í þessu skyni beitt stjórntækjum sem í senn efla sparifjármyndun og koma í veg fyrir óhóflegt peningaútstreymi úr bankakerfinu.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að erlendar lántökur verði 85.5 milljarðar kr., en það er áætluð fjárþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda umfram það fé sem afla verður innanlands. Þetta er rösklega 13 milljörðum kr. hærri lánsfjárþörf en ef eingöngu væri litið til greiðslujafnaðarsjónarmiða. Til þess að skýra þetta nánar má minna á að þörf fyrir erlendar lántökur má annars vegar miða við þarfir fyrir erlendan gjaldeyri út frá greiðslujafnaðarhorfum og hins vegar þörf á að fjármagna nauðsynlegar og arðbærar framkvæmdir sem ekki reynist unnt að fjármagna með innlendum sparnaði. Frá greiðslujafnaðarsjónarmiði miðast þörfin fyrir erlendar lántökur á árinu 1980 við endurgreiðslu á eldri lánum að viðbættum halla á viðskiptajöfnuði, sem þjóðhagsspá áætlar um 16 milljarða kr., og því, sem telja má æskilegan bata á

gjaldeyrisstöðu. Þörfin fyrir erlendar lántökur umfram það sem nauðsynlegt er til að halda viðunandi greiðslujöfnuði stafar að sjálfsögðu að mestu leyti af hinum umfangsmiklu orkuframkvæmdum.

Á móti 85.5 milljarða kr. nýrri erlendri lántöku eru afborganir af löngum eldri lánum áætlaðar 46.3 milljarðar kr., nettóaukning þeirra þá 39.2 milljarðar. Er það 7% af áætluðum útflutningstekjum og 3.2% af áætlaðri þjóðarframleiðslu og er ívið hærra en samsvarandi hlutfall 1979, sem var 6.6% og 3%. Í heild er áætlað, að fjármagnsjöfnuður verði hagstæður um 30.4 milljarða kr., sem rynni til þess að jafna halla á viðskiptajöfnuði og bæta gjaldeyrisstöðuna um 14—15 milljarða kr.

Erlendar langtímalántökur opinberra aðila eru áætlaðar 49.8 milljarðar kr., þar af vegna A- og B-hluta fjárlaga 11.3 milljarðar, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs 30.4 milljarðar og er Landsvirkjun þar hæst með 28.7 milljarða. Auk þess er gert ráð fyrir að Landsvirkjun muni breyta um það bil 1.8 milljarða kr. skammtímalánum í lán til langs tíma. Loks eru lántökur á vegum bæjar- og sveitarfélaga áætlaðar 8 milljarðar kr. Löng erlend lán námu 334 milljörðum kr. í árslok 1979, og fært til meðalgengis er það um 35% af vergri þjóðarframleiðslu ársins. Að meðtöldum lántökum ársins 1980 er áætlað að hlutfallið haldist svipað og á s. l. ári. Benda má á að hlutfallið er háð því að afstöður verðlags og gengis standist samkvæmt spá.

Greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánum hefur þrjú s. l. ár verið sem hlutfall af útflutningstekjum sem hér segir: 1976 13.8%, 1977 13.7%, 1978 13.3%. Á árinu 1979 er áætlað, að hlutfallið verði um 14.2%, en á árinu 1980 er greiðslubyrðin áætluð rúmlega 16%. Þessi aukning á greiðslubyrðinni stafar bæði af hækkun lána og versnandi vaxtakjörum erlendis. Hér þarf svo auðvitað að hafa í huga, eins og ég nefndi áður, að greiðslubyrði mæld sem greiðslur afborgana og vaxta í hlutfalli við útflutningstekjur er ekki fullnægjandi mælikvarði þegar um er að ræða greiðslur af erlendum lánum sem tekin hafa verið til framkvæmda sem spara innflutning. Þetta kemur glöggt í ljós þegar bornar eru saman greiðslur af lánum til raforkuframkvæmda og hitaveituframkvæmda. Raforkuframkvæmdir skila sér fyrst og fremst í auknum útflutningstekjum og greiðslur af lánum til þeirra valda því ekki sömu hækkun á greiðslubyrði og lán til hitaveitna sem auka ekki útflutning, heldur spara innflutning og hafa því hagstæð áhrif á viðskiptajöfnuðinn á þann hátt. Til þess að sýna um hvaða stærðir hér er að ræða má geta þess, að sú breyting, sem orðið hefur á fjölda íbúa í olíukyntum húsum frá því á árinu 1970 svarar til þess, að 74 þús. manns færri búi á þessu ári við olíukyndingu en hefði verið ef við á þessu ári stæðum í sömu sporum með húsakyndingu og við gerðum á árinu 1970. Láta mun nærri að þetta jafngildi olíusparnaði að fjárhæð um 11 milljarða kr. fob. á árinu 1980, og er þá eingöngu metinn sá sparnaður sem stafar af breytingum á húsakyndingu heimila. En breytingin hefur einnig náð til fyrirtækja, og lauslega má áætla að sá innflutningssparnaður geti numið 4 milljörðum kr. á árinu 1980. Þessar tölur, 11 + 4 milljarðar kr., gefa hugmynd um hversu mikilvæg aukin innlend húshitun er á sviði gjaldeyrissparnaðar.

Í ljósi þessara staðreynda leggur ríkisstj. kapp á framkvæmdir við hitaveitur og fjarvarmaveitur á þessu ári.

Hæstv. fjmrh. mun gera grein fyrir því frv. til lánsfjárlaga, sem lagt hefur verið fram á Alþ., og fjalla þar nánar um fjáröflun til þeirra framkvæmda sem áætlunin tekur til.

Ég vil hins vegar að lokum gera nokkra grein fyrir heildarstefnu ríkisstj. í fjárfestingar- og lánamálum eins og hún birtist í þessari áætlun.

Kjarni stefnunnar í fjárfestingar- og lánamálum kemur fram í opinberri öflun lánsfjár innanlands og utan og ráðstöfun þess til opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða. Þetta er að sjálfsögðu aðeins hluti af heildarfjármögnun framkvæmda í landinu. Við þetta bætast erlendar lántökur einkaaðila sem hið opinbera heimilar og hefur hliðsjón af við áætlunargerðina, enn fremur opinber framlög og löggiltir tekjustofnar fjárfestingarlánasjóðanna svo og þeirra eigið fé. Um almenn markmið þessarar áætlunargerðar hef ég þegar fjallað. Þó vil ég nefna að miklar og brýnar framkvæmdaþarfir, einkum í orkumálum, en einnig á öðrum sviðum, kalla á strangt aðhald að öðrum greinum framkvæmda. Hins vegar var naumur tími til áætlunarstarfsins, ýmsar ákvarðanir þegar teknar og því torveldara en ella að koma skipulegu aðhaldi við á þeim skamma tíma sem ríkisstj. hefur starfað. Þannig var sýnt að ef ekki kæmi til talsvert meiri innlend fjáröflun en áformuð var í fyrstu stefndu erlendar lántökur úr hófi fram. Þess vegna er lögð á það rík áhersla að auka innlenda fjáröflun, sem hefði tvennt í för með sér: annars vegar að draga úr erlendum lánum og þar með greiðslubyrði síðar meir og hins vegar, sem ekki er síður mikilvægt, að með því yrði spornað gegn þensluáhrifum innanlands sem óhjákvæmilega fylgja miklum framkvæmdum.

Ríkisstj. hefur ákveðið að leita ekki heimildar til erlendrar lántöku á árinu 1980 í jafnríkum mæli og samþykkt framkvæmdaáform ýmissa fyrirtækja ríkissjóðs í B-hluta fjárlaga miðast við. Í þessu felst nokkur frestun framkvæmda.

Þá er þess að geta, að útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1980, sem ríkisstj. fjallar um, gerir ráð fyrir 5050 millj. kr. erlendum lántökum til endurlána til atvinnuvegasjóðanna. Ríkisstj. hefur samþ. þessa útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs með þeirri breytingu, að hinni erlendu lántöku verði skotið á frest að hálfu leyti til fyrstu mánaða ársins 1981. Þessari frestun yrði síðan skipt niður á sjóðina eftir nánari ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins í samráði við ríkisstj. Ástæðan fyrir þessari frestun er auðvitað sú þörf sem er á því að halda erlendum lántökum í heild í skefjum, ekki síst þegar lánakjör á alþjóðlegum lánamarkaði eru jafnþung og nú er. En einnig má á það benda, að greiðslustaða fjárfestingarlánakerfisins, eins og ég gat um áðan, var betri í upphafi árs 1980 en verið hefur að undanförnu.

Lánsfjáráætlunin, sem hér liggur fyrir, ber því merki um aðhaldsviðleitni, en þó er ljóst að það þarf að fylgja þessari stefnu fast eftir, ekki síst með því að efla enn innlendan sparnað. Til þess að það verði unnt er brýnt að haldið sé áfram á þeirri braut að verðtryggja sparifé landsmanna, en með því fæst aukinn innlendur sparnaður og þar með innlent lánsfé til framkvæmda.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin snertir flest svið efnahagsmála. Ríkisstj. hefur frá upphafi sett sér það mark að draga úr verðbólgu í áföngum. Verðbólgan er enn mesta vandamál íslenskra efnahagsmála og hún getur riðlað jafnvel traustustu áætlunum. Til þess að draga

úr verðbólgu þarf verulegt átak. Um áramótin síðustu var verðlag í landinu þegar orðið 26% hærra en ársmeðaltalið 1979. Ríkisstj. hefur sett sér það markmið að halda verðbreytingum á síðari hluta ársins svo í skefjum að verðlagshækkanir frá upphafi til loka árs verði innan við 40%. Þótt þetta yrði vissulega að teljast skref í rétta átt miðað við fyrra ár, þegar verðlag hækkaði um meira en 60% frá upphafi til loka árs, þá er engu að síður ljóst að þetta er aðeins fyrsti áfanginn á þeirri braut að koma verðbólgunni niður á svipað stig og gengur og gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. Mælt í meðaltölum milli ára yrði verðlagið samkv. þessu næstum 50% hærra 1980 en á árinu 1979. Skýringin á þessum mun er sú, að verðbólgan magnaðist mjög á síðari helmingi ársins 1979.

Með hliðsjón af þessum verðlagshorfum og jafnframt til þess að unnt sé að ráðast í allar þær þjóðþrifaframkvæmdir, sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin gerir ráð fyrir, er nauðsynlegt að ríkisfjármálin séu tryggð og aðhalds gætt í ákvörðun kaupgjalds og verðlagsákvörðunum öllum. Í stjórnarsáttmálanum hefur ríkisstj. sett sér það meginmarkmið að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Þessi fjárfestingaráætlun er liður í framkvæmd þeirrar stefnu. Ríkisstj. mun berjast gegn verðbólgu með aðhaldsaðgerðum er snerta verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingarmál og ríkisfjármál. Á það verður lögð höfuðáhersla, að beitt sé samstilltum aðgerðum á öllum þessum sviðum og jafnan þannig að atvinnuöryggi sé tryggt. Varanlegur árangur í þessum efnum næst ekki með skyndilausnum, heldur þrotlausu starfi þar sem fylgt er ákveðinni og sanngjarnri aðhaldsstefnu samfellt um alllangt skeið.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. S. l. laugardag voru lögð fram hér í Sþ. tvö þingmál, annars vegar fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980, þ. e. skýrsla ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem hæstv. forsrh. hefur nú mælt fyrir, hins vegar frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980 sem er flutt í Nd. Þar sem hér er um að ræða tvær hliðar á sama málinu, en síðara málið verður tekið til umr. í Nd. hér á eftir, þótti mér eðlilegra að það, sem ég segði um þessi mál, kæmi fram strax við þá umr. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina sem nú fer fram. Ég mun hins vegar láta mér nægja örfá orð til að fylgja lánsfjárlagafrv. úr hlaði þegar það kemur til umr. síðar í dag í hv. Nd.

Síðan í haust hefur verið ljóst að framkvæmdaáform í landinu væru býsna stór í sniðum og þá einkum og sér í lagi í orkumálum. Þegar þessi ríkisstj. var mynduð var ljóst, að miðað við áform opinberra aðila um fjárfestingar stefndi í erlenda lántöku að upphæð um 110 milljarðar kr. Skuldahlutfall Íslendinga gagnvart öðrum þjóðum var í árslok seinasta árs um 34.9% ef miðað er við vergar þjóðartekjur. Og enginn vafi er á því, að varhugavert er að hækka verulega þetta hlutfall skulda miðað við heildartekjur þjóðarinnar. Vextir eru mjög háir á erlendum lánsfjármarkaði og því ljóst að gæta verður hófs í erlendum lántökum.

Síðan ríkisstj. var mynduð hefur verið unnið að því jafnhliða fjárlagagerð að lækka þessar fjárhæðir með öllum tiltækum ráðum, annars vegar með röðun framkvæmda í forgangsröð með hliðsjón af því að hægt sé að fresta þeim að hluta til til næsta árs, hins vegar með því að auka innlent lánsfé. Niðurstaðan af þessu starfi liggur nú fyrir og felst í því, að erlend lántaka mun nema á þessu ári rúmum 85 milljörðum í staðinn fyrir þá 110 milljarða sem ég nefndi áðan. Heildarframkvæmdir í landinu eru áætlaðar 327 milljarðar kr., þ. e. fjármunamyndunin eins og hún nefnist á hagfræðingamáli. Þar af eru í atvinnuvegum áætlaðar framkvæmdir upp á 132 milljarða í íbúðarhúsnæði upp á 69 milljarða og í opinberum mannvirkjum upp á 126 milljarða, en þar af eru rúmir 70 milljarðar eða 56% í orkuframkvæmdum.

Nú er áætluð þjóðarframleiðsla á árinu 1980 talin verða — að sjálfsögðu lauslega áætluð — um 1232 milljarðar. Er því ljóst að fjármunamyndunin, heildarfjárfestingin sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, mun væntanlega verða nálægt 26.5%. Ýmsir munu verða til að halda því fram, að hér sé enn um of miklar framkvæmdir að ræða og of mikla skuldasöfnun. Ef framkvæmdaáformin eru hins vegar nánar skoðuð hygg ég að flestir muni komast að þeirri niðurstöðu, að hér sé almennt um brýnar og óhjákvæmilegar framkvæmdir að ræða sem ekki er auðvelt að skjóta til næsta árs. Framkvæmdir Landsvirkjunar við Hrauneyjafossvirkjun hafa verið takmarkaðar eins og kostur er, en nokkuð ljóst er að væru þær takmarkaðar enn frekar yrði veruleg hætta á orkuskorti annað haust, sem gæti haft geigvænlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið, ef þá orku, sem þá kynni að skorta, yrði alla að framleiða með dísilvélakeyrslu.

Í haust var um það rætt, að erlendar lántökur mættu helst ekki fara fram úr 70 milljörðum kr. En það þarf tæpast að taka það fram, að þessi tala er löngu, löngu úrelt, ekki aðeins vegna nauðsynlegra framkvæmda eins og þeirra sem ég nú nefndi, heldur einnig vegna þess að verðlagsþróunin og gengisþróunin hefur gert þessa tölu úrelta fyrir mörgum mánuðum. Ég held að aðalatriði málsins sé það, að skuldahlutfallið, sem ég nefndi áðan, hlutfall langtímaskulda í erlendum gjaldeyri miðað við þjóðartekjur, hækki ekki. Það var í árslok 1979 34.9%, en miðað við erlenda lántöku upp á 85 milljarða er því spáð, að skuldahlutfallið verði um 34% nú í árslok. Þessar upplýsingar eru fengnar frá hagfræðideild Seðlabankans og niðurstaðan er sú, að lántakan er ekki meiri en svo að skuldahlutfallið lækkar á árinu, en hækkar ekki eins og það hefur gert á undanförnum árum. Endurgreiðsla af erlendum lánum mun á þessu ári væntanlega nema um 46 milljörðum kr. þannig að hrein aukning skulda gagnvart útlöndum verður um 39 milljarðar. En vegna þess að þjóðarframleiðslan stígur upp á við með hverju árinu, þá er gert ráð fyrir að þetta hlutfall standi nokkurn veginn í stað og lækki þó heldur. Að vísu skal það viðurkennt, að tölur af þessu tagi verða aldrei reiknaðar með ítrustu nákvæmni, en þó held ég að þessi staðreynd liggi nokkuð ljóst fyrir og verði að teljast viðunandi að hlutfallið skuli ekki hækka.

Önnur viðmiðun í þessu sambandi getur verið sú, hvort greiðslubyrði af erlendum lánum í hlutfalli við útflutningstekjur þjóðarinnar hækkar úr hófi fram. Ég held að menn verði að viðurkenna það, að þessi viðmiðun er miklu hæpnari og óáreiðanlegri, í fyrsta lagi vegna þess að sveiflur í útflutningstekjum eru ærið miklar frá ári til árs og miklu meiri en sveiflur í þjóðarframleiðslu, og eins eru ekki síður miklar sveiflur í vaxtafjárhæðum, vaxtagreiðslum, sem gera það að verkum að þessi prósentutala, þetta hlutfall greiðslubyrðarinnar getur sveiflast ærið mikið frá ári til árs án þess að nein raunveruleg breyting hafi átt sér stað í skuldastöðu.

Í stjórnarsáttmála ríkisstj. er þess getið, að hlutfall greiðslubyrðarinnar eigi ekki að fara yfir 15% og erlendar lántökur skuli við það miðaðar (**Gripið fram í:** 25%.) Nei, að greiðslubyrði af erlendum lánum í hlutfalli við útflutningstekjur fari ekki yfir 15%. Ég vil hins vegar upplýsa það hér, að þessi prósentutala var ákveðin á grundvelli rangra upplýsinga. Þegar stjórnin var mynduð lá það fyrir, þó að það væri ekki orðin opinber staðreynd og þó að stjórnarmyndunaraðilar hefðu ekki þær upplýsingar í höndum, að hlutfall greiðslubyrðarinnar var þá þegar um eða yfir 16% og hafði hækkað í höndunum á hagfræðingunum um heil 2% á fáeinum vikum. Skýringin á þessu er ósköp einfaldlega sú, að í lok seinasta árs og byrjun þessa árs urðu feiknamikilar hækkanir vaxta hjá þeim þjóðum, þar sem skuldir okkar eru bundnar, og þessi vaxtahækkun olli því að greiðslubyrðarhlutfallið hækkaði mjög verulega á fáeinum vikum. Þetta sýnir kannske betur en flest annað hversu fráleitt er að nota þessa prósentutölu sem viðmiðun í sambandi við hámark erlendrar lántöku.

Ég vil einnig minna á það hér, að hagfræðingar hafa hvað eftir annað reiknað það út á seinasta áratug að greiðslubyrði af erlendum lánum stefndi í 20% af útflutningstekjum. Ég minnist þess t. d. í fjmrh.-tíð hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen, að hagfræðingar töldu að þessi prósentutala stefndi í 20% á árunum 1975, 1976 og 1977. En þessi spá rættist aldrei og hlutfall greiðslubyrðarinnar hélt áfram að vera nokkurn veginn það sama eða 13 — 14% lengst af, þar til nú skyndilega að það stekkur upp á við í 16%, en upplýsingar um þetta lágu því miður ekki fyrir fyrr en í marsmánuði, þ. e. einum mánuði eftir að núv. ríkisstj. var mynduð. Ég vil sem sagt ítreka það, að skuldahlutfallið er miklu eðlilegri viðmiðun í þessu sambandi og það ánægjulega er að það hækkar ekki á árinu þrátt fyrir þessa 85 milljarða lántöku.

Seðlabankinn hefur nú til athugunar erlendar lántökur í þágu ríkissjóðs, en ljóst er að aðstæður eru erfiðar og óhagstæðar á erlendum lánsfjármörkuðum. Þegar frv. til lánsfjárlaga hefur verið samþ. er fyrirhugað að tekið verði 30 millj. dollara lán og lánstími verði fimm ár, en síðar á árinu yrði svo tekið það sem á vantar. Gert er ráð fyrir að þetta lán, sem tekið verður hjá breskum bönkum, verði endurgreitt í einu lagi að lánstíma liðnum, en heimilt verður að greiða það upp á lánstímanum og draga síðan á lánið að nýju þegar henta þykir. En þessum endurgreiðslumöguleikum fylgir aukinn sveigjanleiki sem er mikils virði nú á tímum mikillar óvissu á lánamörkuðum.

Lánið er einnig sveigjanlegt að því leyti, að hægt er að fá það greitt í ýmsum gjaldmiðlum eftir nánari ákvörðunum lántakanda. Vextir eru áformaðir 3/8% yfir millibankavöxtum í London fyrstu tvö árin, en 1/2% yfir millibankavöxtum síðari þrjú árin. Lántökugjald er 7/16% af lánsupphæðinni og skuldbindingargjald 1/4% af þeim hluta lánsins sem er ónotaður á hverjum tíma, en árlegt umsjónargjald 1500 dollarar. Ég held að óhætt sé að fullyrða að þessi kjör, sem okkur bjóðast, séu í samræmi við það sem gerist best á erlendum lánamarkaði.

Eins og ég hef þegar tekið fram hafa ráðstafanir verið gerðar til þess að efla innlendan sparnað í þágu fjárfestingarsjóða og framkvæmda opinberra aðila. Ég vil gera hér grein fyrir þessum ráðstöfunum, en þær eru í fyrsta lagi að gert verði ráð fyrir að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf af Framkvæmdasjóði, Byggingarsjóði ríkisins eða ríkissjóði sem nemur 40% af ráðstöfunarfé þeirra. Þetta er sama reglan og gilti á s. l. ári, með lítils háttar breytingu sem ég geri grein fyrir á eftir.

Í fyrra áætlaði fjmrn. að þessi viðmiðunarregla gæfi 11 milljarða sparnað, en reyndin varð sú að lífeyrissjóðirnir keyptu skuldabréf fyrir hærri upphæð en þessu nam eða fyrir 12 milljarða kr. Ráðstöfunarfé þeirra reyndist líka meira en upphaflega var áætlað. Það var upphaflega áætlað 28 milljarðar, en varð í reynd um 34 milljarða, þannig að þegar öll kurl voru til grafar komin reyndust skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna nema um 36% af ráðstöfunarfé þeirra, en ekki 40% eins og áður hafði verið ráð fyrir gert. Nú er ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna áætlað 50 milljarðar kr. Má vel vera að það sé vanáætluð tala. Við höfum gert ráð fyrir í þessari lánsfjáráætlun, að reynt verði enn að tryggja að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf fyrir 40% af ráðstöfunarfé sínu, en þó er líklegt að á þessu ári eins og í fyrra kaupi margir þeirra skuldabréf fyrir hærri upphæð en nemur 40% af ráðstöfunarfé þeirra. Þess vegna er nú áætlað að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna nemi um 21.5 milljörðum kr.

Ákvæði um kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum hafa verið í lögum um margra ára skeið, en þó með breytilegu efni og orðalagi. Orðalagið nú er í meginatriðum eins og það var á s. l. ári, en þó verður að játa að það er eilítið strangara að því leyti, að gert er ráð fyrir að sjóðirnir kaupi skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, Framkvæmdasjóði og ríkissjóði, en þetta var ekki áskilið í frv. eins og það var lagt fram í fyrra. Nú er ljóst að stjórnendur sumra lífeyrissjóðanna eru ósáttir við það, að orðalag í þessum efnum sé strangara en var á s. l. ári, og þeir hafa þegar gert aths. við það í viðræðum sem átt hafa sér stað milli þeirra og fjmrn. Ég tel því sjálfsagt, að gerð verði tilraun til að ná samkomulagi um þessi mál, og vænti þess, að meðan frv. verður til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. Nd. verði reynt að komast að niðurstöðu í þessum efnum sem allir geti vel við unað. En mér virðist að hér geti varla verið mikið stórmál á ferðinni. Ég held að enn sem fyrr sé ríkur áhugi á því hjá stjórnendum og forstöðumönnum lífeyrissjóðanna að ávaxta fé þeirra með þessum hætti. Þetta er langbesta ávöxtunin sem þeir eiga kost á, og miðað við að sjóðirnir keyptu í fyrra fyrir talsvert hærri fjárhæð en þeim var ætlað, þá geri ég ráð fyrir að það eigi að vera unnt að ná samkomulagi um þessi efni sem öllum líki.

Í öðru lagi vil ég upplýsa hér, að stefnt er að því, að 7% af innlánsaukningu banka og sparisjóða verði sparnaður í þágu framkvæmda á vegum ríkissjóðs og í þágu fjárfestingarlánakerfisins. Eins og menn vita hafa bankar lagt fram 4% af innlánsaukningu sinni í framkvæmdasjóðskerfið, en nú er sem sagt gert ráð fyrir að þessi prósentuupphæð verði hækkuð í 7% og að þessi kvöð verði ekki aðeins lögð á banka, heldur einnig á sparisjóði og hvers konar innlánsstofnanir. Ég vil í þessu sambandi láta þess getið, að ekki er þörf á sérstakri lagasetningu til að koma þessu fram, þar sem Seðlabanki Íslands hefur heimildir í 12. gr. seðlabankalaga til að leggja þessa kvöð á banka og sparisjóði. Ég hygg raunar að stjórnendur Seðlabankans ætli sér að ná þessum árangri með samkomulagi við banka og sparisjóði.

Í þriðja lagi verður leitað eftir því við tryggingafélögin, að þau leggi fram nokkurn hluta af ráðstöfunarfé sínu til þess að efla innlendan sparnað og draga úr erlendum

lántökum, en enn sem komið er er nokkuð óvíst hvað út úr þeirri fjáröflun fæst.

Í fjórða lagi er ráðgert að gefa út skuldabréf í tengslum við ákveðnar stórframkvæmdir og gera tilraun til þess að selja þau á einstökum stöðum til að virkja áhuga almennings og stofnana á ákveðnum framkvæmdum. Á þetta einkum við þar sem stórfelldar hitaveituframkvæmdir eru nú í gangi. Ég vil hins vegar taka það fram, að tölur í lánsfjáráætlun eru ekki miðaðar við þessa skuldabréfasölu sérstaklega og ef vel tekst til í þeim efnum má gera ráð fyrir að framkvæmdir við einstakar hitaveitur yrðu meiri en hér er gert ráð fyrir, ef þessi lánsfjáröflunarleið skilar árangri. Innlend lánsfjármögnun er í heild áætluð 52.6 milljarðar kr., en til samanburðar var innlend lánsfjármögnun á s. l. ári rúmir 30 milljarðar. Hækkunin milli ára er 74%, og er því ljóst að ef þessi áform ganga fram eins og þau eru fyrirhuguð verður innlend lánsfjáröflun stóraukin frá því sem var á s. l. ári.

Að öðru leyti vil ég upplýsa það, að tvenns konar almennar ráðstafanir hafa verið gerðar til að takmarka erlendar lántökur. Raunar kom þetta ljóslega fram í framsöguræðu hæstv. forsrh., en ég vil aðeins ítreka það hér, að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjárfestingarsjóðir megi aðeins taka 7000 millj. kr. í erlend lán á þessu ári, en samkv. sjóðadæminu, eins og það liggur fyrir, eru erlendar lántökur fyrirhugaðar um 10.5 milljarðar kr. Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins mun fjalla nánar um það, hvernig þessi frestun útlána skiptist á sjóðina, en um er að ræða að fresta 1/10 hluta útlána fjárfestingarsjóðanna, sem fá lánsfé frá Framkvæmdasjóði, yfir á fyrstu tvo mánuði næsta árs. Í öðru lagi hefur verið ákveðið með þessari lánsfjáráætlun að fresta 1/10 hluta af lánsfjármögnuðum framkvæmdum í B-hluta fjárlaga og eru lántökuheimildir lánsfjárlagafrv. miðaðar við þessar ráðstafanir.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hér hafa tveir hæstv. ráðh. gert grein fyrir lánsfjáráætlun ríkisstj. Þegar lánsfjáráætlun var fyrst samin 1975 fyrir árið 1976 og þá lögð fram við 3 umr. fjárl. kom strax gagnrýni fram af hálfu þeirra sem þá skipuðu stjórnarandstöðu. Þeir sögðu réttilega að lánsfjáráætlunin væri of seint á ferðinni og stefna þyrfti að því að lánsfjáráætlun yrði lögð fram með fjárlagafrv. Mér var þetta alveg ljóst og hugsaði að það gæti tekist þegar fram í sækti. Árið 1977 tókst að leggja lánsfjáráætlunina fram við 2. umr. fjárl. Það var þó örlítil bót, en einhvern veginn vannst þetta verk ekki *nægjanlega vel, kannske vegna þess að hér var um nýsmíði* að ræða fyrir árin 1976 og 1977 og menn voru að læra af reynslunni. En vitanlega hlaut það að verða markmið í framtíðinni að lánsfjáráætlun yrði lögð fram með fjárlagafrv.

Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar setti lög um stjórn efnahagsmála. Henni tókst ekki að koma þessum málum þannig fyrir að lánsfjáráætlun yrði lögð fram með fjárlagafrv. fyrir 1979, en þeim, sem þá sátu í ríkisstj., fannst *ástæða til að lögfesta það að lánsfjáráætlun yrði lögð* fram með fjárlagafrv. Hvorki tókst ríkisstj. Benedikts Gröndals né hefur núv. ríkisstj. að leggja fram lánsfjáráætlun með fjárlagafrv., og við erum í dag, örfáum dögum áður en Alþingi lýkur, að ræða þessi mál og gera okkur grein fyrir því, hvernig þessi þáttur efnahagsmálanna kemur til með að líta út.

Ég verð að benda á það, að lánsfjáráætlunin eða lög þau, sem Alþ. samþykkir með lánsfjáráætlun, voru samþykkt á svipuðum tíma og fjárlög árið 1975, þ. e. fyrir fjárlög 1976, og fyrir árin 1977 og 1978, einfaldlega til þess að fá heildarstefnu í efnahags- og fjármálum ríkisins, en haga ekki málunum eins og síðasta ríkisstj., þ. e. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, gerði og þessi ríkisstj. gerir, að koma með lánsfjáráætlun mörgum mánuðum eftir að fjárlög hafa verið afgreidd og inn í lánsfjáráætlun eru settir þeir pöntunarlistar ráðh. sem Alþ. féllst ekki á að afgreiða þegar fjárlög voru afgreidd. Það er einmitt til þess að fyrirbyggja slík vinnubrögð sem afgreiða þarf samtímis fjárlög og lánsfjáráætlun. Það skiptir kannske ekki höfuðmáli hvort lánsfjáráætlunin er lögð fram á sama degi og fjárlögin, þ. e. fyrsta degi þings, en hún þarf að sjálfsögðu að koma til umfjöllunar bæði á þingi og í fjvn. áður en meginstefna fjárlagafrv. er mótuð af fjvn. og Alþ., svo að samræmi sé á milli fjárlaga ríkisins og lánsfjáráætlunar.

Afsökun fyrir því, að ekki hafi unnist tími til að leggja fram lánsfjáráætlun, er ekki að mínum dómi til þess að bera á borð. Við heyrðum hins vegar mjög skýrt í ræðu hæstv. fjmrh. í hverju það lá, að lánsfjáráætlunin kom ekki fyrr fram. Það var verið að skera niður. Mennirnir voru komnir töluvert á annað hundrað milljarða í erlendum lántökum, eins og hann réttilega kom fram með áðan, en hann gerði líka grein fyrir því, hvaða patentlausn þeir fundu svo að lokum til þess að koma sér saman og til þess að geta yfirleitt lagt lánsfjáráætlunina fram áður en þingi lauk. Það var ein allsherjar 10% niðurskurðarregla, þ. e. að framkvæmdirnar skulu eiga sér stað, en það skal bara dregið að greiða lánin fram yfir áramót, þannig að bókhaldslega séð verði það ekki fært undir árið 1980, heldur í jan. og febr. á árinu 1981. Þetta eru bókhaldsleikir, sem forustumenn þjóðfélagsins eru að leika þegar verið er að móta að hluta til efnahags- og fjármálastefnu þjóðarinnar.

Ég sakna hæstv. fjmrh. úr salnum. Ég hafði ætlað að beina til hans spurningum varðandi ríkissjóð og afkomu hans 1979. Okkur er ljóst að verðbólgan varð meiri á árinu 1979 en nokkru sinni fyrr, eða tæp 62%. Alþ. hefur hins vegar ekki verið gerð grein fyrir stöðu ríkissjóðs um s. l. áramót. Sú venja hafði skapast, að fjmrh. gerði Alþingi grein fyrir stöðu ríkissjóðs í febrúar- eða marsmánuði samkv. bráðabirgðatölum ríkisbókhaldsins, en það hefur ekki verið gert enn þá. Sjálfsagt getur hæstv. fjmrh., áður en þingi lýkur, komið með einhverja slíka stutta grg., en ég hefði hins vegar átt von á því, að unnt hefði verið að halda þessari venju, enda þótt hún væri ekki lögfest, og menn virðast ekki heldur fara eftir því þó að þeir hafi staðið að lögfestingu um að leggja fram hitt og þetta hér á Alþ. til þess að gera þm. grein fyrir þessum málum. Ég minni á að um nokkuð langt skeið, allt frá 1965 að lögin um ríkisbókhald voru sett, hefur fjmrn. og þeir, sem veittu því forstöðu á þessu tímabili, reynt að starfa með þeim hætti að Alþ. fengi grg. um stöðu ríkissjóðs eins fljótt og mögulegt væri, og það tókst á árinu 1976 *að leggja fram ríkisreikninginn fyrir alþm. áður en* þeir fóru heim af þingi, ríkisreikning árið á undan. Þetta hafði ekki tekist áður, og það merkilega var, að þegar menn voru að semja fjárlög í fjmrn. voru ekki til ríkisreikningar næstliðins árs til þess að þeir gætu gert sér grein fyrir því, hvernig þessum málum væri yfirleitt háttað. Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Eiga þm. von á því, að

þeirri venju verði haldið að A-hluti ríkisreikningsins verði lagður fram á borð þm., að vísu að sjálfsögðu óendurskoðaður, en fullgerður frá ríkisbókhaldinu, áður en þeir fara af þingi? Þar sem ég veit að ráðh. mun segja nokkur orð með því frv., sem hér verður tekið fyrir í Nd., er það af minni hálfu ástæðulaust að hann geri annað en svara mér við þá umræðu.

Hæstv. forsrh. vék að lögum um efnahagsmál og las upp úr þeim hvað í lánsfjáráætlun ætti að standa. En það er eitt sem mig langar til að spyrja hann að sérstaklega. Í II. kafla þessara laga er þess nefnilega getið, að haft skuli samráð við ákveðna hópa þjóðfélagsins þegar fjallað er um þjóðhags-, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, tekjustefnu og forsendur þeirra. Mig langar til þess að fá svar við því, hvort þetta hefur verið gert eða hvort hér er að gerast enn á ný það sama og gerst hefur áður á þingi, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram þýðingarmikil frv., en alls ekki farið að þeim lögum sem sett voru á síðasta þingi að miklu leyti sem starfsreglur fyrir ríkisstj. til að vinna eftir. Annars var það að vissu leyti nýmæli, að hæstv. forsrh. kom hér og mælti fyrir lánsfjáráætluninni, hvort sem hann þar með vildi ljúka af hluta stefnuræðu sinnar, sem ekki hefur enn verið haldin, eða hann treysti ekki hæstv. fjmrh. til þess að koma málum til skila, nema hvort tveggja hafi verið. Það er hans mál. En ég vek nú athygli á þessu, því að hér er um að ræða nýmæli í sambandi við meðferð þessa máls.

Þegar við ræðum lánsfjáráætlunina er rétt að rifja upp nokkrar setningar úr þeirri bláu bók sem samin var þegar núv. ríkisstj. tók við völdum. (**BGr:** Er það áritaða eintakið?) Ég er ekki með áritaða eintakið, ég geymi það, því að það verður að sjálfsgöðu ekki til þess að nota daglega. Í þessari bláu bók er sett fram með margs konar orðskrúði hvað ríkisstj. hyggst gera, stefna að, beita sér fyrir o. s. frv. En ég sagði við sessunaut minn áðan að sumt af þessu væri þannig samansett, að það hvarflaði að mér að það hefði verið leitað til hennar til að fá sumar setningarnar, þ. e. í síðari hlutanum, til þess að þurrka út það sem sagt var í fyrri hluta bókarinnar.

En lítum á kaflann um verðlagsmál. Ég rifja þetta upp, því að innan tveggja daga á ríkisstj. þriggja mánaða afmæli og það er ekki úr vegi að menn átti sig á því, hvernig það, sem þar var prentað, hefur staðist, og sér í lagi beri það saman við þá lánsfjáráætlun sem við erum hér að fjalla um. Um verðlagsmálin segir í stjórnarsáttmálanum að 1. maí skuli efri mörkin vera 8%. Í peningamálunum er tekið fram sérstaklega, að peningamagn í umferð verði í samræmi við markmið í efnahagsmálum. Á eftir gæti verið setning þar sem hefði staðið: Í efnahagsmálum skal farið eftir því peningamagni sem er í umferð.

Þegar kemur svo að fjárfestingarmálunum stendur þar: „Heildarfjárfestingu á árunum 1980—1981" — allt er þetta nú lesið upp með leyfi hæstv. forseta — „verði haldið innan þeirra marka, sem ákvarðast af eftirspurn, viðskiptajöfnuði og atvinnuöryggi, og nemi fjárfestingin um fjórðungi af þjóðarframleiðslu." Svo kemur nr. 2: „Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr um það bil 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum. Efri mörk erlendrar lántöku verði þó ákveðin nánar með hliðsjón af eðli framkvæmda með tilliti til gjaldeyrissparnaðar og gjaldeyrisöflunar."

Nú höfum við fengið upplýst að þessi 15% voru byggð á miklum misskilningi á milli ríkisstj. og hagfræðinganna. En það skiptir ekki máli hversu stórt hlutfall af útflutningsframleiðslunni fer til þess að greiða þessa hluti. Atriðið er: Var misskilningur eða var ekki misskilningur að dómi hæstv. fjmrh.? Ef menn hafa metið svo fyrir þremur mánuðum að 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar væru hámark þessarar greiðslubyrðar, þá er það enn í dag. Það skiptir engu máli hvort um var að ræða misskilning eða ekki. Hér er verið að leggja mat á hlutina, en ekki verið að setja niður tölur vegna einhverra atriða sem áður höfðu gerst erlendis, þ. e. í sambandi við hækkun á vöxtum. En ég spyr: Hafi menn haldið að vaxtakjörin yrðu 1980 með þeim hætti, að 15% af útflutningstekjum dygðu til að greiða þetta, var þá ekki ástæða til að kippa að sér hendinni þegar menn gerðu sér grein fyrir að vextirnir höfðu hækkað? Á þá bara að afsaka þetta með því, að það hafi verið misskilningur milli hagfræðinga og ríkisstj., menn hafi reiknað vitlaust eða ekki spáð rétt um framtíðina? Ég veit að það var einhvers staðar sagt að það væri erfitt að vera spámaður, sér í lagi um framtíðina.

Þegar þessi lánsfjáráætlun er hér til umr. hlýtur það að liggja í augum uppi, að fyrirheit ríkisstj. og það, sem í henni stendur, er borið saman. En áður en við höldum lengra skulum við virða fyrir okkur hver staða efnahagsmála okkar er í dag, áður en að sjálfri lánsfjáráætluninni er vikið. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, að í þeim málum er allt annað en bjart um að litast. Við getum látið formann Framsfl. ræða þessi efni. Í Tímanum 26. apríl gerir hann grein fyrir stöðu mála að sínum dómi. Það eru ekki hrakspár stjórnarandstöðunnar sem þar er um að ræða, heldur eru það ummæli formanns Framsfl. Hann segir að markmið niðurtalningarinnar, sem ríkisstj. setti sér 1. júní, náist ekki, mistakist. Það er rétt. Þjóðhagsstofnun hefur gert fjvn. grein fyrir því, hvernig þetta kemur út. Vísitala framfærslukostnaðar frá 1. febr. til 1. maí mun hækka um 13.18% að hennar dómi og er þó ekki allt þar með talið. Ef við tökum aðeins töluna 13, þá er það verðbólga upp á 63%. Ef við lítum hins vegar á þróun mála seinustu sex mánuði, þ. e. frá 1. nóv. til 1. maí, þá er hækkun framfærsluvísitölunnar 23.3% og þá er verðbólguhraðinn 52%. En ef við berum þetta saman við árið í fyrra, þá kemur í ljós að verðbólguhraðinn á sama tíma var miklu minni, hann var 38%. Vísitala framfærslukostnaðar hafði frá 1. nóv. til 1. maí hækkað um 17.7% á móti því að reiknað er með nú að hún hækki um 23.3%. En verðbólgan í fyrra frá upphafi árs til loka varð 61.8%. Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur það, að verðbólguhraðinn er enn þá meiri nú en í fyrra og við þurfum enn þá betur að gæta að okkur.

Ef við lítum á viðskiptajöfnuðinn, hvað segir formaður Framsfl. um hann? Hann getur þess, sem rétt er, að viðskiptajöfnuðurinn sé mjög neikvæður og hafi verið miklu neikvæðari fyrstu þrjá mánuði þessa árs en áður. Og það kemur í ljós, að vöruskiptajöfnuðurinn er neikvæður um 17.7 milljarða fyrstu þrjá mánuði ársins. Það mundi hins vegar ekki þýða 17.7 milljarða í viðskiptajöfnuði, það er alveg rétt. Það má draga frá þeirri upphæð sjálfsagt nærri helming. En hér er um að ræða breytingar til hins verra frá því í fyrra.

Ef við lítum á peningamálin, þá kemur í ljós hver staðan er þar. Sparifjáraukningin í ár er í krónutölu nákvæmlega sú sama, að vísu 700 millj. minni en í fyrra fyrstu þrjá mánuðina. Hún var 19 milljarður 891 millj. í

fyrra, hún er 19 milljarðar 135 millj. núna. Ef sparifjáraukningin hefði orðið sú hin sama að magni til árið 1980 og 1979, þá hefði hún átt að vera 32 milljarðar. Það skortir 13 milljarða á að sparifjáraukningin í ár sé hin sama og á s. l. ári.

Ef við skoðum stöðu bankanna kemur í ljós að lausafjárstaða þeirra fyrstu þrjá mánuði ársins hefur versnað um 16 milljarða og þeir hafa til ráðstöfunar af sparifjáraukningunni frá upphafi ársins 6.7 milljarða í ár í staðinn fyrir 14 milljarða á s. l. ári.

Þessar lýsingar, sem ég hef hér dregið fram, eru eftir ræðu formanns Framsfl., að vísu með útfyllingu á tölum frá þeim stofnunum sem um þessi mál fjalla.

Þá er spurningin um vaxtastefnuna. Hver hefur hún verið? Það er tekið skýrt fram í efnahagslögunum hver hún eigi að vera. Hefur verið farið eftir henni? Það hefur ekki verið gert.

Þá er spurt: Hvernig standa gjaldeyrismálin? Hér deildu menn um hvort það, sem gerðist, væri gengissig eða gengisfall. Þeir, sem vildu leysa málið, fundu út að þetta hefði verið gengissigfall, þar með var samkomulag um það. Spurningin er: Er breytingin á verði gjaldeyrisins í dag ekki orðin meiri en gert hafði verið ráð fyrir? Ég er hræddur um að þegar það er skoðað, þá sé staðan sú, að þar séum við líka komnir út fyrir þau mörk sem menn settu sér.

Þannig lítur dæmið út hjá okkur, þegar hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. tala fyrir lánsfjáráætluninni fyrir 1980. En hvað segir þá það skjal okkur sem hér liggur fyrir? Gerir það grein fyrir því, að það sé bati fram undan? Það er síður en svo. Og þegar skoðað er það sem frá þessum stofnunum hefur komið, þá kemur í ljós að þjóðarframleiðsluspáin er reist á mjög veikum grunni. Þar stendur að niðurstaða þjóðhagsspár verði sú, að þjóðarframleiðsla vaxi um 1.5% í ár eða um 0.5% á mann, en vegna versnandi viðskiptakjara muni þjóðartekjur í heild standa í stað og reyndar minnka um 1% á mann. Verði sjávarafli meiri en hér er reiknað með og komi ekki til frekari rafmagnsskömmtunar til stóriðju í haust gæti þjóðarframleiðsluaukningin orðið nær 2%. Meiri takmarkanir á afla og minni framleiðsla stóriðjufyrirtækjanna en hér er gert ráð fyrir gæti aftur á móti falið í sér að þjóðarframleiðsluaukningin yrði nær 1%, en ekki 1.5%. Þegar talað er um þjóðarframleiðsluna í þessari skýrslu er gert ráð fyrir að þorskveiðar fari þó nokkuð mikið fram úr því sem sérfræðingar hafa lagt til. Það er ljóst af þeim fjórum mánuðum, sem liðnir eru, að botnfisksaflinn er meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir 400 þús. tonnum, en vísindamenn höfðu lagt til töluvert lægri upphæð ef við á annað borð vildum byggja upp hrygningarstofnin á næstu tveimur árum. Það liggur því alveg ljóst fyrir að þjóðartekjur á árinu 1980 verða ekki með þeim hætti sem spáð hafði verið af núv. ríkisstj. Dæmið kemur öðruvísi út. En það á ekki að taka tillit til þess, heldur á að spenna bogann eins og mögulegt er, með þeim afleiðingum sem við öll vitum hverjar eru.

Verðlagsþróunin samkv. þessari skýrslu verður ekki eins og ríkisstj. hefur sett sér. Ég vék að því áðan, að niðurtalningin, sem gert var ráð fyrir að yrði 8% 1. júní, verður töluvert miklu hærri. Það er enn fremur gert ráð fyrir því af Þjóðhagsstofnun, að verðlagsþróunin síðari hluta ársins verði öðruvísi og töluvert óhagstæðari en gert er ráð fyrir í sáttmála ríkisstj. En í skýrslunni segir: Takist þetta, þ. e. að halda niðurtalningunni sem ríkisstj. hefur sett á prent, verður verðhækkun frá upphafi til loka árs innan við 40%, en meðalhækkun verðlags milli 1979 og 1980 væntanlega 50% vegna mikillar verðhækkunar á síðari hluta ársins í fyrra. Ef við flettum upp á bls. 20, þá er örlítið varlegar farið í orðalagið og þar er sagt: „Miðað við fyrirsjáanlega hækkun framfærslukostnaðar til 1. maí og leyfðar verðhækkanir fram undan verður verðlagshækkun frá upphafi til loka árs naumast undir 40%. Þannig ber ekki saman því, sem sagt er í upphafi skýrslunnar og svo í henni miðri. Kannske eru hér ekki sömu pennarnir sem skrifa, kannske er hér um að ræða mismunandi sjónarmið tveggja stofnana. En ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, að verðlagsþróunin á þessu ári frá upphafi árs til loka verður nær 50% en 30%. Það held ég að liggi alveg ljóst fyrir í dag. En fjárlögin gerðu ráð fyrir að verðlagsbreytingar frá upphafi árs til loka næmu um 30%. Og þegar við erum hér í maímánuði að ræða þjóðhagsspá vegna lánsfjáráætlunar, þá byggir þjóðhagsspáin á því sama og gert var á s. l ári í okt., nóv. og des., enda þótt mönnum sé ljóst að verðbólgan verður miklu meiri en þar var gert ráð fyrir.

Í sambandi við þessa skýrslu og forsendur hennar er engin grein gerð fyrir gengismálum. Hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. væru kannske reiðubúnir til þess að upplýsa þingheim um það, hverjar væru forsendur gengismála á árinu 1980 fyrir þeirri lánsfjáráætlun sem verið er að fjalla um á Alþingi. Hvað er gert ráð fyrir mikilli hækkun á meðalgengi frá árinu 1979 til meðalgengis 1980? Einhver útreikningur hlýtur að hafa verið gerður í þeim efnum. Það hlýtur að vera ákveðin forsenda í sambandi við gengismálin.

Ég vil bæta við spurningu varðandi vaxtamálin. Hvaða vaxtastefnu hyggst ríkisstj. hafa? Hún framfylgdi ekki lögunum um efnahagsmál 1. mars á þeim forsendum að niðurtalningin ætti að koma fram. Nú er það upplýst af formanni Framsfl., ekki af stjórnarandstöðunni, að niðurtalningarleiðin hefur ekki tekist fyrir 1. júní. Hvað hyggjast menn þá gera í sambandi við vaxtamálin? Ég vildi gjarnan að þessir tveir hæstv. ráðh. upplýstu Alþ. um það, hverjar væru forsendur í þessum efnum.

Þá vil ég gjarnan spyrja: Hverjar eru launaforsendur, þ. e. grunnlaunaforsendur lánsfjáráætlunar? Liggur ljóst fyrir að þær séu hinar sömu og fjárlaga? Það er aðeins til undirstrikunar, því að annað kemur ekki fram en að launaforsendurnar séu þær hinar sömu og í fjárl. Ég held að þessi atriði þurfi að upplýsa fyrir Alþingi.

Hver er svo spáin um viðskiptajöfnuðinn í lánsfjáráætluninni? Það liggur ljóst fyrir, að það er þegar farið að síga á ógæfuhliðina í þeim efnum. Viðskiptajöfnuðurinn reyndist neikvæður á árinu 1979 um 7 milljarða eða 0.9% af þjóðarframleiðslu og það er gert ráð fyrir að hallinn aukist á árinu 1980 og verði 60 milljarðar eða 1.3% af þjóðarframleiðslu. Jafnframt er bent á það hér í skýrslunni á bls. 4—5, að svo geti farið að hallinn ágerist síðar á árinu og kynni þá að reynast nauðsynlegt að draga úr framkvæmdum.

Þegar kemur fram á árið kann að reynast nauðsynlegt að draga úr framkvæmdum. Ég hélt nú að aðalframkvæmdatíminn hjá okkur hér á Íslandi væri sumarið, þannig að þær framkvæmdir, sem við hygðumst fara í, væru þegar hafnar, og ég þekki það a. m. k. af reynslu minni í fjmrn., hversu erfitt er að ætla sér að stöðva framkvæmdir sem þegar eru hafnar, einfaldlega vegna

þess að um þær hafa verið gerðir samningar sem ríkið verður að sjálfsögðu að standa við. Þær framkvæmdir, sem geta gengið fram eftir hausti og fram að áramótum, og þær framkvæmdir, sem menn vilja reyna að ljúka sem mest yfir sumartímann, eru þá auðvitað búnar.

Ég get ekki séð annað en þessi lánsfjáráætlun sé öll með þeim hætti, að hún sé nú þegar orðin skjal sem ekki er marktækt. Hún byggir á röngum forsendum. Ég held að það hefði verið skynsamlegra að finna einhverja skýringu á lögunum um efnahagsmál eða þingsköpum til þess að gera mönnum grein fyrir því, að það hefði ekki verið nokkur möguleiki á því að spá fram í tímann núna og þess vegna hafi ríkisstj. þótt réttara að birta ekki lánsfjáráætlunina fyrr en í haust. Skjal eins og þetta er marklaust og það sem verra er: það stefnir í mun meiri vanda en við erum þó að glíma við í dag og er hann þó ærinn.

Ríkisstj. hyggst ekki draga saman. Það eru gerðar kröfur til þess að einstaklingarnir og félagasamtök þeirra dragi saman þegar þjóðfélagið þarf á því að halda. En það er engin ástæða til þess að hið opinbera dragi saman, það er ekki einu sinni ástæða til þess að hafa framkvæmdirnar í sama magni á árinu 1980 og 1979. Á því ári, sem við erum með mesta verðbólgu, er talin ástæða til þess að auka framkvæmdir hins opinbera.

Mér er ljóst að hér eru mörg verkefni sem bíða framkvæmdar. En einmitt vegna þess að við erum að afgreiða fjárlög á öðrum tíma en lánsfjáráætlun hafa menn ekki heildardæmið fyrir sér og geta valið og hafnað innan ákveðins ramma sem ríkisstj. telur að hún þurfi að setja sér til þess að ná fram þeim markmiðum sem a. m. k. voru prentuð í stjórnarsáttmálanum þegar ríkisstj. var mynduð. Við sáum þetta í fyrra. Við sáum meira að segja þá, að í lánsfjáráætlun voru — ég man ekki hvort það var í milljörðum — framkvæmdir sem fjvn. hafði hafnað. En ráðh. ákváðu að úr því að Alþ. hafnaði því, úr því að alþm. höfðu ekki vit á því að halda þessum framkvæmdum áfram eða koma þeim fram, þá skyldu þeir gera það með lánsfé. Ramminn var þá settur 25%, en hann var auðvitað sprengdur þegar til kom og lánsfjárlögin voru afgreidd og það urðu nærri tveir tugir milljarða sem lánsfjáráætlunin 1979 fór úrskeiðis fyrir. Nákvæmlega sömu vinnubrögðin eru endurtekin á þessu ári og svo er bætt við. Það er gert ráð fyrir að heildarfjárfestingin nemi 26.5% af þjóðarframleiðslu. Jú, það var talað um það í sáttmálanum, að hún skyldi verða um fjórðungur. Það getur auðvitað verið upp og niður um nokkuð mörg prósent þegar talað er um fjórðung, en ríkisstj. tókst ekki að koma sér betur saman en það, að fjórðungur, sem var þó viðmiðunarstærðin, þ. e. 25%, fer hér upp í 26.5% og er að magni til aukning upp á 21.3%. Það er ekki, eins og ég sagði áðan, aðeins sama magn og var í fyrra, mesta verðbólguárið sem við höfum lifað, heldur eykur ríkisstj. enn á opinberar framkvæmdir.

Með hvaða hætti á svo að fjármagna opinberu framkvæmdirnar? Jú, það er aukin erlend lántaka. Samt sem áður segir í stjórnarsáttmálanum að dregið skuli úr og greiðslubyrðin skuli ekki fara fram úr 15%. En það hafði verið misskilningur á milli hagfræðinganna og ríkisstj., sagði hæstv. fjmrh. Hvort greiðslubyrðin var að verða 16, 17 eða 18% þegar ríkisstj. ræddi við hagfræðingana eða fulltrúa þingflokkanna þegar ríkisstj. var mynduð, það skiptir engu máli. Það er mat manna hvað greiðslubyrðin getur og má vera mikil. Og sú prósenta, sem hér var sett, hefur sjálfsagt verið það mat sem menn höfðu þá. Þó að allar tölur séu löngu orðnar úreltar, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það, og allir hér inni eru sammála honum um það, — tölur frá því fyrir áramót, — þá er hlutfall af útflutningsframleiðslu í greiðslubyrði vegna erlendra lána dálítið annað en beinar tölur. Hlutfallið úreldist að vísu ef um verður að ræða mikla þjóðarframleiðsluaukningu, en hún sýnist ekki ætla að verða samkv. þeirri skýrslu sem hér er um að ræða. Hæstv. fjmrh. upplýsti að þeir hefðu verið með hugmyndir um erlenda lántöku eitthvað á annað hundrað milljarða, en fundu síðan patentregluna til þess að skera niður og færa á milli, eins og ég sagði áðan — hreinn bókhaldsleikur sem þar er um að ræða — til þess að ná meira fjármagni í þetta allt saman og auka ekki á erlendu skuldirnar meira en hér er þó lagt til. Frekar en að draga úr er áformað að þrengja á innlenda markaðinum, lánsfjármarkaðinum. Það er ætlast til þess, að bankakerfið láti meira fjármagn í opinberar framkvæmdir á árinu 1980, og það á beinlínis að lögfesta hækkanir á skyldukaupum lífeyrissjóðanna úr 20% í 40%.

Eins og málið er hugsað varðandi bankakerfið, með bindiskyldu bankanna, með kaupum á verðbréfum ríkissjóðs, byggt á 95 milljarða kr. sparifjáraukningu 1980, þá liggur ljóst fyrir að bankarnir munu hafa, þegar kemur fram á árið, miklu minna fé til að lána atvinnuvegunum heldur en þeir þurfa með tilliti til þeirrar verðbólgu sem er í landinu. Það er gert ráð fyrir útlánum bankakerfisins upp á 83 milljarða að frádreginni endursölu til Seðlabanka, 68 milljarða. Útlán bankanna eru í dag þegar orðin 40 milljarðar. Og það er ljóst að þeir hafa ekki fjármagn til að lána atvinnuvegunum það sem þeir þurfa til þeirrar starfrækslu sem okkur er nauðsynleg til að koma þó fram þeirri þjóðarframleiðslu sem við getum.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í þessari lánsfjáráætlun og það staðfest í frv. til lánsfjárlaga, að lífeyrissjóðirnir skuli skuldbundnir til að kaupa fyrir a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu bréf af ríkissjóði. Allt frá 1970 hafa lífeyrissjóðirnir með samkomulagi keypt bréf af ríkissjóði, Framkvæmdasjóði eða Byggingarsjóði, og í lögum nr. 82/1977 var lífeyrissjóðunum gert skylt að ráðstafa 40% af ráðstöfunarfé sínu þannig að um væri að ræða verðtryggð lán. Um þetta mál urðu töluverðar umr. á Alþ. og sýndist þá sitt hverjum. Það lá ljóst fyrir, að sú krafa varð háværari að eftirlaun úr lífeyrissjóðum yrðu verðtryggð og með einum eða öðrum hætti varð að tryggja það að lífeyrissjóðirnir hefðu sín útlán verðtryggð, og í þessum lögum var fyrst og fremst verið að tryggja það, en vitaskuld var það ríkissjóður eða stofnanir hans með einum eða öðrum hætti sem höfðu slík bréf á boðstólum. Um þetta ákvæði laganna frá 1977 urðu töluverðar umr. hér. M. a. tók þátt í þeim umr. flokksbróðir hæstv. fjmrh., formaður Dagsbrúnar Eðvarð Sigurðsson. Hann sagði þá m. a., með leyfi forseta:

„Af því, sem ég nú hef sagt, lýsi ég fyllstu andstöðu í fyrsta lagi við að það skuli vera fyrirhugað að lögbinda meðferð fjármagns lífeyrissjóðanna, en með því er ríkisstj. að sölsa undir sig yfirráð yfir stórum hluta þess fjármagns sem lífeyrissjóðirnir hafa til umráða. Þetta er grundvallarafstaða. Ég álít að Alþ. eigi alls ekki að setja löggjöf varðandi lífeyrissjóðina á þennan hátt."

Hvað skyldi þessi hv. þm. segja í dag, ef hann sæti á Alþ., undir því að flokksbróðir hans, hæstv. fjmrh., legg-

ur fram frv. — ekki um ráðstöfun, ekki um með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir skuli ráðstafa fjármagninu, heldur af hverjum þeir skuli kaupa, um skyldu. Ég held að það ákvæði, sem var í lögum nr. 82/1977, eigi að gilda í þessum efnum. Þessu breytti fyrrv. ríkisstj., fór þá í 20%, og nú er það hækkað um 100, upp í 40%.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sé þessu sammála. Hann stóð að löggjöfinni frá 1977 með öðrum þeim ráðh. sem þá sátu í ríkisstj. Hann hefur skipt um skoðun ef hann samþykkir þessa tillögu.

Ég vil lýsa því yfir, að við sjálfstæðismenn munum flytja brtt. við þessa grein, brtt. sem verður samhljóða þeirri grein sem var í lögum nr. 82 frá 1977. Við viljum fá að láta reyna á það, hverjir hafa skipt um skoðun í þessum málum.

Það liggur ljóst fyrir, að þessi ákvæði verða að sjálfsögðu til þess að minnka getu lífeyrissjóðanna til að lána húsbyggjendum. Þetta á eftir að koma niður þar. Ég trúi því, að þessi brtt., sem við munum flytja, nái fram að ganga, því að hér er um að ræða eign þeirra manna sem til lífeyrissjóðanna hafa greitt, og það er þeirra að ráðstafa þessu. Það liggur ljóst fyrir, að hingað til hafa þeir a. m. k. gert samkomulag við ríkissjóð, við þær stofnanir sem eru á vegum ríkisstj., til þess að tryggja þarflegar framkvæmdir í landinu hvort heldur um er að ræða á vegum Byggingarsjóðs ríkisins eða á vegum Framkvæmdasjóðs ríkisins.

Herra forseti. Ég vil að lokum segja þetta: Lánsfjár- og framkvæmdaáætlunin, sem hér er til umr., byggir á þjóðhagsspá sem gerð er á verðlagsforsendum fjárlaga. Það er hins vegar ljóst og kemur fram í grg. Þjóðhagsstofnunar til fjvn., að verðhækkanir frá upphafi árs til loka verða nær 50%, en ekki 30% eins og fjárlög gera ráð fyrir. Þjóðarframleiðsluspáin fyrir 1980 er reist á mjög ótraustum grunni, svo að ekki sé meira sagt. Efnahagsstaða okkar í dag er með þeim hætti, að ríkisstj. hefði þurft að semja og leggja fyrir Alþ. lánsfjár- og framkvæmdaáætlun þar sem aðhalds væri gætt. Þvert á móti hyggst ríkisstj. auka opinberar framkvæmdir, ekki aðeins í krónutölu, heldur að magni um 21.3%. Til þess að fjármagna þessa spennu eru erlendar lántökur auknar, þannig að greiðslubyrðin 1980 fer í 16—17% af útflutningsverðmæti, þrengt er mjög að lánamöguleikum atvinnuveganna hjá bönkum landsins og möguleikar einstaklinga til húsbyggingarlána hjá lífeyrissjóðunum eru stórlega skertir.

Ríkisstj., sem nú hefur setið í um þrjá mánuði, hefur gersamlega gefist upp við að stjórna landinu. Hún hefur ekki mátt vera að því að gera til Alþingis tillögur til lausnar aðsteðjandi vanda, heldur horfir á viðskiptajöfnuð verða óhagstæðari, lánsfjárstöðu bankanna versna stórlega og stuðlar að aukinni þenslu í þjóðfélaginu. Allt veldur þetta áframhaldandi óðaverðbólgu, er teflir atvinnuvegunum í stórhættu og rýrir lífskjör fólksins í landinu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fyrir utan þau athyglisverðu tíðindi, sem gerðust aðfaranótt 1. maí, að leiðir skildu milli Alþb. og láglaunahreyfingarinnar í landinu með eftirminnilegum hætti með fjarveru Guðmundar J. Guðmundssonar og neitun hans á því að taka þátt í að afgreiða það skattstigafrv. sem þá fór í gegn á atkv. sjálfstæðismanna, hefur helst verið merkileg í stjórnmálasögu síðustu vikna sú stökkbreyting sem skyndilega hefur orðið á afstöðu Alþb. og forustumanna þess. Um langan aldur hefur Alþb. haft talsverða sérstöðu í pólitík, sem hefur greint það frá öðrum flokkum og gert það að verkum, að oft hefur verið erfitt að ræða með skynsamlegum hætti við Alþb.-menn um efnahagsmál. Þeir Alþb.-menn kölluðu sérstöðu sína ýmsum fínum nöfnum, sem voru til þess fallin að gabba einfaldar sálir, en í stórum dráttum var þessi sérstaða Alþb. fólgin í því að viðurkenna ekki ýmis mjög einföld lögmál í efnahagslífi, eins og við þekkjum hér á Vesturlöndum. Það má segja að þessi sérstaða Alþb. hafi verið fólgin í því að viðurkenna ekki ýmis undirstöðuatriði sem þeir mundu kalla borgaralega vestræna hagfræði. Þeir vildu ekki viðurkenna jafneinfaldar staðreyndir í efnahagslífi og þær í hinu daglega lífi, að dagur kemur á eftir nótt, og við slíka menn var tilgangslítið að ræða. Það var eins og að ræða um stærðfræði við mann sem neitar að viðurkenna tilvist margföldunartöflunnar.

En nú hafa orðið snögg umskipti, svo snögg umskipti í afstöðu Alþb. að miklum tíðindum sætir, og þeir hafa, forustumenn Alþb., hin nýja stétt, pappírstigrarnir, ekkert hálfverk þar á. Þeir eru nú orðnir borgaralegastir allra þeirra borgaralegu eins og sjá má af því, að forseti borgarstjórnar Reykjavíkur með sinn grósserasígar og sínar rosabullur mundi hvergi geta sómt sér betur en á forsíðu amerísks bisnestímarits um fiskveiðar og hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson er hin ameríska ímynd „The young executive", eins og kallað mundi vera, og eðlilegt er að innrætið dragi nokkurn dám af útlitinu.

Hér í eina tíð var það t. d. eitt af boðorðum Alþb., að aldrei bæri að viðurkenna gengisbreytingu sem tæki til hagstjórnar. En hvað hafa þeir nú gert? Nú hafa þeir beitt þessu tæki sínu og ákveðið með öðrum ráðh. í ríkisstj. að fella gengi í einu vetfangi um 8% og gera það jafnvel án þess að bóka neina sérstöðu, eins og þeir þó voru að myndast við að gera áður og fyrri þegar þeir áttu aðild að ríkisstj. sem til slíkra úrræða greip. Það er ekki lengra síðan en í fyrra að átök mikil urðu á Alþ. og í stjórnarliðinu vegna þess að það átti að gera tilraun til þess að þáv. ríkisstj. hefði einhverja stefnu í launamálum sem væri þess eðlis að fjárlagafrv., sem hún lagði fram, yrði byggt á þess konar stefnu. Alþb. harðneitaði því, sagði að það væri siðlaust að ríkisvald hefði launamálastefnu. Og í desembermánuði í fyrra varð að rjúka til og umreikna hverja einustu tölu í fjárlagafrv. þáv. ríkisstj. til verðlags á desembergrundvelli vegna þess að í orðabók Alþb. var neitað að viðurkenna jafnaugljósa staðreynd og þá, að ef menn ætluðu sér að ná árangri í ríkisbúskap, þá yrðu menn að gefa sér einhverja launaforsendu til þess að styðjast við.

Nú er þessi afstaða ekki lengur fyrir hendi. Nú hefur fjárlagafrv. verið lagt fram með ákveðinni launamálastefnu. Og hver er sú launamálastefna? Jú, hún byggist á því, að kaup hækki á árinu 1980 um 4.5% minna en verðlag. Þetta stendur orðrétt sem aðalforsenda fjárlagafrv. Alþb.-mannsins Ragnars Arnalds. Þetta er hin nýja leið hinnar nýju stéttar.

Það var líka skoðun Alþb. og margfaldlega haldið fram, m. a. af hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, að launaákvarðanir í landinu hefðu ekkert með verðbólgumál að gera, laun og launaákvarðanir annars vegar og verðbólguþróun hins vegar væru gersamlega óskyld mál sem ekkert kæmu hvort öðru við. En hvað segir hæstv. fjmrh. nú um þessi mál? Hann segir að ef eigi að ná

árangri í verðbólguslag, þá sé ekki á það hættandi að grunnkaupshækkanir verði í landinu á árinu 1980 vegna þess að það muni hafa stórkostleg áhrif til hvatningar verðbólgunni. Er þetta ekki ný lína, hæstv. forseti, sem manni kemur nokkuð á óvart að heyra frá Alþb. núna?

Einu sinni sögðu þeir Alþb.-menn, að ástæðan til þess, að ekki væri samið við launafólk, þegar kjarasamningar eru lausir og margar vikur hafa liðið án þess að nokkuð hafi hreyfst í launasamningaátt, ástæðan til þess væri bara illvilji atvinnurekenda. Nú er fyrrverandi formaður Alþb. stærsti atvinnurekandi á Íslandi, hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds. Hann fer alfarið með samningsvaldið fyrir öflugasta atvinnurekenda í íslensku þjóðlífi, sjálft ríkisvaldið. Maður skyldi ætlað að hann sýndi nú viljann í verki og gerði það sem hið vonda íhald í atvinnurekendasamtökunum vill ekki gera, nú brytist hann fram, þessi baráttuglaði og tápmikli baráttumaður láglaunafólks, og hyggi á hnútinn og semdi við sína starfsmenn svo að aðrir gætu komið á eftir. En hvað segir hæstv. ráðh. núna? Hann segir: Mér er ekki óhætt einu sinni að hafa skoðun á þessum málum. Ég ætla að bíða eftir því, hvað íhaldinu í atvinnurekendasamtökunum þóknast að segja, og síðan ætla ég að bjóða mínu starfsfólki það sama og íhaldið í atvinnurekendasamtökunum býður fólkinu hans Guðmundar J. við samningaborðið. Kemur hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni þessi afstaða ekkert á óvart? Er hann ekkert hissa á þessu, hv. þm.? Ég sagði við hv. þm. áðan að hann skyldi gæta vandlega að því, hvort fært væri til Stykkishólms vegna aurbleytu, því að aldrei er að vita hvenær menn þurfa að hafa hraðar hendur þegar menn heyra röksemdafærslur eins og þær sem nú koma úr munni þeirra ágætu Alþb.-manna.

Hvað sögðu þeir í fyrra um samráðið við launþegahreyfinguna? Þeir stóðu hér í slag dögum saman til þess að ákveða með svokölluðum Ólafslögum, hvaða hátt þeir vildu hafa á þessu samráði, og sá háttur var samþykktur. En hæstv. félmrh., Svavar Gestsson, kom af fjöllum, þegar honum var bent á það í vetur, að lög væru í landinu um að slíkt samráð skyldi viðhaft, því að honum hafði ekki komið til hugar að lesa þessi lög sem hann samþykkti fyrir einu ári og tæplega það, hvað þá að fara eftir þeim. Þetta er hin nýja skoðun hinnar nýju stéttar, mannanna með stórsígarinn og rosabullurnar, mannanna sem eru ímynd hinnar amerísku hugmyndar að „the young executive" og ráða nú ferðinni í Alþb. Það er von að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson þurfi af og til að bregða sér afbæjar, þegar hann er búinn að fá nóg af samverunni við þessa nýju stétt hér uppi í Hlaðbúð, og sennilegt að hann þurfi oft á næstu dögum og vikum að skreppa til Stykkishólms og jafnvel miklu, miklu lengra, jafnvel alla leið austur á Norðfjörð. Það væri kannske helst að hann fyndi þar enn þá einhverjar taugar, einkanlega í gömlum mönnum.

Þessi þróun heldur síðan áfram, þessi sinnaskipti Alþb., þessi myndbreyting þessa flokks sem einu sinni var róttækastur allra stjórnmálaflokka á Íslandi, en er nú orðinn uppvakningur og varðhundur kerfisins. Þessi sinnaskipti birtast hér í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1980, því að þetta er fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hæstv. fjmrh. þó svo að hæstv. forsrh. hafi hlaupið í skarðið fyrir hann og flutt hér framsögu fyrir þessari áætlun áðan, vegna þess að hæstv. forsrh. er farinn að finna til þess, að hann hefur ekkert verkefni í þessari ágætu ríkisstj. annað en að mynda hana. En þetta er eitt af meginviðfangsefnum hæstv. fjmrh., annað af tveimur, að leggja fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, og auðvitað hans verk og hans stefna sem hér kemur fram.

Hvaða stefnubreytingu ber þessi áætlun með sér? Á bls. 21 í áætlun hæstv. fjmrh. stendur, að ein forsendan fyrir því, að hann fái það fé frá bankakerfinu sem hann ætlar sér að fá inn í ríkissjóð til þess að fjármagna þau útgjöld sem hann hefur ráðgert, sé að vaxtakerfið myndi skipulega heild. „Að framangreindum forsendum gefnum," segir hæstv. fjmrh., „mundu nafnvextir vaxtaaukainnlána og útlána að líkindum haldast lítt breyttir á árinu. . . . Með lækkandi verðbólgu væri þannig stefnt að verðtryggingarmarki efnahagslaganna." M. ö. o. er það allt í einu orðin stefna hæstv. fjmrh. að halda nafnvöxtum óbreyttum á meðan hann ætlar að lækka verðbólguna, og hann lýsir yfir að þetta sé hvorki meira né minna en forsenda þess, að aðgerðir hans í efnahagsmálum gangi upp. Kemur þetta mönnum ekkert á óvart, sem hafa heyrt hæstv. ráðh. og flokksbræður hans þenja sig hér fyrir ári út af hinni vitlausu raunvaxtastefnu Alþfl.? Nú er það helsta forsendan fyrir þessari lánsfjáráætlun að nafnvöxtum verði haldið óbreyttum á sama tíma og verðbólgan sé þvinguð niur, svo að náð verði verðtryggingarmarkmiði efnahagslaganna. Þetta segir hæstv. ráðh. að sé forsenda fyrir fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Kemur þá allt í einu hæstv. fjmrh. að vestan í bókstaflegum skilningi eftir að vera búinn að vera alla sína tíð hér á þingi á háaustan? Og þá er bara ein lítil spurning eftir: Hvað ætlar þá hæstv. ráðh. að gera ef verðbólgan næst ekki niður? Ég hefði áhuga á að fá að vita það ef hann væri hér viðstaddur. Ef hæstv. fjmrh. ætlar að halda sig við þær forsendur, sem hann boðar hér, og það tekst ekki vegna þess að hann nær ekki verðbólgunni niður, þá hlýtur hæstv. fjmrh. að sjálfsögðu að láta hækka nafnvextina til þess að verðtryggingarmarkmiði efnahagslaganna verði náð. Öðruvísi gengur þessi stefna hans ekki upp. Og ef svo er, eins og hlýtur að vera ef nokkuð er að marka það sem stendur í þessari skýrslu, þá er hæstv. ráðh. kominn á þveröfuga skoðun í vaxtamálum við það sem hann var fyrir einu ári. Þá er heldur betur hægt að fara að tala við hæstv. ráðh. með tveimur hrútshornum, þegar hann er kominn í hálfhring í afstöðu sinni og öll stóryrðin, sem hann lét falla í garð vaxtastefnu Alþfl., eru fokin og farin fyrir bí á einni nóttu.

Hann segir meira, hæstv. fjmrh., í þessari skýrslu sinni. Hann segir um bindiskyldu fjár innlánsstofnana hjá Seðlabanka Íslands: „Er nú áætlað að bilið minnki enn á þessu ári, þ. e. að endurkaup aukist um 15 milljarða kr." Síðan segir hæstv. ráðh.: „Frekari ráðstafanir þurfa þó til að koma ef endurheimta á svigrúm til að beita bindiskyldunni til þess að hafa áhrif á útlán bankanna." Hæstv. ráðh. er kominn á skoðun á Alþfl. um að beita og auka bindiskyldu hjá innlánsstofnunum og Seðlabankanum til þess að ná árangri í efnahagsmálum. Öðruvísi mér áður brá.

Ég verð nú að segja eins og er, að þegar hæstv. fjmrh. nú opnar munninn, þá er það ekki lengur Alþb.-maður sem talar út um þann munn. Nei, það eru efnahagssérfræðingarnir í Þjóðhagsstofnun og fjmrn. Hæstv. fjmrh. talar aðeins fyrir hönd þeirra. Skoðun hans er orðin þveröfug við þá skoðun sem hann hafði í fyrra. Hann er orðinn sammála Alþfl. í vaxtastefnunni og hann er orðinn sammála Alþfl. í því, að auka beri svigrúm Seðlabankans til að binda innistæður lánastofnana til

þess að ná megi árangri í aðhaldsátt, til þess að ná árangri í verðbólgumálum. (**GS:** Það er ljótt að heyra.) Já, það er ljótt að heyra. Það er von að hv. þm. komi þetta á óvart, hv. flokksleysingja Garðari Sigurðssyni. Það er von að honum komi það á óvart. Hann er sjálfsagt ekki vanur því að heyra svona umr. hér uppi í Hlaðbúð, kannske ættu þeir að verða samferða til Stykkishólms næst, hv. þm. Garðar Sigurðsson og hv. þm. Guðmundur J. (**Gripið fram í:** Hann er í gáfumannafélaginu, er það ekki?) Aukafélagi, aðeins aukafélagi, að eigin sögn. Og síðan tekur nú í hnúkana, því að neðst á bls. 21 segir hæstv. ráðh. að hann ætli nú heldur betur að taka til hendi, því að hann ætli að sjá til þess, segir hann orðrétt, „að peningamagnið aukist um 35%," að peningamagn í umferð aukist miklu minna en gert er ráð fyrir að verðbólguþróunin verði á árinu. Þetta gæti verið tekið beint út úr munni hv. þm. Vilmundar Gylfasonar fyrir einu ári, þegar við stóðum hér uppi í ræðustól til þess að slást við þessa Alþb.-menn um að viðurkenna jafneinfalt grundvallarlögmál í efnahagslífinu og hér hefur verið sett fram. En nú eru það ekki við sem erum að tala, nú eru það ekki við sem erum að benda á slíkt auðskiljanlegt efnahagslögmál, nú er það Alþb. sjálft. (**GS:** Það stenst ekki þó það standi þarna á blaðsíðunni.) Nei, það stenst ekki þó að það standi á blaðsíðunni. E. t. v. hefur hv. þm. Garðar Sigurðsson, sem ekki á lengur heima uppi í Hlaðbúð, — e. t. v. hefur gleymst að lesa þetta yfir honum. Það stenst ekki, segir hann svo. Þetta er forsendan fyrir lánsfjáráætluninni. Og hvað skyldu menn nú segja í sambandi við lífeyrissjóðina hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson? Hver er skoðun Alþb. á því? Kjarnagrein í frv. því sem fylgir þessari áætlun hér, frv. hæstv. fjmrh., — ætli hann sé ekki í salnum, forseti? (**GS:** Jú, jú.) Það fer nú lítið fyrir honum, ef hann er þar. Ég sé hann ekki, en kannske hv. þm Garðar Sigurðsson hafi hann í skúffunni hjá sér. Ég vildi þá gjarnan óska eftir því, að hv. þm. hleypti honum út, ellegar ef hann finnur hann ekki í skúffunni, að forseti geri tilraun til þess að sækja hæstv. ráðh. (**GS:** Þetta er óþinglegt tal, enda við hæfi. — **Gripið fram í:** Hann er á fundi.) Hæstv. fjmrh. á fundi. Ætli hæstv. forsrh. sé á fundi líka? (Gripið fram í.) Það er gott að sjá hann, það gleður mitt gamla hjarta að sjá hæstv. fjmrh.

Hér í eina tíð — eg held að það hafi verið árið 1969 — lagði þáv. ríkisstj. fram frv. til l. um nýsköpun á húsnæðismálakerfinu í landinu. Þessi nýsköpun miðaði að því, að stórauknar yrðu félagslegar framkvæmdir við byggingu íbúðarhúsnæðis. Gert var ráð fyrir að hluti af fjármagni til þessara nýmæla kæmi frá lífeyrissjóðunum í landinu, með því að lífeyrissjóðirnir yrðu skikkaðir til að verja 25% af ráðstöfunarfé sínu til þess að kaupa verðtryggð skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins. Þá var Alþb. á allt annarri skoðun en það er í dag. Sá vel gerði maður, hv. þm. Stefán Valgeirsson, hafði þá orð fyrir Alþb. og Framsfl. eins og hann gerir nú yfirleitt í mörgum málum. Þá sagði hv. þm. orðrétt um þessar aðgerðir í þingræðu 9. apríl 1970, með leyfi forseta:

„Er ekki verið að fara út á hæpna braut í þessu efni að hefja eignaupptöku einkasjóða ýmissa félaga á þennan hátt? Er ekki á sama hátt hægt að seilast í fleiri sjóði ýmissa félaga, verði farið út á þá braut á annað borð að taka umráðarétt af eigendum einkasjóða, þótt eigendur þeirra þurfi á þeim að halda til eigin nota? Hvers virði er þá í raun og veru eignarrétturinn? Er ekki búið að ganga nógu langt í því á undanförnum árum að rýra framkvæmdamátt þessara sjóða vegna þeirrar verðbólgustefnu og stjórnleysis, sem ríkt hefur í landinu síðustu árin, þótt þetta sé ekki kórónað með því að taka líka af eigendunum umráðaréttinn?"

Það er nú ekki oft sem ég vitna í Stefán Valgeirsson, það verð ég að segja. En þetta var skoðun hans fyrir 10 árum og þar talaði hann fyrir sína hönd og annarra vandamanna, fyrir hönd sína og Alþb. Ég man hins vegar eftir því, því, að ég tók sjálfur þátt í þeim umr. þegar íhaldsstjórn Geirs Hallgrímssonar og Ólafs Jóhannessonar gerði tilraun til þess að koma fram 40% lögþvingun á lífeyrissjóðina í nákvæmlega eins frv. og hæstv. fjmrh., fyrrv. formaður Alþb., leggur nú fram. Þá stóðum við saman, Alþfl.-menn og Alþb.-menn, að andæfa þeirri ráðagerð eins og flestu því sem sú íhaldsstjórn gerði og núv. íhaldsstjórn hefur tekið upp. Það er mjög athyglisvert, að hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, leggur nú út á nákvæmlega sömu braut og þáv. fjmrh. í íhaldsstjórninni árið 1977 gerði við sömu aðstæður og í dag. Hvað sögðu Alþb.-menn þá um þennan meginkjarna lánsfjárlaga hæstv. fjmrh.?

Eðvarð Sigurðsson sagði í ræðu á Alþingi 15. des. 1977, með leyfi forseta: „Af því, sem ég nú hef sagt, lýsi ég fyllstu andstöðu í fyrsta lagi við að það skuli vera fyrirhugað að lögbinda meðferð fjármagns lífeyrissjóðanna, en með því er ríkisstj. að sölsa undir sig yfirráð yfir stórum hluta þess fjármagns sem lífeyrissjóðirnir hafa til umráða. Þetta er grundvallarafstaða. Ég vil enn fremur taka það fram," sagði hv. þm., „að þetta ákvæði, sem er í þessu frv. varðandi lífeyrissjóðina, er sett án samráðs við lífeyrissjóðina" — nákvæmlega eins og núna — „það eru engir samningar við lífeyrissjóðina", — það er ekki heldur í dag — „að baki þessu ákvæði í því frv. sem hér liggur fyrir."

Lúðvík Jósepsson, þáv. formaður þingflokks Alþb., en núverandi starfsmaður hans, mælti 19. des. fyrir nál. sem þeir fluttu saman, hann sem fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sem fulltrúi Alþfl. í sömu n. Nál. var á þá leið, að samkv. eindregnum tilmælum lífeyrissjóðanna og verkalýðshreyfingarinnar yrði þessari atlögu hrundið, atlögu íhaldsstjórnarinnar, með því að fella þetta lykilákvæði laganna um lögþvingun á lífeyrissjóðina. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði þá, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi er svo um það að ræða, að frv. gerir ráð fyrir því, að líferyissjóðir, sem viðurkenndir hafa verið af fjmrn., skuli skyldaðir til að verja 40% af ráðstöfunarfé sínu á næsta ári til skuldabréfakaupa með fullri verðtryggingu. Það er sérstaklega þetta ákvæði frv. sem er í 3. gr. þess," — nákvæmlega sömu grein og nú, hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds hermir nákvæmlega eftir fjmrh. íhaldsstjórnarinnar á árinu 1977. — „Það er sérstaklega þetta ákvæði frv., sem er í 3. gr. þess, um skyldu sem lögð er á lífeyrissjóðina, sem hefur valdið ágreiningi," segir hv. þm. Lúðvík Jósepsson. „Ég tel því að þetta mál snúi þannig við," segir hv. þm. áfram, „ að það, sem eðlilegast væri að gera af hálfu stjórnvalda, væri að fara sömu leið og áður og leita eftir samningum" — en ekki lögþvingun. „Ég tel hins vegar mjög óhyggilegt að halda þannig á málinu af hálfu ríkisstj. að byrja fyrst á því að setja lög um málið, sem ganga mjög á móti vilja lífeyrissjóðanna, og ætla síðan að ná einhverjum árangri með samkomulagi. Ég held að slík vinnubrögð séu mjög óheppileg og

muni ekki skila árangri. Af því er það, sem við í minni hl., ég og hv. þm. Reykv., Gylfi P. Gíslason, leggjum til að 3. gr. frv. verði einfaldlega felld niður."

Nú er hv. þm. Lúðvík Jósepsson fjarri góðu gamni.

En það eru fleiri sem töldu ástæðu til þess að láta frá sér fara ýmis ummæli um þessar fyrirætlanir íhaldsstjórnarinnar sem núv. íhaldsstjórn ætlar að endurtaka. Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði í ræðu í Nd. 19. des. 1977, með leyfi forseta:

„Það er allt annað að ganga til samninga á frjálsum jafnréttisgrundvelli heldur en hitt, að fá á sig þvingunarlög. Og svo mikið í sálarfræði veit ég að allir hæstv. ráðh. kunna, að mannleg viðbrögð fara að sjálfsögðu eftir því, hvernig fram er komið við menn."

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson ætlaðist til þess að ráðh. íhaldsstjórnarinnar skildu þessi sannindi, þeir kynnu það mikið í sálarfræði að þeir vissu að mannleg viðbrögð færu eftir því, hvernig fram er komið við menn. En flokksbróðir hans, þáv. formaður þingflokks hans, fyrrv. formaður flokks hans, núv. fjmrh. hans, kann ekki svona mikið í sálarfræði, vegna þess að hann leggur það nú til í umboði flokks síns sem flokkur hans krafðist að fellt yrði fyrir tveimur árum.

Það voru fleiri, sem höfðu sitthvað um þetta að segja. Ég vitna aftur í hv. þm. Lúðvík Jósepsson. Hann sagði um íhaldsstjórnina út af þessu máli í þingræðu 19. des.:

„Það er ekki ein báran stök hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Það virðist vera, að hún velji í öllum greinum þá leiðina sem er vitlausust." Þetta sagði hv. þm. Lúðvík Jósepsson um ríkisstj. íhaldsflokkanna árið 1977, þegar hún lagði það til sem fjmrh. og ráðh. Alþb. leggja nú til í umboði síns flokks. Þá sagði formaður þingflokks Alþb.: „Það er ekki ein báran stök hjá hæstv. ríkisstj. Það virðist vera, að hún velji í öllum greinum þá leiðina sem er vitlausust."

Hv. þm., núv. hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, hafði líka skoðun á þessum málum þá. Hann var frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. í Ed. Alþingis og lagði þar til ásamt fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn. að þetta ákvæði um 40% lögþvingun á lífeyrissjóðina yrði fellt. Hv. þm. hafði sjálfur framsögu fyrir þessu nál., hvorki meira né minna. Hvað sagði hv. þm. Ragnar Arnalds þá um þá aðgerð sem hann nú ber fram í nafni flokks síns? Hann sagði, með leyfi forseta:

„Það er hinn þáttur málsins sem er okkur fyrst og fremst þyrnir í augum, að hér er verið að taka fjármagn lífeyrissjóðanna traustataki með löggjöf og ráðstafa því á ákveðinn hátt. Þetta fjármagn og þessir sjóðir eru að nokkru leyti bein eign verkalýðshreyfingarinnar og að nokkru leyti óbein eign. Verkalýðshreyfingin fékk því framgengt, að þessir sjóðir tóku til starfa og hafa verið byggðir upp, og hún varð á sínum tíma að kosta því til að slá nokkuð af launakröfum sínum, fórna nokkru til þess að þetta spor yrði stigið ..... En hitt er jafnljóst, að verkalýðshreyfingin lætur sig miklu skipta hvað verður um þetta fjármagn og það er ekki eðlilegt að þetta fjármagn sé af henni tekið nema að undangengnum frjálsum samningum við þá sem raunverulega eiga þetta fjármagn og hafa ráðstöfunarrétt á því lögum samkvæmt. Lágmark væri að þeir samningar gengju út á það, til hvaða þarfa þetta fjármagn verði notað."

Þetta sagði hv. þm. Ragnar Arnalds, núv. hæstv. ráðh., á Alþingi 20. des. árið 1977, þegar hann hafði forustu um það í nafni síns flokks að heimta að felld yrði sú lögþvingun sem hann nú í nafni síns flokks krefst að Alþ. samþykki á lífeyrissjóðina umræðu- og samningalaust.

Þetta er sú stórkostlega myndbreyting sem orðið hefur á Alþb. Hvert dæmið á fætur öðru. Þetta er skoðun og stefna hinnar nýju stéttar, hinna ungu framkvæmdamanna, pappírstígranna, hlaupastrákanna úr Framsfl., gáfumannafélagsins, sem hrakið hefur hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson á vergang til Stykkishólms og haft þau áhrif á hv. þm. Garðar Sigurðsson, að hann kannast ekki einu sinni við orð flokksbræðra sinna sem prentuð eru í þinggögnum Alþingis. Ég tel það út af fyrir sig að verja vel peningum að gera Alþb. mælandi máli varðandi það sem Alþb.-menn mundu kalla borgaralega vestræna hagspeki með því að borga þremur alþm. ráðherralaun. Hins vegar datt mér aldrei í hug að þeir mundu kokgleypa svo þessa svokölluðu borgaralegu vestrænu hagfræði að þeir væru eiginlega þeir málsvarar þeirra kenninga efnahagssérfræðinganna í fjmrn. og Þjóðhagsstofnun sem lengst gengju á Íslandi í dag í því að berjast fyrir kenningum þeirra um hvaða úrræðum eigi að beita til þess að ná árangri í stjórn peningamála, í sambandi við úrræði í vaxtamálum, í sambandi við framkomuna gagnvart verkalýðshreyfingunni og í sambandi við afskipti ríkisstj. og löggjafarvaldsins af lífeyrissjóðum hinna frjálsu verkalýðsfélaga í þessu landi. En það koma nýir siðir með nýjum herrum.

Herra forseti. Í því ágæta plaggi, sem við höfum hér á borðunum fyrir framan okkur og kallað er stjórnarsáttmáli ríkisstj. Gunnars Thoroddsens og minnir mann helst á boðorðin — ekki vegna þess hvað ákvæði sáttmálans séu merkileg, heldur vegna þess hve oft þau eru brotin — stendur ýmislegt mjög skýrum stöfum um tilgang ríkisstj., hvað hún ætli að gera við sitt fyrsta tækifæri í fjárlagagerð, í lánsfjáráætlunargerð o. s. frv. Þar stendur m. a. orðrétt á bls. 6 að „heildarfjárfestingu á árunum 1980 og 1981 verði haldið innan þeirra marka, sem ákvarðast af eftirspurn, viðskiptajöfnuði og atvinnuöryggi, og nemi fjárfestingin um fjórðungi af þjóðarframleiðslu." Þetta var upphaflega stefnan. Hvað er fjárfesting, sem nemur fjórðungi af þjóðarframleiðslu, 25% af vergri þjóðarframleiðslu? Það er fjárfesting sem mundi standa undir erlendum lántökum er næmu um það bil 70 milljörðum kr., en það var talið hámark þess, sem óhætt væri að taka að láni erlendis frá, í bréfi sem Seðlabanki Íslands sendi frá sér um s. l. áramót. Hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar lagt fram plagg, lánsfjáráætlun sína, sem gerir ráð fyrir að fjárfestingin, sem hún boðaði í málefnasáttmálanum að ætti að vera um 25%, verði 26.5%. 1.5% í sláturtíðinni, manni finnst það ekki muna miklu. En hvað er þetta 1.5% í peningum? Það er um það bil 16 milljarðar kr. M. ö. o.: þarna fer hæstv. ríkisstj. í fjárfestingu um það bil 16 milljörðum kr. fram úr því marki, sem hún sjálft setti sér í málefnasamningi sínum, og það er keppur í sláturtíð sem um munar, hæstv. forsrh., vegna þess að sá keppur er kostaður með erlendu lánsfé, verðtryggðu erlendu lánsfé, sem ég veit að hæstv. forsrh. þarf ekki að svara spurningum um hvernig eigi að borga. Það mun koma á þá sem sitja hér á Alþingi Íslendinga eftir næstu kosningar.

Í málefnasamningnum er einnig talað um að erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr um það bil 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Þetta var sú tala, sem Framsfl. hamraði sýknt og

heilagt á í haust í stjórnarmyndunarviðræðunum og var nokkurs konar heilög tala í hans augum. Hver er niðurstaðan? Hvað eru erlendu lántökurnar miklar, hvað þýða þær mikla greiðslubyrði á árinu 1980? 15% og ekki meir, sagði Framsókn í haust. Á bls. 5 í lánsfjáráætluninni segir orðrétt, að á árinu í ár verði greiðslubyrðin rúm 16%. Á bls 22 í lánsfjáráætluninni segir að greiðslubyrðin á árinu 1980 verði 16—17%. Hún er hærri á bls. 22 í áætluninni en á bls. 5. Hún hefur hækkað frá bls. 5 úr 16% til bls 22 í 16—17%, og það er ekki annað en fyrirboði um hvað koma skal, því að á næsta ári, ef hæstv. ríkisstj. sendir þá frá sér sína hvítu bók, mun greiðslubyrðin að öllu óbreyttu verða um 18% og hefur aldrei meiri verið í sögu lýðveldisins.

Árið 1968, þegar íslenska þjóðin varð af 40% af gjaldeyristekjum sínum vegna verðhruns á útflutningsafurðum Íslendinga á erlendum mörkuðum og aflabrests við sjávarsíðuna, á einni nóttu missti íslenska þjóðin 40% af gjaldeyristekjum sínum svo að segja, þá var greiðslubyrðin af erlendum skuldum rétt um 16%. Núna, í einhverju blómlegasta árferði sem um getur, þegar að eigin sögn ríkisstj. er stefnt í þá átt að auka þorskafla á árinu upp í 380—400 þús. lestir, þá er greiðslubyrði af erlendum skuldum samkv. bls 22 í lánsfjáráætluninni 16—17%, meiri en hún var á mestu erfiðleikatímabilum í sögu íslenska lýðveldisins. Og hvernig halda menn þá að muni fara ef eitthvað bjátar á, annað hvort í verðlagi á útflutningsafurðum okkar eða í aflabrögðum? Hvar halda menn þá að það muni enda? Þeir hafa áhyggjur af því, sem hafa áhyggjur af framtíðinni, hæstv. forsrh. Þeir hafa minni áhyggjur af því sem hugsa aðallega um fortíðina.

Hvað segir síðan í þessari ágætu bók? Það mætti halda að sumir kaflar þessarar bókar hefðu verið skrifaðir vestur í Reykholti, þeir eru slíkur samsetningur. Ég hef ekki séð annað eins, eins og ég skal vitna í nú á eftir á nokkrum stöðum. Það er eins og þeir, sem þetta skrifuðu, hafi annaðhvort verið að gera grín að sjálfum sér eða lesendunum. Annaðhvort eru þeir menn, sem þessa bók hafa skrifað, heimskir eða þeir ætla að þeir, sem lesa bókina, hljóti að vera heimskir. Á bls. 5. segir, með leyfi forseta, í þessari ágætu skýrslu:

„Útflutningshorfur á komandi árum virðast fremur vænlegar ef vel tekst til um hagnýtingu fiskstofna.“ Það er allt í lagi að taka áhættu um að greiðsubyrði í ár verði 16—17% og á næsta ári 18%, vegna þess að útflutningshorfur virðast fremur vænlegar á næstu árum ef vel tekst til um hagnýtingu fiskstofna. En hvað segir hér nokkrum setingum neðar? Jú, þar er sagt að í ár verði þorskaflinn 380—400 þús. tonn, þó að fiskifræðingar hafi lýst því yfir, að ef hann verður svo mikill muni stórlega draga úr þorskafla á næstu árum. Þannig rekst hvað á annars horn. Annaðhvort eru þeir menn, sem þessar tvær setningar skrifa, hreinlega heimskir eða þeir halda að þeir sem þetta lesa, séu svo heimskir, að þeir muni ekki hvað á miðri síðunni stendur þegar þeir eru komnir niður síðuna. Lánsfjáráætlunin gerir ráð fyrir að farið verði langt fram yfir það mark í ár, sem fiskifræðingar telja óhætt til þess að standa undir fjárfestingaræði ríkisstj., vitandi að þar með taka þeir þá áhættu að þorskafli landsmanna muni stórkostlega minnka á næstu árum. Og svo segja þeir í sömu setningunni svo til að engin ástæða sé til að óttast neitt, þetta geti allt verið í stakasta lagi ef rétt verði á haldið. Og nákvæmlega sama segja þeir í áframhaldinu: „Ástæða er því til að ætla að greiðslubyrði fari ekki hækkandi úr hófi fram á næstu árum, ef rétt er á haldið.“ Er nú hæstv. ríkisstj. að gera grín að sjálfri sér? Eða er hún að gera grín að okkur sem lesum þetta „pródúkt“?

Í stjórnarsáttmálanum segir að eitt af meginatriðum í efnahagsstefnu ríkisstj. sé að spyrna gegn ofþenslu. Nú þenur hún svo út framkvæmdir í landinu með þessari lánsfjár- og framkvæmdaáætlun sinni að framkvæmdastig hefur aldrei verið hærra í sögu landsins nema eitt ár, árið 1973, þegar við vorum í mikilli uppsveiflu, — aldrei verið hærra. Þetta gerir hún á sama tíma og mikil þensla er á vinnumarkaðinum. Hvaða áhættu halda menn að hæstv. ríkisstj. sé að taka með slíkri stefnu? Hvaða áhrif halda menn að það muni hafa á þensluástand í íslenskum efnahagsmálum að ákveða nú á þessari stundu að framkvæmdastig á Íslandi skuli vera með því hæsta sem nokkurn tíma hefur orðið og kostað með erlendu lánsfé?

Þá lýsti hæstv. forsrh. því í mörgum og fögrum orðum, að það væri meginstefna ríkisstj. að tryggja hallalaus viðskipti við útlönd. Í þessari bók er því spáð, að viðskiptahallinn við útlönd verði a. m. k. 16 milljarðar kr. Menn skyldu halda að ríkisstj. væri það ljóst, að sérstök ástæða væri til að fara varlega í sambandi við erlendar lántökur í slíku árferði. En það er ekki aldeilis gert, heldur stendur hér: „Ríkisstj. mun vinna að því með öllum tiltækum ráðum að viðskiptahallinn fari minnkandi á næstu misserum.“ M. ö. o.; ríkisstj. lýsir því yfir, að hún ætli sér ekki að takast á við þetta vandamál að þessu sinni, ekki í ár. En hún sé alveg staðráðin í því, hæstv. ríkisstj., að takast mjög alvarlega á við vandann, kannske á næsta ári, alla vega á næstu misserum, en í ár, nei, það sé of fljótt. Þetta er eins og niðurtalningin hjá Framsfl. Það er alls ekki hægt að byrja á henni á þessu þriggja mánaða tímabili. Nei, það er ekki hægt. En þeir eru að hugsa um að gera það á næsta þriggja mánaða tímabili og enn frekar þriðja og síðasta þriggja mánaða tímabili ársins. Þetta er eins og félagsmálapakkarnir sem hæstv. forsrh. fékk verkalýðshreyfingunni. Þegar hann var spurður að því í sjónvarpi rétt eftir að hann var kominn til valda hvernig hann ætlaði að kosta það, þá sagði hann: Ja, það er nú ekki endilega víst að það þurfi að standa við loforðið á þessu ári. En kannske næsta ári eða allténd fyrir lok kjörtímabilsins. (Gripið fram í.) Það er nú varla hægt að ráðast í umtalsverðar framkvæmdir, hv. þm., án þess að borga fyrir þær. A. m. k. væri mér sem ég sæi Verkamannafélagið Dagsbrún og Verkamannasamband Íslands taka við félagsmálapökkum sem ekki ættu að kosta neitt. Slíkir félagsmálapakkar hafa að mínu viti ekki verið fundnir upp enn þá. En það má vera að hæstv. fjmrh., flokksbróðir Guðmundur J. Guðmundsonar, hv. þm., finni slíkan pakka upp og ætti þá hv. þm. ekki að þurfa að fara miklu oftar til Stykkishólms. En svona er þetta í einu og öllu. Í þessari lánsfjáráætlun stendur að gjaldeyrislántökuþörf til þess að viðhalda gjaldeyrisstöðu óbreyttri sé 72.3 milljarðar kr. Miðað við að reisa sér ekki hurðarás um öxl og miðað við 15% greiðslubyrðina, sem Framsfl. boðaði í haust, hefði ekki mátt fara í erlendum lántökum fram úr 70 milljörðum kr. Miðað við þann viðskiptahalla, sem boðaður er í þessari lánsfjáráætlun, hefði ekki mátt fara fram úr 70 milljörðum kr. í erlendum lántökum, ef nokkurt vit ætti að vera í stefnunni. Samt sem áður er það gert. Það er farið 15 milljörðum fram yfir. Ég spyr: Hver er ástæðan?

Og svo kemur hér stórkostleg setning á bls. 27, sem er

einhver merkilegasta útlistun, sem ég hef séð í nokkru þskj. á því, hvernig hægt er að koma saman þeirri stefnu, sem hæstv. forsrh. boðaði fyrir kosningar, og því plaggi sem hann leggur fram hér eftir kosningar. Eins og menn muna eftir, þá er það og hefur verið þangað til nú loforð hæstv. forsrh. og flokks hans, Sjálfstfl., að það ætti að draga úr opinberum umsvifum, draga úr notkun hins opinbera á því fé sem til ráðstöfunar er í landinu, til þess að framtak einstaklinganna, eins og þeir kalla það geti notið sín. Þetta hefur verið helsta boðorð Sjálfstfl. og hæstv. forsrh.

Nú er náttúrlega farið alveg öfugt að. Ef við flettum upp á bls. 29 kemur í ljós, að á sama tíma og atvinnuvegirnir eiga að fjármagna framkvæmdir sínar með eigin fé upp á 54% af framkvæmdakostnaði ætlar ríkið að fjármagna framkvæmdir sínar með 60% lánsfé. Til þess að þetta sé hægt verður ríkisvaldið, samkv. töflu sem fram kemur á bls. 19, að taka til sín 6 milljarða kr. frá lífeyrissjóðum í landinu — sem ríkissjóður fékk ekki eina krónu frá í fyrra, heldur runnu þeir peningar út til atvinnulífsins — og 3.9 milljarða úr bankakerfinu — sem ekki lagði ríkissjóði eina krónu til í fyrra, heldur varði sínu fé til atvinnulífsins, til framtaks einstaklinganna, hæstv. forsrh. Og á bls. 40 og 41 í þessari dæmalausu skýrslu kemur það einnig fram, að til þess að þetta sé hægt að framkvæma, til þess að ríkissjóður geti dregið sér þetta fé lífeyrissjóðanna, þá verða hinir frjálsu lífeyrissjóðir í landinu að fella niður fjármögnun til Iðnlánasjóðs, sem í fyrra var 348 millj., til Verslunarlánasjóðs, sem í fyrra var 738 millj., til Stofnlánadeildar samvinnufélaga, sem í fyrra var 940 millj., og til veðdeildar Iðnaðarbankans, sem í fyrra var 231 millj. Allt þetta fé tekur ríkissjóður núna til sín og skilar út í atvinnulífið nákvæmlega engu á móti.

Hverning skyldi hæstv. forsrh. koma þessari pólitík heim og saman við þá stefnu sem hann hefur þóst vera að boða? Sú stórkostlega setning kemur á bls. 27. Það ætti að gera þessa setningu ódauðlega í þingtíðindum, það ætti að hafa þetta sem einkunnarorð fyrir hæstv. forsrh. og málaliða hans í þessari ríkisstj. Hvað stendur þarna? Með leyfi hæstv. forseta stendur orðrétt: „Í sambandi við aukningu opinberra framkvæmda 1980 er rétt að benda á að hún stafar að langmestu leyti af framkvæmdum á sviði orkumála, sem beinlínis eru forsenda aukinnar framleiðslu og athafna á vegum einstaklinga og samtaka þeirra. Ýmsar aðstæður hafa orðið þess valdandi, að hér á landi eru þessar framkvæmdir á vegum opinberra fyrirtækja, en í raun og veru má líta á þær margar hverjar sem hina arðvænlegustu atvinnuvegafjárfestingu.“

Ég hef aldrei á minni lífsfæddri ævi heyrt annað eins bull og vitleysu. Hæstv. forsrh. er með þessu að rökstyðja það, að aukin opinber umsvif séu í raun og veru ekki aukin opinber umsvif, heldur til þess að leggja grundvöllinn að auknum umsvifum einstaklinganna, hins frjálsa einkaframtaks í landinu. Þeim mun meiri sem aukning opinberu umsvifanna er, þeim mun blómlegra hlýtur þá að verða fyrir einkaatvinnureksturinn. Ég hef aldrei á minni lífsfæddri ævi séð aðra eins röksemdafærslu.

Við skulum taka eitt mjög einfalt dæmi á mæltu máli. M. ö. o.: það er forsenda fyrir blómlegum rekstri hjá Bílaleigu Akureyrar á árinu 1980 að hið opinbera stórauki arðlaus umsvif sín við Kröflu. Ef Bílaleiga Akureyrar ætlar að koma út með gott ár á árinu 1980, þá verður það ekki gert með öðrum hætti en þeim, að hið opinbera stórauki fjárfestingu sína við arðlausa Kröfluvirkjun. Þetta er röksemdafærslan hjá hæstv. forsrh. Hún er stórkostleg og makalaus og ég hef aldrei á minni lífsfæddri ævi í svona skýrslu séð jafnrakalausa vitleysu og þessa. Þegar hæstv. forsrh. ætlar að sanna það, að með því að draga fjármagn frá bönkunum, sem áður rann til atvinnulífsins, frá lífeyrissjóðunum, sem áður rann til atvinnulífsins, til þess að auka umsvif hins opinbera, en draga að sama skapi úr umsvifum einkaframtaksins, þá sé það ekki gert til þess að auka opinber umsvif, síður en svo. Það er verið að gera þetta til þess að auka umsvif hins frjálsa framtaks í landinu. Það er hvorki meira né minna en meiri háttar pólitísk uppgötvun, sem hlýtur að sæta stórtíðindum, og ætti hæstv. forsrh. með þessari setningu sinni að komast í sögu vísinda á Íslandi, ekki síst þar sem æðsti maður allra vísindarannsókna í landinu er hvorki meira né minna en fyrrv. varafromaður Kröflunefndar, hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason. Það fer ekki illa á því, að á sama tíma sem varaformður Kröflunefndar er orðinn æðsti yfirmaður allra vísindarannsókna á Íslandi, þá finni hæstv. forsrh., Kröflunefndarráðherrann, upp slík hagfræðivísindi sem hér er gerð grein fyrir. Ég held að hæstv. forsrh. ætti að vera svo vinsamlegur að gefa okkur þessar setningar áritaðar. Þær verða sjálfsagt verðmætar þegar tímar líða fram.

Þá er einnig mjög athyglisvert að gefa því gaum, sem stendur á bls. 26. Það lýsir vinnubrögðunum við gerð þessarar skýrslu. Á bls. 26 í lánsfjáráætluninni stendur að í fiskiskipakaupum sé reiknað með 18% samdrætti. Í forsendum fyrir þessari lánsfjáráætlun og erlendri lánsfjáröflun er þannig reiknað með innflutningi þriggja togara sem ákvarðanir hafa verið teknar um, en ekki reiknað með frekari kaupum fiskiskipa á árinu. Hvaða þrír togarar eru þetta? Jú, þetta eru Portúgalstogararnir þrír. Hæstv. ríkisstj. er fyrir allnokkru búin að taka ákvörðun um að fleiri togarar komi til landsins á þessu ári. Hún bara lætur í þessari skýrslu eins og sú ákvörðun hafi alls ekki verið tekin. Það er eins og hún kannist ekki nokkurn skapaðan hlut við eigin samþykktir. Þetta sýnir tvískinnungsháttinn sem ræður ríkjum hjá þessari hæstv. ríkisstj. Það er ekki vinsælt að beita sér gegn frekar innflutningi fiskiskipa erlendis frá á sama tíma og fiskiskipaflotinn er talinn þriðjungi of stór, og hæstv. ríkisstj., sem enga viðspyrnu hefur gegn þrýstihópum, er bæði kjarklaus, viljalaus og getulaus, hún auðvitað gerir það sem vandaminnst er, hún heimilar slíkan innflutning. Slíkur innflutningur byggist á erlendum lántökum fyrir hluta af kaupverði skipanna. Það er ekki gott í lánsfjáráætluninni að gera ráð fyrir því að erlendar lántökur stóraukist vegna þessarar afstöðu ríkisstj. Hvað gerir hún þá? Þá lætur hún eins og hún hafi ekki tekið þessa ákvörðun. Þannig er hægt að starfa eftir þeirri gullvægu reglu að láta aldrei hægri höndina vita hvað sú vinstri gerir. Gagnvart útgerðarmönnum og þeim, sem hafa áhuga á því að flytja inn fiskiskip frá útlöndum, hefur ríkisstj. ákveðið sig. Jú, við ætlum að heimila frekari innflutning skuttogskipa frá útlöndum en gert hefur verið ráð fyrir. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem er viðkvæm fyrir slíkum ráðstöfunum, segir ríkisstj.: Það er ekki reiknað með frekari innflutningi á fiskiskipum frá útlöndum. — Þannig rekur sig eitt á annars horn. Þegar hæstv. ríkisstj. talar við útgerðarmenn, þá segir hún já, já, vegna þess að þar er óvinsælt að standa gegn þrýstingi frá þeim. Þegar hún talar um

erlenda lánsfjáráætlun við Alþ., þá segir hún nei, nei, vegna þess að hún vill ekki sýna í verki hvaða áhrif ákvörðun hennar um að auka innflutning á fiskiskipum hefur á erlendar lántökur. Svona blekkingavef er þyrlað upp í þessari lánsfjáráætlun. Hún byggist öll á svona blekkingavef, svona gagnsæjum blekkingavef þar sem ekkert af því, sem áætlunin er byggð á, er í samræmi við raunveruleikann, — ekki neitt. Þetta er eitt dæmið af mörgum og ég skal rekja þau hvert á fætur öðru, nákvæmlega svona augljósar gagnsæjar blekkingar, nákvæmlega svona barnaleg og forheimskuleg töfrabrögð sem hvert barn sér í gegnum.

Ég hef þegar rætt um flest atriði í sambandi við forsendurnar sem þessi lánsfjáráætlun er byggð á. Ég er búinn að benda á viðskiptahallann. Ég er búinn að benda á það, að þeir gera ráð fyrir að auka þorskveiðar úr 300 þús. lestum í 380—400 þús. lestir, en vinna það síðan bara upp með því að vera ákveðnari næst. Á bls. 6 í þessari skýrslu stendur orðrétt, sem er ein af mörgum forsendum, að gert sé ráð fyrir að innflutningsverð á olíu verði á síðari hluta ársins líkt og verð á Rotterdammarkaði um miðjan apríl s. l. Verðið, sem við borguðum fyrir innflutta olíu um miðjan apríl s. l., er fyrir löngu orðið úrelt. Við borgum miklu hærra olíuverð núna en við borguðum um miðjan apríl. En það er ekki gott fyrir lánsfjáráætlun að geta um það. Þess vegna reiknar hæstv. ríkisstj. með því í forsendum áætlunarinnar, að í árslok, eftir verðbólgu sem í umheiminum er um 10—15%, muni olíuverðið lækka frá því sem er í dag. Hún lætur eins og ekkert hafi gerst í sambandi við olíuviðskipti landsins síðan um miðjan aprílmánuð s. l., vitandi þó að olíuverðið hefur stórhækkað á þeim tíma.

Ég vildi gjarnan óska eftir því, hæstv. forseti, að fjmrh. yrði sóttur, því að ég hef ákveðið að leggja fyrir hann eina tiltekna spurningu sem ég óska eftir að fá svar við. — Ekki nægir þetta, hæstv. forseti, þó að ánægjulegt sé að sjá flokksbróður hæstv. fjmrh. Ég skal ekki ónáða hæstv. fjmrh. lengi, heldur hef ég ákveðna spurningu til hans að gera.

Meðal forsendna framkvæmda- og lánsfjáráætlunar, sem fram koma á bls. 7, er að gengið er út frá því í áætluninni, að verðlagsforsendur séu hinar sömu og lagðar voru til grundvallar fjárlagagerð, sem gengið var frá eða fram voru lagðar, eins og menn vita, fyrir allmörgum vikum, þegar ekki lá jafnljóst fyrir og nú hver raunveruleg verðlagsþróun mundi verða á árinu. Nú er vitað að verðlagsforsendur fjárlagafrv. og verðlagsforsendur fjárlaga- og lánsfjáráætlunar, sem eru hinar sömu, standast ekki. Okkur er þetta öllum ljóst, það reynir enginn að bera á móti þessu, vegna þess að þegar er auðséð að verðlagshækkun verður allmiklu meiri á árinu 1980 heldur en forsendur fjárlaga gengu út frá og heldur en forsendur fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ganga út frá. Hæstv. fjmrh. hefur þegar viðurkennt þetta. Þetta er staðreynd sem öllum er ljós og enginn mótmælir. Það er því út í hött að gera ráð fyrir því, að verðlagsforsendur lánsfjáráætlunar séu aðrar en öllum er ljóst að þær eru í raun, nema eitt komi til, og það er út af fyrir sig virðingarverð tilraun af hálfu hæstv. fjmrh. og ríkisstj. ef það er það sem fyrir þeim vakir. Tilraunin er virðingarverð, að halda sér við þessar ákveðnu forsendur fjárlagagerðar, sem öllum er ljóst að eiga ekki við rök að styðjast lengur, ef ríkisstj. ætlar að framkvæma þá stefnu að þær fjárhæðir, sem fram koma í lánsfjáráætlun og fjárlögum, séu fastar tölur sem ekki verði breytt þó að verðlagsforsendur breytist. Sé það ætlun ríkisstj., þá er það virðingarverð tilraun og ákveðin til þess að reyna að halda í við verðlagsþróunina í landinu þó hún verði óhagstæðari en fjárlög og lánsfjáráætlun gera ráð fyrir. En það er líka erfið ákvörðun, því það kostar kjark og vilja til þess að segja nei við þrýstihópa eins og hæstv. iðnrh. á sínum tíma.

Og þá spyr ég hæstv. fjmrh.: Án tillits til þess hver raunveruleg verðbólga verður í landinu, án tillits til þess, hve miklu meiri hún verður en forsendur fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar miðast við mun hann þá geta ábyrgst það hér og er hann reiðubúinn til þess að þær tölur, sem í lánsfjáráætlun eru um framkvæmdir og annað slíkt, séu fastar krónutölur sem ekki verði breytt þó að verðbólga verði meiri en forsendurnar benda til? Ef hæstv. ráðh. svarar þessu játandi, þá er það virðingarverð tilraun af hans hálfu og hæstv. ríkisstj. til þess að reyna að beita aðhaldi, og það skal ég vera fyrstur manna til að viðurkenna. Ef svar hæstv. fjmrh. er hins vegar loðið þannig að það liggi ekki ljóst fyrir hvað hann hyggist fyrir, þá er það gersamlega út í hött að vera að miða við verðlagsforsendur sem ekki eru lengur raunhæfar. Og þá ætti það að vera sjálfsögð krafa, að lánsfjáráætlun yrði ekki afgreidd fyrr en fyrir lægi við hvaða forsendur í raun ríkisstj. ætlar að miða. Það þýðir ekki að leggja fram svona plagg, með forsendum sem ekki standast, öðruvísi en að menn séu þá staðráðnir í því að láta þær upphæðir, sem hér er rætt um, vera fasta krónutölu, en ekki hækka með aukinni verðbólgu eins og oftast hefur verið gert á umliðnum árum. Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. geti svarað þessari einföldu spurningu afdráttarlaust, en ég vek athygli á því, að ef hann svarar henni afdráttarlaust játandi, þá verður hann að svara afdráttarlaust neitandi hæstv. ráðh. og þrýstihóp, Hjörleifi Guttormssyni, eftir örfáar vikur. (**Gripið fram í:** Er hann þrýstihópur?) Gott ef hann er ekki tveir, a. m. k. einn.

Fleira þarf ég ekki að spyrja fjmrh. beinlínis um á þessu stigi málsins, svo að þess vegna þarf hæstv. fjmrh., ef hann er vant við látinn, ekki að dvelja hér lengur að sinni. En ég vildi ekki sleppa því tækifæri að koma þessari spurningu á framfæri við hæstv. ráðh.

Það eru aðeins örfá atriði, sem ég á eftir að víkja að í þessari umr. og þá fyrst að benda á að hæstv. ráðh. hefur sjálfur sagt að framkvæmdaáform ríkisstj., sem hæstv. ríkisstj. var að vinna með áður en hún afgreiddi þær till. sínar sem í þessari áætlun felast, hefðu ígilt um 100 milljarða erlendum lántökum. Þetta er rétt. Mér reiknast til að raunverulegar erlendar lántökur, sem samkv. þessari lánsfjáráætlun eru sagðar vera 85.5 milljarðar kr., séu milli 99 og 100 milljarða kr. erlendri lántöku, — það, sem gert hefur verið af hæstv. ríkisstj. þegar frammi á borðum hæstv. ráðh. lá sú staðreynd, að framkvæmdaáform ríkisstj. gátu ekki gengið upp við þær aðstæður, sem þá voru, nema með 100 milljarða kr. erlendri lántöku, — það, sem hefur gerst, er ekki að hæstv. ríkisstj. hafi skorið niður framkvæmdaáform sín til að ná þessari tölu niður í 85.5 milljarða. Nei, hæstv. ríkisstj. hefur gripið til fjögurra tiltekinna sjónhverfinga. Eitt blekkinganetið enn, einn blekkingavefurinn enn til þess að færa raunverulega lántökuþörf úr 100 milljörðum kr. niður í 85.5 milljarða. Ég skal rekja þessi töfrabrögð. Þau koma fram í þessari skýrslu, eitt af öðru.

Í fyrsta lagi kemur það fram á töflu á bls. 19 í þessari

lánsfjáráætlun, að gert er ráð fyrir að ríkissjóður sæki sér 6 milljarða kr. til lífeyrissjóðanna með skyldukvöð á hendur sjóðunum um kaup á verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs, þar sem lífeyrissjóðirnir lögðu ekkert til á s. l. ári. Þetta er fyrsta bragðið, að gera ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir, sem ekki lögðu neitt til ríkissjóðs á síðasta ári, leggi til 6 milljarða kr. á árinu 1980, og þeir 6 milljarðar kr. lækka pappírstölu erlendrar lántöku um jafnmikla upphæð. Af hverju er þetta gervilausn? Vegna þess að í þessari sömu áætlun, í annarri töflu, kemur fram að gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir fjármagni á sama tíma fjárfestingarlánasjóðina um allmiklu hærri upphæð en þeir gerðu í fyrra. Það er sem sé fyrst gengið út frá því, að lífeyrissjóðirnir auki fjárstreymi sitt til fjárfestingarlánasjóðanna svo að dæmið gangi upp hjá fjárfestingarlánasjóðunum eins og engin breyting hefði verið gerð síðan í fyrra. Síðan eru teknir 6 milljarðar til viðbótar frá lífeyrissjóðunum til þess að fjármagna ríkissjóð. Slík ráðstöfun gengur ekki upp, lífeyrissjóðirnir geta ekki á sama tíma byrjað að fjármagna ríkissjóð upp á 6 milljarða kr. og aukið jafnharðan fjármögnun lífeyrissjóðakerfisins um 3 milljarða. Annaðhvort hlýtur undan að láta. Það, sem undan lætur, er auðvitað pappírslausnin, sú lausn að lífeyrissjóðirnir verði skyldaðir til að kaupa skuldabréf af ríkissjóði fyrir þessa fjárhæð. Ég er sannfærður um að hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, neyðist til að breyta 3. gr. í lánsfjárlögunum um skyldukaup lífeyrissjóða. Þetta var fyrsta bragðið.

Annað bragðið hjá hæstv. ríkisstj. kemur fram með svipuðum samanburði. Hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir því, að á sama tíma og stórkostlega hefur dregið úr innlánum í innlánsstofnunum auki innlánsstofnanirnar fyrst fjármögnun til fjárfestingarlánasjóðakerfisins úr 2.1 milljarði, eins og innlánsstofnanir fjármögnuðu fjárfestingarlánasjóðakerfið í fyrra upp í 2.8 milljarða eða 700 millj. kr., og leggi þar að auki fram 3.9 milljarða í ríkissjóð, en lögðu ekkert til hans í fyrra.

Hæstv. ríkisstj. gengur sem sé út frá því, að það sé hægt að nota sömu krónurnar tvisvar, það sé fyrst hægt að nota peninga lífeyrissjóðanna til að auka fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna og síðan að taka þessar sömu krónur til að færa niður erlendar lántökur hjá ríkissjóði með því að nota þetta sama fé til að kaupa verðtryggð skuldabréf af ríkissjóði og ríkisstj. ætlar sér að nota til þess að auka fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna. Nákvæmlega sama aðferð er notuð gagnvart bankakerfinu. Fyrst er ákveðið að eðlileg aukning verði á fjármögnun bankakerfisins á fjárfestingarlánasjóðunum með því að 2.1 milljarðs fjármögnun frá bönkunum í fjárfestingarkerfið verði hækkuð í 2.8 og síðan kaupi bankarnir til viðbótar 3.9 milljarða kr. af verðtryggðum skírteinum frá ríkissjóði. Þetta á að gerast á sama tíma og vaxtastefna ríkisstj. hefur haft þau áhrif, að innlánsfé bankastofnana hefur stórlega rýrnað, en útlán þeirra aukast og allir bankar í landinu, e. t. v. að Alþýðubankanum einum undanskildum, mér er það ekki alveg fyllilega ljóst, allir aðrir viðskiptabankar í landinu eru nú stórskuldugir við Seðlabanka Íslands. Þetta var bragð nr. 2, sjónhverfing nr. 2.

Sjónhverfing nr. 3 kemur fram á bls. 9 í þessari lánsfjáráætlun. Þar segir á bls. 9, í kaflanum um ráðstöfun lánsfjár, að ríkisstj. hafi ákveðið að leita ekki heimildar til erlendrar lántöku á árinu 1980 í jafnríkum mæli og samþykkt framkvæmdaáform ýmissa B-hlutafyrirtækja ríkissjóðs miðast við. Hvað þýðir það? Þetta þýðir að fyrir örfáum vikum samþykktum við hér á Alþ. fjárlög þar sem m. a. var gert ráð fyrir tilteknum framkvæmdum hjá B-hlutastofnunum sem Alþ. og fjvn. höfðu fallist á og afgreitt lið fyrir lið. Nú nokkrum vikum síðar kemur hæstv. ríkisstj., bregður töfrasprota sínum á loft og segir: Til þess að færa niður erlendar lántökur á pappírnum höfum við ákveðið að framkvæma ekki það sem Alþ. var að samþykkja fyrir örfáum vikum við afgreiðslu fjárlaga að framkvæma skuli. — Á bls. 10 kemur síðan í ljós hvað þetta töfrabragð skilar stórri lausn á pappírnum. Samtals skilar það niðurfærslu á framkvæmdum B-hlutastofnana upp á 1662 millj. kr. og minnkar erlenda lántökuþörf á pappírnum um sömu upphæð. En hæstv. ráðh., hvað er á bak við þessa tölu? Alþ. hefur ákveðið tilteknar framkvæmdir. Nú segist ríkisvaldið ekki ætla að afla lánsfjár eins og ráð var fyrir gert við fjárlagaafgreiðslu til þess að framkvæma það sem Alþ. samþykkti fyrir nokkrum vikum. Í þessari töflu á bls. 10 er þannig gert ráð fyrir því, að ekki verði framkvæmt við Ríkisútvarpið nema fyrir 270 millj. af 300 millj. sem Alþ. samþykkti, ekki verði unnið að framkvæmd hjá þjóðarbókhlöðu fyrir nema 360 millj. af þeim 400 millj. sem Alþ. samþykkti, ekki verði framkvæmt hjá RARIK nema fyrir 4.2 milljarða af þeim 4.7 milljörðum sem Alþ. samþykkti o. s. frv., o. s. frv. Hvað er á bak við þetta? Hvaða framkvæmdir eru það, sem þið eruð að tala um í hæstv. ríkisstj. að ekki verði unnar, af þeim framkvæmdum sem Alþ. samþykkti að beiðni ykkar fyrir nokkrum vikum? Ef ekki kemur svar við því, þá er auðvitað augljóst að þetta er ekki annað en þriðja gervilausnin til þess að færa á pappírnum erlenda lántökuþörf niður úr því 100 milljarðamarki sem hæstv. ríkisstj. sjálf hefur viðurkennt að framkvæmdaáform hennar stendur í hvað varðar erlendar lántökur.

Og fjórða bragðið, fjórða broslega töfrabragðið í þessum leikfimiæfingum hæstv. ríkisstj., er á bls. 16. Þar kemur fram sú skemmtilega hókus-pókus-lausn til þess að flytja nú lántöku okkar erlenda á pappírnum enn neðar, að ríkisstj. segist þar hafa samþykkt útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs með þeirri breytingu, að hinni erlendu lántöku verði skotið á frest að hálfu leyti fram yfir næstu áramót. Þannig ætlar hæstv. ríkisstj. að fresta lántökum, erlendum lántökum Framkvæmdasjóðs sem þegar hafa verið samþykktar, um nákvæmlega helming, um 2525 millj. kr., fram yfir áramótin. En þá skyldi maður nú ætla að hæstv. ríkisstj. gerði ráð fyrir því, að sú frestun kæmi einhvers staðar fram á árinu 1980. Einhvers staðar hlýtur þess að sjá stað, að útvega eigi minni peninga í erlendar lántökur Framkvæmdasjóðs en hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir. Hvað er Framkvæmdasjóður? Hann er banki annarra fjárfestingarlánasjóða. Í töflunum aftast í lánsfjáráætluninni er gert ráð fyrir að skipta upp þeim erlendu lánum, sem Framkvæmdasjóður á að taka, til hinna einstöku sjóða á árinu 1980. Og þar skiptir hæstv. ríkisstj. allri fjárhæðinni. Hún skiptir allri fjárhæðinni, 5050 millj. kr., hjá Framkvæmdasjóði niður á hina einstöku fjárfestingarsjóði á árinu 1980, en segir svo á öðrum stað í þessu sama plaggi að helmingurinn af þessari lántöku eigi að frestast fram yfir áramótin. Hvernig er hægt í einni og sömu andránni að útdeila peningum á árinu 1980, útdeila 5050 millj. kr. á árinu 1980, afhenda þá til tiltekinna sjóða til að ráðast í tilteknar framkvæmdir sem ríkisstj. hefur ákveðið, en svo á ekki að útvega peningana í þessa áætlun fyrr en árið

1981? Hvaða peningum ætlar hæstv. ríkisstj. að útdeila? Hvernig stendur á því, að þess sér ekki stað í þessari áætlun að þeir peningar, sem rætt er um að fresta lántöku á fram yfir áramótin séu ekki til í ár? Hvernig getur hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, afhent fjárfestingarlánasjóðum peninga á árinu 1980 sem hann ætlar ekki að útvega fyrr en á árinu 1981? Auðvitað er það ekki þannig. Auðvitað sjá allir menn að þetta er dæmigerð gervilausn í anda Lúðvískunnar og Alþb. að segja á einni blaðsíðunni að það eigi að framkvæma fyrir sem nemur 5050 millj. kr. til tiltekinna þarfa á árinu 1980, en segja svo þrem, fjórum blaðsíðum framar að það eigi að fresta að afla helmings þessa fjár þangað til eftir áramótin 1980 — 1981.

Annaðhvort hlýtur að gerast, að hæstv. ríkisstj. standi við frestunina, og þá verður hún auðvitað að skera niður við sjóðina, og eftir hverju er verið að bíða með það, af hverju er ekki skorið niður í þessum upplýsingum hæstv. ríkisstj.? — annaðhvort verður það að gerast ellegar þá hitt, að hæstv. ráðh. stendur við framkvæmd sína. Og hvað þýðir það að fresta tiltekinni lánsfjáröflun, sem á að eyða í ár, fram til næsta árs? Það hlýtur auðvitað að þýða það, að vandinn í sambandi við erlenda lántöku hlýtur að verða þeim mun meiri á næsta ári — ekki satt? Og það er skammgóður vermir í þessu sambandi að pissa með þeim hætti í skóinn sinn. En það er nú eins og víðar í þessari lánsfjáráætlun, að hæstv. ríkisstj. segir: Ég ætla ekki að takast á við vandann á þessu ári. En næsta ár, alla vega næstu misseri, skuluð þið fá að sjá hvar Davíð keypti ölið.

Með þessum hætti, með þessum töfrabrögðum hefur hæstv. ríkisstj. falið raunverulega lántökuþörf í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem er 99.5 milljarðar. Hæstv. ríkisstj. hefur falið þessa lántökuþörf með því í fyrsta lagi að gera ráð fyrir fé frá lífeyrissjóðunum sem líka á að nota til þess að fjármagna fjárfestingarlánasjóðakerfið. Það á að nota þessar sömu krónur tvisvar, bæði fyrir fjárfestingarlánakerfið og ríkissjóð. Þar eru 6 milljarðar. Í öðru lagi með því að nota hluta af ráðstöfunarfé bankanna, sem stöðugt fer minnkandi vegna vaxtastefnu ríkisstj., með sama hætti tvisvar. Með því að nota fyrst um 3 milljarða króna af þessu fé til að auka fjármögnun bankakerfisins á fjárfestingarlánasjóðunum, og það er talsverð aukning frá því í fyrra, og nota svo sömu peningana aftur til þess að kaupa ríkisskuldabréf af ríkissjóði. Bakhliðin á krónunni á að renna til ríkissjóðs, en framhliðin á að renna til fjárfestingarlánasjóðanna. Þannig býr hæstv. fjmrh. til tvær krónur úr einni. Samtals nemur þetta gerviniðurfærslu á erlendum lántökum upp á 9.9 milljarða. Þriðja töfrabragðið er síðan að fresta ótiltekið framkvæmdum, sem Alþ. er búið að samþykkja hjá B-hluta stofnunum og engar skýringar hafa verið gefnar á hverjar eru, um 1662 millj. kr., sem auðvitað er pappírslausn út í loftið því þetta verður ekki gert, það veit hver maður. Og í fjórða lagi að fresta lántöku hjá Framkvæmdasjóði um 2.5 milljarða fram yfir áramótin, en skipta fénu upp á árinu 1980, útdeila fé sem ekki er til. Slík eru nú kraftaverkin í efnahagsstjórninni á þessu landi.

Ég vil aðeins, til að árétta það að hér er um tvítalningu að ræða, benda á að samkv. töflu í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, aftarlega í áætluninni, á bls. 42, kemur fram að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna eykst úr 34 milljörðum á árinu 1979 í 50 milljarða á árinu 1980, eða um 16 milljarða kr. Miðað við það, að 40% af þessari aukningu væru til ráðstöfunar fyrir hæstv. ríkisstj. til þess annaðhvort að verja því til ríkissjóðs ellegar til fjárfestingarlánasjóðanna, mundi aukningin samsvara því að ríkisstj. gæti ráðstafað um 6 milljörðum kr. vegna aukningar á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. En þessu fjármagni, sem ríkisstj. hefur til ráðstöfunar vegna aukins ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna, ætlar ríkisvaldið, eins og ég sagði áðan, að ráðstafa tvisvar. Hún ætlar bæði að nota þetta fé til að kaupa ríkisskuldabréf af ríkissjóði og til að kaupa verðtryggð skuldabréf af lífeyrissjóðunum. Öðruvísi gengur talan ekki upp. Öðruvísi gengur það ekki upp sem hæstv. ríkisstj. upplýsir Alþ. um í þessari lánsfjáráætlun, að vísu tveim, þremur blaðsíðum aftar en hún telur upp þessar hókus-pókus-aðgerðir sínar. Það er eins og hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. hafi ekki lesið til enda eigin fjárfestingar- og lánsfjárskýrslu.

Ég held ég hafi þessi orð ekki miklu fleiri. Ég er búinn að gera nokkuð ítarlega grein fyrir áliti okkar Alþfl.-manna á þessari merkilegu bók, sem hæstv. forsrh. mælti fyrir til þess að sýnast hafa eitthvað að gera, þó þetta sé raunverulega pródúkt hæstv. fjmrh. og annar af tveimur mikilsverðustu þáttum í starfi hans. Vænti ég þess, þó að hæstv. fjmrh. lofi forsrh. að mæla fyrir þessu í þetta skipti, að hann sé ekki þar með að afhenda honum helminginn af umsvifum síns rn., heldur reyni að finna fyrir hann eitthvert annað verkefni næst, svo að hæstv. forsrh. sé ekki verkefnalaus.

Hitt er algerlega ljóst, að hér er áfram haldið þeirri sömu stjórnarstefnu sem sett hefur svip sinn á þann áratug sem nefndur hefur verið framsóknaráratugurinn. Hér er áfram haldið þeirri stefnu að láta allt vaða á súðum. Og síðasta athvarfið hjá hæstv. ríkisstj. nú er að þyrla upp blekkingamoldviðri og spinna blekkingavef til þess að reyna með einhverjum hætti að fela það gjaldþrot sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin fyrir 1980 sýnir og sannar að þessi framsóknarstefna þessa framsóknaráratugs hefur valdið. Mér er mætavel ljóst eins og ég ætla að það sé flestum ljóst, þeim þm. a. m. k. sem hafa fylgst með tíðindum íslensks efnahagslífs á undanförnum árum, og þess er ekki langt að bíða að hæstv. fjmh. verði það einnig ljóst — ætli það verði ekki í septembermánuði eins og í fyrra — að hann skortir um 6 — 10 milljarða kr. í ríkiskassann til þess að endar nái saman. Og hvað ætlar hæstv. fjmrh. að gera þá? Íslenskt verkafólk borgar núna um 67 kr. í skatt af hverjum 100 kr. sem það þénar í nætur- og helgidagavinnu. Treystir nokkur stjórnmálamaður sér til þess, jafnvel hæstv. ráðh., jafnvel hv. þm. Guðrún Helgadóttir, að auka þessa skattbyrði á nætur- og helgidagavinnutekjur láglaunafólksins í september í ár? Við borgum núna næstum því fjórðu hverja krónu, sem við réttum yfir búðarborðið fyrir ýmsar nauðsynjar, í söluskatt til ríkisins, 23.5%. Treystir hæstv. fjmrh. sér til þess, þegar stjórnarstefnan verður komin í fjárhagslegt þrot í endaðan sept., byrjaðan okt., að auka það hlutfall? Hæstv. fjmrh. hefur þegar sagt að hann muni ekki svara þessum vanda með því að skipa Seðlabankanum að prenta verðlausa seðla. En hvenær verður mönnum það ljóst í stjórnarliðinu, að sú stefna sem fylgt hefur verið, hefur skilað þeim árangri, ef árangur skyldi kalla, að söluskattur hefur á tíu árum hækkað úr 7% í 23.5%, skattbyrði á láglaunafólki hefur hækkað úr 11.4% af tekjum greiðsluárs í 15.5% á sama tímabili, verðbólga hefur vaxið úr 8 — 10% að meðaltali, eins og hún var á sjöunda áratugnum, í 40 — 50%, eins og hún er

að meðaltali á þeim áttunda, og virðist ætla að fara í 50—60% í upphafi þess níunda, að á þessum tíu árum hefur kaupmáttur verkafólks orðið 10% minni? Þrátt fyrir það allt, sem ríkisstj. og stjórnarflokkarnir, Alþb. og Framsfl., hafa þóst vera að gera, hefur kaupmátturinn orðið 10% minni en hann hefði orðið ef hinni vondu og oft með réttu gagnrýndu viðreisnarstefnu hefði verið fylgt.

Það er mjög stuttur tími þangað til þessa stjórnarstefnu rekur upp á sker, vegna þess að menn geta ekki haldið svona verðbólgubáli lengur við með því að pumpa á eldinn sífellt meiri olíu sem sótt er í launaumslög launafólksins í þessu landi. Það getur vel verið að þeir Alþb.-menn geri sér þessar staðreyndir ekki ljósar. En þeim er alveg óhætt að trúa því, að almenningur á Íslandi er farinn að sjá í gegnum þann blekkingavef sem þessi flokkur hefur ofið á undanförnum áratug í samvinnu við Framsfl. Og það er ógæfa Alþb. að einmitt núna þegar einhver von var e. t. v. til þess að flokkurinn og ríkisstj., sem hann á aðild að, mundi vitkast, þá er hrokinn svo mikill að Alþb. og þm. þess að einum undanteknum velja sér aðfaranótt 1. maí til þess að svara hógværum tilmælum Verkamannasambands Íslands um að nema staðar á þessari óheillabraut. Það gerðu hv. þm. Guðrún Helgadóttir, hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds og hæstv. ráðh. Hjörleifur Guttormsson og fleiri Alþb.-menn hér fyrir nokkrum kvöldum. Það er ógæfa Alþb. — en e. t. v. verður það gæfa ýmissa annarra — að hin nýja stétt ráðamannanna þar skuli vera slegin slíkri pólitískri blindu að það er ekki nóg með það, að hinir nýju ráðamenn Alþb. og flokkurinn séu að selja hugsjónir sínar, hafi látið þær í skiptum fyrir ráðherrastóla, heldur er verið að kveðja það fólk sem lengst og best hefur fylgt flokknum gegnum tíðina. Það voru merkilegustu tíðindin 1. maí árið 1980, þegar skildi á milli Alþb. og láglaunahreyfingar í þessu landi.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, lauk máli sínu fyrir kvöldmatarhlé. Hann lauk máli sínu með því að lýsa stjórnleysi því sem honum fannst vera á efnahagsmálum, lausatökum á ríkisfjármálum, skattafári og að ríkisstj. hefði ekki tilburði til þess á neinu sviði efnahagsmála að stemma stigu við þeirri miklu verðbólgu sem er í landinu. Ég var honum alveg sammála þegar hann var að ræða þetta. En ég var honum ekki sammála þegar hann sagði í öðru samhengi, að við völd sæti nú íhaldsstjórn, og var þá að tala um lögfestingu á vissu atriði í frv. sem fylgir þeirri skýrslu, sem hér er til umr., lögfestingu á því að taka ráðstöfunarfé lífeyrissjóða til að lána ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði. Hv. þm. margendurtók það, eins og honum er stundum lagið, að hér væri um nákvæmlega hið sama ða ræða og gert hefði verið í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Þá hefði verið beitt þessum bolabrögðum að taka fjármagn lífeyrissjóða traustataki, eins og hæstv. núv. fjmrh. orðaði það, með löggjöf og því væri ráðstafað á ákveðinn hátt. Hér er mjög ólíku saman að jafna. Ég vil vekja athygli á því, að í lögunum frá 1978 um ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar var gert ráð fyrir að fá heimild til — eða raunar að skylda lífeyrissjóðina til að verðtryggja að hluta sitt ráðstöfunarfé, en hér segir í lagagreininni:

„Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtrygginarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands."

Hér er sem sagt skýrt tekið fram að lífeyrissjóðunum sé í sjálfsvald sett hvaða verðtryggð skuldabréf þeir kaupa. Þetta er þess vegna allt annað, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, — ég sé að þú ert kominn hér, — heldur en gert er ráð fyrir í því frv. til lánsfjárlaga sem fylgir þeirri skýrslu sem hér er til umr. Í lögunum 1978 var lífeyrissjóðunum ekki gert skylt að ráðstafa fé sínu til ríkissjóðs, til Byggingarsjóðs ríkisins eða til Framkvæmdasjóðs, heldur var þeim gert skylt að kaupa verðtryggð skuldabréf hjá hvaða sjóði sem var. (**SighB:** Tilteknum sjóði.) Ekki tilteknum sjóði. (**SighB:** Sem skráður var í Seðlabanka Íslands og viðurkenndur.) Nei, ég var að lesa þetta upp hér: „Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtyrggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands."

Þarna er um allt annað að ræða, því lífeyrissjóðunum er ekki svo þröngur stakkur skorinn og í rauninni ekki skorinn neinn stakkur. Þeim er bara gert skylt að verðtryggja fé sitt að 40%, en þeir geta gert það að eigin vild hjá þeim aðilum sem þeir vilja verðtryggja sitt fé hjá. Hér er um gífurlegan grundvallarmun að ræða. Það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er að lögþvinga lífeyrissjóðina til að kaupa verðbréf af ákveðnum sjóðum, af ríkissjóði, af Framkvæmdasjóði, af Byggingarsjóði ríkisins. Hér er því farið út á allt aðra braut en í lögunum 1978, og fyrir þá þm. Alþb. og Alþfl., sem voru á móti þeim lögum, er miklu meiri ástæða til að vera á móti þeirri lögþvingun sem gert er ráð fyrir í frv. sem liggur nú fyrir frá hæstv. ríkisstj.

Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að þessi skýrsla er rædd hér í Sþ. Ég held að það hljóti að vera grundvallaratriði, að fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga fái sömu þinglegu meðferð. Og ég held að það sé í rauninni mjög aðfinnsluvert, sem núna er í þingsköpum, að um fjárlög sé fjallað í Sþ. og í fjvn., en aftur á móti um löggjöf, sem varðar lánsfjáráætlun og fjárfestingaráætlun, sé fjallað í deildum og í fjh.- og viðskn. beggja deilda. Þarna er um að ræða þingmál sem eru svo nátengd, að í raun er ótækt að þau skuli vera sitt á hvorum tímanum á ferðinni, eins og hér hefur oft komið fram. Að vísu eru sérstakar aðstæður nú og það hefur kannske ekki verið auðvelt að koma því svo fyrir að þessi mál gætu gengið fram á sama tíma. En það hefur sýnt sig bæði í fyrra og ekki síst nú hvað hér er um fráleit vinnubrögð að ræða, annars vegar að taka þessi mál sitt í hvoru lagi til meðferðar á Alþ., lánsfjárlög miklu síðar en fjárlög, og hins vegar að fjárlög skuli rædd á allt annan hátt í þinginu en lánsfjárlög.

Það er hins vegar nokkur nýlunda að hæstv. forsrh. skuli mæla fyrir þessari skýrslu. Það hefur venjulega verið hæstv. fjmrh. Kannske á maður von á því, að hæstv. forsrh. mæli fyrir næsta frv. til fjárlaga, það væri svipað að mínu mati. En við skulum láta það liggja milli hluta. Aðalatriðið er, að ég tel að það sé rétt þingleg meðferð að frv. til lánsfjárlaga og skýrsla um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun séu til meðhöndlunar í Sþ. og ætti að vera til meðhöndlunar í sömu n. og frv. til fjárlaga. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína, að þetta mál eigi að takast fyrir og ræðast í fjvn., þó að sú n. muni að sjálfsögðu ekki skila nál. um það vegna þess hvað þingsköp mæla fyrir um að gert verði. Ég held að það væri mjög til bóta að samræma

þinglega meðferð þessara mála.

Ég vil fara við þessa umr. nokkrum orðum um meginatriði þessarar lánsfjáráætlunar. Ég vona að ég verði ekki mjög langorður, þarf þess raunar ekki, því að hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, hafði farið orðum um þessa áætlun fyrr við þessa umr. Engu að síður vil ég nefna hér nokkur atriði.

Þessi skýrsla um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og það frv., sem fylgir henni, eru í rökréttu samhengi og rökréttu framhaldi af þeim eyðslufjárlögum, sem afgreidd voru á Alþingi fyrir páska fyrir forgöngu þeirra sem fylgja núv. hæstv. ríkisstj. að málum hér á hinu háa Alþingi. Þessi skýrsla og þetta frv. fela í sér margvíslegar ráðstafanir sem verða til þess að auka enn á þensluna í landinu og þrengja enn að einkaaðilum og atvinnuvegunum á sviði lánsfjármarkaðarins. Gert er ráð fyrir að fjárfesting í heild verði 327 milljarðar kr. eða 26.5% af þjóðarframleiðslu. Þetta er magnaukning frá fyrra ári um 4.7%, en þá var heildarfjárfesting tæplega 26% af þjóðarframleiðslu. Ég held að allir geti orðið sammála um það, að við slíkar aðstæður sem nú eru í efnahagsmálum þjóðarinnar sé það í sjálfu sér afskaplega alvarleg stefna að auka á framkvæmdir og þar með þenslu í þjóðfélaginu með slíkum ráðum.

En það er vert að taka eftir því, að það er ekki öll fjárfesting í landinu sem á að auka með þessum ráðstöfunum. Opinber fjárfesting er sú eina sem eykst að einhverju verulegu marki. Í skýrslunni, sem hér er til umr., segir á bls. 26 um þessa stefnu lánsfjáráætlunarinnar: „Um spána fyrir 1980 má í stórum dráttum segja, að í heild er reiknað með lítt breyttri fjárfestingu atvinnuveganna.“ Og síðan segir: „Gert er ráð fyrir nokkurri minnkun íbúðabygginga, en mikilli aukningu opinberra framkvæmda.“ Þannig er stefna þessarar áætlunar, að þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir stórauknum opinberum fjárfestingum, en fjárfesting atvinnuveganna stendur í stað. Og á mörgum sviðum atvinnulífsins er gert ráð fyrir verulegum samdrætti. Einnig er gert ráð fyrir samdrætti í íbúðarbyggingum á vegum einkaaðila.

Það er kannske enn þá athyglisverðara við þessa stefnu um auknar opinberar framkvæmdir, að það er miklum mun meira lánsfé ætlað í þessar framkvæmdir en áður fyrr. Nú er gert ráð fyrir að rúml. 23.6 milljörðum kr. af innlendu fé verði varið til þess að fjármagna þessar framkvæmdir. Í fyrra var gert ráð fyrir að þetta fjármagn yrði 11.5 milljarðar kr. Það er því gert ráð fyrir auknum lántökum á lánsfjármarkaði innanlands um hvorki meira né minna en 12 milljarða kr. á sama verðlagi eða rúmlega 100% aukningu á lántökum til opinberra framkvæmda á fjármagnsmarkaði innanlands milli þessara tveggja ára. Og um erlenda fjáröflun er það að segja, að þó að við afgreiðslu fjárlaga hafi verið fallið frá þeim áformum, sem voru enn þá svakalegri, þá er enn gert ráð fyrir því að erlendar lántökur aukist um tæpa 4 milljarða kr. — og þá miða ég við sama verðlag bæði árin 1980 og 1979. Heildarlántökur til opinberra frakvæmda, bæði í A- og B-hluta, eru því auknar að raungildi um 16 milljarða kr. Ástæðan fyrir þessu er sú, að þrátt fyrir gífurlegar skattahækkanir var séð fyrir miklu minna fé af samtímatekjum ríkissjóðs til framkvæmda en áður. Málum var ýtt á undan sér við fjárlagaafgreiðslu. Það mátti ekki ganga í það að skera niður, raða framkvæmdum, taka þær framkvæmdir fram yfir, sem þóttu nauðsynlegastar, og fresta hinum miðað við aðstæður, heldur var þessu ýtt á undan sér. Ríkissjóður lagði fram minna fé af samtímatekjum þrátt fyrir gífurlega aukna skatta og ýtti því til lánsfjáráætlunar að ráða fram úr vandanum. Niðurstaðan er þessi, að til framkvæmda í A- og B-hluta, sem eru — taki menn eftir því — svipaðar að magni til og í fyrra, verður að taka 16 milljörðum kr. meira fjármagn að láni ofan á alla þá skatta sem búið er að leggja á menn til að afla fjár í ríkissjóð.

Það er athyglisvert hvernig ætlunin er að afla þessa fjár, þessara auknu innlendu lána til þessarar opinberu fjárfestingar. Það er gert ráð fyrir því, eins og ég sagði áðan, að skylda lífeyrissjóðina með lögum til þess að kaupa 6 milljörðum kr. meira af verðtryggðum skuldabréfum nú og leggja það fé til ríkissjóðs, sem er algert nýmæli. Áður hafa lífeyrissjóðirnir aldrei lánað ríkissjóði. Og það er líka ætlunin að fara inn í bankakerfið og fá þar 3.9 milljarða kr. fram yfir það sem áður hefur verið gert. Hér er að sjálfsögðu um rauntölur að ræða.

Afleiðingin af þessu innbroti, sem maður gæti orðað svo, ríkissjóðs í bankakerfið og lífeyrissjóðina er alveg augljós. Hún hlýtur að vera hverjum manni augljós. Ef hún nær fram að ganga, þá verður þetta til þess að draga úr því að atvinnuvegirnir og einkaaðilar geti fengið fjármagn í bankakerfinu og lífeyrissjóðunum. Það er alveg óumflýjanlegt. Þess vegna er þetta nákvæmlega sama stefna og kemur fram í fjárlagaafgreiðslunni, að þrengja að heimilunum og atvinnuvegunum, en auka umsvif ríkisins og hins opinbera. Í fjárlögunum er þetta gert með stóraukinni skattheimtu, en niðurskurði jafnframt á framlögum til atvinnuvega og ýmsum öðrum niðurskurði. Þetta dregur auðvitað úr ráðstöfunarfé heimilanna og atvinnuveganna. Og í þeim lánsfjárlögum, sem hér eru til umfjöllunar, er haldið áfram á þessari braut með því að þrengja að atvinnuvegunum með lánsfjármagn. Enda er það svo, að á bls. 15 í þessari ágætu skýrslu er þessa setningu að finna: „Lánveitingar atvinnuvegasjóðanna eru áætlaðar 34.1 milljarður kr. eða 59.3% af heildinni og hafa lækkað hlutfallslega úr 67% 1978.“ Þetta er stefnan. Hið opinbera er að þrengja þannig að hinu frjálsa atvinnulífi að nú eru lánveitingar atvinnuvegasjóða áætlaðar 59%, en 1978 67%.

Það er dálítið merkilegt að gera sér grein fyrir því, að hæstv. ríkisstj. stefnir að þessum stórauknu lántökum til opinberra framkvæmda á innlendum markaði án þess að gera nokkurn skapaðan hrærandi hlut til þess að þetta fjármagn fari vaxandi. Hún segir að vísu, hæstv. ríkisstj., í skýrslunni: „Meginskilyrðið fyrir verulegu átaki í innlendri fjármögnun er því, að tryggð verði stigvaxandi verðtrygging fjármagns, svo að stofn lánsfjármagns rýrni ekki frekar en orðið er og almennt traust sé vakið á því að hafa peningaeign undir höndum jafnt sem efnislegar eignir.“ En hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert neinar ráðstafanir í þessa átt. Á bls. 21 í þessari skýrslu segir: „Með lækkandi verðbólgu væri þannig stefnt að verðtryggingarmarki efnahagslaganna. Slík þróun mundi stuðla að auknum peningalegum sparnaði einkaaðila og auka möguleika á þátttöku innlánsstofnana í fjármögnun opinberra framkvæmda sem annars krefjast erlends lánsfjár.“

Auðvitað er þetta allt saman satt. En hér er einfaldlega treyst á það, að niðurtalningin takist, að hægt sé að telja verðlag niður af þeim vaxtafæti sem ríkir í landinu, eða þeim reglum, sem ríkja um verðtryggingu. Ég vona að hæstv. ráðh. geri sér grein fyrir því, að þarna er um hreina

firru að ræða. Það er engin von til þess, að hægt sé að telja niður verðlag við þær aðstæður, sem nú eru, og ná þannig upp raunvöxtum eða verðtryggingu sparifjár í þjóðfélaginu. Eina leiðin, sem þeir hafa núna, eftir að vera búnir að afgreiða þessi eyðslufjárlög og stefna í að afgreiða þá þenslulánsfjáráætlun sem hér er, er að taka upp verðtryggingu sparifjár að verulegu leyti. Það er eini möguleikinn sem þeir hafa. Hæstv. forsrh. — ég sé að hann er því miður ekki við — ýjaði að því, að þetta kæmi kannske til greina. Hér yrði náttúrlega um meiri háttar stefnubreytingu að ræða ef þetta yrði gert, og það væri mjög æskilegt að fá því svarað, hvort þessi stefnubreyting sé á döfinni og hvenær hún verði þá gerð heyrinkunn.

Það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. hafi í sambandi við afgreiðslu þessarar lánsfjáráætlunar tekið sér að einkunnarorði hið gamla orðtak: Frestur er á illu bestur, því að það er með þessa lánsfjáráætlun eins og afgreiðslu fjárlaga að erfiðum málum er hreinlega skotið á frest. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vakti athygli á þeirri dæmalausu setningu, að fjárfestingarsjóðirnir eigi að fá að taka 5 milljarða kr. að láni erlendis til þess að lána til annarra sjóða, en jafnframt tók ríkisstj. ákvörðun um að helmingsins af því yrði ekki aflað fyrr en án næsta ári. Þessu var sem sagt frestað. Eins er beinlínis broslegt, þegar vikið er frá nýsettum fjárlögum um öflun lánsfjár til B-hlutafyrirtækja og það er ákveðið með einu pennastriki að 10% af því lánsfé, sem ákveðið var í fjárlögum, greiðist ekki fyrrr en á næsta ári og þess vegna reiknast það ekki með núna í þessari áætlun. Það er svo barnalegt að haga sér svona í slíku máli sem þessu að tekur ekki nokkru tali. En það er eitt, sem hæstv. ríkisstj. sker niður, aðeins eitt, og það er lánsfjáröflun til Byggðasjóðs. Hún er beinlínis skorin niður. Ég sé að form. stjórnar Framkvæmdastofnunar er hér staddur. Ég veit ekki hvort þetta hefur verið gert með vilja þeirra í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, en þetta er það eina sem er skorið niður frá því að ákvörðun var tekin um þessi mál með fjárlagaafgreiðslunni, að Byggðasjóður er skorinn niður um 1 milljarð, sem þýðir að ráðstöfunarfé hans á þessu ári verður nokkurn veginn 1.4% af útgjöldum fjárlaga, en lög segja að Byggðasjóður skuli hafa til ráðstöfunar ár hvert 2% af útgjaldaupphæð fjárlaga. Mér er spurn, hvort þetta sé kannske ný byggðastefna í framkvæmd, í kjölfar niðurskurðarins á gildandi vegáætlun. Ég vona að fleiri spyrji en ég um þetta atriði.

Það er búið að fjalla hér mikið um erlendar lántökur og sýna fram á það, að í raun og veru eru þær áformaðar miklu meiri en fram kemur í þessari skýrslu. Ég lenti í nokkrum orðaskiptum við hæstv. forsrh. fyrir nokkrum dögum um erlendar lántökur og greiðslubyrði erlendra lána. Ég skal ekki endurtaka mikið af því sem þá fór á milli okkar, en þó að hann legði eið út á það, að stefnt væri að minna en 90 milljarða auknum erlendum lántökum, þó að hér standi í áætluninni að það eigi að taka 85.5 milljarða kr. að láni, er alveg ljóst að það stenst ekki. Það er svo margt sem rökstyður það. Í fyrsta lagi þessi frestun á lántöku fram yfir áramót. Þar er í rauninni um bókhaldsatriði að ræða. Það er búið að taka ákvörðun um að taka þessi lán og þau verða sennilega tekin á þessu ári, en því frestað til næsta árs að bóka þau.

Eins er með áformin um innlendar lántökur. Ef ríkisstj. heldur fast við það að taka innlend lán með þeim hætti sem hún ætlar að gera til opinberra framkvæmda, þá er ekkert úrræði til fyrir atvinnulífið í landinu annað en afla sér erlends fjármagns, ef atvinnulífið á ekki að stöðvast. Þegar ríkisstj. ætlar að draga úr erlendum lántökum um 10 milljarða með einu pennastriki og auka innlendar lántökur sem því nemur umfram það, sem áður hefur verið gert, og þrengja þannig að atvinnulífinu, þá er það náttúrlega ekkert annað en bókhaldsatriði, þannig að hér er náttúrlega stefnt í miklu meiri erlendar lántökur en um er fjallað í þessari skýrslu.

Hæstv. fjmrh. sagði efnislega að hann væri ánægður með þessa niðurstöðu um erlendar lántökur, því að á þessu ári ættu erlend lán ekki að aukast í hlutfalli af þjóðartekjum. Hann sagði að þau mundu heldur minnka. Það er alls ekki rétt samkv. þeirri skýrslu sem hann og hæstv. forsrh. hafa hér lagt fram. Í þessari skýrslu segir: „Löng erlend lán námu 335 milljörðum kr. í árslok 1979, en fært til meðalgengis er það um 35% af vergri þjóðarframleiðslu ársins, en þetta hlutfall var árin þrjú næst á undan 32 — 34%. Að meðtöldum lántökum ársins 1980 er áætlað að hlutfallið haldist óbreytt." Hér er alveg fast til orða tekið, að miðað við þessa bókhaldstölu, 85.5milljarða, er ekki um að ræða að þetta hlutfall minnki eins og hæstv. fjmrh. vildi vera láta, heldur er sagt að það haldist óbreytt, og er þá eftir að taka með í reikninginn það bókhaldsdæmi, þær bókhaldskúnstir sem hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft við samningu þessarar áætlunar. Greiðslubyrðin hækkar úr 13.3% árið 1978 í 16 — 17% á þessu ári. En ég hef hér í höndunum skriflega grg. um það frá Seðlabanka, að jafnvel þótt þessi bókhaldstala hæstv. ríkisstj. sé lögð til grundvallar um lántökuna á þessu ári, þá hækkar þessi greiðslubyrði í yfir 18% á næsta ári og hefur aldrei verið hærri í sögu þjóðarinnar, þrátt fyrir áföll 1968, en þá brugðust bæði markaðir og afli og viðskiptakjör okkar hröpuðu um að mig minnir 30 — 40% á einu ári. Samt fór greiðslubyrði okkar ekki yfir 18%.

Það er svo dálítið broslegt þegar bæði er um það rætt í þessari skýrslu og hæstv. ráðh. eru að tala um það, að eiginlega sé miklu eðlilegri viðmiðun að miða greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum lánum við þjóðartekjur. Ég hef alltaf vanist því, að það væri nokkurt vit í því að miða greiðslubyrði við eigin ráðstöfunartekjur. Þjóðin hefur ekki aðrar tekjur til ráðstöfunar til að borga erlend lán en þær sem hún á eða hefur í erlendum gjaldeyri. Með því t. d. að koma upp hitaveitum og spara fær hún að vísu tekjur, meiri tekjur, en það breytir ekki því, að hún getur aðeins notað þann gjaldeyri sem hún á hverju sinni til þess að borga af erlendum lánum vexti og afborganir, þannig að mér sýnist að það saki ekki að hafa þessa viðmiðun líka. Það eru ekki nema þrír mánuðir síðan skrifað var undir málefnasamning hæstv. ríkisstj., og þar er greiðslubyrðin miðuð við útflutningstekjur, talað um 15%, að hún fari ekki fram úr 15% nema alveg sérstaklega standi á. Þar er hvergi minnst á viðmiðun greiðslubyrðar erlendra lána við þjóðartekjur, og menn hljóta að hafa verið sammála um að þetta væri eðlileg viðmiðun þá, þegar þeir skrifuðu undir þennan málefnasamning. Mér finnst þetta því heldur hlálegt þó að sjálfsagt sé að hafa þetta hvort tveggja. Mér finnst heldur búmannlegt að gera sér grein fyrir því í fyrsta lagi, hvað þarf að greiða af erlendum lánum af útflutningstekjum sem eru til ráðstöfunar, og svo í öðru lagi, hvað þessi greiðslubyrði er þung miðað við þjóðartekjur hverju sinni.

En það er alveg ljóst, hvor viðmiðunin sem við er höfð, að erlend lántaka á þessu ári stefnir langt úr hófi fram og

alveg sérstaklega ef það er haft í huga, að ef erlendu fjármagni er dælt inn í landið þegar verðbólga er jafnmikil og núna, þá hlýtur það náttúrlega að verka eins og olía á eld. Skiptir þá ekki máli hvort menn eru að tala um framkvæmdir sem eru alls góðs maklegar og eru arðbærar, eins og orkuframkvæmdir, vegaframkvæmdir eða eitthvað slíkt. Erlend lántaka hefur alveg sömu áhrif á þessu ári til hvaða framkvæmda sem hún er ætluð.

Það má kannske líka geta þess, að undanfarin ár hefur ekki tekist að halda erlendum lántökum innan marka lánsfjáráætlana. Árið 1978 fóru þær 13 milljörðum fram úr áætlun og 1979 tæpum 15 milljörðum, erlendar lántökur í raun. Og þegar staðið er að lánsfjáráætlun eins og hér er gert og ég hef lítillega rakið, þá má nærri geta hvað gerist núna á þessu ári.

Þá vil ég vekja hér athygli á einu máli sem ég hafði að vísu nokkuð fjallað um við afgreiðslu fjárlaga, en komið er nú fram mjög skýrt hvernig ríkisstj. hefur hugsað sér að standa að. Það er skerðing á framlagi ríkissjóðs til einstakra sjóða. Það er t. d. gert ráð fyrir því að skerða tekjur Byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti o. fl., og í þessu frv. — ég vil sérstaklega vekja athygli á því, þetta mál kom mjög til umræðu við afgreiðslu lánsfjáráætlunar í fyrra — er svo til orða tekið: „skulu tekjur Byggingasjóðs ríkisins ekki fara fram úr 7 milljörðum 100 millj. 500 þús. kr." Og þetta er að sjálfsögðu miðað við áætlun fjárlaga, þar sem gert er ráð fyrir 30% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka. Aukning á launaskatti fer að sjálfsögðu eftir því, hvað verðbólgan hækkar mikið frá ársbyrjun til ársloka, en örugglega verða tekjur af launaskatti milljörðum meiri en fjárlög gera ráð fyrir samkv. þeirri áætlun sem nú liggur fyrir, sem miðuð er bara við 30% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka. Og allt á þetta þá að ganga í ríkissjóð, því að Byggingarsjóður ríkisins fær bara krónutöluna eins og hún er áætluð núna. Hitt á allt að fara í ríkissjóð.

Þá er kennske ekki úr vegi að gera einu sinni enn, í tveimur eða þremur setningum, aths. við það, að Bjargráðasjóður, Erfðafjársjóður, Framkvæmdasjóður þroskaheftra, Byggðasjóður og aðrir slíkir sjóðir, sem eiga að sinna félagslegum málefnum og verða að lána sínum lánþegum fé á betri kjörum en aðrir sjóðir, — það er beinlínis tilgangur þeirra t. d. Bjargráðasjóðs, — þeir eru skornir niður nákvæmlega eins og atvinnuvegasjóðirnir sem eiga að geta ávaxtað fé sitt á eðlilegan hátt. Þarna er náttúrlega um að ræða alveg furðulega meðferð á þessum sjóðum. Svo maður taki Bjargráðasjóðinn enn einu sinni sem dæmi, þá var formaður stjórnar hans á fundi með fjh.- og viðskn. Ed. um daginn. Hann sagði að uppi væru raddir um að lána bændum vegna þess tjóns, sem þeir hafa orðið fyrir núna undanfarið, fé með alveg ákveðnum kjörum, sem væru mjög góð, óverðtryggð lán með frekar lágum vöxtum til fimm ára. Þetta þarf að gera því að það segir sig náttúrlega sjálft að það er ekki hægt að koma til aðstoðar mönnum, sem hafa orðið fyrir slíku tjóni, með því að lána þeim fé með okurkjörum. Hann sagði að því miður fengjust engin svör um það, hvernig þetta ætti að gera, því á sama tíma og verið væri að taka ákvarðanir um að veita þessi lán á þessum kjörum væri framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs skorið niður.

En að lokum vil ég leggja á það meginákherslu í sambandi við sjóðina, að það er út af fyrir sig rétt stefna, tel ég, að láta atvinnuvegasjóðina ávaxta sig sjálfa og að ríkissjóður leggi þeim ekki sýknt og heilagt til fé til þess að greiða niður vexti. En það er algerlega rangt að taka þessa sjóði alla í sömu púlíunni, og það er líka furðuleg regla, sem er óþolandi að mínu mati, að skera sjóðina niður með þeim hætti að láta þá hafa bara krónutöluna og láta þá svo eiga sig í óðaverðbólgunni, en að ríkissjóður fái allt sitt á þurru, taki allan tekjuaukann t. d. af Byggingarsjóði ríkisins, en hann verði að eiga sig í þeirri óðaverðbólgu sem ríkir í landinu.

Það er búið að tala mikið um þjóðhagslegan grundvöll þessarar áætlunar, þjóðhagsforsendur, og ég skal ekki bæta miklu við þær umræður. Ég vil þó aðeins minna á að enn þá erum við að miða við að meðalbreytingar á verðlagi milli ára séu 46.5%, þó að í þessu plaggi sé viðurkennt að þær séu yfir 50%. Enn erum við að miða við að innflutningsverð í erlendri mynt hækki um 8% frá árinu í fyrra og að innflutningsverð í krónum hækki um 38%, þó að við vitum allir að þessar stærðir hafa snarruglast og eru allt aðrar en hér kemur fram.

Herra forseti. Þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fjallar um mörg verkefni sem eru til þjóðnytja, t. d. í orku- og vegamálum. Á hinn bóginn er ekkert gert til að skapa svigrúm til þessara þörfu framkvæmda með frestun á öðrum sem minni þýðingu hafa. Þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun mun því valda vaxandi þenslu og verðbólgu á sama hátt og mestu eyðslufjárlög í sögunni sem afgreidd voru nú fyrir páska. Höfuðmein íslenskra efnahags- og þjóðmála, verðbólgan, fer því fremur vaxandi en hitt, svo sem staðfest er í opinberum gögnum, þótt hæstv. ríkisstj. vilji afneita þeim staðreyndum. Þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er í rökréttu samhengi við gildandi eyðslufjárlög. Þau skerða ráðstöfunarfé heimilanna og atvinnuveganna með gífurlegum skattahækkunum, en auka eyðslu og umsvif ríkisins. Þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun stefni rað stórauknum framkvæmdum hins opinbera með því að minnka aðgang atvinnufyrirtækja og einkaaðila að innlendu fjármagni. Þetta er ómenguð vinstri stefna í ríkisfjármálum og peningamálum.

Í þessari áætlun felst síðast en ekki síst eins konar innbyggð svikamylla sem magnar verðbólguna. Óraunsæjar áætlanir eru uppi um að niðurtalning verðlags eigi að þrýsta verðbólgunni niður í þá vexti og verðtryggingu sem er á boðstólum. Það virðist ekki ætlun ríkisstj. að hreyfa við vöxtum og verðtryggingu. Þegar sparifjáreigendur finna verðbólguna vaxa í stað þess að minnka er eðlilegt að þeir dragi úr innlánum í peningastofnanir, en það eykur verðbólguna. Það er staðreynd að þetta hefur gerst núna á undanförnum vikum og mánuðum, innlán hafa stórlega minnkað. Þannig er í þessari lánsfjáráætlun, ofan á þá þenslu sem hún skapar með auknum fjárfestingum, innbyggð svikamylla sem magnar verðbólguna.

Að lokum vildi ég beina örfáum orðum til hæstv. forsrh. af því að hann er kominn hér. Hann talaði um það í sinni framsöguræðu, eða mér fannst hann láta að því liggja, að það væru kannske á döfinni breytingar á vöxtum eða verðtryggingu sparifjár, og því vildi ég inna hann eftir því, hvort það sé rétt skilið hjá mér að þetta sé á döfinni og hvenær og hvernig það verði þá framkvæmt.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það hafa farið fram hér í dag ítarlegar umræður um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 og reyndar í tengslum við frv. til lánsfjárlaga, þótt það hafi ekki komið til form-

legrar meðferðar enn, þar sem það er lagt fram og mælt verður fyrir því í Nd. En þessi mál eru svo samtengd að þau verða ekki sundur skilin í umr. Það er eðlilegt að um þetta sé ítarlega rætt, því að auk fjárlaga eru fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin og ákvarðanirnar um lánsfé eitt af mikilvægustu hagstjórnartækjum sem Alþ. fær til umræðu og meðferðar. Ákvarðanir, sem í þessu felast, bæði þær, sem þarf að taka á hv. Alþ., og þær ákvarðanir, sem boðaðar eru af ríkisstj. innan ramma gildandi laga, ráða mjög miklu um þróun efnahagsmála á þessu ári og í náinni framtíð, m. a. um gang verðbólgunnar sem er sannarlega eitt af okkar verstu meinum.

Ég hef ekki hugsað mér að ræða almennt um þessa áætlun, en vildi drepa á örfá atriði og þá ekki síst atriði sem mér finnst hafa grundvallarþýðingu í tengslum við þetta mál. Þær miklu fjármagnstilfærslur, sem hér er gert ráð fyrir, ráða að sjálfsögðu mjög miklu um gang allra okkar efnahagsmála, en vandi efnahagslífsins hér á landi er æðimikill. Hann hefur verið mikill lengi, og raunar er það svo, að sú mikla verðbólga, sem hér hefur ríkt nú um langt skeið, er undrunarefni ýmissa sérfræðinga víða um heim og þá ekki síst undrunarefni fyrir það, að atvinnulífið og fyrirtækin í landinu skuli þó enn skrimta við þessar aðstæður. Auðvitað kemur verðbólgan þungt niður á öllum, en ég held að hún komi hvergi þyngra niður en á atvinnulífinu, og reyndar sjást þess þegar ýmis merki að það er uppdráttarsýki í okkar efnahags- og atvinnulífi. Því veldur verðbólgan fyrst og fremst og þess vegna hlýtur það að vera mikið áhyggjuefni að aðgerðir ríkisstj., bæði í fjárlagagerð og í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, eru verðbólguhvetjandi. Ríkið dregur hvergi úr, þvert á móti eykur það umsvif sín og kyndir undir aukna þenslu.

Hve alvarlegar afleiðingar verðbólgan hefur þegar haft kemur m. a. fram í kaflanum um markmið og þjóðhagshorfur. Þar segir reyndar að þjóðarframleiðsla muni aukast um 1.5% á árinu, en þó með fyrirvörum um að þessi aukning geti þó allt eins orðið 1% ef vissar forsendur, sem menn gefa sér þegar rætt er um 1.5%, muni ekki standast. Hins vegar kemur fram að þjóðartekjur muni standa í stað eða reyndar minnka um 1% á mann, eins og stendur efst á bls. 7 í þessari áætlun.

Þetta þýðir að sjálfsögðu stöðnun í íslensku efnahagslífi. Og við vitum að þegar stöðnun er fyrir hendi, þá er stutt í afturför og hnignun, og eins og ég sagði áðan eru viss merki hnignunar komin í ljós. Það kemur fram í skýrslunni á bls. 5, og menn segja með nokkru stolti, m. a. kom það fram hjá hæstv. forsrh. í ræðu hans hér í dag, að atvinnuástand sé mjög gott og skráð atvinnuleysi sé minna en það hafi verið frá því að heildarskráning hófst árið 1969. Því miður segja þessar tölur ekki nema hálfa söguna, því að sannleikurinn er sá — og það held ég að við hér á hv. Alþ. verðum að horfast í augu við — að fólk er farið að flytjast úr landi í stórum stíl. Hér er dulið atvinnuleysi, sem kemur fram í því að fólk flyst úr landi.

Samkv. upplýsingum Hagstofunnar hefur þessi fólksflutningur verið nokkuð stöðugur og jafn undanfarin fjögur ár. Árið 1976 fluttust 2104 Íslendingar úr landi, árið 1977 2367, árið 1978 2233 og árið 1979 2373, eða samtals á fjórum árum 9077 manns. Við skulum skoða þessar tölur betur og reyna að glöggva okkur á þeim frekar og setja þær í þekktar stærðir til viðmiðunar. Í Keflavík búa um 6600 manns og þetta dæmi um brottflutning sýnir að fólksfjöldi sem samsvarar öllum íbúum Keflavíkur hafi flutt brott á s. l. þremur árum. Þetta sýnir líka sama mannfjölda og að allir íbúar Mosfellshrepps hafi flust úr landi á einu ári eða að á s. l. fjórum árum hafi flust úr landi íbúar sem svara til nánast allra íbúa í Njarðvíkum, Grindavík, Neskaupstað, Borgarnesi, Höfn í Hornafirði og Dalvík.

Þetta eru mjög alvarlegar staðreyndir og staðreyndir sem við verðum að hafa í huga og horfast í augu við, og því segi ég það enn, að þær tölur um atvinnuleysi eða um atvinnuástand, sem hér eru nefndar, eru ekki réttar vegna þess dulda atvinnuleysis sem felst í því að fólk hreinlega flyst brott af landinu.

Nú segi ég þetta ekki til þess að ásaka einn eða neinn. Þetta tímabil sem ég hér nefni nær til þriggja ríkisstj., eða reyndar fjögurra ef við tökum starfsstjórn Alþfl. með. En þær sýna þó að það verður að breyta um stefnu í efnahagsmálum. Þá uppdráttarsýki, sem felst í þessu, verður að koma í veg fyrir, og ég held að það gerist ekki á annan veg en þann að auka verðmætasköpunina í þjóðfélaginu. Það þarf að efla atvinnulífið og það þarf að auka framleiðsluna. Ég held að það sé vissulega kominn tími til þess, að sú lamandi hönd ríkisafskipta, sem hefur verið ríkjandi stefna í efnahagsmálum í s. l. 10 ár, hverfi og reynt verði að taka upp aðra stefnu, stefnu sem örvi til aukins atvinnulífs, til aukinnar framleiðslu og verðmætasköpunar í þjóðfélaginu. Það hlýtur að verða eitt af meginmarkmiðum í íslenskum efnahagsmálum nú og í nánustu framtíð. Þess vegna hlýtur sú spurning að vakna þegar þessi áætlun, sem hér er til umr., er skoðuð, hvernig þessi lánsfjáráætlun uppfyllir þessi sjónarmið, hvernig sé unnið að þessum markmiðum í þessari lánsfjáráætlun.

Í stuttu máli sagt gengur þessi lánsfjáráætlun þvert á þessi markmið. Hún stefnir að því að draga frá atvinnulífinu afl þeirra hluta sem gera skal, þ. e. að draga fjármagnið frá atvinnulífinu í ríkishítina. Þetta kemur fram á ýmsum stöðum í þessari áætlun. Það kemur m. a. fram á bls. 6 þar sem segir: „Að svo stöddu verður gert ráð fyrir 2% aukningu samneyslunar í heild á árinu.“ Það þýðir að samneysla eigi að aukast um 2% á þessu ári. Það þýðir auknar tekjur til ríkisins, auknar tekjur til hins opinbera og að sama skapi aukin ríkisútgjöld og þar með minnkandi fjárráð einstaklinga og fyrirtækja í landinu.

Þetta kemur líka fram á öðrum stöðum í þessari skýrslu, m. a. á bls. 27, en þar kemur fram eftirfarandi: „Í fjárfestingaráætlun ársins 1980 er gert ráð fyrir að opinberar framkvæmdir aukist um 21% frá s. l. ári, en alls er áætlað að 126.6 milljörðum kr. verði varið til opinberra framkvæmda á árinu. Þessi fjárhæð er tæplega 39% af heildarútgjöldum til fjármunamyndunar samkv. fjárfestingaráætlun samanborið við 33% á árinu 1979.“ Af þessu má sjá að hlutfall opinberra framkvæmda í heildarútgjöldum til fjárfestingar eykst verulega á þessu ári.

En það kemur líka fram á öðrum stað í þessari áætlun, í töflu sem birt er á bls. 25, að fjármunamyndun í atvinnuvegunum eigi að minnka um 3.6% á þessu ári frá því sem var á s. l. ári. Það er sem sagt gengið þvert á þá stefnu sem ég held að allir hugsandi menn telji eitt grundvallaratriði í efnahagsmálum, að auka arðbæra fjármunamyndun í íslensku atvinnulífi. Það er ekki aðeins að hún eigi ekki að aukast, heldur á hún að minnka frá því sem var á s. l. ári.

Það er enn fremur athyglisvert að athuga fyrirætlanir

um lánveitingar úr þeim fjárfestingarlánasjóðum sem lána eiga til atvinnuveganna. Á bls. 15 í þessari skýrslu kemur fram að lánveitingar atvinnuvegasjóðanna séu áætlaðar 34.1 milljarður eða um 59.3% af heildinni og hafi lækkað hlutfallslega úr 67% árið 1978. Hér er sem sagt um hlutfallslega lækkun að ræða á milli áranna. Og það kemur fram, að vísu ber ekki tölum saman um það í þessari skýrslu, að útlán atvinnuvegasjóðanna muni hækka tiltölulega mjög lítið, — ég segi mjög lítið og þá á ég við miðað við verðbólguna á milli ára. Um þetta ber tölum ekki saman, en ef ég vitna til þess sem fram kemur í töflu á bls. 39, þá er þar gert ráð fyrir 16.1% aukningu á lánsfé atvinnuvegasjóðanna, sem er að sjálfsögðu veruleg magnminnkun frá því sem var á s. l. ári.

Á öðrum stað í þessari skýrslu er reyndar talað um 22.2% og hef ég ekki getað með samanburði á þeim tölum fundið út skýringu á þessum mismun, en það er í töflunni á bls. 17. Þarna hefur eitthvað farið á milli mála, en ljóst er þó, ef önnur hvor þessara talna er rétt, að hækkunin er einungis á bilinu 16.1%—22.2%, sem þýðir, eins og ég sagði áðan, verulega magnminnkun í útlánum til atvinnuveganna á milli ára.

Af þeim tölum, sem ég hef rakið, má glöggt sjá að það er eitt megineinkenni þessarar fjárfestingar og lánsfjáráætlunar að draga fjármagn frá atvinnuvegunum, frá atvinnulífi landsmanna, frá hinum frjálsa atvinnurekstri til ríkisins og þeirra miklu útgjalda sem að er stefnt á vegum hins opinbera á þessu ári.

Gert er ráð fyrir því, að innlend lánsfjáröflun verði stóraukin. Við deilum oft um hversu langt eigi að ganga í erlendum lántökum, og ég skal segja það sem mína skoðun, að ég tel að ef um er að ræða sannanlega arðbærar framkvæmdir, t. d. framkvæmdir í orkumálum, bæði í raforkumálum og hitaveitum, þá sé óhætt að taka að verulegum hluta erlend lán til slíkra fyrirtækja. En að sjálfsögðu verður að haga rekstri þeirra fyrirtækja og verðlagningu þeirrar þjónustu á þann veg að þessi fyrirtæki geti sjálf staðið undir afborgunum og vöxtum af slíkum lánum.

Hins vegar finnst mér of mikið að því gert af hálfu ríkisins, bæði í þessari lánsfjáráætlun og reyndar á undanförnum árum, að taka erlend lán til ýmissa óarðbærra framkvæmda og jafnvel erlend lán til hreinna rekstrarútgjalda, eins og dæmi eru um.

Hin innlenda aukning lánsfjár kemur fyrst og fremst niður í tveimur atriðum, sem reyndar hafa verið gerð að umtalsefni hér af öðrum, en ég vil þó sérstaklega undirstrika frekar. Hin innlenda lánsfjáraukning kemur úr bankakerfinu og úr lífeyrissjóðunum. Ég hef áður sýnt fram á hvað gert er ráð fyrir að fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna muni draga sínar lánveitingar saman á þessu ári. Að fjárfestingarlánasjóðunum frátöldum eiga fyrirtækin í landinu yfirleitt ekki í önnur hús að venda varðandi fjármagnsútvegun en í bankakerfið. En nú er gert ráð fyrir að möguleikar bankakerfisins til þess að sinna atvinnulífinu í landinu verði stórlega skertir, því að eins og fram kemur í þessari áætlun er gert ráð fyrir að innlánsaukning verði bundin í mun ríkari mæli en verið hefur undanfarin ár, þ. e. úr 4% á s. l. ári í 7% á þessu ári. Þetta þýðir í raun og veru það eitt, að bankakerfið er mun verr í stakk búið en ella til þess að sinna atvinnulífinu. Og þegar það bætist ofan á minnkandi fjármagn fjárfestingarlánasjóða atvinnulífsins, þá sjá allir að þessi lánsfjáráætlun er ekki samin með hagsmuni atvinnulífsins í huga.

Í annan stað er gert ráð fyrir að hin innlenda lánsfjáraukning komi frá lífeyrissjóðunum. Nú er það svo, að í lögum hefur í nokkur ár sú skylda verið lögð á herðar lífeyrissjóðanna að þeir verðtryggi ráðstöfunarfé sitt að einhverjum hluta. Árið 1977 voru sett lög um að það skyldi vera 40% af ráðstöfunarfé þeirra sem skyldi verðtryggt. Hins vegar voru lífeyrissjóðunum gefnar frjálsar hendur í mjög ríkum mæli um það, hvernig þeir verðu þessu fjármagni, og það er alveg öruggt og fyrir því gögn að mjög margir lífeyrissjóðir vörðu fjármagni til þess að kaupa skuldabréf frá fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna. Og þá var það gjarnan á þann veg, að þeir lífeyrissjóðir keyptu skuldabréf frá þeim sjóðum sem tengdir voru þeirri atvinnugrein sem lífeyrissjóðirnir aðallega störfuðu í. Ég vil nefna sem dæmi að Lífeyrissjóður verslunarmanna keypti bréf frá Stofnlánasjóði verslunarinnar, Lífeyrissjóður Iðju keypti skuldabréf frá þeim sjóðum sem lána til iðnaðar í landinu og þar fram eftir götunum. Þannig komu lífeyrissjóðirnir mjög til móts við fjármagnsþörf atvinnuveganna.

Með þessari lánsfjáráætlun er algjörlega snúið við blaðinu að þessu leyti, því að nú er gert ráð fyrir að öll þau 40%, sem lífeyrissjóðirnir eiga að nota til að verðtryggja sitt ráðstöfunarfé, fari í ákveðna sjóði sem ríkið hefur yfir að ráða. Það er nánast tekið fyrir það með þessu frv. að lífeyrissjóðirnir geti keypt skuldabréf af hinum ýmsu stofnlánasjóðum atvinnuveganna. Ég segi: tekið fyrir það, vegna þess að ég býst við að það séu mjög fáir sjóðir í landinu, sem geti — eins og fjármálum þeirra er háttað — keypt bréf sem nemur hærra hlutfalli en 40% af þeirra ráðstöfunarfé.

Um þetta atriði hefur oft verið deilt hér á hv.. Alþ., þ. e. hvort það ætti að leggja slíkar lögbundnar skyldur á lífeyrissjóðina. Þær umr. hafa verið rifjaðar upp af öðrum ræðumönnum hér í dag. Það hefur m. a. verið rifjað upp hve Eðvarð Sigurðsson, formaður Dagsbrúnar, brást hart við þegar þetta var til umr. hér á Alþ. 1977 og hve Lúðvík Jósepsson brást mjög hart við. Og ég verð að segja að mig rak í rogastans þegar ég var að lesa umr. um þetta mál á Alþ. frá því í des. 1977, þegar ég las ummæli hæstv. núv. fjmrh. um þetta, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson rifjaði reyndar upp í ræðu sinni í dag. Ég held að það sé ágætt, ekki síst hæstv. fjmrh. sjálfs vegna, að rifja upp aftur fyrir honum hér og gera það gleggra fyrir okkur aðra þm., hversu geysileg sinnaskipti hafa orðið hjá þessum hæstv. ráðh. Hann sagði um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er hinn þáttur málsins sem er okkur fyrst og fremst þyrnir í augum, að hér er verið að taka fjármagn lífeyrissjóðanna traustataki með löggjöf og ráðstafa því á ákveðinn hátt. Þetta fjármagn og þessir sjóðir eru að nokkru leyti bein eign verkalýðshreyfingarinnar og að nokkru leyti óbein eign. Verkalýðshreyfingin fékk því framgengt, að þessir sjóðir tóku til starfa og hafa verið byggðir upp, og hún varð á sínum tíma að kosta því til að slá nokkuð af launakröfum sínum, fórna nokkru, til þess að þetta spor yrði stigið."

Þetta voru orð hæstv. fjmrh. fyrir einungis rúmum tveimur árum þegar mál svipaðs eðlis var til umr. hér í hv. Alþ., en þó var ráð fyrir því gert í því frv. sem þá var til umr., að lífeyrissjóðirnir hefðu mun rýmri hendur um ráðstöfun á því fjármagni, sem verðtryggja skyldi, heldur en gert er ráð fyrir í því frv. sem hér liggur fyrir, þar sem

hér er alveg klippt og skorið lögð sú skylda á lífeyrissjóðina að þeir eigi að verja 40% af ráðstöfunarfé sínu til að kaupa af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands. Það eru engir aðrir sjóðir tilgreindir í þessu lagafrv. og því liggur það ljóst fyrir, að sú heimild sem áður var, að lífeyrissjóðirnir gætu keypt af stofnlánasjóðum atvinnuveganna, er felld niður með þessu lagafrv. eins og það liggur hér fyrir. Lífeyrissjóðunum eru sem sagt settar miklu þrengri skorður, miklu strangari ákvæði í þessu frv. heldur en var fyrir tveimur árum, þegar þetta frv. var til meðferðar. Og það eru furðuleg sinnaskipti sem orðið hafa hjá hæstv. fjmrh. í þessu efni nú á þessum tiltölulega stutta tíma.

En þetta atriði með lífeyrissjóðina, að nú skuli vera afnumin heimildin til þess að kaupa megi skuldabréf frá stofnlánasjóðum atvinnuveganna, er enn eitt dæmi af mörgum, sem ég hef áður tilgreint í minni ræðu, um það, að verið er að taka fjármagn frá atvinnuvegunum og færa það til ríkisins, og enn eitt dæmi um það, að þessi lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga ganga þvert á þá stefnu sem ég held að allir hugsandi menn hljóti að vera sammála um, að brýnasta verkefni í efnahagsmálum þessarar þjóðar sé að auka verðmætasköpunina í landinu, gera atvinnuvegunum kleift að auka framleiðslu sína og efla þar með grundvöll aukinnar velmegunar fyrir borgara þessa lands.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér hafa nú farið fram miklar umr. um þá áætlun sem hér liggur fyrir, fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980. Það er eðlilegt að menn þurfi að ræða ítarlega slíkt plagg sem þetta er.

Ég hafði hugsað mér að ræða nokkuð almennt um stefnuna eða stefnuleysið sem fram kemur hjá hæstv. ríkisstj. í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, en nú hafa þrír samflokksmenn mínir þegar rætt þessa áætlun almennt og sýnt fram á fánýti hennar og haldleysi í stjórn ríkisfjármálanna. Ég held því að ég vendi mínu kvæði í kross og ræði þetta frá nokkru öðru sjónarmiði, á þann veg að taka til meðferðar tvö atriði, tvo þætti, annars vegar þátt sem varðar orkumálin og hins vegar þátt sem varðar húsnæðismálin. En þó takmarka ég mjög þetta viðfangsefni mitt og freista þess að gera það þeim mun ljósara sem ég vildi segja. En ég ætla að þessi tvö dæmi gefi hugboð um það, hvernig vinnubrögð hæstv. ríkisstj. eru almennt í sambandi við þessa fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Ég vænti þess, að ég verði ekki vændur um að ráðast þar að sem garðurinn er lægstur. Við höfum það auðvitað öll í huga að ríkisstj. lýsti yfir að orkumálin skyldu hafa forgang, það skyldi verða lögð sérstök áhersla á þau, m. a. — eins og fram er tekið í stjórnarsáttmálanum — með það að markmiði, að innlendir orkugjafar komi sem fyrst í stað innfluttrar orku og að unnt verði með viðunandi öryggi að tryggja afhendingu orkunnar til notenda. Ég held að fróðlegt væri að athuga hvað skeður í þessum efnum og hvað þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun boðar hvað þetta varðar. Og með því að ég ætla að leggja áherslu á og takmarka umræðuefni mitt um orkumálin við þennan þátt, þá mun ég sérstaklega ræða fjármögnun Orkusjóðs og fjóra þætti í starfsemi hans.

Það er í fyrsta lagi það sem viðkemur styrkingu rafdreifikerfa í sveitum. Það er í öðru lagi jarðhitaleit. Það eru í þriðja lagi hitaveituframkvæmdir. Og það er í fjórða lagi sveitarafvæðingin, hin eiginlega sveitarafvæðing.

Í júní 1979 gerði orkuráð till. til fjárlagagerðar um þessi efni. Samkv. till. orkuráðs var lagt til að varið skyldi til þessara fjögurra þátta 5.4 milljörðum kr. Ég ætla ekki að fara út í sundurgreiningu á þessu, frekar kjósa að stytta mál mitt, en þetta voru 5.4 milljarðar kr. samtals. Í fjárlagafrv. Tómasar Árnasonar var gert ráð fyrir að til þessara fjögurra verkefna færu 2.3 milljarðar. Og ekki tók betra við þegar fjárlagafrv. Sighvats Björgvinssonar leit dagsins ljós. Þá var gert ráð fyrir að til þessara framkvæmda gengju 2 milljarðar. Þetta þóttu orkuráði heldur slæm tíðindi og það var að vonum. Orkuráð hafði lagt til 5.4 milljarða, en í fjárlagafrv. í des. eru lagðir til 2 milljarðar. Þó er þess að gæta, að ef átt hefði að halda framkvæmdamætti þess, sem lagt var til í júní 1979, hefði vafalaust þurft að hækka þá upphæð um 50% a. m. k.

Þegar svo var málum komið leitaðist orkuráð við að gera allt sem í þess valdi stæði til að fá leiðréttingu þessara mála. M. a. skrifaði það núv. hæstv. iðnrh. eða iðnrn. bréf 14. febr. s. l. Ég vil leyfa mér að geta þess, að á fundi orkuráðs 7. febr. samþykkti ráðið einróma eftirfarandi till. í málinu, sem send er ráðh. og hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Orkuráð samþykkir að beina því til hæstv. iðnrh., að hann beiti sér fyrir því, að till. þær um fjárframlög í Orkusjóð á árinu 1980, sem fram hafa komið í fjárlagafrv. í október 1979 og í desember 1979, verði teknar til endurskoðunar og þeim breytt í samræmi við till. orkuráðs á fundi þess 1. júní 1979, sem sendar voru hinu háa ráðuneyti með bréfi dags. 19. júní 1979."

Með þessu bréfi til hæstv. iðnrh. fylgdi ítarleg grg. varðandi þessi mál. Þar segir í formála m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Orkuráð vill leggja ríka áherslu á þessar athugasemdir og á nauðsyn þess, að þær verði að fullu teknar til greina við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1980. Ráðinu er vel ljós nauðsyn þess að halda ríkisútgjöldum innan hóflegra marka, en minnir á að meginhluti fjárlagatillagna þess varðar ráðstafanir til að losna við hitun húsrýmis með olíu sem nú kostar notendur um 13 milljarða kr. árlega, þannig að það er mjög dýrkeyptur sparnaður í ríkisútgöldum að draga slíkar ráðstafanir á langinn vegna fjárskorts. Orkuráð vill því eindregið leggja til að till. þess frá vorinu 1979 verði lagðar til grundvallar fjárveitingu til Orkusjóðs við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1980."

Í þessari grg. er ítarlega rætt um styrkingu dreifikerfis í sveitum. Og til að stytta mál mitt mun ég aðeins vitna í kafla, með leyfi hæstv. forseta, sem er á þessa leið

„Í grg. þeirri, sem fylgdi átta ára áætlun orkuráðs, var á það bent, að styrking dreifikerfis í sveitum væri forsenda þess að unnt væri að dreifa raforku þar er nægði til fullrar hitunar, svo leggja mætti niður hitun með olíu. Hvarvetna í þéttbýli eru hitaveituframkvæmdir í gangi eða undirbúningi, þar sem jarðhiti er á annað borð fáanlegur, en annars staðar ýmist fjarvarmaveitur eða efling dreifikerfisins fyrir raforku sem gerir rafhitun mögulega. Átta ára áætlunin er hliðstæð framkvæmd í strjálbýlinu og augljóst er að olíuhitun verður við lýði þar löngu eftir að henni er hætt í þéttbýlinu ef einungis á að verja 700 millj. kr. til þessara mála á ári. Að mati Orkuráðs voru átta ár í rauninni hámark þess tíma sem ætla mætti í að styrkja rafdreifikerfi sveitanna. Niðurskurður úr 1700 í 700 millj. kr. á ári táknar að öðru jöfnu að framkvæmdatími

lengist úr átta árum í nítján ár. Að mati orkuráðs verður ekki hjá því komist að ljúka verki þessu það snemma að *strjálbýli þurfi ekki að búa við olíuhitun löngu eftir að* þéttbýli hefur tekið innlenda orku í notkun til hitunar. Það væri með öllu óviðunandi. Ráðið leggur því áherslu á að till. þess um 1700 millj. kr. var í raun lágmark í þessu skyni."

Til skýringar skal ég aðeins geta þess, að orkuráð gerði samþykkt í byrjun mars 1979 um átta ára áætlun um endurnýjun rafdreifikerfis í sveitum landsins. Samkv. þessari átta ára áætlun var nauðsynlegt að verja á ári 1700 millj. kr. — Þetta var um dreifingu rafkerfisins í sveitum.

Hér er einnig langur kafli sem snýr að jarðhitaleit. Ég skal ekki lesa hann allan upp, en ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa kafla úr honum. Þar segir:

„Það er skoðun orkuráðs, að við núverandi horfur í verðlagsmálum olíu sé nánast þjóðhagsleg fásinna að láta fjármagn vera flöskuháls í leit að jarðhita til hús*hitunar. Þarf ekki að rökstyðja slíkt með mörgum* orðum. Því eru till. um jarðhitaleit 1980 við það miðaðar, að unnt sé að sinna öllum þeim verkefnum sem borarnir komast yfir. Í samræmi við þetta sjónarmið lagði ráðið til að á árinu 1980 væri 900 millj. kr. varið til jarðhitaleitar. Af þessum 900 millj. kr. var gert ráð fyrir að 150 millj. kr. færu til að bora rannsóknarholur á norðanverðu Snæfellsnesi, í grennd við Ísafjörð og Súðavík og víðar um vestanvert landið. Talið er aðkallandi að leita af sér allan grun um nýtanlegan jarðhita á þessum slóðum, áður en endanleg stefna er mörkuð í húshitunarmálum þéttbýlisstaðanna þarna. Líkur eru taldar svo litlar á að þessar boranir leiði til hitaveitna, að ekki þykir eðlilegt að ætla sveitarfélögum að kosta leitina, svo sem annars er reglan þar sem líkur á árangri teljast nægjanlegar. Er því gert ráð fyrir að boranir þessar verði kostaðar af framlögum, svo sem tíðkast hefur um hitast*igulsholur og almenna jarðhitaleit.*"

Ein setning til viðbótar síðar úr þessum kafla, með leyfi hæstv. forseta:

„Orkuráð leggur því áherslu á upphaflegar till. sínar um 900 millj. kr. til jarðhitaleitar í ár" — þ. e. 1980. „Það verður, eins og fyrr segir, að teljast fjarstæða við núverandi ástand og horfur í olíumálum að láta fjárskort hamla jarðhitaleit og nýtingu jarðhita í stað olíu. Kostnaður landsmanna við olíuhitun húsnæðis hér á landi nú nemur um 13 milljörðum kr. á ári á núverandi verði á olíu, þannig að til mikils er að vinna."

Í þessari skýrslu er einnig rætt ítarlega um það sem varðar hitaveituframkvæmdir. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa nokkrar setningar úr þeim kafla. Þar segir:

„Í fjárlagafrv. eru Orkusjóði ætlaðar 500 millj. kr. í þessu skyni. Ekki verður af frv. ráðið að ætlunin sé að afla meira fjár til þessara framkvæmda á væntanlegri *lánsfjáráætlun fyrir* 1980. En augljóst er að 500 millj. kr. er allt of lítið. Orkuráð vill ítreka þau rök sem að framan voru talin og fram koma í grg. með fjárlagatillögum þess fyrir 1980. Gildir hið sama um hitaveituframkvæmdir og áður er rakið varðandi jarðhitaleitina, að það væri meiri háttar þjóðhagslegt glappaskot að láta fjárskort tefja það að þjóðin losni við 13 milljarða útgjöld á ári hverju. Ráðið leggur því þunga áherslu á að ekki má ætla minna fé í þessu skyni í ár en 2 milljarða kr."

Að lokum ætla ég í sambandi við þessa skýrslu að víkja nokkrum orðum að því sem sagt er í henni um sveitarafvæðinguna, hina eiginlegu sveitarafvæðingu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Orkuráð er þeirrar skoðunar, að ekki megi dragast lengur að tengja samveitu þau fáu býli sem eftir eru og talið er rétt að tengja á annað borð. Bið þess fólks, sem þar býr, eftir rafmagni er orðin æðilöng. Í fjárlagafrv. eru 215 millj. kr. ætlaðar í sveitarafvæðingu í heild, sem rétt nægir fyrir viðbótum við eldri veitur. Þær viðbætur þola ekki bið. Táknar þetta í reynd að ekki verður um neinar nýlagningar að ræða í ár. Lengist þá enn bið fólks eftir rafmagni. Orkuráð telur að slíkt sé fólki þessu ekki bjóðandi. Átakið, sem eftir er í rafvæðingu sveitanna, er svo lítið, að ekki er áhorfsmál að ljúka því á einu ári. Ráðið ítrekar því eindregið fyrri tillögu sína um 600 millj. kr. í þessu skyni í ár. Þegar þessi 37 býli hafa verið tengd þarf að taka til sérstakrar athugunar rafmagnsmál 38 býla, sem eru svo afskekkt að tenging við samveitur er mjög erfið eða óraunhæf."

Skal ég svo ekki vitna frekar í þessa grg. En rétt er að taka það fram, svo að ekki valdi misskilningi, að þessi grg. er samin áður en fjárlagafrv. núv. ríkisstj. kom fram. En af því, sem ég mun segja hér á eftir, munu menn sjá að það skiptir ekki sköpum í þessu efni.

Eftir þessar aðgerðir orkuráðs, sem samþykktar voru einróma, — fulltrúar úr öllum flokkum voru sammála um þetta, væntu menn þess, að hlustað væri á þau rök sem þarna koma fram. Menn væntu þess. Og menn bjuggust við að nú mundi skipta um þegar fram kæmi fjárlagafrv. núv. hæstv. ríkisstj. En hvað fólst í því varðandi þessa fjóra framkvæmdaflokka sem ég er hér að gera að umræðuefni? Það fólst í því að gert var ráð fyrir samkv. fjárlagafrv. að til þessara mála gengju 2.3 milljarðar, 300 millj. meira en frv. Sighvats Björgvinssonar gerði ráð fyrir og ekki eyri meira en frv. Tómasar Árnasonar gerði ráð fyrir.

En þegar ég segi að í fjárlagafrv. hafi verið gert ráð fyrir 2.3 milljörðum til þessara mála, þá bið ég menn að hafa það í huga, að samkv. fjárlagafrv. var ekki gert ráð fyrir að þessi fjárhæð væri veitt úr ríkissjóði, nei. Ég ræddi það mál ítarlega við umr. um fjárlögin. Sýndi ég fram á þá óhæfu sem væri verið að framkvæma með slíkum ráðagerðum, að gera ráð fyrir því að Orkusjóður *tæki að láni svo til allt þetta fjármagn með þeim vöxtum*, sem nú eru á lánsfé, og væri gert skylt að afhenda það sem óafturkræft framlag til þessara verkefna að mestu leyti. Ég lagði líka við afgreiðslu fjárlaga áherslu á að það yrði að gera betur í þessu efni. Því mótmælti enginn. En það var látið að því liggja — ég held ég megi segja að því hafi verið lofað af hálfu hæstv. ríkisstj., að þetta yrði betrumbætt, hér væri einungis um að ræða frv. til fjárlaga, en við ættum eftir að sjá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og þar yrði bætt um margt sem aflaga færi í till. þeim sem lýst var við afgreiðslu fjárlaga. Að óreyndu hlutum við að taka eitthvert mark á þessum fullyrðingum og loforðum.

Nú höfum við fengið í hendur þessa fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Og þegar við förum að gá að efndum í þessu efni, sem ég er að ræða um, hvað sjáum við þá? Við sjáum þá að það er gert ráð fyrir að til þessara framkvæmdaþátta í orkumálunum fari — hvað haldið þið? 2.7 milljarðar kr. Kannske hefur það verið reiknað nákvæmlega, því það er nákvæmlega 50% af þeirri upphæð sem orkuráð lagði til í júní 1979, 5.4 milljarðar. Og það er 400 millj. meira en gert var ráð fyrir við afgreiðslu

fjárlaga. Þetta er á allt og sumt sem kemur út úr þessum yfirlýsingum og loforðum, 400 millj.

En er það nú svo mikið? Ekki er sopið kálið þó í ausuna sé komið. Það sannast hér, því samkv. þessari áætlun eru þessar 400 millj. kr. skornar niður um 200 millj. kr. rúmar. Hvernig má þetta vera? Hvers konar fíflaskapur er þetta? Þetta er ótrúlegt í raun og veru. En vegna þess að það er ótrúlegt, þá skulum við athuga nánar hvernig þetta er gert. Ég bið menn að fletta upp í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á bls. 13. Þar er gerð grein fyrir þessum niðurskurði. Þar segir varðandi dreifikerfi í sveitum að til styrkingar dreifikerfa í sveitum hafi verið áformað að verja alls 1086 millj. kr. og að verkefni þetta sé fjármagnað með lántöku, en það komi ekki til afgreiðslu á árinu nema 978 millj. kr. M. ö. o.: þarna eru skornar niður 108 millj.

Tökum sveitarafvæðinguna, hvað segir þar á sömu bls.? Áætluð var 415 millj. kr. lántaka í fjárlögum vegna sveitarafvæðingar, en þar af verði afgreiddar 373 millj. á árinu. Af sveitarafvæðingunni á að skera niður 42 millj. Hvað segir um hitaveitulán á sömu bls.? Þar segir að til hitaveitulána sé Orkusjóði ætlað lánsfjármagn í fjárlögum til endurlána, alls 500 millj. kr., en afgreiðsla þess fjármagns sé bundin við 450 millj. árið 1980. Þessi upphæð er skorin niður um 50 millj. kr. Er furða þó að menn séu undrandi? Hvað segir á sömu síðu um jarðhitaleitina? Þar segir að framlag úr A-hluta til Orkusjóðs vegna jarðhitaleitar nemi alls 600 millj. kr. En það er tekið fram, að áformað hafi verið að auka lánagetu sjóðsins með því að afla 150 millj. kr. lánsfjár samkv. fjárlögum, þannig að 750 millj. kr. yrðu til ráðstöfunar til þessa verkefnis? Afgreiðsla lánsfjárins, sem er 150 millj., verður þó hæst 135 millj. kr. árið 1980. Á þessum lið er skorið niður um 15 millj.

Þetta eru ekki stórar upphæðir. Ég er ekki að rekja þetta þess vegna. Ég er að rekja þetta til að sýna vinnubrögðin. Í orði á svo að heita, að með þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé aukið framlag til þessara þátta orkumála, sem ég er að ræða um, um 400 millj., en á borði er það ekki nema 200 millj. aukning.

Þetta er í málaflokki sem ríkisstj. hefur lýst yfir að hún leggi sérstaka áherslu á, alveg sérstaka áherslu á. Þetta er varðandi framkvæmdir sem ráða mestu í bráð um það, hve vel tekst að leysa olíuna af hólmi sem orkugjafa til húshitunar. Allir eru að tala um vilja sinn í því efni að losa okkur við olíuna og hagnýta innlenda orkugjafa til húshitunar. Það hefur ekkert staðið á hæstv. ríkisstj. eða einstökum ráðherrum hennar að lýsa þessu yfir.

Ég sagði að orkuráð hefði skrifað bréf 14. febr. s. l. til iðnrn., til hæstv. iðnrh. Ég tel mig standa í þeirri meiningu, að hæstv. iðnrh. hafi lagt til í ríkisstj. að það yrði orðið við óskum og tillögum orkuráðs. Ég veit ekki betur. Og ég þykist vita að hæstv. ráðh. hafi raunar áhuga á þessu. En hvernig má það vera, að slíkt mál sem þetta nái ekki fram að ganga undir þessum kringumstæðum? Mikil má andstaðan vera í hæstv. ríkisstj. fyrst þetta mál fær ekki betri afgreiðslu. Alþingi á heimtingu á að vita hvað veldur, hvaða öfl í ríkisstj. það eru sem standa gegn þessu máli. Það vantar svör við því.

Ég sagði í upphafi máls míns að ég mundi leitast við að takmarka mig við ákveðin viðfangsefni í orkumálunum, það sem ég hef nú þegar rætt. En ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því sem stendur á bls. 13 í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni varðandi framkvæmdir við dreifikerfi rafmagns í sveitum. Þar er tekið fram að framkvæmdir í þessu efni verði á vegum RARIK. Ég vek athygli á því, að starfsemi RARIK nær ekki yfir allt landið. Það er eitt kjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, sem RARIK hefur ekki með að gera. Og þar eru eins og annars staðar í sveitum landsins verkefni að vinna í þessu efni. Þess vegna fer illa á því að orða þetta svo. Ég vil leyfa mér að vona að hér sé einungis um gáleysi að ræða. Og eitt er víst, að það verður ekkert ákveðið í þessu efni eftir því hvað stendur í þessari skýrslu. Samkv. landslögum er það orkuráð sem á að fjalla um ráðstöfun fjármagns sem þessa. Því verður ekki breytt nema með lögum. Þessi skýrsla hefur auðvitað ekkert lagagildi.

En það er annað viðvíkjandi Orkubúi Vestfjarða sem ég kemst ekki hjá að víkja að. Ég bið menn að líta á töflu á bls. 32 í skýrslunni. Þar er um að ræða skrá yfir hitaveituframkvæmdir og þar er gert ráð fyrir að Orkubú Vestfjarða fái lánsfé að upphæð 500 millj. kr. til hitaveituframkvæmda. Orkubú Vestfjarða fór fram á miklu hærri upphæð, margfalda upphæð á við þetta, til ákveðinna framkvæmda, framkvæmda á Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði. En hér er gert ráð fyrir að Orkubúið fái 500 millj.

Í þessari sömu töflu eru fleiri upplýsingar. Vestfirðir hafa nokkra sérstöðu í þessum efnum og Austfirðir vegna þess að þar er minnst um hagnýtanlegan jarðvarma. Það er ekki óeðlilegt að bera þessi kjördæmi saman. Hvaða upplýsingar er að hafa um það í þessari skýrslu? Það er gert ráð fyrir að til fjarvarmaveitu á Höfn í Hornafirði verði varið 750 millj., til Egilsstaða 600 millj., til Seyðisfjarðar 450 millj., samtals 1800 millj., en 500 millj. til Orkubús Vestfjarða.

Ég vil, áður en lengra er haldið, taka það skýrt fram, að ég er ekki að tala hér á móti því, að þessir austfirsku bæir fái þá fyrirgreiðslu sem hér er gert ráð fyrir. Ég vil mæla sérstaklega með því. Mér er kunnugt um þessar framkvæmdir, ég hef haft aðstöðu til að setja mig inn í þessar framkvæmdir og undirbúning þeirra. Ég hef á þeim vettvangi, þar sem ég hef komið því við, lagt mitt lóð á vogarskálarnar til að styðja þessar framkvæmdir. Hér er um þrjá staði að ræða á Austfjörðum. Orkubú Vestfjarða bað um fyrirgreiðslu vegna þriggja staða. Menn verða að hafa í huga að Orkubú Vestfjarða er ekki orkufyrirtæki eins staðar. Það er orkufyrirtæki heils kjördæmis allra þéttbýlisstaða og strjálbýlis á Vestfjörðum. Er undarlegt þó að ég spyrji: Hver er ástæðan fyrir því, að Orkubú Vestfjarða fær ekki hliðstæða afgreiðslu í þessum efnum og þessir þrír staðir á Austfjörðum? Ég sé ekki annað en þetta sé alveg hliðstætt. Og eins og þörfin er mikil fyrir austan og ég lagði áherslu á áðan, þá er hún ekkert minni fyrir vestan. Ég óska eftir að fá skýringar á þessu.

Ég get ekki neitað því, að mér hefur komið ýmislegt í hug. T. d. hefur mér komið í hug hvort þetta gæti farið eitthvað eftir styrkleika kjördæmanna í ríkisstj. Ég ætlast ekki til þess, að hæstv. iðnrh. svari þessu, en ég hefði mjög gjarnan viljað spyrja hæstv. sjútvrh. að þessu. En kannske ætti ég fyrst og fremst að spyrja hæstv. forsrh.

Ég minnti á að á Vestfjörðum, fyrir Vestfjarðakjördæmi, er eitt orkufyrirtæki. Það á sína sögu, eins og margir munu kannast við. Hæstv. forsrh. var iðnrh. og fór með orkumál í stjórn Geirs Hallgrímssonar 1974—1978. Hæstv. forsrh. sem iðnrh. hélt fram ákveðinni stefnu um skipulag orkumála. Stefnan var sú,

að það bæri að vinna að því að mynda svokölluð landshlutafyrirtæki í orkumálum fyrir hvert kjördæmi. Það var ekki látið sitja við orðin tóm. Það voru skipaðar sérstakar undirbúningsnefndir í öllum kjördæmum landsins af hæstv. núv. forsrh., þáv. iðnrh., til að vinna að framgangi þessarar stefnu. Hver er árangurinn? Hann er ekki áþreifanlegur nema í einu kjördæmi, í Vestfjarðakjördæmi, þar sem Orkubú Vestfjarða var stofnað.

Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi, miðað við þessa forsögu málanna, ekki neitt við það að athuga að það fólk, sem var reiðubúið að ganga til samtaka og hrinda stefnu hans í framkvæmd í sínum landshluta, skuli ekki njóta sama réttar og fólk í öðrum kjördæmum sem fór ekki að ráðum hans eða hefur ekki farið enn. Hér er um stórmál að ræða hvernig sem á það er litið. Það er stórt hagsmunamál byggðanna á Vestfjörðum og það er mikið réttlætismál að Vestfirðingar verði ekki látnir gjalda þess, að þeir fóru að ráðum hæstv. núv. forsrh. og þáv. iðnrh. og stofnuðu heildarsamtök í orkumálum fyrir allt kjördæmið. Ég segi að Vestfirðingar megi ekki gjalda þess. Það segi ég vegna þess að það eru allar sömu ástæður til að veita þrem þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum fyrirgreiðslu eins og það eru ástæður til að veita þrem stöðum á Austfjörðum slíka fyrirgreiðslu.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar að ég ætlaði aðeins að víkja að tveim þáttum og það lítillega. Hinn þátturinn var húsnæðismálin.

Nú er það svo, að samkv. stjórnarsáttmálanum ætlar hæstv. ríkisstj. ekki að vera aðgerðalaus í húsnæðismálunum. En við höfum orðið fyrir vonbrigðum í þeim efnum eins og mörgu öðru og það jafnvel þó menn hafi ekki í upphafi gert sér miklar vonir um þessa hæstv. ríkisstj.

Við afgreiðslu fjárlaga kom strax í ljós áhugi hæstv. ríkisstj. á að efla veðlánakerfi til húsbygginga. Ríkisstj. féll fyrir þeirri freistni þá að rýra tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins, rýra það framlag sem átti að ganga til Byggingarsjóðsins frá ríkissjóði. Þetta voru slæmar fréttir og þeir, sem ábyrgð bera á framkvæmd þessara mála, leituðust við að spyrna við fæti, reyna að fá þetta leiðrétt. Þannig var það, að 18. mars var samþykkt í húsnæðismálastjórn till. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1980, sem nú er til meðferðar í hv. Alþingi, er gert ráð fyrir verulegri skerðingu á lögbundnum tekjustofnum til húsnæðismála, sem markaðir eru í lögum Húsnæðismálastofnunar ríkisins frá 1970. Þarna er um að ræða tekjustofna sem ákveðnir voru í samráði við aðila vinnumarkaðarins til eflingar íbúðarhúsabygginga, m. a. á félagslegum grundvelli. Sú skerðing á mörkuðum tekjustofnum, sem fram kemur í fjárlagafrv., nemur um 35% eða 3.8 milljörðum kr. Ljóst er að ef af þessari skerðingu verður getur það haft mjög alvarleg áhrif á stöðu Byggingarsjóðs ríkisins, því að þessir tekjustofnar hafa stóraukið eigið fé sjóðsins og gert honum mögulegt að halda uppi lögbundinni lánastarfsemi til hinna ýmsu þátta húsnæðismála.

Húsnæðismálastjórn væntir þess, að hæstv. ríkisstj. og Alþingi íhugi vandlega þetta mál áður en endanleg ákvörðun verði tekin um stórfelldan niðurskurð á mörkuðum tekjustofnum Byggingarsjóðs, sérstaklega þegar til þess er litið, að stöðugt er verið að bæta nýjum verkefnum á sjóðinn á sviði lánveitinga."

Þessi till. var samþykkt samhljóða í húsnæðismálastjórn. Þar eru, eins og kunnugt er, menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Allir sáu hvílík óhæfa hér var að gerast og framin var með afgreiðslu fjárlaganna.

Nú er að finna nokkur orð um fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Þar er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins fái 7.3 milljarða kr. af sölu verðbréfa, skyldusparnaðarfé sé 8.5 milljarðar og lántaka hjá Atvinnuleysistryggingasjóði sé 2.2 milljarðar. Og þar segir að með þessu sé gert ráð fyrir að heildarútlán sjóðsins séu 22.3 milljarðar á þessu ári og hækkunin nemi 45.3% frá árinu 1979.

Mér er ekki ljóst hvernig þessi tala, 22.3 milljarðar, er fengin, ef það er ekki prentvilla eða annað slíkt, því þetta er ekki rétt tala miðað við áætlun þá sem húsnæðismálastjórn hefur gert um útlán ársins í ár og gerði 21. febr. s. l. Þar er gert ráð fyrir að það þurfi 23.2 milljarða. En látum þetta vera. Hér er gert ráð fyrir að í stað þess að veðlánakerfið haldi óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði, þá sé því gert að afla fjár í staðinn á hinum almenna lánamarkaði með þeim kjörum sem þar eru. En sagan er ekki öll sögð með þessu. Hún er ekki nema hálfsögð.

Fyrir þinginu liggur frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að verkefni Byggingarsjóðsins sé stóraukið frá því sem nú er. Í grg. með frv., sem ekki verða bornar brigður á, er gert ráð fyrir að þessi aukning kosti, þegar til framkvæmda er komin, um 10 milljarða kr. á ársgrundvelli á verðlagi ársins 1979. Nú er það augljóst mál, að það er tómt skrum og verra en skrum að ætla að samþykkja þessi auknu verkefni fyrir íbúðalánakerfið nema því sé séð fyrir tekjustofnum á móti. Það er ekki gert í þessu frv. Síðustu fréttir af þessu máli eru þær, að ríkisstj. sé búin að ákveða að fá þetta frv. afgreitt á þessu þingi. Að undirlagi ríkisstj. voru afhentar hátt í 100, eða 80 brtt. við þetta frv. í hv. félmn. Ed. í morgun. En ég hygg að mér sé óhætt að segja hér að þar finnist engin raunhæf tillaga um fjáröflun fyrir kerfið.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál frekar. Því minnist ég á það, að ég hygg að það sé á sama veg og sá þáttur orkumálanna, sem ég reifaði hér áðan, gott dæmi um vinnubrögð hæstv. ríkisstj. og gott dæmi um það, hvers virði fjöldamargt er í þessari skýrslu sem við nú ræðum. Því miður, það verður að segjast eins og er, er það léttvægt fundið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. gerði það hér að umræðuefni, hvort ekki hefði meira fjármagn fengist í hitaveitumál á Vestfjörðum ef styrkleiki þm. úr því kjördæmi væri meiri í ríkisstj. Þetta veit ég að er ekki til komið af hans hendi sem vantraust á þá sem styðja stjórnina, heldur hitt, hvort ekki sé rétt að taka það til alvarlegrar íhugunar að bæta við liðsauka úr kjördæminu og taka upp samvinnu við hæstv. forsrh., en ég veit að á milli þeirra hefur löngum verið mikill vinskapur, eins og menn muna gjarnan frá þeim tíma þegar Orkubú Vestfjarða var í fæðingunni.

Það hefði samt mátt gera þennan samanburð á öllu sanngjarnari hátt með því að bera saman þær fjárveitingar sem fara til hitaveituframkvæmda og raforkuframkvæmda á þessum svæðum, og óneitanlega hefði hlutur Vestfjarða komið mun betur út úr þeim samanburði, ef þar hefði verið litið á hinar miklu framkvæmdir sem eiga sér stað með lagningu byggðalínunnar.

Ég vil samt undirstrika það, að óneitanlega fannst mér

hans málflutningur allur stórum málefnalegri en þegar ég hlustaði á hv. 3. þm. Vestf. vera hvað skotglaðastan hér í ræðustól í dag. Það var ekki nóg með að flestar tölur í þessu frv. væru gagnrýndar, heldur gerði hann mjög lítið úr rithæfni þeirra manna, sem gengið hefðu frá þessu plaggi, og lét í það skína, að þeir væru heimskir.

Nú er það svo, að það er ekki undarlegt þó að hv. þm. hugleiði ritleiknina. Hann glímdi við það dálítinn tíma sinnar ævi að vera ritstjóri dagblaðs og bæði blaðið og hann áttu þá allt undir því, hvaða hæfileikar væru til, hvort rithæfni hans væri slík að lesendahópurinn stækkaði og blaðið efldist. Eitthvað virðist það hafa farið á annan veg, því niðurstaðan varð sú að blaðið hafði ekki efni á því að njóta hans hæfileika. Og satt best að segja er óvíst að blaðið væri til hefði verið haldið áfram á sömu braut.

Í ræðuflutningi manna hér í kvöld hefur verið þó nokkuð drepið á verðbólguna, og vissulega er eðlilegt að um hana sé rætt þegar lánsfjáráætlun liggur fyrir. Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að hann vill standa við fyrirheit um verðtryggingu sparifjár, og það tel ég vel. En ég vil koma því hér á framfæri, að ég held að útreikningur eftir svokallaðri lánskjaravísitölu sé ekki gæfuleg leið í þeim efnum. Það sé of flókin leið og bankakerfið gæti legið undir grun um að þeir útreikningar séu ekki réttir. Ég tel miklu eðlilegra að miða þá útreikninga við gengi algengustu gjaldmiðla viðskiptaþjóða okkar. Með því móti væri hægt að hafa þá útreikninga miklu auðveldari, þannig að meira traust skapaðist á milli þeirra, sem leggja fjármagn inn í bankana, og bankakerfisins.

Hitt atriðið, sem ég tel að sé algjört grundvallaratriði ef draga á úr verðbólgunni, er rétt gengisskráning á hverjum tíma. Ef gengið er rangt skráð leiðir það til þess, að kaupæði skapast í landinu. Ég tel að hvað sem gert er til þess að draga úr kaupæði með öðrum aðgerðum beri ekki árangur ef gengið er rangt skráð. Jafnframt blasir það við, að ekkert er hættulegra hinum dreifðu byggðum þessa lands en röng gengisskráning. Þar eru framleiðslusvæðin, og ef gengið er rangt skráð leiðir það til þess, að það er verið að afhenda verðmæti framleiðslusvæðanna til þjónustusvæðanna á röngu verði.

Sú fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem hér liggur frammi, gerir ráð fyrir að harkalegum aðgerðum verði beitt til að taka fjármagn úr umferð úr hinu almenna bankakerfi. Vissulega er það hluti af þeirri viðleitni að draga úr verðbólgunni. Ég held að í beinu framhaldi af því sé rétt að hugleiða umr. þær sem átt hafa sér stað um greiðslubyrðina vegna erlendra skulda. Að mínu viti skiptir höfuðmáli í hvað því fjármagni er varið sem við tökum að láni erlendis. Ef því fjármagni er varið til gjaldeyrisskapandi framkvæmda eða til gjaldeyrissparandi framkvæmda tel ég að það sé hægt að taka mikið af erlendum lánum. Aftur á móti er það svo, að sumir hlutir eiga ekki heima í þeirri lánsfjáráætlun sem hér er þótt þeir séu þar, og flokkast ekki undir þetta. En ég vil taka undir það, að það er mun skynsamlegra og eðlilegra að tala um greiðslubyrðina sem hlutfall af þjóðartekjum heldur en sem hlutfall af útflutningsverðmætum. Það er réttara að leggja saman þann kostnað, sem þjóðin hefur, annars vegar, greiðslubyrðina, og hins vegar það sem sparast vegna aðgerða í orkumálum, lækkar sem sagt greiðslur vegna olíukaupa, — leggja þessa tvo þætti saman og skoða í hvaða átt þróunin er, heldur en að horfa aðeins á greiðslubyrðina sem hlutfall af útflutningsverðmætunum.

Í þeirri áætlun, sem hér liggur fyrir, kemur berlega fram á bls. 31, að það er fyrst og fremst til eins málaflokks sem um aukningu er að ræða. Það er til þessa málaflokks sem varið er svo miklu fjármagni, að lánsfjáráætlunin er spennt til hins ýtrasta, þ. e. til orkuframkvæmda. Ef við rennum augunum yfir þá liði, sem þar eru upp taldir á bls. 31, komumst við fljótlega að því, að sennilega væri hægt að finna marga einstaklinga hér í þinginu sem mundu vilja bæta við þær upphæðir sem fyrir eru. Ég get fullkomlega tekið undir margt í ræðu hv. 4. þm. Vestf. sem hann sagði um það. En alveg eins og ég er samþykkur þeim ákvörðunum, sem þar liggja fyrir, alveg eins þykir mér erfitt að standa frammi fyrir því að vera stillt upp við vegg og sagt að það sé búið að taka vissa hluti að láni og þess vegna verði ekki aftur snúið með þær ákvarðanir á þessu ári. Þar á ég t. d. við ákvörðun um að fjárfesta í málmblendiverksmiðjunni á Grundartanga upp á 8 milljarða á þessu ári. Það er gert ráð fyrir að með þeim fjárfestingaráformum verði hægt að taka annan ofninn í notkun í september í haust. En það vill einmitt svo til, að á þeim tíma er vetur að ganga í garð og þá verður ekkert rafmagn til að nota við bræðslu í þessum ofni. Þetta leiðir hugann að því, hvort röðun framkvæmdanna er ekki röng. Það hefði verið eðlilegt að seinka þessum framkvæmdum um hálft ár og sjá til þess að ofninn kæmi í gagnið næsta vor þegar vetur væri liðinn og raforkuframleiðsla væri farin að aukast. Þessi framkvæmd er snarvitlaust tímasett. Í sjónvarpi urðu þeir um það ásáttir, formaður fjvn., hv. 5. þm. Vesturl., og forstjóri málmblendiverksmiðjunnar, að það skipti miklu máli að raða framkvæmdum rétt, í rétta röð. Ég vildi gjarnan að upplýst yrði hér hvernig á því stendur, að þessi ákvörðun er tekin um 8 milljarða til að byggja á þessu ári ofn sem fær ekkert rafmagn fyrr en næsta vor.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri hér. Ég sé að hæstv. forseti Nd. er farinn að verða órólegur og hefur hug á að hafa sætaskipti sem fyrst.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er kannske ekki úr vegi að ég mæli nokkur orð hér við þessa umr. sem væntanlega er senn á enda. Ég skal reyna að hafa þau færri en ég gjarnan vildi vegna þess hvernig háttað er þingstörfum. Mönnum er ætlað að sitja á deildarfundi að loknum fundi hér í Sþ.

Það hafa sumir látið að því liggja, bæði í umr. hér og utan hennar, að mitt ráðuneyti ætti eitthvað í þeim króga sem hér er til umr., fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1980, og þykir sumum krógi þessi helst til stór og hlutur iðnaðar og orkumála í honum, en öðrum þykir hann helst til lítill og næstsíðasti ræðumaður kom einmitt að því máli.

Ég á raunar sem iðnrh. nú sem fyrr fremur auðveldan leik að koma hér upp í ræðustól eftir að hv. 4. þm. Vestf. hefur talað, a. m. k. þykir mér gott að hafa hann nærri þegar ýta þarf á um skynsamlegar framkvæmdir á sviði orkumála. Hann hefur oft tekið til máls hér síðan ég kom hingað til þings og lagt orð í belg mjög í þá átt sem ég gjarnan tala ýmist í þingi eða utan. Ég get gert mörg af hans orðum að mínum í sambandi við nauðsyn þeirra framkvæmdaþátta sem hann gerði sérstaklega að umræðuefni.

Það var einn orðhagur og hógvær maður sem vék að því í dag í umr., hv. formaður þingflokks Alþfl., að það færi nú ekki minna fyrir mér en svo, að ég væri heill

þrýstihópur. En ekki hefur það nægt til að koma öllum áhugamálum okkar hv. 4. þm. Vestf. fram, og þykir mér ágætt að hafa hann þar við hlið í þrýstihópi, einnig þó hann sé í stjórnarandstöðu. En raunar finnst mér margt í hans máli benda til þess, að hann sé nokkuð milli vita, eins og hv. síðasti ræðumaður vék hér að, miðað við þær kröfur og það traust sem hann að mörgu leyti ber til þeirrar ríkisstj. sem nú situr, og ekki þarf ég að kvarta undan verkum hans í sambandi við fyrirgreiðslu mála sem koma til iðnn. í hv. Ed.

Ég vil þó, áður en ég vík nokkrum orðum að nokkrum megindráttum í sambandi við orku- og iðnaðarmál sem tengjast þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, gera örfáar athugasemdir við mál hv. 4. þm. Vestf., þar sem hann var með samanburð á till. orkuráðs og þeim niðurstöðum eða þeim till. sem liggja fyrir í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Hann lét að því liggja, að af 5.4 milljörðum, sem orkuráð hefði gert till. um til tiltekinna fjögurra liða á þessari áætlun, styrkingar rafdreifikerfa í sveitum, til jarðhitaleitar, til hitaveitna og sveitarafvæðingar, væru aðeins 2.7 milljarðar hér inni eða sem svaraði helmingi af þessari upphæð, raunar tæplega það ef tekið væri tillit til að ekki ætti að greiða allt út á þessu ári.

Hér er um nokkuð villandi upplýsingar að ræða, því hv. þm. tekur hér inn 2 milljarða í hitaveitulánum sem orkuráð óskaði eftir að rynnu í gegnum Orkusjóð. Það var spurningin að velja á milli þess, að fjármagn til hitaveitulána umfram það, sem er á lánsfjáráætlun sem erlent lánsfjármagn, rynni í gegnum Orkusjóð eða í gegnum Lánasjóð sveitarfélaga. Ég hef verið svipaðrar skoðunar og hv. 4. þm. Vestf., að að mörgu leyti væri skynsamlegt að sameina þessar fjárveitingar úr innlendum sjóðum og hef ég einmitt haft Orkusjóð þar í huga. Þetta hefur ekki enn orðið að ráði, en þarf að athuga. En Lánasjóður sveitarfélaga hefur, eftir því sem ég best veit, nær 2.5 milljarða kr. til að ráðstafa til hitaveitulána. Þar af eru 2 milljarðar eyrnamerktir, ef svo má orða, í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Þetta vil ég benda á, en margt fleira mætti segja um það sem hv. þm. vék að. Eg vil aðeins nefna það sem hann talaði um sveitarafvæðingu, að í því frv., sem lagt var hér fram á jólaföstunni til fjárlaga, var sú upphæð aðeins 200 millj. kr. eða þar um bil, en var síðan lyft eða tvöfölduð frá því marki, en er þó engan veginn í því horfi sem ég hefði kosið.

Vil ég þá víkja í framhaldi af þessu nokkrum orðum að þætti orku- og iðnaðarmála í þessari áætlun. Ég held að þegar á hana er litið sem heild komi talsvert annað út úr dæminu og blasi önnur mynd við en sú sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson var að draga hér upp, og hafa raunar ýmsir undan því kvartað að hækkanir til þessara málaflokka væru meiri en æskilegt væri og erlend lántökuþörf af þeim sökum meiri. Ég vil í þessu sambandi benda á að hlutur orkuframkvæmda mun vera um 56% af því lánsfjármagni, sem gert er ráð fyrri að afla, og til iðnaðarframkvæmda er varið umtalsverðum hlut, þannig að samanlagt er hlutur þessara tveggja þátta trúlega nálægt 70% eða þar um bil af lánsfjármagni og hef ég þó ekki reiknað það nákvæmlega út.

Varðandi raforkuframkvæmdir liggur það fyrir, að hér er gerð till. um aukningu á framkvæmdum að magni til milli ára um 46% til raforkuframkvæmda. Þetta eru ofur eðlileg viðbrögð við þeim atburðum sem urðu á síðasta ári í orkumálum með hinni gífurlegu verðhækkun á innfluttri orku og endurspeglast einnig í fjárveitingum til hitaveituframkvæmda, þar sem magnaukningin er metin vera 17%.

Ég ætla ekki að fara út í einstaka þætti af því, sem á bak við þessar tölur býr, eða heildarupphæðir til þessara málaflokka, þó að margt mætti um það segja. Þarna vegur vissulega hlutur Landsvirkjunar og þeirra þýðingarmiklu framkvæmda, sem hún stendur fyrir, þyngst í raforkuframkvæmdunum, en einnig er gert meira átak á sviði almennra framkvæmda á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og ríkissjóðs, þar sem eru byggðalínur, heldur en áður hefur verið. Sama gildir raunar um dreifikerfi í sveitum, þó að engan veginn sé þar jafnmikið að gert og ástæða væri til að mínu mati.

Ég vil upplýsa það hér, að ráðuneyti mitt gerði till. sem voru umfram þetta, eftir að hafa metið gagnrýnt þær óskir sem fyrir lágu, og þarna munaði í þeim till., sem til meðferðar voru á síðustu stigum þessa máls, um 5 milljörðum eða svo vegna raforkuframkvæmda, sem til álita komu, og 2.5 milljörðum vegna hitaveituframkvæmda. En ég er engan veginn þar með að kvarta undan því hér, að ekki hafi verið á viðunandi hátt leyst úr þessum málum miðað við það mismunandi mat sem menn hafa innan ríkisstj. á því, hvað sé réttmætt og æskilegt að ráðast í mikið og færast mikið í fang, alveg á sama hátt og skoðanir munu vera skiptar um það í herbúðum stjórnarandstöðu, eins og glögglega hefur komið fram hér í umr.

Ég geri ekki lítið úr því, að hér eru álitamál á ferðinni. En þó held ég að það sé sameinaður hugur þm., langflestra a. m. k., að orkuframkvæmdir séu forgangsmálaflokkur við þær aðstæður sem við búum nú við og því sé ekki ágreiningur um að þar hafi borið að herða mjög á frá því sem áður var.

Við undirbúning þessa máls lét ég gera sérstaka athugun á því, hvort reikna mætti með að nú væri einhver sérstakur toppur, einhver sérstakur öldufaldur í sambandi við þessar framkvæmdir, miðað við horfur á allra næstu árum. Sú athugun leiddi í ljós að svo er ekki. Ýmsir lögðu eðlilega fram slíkar spurningar: Er það ekki svo, að það dragi verulega úr fjárfestingarþörf á sviði orkumála og iðnaðarmála á næstu 1—2 árum, m. a. vegna þess að fjárveitingar til Hrauneyjafossvirkjunar hafa þrefaldast að krónutali milli ára 1979—1980? Umrædd athugun leiddi í ljós að þörfin, sýnileg þörf til fjárfestingar á þessum sviðum, er síst minni á næsta ári, raunar heldur meiri en minni, og ámóta á árinu 1982. Þetta tel ég mikilvægt að hafa með í myndinni. Það var því ekki um það að ræða að hægt væri að ýta þarna miklu út af í von um að það væri mun meira rými til að bregðast við þessari framkvæmdaþörf á næsta ári, nema síður væri, og í samræmi við það reyndi ég og aðrir stuðningsmenn þessara mála að fá lyktir að því er það varðaði við undirbúning þessa máls.

Svo aðeins varðandi iðnaðarmálin. Þar tel ég að á mörgu hafi verið bót ráðin, margt hafi áunnist, þó að sjaldan sé fullnóg að mati þeirra sem áhuga hafa á viðkomandi málaflokki, að nokkuð hafi áunnist í fjárveitingum til iðnaðarmála, bæði í sambandi við fjárlagagerð og fjárlögin og eins í sambandi við þessa fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Ég vil aðeins víkja hér að liðum sem eru bundnir og voru bundnir þegar undirbúningur hófst að þessu máli og síðasti ræðumaður raunar vék að, en það er fjárfesting til stóriðjuframkvæmda eða orkufrekra iðnaðarfyrirtækja

sem ákvarðanir höfðu verið teknar um fyrir allnokkru. Vegna þess að spurt var sérstaklega um járnblendiverksmiðjuna og 8 milljarða fjárfestingu á hennar vegum í ár vil ég aðeins rifja það upp, að veturinn 1978—1979, við undirbúning fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar þá, beitti ég mér fyrir því sérstaklega að fá endurskoðaðan samning um uppbyggingu þessa fyrirtækis varðandi 2. áfanga sem verið var að taka þá ákvarðanir um að gera bindandi pantanir varðandi bræðsluofn 2 hjá þessu fyrirtæki. Mér sýndist að það væri, eins og getið var um hér áðan, ekki rétt tímasetning á þessari framkvæmd sem lögfest hafði verið. Það var leitað eftir því með samþykki ríkisstj. þá að fresta 2. áfanga þessarar framkvæmdar um 6—9 mánuði, þannig að þessi 2. bræðsluofn verksmiðjunnar tæki ekki til starfa fyrr en vorið 1981. Það var látið á það reyna af fyllsta þunga gagnvart fyrirtækinu og hinum erlenda samstarfsaðila hvort hægt væri að ná þessu fram, en það gekk ekki. Það reyndist ekki unnt að ná samkomulagi um þessa tilfærslu. Þegar óskað var upplýsinga frá raforkusalanum á þeim tíma um það, hvort raforka yrði tryggð á þessum vetri vegna þessa ofns, þá fengum við það svar í iðnrn. að á því léki vart vafi að raforka væri til. Þetta sýnir mönnum að á skömmum tíma hafa skipast veður að því er mat snertir að þessu leyti, því að allir vita hvernig horfur eru nú í sambandi við orkukerfi landsmanna, framboð á raforku á komandi vetri, og raunar þurfti að grípa til skömmtunar á síðasta vetri.

Ég vil aðeins nefna það hér, að á þessari áætlun nú eru 250 millj. kr. til nýiðnaðarverkefna. Þar er um að ræða að vísu helst til lága upphæð að mínu mati, en þó smávegis fjármagn vegna undirbúnings iðnaðarkosta sem nú eru allnokkuð á veg komnir og væntanlega verður hægt að taka ákvarðanir um á þessu ári. Þarna er um að ræða saltverksmiðju á Reykjanesi, 1. áfanga hennar fram yfir þann tilraunarekstur sem hefur verið í gangi, steinullarverksmiðju, sykurverksmiðju, sem svo er kölluð, og e. t. v. stálbræðslu. Þetta eru iðnaðarkostir sem kalla á fjárfestingu upp á 7—10 eða 12 milljarða hver eða svo, og gæti á það reynt við lánsfjáráætlun komandi árs að veita fjármagn til þeirra, en þá hefur létt á fjárfestingarþörf vegna stóriðjuframkvæmda sem nú eru í gangi við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og skapast væntanlega möguleikar til að ráðast í þessi fyrirtæki ef niðurstöður reynast jákvæðar við nánari athugun.

Stjórnarandstæðingar hafa við umr. undan því kvartað, að atvinnuvegirnir séu sérstaklega afskiptir í sambandi við þessa fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og atvinnuvegasjóðirnir búi við skarðan hlut. Ég vil ekki gera lítið úr því, að eflaust hefðu margir kosið að sjá ríflegri upphæðir til vissra þátta á þessu sviði. En þegar menn eru að bera saman milli ára og líta aftur til ársins 1979 í þeim samanburði, þá er rétt að haft sé í huga að frá þeim tíma hefur ávöxtun á fjármagni þessara fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna breyst nokkuð til batnaðar, og raunar reið þar á vaðið aðalstofnlánasjóður iðnaðarins, Iðnlánasjóður, sem leggur til með eigin fjármögnun 1.5 milljarða kr. sem hann hefur til ráðstöfunar, en aðrir lánasjóðir atvinnuveganna eru því miður enn sem komið er ekki með sams konar rekstur að þessu leyti, en það stefnir væntanlega í rétta átt. Og ef litið er til þessa stofnlánasjóðs iðnaðarins miðað við árið á undan, þá kemur fram í þessari áætlun að þar er um að ræða aukningu á lánsfjármagni eða ráðstöfunarfé um 97% eða þar um bil, þannig að um verulega aukningu á ráðstöfunarfé á að vera að ræða.

Ástæða væri til að víkja hér að mörgum öðrum þáttum. Ég vil nefna í lokin tvennt sem er mjög haft í umræðu, þegar rætt er um þessa fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, af þeim sem telja að hér sé í of mikið ráðist, við séum að binda okkur of þunga bagga í erlendum lántökum og hefðum átt að hafa þar verulega annan hátt á. Ég heyri þó í þessari umr. að þar eru stjórnarandstæðingar engan veginn á einu máli, eins og glöggt hefur fram komið í þeirra málflutningi.

Ég taldi mér skylt og mitt rn. við undirbúning fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar að leitast við á stuttum tíma, sem til ráðstöfunar var, að fá einhver svör við spurningum sem margir bera fram í þessu sambandi: Hver eru líkleg verðbólguáhrif af auknum erlendum lántökum? Margir gera því skóna að þau séu stórfelld og af þeim sökum sé hið mesta óráð að bæta þarna við umfram það lágmark sem sett var af Seðlabanka Íslands á s. l. hausti. Því spurði ég auk Seðlabankans einnig Þjóðhagsstofnun og auk þess nokkra vísa hagfræðinga sem ég ætla ekki að fara að vitna hér í. Ég vil aðeins vitna til Þjóðhagsstofnunar sem var spurð: Hvað teljið þið líklegt að verðbólguáhrif verði vegna viðbótar í erlendum lántökum til orku- og iðnaðarmála miðað við tiltekna skiptingu á innlendum og erlendum kostnaði og viðbót frá 10 og upp í 40 milljarða umfram 70 milljarða sem um var rætt á s. l. hausti? Úr svari Þjóðhagsstofnunar vil ég taka eftirfarandi tilvitnun, en það barst rn. 15. apríl. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Taka mætti dæmi um 10—40 milljarða viðbótarlántöku erlendis, það er viðbótarlántaka við þessa 70 milljarða. Ef gert er ráð fyrir að 60% fjárins sé varið beint til kaupa á erlendum aðföngum veldur þessi viðbótarlántaka 4—16 milljarða kr. aukningu peningaframboðs innanlands og verðlagsáhrifin yrðu eftir ofangreindum reikningum á bilinu 1—5%. Ætla má að þau áhrif verði að mestu komin fram á tveimur árum, en hraðast fyrst.

Að sjálfsögðu er hér aðeins um grófa ágiskun að ræða því að óvissuþættirnir eru margir, ekki aðeins hvað snertir verðbreytingarnar sjálfar, heldur einnig hvað varðar tímasetningu áhrifanna.“ Og í lokin segir í þessu áliti: „Forsenda allra þessara dæma er að full atvinna sé fyrir í hagkerfinu þegar lánsfé er aukið og að ekki verði breyting á innlendri lánastarfsemi eða ríkisbúskap til mótvægis erlendri lántöku.“

Þarna er sem sagt ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum ráðstöfunum til mótvægis þessu. Ég held að ef þessar upplýsingar eru réttar — ég vil ekki leggja mat á það, en þær falla saman við álit sem ég hef fengið frá öðrum aðilum um þetta efni — þá fari menn býsna mikið villtir vegar þegar verið er að tala um að þessar erlendu lántökur til skynsamlegra framkvæmda á sviði orkumála og iðnaðarmála og til annarrar skynsamlegrar fjárfestingar í landinu séu stórvægilegar. Hér er ekki verið að tala um 40 milljarða, sem valdið gætu 5% verðlagsáhrifum á tveimur árum eða þar um bil, heldur 15 milljarða samkv. fyrir liggjandi lánsfjáráætlun, áformum um töku erlendra lána til viðbótar umræddum 70 milljörðum, og geta menn þá með hlutfallareikningi séð hver áhrifin yrðu væntanlega af þessu á tveimur árum eða þar um bil. Við þetta er að bæta, að ég held að aukning á framleiðni innan atvinnuvega, gjaldeyrissparnaður vegna orkuframkvæmda, komi til baka sem verðbólguminnkandi

þáttur, ef rétt er á málum haldið, þannig að þarna þurfi ekki að vera um teljandi verðbólguáhrif að ræða ef rétt er valið um fjárfestingu.

Annað atriði, sem ég vil að lokum nefna, eru þensluáhrifin. Menn segja: Þetta er skelfilegt, það er þegar þensla í þjóðfélaginu víða og ekki er á hana bætandi. — Og ég taldi skylt að leita einhverra svara við þessu og lagði spurningar um þetta fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins sem leitaðist á mjög skömmum tíma við að veita nokkur svör og gerði vissulega fyrirvara um nákvæmni á þeim niðurstöðum. En ég leyfi mér að vitna í svar Framkvæmdastofnunar um þetta, dags. 28. apríl, þar sem segir:

„Almennt um stöðu á vinnumarkaði í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð má segja að allt bendir til þess, að byggingarframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu verði í minna lagi í sumar, sbr. meðfylgjandi skýrslu um atvinnuhorfur í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu. Utan höfuðborgarsvæðisins eru hins vegar víða miklar byggingarframkvæmdir í gangi. Þær framkvæmdir í orkumálum, sem helst vekja óttann um þensluáhrif á vinnumarkaði, eru Hrauneyjafossvirkjun og hitaveituframkvæmdir í Borgarfirði (þar sem einnig standa yfir framkvæmdir við Borgarfjarðarbrú). Reynslan sýnir þó að vinnuafl í þessari atvinnugrein er hreyfanlegt, a. m. k. til skamms tíma, og fjarlægð þessara staða frá höfuðborgarsvæðinu er tiltölulega lítil."

Meginniðurstaða í þessu áliti Framkvæmdastofnunar er það, að ekki sé ástæða til að óttast verulega ofþenslu á vinnumarkaði vegna þessara framkvæmdaáforma, sem raunar voru allnokkru meiri en hér liggja fyrir till. um á sviði iðnaðar- og orkumála, og frekar minni framkvæmdir í byggingariðnaði hér á þéttbýlissvæðinu, sem við erum stödd á, vegi upp á móti eftirspurn eftir vinnuafli ekki langt utan þessa svæðis við stórframkvæmdir. Þetta tel ég rétt að hér komi fram um þessi atriði og mætti þó fjölmargt meira um þau segja.

Ég vil, herra forseti, ekki taka meiri tíma frá þingstörfum til að skýra mál mitt þó að mjög mörgu væri við að bæta og mjög mörgu sé ósvarað. Við undirbúning till. í þeim þýðingamiklu málum, sem ég ber ábyrgð á innan ríkisstj., hef ég leitast við að horfa til landsins alls. Ég vænti þess, að þess sjáist ekki sérstök merki að þar hafi einn öðrum fremur orðið út undan. Vafalaust telja menn að halli á ef grannt er skoðað og aðeins horft á tölur varðandi einstaka landshluta. En það er ekki vegna þess að það hafi verið mismunað í till. iðnrn. þar að lútandi. Og ég held að hv. 4. þm. Vestf. geti fengið það staðfest ef hann leitar eftir því hjá mönnum sem glöggt vita, að leitast hafi verið við að gera hlut Orkubús Vestfjarða viðunandi í sambandi við afgreiðslu þessara þýðingarmiklu mála sem hér eru, og hefði ég þó kosið að hlutur þess svæðis væri betri en hér kemur fram. En takmörk verða að liggja fyrir í þessu máli sem öðrum, og þó að ég hefði sitthvað á annan veg kosið ef ég hefði einn mátt ráða í sambandi við þetta mál, þá uni ég þeirri niðurstöðu allvel sem hér liggur fyrir að þessu leyti. Miklu skiptir að þeir fjármunir, sem hér eiga að koma til þýðingarmikilla verka, nýtist á skynsamlegan hátt. Vissulega er allnokkuð á árið liðið þegar við erum að fjalla um þetta, og það endurtekur sig vonandi ekki á komandi ári að það sé komið fram á vor þegar verið er að ganga frá jafnþýðingarmiklum áætlunum og hér er um að ræða. Ábyrgð á því ber ekki núv. ríkisstj. að svo er. Þar er orsakanna til annarra að leita, en ég ætla ekki að fara hér í sagnfræðilega upprifjun.

Ég er sammála því sem hér hefur komið fram, m. a. frá talsmönnum stjórnarandstöðunnar, þ. á m. hjá hv. 6. þm. Reykv., að það skiptir miklu í lausn þeirra efnahagsmála sem við erum að glíma við, að reynt verði að ráðstafa fjármagni þjóðarinnar skynsamlega og til þess að efla atvinnustarfsemi okkar og auka það sem til skiptanna er. Þetta er jafnmikilvægt og að halda vel á því fjármagni sem við ráðstöfum til einstakra framkvæmdaþátta. Og eftir að þessar áætlanir, fjárlög og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, hafa verið samþykktar, þá er það næsta verkefni stjórnvalda að reyna að tryggja að skynsamlega og vel verði ráðstafað því fjármagni sem hv. Alþ. ætlar til framkvæmda og hinna ýmsu brýnu þátta í okkar þjóðlífi.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég mun svara nokkrum atriðum og fsp., sem beint hefur verið til mín, og skýra og leiðrétta fáein atriði, sem fram hafa komið, og skal reyna að lengja þessar umræður ekki um of.

Tveir hv. þm. spurðu hvers vegna forsrh. talaði fyrir fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, en ekki fjmrh. því er til að svara, að í lögum um stjórn efnahagsmála er svo ákveðið, að ríkisstj. skuli leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, að þessar áætlanir skuli undirbúnar á vegum ríkisstj. og fleiri ákvæði í þá átt. Hins vegar er það auðvitað ljóst, að frv. um heimildir til lántöku innanlands og utan og ríkisábyrgðir, eða frv. til lánsfjárlaga eins og það er nú kallað, er að sjálfsögðu borið fram af fjmrh. Það var álit ríkisstj., að miðað við ákvæði laganna og eðli málsins væri eðlilegast að forsrh. fylgdi þessari skýrslu úr hlaði. Lögin um stjórn efnahagsmála, þar sem þetta er einn kaflinn, voru einnig flutt af forsrh. á sínum tíma og undirrituð til staðfestingar af forsrh.

Þá var um það spurt, hvort haft hefði verið samráð samkv. þessum sömu lögum við ýmsa aðila vinnumarkaðarins, eins og gert er ráð fyrir. Þá er því fyrst til að svara, að það er engin skylda í lögum að bera fjárfestingar- og lánsfjáráætlun undir þessa aðila, sem samráðsákvæðin fjalla um, áður en lagt er fyrir Alþingi. Hins vegar vil ég út af þessari fsp. taka það fram, að ákvæði laganna um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda hafa ekki enn komið til framkvæmda. Á s. l. hausti mun hafa verið sett reglugerð um framkvæmd þessa samstarfs, en ríkisstj. Alþfl., sem sat í fjóra mánuði, efndi ekki til þessa samráðs og núv. ríkisstj. hefur ekki gert það enn, en það er að sjálfsögðu haft í huga og í undirbúningi. Annars vil ég minna hv. fyrirspyrjanda, 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, á það, að hann stóð að löggjöf á sínum tíma, ég held 1966, um hagráð, þar sem átti að vera samstarfsvettvangur og hvorki meira né minna en ég ætla 20 aðilar, félög og félagasamtök áttu þar að tilnefna fulltrúa. En þau 5 eða 6 ár, sem þau lög voru í gildi, mun þetta hagráð aldrei hafa verið kallað saman til fundar.

Þá var á það minnst af einum eða fleiri þm., að brotið væri það ákvæði í stjórnarsáttmálanum að fjárfesting skyldi nema fjórðungi af þjóðarframleiðslu, en fjárfestingin væri samkv. þessari áætlun 26.5%. Nú vil ég minna á það, að það stendur ekki í stjórnarsáttmálanum að fjárfestingin skuli vera fjórðungur, heldur um fjórðungur. Vitanlega þurfti að hafa hér nokkurt svigrúm því að

við töldum heldur óeðlilegt og í rauninni óframkvæmanlegt að hafa hér ákveðna prósentu um fjárfestingu miðaða við spá um þjóðarframleiðslu, ég tala nú ekki um að hafa það t. d. eins og einhverjir hv. Alþfl.-menn vildu á sínum tíma og lögðu til, að fjárfestingin ætti að vera 24.5% af þjóðarframleiðslunni. Við höfðum hér vaðið fyrir neðan okkur og nefndum sem stefnumark um fjórðung. Ef menn spyrja nánar hvað það þýði, þá skal ég ekki tiltaka neinar prósentur, en þó minna á að í íslenskum lögum eru skýringar í vissum samböndum á því t. d. hvernig eigi að túlka orðin „um það bil" þar sem svigrúm er ákvðið 5—10%. Ég held að það sé ekki hægt að halda því fram með nokkrum rökum, þó að miðað sé við þær spár, sem nú liggja fyrir um fjárfestingu og þjóðarframleiðslu, sé fjárfestingin áætluð 26%, að það sé brot á stjórnarsáttmálanum, sem nefnir „um fjórðung."

Þá hefur hv. þm. orðið tíðrætt um greiðslubyrði erlendra skulda, en í stjórnarsáttmálanum er svo komist að orði, að stefnt skuli að því að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar næsta ár. Hér segir „u. þ. b. 15%." Auk þess vil ég minna á það, sem sumir hv. þm. sleppa alltaf eða oftast, að það stendur skýrum stöfum að efri mörk erlendra lántaka verði þó ákveðin nánar með hliðsjón af eðli framkvæmda með tilliti til gjaldeyrissparnaðar og gjaldeyrisöflunar. Vitanlega var það haft í huga, að hér væri unnt að víkja frá og stofna til meiri lántaka vegna framkvæmda sem sérstaklega væru gjaldeyrisaflandi eða gjaldeyrissparandi. Það er einmitt þetta sem nú hefur gerst. Vegna hinna óvenjumiklu framkvæmda við rafvirkjanir og hitaveitur hefur þótt rétt, þar sem um er að ræða gjaldeyrisöflun og gjaldeyrissparnað, að fara nokkuð fram úr þessu ákvæði eins og beinlínis er gert ráð fyrir í stjórnarsáttmálanum. Það er ekki heiðarlegur málflutningur að taka aðeins þessa einu tölu þarna út úr, en sleppa skýringunum.

Í annan stað er þess að gæta, að eins og komið hefur fram að undanförnu, bæði í skýrslum Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar, eru menn komnir að þeirri niðurstöðu að önnur viðmiðun erlendra skulda sé skynsamlegri og réttari en hlutfall greiðslubyrðar af útflutningstekjum. Það hefur verið skýrt hér og þarf ég í rauninni ekki að endurtaka það. Sannleikurinn er sá og kannske sjá menn það gleggst af því, að vegna þess að erlendir vextir hafa hækkað mundi greiðslubyrði okkar nú í ár væntanlega hækka frá síðasta ári í prósentu þó að engin ný lán verði tekin, þó að skuldir landsins hækkuðu ekki.

Sú viðmiðun, sem þarna er gerð, hefur verið lengi í gildi og viðurkennd sem sú heppilegasta. En eins og ég tók fram hafa þær stofnanir, sem ég nefndi, nú upp á síðkastið talið að æskilegra væri að miða við skuldaupphæðina í heild og þjóðarframleiðslu, og miðað við það mark yrðu skuldirnar nú í ár svipaðar og á s. l. ári eða kannske ívið lægri.

Hér hefur einnig komið fram önnur aths. við þessa viðmiðun skuldabyrðarinnar við útflutningsframleiðsluna, sem er sú, að þar kemur ekki fram sá hagnaður sem er t. d. af lántökum vegna hitaveitna, af því að hann kemur ekki fram í okkar útflutningstekjum, heldur í minnkuðum innflutningi eða sparnaði á útgjöldum vegna olíukaupa.

Þá var því hreyft hér, að mörkin fyrir verðhækkunum í stjórnarsáttmálanum væru ákveðin nú fyrir maí og júní 8% og þar sem framfærsluvísitalan mundi hækka um 12—13% væri ekki staðið við þessi fyrirheit og stefna ríkisstj. í rauninni hrunin.

Þetta er líka málflutningur sem ekki er sæmandi hér í þingi, vegna þess að það kemur skýrt fram í þessum ákvæðum hvað við er átt. Það er átt við að stefnt skuli að því, að verðhækkanir almennt skuli ekki leyfðar hærri en 8% á þessu tímabili frá febrúar til maí. Hins vegar segir skýrum stöfum í þessum kafla um verðlagsmál, að fyrir maí-júní 1980 skuli afgreiddar sérstaklega hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma sem framangreind mörk setja. Það var öllum ljóst þegar stjórnin var mynduð, að ýmiss konar verðhækkunarþarfir sem varð að leysa, höfðu safnast fyrir. Ég held að þetta hafi komið mjög skýrt fram í stjórnarmyndunarviðræðum sem fóru fram í tvo mánuði. A. m. k. var oft skýrt frá því, að þarna væri um uppsafnaðan eða geymdan vanda að ræða sem þyrfti að leysa. Þetta er sérstaklega tekið fram í stjórnarsáttmálanum. Það hefur þurft af þessum ástæðum að hleypa í gegn margvíslegum verðhækkunum, óhjákvæmilegum, sem voru meiri en 8%. Þess vegna var líka ljóst frá byrjun að framfærsluvísitalan mundi hækka meira nú í maímánuði en þessi 8% viðmiðunarmörk gerðu ráð fyrir. Þess vegna er alrangt þegar því er haldið fram, að sú vísitala, sem við höfum nú, með 12 — 13% hækkun, þýði það að stefnumörkun ríkisstj. í þessum málum hafi gengið úr skorðum. Það mun stefnt áfram hiklaust að því marki sem þarna er sett, þ. e. 7% og 5% síðar á árinu.

Það er rétt að nefna það aftur í sambandi við greiðslubyrðina 15%, að einn hv. þm. — mig minnir að það hafi verið hv. þm. Sighvatur Björgvinsson — sagði að þessi 15% hefðu gengið svo úr lagi hjá okkur að í skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun væru nefndar tvær mismunandi tölur á tveim stöðum sem sýndu miklu hærri greiðslubyrði. Hann sagði að á einum stað stæði 16% og öðrum stað 16—17. Honum fannst þetta ákaflega alvarlegt ósamræmi í skýrslunni. Ósamræmið er ekki í skýrslunni, heldur í hv. þm. sjálfum. Það stendur á bls. 5 í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni að það sé áætlun Seðlabankans að greiðslubyrðin verði á þessu ári rúm 16%. Hv. þm. sleppti orðinu „rúm" 16%. Á bls. 22 er gert ráð fyrir að hún verði 16 — 17%. Ég veit ekki betur en rúm 16% séu á milli 16 og 17%. Ég sé því ekki að hér sé um ósamræmi að ræða í skýrslunni.

Það hefur auðvitað komið hér glögglega fram, að þeir, sem talað hafa frá stjórnarandstöðunni og gagnrýnt lánsfjáráætlunina, eru sitt á hvoru máli innbyrðis. Stangast þar ákaflega margt á, þar sem sumir telja að hér sé um allt of miklar lántökur og óhæfilega skuldasöfnun að ræða, en aðrir hamast við í löngum ræðum og af miklum þrótti að gagnrýna það, hvað allt of litlu fé sé varið til ýmissa framkvæmda og þurfi því að fá miklu meiri lántökur til þeirra. Þetta er kannske mannlegt og ekkert um það að segja. En vegna gagnrýni í þá átt, að í ýmsum greinum sé áætlað allt of lítið fé til raforkuframkvæmda vil ég þó minna á að raforkuframkvæmdir samkv. þessari áætlun aukast um 46% frá síðasta ári og hitaveituframkvæmdir aukast um 17% frá síðasta ári.

Einn hv. þm., Birgir Ísl. Gunnarsson, gagnrýndi það að hlutfall opinberra framkvæmda aukist verulega samkv. þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Hann orðaði það þannig, að með þessari áætlun væri verið að

draga fjármagn í ríkishítina, hún væri ekki samin með hagsmuni atvinnulífsins í huga. Nú vill svo til að þessi hv. þm. á sæti í stjórn Landsvirkjunar og langsamlegasta stærsta fjárhæðin í þessari lánsfjáráætlun, 31 milljarður, er ætluð til framkvæmda Landsvirkjunar, Hrauneyjafossvirkjunar. Mér þykir harla undarlegt ef stjórnarmaður í Landsvirkjun telur að með því sé gengið á hagsmuni atvinnulífsins eða atvinnuveganna. Ég hélt sannast sagna að hver einasti maður vissi að einmitt Hrauneyjafossvirkjun og þessar orkuframkvæmdir eru grundvöllur atvinnulífsins í landinu. Það er heldur undarlegur málflutningur að nota þann orðaleik, að opinberar framkvæmdir aukist stórkostlega á kostnað atvinnulífsins, þegar málum er svo háttað hér í okkar landi að einmitt virkjunarframkvæmdir, sem eru undirstaða atvinnuveganna, eru á vegum hins opinbera. A. m. k. situr það síst á manni úr stjórn Landsvirkjunar, sem hefur þar auðvitað samþykkt og sótt fast að sjálfsögðu, eins og líka nauðsynlegt var, að fá nægilegt fé til Hrauneyjafossvirkjunar, sem er hvorki meira né minna en framkvæmd upp á 31 milljarð á þessu ári.

Þessi sami hv. þm., Birgir Ísl. Gunnarsson, taldi að þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun væri áframhald af því sem gerst hefði að undanförnu, því að lamandi hönd opinberra afskipta á atvinnumálum hefði ráðið ríkjum í síðustu 10 ár hér á landi. Nú vill svo einkennilega til, að á þessum 10 síðustu árum hefur Sjálfstfl. haft forustu í ríkisstj. meira en helming þess tímabils, eða í 5 1/5 úr ári. Ég held því að hv. þm. ætti fremur að beina þessari aths. sinni til formanns Sjálfstfl.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að ég vildi ekki sitja undir því sem hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni áðan, að ég hefði gefið, eins og hann orðaði það, villandi upplýsingar um þau mál sem ég ræddi og voru aðallega um fjármögnun Orkusjóðs. Það hefði verið villandi sem ég hefði sagt um það fjármagn sem veitt væri Orkusjóði til hitaveituframkvæmda, vegna þess að það væri líka gert ráð fyrir því að Lánasjóður sveitarfélaga veitti lán til hitaveituframkvæmda. Þetta breytir í engu því sem ég sagði. Ég vísa því heim til föðurhúsanna að það séu nokkrar villandi upplýsingar í því efni. Ég sagði nákvæmlega það sem rétt er. Ég vissi — og það vita allir sem eitthvað vita um þessi mál — að Lánasjóður sveitarfélaga hefur á undanförnum árum veitt lán til hitaveituframkvæmda. Hann gerir það líka í ár, þannig að það breytir engu í því efni sem ég ræddi um.

Hæstv. iðnrh. fór lofsamlegum orðum um áhuga minn á orkumálum og ég kann að sjálfsögðu að meta það. En honum varð dálítið á í messunni þegar hann ruglaði því saman að hafa áhuga á orkumálum og vera á milli vita. Hann vildi telja að ég væri milli vita vegna þess að ég hefði áhuga á orkumálum. Það er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh. og ég vil nú leyfa mér að vona að hann vari sig sjálfur á þessum misskilningi og verði ekki milli vita í orkumálunum.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf. — fyrst ég er staðinn upp ætla ég að víkja einu orði að honum — hann sagði að það hefði verið ósanngjarn samanburður sem ég hefði gert á Vestfjörðum og öðrum byggðarlögum varðandi orkuframkvæmdir, því að ég hefði ekki haft í huga Vesturlínuna og þau miklu fjárframlög sem til hennar ganga. Auðvitað hafði ég ekki gleymt Vesturlínunni. En mér kom aldrei til hugar að blanda henni inn í mál mitt þegar ég var að gera samanburð. Ég hef aldrei vitað til þess, að nokkur landshluti, sem hefur fengið byggðalínu, hafi verið látinn gjalda þess í öðrum orkuframkvæmdum. Það hefur verið talið sjálfsagt mál. Og þessu má enginn halda fram og allra síst þm. Vestf. (Gripið fram í.)

Hæstv. forsrh. — (**Gripið fram í:** Hann er farinn.) Hann er farinn, segir einhver þm. En ég get ekki látið vera að víkja aðeins einu eða tveimur orðum að því sem hann sagði. Hann sagði m. a. að við í stjórnarandstöðunni værum ekki sammála innbyrðis, værum sundurþykkir inn á við, vegna þess að sumir héldu langar ræður um að það þyrfti að auka útgjöld til orkumála, en aðrir væru að tala um að það þyrfti að draga úr útgjöldunum. Það er reginmisskilningur hjá hæstv. forsrh., að þetta geti ekki farið saman. Það er einmitt þetta sem verður að fara saman, ef á að vera eitthvert vit í því þegar menn segja, hvað þá heilar ríkisstjórnir, að eitthvert mál eigi að hafa forgang. Þegar talað er um að eitthvert mál eigi að hafa forgang, þá þýðir það ekki að það eigi að koma útgjöld ofan á allt hugsanlegt annað. Það þýðir það, að menn hafi myndugleik til þess að velja og hafna, draga úr einu og auka annað.

Hæstv. forsrh. talaði — mér liggur við að segja: ákaflega drýgindalega um að framlög til orkumála, sem eiga að hafa forgang samkv. stjórnarsáttmálanum, hafi aldeilis aukist. Hann nefndi um 45%. (**Forsrh.:** 46.) 46, ég bið afsökunar, það er einu prósenti meira, 46. Og hæstv. forsrh. leyfir sér að bera á borð fyrir okkur að þetta sé einhver sönnun fyrir því, að vel hafi verið gert í orkumálunum. Ég bara minni í þessu sambandi á þær upplýsingar sem hafa legið fyrir okkur síðan við fengum í hendur fjárlagafrv. Þar er m. a. skýrsla um það, hvað hinir einstöku útgjaldaliðir ríkisins hafa aukist frá fjárlögum síðasta árs. Launin hafa aukist um 77.3%, önnur rekstrargjöld um 53.3%, viðhald um 54.4%, almannatryggingar um 80.6%, hreinar ríkisframkvæmdir um 77.9%. Ég gæti haldið áfram. Allar þessar upplýsingar sýna að aukningin í orkuframkvæmdunum heldur ekki í við aukninguna í heild, því að samkv. þessum upplýsingum hækka rekstrarliðir og rekstrartilfærslur um 70.5% og framkvæmdaframlög í heild um 65.3%. Svo stendur hæstv. forsrh. upp og gumar af því, að orkuframkvæmdir hafi hækkað um 46%. Nei, þetta er ekki hægt.

Svo er eitt sem hæstv. forsrh. gerði mikið úr, og það var að það stæðist allt sem segði í stjórnarsáttmálanum. Hann taldi upp ótal dæmi og alltaf stóðst það. En það var náttúrlega mikið hagræði fyrir hann að gera sér þá reglu, að það mætti kannske muna 5 — 10% hvort það stæðist eða ekki. En alltaf stóðst það.

Þegar ég var að hlusta á hæstv. forsrh. var hann búinn að telja upp svo mörg ákvæði stjórnarsáttmálans að ég fór að hugsa um þau sem hann hefði ekki talið upp. Og þá datt mér í hug þegar hann var að kenna mér og öðrum fræðin í lögfræðideild Háskólans, að ég man ekki betur — (**Gripið fram í:** Það hefur gengið misjafnlega.) — en eitt af því, sem við lærðum, væri að undir vissum kringumstæðum mætti gagnálykta. Ég fór því að gagnálykta og ef maður gagnályktar þýðir það að við þau atriði, sem hann taldi ekki upp, hafi ekki verið staðið. Ég held að ég verði að halda mig við þennan þankagang þar til annað reynist sannara. Og ég veit að hæstv. forsrh. verður mjög hjálplegur að staðfesta þetta sem ég hef nú verið

að segja. Hann gæti kannske bara staðfest það með því að svara þeirri spurningu, hvort staðið hafi verið við fyrirliggjandi vegáætlun fyrir árin 1980 — 1982. En á bls. 15 í stjórnarsáttmálanum segir: „Staðið verði við fyrirliggjandi vegáætlun fyrir árin 1980 — 1982."

Samkv. reglunni um gagnályktun hefur ekki verið staðið við þetta frekar en annað sem hann hefur ekki tekið fram.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að svara fyrir hæstv. forsrh. En vegna þess sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sagði hér rétt í lokin varðandi vegáætlunina, þá hefur samkv. skýringum hæstv. forsrh. verið staðið við þetta líka, því að samkvæmt orðalagi hans áðan er ætlun ríkisstj. að standa við stjórnarsáttmálann „um það bil" — þetta eins og annað — þannig að það verði 5 — 10% frávik frá því sem þar er sagt. Ég ímynda mér að í sambandi við vegáætlunina sé frávikið „um það bil". Þannig held ég að það, sem hæstv. ríkisstj. kemur til með að hafa á prjónunum, verði allt „um það bil" og samkv. skýringum hæstv. forsrh. verði frávikið 5 — 10%. Honum finnst það ekki mikið.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. gerði í lok ræðu sinnar áðan að umtalsefni tvö atriði sem komu fram í minni ræðu: Annars vegar að ég gagnrýndi að hlutur opinberra framkvæmda í heildarfjármagnsmyndun á þessu ári yxi mjög verulega á kostnað fjármunamyndunar í atvinnuvegunum. Það er rétt að þessa gagnrýni hafði ég uppi. En hæstv. forsrh. vildi svara því á þann veg, að stærsti hluti af hinum opinberu framkvæmdum væru orkuframkvæmdir og þá á vegum Landsvirkjunar, en ég á sæti í stjórn þess fyrirtækis, og ég hefði vissulega átt þátt í að efna til þeirra framkvæmda.

Ég fagna því, að svo stór hluti fjármagns til hinna opinberu framkvæmda skuli fara til virkjana. Ég tók það sérstaklega fram í ræðu minni áðan, að ég gagnrýndi ekki þann þátt í erlendum lántökum sem færi til jafnarðbærra framkvæmda og virkjanir eru. En ég legg áherslu á það, að auðvitað verður eitthvað að draga úr á móti þegar virkjunarframkvæmdir eru jafnríkur þáttur í framkvæmdum hins opinbera og raun ber vitni. Þá er ekki hægt að gera allt í einu og verður að draga þar eitthvað úr á móti, en ekki halda alls staðar áfram á fullri ferð. Það má ekki heldur draga fjármagn af innlendum lánsfjármarkaði til ríkisins, eins og gert er ráð fyrir í þessari lánsfjáráætlun.

Hitt atriðið, sem hæstv. forsrh. gerði að umtalsefni, var að ég orðaði það einhvern veginn á þá leið í minni ræðu, að ég telji að nú verði að víkja af þeirri braut ríkisafskipta sem einkennt hefði stjórn efnahagsmála síðustu 10 ár. Ég skal ítreka þau ummæli og endurtaka þau, þrátt fyrir það að mér sé fullljóst að Sjálfstfl. hafi átt þátt í ríkisstj. á þessu tímabili, ekki síst á árunum 1974 — 1978. En við sjálfstæðismenn höfum haldið því fram — og ég hygg meira að segja að hæstv. forsrh. hafi stundum sameinast okkur hinum í þeirri skoðun, að ástæðan fyrir því, að ekki tókst á árunum 1974 — 1978 að snúa af þeirri braut ríkisafskipta sem vinstri stjórnin 1971 — 1974 markaði, hafi verið sú, að Framsfl. sýndi mikinn óvilja í þá átt að fara af þeirri braut. Það var eðlilegt út af fyrir sig þegar haft er í huga að forsrh. þeirrar stjórnar, Ólafur Jóhannesson, hæstv. utanrrh., tók þátt í stjórninni 1974 — 1978. Við höfum haldið því fram, sjálfstæðismenn, að hann hafi verið mjög ófús að hverfa frá þeirri ríkisafskiptabraut sem hann markaði með fyrri vinstri stjórninni. En satt að segja efast ég núna um að sú skoðun okkar haldi, að það hafi verið framsóknarmenn, sem hafi einir staðið þarna á móti. Þegar ég sé og heyri nú skoðanir hæstv. forsrh. á ríkisafskiptum og ríkisumsvifum, eins og hann kynnir þær hér, þá hygg ég að það hafi verið fleiri en framsóknarmenn í ríkisstj. 1974 — 78 sem ekki hafi viljað snúa af þeirri braut.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ekki ætla ég að bæta á innbyrðis erjur þeirra sjálfstæðismanna. En mig langar til að beina einni spurningu til hæstv. forsrh., af því að hann er hér í salnum, vegna sérkennilegs orðalags eða orðaskýringa sem hann kom með áðan.

Hann gat þess, að um fjórðungur gæti jafngilt 26.5%. Og skilgreiningin á orðunum „um það bil" og „ca." gæti verið á bilinu 5 — 10%.

Hæstv. forsrh. hefur á undanförnum dögum margendurtekið það í viðtölum við fjölmiðla, að verðbólgan á þessu ári yrði um 40% eða u. þ. b. 40%. Ber þá að skilja það svo, að verðbólgan á þessu ári verði 45 eða 50% samkvæmt þessum orðaskýringum?

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er lagaákvæði í kaupalögunum þar sem gert er ráð fyrir að orðið „ca." geti þýtt 5 — 10%, sem hefur orðið uppistaðan í ræðum hv. ræðumanna. Það, sem ég var að benda á, var í fyrsta lagi að varðandi fjárfestingu segir í stjórnarsáttmálanum: um fjórðungur. Ég vil halda því fram, að þau þurfi ekki að þýða nákvæmlega 25%. Það held ég að hver maður geti gert sér í hugarlund. Öðru máli gegndi ef við hefðum verið á sömu skoðun og Alþfl., nefnt t. d. 24.5 eða 25.5%. Nei, við sögðum einmitt af ásettu ráði: „um fjórðungur," til þess að væri nokkurt svigrúm. Þetta er augljóst mál.

Hv. 1. þm. Reykn. spurði mig hvort ætti að skilja það svo, að þetta 5 — 10% frávik ætti við um stjórnarsáttmálann í heild. Ég held að þegar litið er yfir störf ríkisstjórna á undanförnum áratugum mættu flestar ríkisstj. hrósa happi ef þeim hefði tekist á sínum starfstíma að framkvæma 90 — 95% af öllu sem þær hafa óskað eftir og sett í stjórnarsáttmála. Ég held t. d. að sú stjórn, sem við hv. 1. þm. Reykn. sátum saman í 1974 — 1978, hefði verið ákaflega ánægð ef hún hefði getað skilað fullum efndum á t. d. 95% af því sem í stjórnarsáttmálanum okkar stóð. Og ég held að við hefðum þá farið betur út úr kosningunum en raun varð á.

Varðandi vegáætlunina var spurt hvað orðalagið þýddi, að staðið yrði við vegáætlunina. Ég vil aðeins minna á það sem þá lá fyrir, að ríkisstj. Alþfl. hafði lagt fram fjárlagafrv. þar sem gert var ráð fyrir verulegum niðurskurði á þeirri vegáætlun sem samþ. var í fyrra til fjögurra ára, — verulegum niðurskurði í krónutölu frá því sem ákveðið var fyrir árið 1980. Þessi orð í stjórnarsáttmálanum eiga fyrst og fremst við þetta, að staðið yrði við vegáætlunina. Það var gert betur. Tveim milljörðum var bætt þar við.

Ég vil annars segja út af gagnályktun hv. þm. Þorvalds Garðars, að mér þykir ákaflega leitt þegar menn láta pólitíkina rugla svo heilbrigða dómgreind sína að kennaranum finnst að hann hafi lítinn sóma af lærisveininum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það skal aldrei verða að ég tefji þessar umr., enda hef ég fleiri störfum að gegna. En þær skýringar, sem hæstv. forsrh. hefur gefið á þeim brigðum sem þegar eru orðin á stjórnarsáttmálanum, eru fáheyrðasti útúrsnúningur sem ég hef heyrt í samanlagðri þingsetu minni, sér í lagi sú síðasta, þar sem stendur — ég man það orði til orðs: „Staðið verði við þá vegáætlun sem samþ. var fyrir árin 1980—1982 og afgreidd hér í þingi í fyrra." Svo á að skjóta sér á bak við það, að þáv. hæstv. fjmrh., hv. þm., Sighvatur Björgvinsson, hafi lagt eitthvað til í starfsstjórn Alþfl. Það kemur þessu orðalagi ekkert við.

Ég nenni ekki og hef engan tíma til að elta ólar við aðrar skýringar í þessu sambandi, sem margar koma manni í opna skjöldu og kann vel að vera að ýmsar bakdyr séu hálfopnar til að smjúga út um af þeim sem sulluðu þessu hrófatildri upp á sínum tíma sem heitir stjórnarsáttmáli. En það tekur steininn úr varðandi þetta orðalag, sem er svo tvímælalaust sem nokkurt orðalag getur verið. Við höfum vegáætlun samþykkta á síðasta þingi, þinginu fyrir ári. Það er sú vegáætlun sem gildir fyrir árin 1980—1982. Og það er tvímælalaus, bein yfirlýsing án nokkurra undanbragða á öftustu síðu í stjórnarsáttmálanum um að staðið verði við hana. (**Gripið fram í:** Um það bil.) Nei, það er alls ekki svo. Það er hvorki ca. eða hér um bil, um það bil eða about. Það er ekkert af þessu. Það er tvímælalaus, skilyrðislaus yfirlýsing, óvefengjanleg. Fleira var það ekki að sinni.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Það, sem hér hefur verið borið á ríkisstj. í þessum umr., að hún hafi ekki staðið við stjórnarsáttmálann, það er í fyrsta lagi að greiðslubyrði af erlendum skuldum verði hærri en þau 15% sem nefnd eru í stjórnarsáttmálanum. Þetta hefur verið hrakið og bent á að þeir góðu menn, sem nota þessar röksemdir, sleppa alltaf af ásettu ráði þeim skýra fyrirvara, að frá þessum efri mörkum skuli þó vikið ef nauðsynlegt er vegna gjaldeyrissparandi eða gjaldeyrisaflandi framkvæmda, eins og raforkuframkvæmdir og hitaveituframkvæmdir eru. Þessi ádeila er því röng.

Önnur ádeilan er sú, að þar sem fjárfesting muni væntanlega fara í 26 eða 26.5%, sem enginn getur fullyrt upp á ½ eða 1%, þar sem bæði fjárfestingin og þjóðarframleiðslan byggjast á spám, þá sé ekki staðið við stjórnarsáttmálann. En í stjórnarsáttmálanum segir að miðað skuli við að fjárfestingin verði um fjórðung. Því er þessi ádeila líka röng og tilhæfulaus.

Þegar hv. þm. Birgir Ísleifur hélt því hér blákalt fram, að opinberar framkvæmdir hefðu stóraukist á kostnað atvinnuveganna, þá hef ég bent á að hann sjálfur er í stjórn Landsvirkjunnar þar sem um langsamlega stærstu framkvæmdir er að ræða við rafvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun, sem er fyrst og fremst gerð vegna atvinnuveganna. Þess vegna er rangfærsla á staðreyndum að ætla að telja t. d. Hrauneyjafossvirkjunina sérstaklega til aukningar á hinum opinbera geira, vegna þess að hv. þm. sleppti því í ræðu sinni áðan að þetta er fyrst og fremst vegna atvinnuveganna og að sjálfsögðu almennings í landinu.

Þegar því er svo haldið fram, að ekki sé staðið við stjórnarsáttmálann vegna þess að lofað hafi verið að staðið yrði við vegáætlunina, þá finna þessir menn það út, eins og síðasti hv. ræðumaður, að þetta loforð sé svikið, væntanlega þá út af því að lofað hafi verið að raungildi framkvæmda skyldi fylgja. Ég veit ekki til að það standi eitt einasta orð í vegáætlun um það. Ég veit ekki til að þessi hv. þm. hafi flutt till. um það, þegar vegáætlunin var hér til meðferðar. Ég get skýrt hvers vegna þetta ákvæði er komið inn. Það er vegna þess að fyrir lá þá í fjárlagafrv. lækkun í krónutölu. Við ekki aðeins stóðum við það að halda sömu krónutölu í vegáætlun, heldur bættum við 2 milljörðum.

Allar þessar ádeilur, að ekki sé staðið við stjórnarsáttmálann, eru því staðlausir stafir.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði að hann hefði ekki sóma af sínum lærisveini og honum var mikið niðri fyrir út af því. Ég undrast að hann skyldi láta sér detta í hug að ég gæti tekið þátt í þessum umr. í dag á þann veg að hann hefði nokkurn sóma af. Ég vil segja við hæstv. forsrh., að hann skal ekki hafa neinar áhyggjur af mér í þessu efni. En ég hygg að hann megi gæta að því, hvern sóma hann hefur haft af þessum umr., hvern sóma hann hefur haft af þeim málum, sem við höfum verið að ræða í dag, og hvern sóma hann hefur haft og umfram allt á eftir að hafa af þeirri ríkisstj. sem hann hefur myndað.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. forsrh. vék að því áðan, þegar hann var að gefa skýringar á orðunum „um það bil", að kannske hefðum við farið betur út úr kosningunum 1978, ef okkur hefði tekist um það bil að framkvæma það sem við hefðum gjarnan viljað gera í þeirri ríkisstj. Ég er sannfærður um að við hefðum farið betur út úr kosningunum 1978 ef okkur hefði ekki tekist að framkvæma um það bil allt sem við framkvæmdum í orkumálunum.

Neðri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 7. maí, kl. 0.40 eftir miðnætti.

Lánsfjárlög 1980, frv. (þskj. 409). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 180 er frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980, en það er í reynd sama málið sem hér hefur verið til umr. í allan dag, en þó að því leyti frábrugðið, að þetta er tæknileg útfærsla málsins meðan aftur á móti skýrslan, sem hér hefur verið til umr. í dag, er heildaryfirlit yfir framkvæmdir og lánsfjárútvegun.

Það hefðu sannarlega verið næg tilefni til að taka þátt í þeirri umr. undir lokin og svara ýmsu sem fram kom í umr. í dag. En ég stillti mig um að fara að bætast þar í hóp vegna þess að mjög er áliðið og næg tækifæri til þess að ræða um efni lánsfjáráætlunar á síðara stigi, við síðari umræður.

Hér voru bornar fram spurningar til mín í dag, sumar eðlilegar og efnislegar, en aðrar í hæpnasta lagi, þar sem svörin við þeim voru flest komin í fyrstu ræðu minni hér í dag. En þar sem fyrirspyrjandinn er nú fjarri góðu gamni, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, þá held ég að ég geymi mér að svara þessum spurningum, enda segi ég það alveg hreinskilnislega, að ég vil frekar forðast að egna menn hér í stórum stíl upp í ræðustól til umr. um þetta

mál, úr því að svo seint er orðið, svo áliðið kvölds, vil sem sagt ekki vekja upp neina drauga.

En ég vil segja það um þetta frv., að fyrstu 11 greinarnar fjalla um þær heimildir sem tengjast lánsfjáráætlun. Ég vil þó sérstaklega láta þess getið, að í ræðu minni í dag tók ég það fram, að 3. gr. frv. þyrfti nánari athugunar við, en hún fjallar um öflun lánsfjár frá lífeyrissjóðunum. Þessi grein er að vísu í megindráttum hliðstæð grein sem var í lánsfjárlögum á seinasta ári. Þar er ekki stór munur á, og satt að segja undraðist ég mjög umræður sem urðu hér í dag þar sem menn voru með miklar yfirlýsingar um að nú væri verið að stíga eitthvert stórt og nýtt og afdrifaríkt skref í þessum efnum. En það er ekki. Breytingin er fyrst og fremst fólgin í því, að nú eru lífeyrissjóðirnir skyldaðir til þess að leggja fé fram til Byggingarsjóðs ríkisins, Framkvæmdasjóðs Íslands og til orkuframkvæmda á vegum ríkissjóðs. Prósentutalan er sú sama og áður, 40%. Ég vil sem sagt ítreka það sem ég sagði í dag, að það hafa átt sér stað viðræður við lífeyrissjóðina frá því í seinustu viku um þetta mál og má vel vera að samkomulag takist um tilhögun þessara mála nú í vikunni, og þá tel ég eðlilegt að þessari grein verði breytt við meðferð málsins í nefnd.

Síðari greinar frv., 12—26., eru hins vegar allar tengdar fjárlagaafgreiðslunni, ekki nýjar efnislegar ákvarðanir, heldur ákvarðanir sem koma í beinu framhaldi af þeim ákvörðunum sem fólust í afgreiðslu fjárlaga.

Ég vil svo aðeins að lokum svara spurningum frá hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen sem hér er viðstaddur til að taka við svarinu. Hann spurði að því, hvort ekki væri von til þess að ríkisreikningur fyrir árið 1979, A-hluti, yrði lagður fram í þinginu áður en þinglausnir yrðu, og í öðru lagi, hvort ekki yrði gefin skýrsla um stöðu ríkissjóðs. Ég vil sem sagt svara báðum þessum spurningum játandi. Að vísu er það svo, að það verður í allra tæpasta lagi að takist að koma saman og prenta A-hluta ríkisreikningsins, og ég get því ekki fullyrt það 100%. Ætli ég verði ekki að hafa svo sem eins og 5—10% afföll af þeirri fullyrðingu? En það verður allt gert sem hægt verður til þess að tryggja að ríkisreikningurinn verði lagður hér fram.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil aðeins geta þess í sambandi við umræður, að við höfum einn hinn besta tíma, ef hv. þdm. svo kjósa, og hið besta næði einnig. Og verði vaktir upp draugar, þá segi ég eins og Glámur forðum, að eigi hræðist ég flykur þær og þykir mér at ódauflegra.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég þakka móttökurnar, en trúi því vart af okkar kunningsskap um nokkra áratugi, forseta og mín, að hann hræðist mig þegar ég kem hér upp í ræðustól nú, enda þótt liðið sé nokkuð fram yfir miðnætti. Ég hef aldrei vitað til þess, ef hann hefur séð draug, að þá væri hann hræddur og færi á flótta.

En út af því frv., sem hér er til umr., leyfi ég mér að vísa til umræðna um lánsfjáráætlunina af hálfu okkar sjálfstæðismanna. Ég vil þó í sambandi við 3. gr. frv. vekja athygli hæstv. fjmrh. á því, að þessi grein er ekki óbreytt frá lánsfjárlögunum á s. l. ári. (**Fjmrh.:** Það sagði ég ekki.) Ég tók svo eftir og það gerðu fleiri, að að hér væri um óbreytta grein að ræða. Ef ráðh. telur sig ekki hafa sagt það, þá höfum við tekið vitlaust eftir. En hér er verið að auka skylduna úr 20% í 40%. (**Fjmrh.:** Það var 40% í fyrra.) Skv. grg. kemur það skýrt fram, að þar stendur 20%. Ég held að ég fari rétt með að það hafi verið 20% í fyrra og sé verið að auka það í 40%.

Ég gerði grein fyrir því við umr. um lánsfjáráætlun, að við sjálfstæðismenn mundum flytja brtt. við þessa grein þannig að hún verði eins og lánsfjárlögin sem samþykkt voru í des. 1977 með lánsfjáráætluninni fyrir 1978, þar sem lífeyrissjóðirnir voru skyldaðir til að ávaxta a. m. k. 40% af fé sínu í verðtryggðum bréfum. Þannig verður sú brtt. sem við munum bera fram.

Ég vil svo að lokum þakka ráðh. svör við spurningum mínum varðandi það, að Alþ. verði gefin skýrsla um stöðu ríkissjóðs um síðustu áramót, svo og framlagningu ríkisreiknings fyrir árið 1979 áður en þingi lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 77. fundur.

Miðvikudaginn 7. maí, kl. 2 miðdegis.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 142, n. 430). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 frá 1976, um skráningu og mat fasteigna. Þetta frv. gengur út á að rýmka ögn heimildir um að tiltekin sveitarfélög sjái sjálf um skráningu og mat fasteigna. N. mælir einróma með samþykkt frv. óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 311, n. 429). — 2. umr.

Frsm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hér er um að ræða að tryggja lífeyrisréttindi bænda. N. hefur fjallað um þetta mál og orðið sammála um að mæla með því, enda hér reyndar um þá stétt að ræða sem býr við hvað óvissasta afkomu vegna þess hvernig málum hennar er í raun komið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Iðnþrónarsjóður, frv. (þskj. 414). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram, er um breyt. á lögum nr. 9 frá 13. febr. 1970, um Iðnþróunarsjóð og hljóðar svo:

„1. gr.: Aftan við 1. gr. laganna komi tvær nýjar mgr., svo hljóðandi:

Ríkisstj. er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningum sem gerðir voru í Reykjavík 29. apríl 1980.

Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Fskj. er hluti af sjálfu lagafrv. og segir raunar efnislega um hvað málið fjallar. Í því eru greindar þær breytingar sem lagt er til í frv. að ríkisstj. fái heimild til að staðfesta, en breytingar þessar voru gerðar í Reykjavík 29. apríl 1980. Í marsmánuði s. l. samþykkti ríkisstj. að fela iðnrh. að láta ganga formlega frá þessum breytingum og flytja síðan frv. til l. um breyt. á lögum svo breytingarnar fái lagagildi.

Þær breytingar, sem hér liggja fyrir, voru upphaflega samþykktar efnislega og einróma af stjórn sjóðsins á fundi í Finnlandi 26. febr. 1980. Í umsögn um einstakar greinar á bls. 4 í frv. er 1. gr. samningsins, eins og hún er í lögum nr. 9/1970, tekin orðrétt upp, en hún er svo hljóðandi:

„Ríkisstj. er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland (Nordisk Industrialiseringsfond for Island), sem gerður var í Reykjavík 12. des. 1969. Texti samningsins fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi."

Með frv. bætast svo við greinina þær tvær mgr. sem eru í 1. gr. þess. Í umsögninni um 1. gr. frv. eru og tekin upp orðrétt ákvæði hins upphaflega samnings um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland frá 12. des. 1969. Ég tel rétt að lesa orðrétt þau ákvæði samningsins sem lagt er til að breytingarnar verði gerðar á. 2. liður samningsins frá 1969 hljóðar þannig:

„Stofnfé sjóðsins skal vera jafvirði 14 milljóna Bandaríkjadollara. Af stofnfénu skal hvert Norðurlandanna leggja fram eftirfarandi hluta (í milljónum Bandaríkjadollara): Danmörk 2.7, Finnland 2.7, Ísland 0.5, Noregur 2.7 og Svíþjóð 5.4.

Stofnféð skal lagt fram vaxtalaust til ráðstöfunar í jafnstórum árlegum fjárhæðum á fjögurra ára tímabili frá gildistökudegi samningsins.

Sjóðurinn skal innheimta framlögin hjá hinum norrænu ríkjum í samræmi við áðurgreinda skiptingu eftir því sem starfsemi hans krefur.

Frá 10. ári skal sjóðurinn eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum í samræmi við áðurgreinda skiptingu til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar jafnvirði framlaga þeirra. Skal endurgreiðslu þessara framlaga að fullu lokið að enduðum 25 árum frá stofnun sjóðsins.

Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða, sbr. 4. lið.

Þegar Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð eiga ekki lengur hlutdeild í stofnfé sjóðsins samkv. áður nefndum ákvæðum um endurgreiðslu, fellur samningur þessi úr gildi og sjóðurinn verður eign og undir stjórn íslenska ríkisins."

Breytingin, sem lögð er til í frv., er sú að á eftir orðunum í síðustu línu 5. málsgreinar „á sig vegna ábyrgða" komi: og lántöku. Mun ég víkja nánar að þessu atriði síðar.

Í umsögninni um 1. gr. er enn fremur tekinn orðrétt upp 4. liður samningsins, en hann hljóðar þannig:

„Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

a) Að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila.

b) Að ábyrgjast lán, sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu og tekjum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og forðast ónauðsynlega áhættu.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema minna en 10% af stofnfénu.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eign opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða sem hafa sama tilgang og sjóðurinn.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenskar lánastofnanir, sem veita lán til iðnaðar."

Þær breytingar, sem lagt er til í frv. þessu að gerðar verði á þessum lið, eru þær, að á eftir orðunum í upphafi 2. mgr. „Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu og tekjum" komi orðin: og með lántöku, svo og að í sömu mgr. á eftir orðunum „Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins" komi: og þess fjár er hann tekur að láni. — Þá er einnig breyting í 3. mgr. Á eftir orðunum „Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meiru en 10% af stofnfénu" komi: Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það verður í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Með breytingum þeim á lögunum og samningnum, sem lagðar eru til í frv. þessu, fær sjóðurinn heimild til lántöku til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til að veita lán eða framlög til viðbótar 10% af stofnfé sjóðsins í sérstökum tilvikum. Viðbótin er 10% af eigin fé eins og það verður í byrjun ársins 1980 svo og 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Um þessar mundir eru liðin 10 ár frá stofnun sjóðsins, en hann var stofnaður með samningi ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, dags. 12. des. 1969. Samkv. lögum um Iðnþróunarsjóð skal sjóðurinn hafa sérstaka stjórn, framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra. Stjórnin er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum, einum frá hverju landi. Stjórnin tekur ákvarðanir um málefni sjóðsins, en felur, eftir því sem æskilegt er talið, framkvæmdastjórninni að taka ákvarðanir um starfsemina. Framkvæmdastjórnin

er skipuð fjórum fulltrúum íslenskra viðskiptabanka, einum fulltrúa frá Iðnlánasjóði og auk þess framkvæmdastjóra sjóðsins. Á árinu 1979 kom stjórn sjóðsins tvisvar saman til fundar, í Stokkhólmi og á Akureyri.

Enginn vafi er á því að Iðnþróunarsjóður skapaði ný viðhorf varðandi möguleika íslenskra iðnfyrirtækja til að fjármagna uppbyggingu og endurnýjun á sviði iðnaðar. Tilgangur sjóðsins er og hefur verið að efla tækniþróun og iðnþróun á Íslandi í framhaldi af aðild landsins að EFTA og að auðvelda aðlögun iðnaðarins að breyttum markaðsaðstæðum, stuðla að þróun útflutningsiðnaðar og leggja áherslu á samstarf á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna.

Frá upphafi hefur ráðstöfunarfé sjóðsins einungis verið stofnfé hans, en samkv. stofnsamningi hans er það jafnvirði 14 millj. Bandaríkjadollara, auk árlegra vaxta og afborgana af veittum lánum. Svo sem fram kemur í aths. við lagafrv. nemur fjárhæð útborgaðra lána 6 milljörðum 59 millj. kr. á verðlagi hvers árs. Ef sú fjárhæð er umreiknuð til verðlags ársins 1979, miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, er hún 20 milljarðar 999 millj. kr. eða nánast 21 milljarður kr. Í aths. er greint frá hlutfallslegri skiptingu lána á tímabilinu 1970—1979. Á því yfirliti sést að hlutfallslega flest lán og mest fjármagn hefur farið til uppbyggingar í ullariðnaði og til vinnslu fata úr ull. Árangur þessarar uppbyggingar hefur komið best í ljós á síðustu árum, en eins og kunnugt er hefur mest aukning verið á ullarafurðum í útflutningi iðnaðarvara. Í heild er áætlað að um 40% af lánum sjóðsins til þessa hafi verið veitt vegna útflutningsiðnaðar og um 60% vegna heimamarkaðsiðnaðar.

Fram til þessa hefur sjóðurinn getað annað eftirspurn eftir lánum til arðvænlegra framkvæmda í iðnaði. Nú er hins vegar svo komið að fyrirsjáanlegt er að svo verði ekki næstu árin. Stafar það í fyrsta lagi af því, að á þessu ári munu hefjast endurgreiðslur stofnfjárins, og í öðru lagi af aukinni eftirspurn eftir lánsfé til framkvæmda í iðnaði. Vegna þessa er talin ástæða til að afla heimilda til lántöku til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til að endurlána til sérstakra framkvæmda í iðnaði. Til þess að sjóðurinn geti verið sú stoð og stytta sem honum var ætlað að vera er nauðsynlegt að þær breytingar sem gerðar hafa verið á samningnum og ætlað er að verði lögfestar, verði samþykktar af Alþingi svo að þær fái lagagildi.

Ýmis af þeim verkefnum, sem sjóðurinn hafði frumkvæði að og hefur styrkt hafa verið yfirtekin af öðrum, svo sem af Iðntæknistofnun, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og samtökum iðnaðarins, og er þar einkum átt við verkefni sem styrkir hafa runnið til. Stjórn sjóðsins telur engu síður nauðsynlegt að auka heimildir til að veita styrki og hagstæð lán til ýmissa verkefna, og er því talið nauðsynlegt að afla aukinna heimilda til ráðstöfunar fjár í þessu skyni.

Herra forseti. Minnst verður 10 ára afmælis Iðnþróunarsjóðs með fundi og hátíðarsamkomu hér í Reykjavík síðar í þessum mánuði, og legg ég áherslu á að mál þetta hljóti afgreiðslu nú á þinginu, enda ætti það að vera ágreiningslaust. Á sama hátt hefur verið leitað eftir staðfestingum á nefndum breytingum hjá stjórnvöldum annarra Norðurlanda og við undirbúning málsins að því leyti verið höfð samvinna við utanrrn.

Ég tel ekki þörf að fjölyrða frekar um frv. þetta, en leyfi mér að óska þess, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni umr. hér í hv. d. og til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 169, n. 417). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um lögskráningu sjómanna, 110 mál. Frv. þetta fjallar um það, að reynist útgerðarfyrirtæki ekki fært um greiðslu bóta vegna slysa, sem ekki hafi verið séð um tryggingu fyrir, beri ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra. Í grg. frv. er fjallað um ástæður fyrir þessu, að vegna slíkra atvika hafa menn orðið fyrir dýrkeyptri reynslu þar sem einstaklingur hefur farið mjög illa út úr vanrækslu annarra.

N. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. eins og það kom frá Nd., en fjarverandi við afgreiðslu málsins var Stefán Jónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 427). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 428). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér hefur verið lagt fram um Iðnrekstrarsjóð, er í ellefu greinum og því fylgja ítarlegar aths. um frv. sjálft svo og um einstakar greinar þess. Þá fylgir frv. sem fskj. minnisblað til iðnrh., dags. 26. apríl 1980, frá Samstarfsnefnd um iðnþróun.

Lög um Iðnrekstrarsjóð eru nr. 61 frá 30. apríl 1973. Í þeim lögum er ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

„Lög þessi, svo og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins, skal taka til endurskoðunar hið fyrsta með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra."

Árið 1975 skipaði þáv. iðnrh., dr. Gunnar Thoroddsen, nefnd til að endurskoða lög um Iðnrekstrarsjóð svo og lög annarra sjóða iðnaðarins með sameiningu sjóðanna fyrir augum. Páv. aðstoðarmaður iðnrh., Þorvarður Alfonsson, var formaður þessarar nefndar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að sameining lánasjóða iðnaðarins væri ekki raunhæf eða æskileg, en í stað sameiningar sjóðanna bæri að auka samstarf þeirra, svo sem með sameiginlegri skrifstofuaðstöðu, bókhaldi, lög-

fræðiaðstoð, innheimtu o. fl. Benti nefndin í þessu sambandi á samstarf við Iðnlánasjóð innan Iðnaðarbanka Íslands hf.

Skoðun sú, sem fram kom hjá nefnd þessari, er enn ríkjandi meðal aðila iðnaðarins, að ekki sé rétt að stefna að sameiningu iðnrekstrarsjóðs við aðra sjóði, en aftur á móti er fullur vilji fyrir samhæfingu og samstarfi milli sjóðanna eftir því sem við á. Hef ég að athuguðu máli fallist á þau viðhorf og lagt áherslu á aukið samstarf og verkaskiptingu milli sjóðanna.

Á s. l. ári skipaði ég sem iðnrh. í þáv. ríkisstj. nefnd til að endurskoða lögin um Iðnrekstrarsjóð og gera tillögur til rn. í þeim efnum. Í nefnd þessari áttu sæti: Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Samstarfsnefndar um iðnþróun, og var hann jafnframt formaður nefndarinnar, Sigurður Magnússon rafvirki, sem einnig á sæti í Samstarfsnefnd um iðnþróun, Valur Valsson framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda og Þórleifur Jónsson framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna. Í skipunarbréfinu sagði svo m. a.:

„Lögin skulu endurskoðuð með tilliti til eftirfarandi atriða:

1. Víkkaðs hlutverks sjóðsins vegna þeirrar stefnu rn., að tekjur af aðlögunargjaldi og hugsanleg síðari framlög renni til hans og nýtist til umbóta í iðnaði á breiðari grundvelli en verið hefur.

2. Landssamband iðnaðarmanna fái aðild að stjórn sjóðsins.

3. Að framlög af aðlögunargjaldi og önnur framlög, sem ákveðin kunna að verða, teljist stofnfé sjóðsins og megi ráðstafa samkv. því.

4. Önnur atriði er nauðsynleg kunna að reynast við nánari athugun til að sjóðurinn geti sem best gegnt hlutverki sínu."

Frv. það, sem hér hefur verið lagt fram ásamt aths., er í aðalatriðum samhljóða tillögum nefndarinnar. Einn nm. gerði fyrirvara um skipan stjórnar sjóðsins, þ. e. að hún yrði skipuð fimm mönnum í stað sjö, eins og frv. gerir ráð fyrir, og að tilnefningarréttur Sambands ísl. samvinnufélaga og Alþýðusambands Íslands félli niður. Báðir þessir aðilar hafa átt aðild að stjórn sjóðsins frá stofnun hans, og taldi rn., eins og meiri hl. nefndarinnar svo og ríkisstj., ekki réttmætt að gera þar breytingu á. Þannig eiga aðild að stjórn sjóðsins samkv. frv.: iðnrn., sem skipar formann sjóðsstjórnar, fulltrúi Iðnþróunarsjóðs, Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Alþýðusamband Íslands, Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnverkafólks. Ástæðan fyrir aðild Iðnþróunarsjóðs að stjórn sjóðsins er að tryggja samhæfingu varðandi starf sjóðanna um styrkveitingar og lánveitingar. Iðnrh. skipar, eins og ég gat um áðan, formann, en hver hinna fyrrgreindu aðila sinn stjórnarmanninn hver. Þar sem umtalsverðar breytingar eru áformaðar varðandi hlutverk sjóðsins, stofnfé og ráðstöfunarfé þótti réttara að leggja fram hér á Alþingi nýtt frv. um sjóðinn en leggja fram frv. til breyt. á lögum nr. 61 frá 1973.

Ég tel ekki ástæðu til að rifja hér upp nema takmarkað úr hinum ítarlegu aths. við lagafrv., en mun þó nefna sitt hvað það sem meginmáli skiptir.

Í álitsgerð Samstarfsnefndar um iðnþróun, svokallaðri Iðnaðarstefnu, sem lögð var fram sem fylgiskjal með þáltill. í maí 1979 og hv. alþm. eiga að hafa undir höndum, segir m. a. á bls. 86:

„Samstarfsnefndin leggur til, að aukinn verði sá þáttur í fjárstuðningi opinberra sjóða, er miðar að því að styðja hvers konar iðnþróunaraðgerðir og nýsköpunarviðleitni í iðnaði, með því að veita fyrirtækjum og stofnunum áhættulán og styrki til vel skilgreindra þróunarverkefna."

Eftir setningu laga á s. l. ári um aðlögunargjald á innfluttar iðnaðarvörur, sem renna skyldi til iðnþróunaraðgerða, mótaði rn. þá stefnu að verulegur hluti tekna af gjaldinu skyldi renna til Iðnrekstrarsjóðs til eflingar honum. Jafnframt var ákveðið að endurskoða lög sjóðsins með það fyrir augum að víkka hlutverk hans, breyta stjórnaraðild í samræmi við það og endurskoða önnur atriði til að tryggja sem árangursríkast starf sjóðsins.

Með vaxandi alþjóðlegri samkeppni og sífellt örari breytingum á tækni og kröfum markaðar hefur áhættan við þróun nýrra afurða og framleiðsluaðferða og við stofnsetningu nýrra fyrirtækja aukist verulega. Hafa flestar þróaðar þjóðir, sem svo eru kallaðar, gripið til þess ráðs að styðja við nýsköpunarviðleitni með því að veita hagstæð áhættulán og styrki í þeim tilgangi að treysta grundvöll atvinnulífsins. Stuðningur við nýsköpun og aðlögun að breyttum samkeppnisskilyrðum hefur reynst mun árangursríkari aðferð en beinir styrkir til rekstrar og fjárfestingar í greinum og fyrirtækjum sem eiga í samkeppniserfiðleikum. Má í því sambandi minna á reynslu annarra Norðurlandaþjóða í þessu efni á undanförnum árum, en þær hverfa nú í vaxandi mæli frá beinum styrktar- eða stuðningsaðgerðum við iðngreinar, sem lent hafa í erfiðleikum, og reyna að vinna sig á annan hátt út úr þeim, einmitt með aukinni þróunaraðstoð.

Meginatriði þessa frv. um Iðnrekstrarsjóð eru:

1. Að fá sjóðnum víðtækara hlutverk í stuðningi við nýsköpun í iðnaði þannig að starf hans takmarkist ekki við útflutningsviðleitni svo sem núverandi lög gera ráð fyrir. Verði stefnt að sem líkustu fyrirkomulagi og gildir í starfi hliðstæðra sjóða í svokölluðum samkeppnislöndum.

2. Að breyta ákvæðum um verkefnaval, starfshætti og stjórnaraðild í samræmi við slíkt víðtækara hlutverk og aukin fjárráð sem sjóðnum eru ætluð.

3. Að gera ákvæði um stuðningsform fyllri og skýrari en áður var. Þannig á að gera sjóðnum kleift að veita viðbótarlán og ábyrgðir gagnvart viðskiptabönkum og fjárfestingarlánasjóðum.

4. Að tryggja sjóðnum tekjur sem ekki rýrni í verðbólgu, í samræmi við aukið hlutverk sjóðsins og í samræmi við stefnu um eflingu iðnaðar í landinu, og gera sjóðnum kleift að sinna hlutverki sínu með veitingu styrkja og áhættulána.

Þetta eru undirstöðuatriði ef sjóðurinn á að geta gegnt hlutverki sínu.

Öllum má vera ljóst að rannsókna- og þróunarstarfsemi er einn af mikilvægum þáttum umbótastarfs í iðnaði. Athuganir, sem gerðar hafa verið á vegum Rannsóknarráðs ríkisins, hafa leitt í ljós að íslensk fyrirtæki leggja fram til slíkra mála langtum minna en samkeppnisfyrirtæki á Norðurlöndum. Ef ætla skal íslenskum iðnaði að standast óhefta samkeppni verða annars vegar að koma til ný viðhorf hjá fyrirtækjum og hins vegar hvatning af hálfu hins opinbera til aukinna rannsókna og til skylds umbótastarfs í fyrirtækjum. Með því að beina auknu fjármagni til rannsókna á sviði iðnaðar gegn mótframlögum frá fyrirtækjum má án efa hafa

veruleg áhrif í þessa átt. Með frv. þessu er tekin sú stefna að Iðnrekstrarsjóður geti gegnt því hlutverki að styðja slíkt starf.

Um starfsemi sjóðsins til þessa segir m. a. á bls. 11 í frv.:

„Iðnrekstrarsjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 61 frá apríl 1973, hefur starfað frá haustinu 1973. Alls hefur hann fjallað um nálægt 400 umsóknir og hafa útborguð lán og styrkveitingar verið svo sem hér segir á verðgildi viðkomandi árs: 1973 8 millj., 1974 53.1, 1975 55.4, 1976 84.9, 1977 126.9, 1978 120.2 og 1979 186.6."

Hlutfallið milli lána og styrkja hefur verið nokkuð breytilegt á þessu tímabili og hlutfall styrkja farið verulega lækkandi þegar á heildina er litið. Árið 1978 voru umsóknir 48, en 69 talsins árið 1979.

„Málefni er varða erlenda markaðsöflun hafa haft algjöran forgang (73% af stuðningi sjóðsins 1979) og gildi umsókna fyrir aukinn iðnaðarútflutning að jafnaði látið vega þungt við ákvarðanir um stuðning. Takmörkuð fjárráð og raunar rýrnandi ráðstöfunarfé að raungildi hefur dregið úr mætti sjóðsins til að halda uppi kynningu á stuðningsmöguleikum sínum og aðstoða fyrirtæki við að móta stuðningshæf verkefni. Reynsla hliðstæðra sjóða erlendis er einmitt sú, að slík aðstoð sé nauðsynleg."

Ég mun nú víkja að þeim greinum frv. sem mestu mála skipta, en treysti því að sú n., sem fær málið væntanlega til meðferðar, geri samanburð á gildandi lögum nr. 61/1973 um Iðnrekstrarsjóð og þessu frv., eftir því sem ástæða þykir til.

Í 1. gr. frv. segir:

„Starfrækja skal Iðnrekstrarsjóð til að styðja við umbótastarf í iðnaði í þaim tilgangi:

— að auka útflutning iðnaðarvarnings,

— að auka samkeppnishæfni íslensks iðnaðar á innlendum og erlendum markaði,

— að örva nýsköpun í átt til aukinnar og bættrar framleiðslu í iðnaði,

— að auka framleiðni í samkeppnisiðnaði.

Stefnt skal að sem líkustu fyrirkomulagi og gildir í þessum efnum í samkeppnislöndum Íslendinga."

Í 6. gr. frv. segir:

„Hlutverk sitt samkv. 1. gr. skal sjóðurinn rækja m. a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Styrkjum og framlögum sem fyrst og fremst verði beitt á sviði útflutnings- og markaðsstarfsemi, en einnig til þróunarverkefna, sem geta haft mikilvæg áhrif á almenna eflingu iðnaðar, ekki síst til framleiðniaukningar.

2. Áhættulánum, sem fyrst og fremst verði notuð til stuðnings vöruþróunar, hönnunar og ýmissa annarra nýsköpunarverkefna. Heimilt er að hafa áhættulán afborgunarlaus um tíma og jafnframt að afskrifa lánin, heppnist verkefnið ekki.

3. Ábyrgðum gagnvart viðskiptabönkum og fjárfestingalánasjóðum.

4. Kaupum og sölu á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra hlutafélaga.

5. Viðbótarlánum vegna fjárfestinga. Lán þessi geta jafnframt verið áhættulán.

Í því sambandi skal höfð hliðsjón af svæðisbundnum áætlunum er hlotið hafa staðfestingu stjórnvalda."

Ef borin eru saman ákvæði núverandi laga og frv. kemur í ljós mjög víkkað starfssvið sjóðsins. Í 1. gr. frv. koma, eins og áður var getið, fram markmið sjóðsins og enn fremur sú stefnumótun að hann skuli starfa á svipaðan hátt og slíkir sjóðir og stofnanir í nágrannalöndum. Samkv. athugunum, sem gerðar hafa verið, eru hliðstæðir sjóðir, er styðja umbótastarf í iðnaði, víða margir erlendis og er því hlutverk Iðnrekstrarsjóðs samkv. frv. haft víðara en ella. Markmiðið er að reyna að skapa íslenskum iðnaði sem mest jafnræði á við iðnað í samkeppnislöndum.

Í umsögninni um 6. gr. segir:

„Með þessari grein eru veittar heimildir í lögum til þeirra sérstöku tegunda stuðnings, sem Iðnrekstrarsjóði er ætlað að veita.

1. Styrkir og framlög sem aðallega verði beitt í tengslum við erlenda markaðsöflun og markaðsaðlögun, en einnig til þróunarverkefna, sem hafa mikla þýðingu fyrir þróun heilla greina eða iðnaðarins í heild og stjórnin telur falla að markmiðum sjóðsins.

2. Áhættulán sem heimilt er að hafa afborgunarlaus um tíma og afskrifa ef verkefni skila ekki árangri, enda sæki viðkomandi fyrirtæki um slíka eftirgjöf. Nauðsynlegt er að stjórnin móti fastar reglur um skilyrði fyrir slíkri eftirgjöf.

3. Ábyrgðir sem sjóðurinn getur veitt fyrirtækjum vegna lána frá öðrum sjóðum og viðskiptabönkum til að koma nýrri áhættusamri framleiðslu af stað, þegar fullnægjandi veð eru ekki fyrir hendi hjá viðkomandi fyrirtækjum. Heildarupphæðir ábyrgða sjóðsins verði á hverjum tíma að hámarki bundnar við 60% af eigin fé sjóðsins.

4. Kaup og sala hlutabréfa og þátttaka í stofnun fyrirtækja. Ætlast er til að heimild þessari sé beitt einvörðungu þegar umtalsverðir iðnaðarhagsmunir eru í veði, er samrýmast tilgangi sjóðsins og þátttaka hans getur haft veruleg áhrif til framfara.

5. Viðbótarlán til fjárfestinga, þar sem lán almennra fjárfestingalánasjóða hrökkva ekki til og um er að ræða framkvæmdir sem geta haft umtalsverða þýðingu fyrir skipulagsbreytingar og þróun innan ákveðinna greina iðnaðar í heild. Heimilt er að veita slíkt viðbótarlán sem áhættulán, er verði afskrifuð eða víki fyrir fjárfestingarlánum, ef ekki verður árangur af framkvæmdinni. Nauðsynlegt er að stjórn sjóðsins móti fastar reglur um veitingu viðbótarlána."

Eðlilegt er einnig að í sambandi við þetta sé litið til þeirra svæðisbundnu áætlana um iðnþróun og atvinnuuppbyggingu sem stjórnvöld hafa ákveðið að styðja við sérstaklega.

Þá vil ég og benda á ábyrgðir gagnvart viðskiptabönkum og fjárfestingarlánasjóðum. Um ábyrgðirnar er fjallað í fskj. með frv. og segir þar á bls. 16:

„Þar sem hlutverk Iðnrekstrarsjóðs er að örva útflutning, nýsköpun og framleiðni og þar sem gert er ráð fyrir að hann taki á sig áhættu í starfsemi sinni, er eðlilegt að hann sinni einnig þörfum iðnfyrirtækja fyrir ábyrgðir. Í fyrsta lagi er hér um að ræða ábyrgðir til viðskiptabanka vegna lánsþarfa, sem skapast vegna framleiðslu sérstakra útflutningspantana. Mörg fyrirtæki, sem eru að reyna að hasla sér völl í útflutningi, geta ekki sett veð, sem viðskiptabankar telja nauðsynleg fyrir lánum vegna framleiðslu á útflutningsvörum. Iðnrekstrarsjóður gæti hér hlaupið undir bagga. Í annan stað er algengt, að ný fyrirtæki eða fyrirtæki, sem eru að leggja út í hlutfallslega mikla endurnýjun og umsköpun á vélakosti og starfsað-

stöðu, hafi ekki fasteignaveð sem fjárfestingarlánasjóðir telja nauðsynleg. Hér gæti Iðnrekstrarsjóður komið til skjalanna og gengið í ábyrgð fyrir fyrirtækin gagnvart fjárfestingarlánasjóðum. Um væri að ræða áhættustarfsemi á vegum sjóðsins, en reynt væri að halda áhættu í lágmarki með því að fylgjast vel með viðkomandi fyrirtækjum."

Um stofnfé og annað ráðstöfunarfé sjóðsins er fjallað í 5. gr. frv., sem er svo hljóðandi:

„Stofnfé sjóðsins er:

1. Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs, eins og það verður við gildistöku þessara laga.

2. Framlag ríkissjóðs samkv. fjárlögum 1980.

Annað ráðstöfunarfé sjóðsins er:

a) Framlag ríkissjóðs, er miðist að lágmarki við 0.6% af vinnsluvirði iðnaðar undanfarið ár, samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar, í fyrsta sinn árið 1982, og síðan árlega til og með árinu 1985, en verði þá endurmetið með hliðsjón af þörfum.

b) Önnur bein framlög til sjóðsins.

c) Vaxtatekjur.

d) Afborganir af veittum lánum.

e) Lántökur.

f) Aðrar tekjur.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans. Sjóðurinn er undanþeginn sköttum til ríkis og sveitarfélaga."

Um 5. gr. frv. segir í aths.:

„Í grein þessari er kveðið á um stofnfé Iðnrekstrarsjóðs, m. a. yfirtöku á eigin fé sjóðsins, sem starfaði eftir lögum nr. 61 frá 1973, eins og það verður við gildistöku þessara laga.

Mikilvægasta ákvæði þessarar greinar varðar lágmarksframlög á árunum 1982—1985, sem er stefnumótandi um starfsmöguleika sjóðsins á þessu tímabili. Á fjárlögum ársins 1980 er ákveðið 100 millj. kr. framlag til Iðnrekstrarsjóðs, en að auki fara 500 millj. kr. til sjóðsins af aðlögunargjaldi á yfirstandandi ári og reiknað er með að svipaðar upphæðir renni til sjóðsins á næsta ári. Áætlað vinnsluvirði iðnaðar 1979 á verðlagi ársins var 96.5 milljarðar án mjólkuriðnaðar, kjötiðnaðar, byggingariðnaðar og fiskiðnaðar, og eru framlög til sjóðsins í ár því alls nálægt 0.60% af því. Hér er lagt til að fram til ársins 1985 verði svipuðu fjármagni að raunvirði veitt til sjóðsins.

Að þessu tímabili loknu verði framlög til sjóðsins endurmetin í ljósi þarfa og þess árangurs sem náðst hefur. Ákvæði greinar þessarar er þannig ekki fastur tekjustofn sjóðsins, heldur bindandi stefnumótun á sviði iðnaðar fyrir ákveðið tímabil.

Gert er ráð fyrir að frá og með árinu 1982 fari niður framlag á fjárlögum til Iðnlánasjóðs, en það nemur 300 millj. kr. í ár. Er útgjaldaaukning ríkisins til sjóða iðnaðarins þannig minni en ella yrði og fremur um tilfærslu að ræða."

Ég vil vekja sérstaka athygli hv. þdm. á þessu atriði, þar eð í því felst vísbending um stefnumótun varðandi framlög til helsta stofnlánasjóðs iðnaðarins í þá átt að hann njóti ekki framlaga úr ríkissjóði samkv. fjárlögum frá þeim tíma sem aukið yrði framlag til Iðnrekstrarsjóðs. Um þetta var haft samráð við forustumenn fyrir Iðnlánasjóði, sem eins og aðrir, sem á mál þetta hafa litið á undirbúningsstigi, telja mikilvægara að efla Iðnrekstrarsjóð með þeim hætti, sem hér er lagt til, en að halda í ríkisframlög til Iðnlánasjóðs.

Í þessu sambandi er vert að ítreka hlutverk Iðnrekstrarsjóðs sem eins konar fjörefnisgjafa fyrir iðnþróun í landinu, en ekki að veita stofnlán í hefðbundnum skilningi.

8. gr. frv. er svo hljóðandi:

„Stjórn sjóðsins er, með samþykki iðnrh., heimilt að taka lán fyrir hönd sjóðsins. Heimilt er að veita styrki eða framlög sem nema allt að 1/3 af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins, að undanskildum lántökum. Heildarupphæð ábyrgða sjóðsins, samkv. 6. gr. 3. tölul. má á hverjum tíma nema hæst 60% af eigin fé sjóðsins".

Og í umsögn um hana segir: „Hér er heimild veitt til töku lána í því skyni að auka útlánagetu sjóðsins. Heimild til að veita styrki er takmörkuð við 1/3 af árlegu ráðstöfunarfé að undanskildum lántökum. Eftirgjöf af lánum takmarkar ekki styrkveitingar og framlög. Heimild til að veita ábyrgðir takmarkast við 60% af eigin fé sjóðsins á hverjum tíma."

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir þýðingarmestu greinum frv. og mun ég nú ekki orðlengja þetta öllu frekar. Í títt nefndum stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir svo m. a. í kaflanum um iðnað:

„Starfsemi lánasjóða iðnaðarins verði samræmd og sjóðirnir efldir. Sérstaklega verði Iðnrekstrarsjóði gert kleift að styðja undirstöðuverkefni varðandi iðnþróun."

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er rennt stoðum undir þetta markmið. Ég þykist þess fullviss að hv. alþm., hvar í flokki sem þeir standa, sé ljós sú brýna nauðsyn að stuðlað verði á skynsamlegan hátt að margvíslegu nýsköpunarstarfi og umbótastarfi í þágu íslensks iðnaðar.

Að undirbúningi frv. þessa hafa unnið aðilar með víðtæka þekkingu á iðnaðarmálum, bæði hérlendis og í nágrannalöndum, og vænti ég þess að ef frv. þetta verður að lögum verði framtíð íslensks iðnaðar bjartari en áður og auðveldara að ná fram þeim markmiðum um iðnþróun sem víðtæk samstaða virðist um.

Ég fer þess á leit, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn., og treysti því að leitast verði við að afgr. málið sem lög frá yfirstandandi Alþingi þótt skammur tími sé til stefnu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða við 1. umr. að fagna því, að þetta mál er komið fram á Alþingi, og þakka hæstv. ráðh. fyrir að leggja það fram. Ég sé ekki betur en hér sé hreyft mjög merku máli og mikilvægu fyrir eflingu iðnaðar í landinu. Það má raunar sjá þegar á 1. gr. frv. að tilgangur þess er slíkur og er vert að taka mjög undir það markmið sem er sett í þeirri grein.

Ég held að það sé mjög mikilvægt atriði að gera sér grein fyrir því að iðnaður er sú atvinnugrein sem við verðum fyrst og fremst að byggja á aukna atvinnu á næstu árum. Það verður ekki séð að við getum gert það með öðrum hætti. Við vitum að markaður í okkar ágæta landi er þröngur fyrir iðnaðarvörur. Þess vegna er útilokað að ná því markmiði að efla íslenskt atvinnulíf á næstu árum öðruvísi en að til komi útflutningsiðnaður og að útflutningsiðnaðurinn eflist. En því miður hefur það verið svo undanfarin ár, og það vita þeir best sem hafa komið nálægt útflutningsiðnaði, að það hefur verið verulegur tröppugangur á því hvernig búið hefur verið að þessum iðnaði.

Taka verður fram að það eru ekki alltaf stjórnvöld sem

þarna ráða öllu. En það er svo, að atvinnumálastefna okkar hefur verið nokkuð hefðbundin að því er varðar útflutning á íslenskum afurðum. Við vitum að sjávarútvegurinn er sú atvinnugrein sem er yfirgnæfandi. Hann er langmikilvægasta atvinnugreinin að því er varðar íslenskar útflutningsafurðir. Þá hefur það tíðkast um áratugaskeið að miða efnahagsstefnu okkar fyrst og fremst við afkomu hefðbundinna sjávarútvegsgreina. Nú er það svo, að sjávarútvegurinn hefur oft og tíðum ekkert verið ofhaldinn af því sem hann hefur átt við að búa á þessu sviði. Margir eru þeir forráðamenn sjávarútvegsins sem halda því fram að síst sé betur að honum búið en t. d. útflutningsiðnaðinum. En ég vil benda á eitt augljóst atriði í þessu sambandi. Gengisskráning, sem skiptir mjög verulegu máli fyrir þá sem flytja út vörur hvernig að er staðið, hefur oftast verið miðuð við afkomu sjávarútvegsins og þá yfirleitt þannig að sjávarútvegurinn hafi nokkurn veginn afkomumöguleika og miðuð við núllpunktinn í rekstri sjávarútvegsins. Ef eitthvað happ kemur fyrir í sjávarútvegi, verð hækkar skyndilega á fiski í Bandaríkjunum, er tilhneigingin sú að gengið sé við það miðað og ekki látið síga eins hratt og annars væri. Það þýðir að menn, sem eru að baksa við að búa til ullarvörur og flytja þær út, þurfa að fá tiltölulega hærra verð af því að fiskverð í Bandaríkjunum t. d. hefur hækkað. Þannig hefur þetta verið í gegnum árin, að efnahagsstefna okkar á þessu sviði, að því er varðar gengisskráningu og að því er varðar útflutning á hinum ýmsu vörum, hefur verið of einhæf að mínu mati og á þessu sviði þyrftum við að gera úttekt og athuga hvort við gætum ekki með einhverjum hætti skapað hagstæð skilyrði, fyrir þessar útflutningsgreinar, bæði fyrir sjávarútveginn og fyrir útflutningsiðnaðinn.

Þetta má auðvitað gera með ýmsum hætti, m. a. með því að beita jöfnunarsjóðum meira en við höfum gert. Við höfum t. d. Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en eins og við vitum hefur honum verið beitt þannig undanfarin ár að hann hefur að litlu leyti verkað sem jöfnunarsjóður og allt öðruvísi en hann var upphaflega hugsaður.

Ég held að það verði ekki hjá því komist þegar verið er að ræða um eflingu útflutningsiðnaðar að benda mjög rækilega á að okkur hefur skort nægilega fastmótaða stefnu á þessu sviði þannig að útflutningsiðnaðurinn gæti haft verulega möguleika á að eflast á undanförnum árum. Er ég þá ekki að ásaka einn eða annan í þessu sambandi, aðeins að benda á að hér er umbóta og breytinga þörf.

Við vitum að útflutningsiðnaðurinn hefur átt við sérstaka erfiðleika að stríða undanfarna mánuði. Það hefur komið mjög fram í fjölmiðlum og þarf ekki að fjölyrða um það hér í hv. d. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hann hefur um það nýjar upplýsingar hvernig afkomuhorfur útflutningsiðnaðarins eru miðað við þá gengisskráningu sem nú er orðin, en eins og við vitum hefur gengið fallið og sigið undanfarnar vikur um nálægt því 8%. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um horfurnar í þessum efnum ef hæstv. ráðh. hefur upplýsingar tiltækar.

Í því sambandi vil ég enn minna á að á þessu ári verður aðlögunargjaldi, sem lagt er á innfluttar iðnaðarvörur og ætlunin var samkv. ummælum ráðh. í fyrra að verja til iðnaðarins, ekki varið öllu til iðnaðarins. Láta mun nærri að talsvert á annan miljarð kr. komi inn í ríkissjóð vegna þessa aðlögunargjalds sem ekki rennur til iðnþróunaraðgerða á þessu ári, þó að hæstv. ráðh. hafi tekið það skýrt fram fyrr og síðar að því muni þannig varið á næsta ári.

Það er staðreynd að ríkissjóður innheimtir þetta gjald án þess að veita því til iðnaðarins á þessu ári. Það hefur verið skoðun mín að það væri slæmt til þess að vita að ríkissjóður fengi með þessum hætti fé til afnota, sem í rauninni var ætlunin að veita til iðnaðarins jafnóðum og þessir peningar kæmu inn, á sama tíma sem fyrirtæki hafa verið í svo miklum erfiðleikum sem útflutningsiðnaðurinn hefur verið undanfarið. Nú eru um það skiptar skoðanir, hvort þessu fé á að verja til varanlegra iðnþróunaraðgerða eða hvort það skuli notað að einhverju leyti til að fleyta fyrirtækjum yfir ákveðna hjalla á meðan verið er að endurskoða stefnuna að þessu leyti. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðh., hvernig staða útflutningsiðnaðarins er um þessar mundir eftir að gengi hefur sigið eins og við vitum undanfarið, en afkoma þessara fyrirtækja var mjög slæm fyrst á þessu ári, eins og kunnugt er.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir hv. þm. Lárusar Jónssonar við þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram, og veit raunar um góðan skilning hans og þekkingu á iðnaðarmálum og áhuga hans á eflingu innlends iðnaðar, eins og ég vænti allra hv. alþm.

En vegna fsp. hans hér um stöðu útflutningsiðnaðarins nú á síðustu vikum hef ég því miður ekki handbærar tölulegar upplýsingar um þá þróun sem þar hefur orðið í kjölfar þeirra ráðstafana sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir. Það er svo, að úttektir af þessu tagi koma ekki fyrr en nokkru eftir á og helst er það Þjóðhagsstofnun sem reynir að fylgjast með slíku. Það er nauðsynlegt að fá nú á vordögum yfirlit um áhrif af þeim breytingum sem orðið hafa í aðstöðu útflutningsiðnaðarins m. a. vegna hreyfingar á gengi íslensku krónunnar að undanförnu, sem var einn af þeim þáttum sem gripið var til til að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna. Ég vil alls ekki gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem þarna er við að fást, og geri ráð fyrir að þrátt fyrir þá breytingu og þá hreyfingu í gengi, sem orðið hefur, sé staða ýmissa útflutningsiðnaðarfyrirtækja erfið eftir sem áður. Ég vil þó að fram komi að ég tel að það sé engan veginn einhlít ráðstöfun í sambandi við slíka erfiðleika að hreyfa gengið, þótt oft sé það óhjákvæmileg ráðstöfun. Aðhald á því sviði er nauðsynlegt m. a. til að þrýsta á um breytingar innan fyrirtækjanna, — breytingar sem lúta að sparnaði og hagræðingu þannig að mæta megi kostnaðarauka að hluta eftir þeirri leið, — og einmitt núv. ríkisstj. og iðnrn. hefur viljað rétta iðnaðinum hjálparhönd að þessu leyti. Ákvarðanir um ráðstöfun aðlögunargjalds miðast m. a. við að ná árangri eftir þessari leið, þ. e. með hagræðingu, en það liggur alveg ljóst fyrir að slík aðstoð kemur ekki fram með sama hætti og ef um er að ræða beinar greiðslur til fyrirtækjanna, hvort sem það er af einhverjum mörkuðum tekjustofni eða með öðrum hætti. Það eru hins vegar varanlegri áhrif og vænlegri, horft til lengri tíma, sem þannig nást fram.

Fyrir utan þær breytingar eða hreyfingu á gengi krónunnar, sem orðið hefur að undanförnu, var í marsmánuði, að mig minnir, gripið til sérstakra ráðstafana til að aðstoða ullariðnaðinn, sem er ein þýðingarmesta grein útflutningsiðnaðar okkar, með því að greiða niður eða

auka niðurgreiðslu á þýðingarmestu aðföngum hans, þ. e. ullinni. Þar er um að ræða mál sem er til áframhaldandi meðferðar vegna þess að nauðsynlegt er að mati iðnrn. og ég held stjórnvalda almennt að reynt verði að tryggja okkar útflutningsiðnaði meiri stöðugleika í hráefnisverði en hann hefur búið við og reynt verði að tryggja að ekki komi þar til stórar og óvæntar sveiflur. En þegar um er að ræða hráefni frá landbúnaði er það hin svokallaða Sexmannanefnd sem stendur að verðlagningu. Það er afar brýnt að samkomulag náist um það eða settar verði um það reglur að þar verði ekki teknar ákvarðanir sem hitta illa okkar þýðingarmiklu atvinnugreinar, eins og útflutningsiðnaðinn, heldur reynt að stilla verðbreytingum, sem tryggi hag bænda, af með öðrum hætti. Ég held að á því sé vaxandi skilningur að slíkt má ekki gerast, eins og t. d. varð á s. l. hausti þegar verð á gærum hækkaði yfir 100% einn góðan veðurdag og skinnaiðnaður landsmanna stóð frammi fyrir slíkri verðhækkun skyndilega. Hér er sem sagt um að ræða heimavandamál, ef svo má segja, sem bregðast þarf við, og haga þarf ákvörðunum hér með öðrum hætti en stundum hefur verið gert. En það á ekki að gerast á kostnað bænda og þarf ekki að gerast á kostnað bænda. Þetta er spurningin um á hvaða afurðir leggist sú hækkun sem þarf að koma til að tryggja bændum þær tekjur sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt.

Varðandi ullariðnaðinn sem útflutningsgrein og stöðu hans tel ég ástæðu til að nefna að það er ekki aðeins eitt atriði sem líta þarf á í því sambandi. Þar er um nokkuð fjölþætta hagsmuni að ræða, sem togast eðlilega á, en þarf að stilla saman. Þar á ég við ýmsa aðila í greininni, frá spunaverksmiðjum til prjónaverksmiðja og saumastofa. Þessir aðilar koma oft og tíðum fram út á við sem um einn hóp og samstilltan væri að ræða. En þegar nánar er á málið litið er nauðsynlegt að greint sé þarna á milli og þessir aðilar raunverulega geri kostnaðardæmin skýrar upp innbyrðis en gert hefur verið áður en leitað er á náðir hins opinbera um fyrirgreiðslu. Ég get nefnt sem dæmi að alveg nýlega barst iðnrn. ósk frá sambandi ullariðnaðarins á Norðurlandi, ég man nú ekki eftir hinu formlega heiti þessara samtaka, en það kom þaðan ósk um að stjórnvöld aðstoðuðu þessa aðila við að greina vandann og að koma á viðunandi skiptingu. Það hefur verið hlutast til um að þeir fái aðstoð við að greina vandann, en ég held að þeir verði sjálfir að takast nokkuð á um skiptinguna innbyrðis og það verði ekki stjórnvalda að höggva á það. Ástæður fyrir þessari ósk munu m. a. vera þær, að sú aukna niðurgreiðsla á ull, sem stjórnvöld ákváðu í mars s. l., hefur ekki af öllum þótt ná á endastöð til saumastofa, sem telja sig raunar verst haldnar í þessari grein af þeim aðilum sem þar starfa.

Þetta vildi ég nefna hér til að skýra fyrir mönnum að ekki er um einfalt dæmi að ræða og það er ekki réttmætt að segja að greinin sem heild standi á núlli eða á núllgrundvelli, eins og það er stundum orðað, nákvæmlega á sama hátt og hjá sjávarútvegsaðilum. Þó að verið sé að reikna út meðaltöl, og ekki er óeðlilegt að það sé gert í sambandi við grófar viðmiðanir, er rétt að minnast þess, að þarna stendur mjög misjafnlega á fyrir aðilum og þarf að gæta þess við úrlausn mála.

Ég vil vegna fsp., sem sneri að útflutningsiðnaði okkar sérstaklega, nefna það, að eftir að heimamarkaðsiðnaður okkar er kominn í fulla samkeppni þarf auðvitað ekki síður að hugsa til hans. Það er m. a. ein ástæðan fyrir breytingum á lögum um Iðnrekstrarsjóð, sem hér er lagt til að gera, að stuðningur Iðnrekstrarsjóðs nái einnig til heimamarkaðsgreina til að reyna að tryggja að þær standist aukna samkeppni. Þar er ferskast dæma hinn mjög svo aukni innflutningur á sælgæti og kexi og slíkum varningi til landsins sem innlendir framleiðendur hafa borið sig upp undan sem eðlilegt er, en er afleiðing af ákvörðunum um frjálsan innflutning samkv. samningsbundnum ákvæðum til landsins, en ákvarðanir þar að lútandi voru teknar um síðustu áramót. Iðnrn. hefur hlutast til um það og það verið samþykkt af ríkisstj. að setja sérstaka athugun í gang á þeim leiðum sem eðlilegar og færar eru til að koma vörnum við innan ramma þeirra samninga sem við höfum gert í sambandi við fríverslun. Það mál er nú til sérstakrar athugunar.

Ég tek svo undir orð hv. síðasta ræðumanns um þörfina á breyttum vinnubrögðum í sambandi við margt sem lýtur að okkar atvinnulífi og stuðningi við nýja vaxtabrodda.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er seinna fram komið hér á þinginu en ég hefði kosið, því að ég hef mikinn áhuga á að það nái fram að ganga. En við, sem að undirbúningi þess stóðum, vildum ekki rasa um ráð fram eða fara að flytja málið inn í þingið án þess að væri vandað til undirbúnings eins og við töldum réttmætt vera. Þetta frv. og þau lög, sem væntanlega spretta af því, ættu að geta orðið ein greinin á þeim meiði sem þarf að stækka og dafna í framtíðinni í sambandi við nýjar greinar í atvinnulífi okkar. Og ég vænti þess, eins og ég gat um í framsögu minni, að hv. þdm. geti tryggt þessu máli framgang hér þó skammur tími sé til stefnu, en vissulega reynir mest á hv. iðnn. og forustu hennar hvort svo verður í reynd.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil taka undir þær þakkir sem hér hafa komið fram til iðnrh. fyrir þetta frv., sem flutt er í samræmi við þá stefnu sem ríkisstj. markaði í stjórnarsamningnum. Samkv. frv. er gert ráð fyrir að verja nokkru fjármagni til stuðnings við iðnaðaruppbyggingu og hagræðingu í iðnaði. Ég held þó, og tala þá af þeirri reynslu sem ég hef af því að reyna að vinna að iðnaðaruppbyggingu, að það sé ekki síður mikilvægt að þarna verði komið á fót bakhjarli til halds og trausts fyrir þá sem að slíkum málum vinna. Það hygg ég að geti orðið kannske meira virði en beinar fjárhagslegar fyrirgreiðslur, þó að þær skipti vitanlega miklu líka.

En það var vegna þeirra orða, sem hæstv. ráðh. hafði í sambandi við verðlagningu á ull, sem mig langaði til að koma fram með örlitla skýringu til þess að ekki yrði misskilningur úr því.

Eins og við vitum, og það kom fram hjá ráðh., er það Sexmannanefnd sem vinnur að verðlagningu ullar, en hún er skipuð að jöfnu fulltrúum framleiðenda og neytenda. Það eru þess vegna sjónarmið beggja sem þar koma fram. Þar sem það eru heildarverðmæti afurðanna sem skipta máli eða eru lögð til grundvallar við verðlagninguna hlýtur minni verðhækkun á einni afurðinni að þýða meiri á annarri. Ef ullin hækkar minna hækkar kjöt meira. Það er vitanlega sjónarmið neytenda að verði sem minnstar hækkanir á kjöti. En bændum er ljóst hvers virði ullariðnaðurinn er fyrir þjóðina í heild og ekki síður strjálbýlið, þar sem þetta er sá framleiðsluiðnaður sem er dreifðastur um landið og hefur þegar mikla þýðingu fyrir sveitirnar. Þess vegna vil ég taka með hæstv. ráðh. undir nauðsyn þess að

þarna verði komið í veg fyrir óeðlilegar sveiflur, sem yrði vitanlega til hagsbóta fyrir alla aðila.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 7, n. 431 og 432). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er er hér um að ræða staðfestingu á brbl. sem setja varð í sambandi við þingrof, þannig að söluskattur félli ekki niður við þingrofið. N. hefur athugað þetta frv. og meiri hl. hennar, Ólafur Ragnar Grímsson, Kjartan Jóhannsson og Guðmundur Bjarnason, var sammála um að leggja til að það yrði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Við minnihlutamenn, ég og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, skilum minnihlutaáliti á þskj. 432 og leggjum til að frv. verði fellt.

Hér er um að ræða frv. sem upphaflega er þannig til komið að vinstri stjórn hækkaði söluskatt og vörugjald í fyrrahaust, söluskatt um 2% og vörugjald um nálægt 6%. Á þessu ári greiða íslenskir skattgreiðendur 18 milljarða kr. vegna þessara nýju skatta, en í fyrra voru þessar álögur 2.7 milljarðar vegna þess hvað þessi gjöld komust seint á — guði sé lof — á því ári. Við minnihlutamenn lítum á þetta mál sem einn hluta þeirra gífurlegu skattahækkana sem nú dynja yfir þjóðina og erum því mótfallnir og leggjum til að frv. verði fellt.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er aðeins til að koma í þingtíðindin réttri sögu málsins.

Þegar þing var rofið í haust féllu lögin um hækkaðan söluskatt úr gildi. Þá tók við völdum minnihlutastjórn Alþfl. studd af Sjálfstfl. Hún gaf þau lög út á nýjan leik. Þess vegna vildi ég koma því að hér, að ég lít svo á að þessar skattálögur séu alveg greinilega að talsverðu leyti á ábyrgð Sjálfstfl. — Ég vildi koma því í þingtíðindin.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil gjarnan tala bæði við hæstv. viðskrh. og fyrir þingtíðindin.

Ég vil vekja athygli hv. d. á því, að Sjálfstfl. veitti ríkisstj. Alþfl. hlutleysi, en hann verður ekki á einn eða annan hátt sakaður um þessa skattlagningu. Ákvörðun um þessa skattlagningu var tekin þegar hæstv. núv. viðskrh. var fjmrh. og hann mun hafa átt einna drýgstan þátt í því að koma henni á. Þannig er sagan og uppruni þessa máls.

Ég vil ítreka að hér er um hluta af þeirri gífurlegu skattahækkun að ræða, sem nú dynur yfir allan almenning í landinu, og við sjálfstæðismenn verðum ekki með einum eða öðrum hætti sakaðir um þá skattlagningu. Að vísu má kannske segja að einhver hluti Sjálfstfl. styðji þetta skattahækkunarfár á síðustu og verstu tímum, en Sjálfstfl. sem slíkur er í stjórnarandstöðu. Hann er andstæður þessari stjórn þó að nokkrir sjálfstæðismenn styðji hana.

Frsm. meiri hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara mjög mörgum orðum um þetta mál eða rekja aðdraganda þess mjög ítarlega, en það er rétt sem kom fram hjá hæstv. viðskrh. um hvernig þetta mál hefði komið undir í hans tíð sem fjmrh. Hitt var auðvitað ljóst, að þegar ríkisstj. Alþfl. tæki við, og það var Sjálfstfl. vel ljóst, mundi reynast nauðsynlegt að framlengja þessi lög með þeim hætti sem gert var með brbl. Það var reyndar tiltekið sérstaklega af hálfu Sjálfstfl. að hann teldi reyndar ekki ástæðu til meiri háttar stefnubreytingar meðan ríkisstj. Alþfl. sat við völd. Það hefði náttúrlega verið stefnubreyting að fella þennan skatt niður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
2. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 9:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Efri deild, 78. fundur.

Miðvikudaginn 7. maí, kl. 6. síðdegis.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 142). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 169). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 446).

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 311). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 447).

Söluskattur, frv. (þskj. 7). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 448).

Neðri deild, 71. fundur.

Miðvikudaginn 7. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. maí 1980.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sigurlaug Bjarnadóttir menntaskólakennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Matthías Bjarnason,
1. þm. Vestf."

Sigurlaug Bjarnadóttir hefur áður átt sæti á þessu þingi og býð ég þm. velkominn til starfa.

Öryggi á vinnustöðum, frv, (þskj. 426 (sbr. 18)). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Núgildandi lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum eru frá 1952. Þau mörkuðu tímamót á sinni tíð og voru í þeim lögum fólgnar margvíslegar endurbætur og nýmæli. Síðan hefur þeim lögum verið breytt oftar en einu sinni. En á þeim nær 30 árum, sem liðin eru síðan, hafa miklar breytingar orðið í atvinnulífi þjóðarinnar og margvíslegar nýjar kröfur komið upp um öryggisráðstafanir, hollustuhætti og hvers konar aðbúnað á vinnustöðum. Það var því orðin brýn nauðsyn að endurskoða þessi lög og semja nýja löggjöf.

Í kjarasamningunum vorið 1977 lögðu verkalýðssamtökin mikla áherslu á að nú yrði tekið til við þetta verkefni. Varð það að samkomulagi milli þeirra og þáv. ríkisstj. að gengið skyldi í málið, sumpart með ítarlegri könnun á ástandi þessara mála og sumpart með nefndarskipun til að undirbúa frv. til nýrra laga. Í framhaldi af þessu samkomulagi skipaði þáv. félmrh. hinn 14. sept. 1977 níu manna nefnd til að semja frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þrír voru skipaðir samkv. tilnefningu verkalýðssamtakanna, tveir eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn eftir tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Af hálfu félmrh. voru auk þess skipaðir þrír menn: Það var öryggismálastjóri, Friðgeir Grímsson, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Hrafn Friðriksson og ráðuneytisstjóri félmrn., Hallgrímur Dalberg, sem var formaður nefndarinnar. Nefndin réð sér starfsmann, Örn Bjarnason skólayfirlækni. Þessi nefnd vann mjög vel og dyggilega að þessu máli og er það frv., sem hér liggur fyrir, ávöxtur af starfi hennar fyrst og fremst.

Hæstv. fyrrv. félmrh., Magnús H. Magnússon, lagði þetta frv. fyrir hv. Ed. Alþ. snemma á þessu þingi. Félmn. hv. Ed. hefur fjallað um málið ítarlega og gerði á því, bæði n. í heild og einstakir nm., ýmsar brtt. sem samþ. voru.

Á því er enginn vafi að þetta frv. felur í sér margvísleg og merkileg nýmæli til að auka öryggi og bæta hollustuhætti á vinnustöðum. Það er eindregin tillaga ríkisstj. að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er stórt mál og viðamikið og þarf að fá miklu nákvæmari yfirvegun en ég tel að það hafi fengið enn sem komið er.

Mikil umræða hefur farið fram að undanförnu um að eitt brýnasta mál þessarar þjóðar sé að draga úr yfirbyggingunni og að Alþ. verði að taka til höndum og skera niður rekstrargjöld ríkisins þar sem framkvæmdamáttur þess fjár, sem til framkvæmda fer, minnki hlutfallslega með hverju árinu sem líður, þó þessi staðreynd sé á margan hátt skýranleg afleiðing af því að þegar við erum að byggja skóla, heilsugæslustöð eða t. d. sjúkrahús kostar ekki lítið að reka slíkar stofnanir. Að því leyti er eðlilegt að rekstrargjöld hins opinbera hækki. En ekki þýðir að loka augunum fyrir því að við þurfum mjög að andæfa gegn Parkinsonslögmálinu, ef þessi þróun — aukinn rekstrarkostnaður fram yfir þau eðlilegu mörk sem að framan greinir — á ekki að leiða til þess að alltaf minnki það fjármagn hlutfallslega sem til framkvæmda fer. Að vísu gerir frv., sem hér er til umr., ráð fyrir að sá kostnaður, sem það hefur í för með sér, verði greiddur að verulegu leyti beint af atvinnurekstrinum. Það breytir ekki því, að hér er um auknar álögur að ræða sem ég hef ekki heyrt um að nokkur hafi gert sér grein fyrir hvað miklar verða miðað við óbreytt frv.

Ég vil síst af öllu draga úr nauðsyn þess að bættur verði aðbúnaður á vinnustöðum, eftir því sem tök eru á, og aukið verði öryggi í hvívetna og komið verði í veg fyrir að vinnan eða vinnustaðurinn hafi heilsuspillandi áhrif á þá sem þar vinna. En á hitt vil ég leggja áherslu, að Alþ. setji ekki lög sem eru þannig, að kostnaðurinn við eftirlitið verði miklu meiri en þörf er á, og að ýmis lagafyrirmæli séu þannig, að enginn möguleiki sé að fara eftir þeim. Því miður get ég ekki betur séð en þetta frv. sé dæmigert um hvort tveggja ef ekki verða gerðar á því verulegar breytingar, og mun ég koma að því betur síðar.

Eins og þetta frv. er úr garði gert á að setja upp hér í Reykjavík mikla valdastofnun sem á að hafa á hendi framkvæmd laganna. Hér er um að ræða aukna miðstýringu, gagnstætt þeirri stefnu, sem landshlutasamtök sveitarfélaga hafa barist fyrir, að færa alla þá starfsemi, sem hægt er með góðu móti, til landshlutanna. Og ef slíkt eftirlit sem hér um ræðir er ekki tilvalið og sjálfsögð þjónusta til að setja á stofn úti í kjördæmunum, þá get ég

ekki séð annað en Alþ. sé farið að slá því föstu að horfið sé frá slíkri stefnu þrátt fyrir þáltill., sem Alþ. hefur samþ. á undanförnum árum, og loforð ýmissa stjórnmálamanna, a. m. k. fyrir kosningar, um að vinna að því eftir megni að færa stofnanir frá Reykjavík til landsfjórðunganna eftir því sem við verður komið.

Í aths. með frv. kemur fram að í tengslum við kjarasamninga vorið 1977 hafi aðilar vinnumarkaðarins lagt fram sameiginlegar tillögur um aðgerðir í vinnuverndarmálum sem samþ. voru af þeim og ríkisstj. í aprílmánuði 1977. Það er orðin árviss uppákoma í tengslum við kjarasamninga að um er samið að setja nýja löggjöf um hitt og þetta. Síðan er sett eða skipuð nefnd til að semja frv. samkv. samkomulaginu, en þegar frv. eða frumvörpin líta dagsins ljós er í þeim, æðioft a. m. k., ýmislegt fleira en um var samið. Síðan eru frumvarpahöfundarnir kallaðir fyrir þingnefndir til upplýsinga og skýringa, en ekki er óalgengt að höfundarnir leggi á það þunga áherslu að engu megi breyta, eins og verk þeirra séu það fullkomin að engin leið sé um að bæta. Þau eru það efalaust í þeirra augum. Hins vegar hlýtur það að vera áleitin spurning fyrir okkur, sem erum kjörnir til að sitja á hinu háa Alþingi, hvort það séum við, sem eigum að segja til um hvað eigi að lögfesta og hvað ekki, eða hvort það eru embættismenn eða einhverjir aðrir úti í bæ. Ég hef a. m. k. mína skoðun á því máli og ég vona að flestir hv. alþm. hafi það, þó hinu sé ekki að leyna, að maður hafi stundum ástæðu til þess að efast um að svo sé.

Það frv., sem hér er til umr., snertir ekki lítið landbúnaðinn, þótt vinnubrögð við undirbúning á frv. væru á þann veg að engin landbúnaðarmaður var tilnefndur í nefndina og engin tilkvaddur við undirbúning þess, að öðru leyti en því að einn starfsmaður Búnaðarfélags Íslands mætti á tveimur fundum hjá nefndinni. Slík vinnubrögð eru einsdæmi. Þegar um er að ræða lagasetningu sem snertir landbúnaðinn er það viðtekin regla að öll slík mál fara fyrir Búnaðarþing og enn fremur til umfjöllunar hjá Stéttarsambandi bænda. En nú þarf ekkert slíkt að gera. Það ætti a. m. k. að vera umhugsunarefni hvað valdi þessum nýjum vinnubrögðum. Hér er um ný vinnubrögð að ræða, enda ber þetta frv. þess glöggt merki. Á það skal bent að þegar samkomulagið var gert um þessa lagasetningu var ekkert um það samið að málefni landbúnaðarins yrðu tekin inn í væntanlega löggjöf.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason, sem var í þeirri nefnd sem var við að semja þetta frv., sagði við 2. umr. þessa máls í Ed., með leyfi forseta: „Vinnueftirlit ríkisins verði ekki sett í fjárhagslegt svelti og þessi lög um leið gerð að markleysu, en vissulega er hætta á því ef stofnunin fær ekki nægа tekjustofna. Ég tel að með samþykkt þessa frv. sé verið að taka þátt í byltingu á sviði þessara mála og þess þurfi að gæta að í næstu fjárlögum verði séð fyrir fjármagni er nægi til þess að sinna þeim verkefnum sem um er að ræða.“

Þessi tilvitnuðu ummæli urðu til þess að ég fór að hugleiða hvernig hefði til tekist um framkvæmd hliðstæðra laga sem sett hafa verið á síðustu árum. Af því má draga ýmsa lærdóma um hvers við getum vænst af þeirri löggjöf sem hér er til umr., ef grunnur að henni er ekki þannig gerður að á honum sé í raun og veru byggjandi.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason gerði einnig að umræðuefni Heilbrigðiseftirlit ríkisins og sagði m. a., með leyfi forseta:

„Þegar nefndarstörfum var að ljúka í þeirri nefnd sem undirbjó frv. kom fram sérálit frá fulltrúa Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Voru allir aðrir nm. á því að það bæri ekki að taka tillit til þeirra ábendinga, sem þar eru settar fram, vegna þess að eins og Heilbrigðiseftirlitið er uppbyggt er það steindautt í eftirliti vinnustaða. Heilbrigðisnefndir víða um land hafa ekki gegnt því hlutverki að vera eftirlitsaðili hvað varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Taldi nefndin því eðlilegt að ganga fram hjá þeim.“

Þessi tilvitnuðu ummæli eru hörð og ég dreg mjög í efa að þau séu makleg. Ég vil spyrja hæstv. forsrh., sem talaði fyrir þessu frv.: Hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins fengið þá fjárveitingu til starfsemi sinnar sem gerir því kleift að starfa á eðlilegan hátt og framkvæma þau eftirlitsstörf sem því ber að gegna lögum samkvæmt? Það er ekki nóg að samþykkja lög á hinu háa Alþingi ef fjárveitingavaldið sker svo við nögl fjárframlög að engin leið er að framfylgja þeim. Ég fullyrði að Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur ekki fengið það fjármagn sem hefði þurft til að framkvæma lögin og hefur mikið á það skort, enda er verksvið Heilbrigðiseftirlitsins yfirgripsmikið. Kemur það fram í 10. gr. laganna sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefndar; 2. hreinlæti og þrifnað utan húss, svo sem á torgum, götum eða öðrum alfaraleiðum, opnum eða umgirtum svæðum í þéttbýli, fjörum, hafnarbökkum og bryggjum, görðum og lóðum kringum hús, hvort sem eru opinber eign eða einstakra manna; 3. vatnsveitur, vatnsból, salerni og frárennsli; 4. hirðingu á sorpi og hvers kyns öðrum úrgangi; 5. meindýr hvers konar, svo og ónytjadýr í óskilum; 6. íbúðarhúsnæði; 7. vinnustöðvar úti og inni, svo sem verksmiðjur hvers konar, verkstæði eða vinnustofur fyrir iðnað, sláturhús, frystihús, útgerðar- og fiskverkunarstöðvar, matvælagerðar(vinnslu)-stöðvar, verslanir hvers konar, útisölu. vörugeymslur, verbúðir og verkamannaskýli, afgreiðslustöðvar flutninga- og farartækja, þvottahús, skrifstofur, bókasöfn og annað tilsvarandi; 8. gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði; 9. skóla og aðra kennslustaði; 10. rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar aðrar snyrtistofur; 11. barnaheimili, þ. á m. sumardvalarheimili, upptökuheimili, svo og leikvelli; 12. heilbrigðisstofnanir samkv. sjúkrahúsalögum, heilsuverndarstöðvar, fávitahæli og tilsvarandi, lyfjabúðir og lækningastofur; 13. íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, almenn baðhús, gufubaðstofur, almenna baðstaði og því um líkt; 14. fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna; 15. kirkjur og hvers konar samkomuhús; 16. kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka; 17. báta og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. s. frv.; 19. gripahús, svo og meðferð og gæslu húsdýra, þ. á m. hunda; 18. eftirlit með matvælum og öðrum neysluog nauðsynjavörum, svo og um húsakynni og tæki til matvælaframleiðslu, matvælaiðnaðar, matvælageymslu og matvæladreifingar, sbr. og 7. lið; 20. þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum. Enn fremur er heimilt að setja ákvæði um: 21. hávaða, hvort heldur af starfrækslu hvers konar eða umferð á landi eða í lofti; 22. loftmengun; 23. Heilbrigðisreglugerð skal ljúka með því að kveða á um heimild til að veita undanþágur frá reglugerðinni og hvaða takmörkunum slík heimild skuli háð.“

Á þessu sést hvað starfsemi Heilbrigðiseftirlits ríkisins er í raun og veru. Þessi lög voru sett 1969. Í þessari grein kemur fram hverju Heilbrigðiseftirlitinu er ætlað að fylgjast með og framkvæma. Eftir 10 ára starfsemi hafa lögin ekki komist í framkvæmd, fyrst og fremst fyrir fjársvelti.

Það, sem hljóp fyrir brjóstið á hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, var það sérálit sem Hrafn V. Friðriksson lagði fram í nefndinni, en hann var einn þeirra sem unnu að frumvarpsgerðinni. Það skiptir auðvitað engu máli í þessu sambandi *starfsemi Heilbrigðiseftirlits ríkisins*. Sérálit Hrafns hefur fullt gildi hvað sem menn vilja um þá starfsemi segja, og engin frambærileg rök hafa komið fram sem hnekkja því sem kemur fram í þessu séráliti, enda er það athyglisvert og ætti að vera hv. alþm. umhugsunarefni hvað hann segir. Hann segir, með leyfi forseta:

„Frv. þetta um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hefur verið samið án þess að niðurstöður könnunar þeirrar á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, sem Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins var falið að framkvæma, liggi fyrir.

Samkv. skipunarbréfi nefndarinnar frá 14. des. 1977 skal hún hafa hliðsjón af niðurstöðum nefndrar könnunar við undirbúning lagasetningar um það mál, sem hér er um fjallað. Slík könnun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum þykir sjálfsagður undanfari lagasetningar um þau mál sem hér um ræðir og fór fram í þessum tilgangi í Noregi, Danmörku og Svíþjóð á sínum tíma.

Við gerð frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum á Íslandi verður að telja meiri nauðsyn á slíkri könnun heldur en í nágrannalöndum okkar, sem *hafa haft vinnustaðarannsóknir af ýmsu tagi í gangi í* mörg ár og þekkja betur til aðstæðna en við Íslendingar, sem erum byrjendur á þessu sviði.

Við skipulag vinnustaðaeftirlits, t. d. í nágrannalöndum okkar, hefur verið tekið tillit til annarra laga og reglna, sem um svipað efni fjalla, allt eftir því fyrirkomulagi sem til staðar hefur verið í þessum löndum hverju sinni.

Þannig er eftirlit með smærri vinnustöðum (undir 10 starfsmenn) í Svíþjóð í höndum eftirlitsmanns viðkomandi sveitarfélags, og heilbrigðisnefndir í Finnlandi fara með eftirlit með smærri vinnustöðum þar í landi. Hins vegar hefur eftirlit af hálfu sveitarfélaga með vinnustöðum verið lagt niður í Danmörku og Noregi. Þó eru í Noregi vinnuverndanefndir á vegum sveitarfélaga.

Miðað við gildandi ákvæði laga, t. d. um heilbrigðiseftirlit, í þessum löndum er ofangreint fyrirkomulag eðlilegt.

Það er aftur á móti í hæsta máta óeðlilegt að við gerð frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum fyrir Ísland skuli ekkert tillit hafa verið tekið til ákvæða í gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969, reglugerða settra samkv. þeim lögum eða annarra laga eða reglna, sem heilbrigðisnefndum og/eða Heilbrigðiseftirliti ríkisins ber að sjá um framkvæmd á og varða skipulag almenns eftirlits með aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum af hálfu heilbrigðisnefnda.

Þetta er því athyglisverðara þegar haft er í huga að auk þess sem heilbrigðisnefndum ber að fylgjast með allri starfsemi innan síns umdæmis, þar með að vinnustaðaeftirliti sé framfylgt af þar til skyldum eftirlitsstofnunum, hafa heilbrigðisnefndir beint eftirlit með aðbúnaði og hollustuháttum meira en 70% starfandi manna hér í landi.

Hefur af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins og heilbrigðisnefnda stöðugt verið unnið að eflingu og frekari uppbyggingu eftirlits með aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Ætti öllum, sem til þekkja, að vera ljóst, að miðað við þau lög og reglur sem nú eru í gildi á Íslandi og varða aðbúnaðar- og hollustumálefni, *og þá þróun og uppbyggingu, sem átt hefur sér stað* hvað þessi mál varðar hér á landi, þá er eðlilegast að yfirumsjón og eftirlit með aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum alls konar verði alfarið í höndum heilbrigðisnefnda og Heilbrigðiseftirlits ríkisins undir yfirstjórn heilbmrh. og undir faglegu eftirliti landlæknis.

Slíkt fyrirkomulag mundi að mestu koma í veg fyrir tvíverknað, auk þess sem gera verður ráð fyrir minni rekstrar- og stofnkostnaði.

Þá verður að telja óeðlilegt að hagsmunaaðilum er falin umsjón með opinberu eftirliti og er þá átt við tillögur frv. um stjórn eftirlitsstofnunar.

Þá er lagst gegn þeirri megnu miðstýringu með eftirliti á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, sem í frv. felst."

Árið 1969 var lögfest einnig frv. um brunavarnir og brunamál. Það er líka lærdómsríkt að leiða hugann að því, hvernig hefur gengið að framkvæma þau lög. Hins vegar má enginn skilja orð mín á þann veg, að ég telji að bæði Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins hafi ekki margt gott látið af sér leiða, en það haggar ekki hinu, að það er ekki nóg að samþykkja lög ef ekki er hægt að framkvæma lögin vegna þess að löggjafinn *leggur ekki fram það fjármagn sem* til þess þarf.

Brunamálastofnunin hefur starfað einnig í 10 ár. Að hvað miklu leyti hafa lögin frá 1969 um brunavarnir og brunamál í raun komið til framkvæmda með hliðsjón af umfangi þeirra verkefna sem stofnunin skal sinna samkv. lögunum? Hverjar voru tekjur stofnunarinnar á síðasta ári og hverjir eru tekjustofnar Brunamálastofnunar ríkisins? Það væri gaman að það væri upplýst hér á hinu háa Alþingi. Hvaða aðstöðu og mannafla hefur brunamálastjóri sér til aðstoðar í stofnuninni til að framfylgja verkefnum Brunamálastofnunarinnar? Hann hefur þrennt. Þau eru sem sagt fjögur sem vinna í stofnuninni og hefur verið neitað um aukið starfslið þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um að fá aukið starfslið. Hafa hv. alþm. leitt hugann að því, hversu víðtæk og umfangsmikil eru verkefni og starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins ef sinnt væri til fullnustu og í samræmi við gildandi lög um brunavarnir og brunamál frá 1969 reglugerð um brunavarnir og brunamál frá 1978 og ákvæði um brunamál í byggingarreglugerð frá 1979? Hafa hv. alþm. leitt hugann að því, hver eru verkefni Brunamálastofnunar ríkisins?

1) Rannsóknir og öflun þekkingar um brunavarnir og brunamál, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

2) Dreifing upplýsinga, og tæknilegra gagna um brunavarnir og brunamál, samskipti og aðstoð við yfirvöld byggingarmála og brunamála í sveitarfélögum, námskeiðahald og æfingar slökkviliða og námskeið fyrir byggingarfulltrúa og iðnmeistara.

3) Rannsóknir á eldsvoðum, skýrslugerð til almennrar birtingar um orsakir eldsvoða, aðstoð við lögregluyfirvöld vegna brunarannsókna o. fl.

4) Ráðgjöf til hönnuða og arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga á frumstigi hönnunar, sömuleiðis við skipulagshönnuði og skipulagsyfirvöld.

5) Að yfirfara og samþykkja teikningar og brunatæknilega hönnun við byggingar frá byggingaryfirvöldum og hönnuðum, aðstoða byggingareftirlit sveitarfélaga.

6) Umsjón með olíu- og bensínbirgðastöðvum hvað varðar skipulag og staðsetningu, byggingu, frágang og sömuleiðis yfirumsjón með eftirliti á vegum sveitarfélaga.

7) Yfirumsjón með eftirliti á framleiðslufyrirtækjum, skemmtistöðum, hótelum, kirkjum, stórverslunum, vöruhúsum, flugvöllum og öðrum húsum og mannvirkjum þar sem áhætta er stór vegna manntjóns og eignatjóns í hugsanlegum eldsvoða.

8) Yfirumsjón og beint aðhald að brunavarnaeftirliti í byggingum, þjálfun starfsfólks og kynningarstarfsemi um brunavarnir í skólum, sjúkrahúsum, elliheimilum, heilsugæslustöðvum og barnaheimilum.

9) Opinbert eftirlit með framleiðslu og innflutningi með tilliti til eldvarna á verksmiðjuframleiddum húsum, byggingarhlutum, byggingarefnum og ýmsum útbúnaði til eldvarna og slökkvistarfa, sem stofnunin skal yfirfara, skrásetja og samþykkja hverju sinni.

10) Samskipti við almenning í landinu og félög áhugamanna um brunamál, skólayfirvöld og stjórnendur fræðslumála. Einnig samskipti við fjölmiðla og ýmsar stofnanir og aðila sem starfa á ýmsan hátt að öryggismálum, svo sem við slysavarnir, almannavarnir, löggæslu og heilbrigðiseftirlit.

11) Gerð og útgáfa reglugerða og leiðbeininga um brunavarnir og brunamál og að sjá um að stöðugt sé unnið að þeim málum í fyllsta samræmi við nýjustu þróun og þekkingu í brunamálum.

Þetta er það sem stjórnvöld hafa ákveðið að Brunamálastofnunin eigi að inna af hendi, en svo er henni neitað um aukið starfslið. Það er ekki nóg að setja lög, það þarf meira til.

Eins og ég gat um áðan er ljóst að ef þetta frv. verður lögfest hefur það víðtæk áhrif á landbúnaðinn. Þar er um algjört nýmæli í löggjöf að ræða. Nú vil ég spyrja hv. alþm.: Getur það talist eðlilegt að löggjöf sem þessi hljóti afgreiðslu á hinu háa Alþingi án þess að fram fari af hendi Búnaðarþings og Stéttarsambands bænda umfjöllun um málið, eða eru hv. alþm. þeirrar skoðunar, að það þurfi að ræða um þetta mál við alla hagsmunaaðila nema bændur? Ég trúi því ekki að það sé komið svo, að bændur séu þannig algjörlega hundsaðir.

Í grg. með frv. er tekið fram að nefnd sú, sem frv. samdi, hafi fjallað mjög mikið um eftirlit í landbúnaði almennt. Mér er spurn: Hver eða hverjir af nm. höfðu þekkingu á því máli? Það væri gaman að fá svör við því. Auðvitað þarf ekki svar við því, frv. ber þess glöggt vitni. Hitt er annað mál, að ég mun síst draga úr því, að það sé mikil þörf á að hafa eftirlit með hinum ýmsu vélum og tækjum í landbúnaði og þá ekki síður að láta fara fram fræðslu um meðferð þeirra tækja. Það verður að gera með öðrum hætti en þetta frv. gerir ráð fyrir. Slík löggjöf verður ekki samin án staðgóðrar þekkingar á landbúnaðarstörfum og á þeim staðháttum sem bústörf eru unnin við.

Í 2. gr. frv., þar sem upp eru taldar undanþágur frá lögunum, er sagt í c-lið: „algeng heimilisstörf í einkaíbúðum". Mér er spurn: Við hvað er átt? Hver eru hin óvenjulegu heimilisstörf sem lögin eiga að ná til?

Í 2. og 4. gr. er kveðið á um að lögin eigi að ná til atvinnurekstrar, þar sem vinna einn til níu menn, og skuli atvinnurekandi eða verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði á vinnustað í nánu samstarfi við starfsmenn fyrirtækis eða trúnaðarmenn þeirra. Samkv. þessu taka ákvæði frv. til vinnu á öllum býlum í landinu. Jarðir í ábúð munu vera nú um tæp 5000. Þar af eru 600 býli með mjög litla framleiðslu. Tæplega verður þó hjá því komist að hafa eftirlit með þeim einnig. Ekkert trúnaðarmannakerfi er í landbúnaðinum og bændastéttin er ekki aðili að neinum samtökum vinnumarkaðarins. Fjöldi starfsmanna á hverjum vinnustað er víðast hvar aðeins 1—2 og er þar um að ræða bóndann og húsfreyjuna og þá aðra fjölskyldumeðlimi. Af þessari ástæðu væri eðlilegast að hafa í lögunum sérákvæði varðandi landbúnaðinn er væru sniðin að sérstöðu hans í þessum málum öllum.

Frv. í heild byggir á samráði og samvinnu aðila vinnumarkaðarins um framkvæmdina. Gert er ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins ákveði gjöld fyrir allt eftirlit og rekstur stofnunarinnar. Samtök bænda eru ekki í neinum tengslum við aðila vinnumarkaðarins og fráleitt að bændur geti sætt sig við að framkvæmd vinnueftirlitsins í landinu sé einhliða sett í hendur aðila sem lítið sem ekkert þekkja til landbúnaðarstarfa.

Í 49. gr. er fjallað um skráningu og eftirlit með hvers konar vélum, tækjum og búnaði, þar með talið búvélum. Hér er um brýnt og nauðsynlegt verkefni að ræða, en það þarf að leysa heima í héruðunum á eins hagkvæman og ódýran hátt og mögulegt er. Miklu varðar hvernig gjald fyrir þessa þjónustu er ákveðið. T. d. er fráleitt að bændur verði að greiða ferðakostnað eftirlitsmanna sem koma úr Reykjavík. Það mundi koma mjög þungt niður á bændum í strjálbyggðum og afskekktum sveitum. Hér þarf að ákveða fast gjald á hverja skoðaða vél, misjafnt eftir tegundum, án tillits til fjarlægðar viðkomandi býlis frá höfuðstöðvum Vinnueftirlits ríkisins.

Í IX. kafla er fjallað um hvíldartíma og frídaga. Í upphafi 52. gr. segir: „Vinnutíma skal hagað þannig, að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a. m. k. 10 klst. samfellda hvíld." Og í upphafi 55. gr. er ákvæði um að „á hverju sjö daga tímabili skulu starfsmenn fá a. m. k. einn vikulegan frídag, sem tengist beint samfelldum daglegum hvíldartíma." Þessi ákvæði geta illa átt við landbúnaðinn. Bændur verða að sinna búverkum hvern dag, björgun verðmæta, án tillits til hefðbundins vinnutíma, svo sem við heyskap, uppskeru garðávaxta, einnig um sauðburð, og sinna þarf einnig kúm við burð hvenær sem er á sólarhringnum. Í kaflanum er gert ráð fyrir frávikum frá þeim meginreglum sem að framan getur. Skulu aðilar vinnumarkaðarins gera með sér samkomulag í þeim efnum. Aðilar vinnumarkaðarins geta að sjálfsögðu ekki gert neitt samkomulag um þessi mál fyrir hönd landbúnaðarins.

Í X. kafla er fjallað um vinnu barna og unglinga. Þessi ákvæði varða landbúnaðinn miklu því mikill fjöldi unglinga vinnur við landbúnaðarstörf að sumrinu. Nauðsynlegt er að haft sé samráð við Stéttarsamband bænda um setningu og framkvæmd þeirra ákvæða sem um er rætt í 62. og 63. gr.

Í XI. kafla laganna, sem er um heilsuvernd, læknisskoðanir og aðrar rannsóknir, segir í 66. gr., að heilsuvernd starfsmanna skuli falin þeirri heilsugæslustöð eða

sjúkrahúsi sem næst liggur og/eða auðveldast er að ná til. Hvert fyrirtæki skal gera skriflegan samning við stjórn viðkomandi heilbrigðisstofnunar um fyrirkomulag og framkvæmd þeirrar þjónustu sem veita skal. Líta verður svo á, að eitt af skylduverkefnum heilsugæslustöðva sé þetta verkefni og um það eigi ekki að þurfa að semja neitt sérstaklega.

Ekki kemur fram í frv. hvort leggja á niður Rafmagnseftirlit ríkisins, sem nú annast t. d. eftirlit með öllum raflögnum og rafmagnsmótorum á sveitabýlum, sem bændur greiða fyrir. Tryggja þarf að ekki verði um tvöfalt eða margfalt eftirlit að ræða og þá margfaldan kostnað.

Ljóst er af frv. að Vinnueftirlit ríkisins verður mikil stofnun sem starfa mun í mörgum deildum og óhjákvæmilegt er að sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins starfi við stofnunina. Því er ekki að ástæðulausu að óttast er að Vinnueftirlitið muni á fáum árum vaxa í mikið bákn, mannfrekt, þungt í vöfum og kostnaðarsamt, ef fylgja á fram þeim ákvæðum sem felast í þessu frv., eða þá hitt, að lögin komist aldrei til framkvæmda.

Þrátt fyrir lagaákvæði hef ég ekki heyrt um að það séu neinar tölur til um hvað menn halda að þessi stofnun muni kosta þegar verður búið að setja hana á laggirnar. Þess vegna verður að leggja áherslu á að ákvæði laganna verði einföldu og þannig úr garði gerð, t. d. gagnvart landbúnaðinum og öðrum þeim sem eftir þeim eiga að starfa, að ekki verði að óþörfu íþyngt með skriffinnsku og vanhugsuðum ákvæðum um tilkynningarskyldu skv. 19., 95. og 96. gr. frv., og öðrum ákvæðum sem illframkvæmanleg munu reynast. Hvað landbúnaðinn varðar ber að hafa í huga að bændabýlin eru fáliðuð og ærinn starfi fyrir. Oft geta einangrun og erfiðar samgöngur útilokað að standa í daglegu sambandi við nálæga þéttbýlisstaði, hvað þá aðila hér á höfuðborgarsvæðinu. Því er æskilegast að um árlegt eftirlit verði að ræða hvað landbúnaðinn varðar, þegar löggjöf um það verður sett, enda ærinn starfi að heimsækja þá tæplega 5000 vinnustaði sem um er að ræða í strjálbýlinu.

95. gr. frv. er þannig, með leyfi forseta:

„Hver sá, sem hefur með höndum starfsemi, sem lög þessi gilda um, skal hafa sérstakt starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins til tryggingar því, að starfsemi fullnægi viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum snertir.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um veitingar starfsleyfa og um gildistíma þeirra."

Það er ekki óvíða í þessu frv. sagt að nánari reglur setji stjórn Vinnueftirlits ríkisins.

96. gr. er þannig: „Sérhver starfsemi, sem lög þessi ná til, skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins áður en hún hefst.

Óheimilt er að hefja rekstur í fyrirtæki eða hluta fyrirtækis fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um, að allur aðbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins að mati eftirlitsmanns."

Áður er búið að skilgreina að hvert bú í landinu er skoðað sem fyrirtæki. Ætli mörgum bóndanum þyki ekki þröngt fyrir sínum dyrum ef hann má engu breyta án leyfis þessarar nýju stofnunar. Og hafa menn hugleitt hvað þetta þýðir? Þau málefni, sem þetta frv. nær yfir, eru nú í höndum ýmissa stofnana og aðila.

Ég get ekki séð að höfundar þessa frv. hafi gert sér ljóst til hvers það mundi leiða ef þetta frv. verður að lögum í þeim búningi sem það er nú í. Það leysir engan vanda að setja á stofn nýtt bákn. Öll þessi mál útheimta sérþekkingu hvert á sínu sviði. Ég vil ekki fullyrða neitt um að það geti ekki verið til bóta að sameina stofnanir er starfa á líku eða sama sviði. Hitt hlýtur einnig að koma til álita, að taka upp meira samstarf á milli þeirra til að koma í veg fyrir tvíverknað sem leiðir af sér óþarfa kostnað.

Ekki er mér ljóst hver verður staða Heilbrigðiseftirlits ríkisins eða Brunamálastofnunar ríkisins eftir að lög þessi öðlast gildi. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh.: Hvernig verður háttað starfsemi þeirra stofnana ef þetta frv. verður lögfest eða um leið og það kemur til framkvæmda?

Af því, sem ég hef sagt um þetta mál, má ljóst vera að ég get með engu móti staðið að því að lögfesta frv. nema það, sem viðkemur landbúnaði, verði fellt út úr frv. og það liggi síðan ljóst fyrir hvernig starfsemi Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Brunamálastofnunar ríkisins verði háttað ef frv. verður lögfest.

Þegar ég var að fara hér upp í ræðustól barst mér í hendur bréf frá Félagi ísl. iðnrekenda. M. a. stendur í því bréfi þessi mgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Félag ísl. iðnrekenda telur ýmis atriði frv. orka mjög tvímælis, og má þar nefna að hinni nýju stofnun, Vinnueftirliti ríkisins, er falið óeðlilega mikið vald, þar með dómsvald í eigin ákvörðunum."

Ég held að menn eigi að athuga þetta mál ögn nánar.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með að frv. það, sem hér er til umræðu, skuli nú vera komið til afgreiðslu í þessari hv. d. eftir vandlega umfjöllun í hv. Ed. Aðdragandi frv. er langur, eins og fram kom hjá hæstv. forsrh., allar götur frá því í apríl 1977, en nefnd var skipuð til að vinna í málinu og undirbúa málið í september það sama ár.

Þegar stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við haustið 1978 var lögð áhersla á að flýta undirbúningi málsins. Frv. var fullbúið í apríl 1979 og lagt fyrir Alþ. í maímánuði það sama ár, þannig að nú hefur það verið á borðum alþm. í heilt ár og þess vegna er ekki hægt að segja að menn hafi ekki haft tækifæri til að skoða það. Þeir, sem bera landbúnaðinn sérstaklega fyrir brjósti, hefðu auðvitað átt að ræða það við landbúnaðarmenn eða menn frá þeirri starfsstétt ef þeim fannst alveg sérstaklega mikil ástæða til þess umfram það sem nefndin hafði samþykkt.

Vegna þess, hvað langt var liðið á starfstíma Alþingis þegar frv. var fyrst lagt fram og frv. er margbrotið, var ekki gert ráð fyrir afgreiðslu þess vorið 1979, heldur var það lagt fram til kynningar. Strax og Alþingi kom saman að loknum kosningum í des. s. l. var frv. aftur lagt fyrir hið háa Alþingi með rökstuddri von um afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Ég mun ekki fara mörgum orðum um frv. nú, enda hefur það verið gert áður, t. d. í framsöguræðu minni með því vorið 1979 og að hluta aftur við síðari framlagningu þess í des. s. l. og svo auðvitað í ræðu hæstv. forsrh. áðan og í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. Örfá atriði vil ég þó undirstrika.

Það hefur allan tímann verið og er mjög góða samvinna og mjög góð samstaða svo til allra viðkomandi aðila um öll meginatriði málsins og er það geysilega þýðingarmikið að mínu mati. Þarna eru fulltrúar at-

vinnurekenda, fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúar launþegasamtaka og aðrir slíkir. Eina undantekningin er fulltrúi Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. minntist á. Hann kom með sérálit daginn sem frv. var lagt fram í nefndinni, ekki fyrr. Það var erfitt að taka mikið tillit til þess, auk þess sem tillögur hans gengu allar út á að fá meiri peninga í skoðun á aðbúnaði. Vinnustaðaeftirlit var búið að vera í gangi lengi. Það var ekki búið að ganga frá skýrslu formlega, en nm., allir aðrir en hann, voru sannfærðir um að útkoman á því mundi engu breyta varðandi þetta frv.

Allar tillögur forstjóra Heilbrigðiseftirlits ríkisins gengu í þá átt að gera málið flóknara og dýrara. Auðvitað stafar samstaðan af því að hagsmunir allra fara hér saman. Því hafa nm. flestir gert sér fulla grein fyrir. Það er vissulega hagur atvinnurekandans jafnt og launþegans að starfsmenn hafi sem allra besta vinnuaðstöðu. Vellíðan starfsfólks og vinnugleði vex og afköst aukast. Á þessu græða allir. Það er líka beggja hagur að allt sem unnt er sé gert til að forðast vinnuslys og atvinnusjúkdóma. Og það er ekki aðeins hagur aðila vinnumarkaðarins, heldur einnig ríkissjóðs og þjóðfélagsins alls. Hvert slys og hvert atvinnusjúkdómstilfelli kostar þjóðfélagið óhemjumikla peninga, auk vanlíðunar og hugarangurs þeirra, sem fyrir óhöppunum verða, og aðstandenda þeirra, og er auðvitað aðalatriðið að koma í veg fyrir slíkt. Manneskjulegt vinnuumhverfi og slysavarnir á vinnustað verða seint of dýru verði keyptar.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. taldi að það þyrfti að skoða þetta mál betur, sér í lagi varðandi landbúnaðinn. Eins og ég sagði hefur þetta verið til skoðunar á hinu háa Alþingi í heilt ár og fyllilega það og auk þess er brtt. frá hv. Ed. sem gengur út á sérstaka reglugerð varðandi landbúnaðinn og kem ég að því síðar.

Hann talar um að draga úr yfirbyggingunni. Það er nauðsynlegt, en það er líka þessu frv. ætlað að gera. Því er ætlað að sameina a. m. k. þrjár, ef ekki fjórar stofnanir í eina, hvort sem það yrði deildaskipt stofnun eða hvernig sem því yrði hagað. Vinnustaðaeftirlitið yrði eitt og hið sama. Þar með erum við að reyna að vinna gegn Parkinsonslögmálinu, en ekki með því.

Við getum ekki heldur litið fram hjá því, að það hafa orðið mjög mörg og alvarleg slys í landbúnaði. Þess vegna er ekki óeðlilegt að landbúnaðurinn sé tekinn með þegar svona lög eru samin og samþykkt. Það er ekki hægt að líta fram hjá því, að þar hafa mörg banaslys orðið og mörg slys á unglingum, sem e. t. v. hefði verið hægt að koma í veg fyrir sum hver.

Frv. gengur út á það að leysa sem flest mál á vinnustöðunum sjálfum, leysa þau heima í héraði, en ekki fá menn úr Reykjavík. Þess vegna held ég að hv. 2. þm. Norðurl. e. ætti að geta verið sæmilega ánægður með frv.

Gagnvart greiðslum atvinnurekenda er gengið út frá því að þær verði á sama hátt og núna er greitt í slysatryggingar. M. ö. o.: það er greitt ákveðið gjald fyrir hverja tryggingarskylda vinnuviku. Ég get ekki ímyndað mér að bændur fari verr en aðrir út úr því.

Herra forseti. Ég tel að þær sárafáu breytingar, sem orðið hafa á frv. í hv. Ed., séu sumar til bóta og engar þeirra til skaða. Ein breytingin gengur út á það, eins og hér hefur verið greint frá, að fyrir 1. júní 1981 verði sett reglugerð um þau ákvæði laga þessara sem snerta landbúnaðinn. Það er auðvitað gott og blessað. En ég vil vekja athygli á því núna sérstaklega, og reyndar kom hv. 2. þm. Norðurl. e. inn á það, að ýmsar aðrar reglugerðir þarf einnig að setja. Lögin, þótt ítarleg séu, eru að þessu leytinu til rammalöggjöf.

Þá vil ég vekja athygli á því, að stefnt er að einföldun á öllu eftirliti með vinnustöðum, eins og ég hef lítillega drepið á. Nú fær Vinnueftirlit ríkisins með að gera eftirlit sem hingað til hefur verið í margra höndum með tíverknaði, árekstrum og aukakostnaði sem hlýtur að fylgja því. Hugmyndir mínar voru og eru þær, og ég reikna með að það séu hugmyndir þeirra sem að þessu frv. standa, að sameina í eina stofnun að mestu eða öllu leyti Öryggiseftirlit ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins, Heilbrigðiseftirlit ríkisins, a. m. k. að því er eftirlit með vinnustöðum snertir, og þar með eftirlit með öllu öðru en heimahúsum.

Þarna koma inn fleiri aðilar. Hv. 2. þm. Norðurl. e. minntist á Rafmagnseftirlit ríkisins. Vitanlega á eftirlitsstarf þeirra úti á vinnustöðunum að falla undir þetta sama eftirlit með því að sameina allar hinar mörgu stofnanir sem nú eru hver í sínu horni að vinna að eftirliti. Ein kemur og segir að það eigi að vera hlíf á þessu, önnur kemur og segir að það sé betra að hafa hlífina hinum megin. Báðar hafa í sjálfu sér rétt fyrir sér og báðar leysa vandann, en það er árekstur og eigandinn veit ekkert hvorri hann á að hlýða. Lögum samkv. á hann að hlýða þeim báðum. Það er oft hægt að leysa sama vandann með mismunandi hætti. Í þessu sambandi á að vera hægt að koma í veg fyrir að maðurinn fái þessi fyrirmæli í dag og önnur í næstu viku. Einmitt með því móti, sem frv. gerir ráð fyrir, fengjum við öruggara, fljótvirkara og ódýrara kerfi. En að því þarf áfram að vinna og það mál er engan veginn komið í höfn þó að búið sé að samþ. þessi lög, en það er stórt spor í rétta átt.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ekki hafði ég hugsað að heyja hér umr., a. m. k. ekki að tala við 1. umr., heldur að málið kæmi fyrst til n. og yrði þar um það fjallað. Hitt stórundrar mig, og þarf þó kannske ekki að undra, að það skuli vera enn þá til í sölum Alþingis, og þá náttúrlega í bændastétt, það svartnættisafturhald sem kom fram í ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, þessi neikvæða afstaða.

Ég hef yfirleitt ekki vitað til að hv. þm. væri sporgöngumaður þeirra sem mæla með almennum sparnaði, en þegar kemur að öryggi verkafólks á vinnustöðum talar hann um Parkinsonslögmál, þá talar hann um þetta gífurlega bákn og miðstýringu og þá fer hann allur í einn sparnað. Það mætti spjalla töluvert við hv. þm. um afstöðu hans til sparnaðar almennt, en það skal látið kyrrt liggja. Aðalatriði þessa máls er það, að samþykkt frv. og góð framkvæmd er einn sá mesti sparnaður fyrir þjóðfélagið í heild sem hægt er að koma á, vegna þess hvert það stefnir og hvernig bygging þess er varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir gegn slysum á vinnustöðum og atvinnusjúkdómum.

Sannleikurinn er sá, að þó hv. þm. lesi hér upp úr erlendum skýrslum ætti hann aðeins að lesa sér betur til og kynna sér hvað slysafjöldi er geigvænlega mikill á vinnustöðum. Ekki dettur mér í hug að slysum yrði útrýmt með þessum lögum. En auðveldlega hefði mátt koma í veg fyrir fjöldann allan af þeim mörgu hörmulegum vinnuslysum sem við þekkjum til. Eins er hitt, að margir sjúkdómar eiga rót að rekja til annaðhvort slæms vinnuumhverfis, slæmrar vinnuaðstöðu eða að illa er staðið að vinnu.

Það merkilega skeður að Vinnuveitendasambandið, Vinnumálasambandið og Alþýðusambandið, sem öll setja í þetta góða og gagnkunnuga menn úr atvinnulífinu, þrautkunnuga því, komast að sameiginlegri niðurstöðu. Að vísu skilar einn fulltrúi séráliti. Það er gömul deila, sem ég vil ekki vera að ýfa hér upp, í sambandi við Heilbrigðiseftirlitið. Að vísu held ég að þáttur þess sé þýðingarmeiri en eftirlit með líkhúsum og hundum, eins og kom fram hjá hv. þm. Ég held að þarna stingi upp kollinum sú deila, sem hefur komið upp í Reykjavík, að t. d. heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar og Öryggiseftirlit ríkisins eru í ákveðnum tvíverknaði. Ég held báðir aðilar séu sammála um, að vísu er nú búið að leysa þessi vandamál í Reykjavík, að þarna væri verulega til bóta, eins og hv. 5. þm. Suðurl. sagði áðan, að einfalda framkvæmdir og fækka stofnunum.

Sannleikurinn er sá, að það er ekki sparnaður sem hv. þm. var að ræða um. Það er einungis um hann rætt undir fölsku yfirskyni, eða þá hitt, að hann vill ekki aukið öryggiseftirlit á vinnustöðum, aukið eftirlit með hvað óhugnanlega stóran þátt í sjúkdómum landsmanna má rekja til vinnustaða sem hann vill ekki eyða peningum í. Sannleikurinn er sá, að þegar lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum voru fyrst samþ. 1952 var það eftir kröfu þeirra sömu bændasamtaka sem hv. þm. var að harma sem mest að hefðu ekki um þetta frv. fjallað að farandvinnuvélar t. d. væru undanþegnar eftirliti. Við síðari breytingar, eins og hæstv. forsrh. tók fram, hefur alla tíð verið krafa bændasamtakanna að ekkert eftirlit næði til farandvinnuvéla í sveitum. Víst vitum við að þarna þarf að halda vel á til að ekki komist upp mikið bákn. En ég er hræddur um að hv. þm. mæli alls ekki fyrir hönd bændasamtakanna. Ég held að hinn óhugnanlegi fjöldi dauðaslysa á börnum og unglingum við vinnuvélar hafi orðið bændum það sár og tilfinninganæm reynsla að þeir vilji gjarnan sjálfir að þarna sé betra aðhald og festa í og þeir vildu gjarnan sjálfir að slíkt hefði verið komið fyrr. Ef hv. þm. ætlar að fara að gera kröfur til þess, að lögunum verði breytt þannig að það verði engar ráðstafanir gerðar til að reyna að draga úr þeim óhugnanlega dauðaslysafjölda, sem átt hefur sér stað á börnum á vinnuvélum í sveit, endurtek ég það, og byggi það á samtölum mínum við fjölda bænda, að ég held að þetta sé þeim allt of viðkvæmt mál og þeir séu það ábyrgir, að þeir vilji sjálfir í mun ríkara mæli að þetta eftirlit sé betra, og þeir sjái að þessum dauðaslysafjölda verður að linna.

Það var eftir öðru að hv. þm. var að tala um að eftirlitsmaður kæmi úr Reykjavík, og var helst á honum að heyra að kæmi einhver launaður eftirlitsmaður frá Reykjavík á einstök bændabýli til að skoða einn traktor hjá bónda, kannske í hans kjördæmi, og bóndinn yrði að borga öll þessi ósköp. Vitanlega verður það svo, eins og hjá Öryggiseftirliti ríkisins áður, að í slíkar skoðanir verða menn staðsettir á Akureyri, á Húsavík og í öðrum þéttbýliskjörnum, þar sem eru trúnaðarmenn Öryggiseftirlitsins og verða nú Vinnueftirlitsins.

Ég held að þegar svona frv. kemur fram sé það fagnaðarefni að aðilar vinnumarkaðarins, sem fjallað hafa um þetta og oft deilt hart um þessi mál, koma sér saman, ná samkomulagi. Það er alls ekki stefnt að aukinni miðstýringu. Það er fært út vald og ábyrgð til verkalýðsfélaganna sjálfra. Það er eitt meginstefið í öllum þessum málum. Þessu þarf ekki að fylgja aukið bákn, en nýtísku atvinnulíf, aukin vélvæðing og alls konar efnisnotkun, sem er varasöm og hættuleg, krefst náttúrlega aukins eftirlits og aukinnar fræðslu.

Ég skal ekki vera að tefja þessar umr. meira þó freistandi væri að fara inn á nokkur atriði, en ég vil aðeins benda á, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Suðurl., að vitanlega verður að vera heimild fyrir reglugerðir. Það geta verið einhver ákveðin efni og reglur þurfi um notkun þeirra. Fráleitt væri að binda allt slíkt í lögum. Fyrir öllu þessu er hugsað.

Hv. þm. ímyndar sér að hann geti slegið sér eitthvað upp í augum bænda með því að slá því upp á hæstv. Alþ. að þarna sé verið að leggja á þá nýja skatta og aukinn kostnað. Ég dreg mjög í efa að þetta verði hv. þm. til aukinna áhrifa eða vinsælda, því ég ítreka: Ég held að afstaða bænda sé töluvert breytt og reynsla þeirra á notkun vinnuvéla sé það dökk að þeir vilji sjálfir fá þarna á ákveðið eftirlit. Ég tel að úr því að aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um þetta mál ásamt fulltrúum frá ríkisvaldinu, málið var lagt fyrir hér í apríl í fyrra, tekið upp aftur í des., og þá hefði verið auðvelt fyrir Búnaðarþing, það er nú engin sjálfboðaliðavinna að sitja á Búnaðarþingi, að gera sínar aths. Ég verð að segja það, að ég dreg mjög í efa að ræða hv. þm. sé á nokkurn hátt stuðningur við bændur. Hún er svartnættisafturhald sem ég hélt að væri að mestu horfið úr Framsfl., en sé að er ekki.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál í löngu máli. Ég vil aðeins segja út af þeim umr., sem hér hafa farið fram, að ég tel eðlilegt að reynt verði að ná samkomulagi um þetta mál án þess að farið sé að skerpa mjög harðar línur í því við 1. umr. með harðsnúnum deilum. Ég minni á að frv. á rætur að rekja til samkomulags sem gert var við kjarasamninga vorið 1977 og frv. er flutt til staðfestingar á því samkomulagi.

Ég tek hins vegar undir það, sem hér hefur komið fram, að aðild bændasamtakanna að samningu þessa máls og undirbúningi hefur verið ákaflega óveruleg. Aðild bændasamtakanna hefur engin verið að samningu málsins og það hefur mjög verið óverulega til þeirra leitað varðandi undirbúning málsins. Ég tel að að ýmsu leyti hafi frv. í för með sér óþarfa vafninga við almennan búrekstur og að ýmsu leyti geti ákvæði frv. naumast átt við í landbúnaðinum. Ég gerði þess vegna aths. um þessi efni í ríkisstj. og í framhaldi af því hefur við meðferð málsins verið gerð breyting á frv. í hv. Ed., þannig að í þeim breytingum, sem eru í bráðabirgðaákvæði, segir svo í 3. tölul., með leyfi hæstv. forseta:

„Félmrh. skal fyrir 1. júní 1981 setja reglugerð um þau ákvæði laga þessara, sem snerta landbúnaðinn.

Skal þar m. a. kveðið á um aðild Stéttarsambands bænda að ákvörðunum um þau ákvæði laganna er sérstaklega varða landbúnaðinn. Reglugerðin skal samin í samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands."

Þannig hljóðar 3. tölul. í bráðabirgðaákvæðum, sem hv. Ed. samþ. eins og hún afgreiddi þetta mál frá sér. Ég hef talið að eftir atvikum væri sæmilega fyrir séð hvað varðar undirbúning reglugerðar varðandi landbúnaðinn með þessum breytingum, en finnist mönnum að þar þurfi tryggilegar um hnúta að búa sé rétt að athuga í nefnd hvort þarf aukin ákvæði er að þessu efni lúta. Ég vil ekkert loka fyrir að það geti verið, en bið þá hv. nefnd, sem um málið fjallar, að taka það sérstaklega til athugunar.

Út af orðum hv. síðasta ræðumanns vil ég aðeins segja það, að bændur sem aðrir hafa miklar áhyggjur af þeim hryggilegu slysum sem orðið hafa í sambandi við vélarekstur hjá einstökum bændum á undanförnum árum. Þessi slys eru ákaflega hryggileg og er bændum ekki síður en öðrum mikið í mun að reyna að fækka þeim. Bændur eru því meðmæltir að settar séu reglur og eftirliti við komið sem geti orðið til þess að slíkum slysum fækki. Það hlýtur að vera keppikefli okkar allra og ég tel að það sé ekki vilji bændasamtakanna að sporna gegn því að slíkar reglur séu settar og þeim framfylgt.

Þetta vil ég taka fram í sambandi við ræðu hv. þm. En það eru mörg önnur atriði í þessu frv., sem leggja bæði mikla skriffinnsku og erfiðar takmarkanir á starfsemi í landbúnaði, sem ekki koma neitt nálægt vélarekstri beint eða eru þáttur í að reyna að hamla gegn slysum af völdum véla.

Ég skal ekki ræða frekar efnisatriði þessa máls, þó að þar séu ýmis ákvæði sem mér sýnist að geti orkað tvímælis, aðeins segja það t. a. m. í sambandi við 98. gr., að þar er áfrýjunarréttur í ágreiningsefnum sem spretta af ákvörðunum Vinnueftirlits, forstöðumanns þeirrar stofnunar eða starfsmanna, og það sýnist kannske í hæpnara lagi að deila um að slíkum ákvörðunum sé vísað til stofnunarinnar sjálfrar til úrskurðar með að vísu framhaldsáfrýjunarrétti til ráðh. Ég hef ekki neinar tillögur um betra form á þessu, en vænti þess, að þetta ásamt ýmsum fleiri atriðum verði tekið til athugunar af hv. heilbr- og félmn. sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar.

En aðalerindi mitt hingað í ræðustólinn var að vekja athygli á þeirri breytingu sem hv. Ed. hefur gert, sem gefur möguleika á ýmiss konar undantekningaratriðum varðandi landbúnaðinn. Ef mönnum sýnist ekki þar nægilega tryggilega um hnúta búið er unnt að athuga það frekar við meðferð málsins í þessari hv. deild.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Í máli hv. 5. þm. Suðurl., Magnúsar H. Magnússonar, kom í raun og veru fram, að þrátt fyrir að þetta frv. hafi verið líklega að mestu leyti samið undir hans stjórn eða hans ráðuneytis lá alls ekki nógu ljóst fyrir hv. þm. hvernig það mundi verka, og það sem hann sagði að leggja ætti niður hinar og aðrar stofnanir er ekki hægt að fá út úr þessu frv. eins og það liggur hér fyrir. Það eru aðeins ein lög sem er gert ráð fyrir að eigi að nema úr gildi við gildistöku þessara laga, og það eru lög um Öryggiseftirlit ríkisins frá 1952, önnur löggjöf ekki. Ég vil vekja athygli á þessu.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði áðan að hann hefði séð, þar sem ég var hér í ræðustól, svartnættisafturhald. Það hrín ekki á mér. Hins vegar kom vel í ljós í þessum ræðustól einsýni og tillitsleysi þessa manns þegar um er að ræða aðra en hans umbjóðendur. Það var ekkert talað við bændastéttina um þetta mál þegar það var í mótun, því það var ekki sent Búnaðarþingi, hvort sem það er að kenna fyrrv. félmrh. eða öðrum, það veit ég ekki. Það var ekki sent Búnaðarþingi eða Stéttarsambandinu til umsagnar. Það er mér ljóst. Og ég veit að ef slíkt hefði snúið að hans samtökum hefði hann ekki tekið því þegjandi. Hitt er alrangt, að það hafi verið hægt að finna það út úr mínu máli áðan að ég hafi lagst á móti því að gerðar yrðu ráðstafanir í sambandi við landbúnaðinn.

Það, sem ég var að segja, átti að sýna fram á hvað væri í lögum. Ég var að leiða hugann að því, hvers vegna þessi lög hefðu ekki verið framkvæmd þrátt fyrir að löggjöfin er búin að vera í 10 ár og ég var að sýna fram á að það þýddi ekki að vera að setja lög um sama efnið, jafnvel þing eftir þing, án þess að þau kæmu til framkvæmda. Það var þetta sem ég var að sýna fram á. Og ég var að sýna fram á að það verður ekki komið á eftirliti í landbúnaði svo að það nái tilgangi nema þeir, sem um það fjalla, hafi þekkingu á þeim málum. Ég hef horft á slys í landbúnaði og ætla ekki að ræða um það hér, en ég veit að mörg þau slys, því miður, hefði ekki verið hægt að koma í veg fyrir hvernig sem eftirliti hefði verið háttað í þeim málum. Það þarf enginn að halda.

Það, sem ég vildi segja, er að ég vil ekki setja á stofn eftirlit, t. d. í landbúnaði, nema ég haldi að það sé til bóta. Og það er málið. Það er ekki nóg, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, að setja löggjöf. Þegar við setjum löggjöf þurfum við að athuga hvernig á að koma henni í framkvæmd til þess að hún nái þeim tilgangi sem ætlað er. Það var þetta sem ég var fyrst og fremst að segja, en ekki að ég vildi ekki leggja fram fjármagn til að reyna að auka öryggi í landbúnaði. Ég tók það sérstaklega fram. Það er hreinn útúrsnúningur að segja að það hafi verið hægt að heyra annað á mínum orðum.

Hv. þm. talaði um að ég hefði lesið upp úr erlendum skýrslum. Ég las ekki eitt orð upp úr erlendum skýrslum, — ekki eitt einasta orð. (**GJG:** Þú vitnaðir til útlanda fyrir okkur.) Ég las upp álit Hrafns V. Friðrikssonar. Er það að vitna í erlendar skýrslur að lesa hans sérálit?

Ég ætla ekki að eyða tímanum frekar hér. Út af því, sem hæstv. landbrh. sagði, vil ég aðeins segja það, að ég tel að vísu þessa breytingu til bóta, en engan veginn nægjanlega. Ég vil að unnið sé að því að reyna að koma á raunhæfu eftirliti í sveitum landsins, en ekki eftirliti samkv. því frv. sem hér er, sem er fyrir fram sýnilegt að muni mistakast. Það er kannske ekki alveg að ástæðulausu — eða veit ekki hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson að almennt er þetta frv. kallað hér í þinginu og annars staðar „þrælalögin"? Ég held að hann ætti að spyrja sig að því hvers vegna. Ekki fann ég upp þessa nafngift. Það voru aðrir.

Hv. þm. sagði, eftirlitsmenn yrðu hér og þar úti á landi. Ég vil segja frá reynslu minni í því. Eftirlitsmaður Rafmagnsveitna ríkisins kemur héðan að sunnan þegar hann er að sækja mig heim á mitt býli. Hann er ekki á Akureyri. Það er ekkert í þessum lögum sem segir til um það, hvar eftirlitsmenn eigi að vera, aðeins að Vinnueftirlit ríkisins sé hér í Reykjavík og það eigi að setja allt í þess hendur.

Það kann að vera að það sé til í annarri löggjöf að sjálf stjórnstofnunin eigi að setja reglugerðir, en ég er búinn að vera 13 ár á þingi og man ekki til þess að það sé til, heldur að viðkomandi ráðh. setji slíkar reglugerðir, að vísu eftir ábendingum þeirra sem slíkum stofnunum veita forstöðu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að í þeim umr. sem hér hafa farið fram, birtist að nokkru leyti sú þverstæða sem á sér stað í íslenskum landbúnaði. Sú þverstæða er einfaldlega sú, að við fáum það aldrei á hreint hvort bændur flokkast undir atvinnurekendur eða launþega. Þetta er einn höfuðþátturinn og eitt höfuðmeinið í þeirri deilu sem hér á sér nú stað. Ég tel að bændur gerðu sjálfum sér mjög verulegan

greiða með því að skera úr því sjálfir hvorum flokknum þeir tilheyra. Mín tilfinning hefur verið sú, að þeir væru fremur launþegar þegar illa áraði, en atvinnurekendur þegar árferði væri skárra.

Ég vil taka undir það með hæstv. landbrh. Pálma a Jónssyni, að auðvitað ber að móta þetta frv. samkv. óskum bændastéttarinnar. En einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að Búnaðarþing, sem nýverið sat hér í Reykjavík í allmargar vikur, hefði haft tækifæri til að fjalla um þetta frv. og koma skoðunum sínum á framfæri við Alþingi, þannig að skoðanir Búnaðarþings mættu koma inn í þá umræðu sem farið hefur fram um þetta frv. hér á þingi. Bændur hafa eigið þing og á því þingi eiga þeir að fjalla um öryggismál eins og önnur mál í landbúnaði. Það stendur kannske nær þeim en mörgum öðrum stéttum í þessu þjóðfélagi að fjalla einmitt um hollustuhætti og öryggismál. Það hefur allt of lítið verið gert að því hjá bændastéttinni að reyna að koma í veg fyrir atvinnusjúkdóma, sem fyrir hendi eru, utan hreins þrældóms sem gerir menn að aumingjum fyrir aldur fram. Þar er heymæði. Hvað hefur verið gert í því að koma í veg fyrir þann sjúkdóm? Þar eru öryggismál í sambandi við stöðugt voldugri og meiri landbúnaðartæki sem eru notuð. Ég er t. d. sannfærður um að tryggingamál í sveitum eru í miklum ólestri. Það er mikill fjöldi dráttarvéla í sveitum sem eru óskráðar og eru þess vegna ekki tryggðar, og það eru fjölmörg dæmi þess að gamlar dráttarvélar, sem eru notaðar enn í dag, eru án öryggisgrinda. Þær eru notaðar stöðugt og látlaust. Ekkert hefur bændastéttin gert í þessu.

Ég vil sem sagt ítreka þau orð hæstv. landbrh., Pálma Jónssonar, að menn reyni nú að leita eftir samkomulagi í þessu máli, en taki ekki upp þær umr. sem ævinlega og ávallt fara fram hér á þingi þegar landbúnaðarmál ber á góma. Ég hef sagt það áður í ræðu á þingi að þegar hér er fjallað um landbúnaðarmál rísa forustumenn landbúnaðarins upp og telja að allir þeir, sem eitthvað hafa fram að færa, aðrir en þeir, um þennan málaflokk hafi allt á hornum sér, séu að gagnrýna af tómum skepnuskap. Ég held að menn verði að átta sig á því, og einkum og sér í lagi þeir fulltrúar bænda sem sitja hér á þingi, að við verðum að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll hvort bændur eru atvinnurekendur eða launþegar. Það verða þeir sjálfir að ákveða, því að það er einu sinni svo, að það er talsvert mikill munur á því í þjóðfélagi okkar hvort menn eru atvinnurekendur eða launþegar.

Ég vil endurtaka það, að ég hefði talið kjörið verkefni fyrir Búnaðarþing að fjalla um þetta frv. mjög ítarlega og koma fram með brtt. Ég hef ekki séð þær. Ég hef hvergi séð þær brtt. Og mér býður í grun að þær hafi ekki verið útbúnar á Búnaðarþingi. Þar hefði þó mátt ræða öryggismál landbúnaðarins og bænda fremur en margt annað sem þar var fjallað um, miður merkilegt að mínu mati.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, en ítreka enn á ný að ég vona að það komist í höfn með þeim breytingum sem bændur telja eðlilegar og nauðsynlegar.

Það var eitt sem stakk í augu, ef ég má orða það þannig, eða sló mig í ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Það kemur alltaf að peningasjónarmiðinu, því sjónarmiði að alltaf sé verið að ganga á hlut bænda. Hann orðaði það svo hér áðan, að það væri óréttlátt að bændur greiddu ferðakostnað eftirlitsmanna eða viðgerðarmanna. Mig langar að geta þess, að það þarf hver einasta húsmóðir í Reykjavík, sem biður um eftirlits- eða viðgerðarmann vegna þvottavélar eða ísskáps, að greiða fyrir það umtalsverðar fjárhæðir að viðgerðarmaðurinn komi á staðinn. Þetta þarf að gera oft á ári. (Gripið fram í.) Já, frá Reykjavík. Það má vera, enda þætti mér það afskaplega óeðlilegt ef eftirlitsmaður frá Reykjavík færi norður á Þórshöfn á Langanesi til að líta eftir þessum málum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er örstutt. — Sú skoðun hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar að láta sér detta í hug að svarnættisafturhaldið væri horfið úr Framsfl. sýnir bara hversu lítill mannþekkjari eða flokkaþekkjari hv. þm. er. Auðvitað er svartasta afturhaldið í Framsfl. enn, eins og hefur alltaf verið. Þar hefur engin breyting orðið á. Og mér þykir það miður að jafngreinargóður þm. og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson skuli falla í þá gryfju að láta sér koma annað til hugar.

Út af því máli, sem hér er til umr., skal ég ekki hafa mörg orð. Hér er um það að ræða að uppfylla loforð sem gefin voru fyrir nær þremur árum vegna samningsgerðar — loforð þeirra sem þá voru við völd, þ. e. stjórnar Geirs Hallgrímssonar, Sjálfstfl. og Framsfl., — og ég veit ekki betur en hv. þm. Stefán Valgeirsson hafi þá verið fulltrúi Framsfl. hér á Alþ. og staðið að því loforði sem hér er verið að framkvæma. (**SV:** Lá frv. fyrir?) Það var loforð um hvernig haldið skyldi á þessu máli og hvernig það skyldi framkvæmt. Hafi hv. þm. ekki vitað hverju hann var að lofa er það hans, en ekki annarra. Þá átti hann að kynna sér það fyrr.

Ég hélt að almennt væru augu manna farin að opnast fyrir þeim geigvænlegu slysum sem átt hafa sér stað á vinnustöðum á undanförnum árum. Það fer ekkert milli mála að það hefur verið mikill misbrestur á því að Öryggiseftirlitið hafi haldið á málum sem skyldi til að koma í veg fyrir mörg af þessum slysum. Ég fagna því þessu frv. og tel að það hefði mátt sjá dagsins ljós í reynd miklu fyrr en nú og það sé ástæðulaust að vera að halda hér uppi löngu máli um frv. sem slíkt. Þetta er loforð sem ekki hefur verið efnt í þrjú ár, en virðist núna vera í augsýn að eigi að efna, a. m. k. að hluta til. En þeir, sem gáfu loforðið, sumir hverjir þeirra sem stóðu að þessu loforði, virðast hafa snúist og vilja nú draga það til baka. Ég tek undir það, sem kom fram áðan, að ef það er skoðun fulltrúa bændastéttarinnar í landinu, — ég segi: ef, ég dreg mjög í efa að það sé almennt skoðun bænda, — að það beri ekki að halda uppi eftirliti eins og frekast er unnt í sambandi við þessi mál, en ef það hefur verið skoðun fulltrúa bænda, hefði verið full ástæða til að taka þetta mál til umræðu á Búnaðarþingi, þar hafði verið vettvangur til þess, og koma þaðan á framfæri þeim aths. eða hugmyndum sem fulltrúar bændastéttarinnar vildu hafa í sambandi við framkvæmd málsins.

Ég vil að lokum segja að menn eru hér að tala um að setja upp sérstaka stofnun og það eigi að þjóna héðan frá Reykjavík. Ég fyrir mitt leyti — og vil að það komi skýrt fram — lít ekki svo á að um sé að ræða samkv. þessu frv. að senda eigi menn úr Reykjavík til eftirlits út á land. Það getur ekki verið ætlun þeirra sem að þessu standa að slíkt verði í reynd. Það verða auðvitað fulltrúar úti á landsbyggðinni á hinum ýmsu stöðum sem sjá um framkvæmd eftirlitsins. Það eru því ekki að mínu viti rök gegn þessu að það eigi að stjórna málum héðan. Væri svo mundi ég ekki tala í þessum dúr, það er öruggt mál.

Ég legg sem sagt áherslu á það að núna, eftir þetta langa bið frá því loforð voru gefin verkalýðshreyfingunni og aðilum vinnumarkaðarins, að staðið verði við þau loforð. Allra síst ætti það að sitja á þeim, sem gáfu loforðið, að bregðast nú og hlaupa til baka. Þeir ættu fyrst og fremst að standa við það sem þeir lofuðu.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Mér kom það raunar á óvart að fram kæmi í þessum umr. sú skoðun að bændur vildu ekkert gera í öryggismálum varðandi vinnuslys eða hefðu ekkert gert í því tilfelli. Ég hef því ekki í höndum nein þau gögn sem tiltæk eru til að sanna hið gagnstæða. En mig langar aðeins, vegna þess sem hér var haldið fram af hv. 6. þm. Norðurl. e., að taka það fram að ég kannast ekki við það, sem hann fullyrti, að margar dráttarvélar í landinu séu óskráðar og því ótryggðar. Alls staðar, þar sem ég þekki til, eru dráttarvélar skráðar, enda varðar það við lög að þær séu ekki skráðar. Meira að segja elstu dráttarvélar, sem til landsins komu 1945, þær heimilisdráttarvélar eru skráðar eins og aðrar.

Þá kom mér einnig á óvart það sem sami hv. þm. hélt fram, að ekkert hafi verið gert til að tryggja öryggi í sambandi við dráttarvélar og margar vélar væru enn án öryggisgrindar. Það er að vísu rétt, að til eru þó nokkrar vélategundir sem ekki fást öryggisgrindur á. En Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda hafa haft fastan starfsmann til að leiðbeina bændum um öryggisgrindur á dráttarvélar og um að útvega öryggisgrindur á dráttarvélarnar þegar þær fást ekki beint frá framleiðendum vélarinnar. Á flestar vélar hefur verið hægt að smíða öryggisgrindur, en til eru þær tegundir sem ekki hefur reynst unnt að gera slíkt við. — Þetta vil ég láta koma hér fram, þó ég geti ekki sýnt í neinum tölum hversu margar vélar hér er um að ræða.

Í þriðja lagi vil ég koma að því, að hér hefur verið sagt að frá Búnaðarþingi hafi ekki komið fram neinar tillögur um frv. sem hér liggur fyrir til umr. Það er rétt. En venjan er sú, að þegar um er að ræða frv., sem snerta landbúnaðinn, hafa þau verið send af rn. til Búnaðarþings. Þetta frv. var ekki sent Búnaðarþingi. Ég man satt að segja ekki hvort það var komið fram hér í Alþ. þegar Búnaðarþing kom saman. En ég vil minna á það aftur, að þrátt fyrir að þetta mál hafi ekki verið tekið til efnislegrar umfjöllunar á síðasta Búnaðarþingi hafa þessi mál æ ofan í æ verið þar til umræðu og gerðar um þau ályktanir og væri hægt að rifja það upp betur síðar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ég vil byrja á að lýsa yfir ánægju minni með að frv. með þessu markmiði er lagt fram í þinginu. Óneitanlega er gott til þess að vita að þetta mál er þó komið á þennan rekspöl. Hins vegar vekur það undrun mína að svo virðist sem ekki sé hægt að ræða um þetta mál þannig að menn komi með sínar skoðanir án þess að þeir séu stimplaðir afturhaldsmenn eða hið svartasta íhald ef þeir vilja ekki samþykkja allt sem í frv. stendur.

Ég hef horft dálítið á þann hátt þessa frv. þar sem rætt er um að það eigi að yfirtaka verkefni sem aðrar stofnanir hafa með höndum. Væri ég sannfærður um að þær stofnanir yrðu allar lagðar niður með sínum rekstri og sú stofnun, sem hér er verið að tala um að koma á fót, gæti yfirtekið verkefni þeirra öll, blandast mér ekki hugur um að það gæti orðið til sparnaðar. Hins vegar sýnist mér að það sé ekki útlit fyrir að nein af þeim stofnunum, sem fyrir eru, verði lögð niður, heldur verði þessari stofnun bætt við. Þá vaknar sú spurning, hvort ekki hefði verið hægt að haga þessari lagasmíð þannig að meira tillit hefði verið tekið til þeirra stofnana sem fyrir eru í landinu, en jafnframt verið hægt að ná þeim markmiðum sem ætlað er að ná. Þetta er atriði sem ég held að þd. þurfi að gefa sér tíma til að skoða. Ég vænti þess að hægt sé að framkvæma þá skoðun án þess að menn liggi undir brigslum um að þeir séu að svíkja eitt eða neitt. — Ég sat ekki á þingi þegar þessu var lofað og ég veit ekki hvort hægt er fyrir hönd einhvers aðila að gefa um það loforð fram í tímann að þeir, sem ekki sitji þar, skuli styðja einhver ákveðin mál. Mér er ekki ljóst hvort hægt er að gefa slík loforð. Ef það er hægt af hálfu framkvæmdavaldsins hvarflar það að manni hvort þingið sé þá ekki búið að glata sjálfstæði sínu.

Ég ætla ekki að ræða efnislega þetta mál frekar, en vil aðeins geta þess, að hv. 6. þm. Norðurl. e. taldi að það væri nauðsynlegt að bændur gerðu upp við sig hvort þeir ætluðu að vera launþegar eða atvinnurekendur. Mér er ekki ljóst á hvaða forsendum það er nauðsynlegt að þeir geri það upp við sig. Ég lít á sjálfan mig bæði sem launþega og atvinnurekanda út frá því sjónarmiði, að þeir opinberir starfsmenn, sem eru í störfum hér á landi, eru launþegar m. a. hjá mér og ég er þess vegna í atvinnurekendahópnum sem ber ábyrgð á þeim. Aftur á móti fer það ekki á milli mála, að sem þiggjandi launa frá hinu opinbera er ég launþegi. Ég held að það væri hollt mönnum að hætta að nota þær „billegu klisjur" að skipta mönnum í atvinnurekendur og launþega. Ég held líka að það væri hollt að menn hættu því alfarið að líta svo á að þeir séu fulltrúar hér á þinginu fyrir einhverjar ákveðnar stéttir. Menn eru fulltrúar fyrir þjóðfélagshópa þess svæðis sem þeir eru kosnir á. Ég lít svo á að hver og einn þm., sem er kjördæmakosinn geti ekki verið fulltrúi fyrir eina eða neina stétt, hann hljóti að vera fulltrúi fyrir það svæði allt og íbúa þess svæðis. Hins vegar finn ég það gjarnan í þingsölum að sumir virðast líta þetta öðrum augum og þó sérstaklega þeir sem samkv. þeirri skilgreiningu ættu að vera fulltrúar fréttamanna hér á þinginu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki misnota tímann. Það skal vera örstutt.

Hv. þm. Karvel Pálmason sagði úr þessum ræðustól að ég t. d. hefði lofað því að standa að löggjöf um þetta málefni. Það mun rétt vera að Framsfl. hét því að standa að löggjöf um þetta málefni, en engu um hvernig þessi löggjöf yrði. Ég vil spyrja: Þegar samið var um að setja þessa löggjöf 1977 var þá samið um að landbúnaðurinn, sem ekki hafði verið með í þessari löggjöf áður, væri tekinn þar inn? Ég neita því. Ég sagði í þessu sambandi að ég yrði ekki með þessu frv. nema landbúnaðurinn yrði tekinn út. Ég mun standa við það, þó að margt annað sé athugavert við þessa löggjöf. — Og ég vil spyrja hv. þm. Karvel Pálmason að því, í hvaða grein eða greinum frv. kemur fram að eftirlitsstöðvar eigi að staðsetja úti um land frá þessari nýju stofnun, Vinnumálaeftirliti ríkisins. Það er kannske eitt af því sem hefur gleymst að setja og þó eru þessar greinar 100.

Hv. þm. Árni Gunnarsson sagði áðan að bændur þyrftu að ákveða hvort þeir væru atvinnurekendur eða launþegar. Það kemur ekkert málinu við í þessu sam-

bandi, — ekki samkv. þessu frv. Það er búið að skilgreina hvað sé talið fyrirtæki í þessu efni og það er búrekstur á jörðum. Það skiptir engu máli í því sambandi hvað landbúnaðurinn hefur ákveðið.

Þar sem ég mátti ekki gera nema stutta aths. verð ég að láta þetta duga.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það skal vera örstutt.

Ég vil láta það koma fram við þessar umr. að þegar þetta mál var lagt fram á fyrra þingi lýsti ég því yfir í Ed. Alþingis að ég mundi styðja frv. og setningu löggjafar á þessu sviði, enda er það skoðun mín að öryggi á vinnustöðum hafi verið í algeru lágmarki. Þess vegna er mjög brýnt að um það verði sett heildarlöggjöf. Vil ég lýsa því yfir að það er mín skoðun að þetta sé eitt mikilvægasta mál sem hér er til meðferðar.

Auðvitað mætti hafa langt mál út frá þessu um ýmis atriði sem koma fram í frv., en ég ætla ekki að tefja tímann að þessu sinni, enda mun málið koma til þeirrar nefndar sem ég á sæti í. Ég vil þó segja það, að ég tel að mjög sé til bóta að sameina ýmsar stofnanir á sviði öryggismála í landinu. Ég get einnig sagt það sem mína persónulegu skoðun af beinum kynnum við þá stofnun sem heitir Heilbrigðiseftirlit ríkisins, að hún hefur ekki getað sinnt því hlutverki sem henni var ætlað, ekki síst á þeim sviðum sem um er að ræða í þessu frv. Það er e. t. v. ekki af því að þar hafi ekki verið hæfir menn, heldur hefur henni aldrei verið ætlað það fjármagn sem hún hefði þurft að hafa yfir að ráða til að koma fram því ætlunarverki sem lögin gera ráð fyrir. Hins vegar vil ég benda á það, að hún mundi aldrei spanna yfir það verkefni sem þessum lögum er ætlað.

Ég vil einnig segja nokkur orð út frá aths. sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. varðandi málefni bænda, þar sem hann var að skjóta því hér inn, að það hefði ekki verið hugsað um að skoða ýmis vandamál í sambandi við þá atvinnustétt, og nefndi þar sem dæmi heymæði. Ég vil upplýsa hv. þm. um að hann hefur sjálfur tekið þátt í að samþykkja fjárlög og í þeim fjárlögum hefur verið sérstök fjárveiting einmitt í þetta verkefni, sem var unnið í fyrra og verður haldið áfram á þessu ári undir eftirliti landlæknis. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að að slíkum rannsóknum sé unnið. Heymæði er atvinnusjúkdómur sem hefur þjáð þjóðina lengi og er vissulega nauðsynlegt verkefni sem þarna er verið að vinna að. En aðalatriðið í þessu máli sem öðrum, þegar verið er að setja svona löggjöf, er fjármögnunin og framkvæmdin sjálf. Það er kjarni málsins. Og ég vænti þess, að um leið og þetta frv. verður samþ. sem lög frá hv. Alþingi geri hv. alþm. sér fulla grein fyrir því, að ef innihald þess á að koma að því gagni, sem frv. miðar að og þeir, sem sömdu það, gerðu sér grein fyrir, má ekki skera við nögl fjárveitingar til að hrinda því í framkvæmd. Það er að sjálfsögðu margt í þessu sem þyrfti að laga, en aðalatriðið finnst mér, að miðað við þær breytingar sem gerðar hafa verið í hv. Ed. hljótum við að geta staðið að því að samþykkja þetta frv. svo það verði að lögum eins og fyrrv. ríkisstjórnir hafa lofað og ég tel við verðum að standa við.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur komið fram í umr. hjá hæstv. landbrh., að samþ. var brtt. í Ed. og átti hann hlut að máli. Það er ákaflega góð viðbót og er um sérstaka reglugerð um ákvæði laga þessara er snerta landbúnaðinn. Þetta er mjög jákvætt og ætti þess vegna ekki að þurfa að valda deilum.

Ég vil leggja á það áherslu vegna margítrekaðra yfirlýsinga frá hv. 2. þm. Norðurl. e., þegar hann kvartar undan því að ekki hafi verið haft samband við samtök landbúnaðarins, að í grg. stendur:

„Nefndin hefur leitað samráðs við fjöldamargar stofnanir, sem lögum samkv. hafa eftirlit á vinnustöðum.“ — Svo er talið upp Bifreiðaeftirlit ríkisins og Búnaðarfélag Íslands. Þá er sagt: „Þá hefur verið haft samband við ýmsa sérfræðinga í rn., svo sem landbrn., iðnrn.“ o. s. frv.

Ef hann flettir fundargerðum nefndarinnar kemur þar fram að oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hefur búnaðarmálastjóri mætt á fundum nefndarinnar og með honum hefur verið Haraldur Árnason verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands. Ég vil grípa niður í fundargerð 48. fundar nefndarinnar. Þar segir m. a.:

„Fram kom sú skoðun, að nauðsynlegt væri að hafa aldursmörk við vinnu á búvélum lægri en við vinnu á farandvinnuvélum, en það gerir að sjálfsögðu það nauðsynlegt að hafa hæfnipróf og veita leyfi til vinnu á búvélum.

Þeim Halldóri og Haraldi var tjáð að nefndin hefði ekki tekið ákvörðun um hvernig eftirliti í landbúnaði ætti að vera háttað. Nefndarmennirnir gerðu sér fulla grein fyrir því, að um geysilegt verkefni væri að ræða og fyrsta verkefnið væri upplýsinga- og fræðslustarfsemi og enn fremur að gera heildarúttekt á dráttarvélum og öðrum búvélum.

Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri var sammála þessu síðasta atriði og sagði að Búnaðarfélag Íslands hefði gert fjöldamargar samþykktir um slíkt og væri mjög brýnt að koma þessu í kring. Haraldur Árnason setti fram sömu skoðun og búnaðarmálastjóri hafði gert áður, að nauðsynlegt sé að framkvæma úttekt á býlum einu sinni, en þegar gengið hefði verið úr skugga um að allt er í lagi, megi líða 2—3 ár á milli skoðana.“

E. t. v. skiptir þetta ekki mjög miklu máli, en ég vildi að gefnu tilefni leiðrétta þær rangfærslur, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. var svo tíðrætt um hér, að ekkert samráð hefði verið haft við þessa aðila. Það kemur upp úr kafinu að starfsmenn, þ. e. búnaðarmálastjóri og sérfræðingur Búnaðarfélagsins hafa mætt þarna á fundi, og það kemur líka upp úr kafinu að hv. þm. Steinþór Gestsson hefur algjörlega rétt fyrir sér, eins og mig grunaði í ræðu minni upphaflega, að bændur væru almennt orðnir á því að herða eftirlit með þessu.

Þetta vildi ég leiðrétta. Mestu máli skiptir að koma málinu sem fyrst til nefndar. Það var rétt sem hæstv. landbrh. sagði um sérstaka reglugerð um ákvæði þessara laga er snerta landbúnaðinn. Það er sjálfsagt að fara þar í ýmsum nýjungum með gát og þreifa sig áfram, en aðalatriðið er upplýsingar og fræðsla.

Ég vil líka taka undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Alexander Stefánssyni, að vissulega er höfuðatriði að framkvæmd þessara laga verði í reynd jákvæð. Lögin sjálf skapa aðeins möguleikana, en eru engin trygging í sjálfu sér. Þetta var rétt og vel mælt hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni.

Ég vil ekki vera að eyða tíma þingsins í að skattyrðast við 2. þm. Norðurl. e. Ég var undrandi á ýmsum ummælum sem hann viðhafði um þetta þýðingarmikla mál, vegna þess að ég er sannfærður um að ef rétt er haldið á þessum málum geta þau skipt sköpum, ekki einungis um

öryggi á vinnustöðum, heldur um heilsuvernd almennt, sem í ótrúlega ríkum mæli má rekja til atvinnu, til vinnustaða og atvinnuhátta. Aðalatriðið er að ná þessu fram, en ekki að vera að eltast við rangfærslur hv. þm. Norðurl. e. — Læt ég þá máli mínu lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 389). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 424). — 1. umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., var lagt fyrir Alþingi — fyrir hv. Ed. — í jan. s. l. og ræddi ég það þá efnislega og mun ekki endurtaka það og skal vera stuttorður.

Í mjög stórum dráttum er frv. ætlað að sníða vankanta af lögum um sama efni sem sett voru í tímahraki vorið 1978. Frv. er ætlað að einfalda stjórnun og draga úr skriffinnsku og jafnframt að auðvelda og flýta fyrir þjónustu sem stöðinni er ætlað að veita. T. d. er gert ráð fyrir að Heyrnar- og talmeinastöðin afgreiði mál sín sjálf og beint í stað þess að nú þurfa menn að fá vottorð og framvísa þeim hjá Tryggingastofnun ríkisins til að fá endurgreiðslu vegna kaupa á hjálpartækjum og það jafnt þó að lög og reglur segi til um að ríkissjóður eigi að greiða þetta að fullu. Þá er og gert ráð fyrir að ríkið reki stöðina alfarið í stað þess að nú greiða sveitarfélögin 10% rekstrarkostnaðar þótt ríkið eitt eigi stöðina. Hefur þetta valdið óánægju ýmissa sveitarstjórnarmanna.

Hv. Ed. gerði þrjár minni háttar breytingar á frv. Fyrri tvær breytingarnar þ. e. breytingar á greinum 5 og 6, eru til bóta að mínu mati. Aftur á móti er ég ekki jafnánægður með breytingar á 7. gr. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir að greinin hæfist þannig: „Stofnunin skipuleggur ferðir starfsmanna sinna til aðstoðar heyrnardaufum og málhöltum úti á landi.“ — Ég er sammála því að starfsmenn stofnunarinnar komi inn í lögin, en tel að þarna þurfi sérfræðingar líka að vera. Stöðin hefur aðeins á að skipa einum sérfræðingi, sem er læknir, og kemst hann ekki yfir að fara út á land í þeim mæli sem nauðsynlegt er til viðbótar við þau störf sem hann gegnir á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna er nauðsynlegt að grípa til sérfræðinga, sem ekki eru starfsmenn stöðvarinnar og geta ekki talist það, til að fara ferð og ferð. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að í lögunum sé heimildarákvæði, og beini því til hv. heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar hvort ekki megi hafa þetta orðalag: Stofnunin skipuleggur ferðir starfsmanna sinna og annarra sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum og málhöltum úti á landi.

Ég vil þó ekki að þetta verði til þess að tefja frv. þannig að það nái ekki afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 440 (sbr. 6), 423). — 3. umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég í þessari hv. deild skriflega brtt., sem ég dró hins vegar til baka við atkvgr. og endurflyt hér við 3. umr. Þetta er lítil till., sem birtist á þskj. 423, en hún felur það efnislega í sér, að auk þeirra vörutegunda, sem tilgreindar eru í 3. gr. frv., að eigi að falla út úr 30% vörugjaldsflokknum, en það eru aðallega hljóðfæri og hljómplötur með íslensku efni, bætist við eitt tollskrárnúmer sem felur í sér hljómplötur almennt. Ég fór um þetta nokkrum orðum við 2. umr., en vil nú bæta nokkrum orðum við vegna nýrra upplýsinga sem ég hef fengið um þetta mál.

Ég rakti nokkuð við 2. umr. þau almennu atriði sem í mínum huga rökstyðja að hljómplötur eigi að undanþiggja þessu 30% gjaldi. Hljómplötur eru einhver mikilvægasti menningarmiðill sem við eigum nú yfir að ráða. Hin frábæra tækni til upptöku og afspilunar hefur gert tónlist að almenningseign og fólk getur nú hlýtt á alla tegund tónlistar í stofunni heima hjá sér, auk þess sem hljómplötur og meðferð þeirra er einhver fyrirferðarmesta tómstundaiðja ungs fólks. Ég tel að það sé holl og góð tómstundaiðja.

30% vörugjaldið var sett á hljómplötur í september 1978 og þá strax dró verulega úr sölu á hljómplötum. Ég hef aflað mér upplýsinga um innflutning á hljómplötum s. l. þrjú ár. Árið 1977, síðasta heila árið sem plötur voru seldar án þessa vörugjalds, voru flutt inn 76.6 tonn, — þetta er mælt þannig í innflutningsskýrslum, — 1978 minnkaði það niður í 71.5 tonn og 1979, fyrsta heila árið eftir að vörugjaldið var lagt á, minnkaði þessi innflutningur niður í 58.6 tonn. Sala dróst sem sagt saman um 25% milli áranna 1977 og 1979. Þessar tölur sýna að almenningur hefur ekki lengur efni á því í eins ríkum mæli og var og æskilegt væri að njóta þessa einfalda og tiltölulega ódýra menningartækis.

Meðalverð á hljómplötu er um 11 þús. kr. Ef vörugjaldið félli niður mundi verð á hverri hljómplötu lækka um ca. 23% eða niður í um 8500 kr. Ég held að ríkissjóður mundi ekki tapa miklu á þessari till., ef samþykkt yrði, og til að sýna fram á það hef ég látið reikna út dæmi um hvert yrði tekjutap ríkisins ef vörugjaldið yrði fellt niður og ef sala á hljómplötum færi aftur upp í það magn sem hún var 1977, áður en vörugjaldið kom á, og reyndar 5% betur, sem verður að telja aðlilega viðmiðun, því það er ekki ólíklegt að sala á þessari vörutegund aukist nokkuð við eðlilegar kringumstæður frá ári til árs.

Ef við tökum árið 1979 eru tekjur ríkissjóðs þessar: 75% tollur 271.6 millj., 30% vörugjald 190 millj. og svo söluskattur, sem er í þessu dæmi reiknaður eins og hann er í dag, þ. e. 23.5%, 340 millj. Þá eru tekjurnar um 800 millj. Ef árlegur innflutningur færi sem sagt upp í 80 tonn, þ. e. sama magn og 1977 með 5% aukningu, og

vörugjald yrði fellt niður kæmi eftirfarandi út: 75% tollur 371 millj., söluskattur 23.5% 396 millj. eða 767 millj. kr. Hér munar því í rauninni sáralitlu og svo litlu að það tekur varla tali að nefna það og ekkert ólíklegt að salan ykist meir en hér er gert ráð fyrir.

Ég held að það sé öllum ljóst, sem nálægt sölu á þessari vöru koma og fylgjast svolítið með á þessum markaði, að minnkandi sala á ekki síst rætur að rekja til stóraukinna kaupa á þessari vörutegund erlendis. Verð í nágrannalöndum okkar er víða tvisvar til þrisvar sinnum lægra en hér á landi. Ég held að óeðlilegt sé að ríkið gerist offari í skattheimtu með þeim afleiðingum að sala á þessari vörutegund flytjist til útlanda.

Hlutur ríkisins nú í verði á hljómplötum er 45% af útsöluverði og færi niður í 38.7% ef vörugjaldið yrði fellt niður. Þetta er sem sagt ekki mikið mál fyrir ríkissjóð, en hins vegar er þetta mikið mál fyrir ótrúlegan fjölda fólks sem vill geta notið tónlistar á heimilum sínum, en hefur nú dregið verulega við sig kaup á þessari vörutegund og verður því af ómældri ánægju við tónlistarhlustun heima hjá sér.

Ég vonast til að þessi litla till. sé þess eðlis að menn bindist ekki ströngum og sterkum flokksböndum þegar hún kemur til atkv., heldur láti sannfæringu sína ráða í þessu litla máli.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram, að sú brtt., sem hér er flutt af hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, var flutt skriflega eftir að málið hafði fengið umfjöllun í nefnd og eftir að það hafði jafnvel verið þar óeðlilega lengi, en þetta er 6. mál þingsins. Við í nefndinni höfum ekkert fjallað um brtt. sem hér er flutt, ekki haft beinar aðstæður til að kynna okkur þetta mál og meta það út frá tekjutapi ríkissjóðs.

Ég get út af fyrir sig fallist á þau rök sem hann flutti hér og má flytja varðandi fjöldann allan af vörutegundum sem tollaðar eru af ríkinu, svokallaðar hátollavörur. Það er eflaust rétt, að það má búast við því að ef hátollur er lagður niður og vörugjald lagt niður af mörgum þessara vörutegunda mundi salan aukast. Það er erfitt að rökstyðja það, að á þessar vörutegundir margar hverjar sé lagður svo hár skattur. Þetta er út af fyrir sig vandamál sem við höfum átt við að glíma hér um langt skeið og okkur hefur ekki gengið vel að taka á, kannske af þeirri einföldu ástæðu að tollalækkanir hafa verið miklar á undanförnum árum og tekjur ríkissjóðs af tollum hafa farið mjög ört lækkandi. En ég verð að segja það varðandi þetta mál, að ég get ekki mælt með því að brtt. sem þessi sé samþykkt án þess að hún hafi fengið umfjöllun í nefnd og án þess að nefnd hafi fengið tækifæri til að skoða hana, meta hana og ræða hana við þá aðila sem sjá um framkvæmd þessara mála. Af þeirri einföldu ástæðu verð ég að leggja til að þessi till. verði felld.

ATKVGR.

Brtt. 423 felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JÞ, KP, MHM, SigurlB, MÁM, ÓE, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, VI, FrS, HBl, SvH.

nei: IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, GHall, ÞS, AS, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, SvJ, IGuðn.

EH greiddi ekki atkv.

3 þm. (PS, SighB, GeirH) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Ég tel að það mæli margt með því, ef efni málsins er skoðað, að þessi till. verði samþ. Það er vitað og mér er það ljóst, að hljómplötuverð á Íslandi er ákaflega hátt og hljómplötuútgáfa á í miklum erfiðleikum. Hins vegar hygg ég að þetta mál þurfi í heild miklu nánari skoðunar við og ég geri ráð fyrir að svo geti farið að á vegum míns ráðuneytis fari fram slík athugun áður en langir tímar líða. En þetta mál hefur ekki hlotið að mínum dómi eðlilega meðferð hér eða umfjöllun í þinginu að þessu sinni og með tilliti til þess segi ég nei.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hér er fyrst og fremst um að ræða að staðfesta brbl. sem var samstaða um að staðfesta með fulltrúum stjórnarflokkanna og fulltrúa Alþfl. Þessi till. kom ekki fram við meðhöndlun málsins í nefnd. Hún kom eftir að málið hafði verið meðhöndlað í nefnd og hefur því ekki hlotið venjulega meðhöndlun í þinginu, eins og venja er til um slík mál, og ég segi því nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér þykir rétt að líta á efni málsins. Hér er um réttlætismál að ræða. Á hinn bóginn erum við alvanir því nú upp á síðkastið að meðhöndlun Alþingis á einstökum málum sé með alls konar hætti. Ég segi því já.

Frv. samþ. með 27:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, VI, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, SvJ, IGuðn, IGísl, JE, JS, KP, MHM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, GHall, VG, ÞS, AS, ÁG, BGr.

nei: BÍG, FrS, HBl, JÞ, SigurlB, MÁM, ÓE, SteinG, AG, SvH.

3 þm. (GeirH, PS, SighB) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 93, n. 422). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. deildar hefur haft til athugunar frv. til laga um breyt. á lögum nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 23 6. maí 1976. Hér er um að ræða þrjár breytingar á hámarki sektarheimildar til handa lögreglustjórum og lögreglumönnum og eru þessar breytingar gerðar til samræmis við verðlagsbreytingar í landinu.

Ein af þessum breytingum sker sig úr, en þar er gert ráð fyrir að sektarheimild sé hækkuð úr 30 þús. kr. í 500 þús. kr. Skýringin er sú, að síðast þegar þessar heimildir voru teknar til endurskoðunar og hækkaðar, árið 1976, varð þessi heimild útundan.

Eitt nýmæli er í þessu frv. er heimilar upptöku eigna er tengjast brotum, enda fari verðmæti þeirra eigi fram úr 100 þús. kr.

Allshn. þessarar hv. deildar er sammála um að mæla með samþykkt frv. Standa allir nm. að því áliti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Sameinað þing, 54. fundur.

Fimmtudaginn 8. maí, kl. 2 miðdegis.

Svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað, þáltill. (þskj. 421). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Upplýsinga- og merkingaskylda við ríkisframkvæmdir, þáltill. (þskj. 433). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hafsbotnsréttindi Íslands og samvinna við Færeyinga, þáltill. (þskj. 434). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég þakka umburðarlyndið. Hér hefur í fjölmargar vikur verið á dagskrá í Sþ. örstutt fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um fyrirtækið Olíumöl. Þessu máli hefur aftur og aftur verið vikið af dagskrá. Fyrst var borið við veikindum fjmrh., sem auðvitað er ekkert við að segja, en síðan, eftir að hann mætti aftur, hefur málinu verið vikið af dagskrá.

Vandinn við þetta mál er sá, að eftir 3. umr. fjárlaga var fjvn. og hæstv. fjmrh. falið að taka ákvörðun um þetta. Það er vitað í öllum þingflokkum, að núna á þessum dögum, jafnvel á þessum klukkustundum, er málið komið á ákvörðunarstig í fjvn. Þess vegna, herra forseti, vil ég gera um það þá þinglegu kröfu, að þessi fyrirspurn fáist rædd í þinginu og að hv. þm. fái að tjá sig um málið áður en þessi ákvörðun er tekin í fjvn. Málið er komið alveg að ákvörðunarstigi og ég teldi til mikillar vansæmdar ef þessi ákvörðun yrði tekin áður en þetta Olíumalarmál er rætt hér í sameinuðu þingi.

Ég kveð mér hljóðs um þingsköp vegna þess að ég hafði spurt forseta persónulega um þetta margítrekað. Mér hafði skilist að fyrirspurnir yrðu teknar fyrir í dag. Honum er jafnljóst og mér og öðrum að þetta hefur dregist óeðlilega lengi, en ég geri um það þá þinglegu kröfu, að fyrirtækið Olíumöl og samskipti þess við skattgreiðendur fáist rædd hér áður en þessi ákvörðun er tekin.

Forseti (Jón Helgason): Vegna orða hv. síðasta ræðumanns vil ég aðeins gefa þá skýringu, að samkv. þingsköpum skulu fsp. ræddar á sérstökum fundum, og sú hefð hefur skapast, að þeir eru haldnir einu sinni í viku. Þá eru fsp. látnar ganga fyrir þáltill. En s. l. þriðjudag var röðin ekki komin að þessari fsp. þegar tíminn, sem hægt var að hafa fyrir fyrirspurnafund, var liðinn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mér er ljóst að það er auðvitað vandi að koma málum að þar eð mörg mál liggja hér fyrir þinginu og svo málglaðir sem menn eru. Forseti hefur auðvitað gefið eðlilegar skýringar á þeim drætti sem hefur orðið á því að þetta mál kæmist á dagskrá. En mér finnst eðlileg krafan sem hv. þm. Vilmundur Gylfason bar fram um að málið verði ekki afgreitt út úr fjvn. fyrr en umr. hefur farið fram hér í þinginu um þessa fyrirspurn. Ég vil því óska eftir því við forseta, að hann beiti sér fyrir því, að sá háttur verði á hafður, nefnilega haga dagskrá þannig og að forseti beini því til fjvn. að vinna þannig að hægt sé að verða við þessari kröfu, því mér finnst hún þingleg og eðlileg.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég bendi á það, að Sþ. afgreiddi heimild til handa hæstv. fjmrh. um afgreiðslu þessa máls. Það hefði skapast nægur tími til að ræða málið þá og einnig þá aðferð, að það skyldi vera komið undir atkv. í fjvn. hvort hann notfærði sér þessa heimild. Það er þess vegna afgreitt mál hér af hálfu hins háa Alþingis að viðstöddum öllum 60 þm., trúi ég, við afgreiðslu fjárlaganna, þar sem þetta mál lá allt saman fyrir. Þinglega meðferð hefur þetta mál því fengið í fyllsta máta og gjörsamlega ástæðulaust að vera með þetta upphlaup nú.

Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra, þáltill. (þskj. 226). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýting kolmunna og vinnslustöð á Austurlandi, þáltill. (þskj. 227). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 227 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi till.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hefjast nú þegar handa um nýtingu kolmunna til veiða og vinnslu. Skal í því sambandi komið á fót vinnslustöð á Austurlandi (Reyðarfirði) til vinnslu kolmunnaafurða með frystingu og þurrkun í huga."

Það er sérstaklega ánægjulegt að mæla fyrir þessari þáltill. nú þegar þær ánægjulegu fréttir berast, að kolmunnaveiði gangi mjög vel, en hins vegar kunn sú dapurlega staðreynd, að allt of mörg loðnuskipin okkar liggja bundin verkefnalaus á sama tíma. Það er ekki nema einstaka aðili sem notfærir sér þennan fiskstofn. Í sambandi við þennan tillöguflutning hefur flm. stuðst við skrif Magna Kristjánssonar um þessi mál sérstaklega svo og álitsgerð og athuganir Sigurjóns Arasonar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Raunar er þessi till. komin hér á borð þm. beint fyrir tilstuðlan þess ágæta skipstjóra Magna Kristjánssonar, sem hefur að öllum öðrum ólöstuðum verið mestur áhugamaður um þetta mál frá upphafi.

Ég ætla að vísa í grg. að nokkru hér á eftir, en hlýt þó fyrst að gefa frumkvöðli hennar orðið. Rétt um það leyti sem hann var að búa sig undir leiðangursstjórn til Cap Verde sendi hann mér línur og þar stóð þetta m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Ekkert hefur breyst þetta ár síðan greinin var skrifuð," — sem vitnað er til hér í grg. — „nema það, að við Íslendingar höfum dregist aftur úr miðað við aðra. Til viðbótar vil ég undirstrika hvað mikilvægast er að stjórnvöld nú geri til að raunhæfar veiðar kolmunna geti hafist og vinnslan svo í framhaldi af því:

1) Taki hið fyrsta ákvörðun um aðgerðir til eflingar kolmunnaveiðum og vinnslu og kynni þær viðkomandi. Óvissa er til tjóns og fælir útgerðarmenn og sjómenn frá þessum verkefnum.

2) Ákveðið hið fyrsta að nota hluta af fjármunum þeim, sem verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs hefur til umráða, til að verðbæta kolmunna. Ráðherra og oddamaður í Verðlagsráði hafa til þess aðstöðu, og þar á ég við í enn ríkara mæli en gert var nú síðast, við síðustu fiskverðsákvörðun.

3) Leitað eftir tvíhliða samningum við Færeyinga um gagnkvæman rétt til kolmunnaveiða." Þetta er nú reyndar á dagskrá þessa fundar í dag. — „Þetta er ekki stórt atriði, en mundi e. t. v. laða að örfáa aðila og auka líkur á að skip gæfu sig að kolmunnaveiðum hér heima í sumar." Hann bendir á að verð á kolmunna í Danmörku í vor er áætlað 48 aurar danskir pr. kg.

Svo mælti Magni Kristjánsson í þann mund sem hann fór að kenna eyjarskeggjum á Grænhöfðaeyjum listir sínar við veiðiskap.

Almennar athugasemdir um þetta eru þær, að nauðsyn þess, að hér sé við brugðið af fullri einurð og skipulega, er ótvíræð. Hvað snertir sérstaklega þá vinnslustöð, sem till. lýtur að, þá þarf hún að vera sem næst veiðisvæðinu. Veiðitíminn er skammur og því þarf hér að vera um að ræða stóra hráefnisgeymslu, því mikill hluti slíkrar stöðvar yrði að geta verið frysti- og kæligeymsla fyrir ársvinnsluna, en jafnframt yrði um afurðageymslu að ræða. Útbúnaður þarf að vera til flökunar og annað tilheyrandi frystiþættinum og sama er að segja um búnað til þurrkunar og herslu, en eins og markaðsmál standa í dag verður að leggja aðaláherslu á þurrkunina.

Kolmunninn er að vísu afbragðsfiskur til frystingar, en þar þarf átak í markaðsmálum til að koma, þannig að á því sviði verði um verulega nýtingu að ræða.

Ekki þarf að rökstyðja hve sjálfsagt er að reisa slíka vinnslustöð á Austfjörðum. Álit þeirra sem hér hafa mest um fjallað — og ég hef leitað til margra varðandi það atriði, er að þar sé Reyðarfjörður í fremstu röð. Gagnvart ríkisvaldinu, frumkvæði þess og aðstoð hlýtur það að teljast mjög jákvætt, að fiskimjölsvinnsla á Reyðarfirði er í höndum Síldarverksmiðja ríkisins.

Svo vikið sé fyrst að nýtingu fiskstofna og fiskiskipa, þá er ljóst að hér er um mikinn ónýttan auð að ræða, einn fárra þátta í okkar sjávarfangsöflun, þar sem aukning er beinlínis sjálfsögð. Einnig er ljóst að skip úr hinum almenna flota okkar hljóta að koma hér til. Kolmunnaveiðar hlytu að verða góð búbót fyrir marga sem hlíta þurfa veiðitakmörkunum varðandi sókn í aðra fiskstofna.

Með hinni nýju verðjöfnunardeild í Aflatryggingasjóði ætti að vera unnt að greiða verulegar verðbætur á kolmunna með beinni ákvörðun ráðh. um það. Ekki síst er þetta sjálfsagt þegar verðbætur eru í dag greiddar á fisktegundir sem taldar eru í hættu vegna ofveiði, svo sem gildir um ufsa og karfa. Þetta með verðbæturnar var gert nú að hluta og að nokkru við síðustu verðákvörðun, þó að áliti Magna Kristjánssonar sé þar allt of skammt gengið ef á að laða menn verulega til þessara veiða.

Ég get ekki stillt mig um að vitna í Magna í þessari framsögu minni, þó ég skuli reyna að stytta það eins og ég get:

„Umræða um ofnýtingu fiskstofna er fyrirferðarmikil. Samfara þeirri umræðu er stundum bent á að til eru vannýttir fiskstofnar. Það síðarnefnda fær ekki umfjöllun sem skyldi. Þvargað er fram og aftur um ofnýttu stofnana. Lengra nær umræðan oftast ekki og að sjálfsögðu fæst engin niðurstaða. Margir segja líka, að fiskiskipaflotinn sé allt of stór, og vilja selja bróðurpart flotans eða leggja honum. Þessi floti er nú einu sinni í höndum landsmanna og raunhæfari leið til úrbóta er að finna honum verkefni við hæfi. Kolmunnann ber oft á góma þegar um vannýtta fiskstofna er rætt. Í þessari grein" — en þetta er tekið beint úr grein hans sem hann ritaði í ársbyrjun 1979 — „mun ég fjalla um þann ágæta fisk og þá möguleika sem við höfum í dag til að veiða hann."

Síðan fjallar Magni almennt um þessa fisktegund og endar á að greina frá því, að stofnstærðin sé áætluð 10—12 millj. tonna og árlegt veiðiþol a. m. k. 1.5 millj. tonna. Síðan kemur hann að því, að langbest veiðivon muni vera á hrygningarstöðvunum, einnig við Færeyjar og svo í íslenskri fiskveiðilögsögu úti fyrir Austfjörðum og á Dohrnbanka.

Þá víkur Magni að því áhugamáli sínu, hvernig um of hefur verið talað yfir daufum eyrum, og tilgreinir rök fyrir nauðsyn aðgerða. Hann nefnir þar fern rök sem ég tel rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þó að þar sé að nokkru leyti um endurtekningu að ræða:

„1) Innan tveggja ára verður með einhverjum hætti kvótaskiptur sá afli sem hver þjóð fær að veiða af þessum stofni. Þá hlýtur að verða tekið verulegt tillit til þess aflamagns sem hver einstök þjóð, sem að væntanlegu samkomulagi og aflaskiptingu stendur, hefur veitt þegar að samningum kemur.

2) Ástand ýmissa annarra fiskstofna við landið er þess eðlis, að brýna nauðsyn ber til að nýta alla þá möguleika sem felast í vannýttum stofnum.

3) Afkoma þjóðarbúsins út á við leyfir ekki að tækifæri til aukinnar gjaldeyrisöflunar séu látin ónotuð. Hvað þetta snertir eru möguleikarnir ótvíræðir. Rétt er að benda á í þessu sambandi, að afurðir úr 100 þús. tonnum af kolmunna eru ca. 3—4 milljarða kr. virði miðað við bræðsluaflann og mun meira ef hluti aflans færi til manneldis, svo sem sjálfsagt væri." Menn athugi að þetta er ritað í ársbyrjun 1979.

„4) Nokkur hluti fiskiskipaflota okkar er verkefnalaus þann tíma ársins sem helst er von kolmunnaafla hér á heimamiðum."

Síðan víkur Magni að spurningunni, hvort við eigum skip, og fullyrðir að sterk hagsmunaleg rök hnígi að því, að við aukum kolmunnaaflann mjög hratt á næstu 1—2 árum, og spyr þá um það, hvort við höfum aðstöðu og búnað til þess. Hann svarar þessu eindregið jákvætt og segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef hefðbundin viðmiðun er notuð eigum við innan við 10 eiginleg kolmunnaskip. En miðað við þróun síðustu ára og miðað við þá staðreynd, að væntanlegar

veiðar hér við land eiga sér stað við góðar veðurfarslegar aðstæður, tel ég að stór hluti loðnuveiðiflotans sé fær um að sinna þessum veiðum með flotvörpu af nýjustu gerð, og þá á ég við að skipin noti hvert sína vörpu (ekki tvílembingstroll).

Við lauslega athugun sýnist mér að um það bil 30 loðnuveiðiskip hafi 1000 hestafla vélar eða stærri og þar með möguleika að draga flotvörpu við sæmileg veðurskilyrði. Auk þess eru a. m. k. þrír skuttogarar sérlega hentugir til kolmunnaveiða."

Í lok greinarinnar segir svo Magni:

„Eins og áður segir veiddust hér við land aðeins 35 þús. lestir á s. l. ári af kolmunna" — þ. e. á árinu 1978. — „Setjum því markið hátt og veiðum í ár" — þ. e. á árinu 1979 — „yfir 100 þús. lestir og 200 þús. lestir næsta ár. Þetta er framkvæmanlegt og mundi, eins og ég hef bent á, styrkja stöðuna þegar að kvótaskiptingu kemur. Og ekki má gleyma blessuðum ríkiskassanum. Þar hlýtur að vera pláss fyrir þann gjaldeyrisauka sem af þessu hlytist. En til að þetta megi takast verður að hefjast handa. Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær."

Ég vitna ekki frekar í Magna Kristjánsson, enda býst ég við að öllum hv. þm. sé kunnugt um baráttu hans í þessum efnum og vel rökstudd skrif hans um þessi mál. Og kannske einmitt vegna þess, að þetta áhugamál hans hefur ekki náð fram að ganga, er hann nú farinn af landi brott. Hann er farinn til að sinna góðu verkefni, og ber ekki að harma það út af fyrir sig þó að gjarnan hefði ég viljað sjá hann nú við kolmunnaveiðar og stóran flota með honum í því verkefni.

En svo vikið sé að því sem segir í skýrslu Sigurjóns Arasonar sem hann flutti á aðalfundi Rannsóknaráðs ríkisins, þá bendi ég aðeins á það, að sagt er að árleg veiði úr stofninum geti numið a. m. k. 1.5 millj. lesta og hlutur okkar Íslendinga gæti orðið a. m. k. 200 þús. lestir ef rétt er að staðið.

Hann bendir svo á það, sem mér finnst athyglisverðast í þessu öllu, að á síðasta ári veiddust alls rúmlega 1.2 millj. lesta af kolmunna og þar af veiddu Sovétmenn um 760 þús. lestir í Norðausturdjúpi rétt utan við íslensku 200 mílna mörkin.

Þá víkur Sigurjón að kolmunnarannsóknunum sumarið 1979 og segir svo orðrétt, með leyfi forseta, um þær:

„Vinnslutilraunirnar voru framkvæmdar á Eskifirði og var kolmunninn eingöngu unninn í skreið og var verkunin miðuð við tvo markaði, þ. e. gæludýrafóður og til manneldis í Nígeríu. Báðir þessir markaðir vilja kaupa kolmunnaskreið hvort sem hún er slægð eða óslægð, en óslægða skreiðin má ekki vera of feit. Þess vegna gerðum við athuganir á hve lengi væri hægt að þurrka kolmunnann vegna átu og fitu. Kolmunni var þurrkaður í maí og mældist fitan um 2% og hafði það engin áhrif á skreiðargæðin. Í júlílok var fitan komin í 3.5% og virtust mörkin vera þar."

Ég hef hér í höndum minnisblað frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins þar sem fjallað er sérstaklega um vinnslustöð af þessu tagi. Þar segir, með leyfi forseta, að „eftirfarandi kröfum sé æskilegast að fullnægja í þessu efni og rennir stoðum undir það, að svona vinnslustöð þurfi að reisa: Það er í fyrsta lagi húsnæði nægilega stórt, hátt undir loft og á þægilegum stað." Að vísu segir þar „helst á hitaveitusvæði". Það er nú það sem ég geri athugasemd við af eðlilegum ástæðum. En það er skiljanlegt og eðlilegt að menn miði við það vegna þess kostnaðar sem um er að ræða. „Frystigeta og frystigeymslurými fyrir hráefni. Vinnuafl sem ekki er rígbundið í öðru þegar nauðsynlegt er að taka á móti smáfiski eða vinna hann. Veiðimöguleikar eða a. m. k. góð sambönd við veiðiskip fyrir kolmunna, loðnu og spærling. Síðan þyrfti að gera tilraunir með þennan þurrkara, sem bent er á að þurfi að reyna til hlítar hér á landi miklu frekar en gert var við tilraunirnar á Eskifirði, og síðan er talað sérstaklega einnig um hönnun og smíði slægingarvéla fyrir lifrarmikinn kolmunna og sagt frá því, að gerður verði samningur við Traust hf. um að hanna eða breyta og smíða eina einfalda slægingarvél fyrir kolmunna og vélin yrði þá tilbúin í tæka tíð."

Það er sem sagt verið að vinna að þessu máli á ýmsum sviðum sem betur fer.

En svo ég vitni aftur í grg. eða skýrslu Sigurjóns Arasonar, þá segir hann svo orðrétt:

„Söluverð og framleiðslukostnaður fyrir þessar þrjár kolmunnaafurðir, marning, flök og skreið, eru fundin með mælingum og útreikningum og súlurit á mynd 12 sýnir þessar niðurstöður. Mynd 12 svo og þrjú önnur fylgirit eru með greinargerðinni.

Kostnaðartölur úr flaka- og marningsvinnslunni eru fengnar úr færeyskum tilraunum og eru aðlagaðar íslenskum aðstæðum. Af súluritinu sést að af þessum þremur kolmunnaafurðum er skreiðarvinnslan hagkvæmust." Þetta súlurit fylgir hér með eins og menn sjá.

Í niðurlaginu í skýrslu Sigurjóns segir hann orðrétt, með leyfi forseta: „Kolmunnaveiðar við Ísland eiga að geta aukist verulega og raunhæft væri að stefna að a. m. k. 200 þús. tonna veiði árlega. Fyrstu árin þyrfti að gera ráð fyrir blönduðum veiðiskap, þ. e. landa hluta kolmunnans úr hverri veiðiferð til bræðslu og hinn hlutinn færi í vinnslu til manneldis, vegna þess, að í landi er ekki til næg aðstaða til vinnslu á neyslufiski, og eins hins, að markaðir fyrir kolmunna til neyslu eru óvissir. Þurrkun kolmunnans getur farið fram á sama hátt og þurrkun annars smáfisks og skapast þá samfelldara hráefnisframboð. Einnig þarf að vera nægilega stór markaður fyrir þessa vöru. Töluverður markaður virðist vera á Norðurlöndum og víðar fyrir þurrkaðan smáfisk í gæludýrafóður og stór markaður er fyrir smáfiksskreið til manneldis í Nígeríu." — Þetta þykir mér dapurlegur samanburður. — „Eins og áður er nefnt er framleiðsla á kolmunnaskreið sú vinnsla sem skilar mestum arði.

Fiskverkendur og neytendur hafa ekki enn viðurkennt kolmunnann sem nýja tegund, heldur er sífellt reynt að framleiða úr honum afurðir sem eru sambærilegar við þá fiskrétti sem nú þegar þekkjast á markaðnum. Kolmunninn hentar ekki vel í þessa fiskrétti og þar af leiðandi er markaðsverð kolmunnaafurða um 70% lægra en fyrir sambærilegar þorskafurðir.

Engin tæknileg vandkvæði eru á því að veiða og vinna kolmunnann í afurðir til manneldis. Málið snýst því raunverulega um það verð sem framleiðendur geta borgað fyrir hráefnið. Verðið er mjög háð markaðsverði fullunninnar vöru, sem þarf að vera það hátt að ekki verði tap á rekstrinum."

Síðan setur hann fram ákveðna hugmynd um nýtingu og verðmætasköpun, og það er fram tekið af hálfu Sigurjóns að hér er um grófar tölur að ræða og ekki hinar áreiðanlegustu. Hann talar annars vegar um söluverðmæti kolmunnaafurðanna og fær út úr því, miðað við 200 þús. tonna veiði, 25 þús. tonn í skreiðarverkun og 175

þús. tonn í fiskmjölsvinnslu. Þá fær hann heildarskilaverðmæti upp á 10.8 milljarða. En olíukostnaðinn, sem er stærsti liðurinn við þessa verðmætasköpun, telur hann nema 3.2 milljörðum bæði fyrir veiðiflotann og fiskmjölsvinnsluna. Hann telur að verðmætasköpunin við kolmunnaveiðarnar verði 7.6 milljarðar, og er þá olíukostnaðurinn 25—30% af söluverðmæti kolmunnaafurðanna.

Um fylgiritin vil ég svo aðeins segja það, að í áætluðum framleiðslukostnaði er reiknað með heitu vatni — eðlilega með ódýrasta orkugjafanum. En miðað við rafmagn, eins og það getur orðið ódýrast, er hér enginn sá munur á, sem skiptir öllum sköpum að dómi Sigurjóns, þó hann hafi eðlilega valið ódýrasta kostinn þegar hann er að setja upp svona dæmi.

Að öðru leyti þarf ekki frekar að fara orðum um fylgirit I.

Óneitanlega eru súlurnar á fylgiriti II ógnvekjandi hvað snertir landsbyggðina, en sannarlega skal vona að það standi til bóta. En það er aðeins eitt sýnishorn af því, hve aðstöðumunurinn er óskaplegur.

III. og IV. fylgiritið þarfnast ekki skýringa, enda þyrfti ég að kunna meiri og betri skil á hinum ýmsu aðferðum til verðmætasköpunar til þess að geta farið náið út í einstök atriði. Súlurit nr. IV sýnir þó vel varðandi einstakar aðferðir hvert er söluverðið, hver hinn breytilegi kostnaður er og hver eru hráefniskaupin.

Ég hygg að ég þurfi ekki að hafa lengri framsögu fyrir þessu máli. Ég held að málið sé á því stigi, að við megum engan tíma missa ef við eigum að gera einhverja tilraun. Eðlilega bind ég mig við mitt kjördæmi, Austurland, í sambandi við þessa vinnslustöð, sem ég tel að sé nauðsynleg. Og það er ekki mín skoðun sem þar ræður, heldur er það skoðun fjölmargra skipstjóra, að þannig eigi að vinna að þessu máli að fara alls ekki út í kolmunnaveiðar í stórum stíl án þess að við séum með vinnslu á kolmunnanum til manneldis i því dæmi, það sé alveg bráðnauðsynlegt, það þurfi að fylgja og það eitt geti tryggt það, að menn laðist að þessum veiðum. Þess vegna er till. um vinnslustöðina kannske meginburðarásinn í þessari till., vegna þess að ég veit að menn eru að gefa kolmunnanum vaxandi gaum eðlilega, en menn þurfa enn þá betur að gera. Það er rétt, sem Magni segir í sinni grg., að það dugir ekki að þvarga endalaust um þá fiskstofna, sem ofnýttir eru. Það þarf að huga fyrst og fremst að þeim fiskstofnum, sem gefa einhverja möguleika, þar sem við getum verulega og án allrar áhættu náð okkur í dýrmætt hráefni og mikil verðmæti fyrir þjóðarbúið.

Ég vil svo aðeins taka það fram, að mér sýnist að hvernig sem á þessu máli verður tekið af hálfu stjórnvalda — og ég treysti því að það verði gert — þá sé hér um brýnt þjóðhagslegt atriði að ræða, jafnt frá sjónarmiði fiskveiða og vinnslumöguleika. Ég er ekki að segja að þessi till. sé á nokkurn hátt tæmandi, að hún sé einhver lausn í málinu. En vegna þeirra manna, sem hafa unnið mest að þessu máli og haft á þessu mestan áhuga og hafa beðið mig að flytja það beint inn á þing, þá hef ég talið mér skylt að gera það. Ég efast ekki um að allir séu sammála um að að einhverri slíkri skipan mála, sem þessi till. lýtur að, þurfi að vinna að af fullri einurð og gera allt sem unnt er til að nýta þessa auðlind sem best. Því er till. um þetta hreyft hér á Alþingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. atvmn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér er að sjálfsögðu verið að fjalla um mikilvægt mál, sem allmikið hefur verið rætt á undanförnum árum, og ýmsar tilraunir hafa verið í gangi. Það verður að segjast eins og er, að það hefur gengið hægar en menn hefðu óskað að tileinka sér nauðsynlega tækni við veiðar á kolmunna. Hafa þó margvíslegar tilraunir verið í gangi. Ég hef verið og er þeirrar skoðunar, að verðbætur á kolmunnann væru kannske enn líklegri til árangurs en flest annað til að stuðla að framförum í veiðitækninni, með því að þá mundu fleiri spreyta sig á þessu verkefni. Þess vegna var farið inn á þá braut, og ég fagna því að flm. þessarar till. tekur mjög eindregið undir það að sú leið sé farin. Mér segir svo hugur um að það þurfi að verðbæta heldur meira framan af en síðar mundi verða reyndin þegar menn hafa komist upp á lag með veiðarnar.

Ég held að þær tilraunir, sem hafa verið gerðar með vinnslu á kolmunna til manneldis, lofi allgóðu, og það gildir reyndar líka um þær tilraunir sem gerðar hafa verið með geymslu á kolmunnanum vegna vinnslu í þessu skyni um borð í fiskiskipunum, t. d. í krapakössum. Ég er sammála flm. um að við eigum að leggja rækt við þennan þátt.

Ég held að það sé líka augljóst, að að því er varðar vinnslustöð liggja Austfirðir langbest við og hljóta fyrst og fremst að koma til álita vegna þess hvernig veiðisvæðin eru. Það kann að verða erfitt að uppfylla hitt skilyrðið, um hitaveituna. En ég þykist vita að þeir menn, sem fram á eru á Austfjörðum, muni leggja sig eftir því að finna þær landnytjar líka.

Að lokum vil ég ítreka það sjónarmið sem kom fram hjá flm., að það er auðvitað ekki síður mikilvægt að huga að vannýttum fisktegundum en ofnýttum. Og ég tel að sú braut, sem farið hefur verið inn á með verðbætur á vannýttar tegundir, sé eitthvert besta stjórntæki sem við getum haft til að ráða einhverju um veiðimagn úr einstökum fiskstofnum. Ég skil þessa till. þannig, að hér sé jafnframt að því er vinnsluna varðar verið að benda á það, að menn fikri sig áfram í tilraunaskyni, en ekki sé ætlunin að byggja einhverja stórkostlega loftkastala. Í þeim skilningi þykir mér þessi till. góð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Geðheilbrigðismál, þáltill. (þskj. 240). — Frh. einnar umr.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða í einstökum atriðum þá till. til þál. sem hér er til umfjöllunar, aðeins að drepa á örfá atriði sem málinu eru viðkomandi.

Þegar geðheilbrigðismál ber á góma hljótum við að leiða hugann að þeirri þjóðfélagsgerð, sem einstaklingurinn býr við, og ekki síður því nánasta umhverfi, sem lifað er í. Spurningar hljóta að vakna um það, hvort okkar þjóðfélagsgerð, hvort okkar umgengnishættir séu á þann veg að stuðlað sé að andlegri velferð og geðheilbrigði. Spurningar hljóta einnig að vakna um það, hvort óeðlilegt sé að einstaklingarnir láti undan álaginu í lífinu, þeim áföllum sem óhjákvæmilega verða einhvern tíma á lífsferli allra manna. Hver og einn getur spurt sig þeirrar spurningar, hvort það beri vott um meira manngildi að standa óhaggaður tilfinningalega, finna hvorki

sársauka né söknuð. Talið er að allir menn verði fyrir áföllum einhvern tíma á lífsleiðinni sem breyta andlegri líðan verulega. Má þá ekki halda því fram, að það sé jafnvel sjálfsagður þáttur mannlegs lífs að gefast upp við og við tilfinningalega? Hver einstaklingur hlýtur að vera og er samtengd heild líkama, geðheilsu og félagslegs atferlis. Þess vegna hefur tilfinningalegt álag áhrif á alla þessa þætti og birtist í fjölmörgum myndum. Ef það er rétt, að hjá þriðjungi sjúklinga, sem liggja á lyflæknisdeildum, séu tilfinningaleg eða geðræn vandamál sjúkdómsvaldurinn, hljótum við að leiða hugann að mikilvægi þess að sinna geðheilbrigðismálum með eðlilegum hætti, ekki aðeins vegna geðheilbrigði einstaklinganna, heldur líka vegna líkamlegra sjúkdóma sem sigla í kjölfar andlegrar óheilbrigði.

Í sjálfu sér má halda því fram, að heilbrigði sé ekki sjálfsagt eðlilegt ástand, heldur stöðugur lifandi straumur sem lagar sig sífellt að breytilegum innri og ytri aðstæðum. Ég hygg að það sé ekki ofmælt, að engin grein innan heilbrigðiskerfisins eigi við að etja jafnhatramma fordóma og einmitt geðheilbrigðismál. Ég gæti trúað að margir þeirra, sem heilbrigðir teljast, kveinki sér jafnvel við að tala um geðsjúkdóma nema þá kannske í hálfum hljóðum. Þeir fordómar, sem ég áður nefndi, eiga fyrst og fremst rætur í vanþekkingu og skilningsleysi þeirra sem heilbrigðir teljast. Því miður kemur það fyrir of oft, að sá, sem leitar meðferðar vegna andlegrar vanheilsu, er lítilsvirtur og jafnvel um langan tíma brennimerktur í því umhverfi sem hann lifir og starfar í. Einmitt þess vegna veigra margir sér við að leita sér hjálpar fyrr en í óefni er komið og lækning öll verður mun erfiðari.

Það er mjög mikilvægt að berjast gegn þeim fordómum sem ég áður nefndi, m. a. með stóraukinni fræðslu. Og það þarf að vera hægt að ná til sjúkra á byrjunarstigi. Þess vegna er opnun neyðarþjónustu í göngudeild mjög brýn, þar sem sérhæft starfsfólk væri til taks allan sólarhringinn, helga daga sem virka, og fólki veittist eins auðvelt að nálgast þessa hjálp og mögulegt væri. Aukið eftirlit og eftirmeðferð í formi göngudeildarþjónustu, er sendir sérhæfða starfsmenn út á heimilin, er vafalaust mjög nauðsynleg. Slík þjónusta hefur verið í gangi síðan 1963 á Glostrup-geðsjúkrahúsinu í Kaupmannahöfn, en þá byrjaði einn hjúkrunarfræðingur þetta starf í tengslum við deildir spítalans. Á þeirri tíð voru um 80% af öllum innlögnum á sjúkrahúsið endurinnlagnir, en nú hefur þeim fækkað allverulega, eða í 40%, og talið er að þessa breytingu megi hiklaust rekja til þess að með heimsóknum á heimilin og stuðningsmeðferð úti í hinu daglega lífi tekst að leysa hin fjölmörgu vandamál sem mundu leiða af sér sjúkrahúsdvöl ef ekkert væri að gert. Einnig verður að telja líklegt að slíkt fyrirkomulag geti sparað mikið fé, ég tala nú ekki um ef litið er til langs tíma. Slíkt fyrirkomulag er einnig líklegt til að hafa þau áhrif á einstaklinginn að hann njóti sín betur sem virtur þegn, og eflaust vinnur þessi aðferð gegn fordómum.

Sá þáttur geðheilbrigðismála, sem ekki hvað síst þarf að sinna, eru geðræn vandamál gamla fólksins. Margvíslegir erfiðleikar fylgja ellinni sem eru af andlegum toga spunnir, en þó er vitað að þeir erfiðleikar stafa ekki alltaf af þverrandi líkamskröftum. Hæfileikinn til þess að aðlagast breyttum aðstæðum minnkar að sjálfsögðu með aldrinum, en í því efni er hægt að styðja við og hjálpa ef vilji er fyrir hendi. Það, sem hjálpar öldruðu fólki þrátt fyrir allt hvað mest, er að gerðar séu hóflegar kröfur til þess. Öldruðu fólki er það ómetanlegur styrkur ef því er treyst til einhvers án þess þó að um of mikið álag sé að ræða. Það er staðreynd, að verklok hinna ýmsu einstaklinga leiða af sér tilfinningalegt álag sem mörgum reynist örðugt að standa undir. Þarna þarf samfélagið að koma til móts við þessa einstaklinga með sveigjanleg takmörk á starfsaldri, sem miðast við vinnugetu. En nóg um það.

Eitt af okkar stóru vandamálum eru jafnframt að sjálfsögðu þeir einstaklingar sem af geðrænum orsökum hafa leiðst til afbrota. Ég vil þó ekki á þessari stundu hætta mér of langt út í þá umræðu.

Telja verður eðlilegt að endurhæfing afbrotamanna fari fram á stofnun sem er sérhæfð til þeirra starfa. Hins vegar verður að líta svo á, að það sé í hæsta máta óeðlilegt að refsa mönnum fyrir sjúkdóm sinn, enda hljótum við að hafa þá hugsun að hver maður verði að eiga uppreisn æru, hann eigi rétt á henni.

Hér verður ekki rætt um siðferðilegt réttmæti refsingar. Frelsissvipting er gerð til þess að tryggja öryggi samborgaranna, það vitum við. En takmark refsivistar hlýtur að vera fyrst og fremst að gera fangann að nýtum borgara á nýjan leik, en svipta hann ekki frelsinu til æviloka, enda væri með því móti verið að losa umhverfið við þann sem vegna sjúkdóms síns varð til þess að brjóta lög og reglur okkar samfélags.

Í upphafi míns máls varpaði ég fram þeirri spurningu, að hve miklu leyti mætti rekja vanheilsu hinna ýmsu einstaklinga til þeirrar þjóðfélagsgerðar sem við búum við í dag. Í sjálfu sér þarf það ekki að vera neinum undrunarefni þótt ýmsir láti bugast í öllum þeim hraða, í allri þeirri spennu og í allri þeirri kröfuhörku sem þetta streituþjóðfélag okkar leiðir af sér. Við þurfum að koma í veg fyrir það að vanheilir á geði verði fyrir aukaálagi fordóma að meðferð lokinni, þegar þeir hinir sömu reyna að taka sér sess í fjölskyldu, í atvinnu og í samfélagi. Með hjálp og samvinnu jafnt lærðra sem leikra og umfram allt mannlegri hlýju getum við forðað andlegu skipbroti fjölmargra einstaklinga og aukið við þann fjársjóð sem fólginn er í andlegu heilbrigði okkar þjóðfélagsþegna.

Herra forseti. Hér eru geðheilbrigðismál fyrst og fremst til umfjöllunar. Ég vil þó ljúka máli mínu með því að víkja að heilbrigðismálum almennt. Ég held að það væri ástæða til þess að leggja meiri áherslu á hina almennu stjórnun innan heilbrigðiskerfisins ásamt því að einfalda allt skipulag og starfshætti og stuðla að meira samstarfi hinna ýmsu heilbrigðisstétta. Enda þótt leggja beri áherslu á uppbyggingu hverrar greinar heilbrigðismála er höfuðnauðsyn að missa ekki sjónar á þeim heildarmarkmiðum sem við setjum okkur í heilbrigðisþjónustu í þessu landi. Út frá þeim forsendum mætti e. t. v. spyrja hvort ekki væri ástæða til þess að taka til gagngerðrar endurskoðunar ekki aðeins geðheilbrigðismál heldur alla þætti heilbrigðismála í okkar landi með tilliti til uppbyggingar, með tilliti til rekstrar, með það að markmiði að fá það besta út úr þessari starfsemi sem möguleikar eru á.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi lýsa eindregnum stuðningi mínum við till. til þál. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur. Ég tel ákaflega mikilvægt að þessi till. skuli komin fram á þinginu. Hér er fjallað um einhver mikilvægustu mál heilbrigðisþjónustu lands vors, og eins og frsm. tók fram í ræðu sinni er ekki

einungis um einn þátt að ræða. Það er ekki einungis um þá að ræða sem sjúkir eru á geði, það er um að ræða mikilvægan þátt í öllu þjóðfélagslífi Íslandinga. Þessi þáttur er tengdur ótal öðrum, hann er tengdur löggjöf um atvinnu, hann er tengdur löggjöf um efnahagsmál, hann er tengdur vinnutíma, hann er tengdur fjölskyldu-uppbyggingu, skólum o. s. frv. Ég ætla ekki að tala langt mál um þetta. Ég vil þó aðeins minnast á eitt atriði í grg. fyrir þessari þáltill. Hér stendur: „Geðrænir sjúkdómar eru þó ein algengasta fötlun sem um getur."

Það vill svo til, að þetta mál hefur verið athugað nokkuð í sambandi við afstöðu fólks til fötlunar á vinnustöðum. Í þeirri athugun kom í ljós að fordómar gagnvart fólki, sem verið hafði til meðferðar vegna geðrænna vandamála, voru langtum algengari en maður hafði búist við, og reyndar svo algengir að greinilegt er að veruleg hugarfarsbreyting þarf að verða hjá þjóðinni til þessara mála svo að þeim sem átt hafa við geðræn vandamál að stríða, sé ekki bókstaflega vísað út á kaldan klaka þegar þeir koma út á vinnumarkað eða innan um fólk eftir dvöl á geðsjúkrahúsum.

Það er vissulega rétt, að hér er um tvenns konar mál að ræða raunverulega, eins og hv. þm. Davíð Aðalsteinsson tók fram. Það er annars vegar meðferð þeirra sem haldnir eru geðsjúkómum, hvernig þjónusta við þá verði bætt og efld, og í öðru lagi, sem ekki er minna um vert, hvernig staðið er að því að vernda fólk fyrir geðsjúkdómum. Ég held að einmitt sú nefnd, sem fær þetta málefni til meðferðar, þurfi að íhuga mjög vendilega fjölmarga þætti í okkar samfélagi áður en hún skilar álitsgerð. En ég er viss um að með góðu og heiðarlegu starfi muni unnt hér hjá þessari þjóð, sem býr að mörgu leyti við góð kjör, að draga verulega úr geðrænum sjúkdómum og jafnvel að við gætum orðið fyrirmyndarland á því sviði sem á öðrum sviðum heilbrigðismála ef rétt er á málum haldið.

Ég skal ekki hafa þetta lengra, en lýsi fullum stuðningi mínum við þessa tillögu.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól sem einn af flm. þessarar till. til þál. um geðheilbrigðismál sem hér er til umræðu. Eins og fram kemur í grg. með till. er hún flutt af þm. allra flokka í samráði við stjórn Geðhjálpar, sem er félag geðsjúklinga, aðstandenda og velunnara.

Í geðheilbrigðismálum stöndum við Íslendingar miður vel að vígi, þó að eitthvað hafi áunnist í þeim efnum og fleiri séu farnir að gera sér grein fyrir því, að geðsjúkdómar séu annað en gamanmál eða feimnismál, eins og fordómar í þeim efnum hafa því miður gefið tilefni til að álíta. Það eru ýmsir dapurlegir þættir í heilbrigðismálum geðsjúkra sem við getum ekki kinnroðalaust látið viðgangast lengur. Hér á ég t. d. við þá staðreynd, að nota þurfi fangageymslur til að geyma geðsjúklinga sem eru að bíða eftir plássi, þar sem ekki er hægt að fá rúm fyrir þá annars staðar, en vegna sjúkleika síns geta þeir ekki verið heima hjá sér. Þetta er staðreynd sem ekki verður fram hjá horft og gerist á hverri nóttu, að fangageymslur hýsa að jafnaði þrjá geðsjúklinga allan ársins hring. Og þá eru ekki meðtaldir áfengissjúklingar.

Það kom einnig fram í viðræðum við forráðamenn Geðhjálpar þegar þeir komu á fund heilbr.- og trn. Ed., að fimmtán sjúklingar séu á Litla-Hrauni. Kleppsspítalinn getur aðeins sinnt neyðarþjónustu, þ. e. þeim sem eru veikastir. Margir sjúklingar eru á götunni og eiga hvergi athvarf. Geðsjúklingar, sem gætu séð fyrir sér ef þeir fengju endurhæfingu, fara á örorkubætur ævilangt. Það vantar sem sagt meðferðarheimili, athvarf og endurhæfingu. Eiturlyfjaneysla unglinga hefur aukist og ungt fólk, sem fær geðsjúkdóma, hefur enga möguleika, það er sett á örorkustyrk.

Herra forseti. Ég vildi aðeins leggja áherslu á þá samstöðu, sem er innan heilbr.- og trn. Ed. í þessu máli, með því að láta hér í mér heyra. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka frekar það sem fram kom í máli hv. 1. flm. till., 2. þm. Austurl., Helga Seljan, en hann flutti á fundi Sþ. s. l. laugardag mjög ítarlega framsöguræðu um þetta mál sem því miður allt of fáir hv. þm. hlustuðu á. Ég leyfi mér að benda hv. þm. á að lesa vel þessa þáltill. því að í henni koma fram öll helstu atriði sem þetta mál varða. Aðalatriðið er að skriður komist á þessi mál og að raunhæfar úrbætur sjái dagsins ljós hið bráðasta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stefnumörkun í menningarmálum, þáltill. (þskj. 285). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 285 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að flytja svo hljóðandi till. um almenna stefnumörkun í menningarmálum:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir gerð almennrar stefnumörkunar í menningarmálum í því skyni að jafnt atvinnu- sem áhugamennska í þessum efnum hafi við ákveðnari viðmiðun að styðjast frá hálfu ríkisvaldsins, ekki síst varðandi einstök menningarleg átök, viss forgangsverkefni, sem útundan hafa orðið, og aukna tryggingu fyrir eðlilegum, skipulegum fjárhagsstuðningi við alhliða menningarstarfsemi. Í því efni þarf að kanna sem best allar mögulegar leiðir, beinar sem óbeinar, til aðstoðar áhugafélögum á hinum ýmsu sviðum listsköpunar, sömuleiðis hvernig best megi auka stuðning hins opinbera við íslenska menningarstarfsemi með beinum fjárframlögum, niðurfellingu ýmissa tolla og skatta og með öðrum örvandi áhrifum."

Á Alþingi í fyrra urðu allnokkrar umræður um þetta mál út af fsp. frá mér, svo sem getið er um í grg. Einnig urðu nokkrar umræður um svipað mál þegar breytingar á leiklistarlögum voru ræddar, hvað snerti Leiklistarráð og starfsemi þess og viðfangsefni. Mörgum virðist svo sem till. sem þessi lúti að einhverri heftingu, einhverjum ákveðnum farvegi, og er þá gjarnan stutt yfir í pólitíkina, en þar eru menn oft fljótir að sjá mikla vá, jafnvel þeir sem daglangt gera ekki annað en að ræða og hugsa um hina voðalegu pólitík á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins. Umræðurnar, sem fóru fram hér um daginn, undirstrikuðu þetta að nokkru, og ég ætla að vona að áþekkar umræður og þá fóru fram blandist ekki inn í þetta, svo víðs fjarri sem þessi till. er því sem þar kom fram.

En auðvitað má segja að öll menningarstarfsemi sé á vissan hátt í tengslum við þjóðmálin í víðustu merkingu. Ég gef a. m. k. ekki mikið fyrir þá menningu sem með öllu er slitin úr tengslum við iðandi kviku mannlífsins, þjóðfélagið sjálft með kostum þess og göllum. Þjóðmálaástand, þjóðmálaumræða á að snúast um mannleg vandamál líðandi stundar alveg eins og um framtíðar-

lausnir. Menningin, allar hliðar hennar og greinar, hlýtur að taka hér af nokkurt mið á hverjum tíma, endurspegla ástand og vonir, vera um leið hvati til djarfari átaka og aukins listræns gildis. En menningin á hvorki að lúta fólkinu né vera hátt yfir það hafin. Hún á að vera að vissu *marki þjónn fólksins, ekki þræll þess. Hún á að öðru leyti* að vera vegvísir að æðri markmiðum í mannlífinu. En tengslin við fólkið, þverskurður þess sem í mannlífinu gerist, þau tengsl eru knýjandi nauðsyn.

Jafnvel þau listaverk, sem lengst hafa þótt á undan samtíð sinni, hafa átt kveikjuna í þjáningu eða vongleði fólksins ef þau hafa lifað og sannað gildi sitt. Öll menningarumræða er til góðs og færi betur að um hana færi fram opinskárri og almennari umræða en nú gerist. Sú umræða á að vera fjarri því að þátttakendur í henni séu listskapendur og listtúlkendur ásamt nokkrum sjálfskipuðum menningaroddvitum. Menningin þarf að ná sem mest og best út til fólksins. Listamennirnir þurfa þess sannarlega, túlkendurnir einnig.

Sannarlega er það líka svo á okkar landi, að hér eru fleiri þátttakendur í listsköpun og listtúlkun en víðast annars staðar í heiminum. E. t. v. eigum við þarna heimsmet eftir okkar gamla, góða höfðatölumælikvarða. En hvers vegna þá stefnumörkun, hvaða ástæður liggja þar til? Og þá er rétt að vitna til þess, hvers vegna aðrar þjóðir, okkur skyldar, fara þessar leiðir, ekki vegna þess að eftiröpun sé sjálfsögð, heldur hreinlega til samanburðar, til þess að sjá hvern árangur slík stefnumörkun hefur borið, ekki síst í fjármagnsdreifingu eða stýringu til menningar almennt og þá ekki síður til listdreifingar.

Við erum með ágætar menningarstofnanir sem viss hluti landsmanna hefur yfirburðaaðstöðu til að sækja og njóta. Við erum að vísu með um land allt lifandi og ágæta menningarstarfsemi áhugafólksins, ekki síst á sviði leiklistar og söngs. En ef skoðaður er stuðningur hins opinbera, þ. e. okkar allra, hvar sem við erum á landinu stödd og í hvers konar aðstöðu sem við erum til að nýta þá menningarstarfsemi sem hæst ber, ef á hann er litið með áhugamennskuna í huga er þar ekki úr háum söðli að detta og misræmið er allt um of. Um þetta mætti hafa enn lengra mál, en ég vildi mega vitna jafnt til grg. sem og til framkvæmdastjóra þeirrar listgreinar um landsbyggðina, sem með mestum blóma stendur, Helgu Hjörvar, framkvæmdastjóra Bandalags ísl. leikfélaga, enn frekar en í grg. segir. Hún segir t. d. þetta um rök Dana fyrir því að marka beri menningarstefnu — og skal hér farið fljótt yfir sögu:

Hún segir að Danir leggi í fyrsta lagi áherslu á varðveislu menningararfs. Mér hefur einmitt verið bent á það af mörgum, sem starfa að þessum málum af áhuga og ötulleik, að ekki væri síst ástæða til að inn í þessa till. kæmi einmitt grein af þessu tagi, að áhersla væri lögð á menningarvarðveislu, varðveislu menningararfs. Og ég tek heils hugar undir það þó að okkur flm. hafi láðst að *setja það inn í þessa till. okkar. Annar liður þess, sem* Danir leggja áherslu á með sinni stefnumörkun eða „kúltúrpólitík", er stuðningur við listræna iðju. Það er í þriðja lagi mörkun listkennslu, listfræðslu í skólum og meðal almennings. Það er í fjórða lagi listdreifing og menningardreifing gegnum stofnanir eða félagsskap sem er rekinn af hinu opinbera eða styrktur af opinberu fé. Í fimmta lagi beinist stefnumörkun þeirra í menningarmálum að því að tryggja að allir þjóðfélagshópar fái að njóta listar, geti verið þátttakendur, geti verið skapendur, allt eftir því sem mögulegt er. Þetta segir í stefnuskrá þeirra í menningarmálum að sé gert til þess að bæta lífið, auka lífsfyllinguna, og undir það getum við sannarlega tekið.

Síðan segja þeir einnig — og það er merkilegt fyrir okkur — *að menningarstefnan eigi að miða gegn miðstýringu* og beinast að stuðningi við sveitarfélög, við áhugaaðila ýmsa í þessum efnum, til þess að þeir geti rækt sitt hlutverk, hver á sínum heimastað, við þær aðstæður sem heppilegastar þykja á hverjum stað.

Allt er þetta mjög athyglisvert. En svo ég vitni í grg. beint, þá bendi ég á það sem Helga Hjörvar segir, ekki um íslenska menningu, hornstein íslensks þjóðfélags, það sem gerir okkur, þessar rúmlega 200 þús. sálir, að sérstakri þjóð, því að það er eflaust það sem allir geta tekið undir. *En hún segir líka: „Þar sem ýmsir virðast* álíta að með stefnumörkun sé átt við pólitíska einstefnu eða einhverjar tilteknar stefnur í listum, þá er ástæða til að taka fram að hér er um að ræða heildarstefnumörkun, þar sem hugsanlega sé lögð áhersla á einhver forgangsverkefni hverju sinni." Er það svipað og Norðurlandaþjóðirnar og þá Danir alveg sérstaklega, sem ég hef bestar upplýsingar um, eru auðvitað með sína menningarstefnu víðs fjarri öllu sem heitir pólitísk einstefna. Þeir telja nauðsynlegt að marka slíka stefnu.

Í því sambandi minnir Helga Hjörvar á að nú á síðustu árum hefur farið fram endurskoðun á menningarmálastefnu hinna ýmsu Norðurlanda. Það er minnt á alheimsráðstefnu UNESCO í Tokyo 1972: „Um alla ævina að mennta sig", og það er minnt sérstaklega á ráðstefnu menntamálaráðherra Evrópuráðsins í Osló 1976 um „Hina nýju menningarstefnu." Hinar jákvæðu viðræður á þessum ráðstefnum hafa nú þegar sett spor sín í löggjöf meðlimaríkjanna og menningarpóliitk. Og þá kemur hún aftur að ýmsum þeim atriðum sem ég minnti á áðan og ég tel ekki ástæðu til þess að hafa um fleiri orð.

En í lokin segir Helga Hjörvar, með leyfi forseta, í grg. sinni til mín:

„Í þessu sambandi þarf að huga að eðlilegri tengingu við erlenda menningarstrauma og hnýta enn betur menningartengsl við Norðurlönd og önnur lönd. Ísland hefur þá sérstöðu, að þar er enn lifandi þátttaka fólks, einkanlega úti á landi, í listrænu sköpunarstarfi, og vekur leiklistarstarfsemi áhugaleikfélaganna þar athygli vegna þeirrar grósku sem þar ríkir, en einnig má benda á starfsemi kóra og nú á tímum einnig vaxandi starfsemi áhugamyndlistarmanna. Í mörgum löndum hefur fyrst þurft að vekja upp þessa starfsemi áður en hægt var að fara að skipuleggja hana og veita til hennar fjármagni. Einnig verður ósjálfrátt hugsað til uppbyggingar tónmenntunar í landinu og hvaða árangri sú stefna hefur skilað í aukinni tónlistariðkun eða neyslu."

Annar sá aðili, sem ég leitaði sérstaklega til, var formaður Rithöfundasambandsins, Njörður P. Njarðvík. *Hann fór sérstaklega í það að minna á fjársvelti ýmissa* aðila í sambandi við menningarmál og að minna á þá margfrægu prósentu sem rennur til menningarmála, um leið og hann fagnar því, eins og við flm. gerum, að í nýjum stjórnarsáttmála eru ákvæði þar sem rætt er um að efla menningarstarfsemi og að auknar verði á kjörtímabilinu fjárveitingar til menningarmála. Þegar hafa þess sést merki og nú alveg nýlega með afnámi söluskatts af vissum menningartegundum.

En í þessari upptalningu bendir Njörður á ýmis atriði.

Hann bendir á Launasjóð rithöfunda sem ekki er fjarri lagi að minna á nú, miðað við þær stórmenningarlegu umræður sem urðu um hann hér á dögunum. Og hann minnist einnig á Listahátíð, sem ég hef að vísu ekki neinn óskaplegan áhuga á, því hún þjónar afar takmörkuðum hópi. En víst er um það, að hún er eflaust nauðsynlegur þáttur í okkar menningarstarfsemi. Ég skal ekkert agnúast út í þetta fyrirkomulag, þó ég hefði gjarnan viljað hafa það öðruvísi og að menn stæðu þar öðruvísi að en þeir gera.

Einnig ræðir hann um það, hvað mikið ríkið tekur til baka af ýmiss konar menningarstarfsemi. Úr misrétti af því tagi hefur verið bætt nú nýlega og ber að fagna því.

En það eru fleiri sem hafa sitthvað um þetta að segja. Áður hafði Sveinn Einarsson þjóðleikhússtjóri gert sérstaka úttekt á ýmiss konar menningarstarfsemi, hver væru útgjöld ríkisins til lista og menningarmála ef fræðslumálin væru ekki tekin með. Sú upptalning var hvergi nærri tæmandi. Ég vil til þess að bæta þar við, með leyfi hæstv. forseta, vísa beint í erindi Árna Björnssonar þjóðháttafræðings „Um daginn og veginn" þar sem hann hefur áður rakið ýmsar stofnanir úr upptalningu Sveins Einarssonar, en segir svo:

„Ég ætla að bæta við þessa upptalningu Sveins menningarstofnunum á sviði hugvísinda svo að sem fæst af þessu taginu verði undanskilið. Það eru stofnun Árna Magnússonar, Orðabók háskólans, Landsbókasafnið, Þjóðminjasafnið og byggðasöfnin, Þjóðskjalasafnið og Kvikmyndasafn Íslands. Og ég ætla meira að segja líka að taka með Byggingarsjóð Þjóðarbókhlöðu, minnisvarða um ellefu alda Íslandsbyggð. Þótt öllu þessu sé bætt við verða samanlögð framlög til allra þessara stofnana og sjóða á sviði lista og menningar samt ekki nema rétt rúmir 2 milljarðar eða 0.67% af öllum ríkisútgjöldunum. Og jafnvel þótt við færðum okkur aðeins út fyrir listir og hugvísindi og tækjum líka með Raunvísindastofnun háskólans, Tilraunastöðina á Keldum, Náttúrufræðistofnunina og Vísindasjóð, þá vantar enn töluvert upp á að við náum einu prósenti af ríkisútgjöldunum." Þessar tölur eru vitanlega miðaðar við fjárlög 1979. „Og svo er verið að krukka í þessa 2/3 úr prósenti sem fara til skapandi og varðveitandi menningarstarfsemi, til að standa vörð um þjóðarhag auðvitað, enga óráðsíu.

Embættismenn ráðuneyta telja það eðlilega hlutverk sitt að standa sem fastast gegn heimtufrekju ríkisstofnana. En hvað stjórnendur þeirra stofnana áhrærir, sem hér um ræðir, þá er þeim víst flest betur gefið en heimtufrekja. Fjárbeiðnir þeirra eru yfirleitt ekki miðaðar við raunverulegar þarfir stofnananna, heldur hitt, hverju þeir af dapurlegri reynslu telja einhverja von um að ná fram. Samt eru þær skornar niður. Hér er ekki tími til að rekja fjárbeiðni hverrar stofnunar fyrir sig og afdrif þeirra, en láta mun nærri að í heild nemi þessi niðurskurður um 30%. Og hvað er það stór upphæð? Það er u. þ. b. 600 millj. eða tvöföld sú upphæð sem við eyddum í flugelda um síðustu áramót. Það eru nú öll ósköpin."

Þetta segir Árni Björnsson orðrétt í sínu erindi. Ég vil vitna í þetta erindi áfram, þar sem hann tekur dæmi um þetta fjársvelti ýmissa menningarstofnana. Þar segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég vil taka þá stofnun sem ég vinn sjálfur við og þekki af þeim sökum best til, en það er Þjóðminjasafn Íslands, ekki af því að það sé neitt einsdæmi, ég þykist vita að flestar viðlíka stofnanir hefðu svipaða sögu að segja.

Samkv. lögum á Þjóðminjasafnið að vera „miðstöð allrar þjóðminjavörslu í landinu. Það skal varðveita íslenskar þjóðminjar í víðasta skilningi, hvort sem eru gripir geymdir í safninu sjálfu eða fornminjar og friðuð mannvirki. Safnið skal eftir megni stuðla að rannsóknum íslenskra þjóðminja og útgáfu fræðilegra rita og ritgerða um þær." — Svo mörg eru þau orð.

„Fyrir nokkru átti starfsfólk Þjóðminjasafnsins fund með sér þar sem rætt var um raunverulega starfsmannaþörf safnsins. Það varð niðurstaðan, að til þess að safnið gæti gegnt lögbundnu hlutverki sínu og skyldum svo vel væri þyrfti 45 manna starfslið. Þar er um að ræða auk forstöðumanns, húsvarðar og gæslufólks fornleifafræðinga og aðra minjafræðinga, þjóðháttafræðinga, ljósmyndara, ljósmyndaskrásetjara, skrásetjara annarra safnmuna, sýningarstjóra, smiði, viðgerðarmenn, fólk til að skrásetja óskráðar þjóðminjar í hverju byggðarlagi, eftirlitsmenn byggðasafna og leiðsögumenn um safnið.

Enda þótt talan 45 væri hinn æskilegi fjöldi var 35 manna starfslið samt talið viðunandi, en lágmarksfjöldi, sem hægt væri að sætta sig við, væri 23. Fastir starfsmenn safnsins eru hins vegar ekki nema 8. Sú tala hefur verið óbreytt s. l. 12 ár. Það vantar ekki, að á hverju ári hefur kurteislega verið beðið um einn til tvo menn í viðbót, en því hefur ætíð verið neitað. Og neitunin er vitanlega rökstudd hverju sinni með nauðsyn sparnaðar, aðhalds og hagsýni í ríkisbúskapnum."

Og svo kemur ádrepa, sem okkur er nú býsna hollt að hlýða á, frá Árna Björnssyni:

„Það er því fróðlegt að kynna sér hvernig sá sami sparnaður hefur verið framkvæmdur á þeim stöðum sem ráðherrum sparnaðarins liggja næstir, sjálfu Stjórnarráðinu. Af því er skemmst að segja að á þessu sama 12 ára tímabili, 1967—1979, hefur starfsmönnum Stjórnarráðsins fjölgað úr 150 í 300 eða um 100%. Þó eru ótaldar ýmsar stofnanir sem hafa vaxið út úr Stjórnarráðinu sjálfu, svo sem Þjóðhagsstofnun og Framkvæmdastofnun, fyrir utan alla fjölgun í ríkisbönkunum. Og aðalhlutverk alls þessa aukna starfsliðs er auðvitað að stuðla að sparnaði og hagsýni í ríkisbúskapnum. Það er greinilega mjög dýrt að spara."

Þessi voru lokaorð Árna Björnssonar þjóðháttafræðings og eru vissulega orð í tíma töluð varðandi það, hvernig við búum að ýmiss konar menningarstarfsemi okkar, því miður. Og þar eru vitanlega allar ríkisstjórnir, allar fjvn. og allir aðilar, sem að þessum málum hafa unnið, meira og minna sekir. En varðandi menningarvarðveislu, sem hér hefur verið vikið að, hef ég einnig viljað, með leyfi hæstv. forseta, koma í örstuttu máli inn á atriði sem menn hafa fyrst nú á síðustu árum verið að koma auga á að nauðsyn bæri til að varðveita. Erlendur Sveinsson hjá Kvikmyndasafni Íslands bendir einmitt á þetta og segir orðrétt um þessa menningarvarðveislu á þessa leið:

„Óhætt er að fullyrða að tilkoma kvikmynda og sjónvarps á 20. öld hafa valdið byltingu í fjölmiðlun og í öllum samskiptum manna og þjóða á meðal. Með þessari nýju tækni var í fyrsta skipti í sögu mannkynsins unnt að varðveita atburði líðandi stundar með því að festa þá á filmu. Þessi galdur, að setjast inn í myrkvaðan sal og horfa á lifandi myndir, hreif hugi manna og fyllti barnslegum fögnuði."

Síðan segir Erlendur:

„Mikilvægi þess að halda kvikmyndum til haga og búa þeim sem öruggust geymsluskilyrði hefur leitt til þess, að um heim allan hafa kvikmyndasöfn verið sett á laggirnar, sem gegna því mikilvæga hlutverki að varðveita menningararf þjóða í formi kvikmynda og sjónvarpsefnis. Jafnframt eru kvikmyndasöfnin brjóstvörn kvikmyndalistarinnar og stuðla að fræðslu um sögu hennar og fagurfræði. Kvikmyndasöfn úr öllum heimsálfum hafa myndað með sér alþjóðleg samtök sem unnið hafa málstað kvikmyndasafna mikið lið, t. d. á sviði upplýsingasöfnunar."

Og enn segir Erlendur Sveinsson:

„Af því, sem nú hefur verið sagt, má ljóst verða að mikilvægt er að mörkuð verði stefna sem gerir okkur kleift að stöðva eyðileggingu menningarverðmæta og búa svo um hnútana að héðan í frá verði tryggt að þjóðarframleiðsla á sviði kvikmynda og sjónvarps verði háð lögbundinni skilaskyldu til Kvikmyndasafns Íslands, líkt og prentað mál kemur til geymslu í Landsbókasafni. Slíka stefnu þyrfti að byggja á gerð langtímaáætlunar um björgun kvikmynda og uppbyggingu Kvikmyndasafnsins til að það verði í stakk búið til að gegna hlutverki sínu með sóma."

Ég hef vikið sérstaklega að þessum tveim atriðum frá Árna Björnssyni og Erlendi Sveinssyni vegna þeirrar vanrækslu sem okkur flm. varð á í till. um þessa sérstöku menningarvarðveislu, sem vissulega er ekki minni ástæða til að leggja áherslu á í slíkri stefnumörkun en annað það sem þar er á minnst.

Ég skal svo ljúka þessu með því að vitna til grg. og þess sem Njörður P. Njarðvík segir þar. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo minnst sé á landsbyggðina, þá sker það í augu í fjárlagafrv., að af þeim 1746 millj., sem ætlaðar eru til lista og listtúlkunar, fara nær 1100 millj. til tveggja stofnana í Reykjavík, Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þetta er ekki nefnt af því að þessar stofnanir séu ofhaldnar eða gegni ekki vel sínu hlutverki. Á því er enginn efi. En það sýnir hversu aðrir liðir verða litlir.

Ef við viljum að byggð haldist um allt landið, þá er aðstaða til menningarlífs að sjálfsögðu snar þáttur, engu síður en það er ein af forsendum fyrir tilvist þjóðarinnar í heild. Hins vegar er nauðsynlegt að fylgja eftir því átaki sem gert hefur verið í félagsheimilamálum. Það þarf að efla starfsemi þessara húsa enn betur en gert hefur verið. Í því sambandi er rétt að minna á að samtök listamanna hafa um skeið barist fyrir að sett yrði á stofn einhvers konar listdreifingarmiðstöð, sem hefði það hlutverk að gefa fólki um land allt kost á því að njóta listar og annarrar menningarstarfsemi í heimabyggð sinni í mun ríkara mæli en nú er gerlegt. Jafnframt mundi slík starfsemi veita listamönnum aukna atvinnu og um leið gera þeim kleift að koma list sinni á framfæri víðar og á fjölbreyttari hátt en áður hefur tíðkast."

Hér tel ég um mjög nauðsynlega ábendingu að ræða og ágæta, þó að ég dragi um leið fram áhugamennskuna hér til jafnvægis og geri ekki minna úr henni. Það vil ég aðeins taka fram í sambandi við þessi ummæli Njarðar. En lokaorð Njarðar eru þessi, með leyfi forseta:

„Það er í stuttu máli skoðun mín, að gerbreyta þurfi afstöðu ríkisvaldsins til menningarstarfsemi. Íslensk menning er eitt lífakkeri þessarar þjóðar sem brýnt er að efla stórlega frá því sem nú er gert. Menningarverðmæti verða ekki alltaf vegin og metin á fjárhagsgrundvelli. En þau eru jafnan talinn mælikvarði um andlega reisn hverrar þjóðar. Við Íslendingar höfum löngum miklast af því að vera menningarþjóð, og það viljum við vera. Íslensk menning má ekki verða minningin ein. Hún þarf að vera síung, og til þess að svo megi verða þarf að hlúa vel að henni. Í raun og veru höfum við ekki efni á öðru sem þjóð en snúa við blaðinu og hefja íslenska menningu til vegs með myndarlegum stuðningi í stað þess að gera hana að hornreku í fjárlögum okkar eins og nú hefur verið of lengi."

Þessi lokaorð Njarðar geri ég að mínum um leið og ég vitna til þess einnig, sem Helga Hjörvar segir í upphafi um íslenska menningu sem einn hornstein þess að við erum sjálfstæð þjóð. Sú vísa er aldrei of oft kveðin.

Ég vil leyfa mér að óska þess, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. allshn.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vildi gjarnan segja nokkur orð um þetta mál áður en það fer til nefndar.

Sú þáltill., sem hér er til umr., fjallar óneitanlega um mjög mikilvægt málefni sem vert er að ræða ítarlega og þá einnig frá ýmsum hliðum. Ég get tekið undir mjög margt af því sem stendur í grg. og hv. fyrri flm. hefur um hana sagt í ræðu sinni. Menningarmál eru mjög snar þáttur í nútímaþjóðfélagi og þeim ber að sinna ekki síður en þegar um önnur þjóðmál er að ræða.

Þó er því ekki alltaf að heilsa, að umræður um menningarmál veki almennan áhuga hér á landi. Þar á meðal er því alls ekki að heilsa, að þessi mál veki almennan áhuga hér á hv. Alþingi, eins og reyndar mæting á þessum fundi vottar. Og það er ekki alveg laust við það, að sumum þyki eins og tíma þingsins sé spillt ef stofnað er til umræðna um þessi efni fram yfir það sem bráðnauðsynlegt getur talist. Og jafnvel þá má benda á það, að efnt sé stundum til umr. um menningarmál af heldur leiðu tilefni ellegar að slíkar umræður fái á sig lítt þekkilegan blæ, ef satt skal segja.

Ég vona einlæglega að sú þáltill., sem hér er flutt, verði til þess að vekja upp jákvæðar umræður um menningarmál og stöðu þeirra í þjóðfélaginu yfirleitt. Ég tel að á því sé mikil þörf að slíkar umræður geti farið fram sem almennast og víðast í þjóðfélaginu, og þær mættu vissulega setja meiri svip á stjórnmálaumræður en raun ber vitni, því að auðvitað heyra opinber menningarmál stjórnmálunum til. Hér er um svo víðtækan málaflokk að ræða, að nauðsynlegt er að kynna sér marga og ólíka þætti ef eitthvað gagnlegt á að koma út úr slíkum umræðum.

Hitt er líka jafnvíst, að menningarmál eru áhugavert og skemmtilegt umræðuefni sem enginn þarf að sjá eftir að sinna ef hann gefur sig að þeim. Því er það vel þegar flutt eru þingmál sem líkleg eru til þess að vekja jákvæðar umræður um menningarmál.

Ég tel ekki ástæðu til að rökstyðja í afar löngu máli hvers vegna nauðsynlegt er og skylt að menningarmálum sé sinnt af kostgæfni. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að helsta samfélagsmarkmið íslenska ríkisins er að tryggja stjórnarfarslegt sjálfstæði landsins og að efla þjóðmenningu Íslendinga. Öll okkar stjórnmála- og efnahagsstarfsemi hlýtur að stefna að því, að þessum meginmarkmiðum sé náð. Að þessu leyti eru menningarmálin

mikilvægari í raun og veru heldur en önnur þjóðmál, að sjálfstæðismálunum þá einum undanteknum.

En hvað eru menningarmál? Eins og ég hef sagt hér áður ná þau yfir mjög vítt svið. Ég bendi á að varast verður tilhneigingu til þess að þrengja merkingu þessa orðs. Ég ætla að nefna nokkra þætti í upptalningu, nokkra þætti mannlegra viðfangsefna og áhugamála sem felast í orðinu menningarmál. Ég nefni bókmenntir og útgáfustarfsemi, tónlist, myndlist og byggingarlist, leiklist, danslist, íþróttir, skák, minjasöfn, þ. e. menningarsöguleg söfn, bókasöfn og handritasöfn, skjalasöfn, fræðimennsku hvers konar og rannsóknarstörf. Þetta er ekki tæmandi upptalning og gerir ekki betur en gefa svolitla hugmynd um það, hversu vítt svið menningarmálanna er. Hver einstakur þáttur þessa yfirgripsmikla málaflokks er marggreindur. Þannig segir það ekki mikla sögu þótt talað sé um bókmenntir í einu orði. Og hið sama er að segja um tónlist og myndlist og aðrar listgreinar. Safnheiti af slíku tagi gefa aðeins hugmynd um hvað við er átt. Þau marka útlínur án allrar nákvæmni.

Því er það, að þegar rætt er um menningarmál og stöðu þeirra í þjóðfélaginu verða menn að hafa víðan sjóndeildarhring. Ekki á það síst við þegar rætt er um þörf þess að móta stefnu í menningarmálum. Ég geri alls ekki lítið úr þeirri þörf og þeirri nauðsyn að marka slíka stefnu, en skilyrði allrar skynsamlegrar og jákvæðrar stefnumótunar er þekking á staðreyndum sem snerta þau mál sem á að móta stefnu um. Því er mikilvægt, áður en farið er að tala um stefnumótun, t. d. í menningarmálum, að menn safni upplýsingum og hvers kyns gögnum sem auka mönnum heildarþekkingu á viðfangsefninu. Þar á meðal er nauðsynlegt að menn séu fúsir til að taka þátt í opinskáum umræðum og rökræða mál fremur en að sækja þau af ofurkappi áróðursmannsins. M. ö. o.: ég legg mikið upp úr því, að samfara löngun og vilja til þess að efla menningarlega starfsemi sé skilningur á gildi menningarmála almennt og vilji til þess að afla þekkingar um alla þætti þessara mála og stöðu menningarmálanna í heild. Ég er ekki í vafa um að flm. þessarar till. eru mér sammála um þetta.

Þegar rætt er um stefnumótun í menningarmálum er gjarnan látið í veðri vaka að mikill misbrestur sé á mótun menningarmálastefnu hér á landi, jafnvel sagt sem svo, að hér á Íslandi sé engin stefna í menningarmálum fyrir hendi. Einnig er þess oft og einatt getið, að í öðrum löndum sé meiri skilningur á mótun menningarmálastefnu, enda sé stefnumörkun í þessum efnum miklu skýrari og lengra á veg komin en hér í okkar landi. Þetta kann að vera rétt. En ég hef samt tilhneigingu til að taka slíkum fullyrðingum með nokkrum fyrirvara, án þess að ég sé að gera meira úr góðu ástandi þessara mála hér á landi en efni eru til, það er síður en svo. Sannleikurinn er sá, að flestar þjóðir, sem okkur eru kunnastar, eru að þreifa fyrir sér í þessum efnum.

Það er rétt, að umræður um menningarmál og menningarmálastefnu hafa aukist víða um lönd og á alþjóðaþingum á síðari árum. Hins vegar mun talsvert skorta á það í öðrum löndum, eins og reyndar hér á landi, að mótuð hafi verið slík heildarstefna, hvort heldur er fræðilega eða í framkvæmd, að ekki séu einhverjir meinbugir á slíkri stefnu. Ég er stundum að velta því fyrir mér, hvort um þetta útlenda orð: „kúltúrpólitík", leiki ekki oft og einatt einhvers konar dýrðarljómi sem hafið hefur merkingu orðsins í æðra veldi, þ. e. á þann hátt að menn telji að búið sé að móta og verið sé að framkvæma heildstæða og efnismikla menningarmálastefnu alls staðar þar sem haldnar hafa verið ráðstefnur um „kúltúrpólitík".

Hugmyndum af þessu tagi tek ég með miklum fyrirvara. En ég neita því alls ekki að svo geti verið, að aðrar þjóðir standi okkur miklu framar í þessum efnum. En til þess að fá úr því skorið þarf meiri upplýsingar og gleggri samanburðaraðferðir en fyrir hendi eru. Það, sem ég hef kynnst af eigin athugun á þessum efnum, virðist mér benda til þess, að áhugamenn um menningarmál erlendis séu að velta fyrir sér mjög svipuðum spurningum og glíma við sömu vandamál og við sem erum áhugamenn um þessi efni hér uppi á Íslandi. Ég held að eðlismunur vandamála á þessu sviði frá einu landi til annars sé lítill. Ég held að allt áhugafólk um menningarmál, um listir og bókmenntir o. s. frv., hvort heldur er á Norðurlöndum eða á Íslandi, eigi við sams konar vanda að etja. Ef lesnar eru ályktanir alþjóðafunda um menningarmál, og ég hef reyndar setið suma slíka fundi, þá nefni ég m. a. margt af því sem ályktað hefur verið á fundum ráðherra og þingmanna á vegum Evrópuráðsins. Slíka fundi hef ég setið. Þær ályktanir eru flestar og fyrst og fremst viljayfirlýsingar og tillögur um það sem betur mætti fara í meðferð menningarmála. Slíkar ályktanir eru ábendingar um æskileg markmið í menningarmálum og áskoranir á ríkisstj., en eru því miður ekki alltaf vitnisburður um að slíkum markmiðum hafi verið náð né að skelegglega sé að þeim unnið í hinum ýmsu löndum.

Ég hef ekki tök á því að gera almenna úttekt á stöðu menningarmála hér á landi, hvað þá að bera hana saman við önnur lönd. Til þess skortir mig gögn og upplýsingar. Ég held hins vegar að nauðsynlegt sé að gera slíka úttekt. Og ef það er meiningin að móta til langs tíma heildstæða menningarmálastefnu, þá er það undirstöðuatriði að víðtæk könnun verði gerð á þessu sviði.

Ég vil geta þess, sem ég hef reyndar minnst stuttlega á áður í ræðu á hv. Alþingi, að í menntmrn. hefur að undanförnu verið unnið að því að gera yfirlit yfir framlög hins opinbera til menningarmála og reynt að meta þróun þessara mála í ljósi samanburðar milli ára. Fyrst og fremst hefur verið gert yfirlit yfir árabilið 1970—1978, að báðum þessum árum meðtöldum. Unnið er að því að fullgera skýrslu um þetta tímabil og þegar því verki er lokið verður hún birt. Í þessu yfirliti er þeirri reglu fylgt að túlka orðið menningarmál mjög rúmt, eins og ég hef lagt áherslu á í þessari ræðu minni að gera beri. Í yfirliti þessu verða framlög til menningarmála flokkuð eftir sameiginlegum einkennum, í framlög til bókmennta, lista hvers konar, myndlistar, tónlistar, leiklistar o. s. frv., einnig íþrótta, minjavörslu og safnmála og margra annarra þátta. Í þessu yfirliti verður gengið út frá því að meta framlög til menningarmála á þrennan hátt. Það verða, ef svo má segja, lagðir þrír mælikvarðar á framlög til menningarmála þetta tímabil.

Í fyrsta lagi má bera framlög til menningarmála saman við þjóðarframleiðslu. Í öðru lagi má bera þau saman við þróun verðlags og í þriðja lagi má bera þau saman við heildarútgjöld ríkissjóðs. Ef að er gáð hafa framlög til menningarmála miðað við þessa þrjá mælikvarða farið nokkuð vaxandi á árabilinu 1970—1978, þannig að á meðan framlög til menningarmála 19-földuðust milli áranna 1970 og 1978 16.9-földuðust ríkisútgjöld, 12.8-faldaðist þjóðarframleiðsla að krónutölu og verðlag

8.2-faldaðist. Þrátt fyrir að heildarframlög til menningarmála hafi þannig aukist samkv. þessum upplýsingum hafa framlög til hvers einstaks þáttar ekki aukist jafnt.

Það kemur fram í þessu yfirliti að framlög til íþrótta- og æskulýðsmála hafa aukist mest, og munar þar mest um aukin framlög til Íþróttasjóðs. Næstmest hafa framlög til tónlistar aukist, og segir þar til sín stóraukin og vaxandi tónlistarfræðsla. Framlög til myndlistar og leiklistar hafa einnig aukist talsvert og munar þá mest um framlag til Listasafns og Þjóðleikhússins að því er virðist.

Það er athyglisvert í þessari skýrslu, og ég vil gjarnan benda mönnum sérstaklega á það, að framlög til stofnana og skóla hafa aukist mun meira en framlög til einstaklinga og félagasamtaka. Um það bil 3/4 hlutar framlaga til menningarmála á árinu 1978 fóru til stofnana og skóla sem tengdir eru listum og menningarmálum.

Til fróðleiks get ég nefnt það, að á árinu 1978 fóru u. þ. b. 19% af menningarmálaframlögum til leiklistarstarfsemi, 17% til tónlistar, 15% til bókmennta og 12% til íþrótta og æskulýðsstarfa. Önnur viðfangsefni fengu minna.

Ég hef ekki möguleika á því, herra forseti, að tala meira um þessa skýrslu, sem er verið búa til, eða yfirlit, sem kalla mætti, um framlög til menningarmála á árunum 1970—1978, en það er unnið að því að fullgera þessa skýrslu og búa hana til prentunar. Ég vona að þessi skýrsla verði gagnlegt framlag til umræðu um stöðu okkar í menningarmálum þegar hún hefur verið birt og menn fá tækifæri til að meta þær upplýsingar sem hún hefur að geyma. Ég vona m. a. að hún geti komið að haldi í frekari umræðum um mótun menningarmálastefnu, þó að ein sér hafi hún ekki allsherjargildi og ekkert úrslitagildi.

Ég hef áður drepið á þá skoðun margra, að Íslendingar séu eftirbátar annarra menningarþjóða í framlögum til menningarmála. Ég hefði gjarnan viljað geta gert mér rökstudda grein fyrir hvort þannig sé í raun og veru. Mér er ekki kunnugt um að til sé aðgengilegur samanburður í þessu efni og hvað þá óumdeilanlegur. Ég held því að það sé mikil nauðsyn á því að hefja undirbúning undir að gera rækilega könnun á þessu efni. Og ég er fús til þess að veita atfylgi míns rn. í þessu efni. En mér sýnist að slíkt mál þurfi góðan undirbúning.

Þess vil ég þó geta, að á vegum menntmrn. hefur nú nýlega verið gerður einfaldur samanburður á framlögum íslenska og norska ríkisins til menningarmála og þessi samanburður er gerður miðað við verga þjóðarframleiðslu í þessum löndum. Þessi samanburður er fólginn í því að gefa upp þúsundarhluta eða pro-mille-hluta menningarframlaga af vergri þjóðarframleiðslu. Og þá sýnir þessi tafla, sem gerð hefur verið samkv. beiðni minni í rn., — þetta spannar yfir tímabilið 1972—1978, að menningarframlög af vergri þjóðarframleiðslu pro-mille eru árið 1972 á Íslandi 0.413, í Noregi 0.185. Árið 1973 er pro-mille-talan á Íslandi 0.384, í Noregi 0.185, sama og 1972. Árið 1974 kemur þetta út: Ísland með 0.444, Noregur 0.173. Árið 1975: á Íslandi 0.442, í Noregi 0.208. Árið 1976: 0.415 á Íslandi, 0.222 í Noregi. Árið 1977: 0.506 á Íslandi, 0.245 í Noregi. Árið 1978: 0.576 á Íslandi og 0.268 í Noregi.

Þessar tölur benda ekki til þess að Íslendingar séu eftirbátar Norðmanna í þessum efnum. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um þessar tölur eða leggja neitt sérstaklega út af þessum samanburði. En ég held samt sem áður að það sé mjög gagnlegt fyrir okkur að safna ýmsum svona tölum og bera hlutina saman frá einu landi til annars og innbyrðis í okkar fjárlagaþáttum og efnahagsþáttum.

Herra forseti. Ég skal senn láta máli mínu lokið. Ég endurtek það sem ég hef áður sagt, að ég tel þessa till. líklega til þess að stofnað verði til jákvæðrar og gagnlegrar umræðu um menningarmál. En ég bæti því hins vegar við, og ég legg á það áherslu, að mótun heildstæðrar stefnu í menningarmálum er ekki auðvelt verk. Menningarmál eru mjög víðtækt hugtak og margs að gæta þegar um þau er rætt. Ég vara við því að ræða þessi mál frá þröngu sjónarhorni, án þess þó að ég sé að gefa neitt í skyn um að það sé gert eða að það verði gert. En slík viðvörun á fullan rétt á sér.

Það er án efa rétt, að oft hefur skort skýra mótun menningarmálastefnu og fengur væri að því ef takast mætti að marka hana ljósar en við hefur viljað brenna. En í svo fjölgreindu lýðræðisþjóðfélagi eins og því sem hér ríkir verður að tryggja sem víðtækastar umræður, þar sem öll sjónarmið geta komið fram, og að eðlilegt jafnvægi verði milli hinna ýmsu þátta menningarmála þegar stefnan er mörkuð. En umfram allt legg ég á þessu stigi áherslu á nauðsyn upplýsingaöflunar um menningarmál. Á þeim er skortur í mörgum tilfellum og úr því þarf að bæta.

Þó að þessi till. gefi tilefni, herra forseti, til frekari umræðu í sjálfu sér ætla ég ekki að lengja mál mitt. Eins og hv. frsm. gerði mjög ítarlega, þá væri hægt að víkja miklu nánar að flestum atriðum sem þetta mál snerta. Það væri hægt að ræða ítarlega um stöðu rithöfunda og listamanna yfirleitt í þjóðfélaginu. Ég hygg að það væri mjög gagnlegt og nauðsynlegt verkefni. Einnig væri hægt að ræða náið um dreifingu listar meðal almennings og hvernig hægt væri að gera list að meiri almenningseign en nú er. Það er mikið mál að ræða þetta. Það væri einnig ástæða til þess að ræða sérstaklega um safnamálin, ekki síst stöðu þjóðfræða og menningarsögu í heildarumsvifum menningarmálanna, eins og kom réttilega fram og allrækilega í ræðu hv. frsm. hér áðan. Að svo komnu máli mun ég þó ekki fara frekar út í þessi mál, en læt þá von í ljós, að áhugi og skilningur á menningarmálum megi vaxa meðal almennings og reyndar meðal ráðamanna þjóðarinnar yfirleitt. Ég efast ekki um að margt mætti betur fara í stjórn og skipulagi menningarmála sem annarra opinberra mála, og þá er eðlilegt að gefa því gaum þegar ítarlegar umræður verða um þessi efni, ekki síst ef undirbúa á heildstæða stefnu í menningarmálum sem gilda skal um langa framtíð.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. lét þá skoðun sína í ljós, að það — eina ferðina enn — sýndi litla virðingu hv. þm. við menningarmál hvað fáir væru í salnum þegar þessi till. væri til umræðu. Ég vil nú láta í ljós gagnstæða skoðun. Það sýnir umtalsverða virðingu hv. þm. við menningarmál að fara heldur að fá sér kaffi eða jafnvel fá sér neðan í því en hlusta á þá innihaldslausu umræðu sem fram fer um þessa innihaldslausu till. til þál. sem hér er um að ræða. Og vil ég bæta því við, að mér þótti framsöguræða hv. þm. Helga Seljan vera ekki aðeins einhver sú vemmilegasta, heldur sú innihaldslausasta sem ég hef lengi hlýtt á hér í Sþ., og hefur maður þó þurft að hlusta á ýmislegt.

Hvað halda menn nú að við værum nær fínum og háleitum markmiðum og hvaða gagn halda menn að

menningunni í landinu væri gert jafnvel þó að þessi einskisverði pappír væri samþykktur hér á hinu háa Alþingi? Ég fullyrði það, að menningunni væri ekkert gagn gert þó að þessi pappír væri hér samþykktur. En vera kynni að einhverjir væru orðnir gersamlega fráhverfir menningarmálum, sem þó kynnu að hafa haft á þeim einhvern jákvæðan áhuga, við að hlusta á innihaldslausar stemmningar eins og þær, að menningin eigi að vera þjónn fólksins og ekki þræll þess, hún eigi að lýsa upp hugi manna og fleira af þessu tagi sem fram kom í framsöguræðu. Og hér er vísað í niðurlag á einhverri ræðu sem ágætur vinur minn, Njörður P. Njarðvík, hafði flutt einhvern tíma, og það er augljóst að flm. þessarar till. eru hrifnir af niðurlagsorðum Njarðar P. Njarðvík, sem eru t. d. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslensk menning er eitt lífakkeri þessarar þjóðar sem brýnt er að efla stórlega frá því sem nú er gert.“ Önnur tilvitnun: „Menningarverðmæti verða ekki alltaf vegin og metin á fjárhagsgrundvelli.“ Þetta eru ný og alveg stórkostleg sannindi og sennilega byltingarkennd. Enn önnur: „Íslensk menning má ekki verða minningin ein. Hún þarf að vera síung.“

Hvað þýðir þetta innihaldslausa píp? Og hverjum er verið að gera gagn með þessu? Eitt er það, að þáltill. eru auðvitað fluttar til þess að vekja athygli á ákveðnum málum. Þessi þáltill. ætti auðvitað að vera öðruvísi. Hún ætti að vera á þá leið, að Alþingi feli hæstv. menntmrh., Ingvari Gíslasyni, að gera skyldu sína, því hvað á hæstv. menntmrh. að vera að gera annað en að stuðla að stefnumörkun í menntamálum? Það kann vel að vera að flm. hafi litla trú á hæstv. menntmrh. Ingvari Gíslasyni. Ég tel ekki, a. m. k. enn sem komið er, ástæðu til að fella svo þunga dóma. En ég fullyrði að þessi pappír er gersamlega einskis virði nema í einhverju sjálfsfróunarskyni. Það sagði einu sinni gamall og greindur maður á Vestfjörðum við mig að þm. færi betur að láta menninguna í friði. Og ég endurtek þau ummæli mín um þennan pappír, till. sem er vitlaus, grg. sem lítið er varið í og semínaristaframsöguræðu fyrir henni, sem er með þeim hætti að menningunni er beinlínis ógagn gert, að láta nú heldur menninguna í friði. Ég lýsi virðingu minni við þá þm. sem eru þá heldur niðri í kaffi en að vera að hlusta á þetta. Því að heila málið er þetta: Hvert halda menn að framhaldið verði af þessu? Þessu verður vísað til n., kannske verður þetta samþykkt hér fyrir þinglok. Framhaldið af því verður nákvæmlega ekki neitt. Nema það, að hv. þm. Helgi Seljan eða hv. þm. Guðrún Helgadóttir kemur hér upp að þremur eða fjórum árum liðnum og spyr þáv. hæstv. menntmrh. hvað líði eiginlega till. sem Alþ. samþykkti hér á sínum tíma.

Ég skil kurteisi hæstv. menntmrh. mætavel. Stöðu sinnar vegna getur hann ekki annað en farið um þetta einhverjum jákvæðum orðum. En vandinn, sem við stöndum frammi fyrir er allur annar. Vandinn er sá, að við afgreiðslu allra fjármála þurfa menn að taka afstöðu með og á móti. Menn þurfa að skoða valkosti, annars vegar að því er varðar menningarmál og hins vegar aðra málaflokka og síðan í menningarmálum innbyrðis, og menn þurfa að taka afstöðu í slíkum efnum. En flm. þessarar þáltill. gera ekki minnstu tilraun til þess að taka slíka afstöðu, enda geri ég ráð fyrir að það þjóni alls ekki markmiðum þeirra.

Hæstv. menntmrh. sagði áðan að svo virtist sem menn litu svo á, að tíma þingsins væri spillt, að einhverjir væru svo menningarfjandsamlegir, að mér skildist, að tíma þingsins þætti illa varið ef verið væri að ræða svona tillögur. Sannleikurinn er auðvitað sá, og það er best að það sé sagt, að tíma þingsins er illa varið með því að ræða svona almennt orðaða og innihaldslausa till., sem gerir ekki neinum gagn, en kann að gera fjölda manns fráhverfan, því þetta er menningarpíp og ekki menningarumræða. Og það verð ég að segja um gamlan og góðan vin minn, hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að heldur þykir mér henni hafa farið aftur að leggja nafn sitt við þessa semínarisku till. sem hér er um að ræða. Réttast væri auðvitað að vísa þessari till. til baka til flm. á þeim forsendum, að hún sé svo vitlaus og illa unnin að hún geri ekki nokkrum manni gagn. Ég tel að þau ummæli, sem ég læt hér falla, séu ekki menningarfjandsamleg. Þvert á móti er verið að reyna að sporna gegn innihaldslausri dellu eins og þeirri sem hér á sér stað.

Ég endurtek það og fullyrði, að þó að þessi vitlausi pappír væri samþykktur — og auðvitað er það svo, að þm. setja hausana niður og hendurnar upp og samþykkja þetta, þeir geta ekki annað því að þeir eiga á hættu að Þjóðviljinn kalli þá menningarfjandsamlega, ef þeir gera það ekki, eða gáfumannadeildin a. m. k. — en allir vita það, sem hér eru í salnum, að þessi einskisverði pappír skiptir nákvæmlega engu máli og er aðeins fram lagður í einhverju sjálfsfróunarskyni af menningarsnobbum, sem raunverulega — ja, ég veit ekki — hafa a. m. k. takmarkaðan áhuga og ærið takmarkaðan skilning á því, um hvað þessi vandi raunverulega snýst. Ef hv. þm. Helgi Seljan og Guðrún Helgadóttir væru að leggja fram seríu af lagafrv., þar sem raunverulega væri tekin afstaða, og þau hefðu líka skoðanir á því, hvaðan ætti að taka þá peninga sem um væri að ræða, þá horfði málið allt öðruvísi við. En þeim tilgangi, sem fyrir þm. virðist vaka, er auðvitað alls ekki þjónað með slíkum tillögum.

Það situr í landinu hæstv. ríkisstj. og í henni er hæstv. menntmrh., eins og lög gera ráð fyrir. Ég geri ráð fyrir því, að hann vilji svo meina, og get vel skilið þau sjónarmið, að það sé nokkur stefnumörkun í menningarmálum, og hv. alþm. verða að taka tillit til hans tillagna eða taka fram fyrir hendurnar á honum, sem meiri hl. þeirra auðvitað getur forminu samkvæmt. En það breytir engu af eða frá hvort þessi einskisverði pappír er samþykktur. Ég horfi til þess með skelfingu, vegna þess að ég hef séð það hér áður, að þegar svona pappír er borinn undir atkvæði og ef menn hafa ekki manndóm til þess að salta þetta í n., ef þetta er borið hér undir atkvæði, þá þorir auðvitað enginn annað en að vera með þessu, og allir vita þó að þessi pappír breytir engu af eða á. Vandinn er, og það er þess vegna sem ég tek nokkuð upp í mig um þetta, að menningarumræða á þessu stigi, þessu almenna fleðustigi sem hv. þm. Helgi Seljan beitti hér og hæstv. menntmrh. þorði ekki annað en taka undir, er einskis virði. Það er afar skiljanlegt, að þeir, sem á þetta neyðast til að hlýða, segi: Ef menningin er svona, þá Drottinn minn — þá snýr maður sér heldur að einhverju öðru og gagnlegra. — Og ég segi fyrir mig: Ég hef samúð með slíkum sjónarmiðum.

Ég sé ekki ástæðu til út af fyrir sig að fara fleiri orðum um framsöguræðu hv. þm. Helga Seljan, en minni á að viðlíka spekimæli: „að menningin skuli vera þjónn fólksins og ekki þræll þess“ — ég satt að segja varð fyrir slíkum hughrifum af þessari setningu, ég hef aldrei hugsað út í þetta, að auðvitað væri þetta satt og rétt hjá hv. frsm.

Ég held að ef menn í raun og veru meina það, að þeir vilji gagnast menningunni, þá eigi þeir að láta svona tillöguflutning eiga sig. Og hvað varðar ívitnuð orð míns ágæta vinar, Njarðar P. Njarðvík, þá er honum ekki greiði gerður með því að endurprenta þetta rugl sem þingskjal. Þetta eru hástemmdar lokasetningar í einhverri lokaræðu þegar menn eru að slíta einhverri menningarsamkomu og fara að gera eitthvað annað, sem er ágætt — setningar eins og þessi, sem frsm. las hér af augljóslega mikilli sannri innlifun: „Íslensk menning má ekki verða minningin ein, hún þarf að vera síung.“ Síung! — Drottinn minn, menningunni er lítill greiði gerður með þessu yfirmáta rausi.

Eigum við nú ekki, hv. þm., að sjá sóma okkar í því að salta þessa till. einhvers staðar? Við skulum ekkert vera að minnast á þetta neins staðar, þetta er eins og hvert annað slys sem hér hefur rekið á borðin til okkar. Við skulum láta eins og þessi till. hafi aldrei verið flutt.

Guðrún Hallgrímsdóttir: Herra forseti. Ég skal vera stuttorð. Ég fagna fram kominni þáltill. og ég er þeirrar skoðunar að hin mörgu afskiptu svið í menningarmálum beri þess glöggt vitni að stefnumótunar er þörf. Og þótt till. verði kannske ekki til annars en að hvetja til þess að hafin verði víðtæk umræða um menningarmál og mótun menningarstefnu, þá hefur töluvert áunnist, því að liður í slíkri umræðu yrði án efa spurningin: Menning fyrir hvern?

Við lifum í slíku þjóðfélagi að stórum hluta þjóðarinnar er meinuð þátttaka í félags- og menningarlífi. Ég á við hinn óhóflega langa vinnudag sem hér tíðkast og fyrir löngu er orðinn þjóðarósómi. Þjóðlífi okkar er svo háttað, að menn vinna daglega 12—14 tíma og jafnvel oft um helgar, og sér það hver heilvita maður að þá er enginn tími eftir til þátttöku í menningarlífi.

Um leið og ég læt í ljós þá von, að þessi till. verði samþykkt og með henni takist e. t. v. að vinna upp margra ára vanrækslu á sviði menningarmála, þá verði jafnframt gerð ítarleg könnun á óhóflegu vinnuálagi alls þorra vinnandi fólks og gripið til raunhæfra aðgerða til þess að ráða bót á því. Annars er ég hrædd um að íslensk menning verði aldrei neitt annað en sparimenning fyrir fáeina útvalda, eða eins og segir í grg. „minningin ein“.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Mér þótti miklu miður að hv. 1. þm. Vestf., sem ég vissi að ætlaði að leggja hér orð í belg, gat ekki komið því við, því það hefði án efa verið ágætur lestur sem þar hefði komið. Ég veit að áhugi hæstv. núv. menntmrh. á þessum málum í heild sinni er alveg ótvíræður. Ég tek fyllilega undir orð hans um undirbúning og umræðu. Það er vissulega þörf á því. Ég held að ég hafi líka sagt það, að tillögunni, eins og hún er orðuð, mætti breyta og við flm. hefðum síst við það að athuga. Sú úttekt, sem var nefnd af hæstv. ráðh., er vissulega góðra gjalda verð og ég heyri á honum að hann er þegar byrjaður á þeirri úttekt að nokkru leyti. Hún er nauðsynleg. Við erum þannig á vegi staddir í þessum efnum, að við verðum að vita eitthvað meira en þarna er slegið fram, og er ég þó ekkert að gera lítið út staðhæfingum þeirra sem mér hafa hjálpað við þessa þáltill.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði: það eru margir sem segja: Það er engin menningarstefna. Ég tek ekki undir þetta, því í mörgum málum er það svo, að við höfum ákveðna stefnu. Ég hef hins vegar sagt það, að þessi stefna væri of tilviljanakennd og fjárveitingarnar alveg sérstaklega of tilviljanakenndar. Og ég hef bent á það margoft í sambandi við fjárveitingar til þessara mála, að þær eru nokkuð fastbundnar og öruggar til þeirra föstu stofnana sem fást við listræn málefni og menningarstarfsemi, eins og Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveitin. En síðan vill verða allt lakara um ýmsa áhugastarfsemi sem ég tel engu síður mikils virði, og ég held að það fari ekkert á milli mála hjá þeim, sem hafa fylgst með því sem ég hef sagt hér á Alþ. um menningarmál, — nema þá hv. 9. þm. Reykv., sem er þá í þessu tilfelli í því hlutverki sem hann var að tala um annan hv. þm. áðan, — það hafi ekki farið fram hjá neinum, að öll mín menningarumræða hér hefur beinst að því, að menningin næði sem best til fólksins í landinu og fólkið sjálft tæki sem allra virkastan og bestan þátt í henni og að stofnanamennskan í þessu væri ekki allsráðandi. Um þetta eru töluverðar deilur meðal listamanna. Margir þeirra vilja hafa stofnanamennskuna allsráðandi. Og ég veit það, að meðan hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, var hér við völd, þá var svo sannarlega unnið að ýmsum verkefnum á sviði áhugamennskunnar. Hins vegar fannst mér þá stofnanamennskan tröllríða menningunni og fjárframlögum til hennar. Það er staðreynd. Ætla ég þó ekki að vanmeta það góða sem þó kom á miðju því tímabili, sem hann var við völd, varðandi leikfélögin. En það var í raun og veru það langmerkasta sem kom í sambandi við áhugamennskuna.

Ég er ekki einn af þeim mönnum sem eru með einhvern dýrðarljóma yfir þessari „kúltúrpólitík“, eins og hæstv. ráðh. sagði. Það er þveröfugt. Það er alveg rétt, þessi stefnumörkun er á hverjum tíma til endurmats og á að vera stöðugt til endurskoðunar. Þar af leiðandi er ég alveg sammála því, að við eigum auðvitað alltaf að vera með þetta í athugun og vissulega væri það best og eðlilegast. Ég tek alveg undir það. Hver sem það segir og hvað oft sem það er endurtekið jafnvel, þá tek ég alveg undir það, að við eigum auðvitað ekki að vera að festbinda okkur neitt í þessu efni. Og við eigum líka að ætlast til þess, — þar er ég sammála, — að menntmrh. á hverjum tíma gegni þessari skyldu sinni. Þetta hefur bara ekki gerst hér.

Hins vegar hafa flokksbræður hv. 9. þm. Reykv. á Norðurlöndum séð alveg sérstaka ástæðu til þess að móta svona menningarstefnu. Og sem betur fer veit ég það með vissu, að hæstv. fyrrv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, hafði mjög mikinn áhuga á því að koma einhverju slíku skipulagi á hér, eitthvað svipað og er á Norðurlöndunum. (**VG:** Það er ekki svona helvítis mað.) Maðið, sem þú finnur út úr þessu, Vilmundur, það last þú í reiði þinni áðan. Ef þú lest till. getur þú að vísu lesið hvað sem er út úr henni, vegna þess að við vildum hreinlega ekki orða hana sterkar en raun bar vitni. Það eiga aðrir að gera það, þeir sem eru til þess færari en jafnvel við Guðrún Helgadóttir, hv. þm., þó að við séum auðvitað mjög vel fær til þess ef við vildum leggja okkar tíma í það. Og það er velkomið fyrir hv. þm. Vilmund Gylfason að fá frá okkur nokkur lagafrv. í sambandi við þetta. Ég hef verið á ferðinni með lagafrv. í sambandi við þetta t. d. og unnið að lagafrv. í sambandi við þetta, m. a. varðandi leiklistarlögin, sem ég átti ágætan þátt í, en aðrir kannske miklu meiri. Og kannske hefur maðið verið þar frá mér, en dýrðin frá öðrum, ég segi það ekki.

Það er hins vegar alveg rétt, það má alltaf deila um

hvernig framsöguræður eiga að vera. Ég ætla ekki að fara að deila við hv. 9. þm. Reykv., sem er öllum mönnum snjallari í framsöguræðum, um hvernig þær eiga að vera.

Ég hef alltaf dálitlar mætur á þessum semínarisma í ræðustíl. Ég skil það vel, að þetta fari í taugarnar á hv. þm. Þetta mun hafa verið heimilisböl um langan aldur hjá honum. En ég hafði alltaf á þessu dálæti. Þessi hátíðlega skrúðmælgi í lok ræðna t. d., sem ég nota stundum og hæstv. fyrrv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, er auðvitað allra manna kunnastur fyrir, ég kann mjög vel að meta hana, mér finnst hún skapa stemmningu og ég kann vel við hana. Ég verð að segja nákvæmlega eins og er.

En það er rétt, að endurtekningar á áður sögðum hlutum geta verið hvimleiðar. Og ég skil það mætavel hjá hv. 9. þm. Reykv., sem yfirleitt endurtekur aldrei nokkurn skapaðan hlut, segir hann einu sinni skýrt og skorinort og síðan ekki söguna meir. Það er þó víst og satt.

En vegna þess að þarna fór hann þó út af sínu gamla lagi og endurtók ansi oft ýmis orð, þá var þó að vísu sá munur á þessari ræðu hans og mörgum öðrum, að ég vissi í lokin alveg hvað hann hafði verið að segja, var það alveg ljóst.

Að lokum vil ég svo aðeins segja það við hv. þm., af því að ég vil losa hann við reiði og reiði hans var mikil hér áðan, sennilega út af því að hann fékk ekki að ræða fsp. sína, sem mér finnst alveg réttmæt og eðlileg reiðiorsök, hann má til með að fá að ræða hana fyrir þinglok og tala um Olíuöl, mér finnst það ekki nema eðlilegt, — en út af þeim orðum, sem hann sagði áðan, vil ég aðeins láta það verða mín lokaorð, ég er nú ekki vanur að mæla með slíku, en svei mér ef ég mæli ekki með því við hv. þm., að hann geri frekar það sem hann minntist á í ræðu sinni: að fara og fá sér neðan í því, heldur en koma hér í ræðustól með svona ræðu — svei mér þá.

Umr. frestað.

Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum, þáltill. (þskj. 326, n. 411). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. þessa til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda Evrópusamning um varnir gegn hryðjuverkum. Nefndin hefur rætt till. og leggur eindregið til að hún verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samkomulag Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna, þáltill. (þskj. 332, n. 412). — Síðari umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur haft þáltill. þessa til meðferðar og rætt hana. Leggur nefndin eindregið til að hún verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Flutningur gufuhverfils Kröfluvirkjunar til háhitasvæðis á Reykjanesskaga, þáltill. (þskj. 347). — Ein umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Við höfum hér, þrír þm. Alþfl., flutt till. til þál. um athugun á flutningi annars gufuhverfils Kröfluvirkjunar til nýtingar á háhitasvæði á Reykjanesskaga. Till. er þannig, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta fara fram svo fljótt sem verða má óvilhalla og sjálfstæða athugun á því að flytja annan gufuhverfil Kröfluvirkjunar frá Kröflu og á háhitasvæðið í Svartsengi eða á Reykjanesi.

Nú er það auðvitað svo, að það hefur verið áhugamál Íslendinga um langa hríð að nýta sér með einhverjum hætti þá varmaorku sem býr í iðrum jarðar, m. a. til raforkuframleiðslu. Menn hafa fikrað sig áfram í þessum efnum til að byrja með. Það var reist virkjun af þessu tagi í Bjarnarflagi og síðan var ákveðið að ráðast í virkjun af þessu tagi í Kröflu. Nú þarf í sjálfu sér ekki að rekja þá raunasögu sem átt hefur sér stað í sambandi við Kröfluvirkjun, en það er áreiðanlegt, að í sambandi við hana hefur samt einn grundvallarmisskilningur riðið húsum, nefnilega sá að það væri hagkvæmt að reisa sérstaklega stóra gufuvirkjun. Hagkvæmni gufuaflsvirkjananna liggur kannske fyrst og fremst í því, að það er unnt að reisa þær í litlum áföngum til þess að brúa bil í orkuþörf. Tölulega séð held ég að það sé alveg ljóst, að það sé svipaður kostnaður á uppsett megawatt í gufuaflsvirkjun eins og í hinum hagkvæmari, en þó ekki hagkvæmustu vatnsaflsvirkjunum. Hitt er ljóst, að virkjanir af þessu tagi geta verið sérlega hagkvæmar til þess að brúa bil í orkuþörf milli dýrra virkjana, milli stórra virkjana.

Þessi leið var ekki farin í sambandi við Kröflu, og ástandið á því svæði er náttúrlega vægast sagt hörmulegt. Keyptar voru tvær samstæður gufuhverfla og rafala til raforkuframleiðslu í Kröfluvirkjun, og var hvor samstæða 30 mw. að afli. Nú er það svo, að önnur samstæðan er óuppsett, þ. e. gufuhverfill og rafall annarrar samstæðunnar hefur aldrei verið settur upp, en hins vegar hafa kælikerfi og rafkerfi, sem tilheyra þessum óuppsetta hverfli, verið sett upp.

Að undanförnu hefur raforkuframleiðsla í Kröflu oftast verið á bilinu 4—8 mw. eða 12—25% af afköstum annarrar samstæðunnar, 6—12% af heildarafköstum þess vélaafls sem keypt var á Kröflusvæðið. Borholur við Kröflu hafa reynst dýrar og stopular, og ég held að það sé ljóst, að jafnvel þótt ráðist yrði í frekari boranir á þessu og næsta ári virðist fátt benda til þess að fljótlega fengist sú tíföldun — segi og skrifa tíföldun — á gufuafli sem þarf til að fullnýta báða gufuhverflana sem voru keyptir. Reynslan kennir okkur að það er óvarlegt að treysta á árangur af borunum þarna, og þegar af þeim ástæðum er auðvitað rétt að fara fram með gát, halda rannsóknum áfram og takmörkuðum borunum á tilraunaholum, en ég held að það væri mikil fjarstæða að gera ráð fyrir að raforkuþörf verði mætt með framleiðslu í Kröflu. Það má að sjálfsögðu bæta því við, að teljast verður enn yfirvofandi hætta á eldsumbrotum á svæðinu, sem gætu, ef illa tækist til, eyðilagt mannvirkin gersamlega. Þetta styður það náttúrlega enn frekar að farið verði fram með varfærni í framkvæmdum.

Þegar þetta er skoðað saman, hversu stopular holur hafa reynst og hversu eðlilegt er að fara fram með varfærni á þessu sviði, held ég að það sé alveg ljóst, að ekki þýði að gera því skóna, að á næstu árum náist sú tíföldun á afli sem nauðsynleg er til að fullnýta þá vélasamstæðu sem þarna er fyrir hendi.

Nú eru aðstæður þær, að undanfarið hefur rafmagn til stóriðju verið skammtað, og þjóðin hefur auðvitað liðið

af því verulegt fjárhagslegt tjón bæði í útflutnings- og gjaldeyristekjum. Það má alveg eins gera ráð fyrir því, að þetta ástand gæti farið versnandi á komandi vetri og að þá lægju ýmis atvinnutækifæri ónýtt hjá garði, t. d. í Grundartangaverksmiðjunni, sem í sjálfu sér er reiðubúin til að auka framleiðslu sína ef hún fær nægilega raforku. Í heild má því segja að málin lýsi sér þannig, að yfirvofandi sé áframhaldandi raforkuskömmtun, að vélasamstæður við Kröflu liggi ónýttar og ýmislegt bendi til þess, að þar sé ekki í náinni framtíð að fá nægilega gufu og nægilega örugga til þess að nýting verði á báðum þessum hverflum.

Hins vegar er það svo, að tvö háhitasvæði eru allvel þekkt og mest rannsökuð hér á landi: háhitasvæðin í Svartsengi og á Reykjanesi. Þessi háhitasvæði hafa reynst allstöðug, andstætt því sem segja má um Kröflusvæðið. Og borholur á þessu svæði, einkum í Svartsengi, hafa þar á ofan reynst mun ódýrari en í Kröflu.

Þegar við þannig búum við yfirvofandi raforkuskömmtun, eigum ónýtta gufuhverfla við Kröflu, sem ekki eru tiltakanlega miklar líkur á að komist í nýtingu mjög fljótlega, og höfum allgóða þekkingu á allstöðugum varmasvæðum annars staðar á landinu, þá sýnist vera ástæða til að líta til þess, hvort ekki megi nýta þann hluta Kröfluvirkjunar, sem óuppsettur er a. m. k., á þeim svæðum sem hér um ræðir og allvel eru þekkt: í Svartsengi og á Reykjanesi.

Nú eru gufuhverflarnir, sem keyptir voru til Kröflu, auðvitað ætlaðir ákveðnum gufueinkennum, ef ég má orða það svo, sem reyndar hafa ekki reynst vera fyrir hendi við Kröflu. Og eftir því sem ég kemst næst af viðtölum við menn, sem kunna um þessi mál að fjalla, þá má allt eins gera ráð fyrir því, að ámóta góð nýting fengist á gufuhverflunum í Svartsengi eða Reykjanesi eins og ætla má að fengist í Kröflu ef gufa fengist þar. Þessir hverflar eiga því að geta skilað stærstum hluta afls síns við þau gufueinkenni sem eru í Svartsengi og á Reykjanesi og að líkindum ámóta miklu og þeir gætu skilað við Kröflu þó að vel tækist til þar með gufuöflun.

Það er út frá þessum sjónarmiðum og til þess að gá að því, hvort ekki megi nýta þessa fjárfestingu betur, sem við höfum flutt þessa þáltill. um að samanburður yrði gerður á valkostum, þeim valkosti annars vegar að láta allt kyrrt vera í Kröflu og liggja þar ónotað og ónýtt um nokkra ófyrirsjáanlega framtíð ellegar að flytja aðra samstæðuna suður og koma henni þar í nýtingu. Sá samanburður, sem hér þyrfti að gera, er af því tagi, að annars vegar er um að ræða fjármagnskostnað af einni tækjasamstæðu, sem fyrirsjáanlega mun engu skila í tekjur eða raforkuframleiðslu á næstu árum og hins vegar möguleikinn á að nýta hana og þá kostnaðurinn af því að flytja tækin suður um heiðar og setja þau upp á stað þar sem raforkuframleiðsla getur átt sér stað og tekjur fengjust til að standa undir kostnaði, jafnframt því sem gjaldeyrisskapandi vinnsla í stóriðjufyrirtækjum yrði a. m. k. ekki skorin niður í sama mæli og annars má gera ráð fyrir.

Það er augljóst, að því fyrr sem gripið yrði til aðgerða af þessu tagi, ef raunhæfar reynast, þeim mun betra. En á hinn bóginn er ekki ráð að flana að neinu. Það gerðu menn í sambandi við Kröflu og ástæðulaust að endurtaka ævintýri af því tagi. Þess vegna er hér lagt til að sérstök athugun fari fram svo fljótt sem verða má á möguleikanum á því að flytja þessa óuppsettu samstæðu og væntanlega þá tilheyrandi kæli- og rafkerfi. Athugunin þyrfti að fjalla um tæknilega útfærslu á flutningi af þessu tagi og uppbyggingu stöðvar á Reykjanesi. Hún þyrfti að fjalla um mat á þeim háhitasvæðum sem til álita koma og kostnaðarsamanburð á þeim valkostum sem ég hef hér rakið. Enginn þarf að efast um að það hlýtur að vera kostnaðarsamt að flytja tækin, en um hagkvæmni verður auðvitað ekki fullyrt nema að undangenginni athugun, og þess vegna er þessi till. flutt.

Í þessari þáltill. er gert ráð fyrir að hér verði um að ræða sjálfstæða og óvilhalla athugun, og með því er fyrst og fremst átt við að hún verði ekki falin aðilum sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta eða hafa á nokkurn hátt borið ábyrgð á ævintýrinu í Kröflu. Þetta á sem sagt að vera vönduð athugun, framkvæmd af sjálfstæðum og óvilhöllum aðilum.

En til þess að gera þingheimi grein fyrir þeim tölum sem hér um ræðir, þá held ég að það láti nærri að þá vélasamstæðu, sem hér um ræðir, þ. e. hverfil og kælikerfi og rafkerfi, megi meta á 5.3 milljarða. Það eru sem sagt tæki þarna upp á 5.3 milljarða sem fyrirsjáanlega komast ekki í notkun fljótlega. Þar af er hverfilsamstæðan upp á líklega um 2.4 milljarða og tilheyrandi kælikerfi og rafkerfi upp á 2.8—2.9 milljarða.

Nú er þess að gæta auðvitað, ef koma á suður kælikerfi og rafkerfi sem þegar hefur verið sett upp þarna fyrir norðan, að það kostar nokkuð að taka það niður. Þau mál verður auðvitað að athuga vandlega.

Ef þessar ágiskunartölur reynast réttar um fjárhæðir sem þarna mætti hugsanlega koma í nýtingu, þá sýnist þar vera um mjög umtalsverða fjárhæð að ræða. Og hver og einn getur leikið sér að því að reikna fjármagnskostnaðinn af því að láta liggja ónýtta 5 milljarða af þessu tagi. Á móti þeim kostnaði á svo að vega kostnaðinn af því og ávinninginn af því að setja þessi tæki upp annars staðar, þar sem hafa má af þeim tekjur og stuðla að frekari gjaldeyrisskapandi atvinnu hér á landi.

Mér sýnist, en þó segi ég það með fyrirvara, að heildarkostnaður af fyrirtæki af þessu tagi gæti verið um 13 milljarðar, að 30 mw. stöð geti kostað um 13 milljarða. Þar af eigum við sem sagt í stöðina tæki sem liggja ónýtt þarna norður við Kröflu upp á einhvers staðar á bilinu 5—5.5 milljarða. Þetta hlýtur auðvitað að vekja menn til umhugsunar um það, hvernig best sé að halda á þessum málum.

Meginhlutinn af hinum kostnaðinum, mismuninum á þessum 5—5.5 milljörðum, sem við eigum í einni hverfilsamstæðu, kælikerfi og rafkerfi, og þessum 13 milljörðum, sem giska má á að þetta fyrirtæki kosti í heild, — meginhlutinn af mismuninum liggur í gufuveitunni og borholunum, en ágiskun um borkostnað hlýtur að vera miklum vafa undirorpin. En á það er alveg sérstaklega að líta í þessu sambandi, að það er vitað að borholur á svæðunum í Svartsengi og á Reykjanesi eru ódýrari en t. d. borholur við Kröflu, þannig að það kostar hlutfallslega langtum minna að koma þessari ónotuðu fjárfestingu í brúk með því að setja tækin upp á þeim svæðum sem hér er sérstaklega lagt til að verði athuguð, þ. e. í Svartsengi og á Reykjanesi.

Í fjármagnsfátæku þjóðfélagi tel ég að okkur sé skylt að leita allra leiða til þess að nýta það fé, sem við höfum, þá fjármuni, sem við höfum, og það sé mikill ábyrgðarhluti að horfa upp á það, að milljarðar kr. liggi ónýttir eins og þeir gera við Kröflu og allt virðist benda til að þeir muni gera áfram. Þess vegna er nauðsynlegt að kanna

alla möguleika á því að hafa tekjur af þessari fjárfestingu sem menn hafa þegar lagt í, — fjárfestingu upp á sem sagt yfir 5 milljarða, sem liggur þarna og ekki er fyrirsjáanlegt að menn fái tekjur af öðruvísi en að finna sér aðrar leiðir til að nýta þær en að láta þetta liggja ónotað við Kröflu.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta eða fara út í forsögu málsins við Kröflu, en ég tel, að hér sé um þess háttar mál að ræða, að það sé ástæða til þess að hraða athugun af þessu tagi, og vænti þess því fastlega, að Alþ. sjái sér fært að samþykkja þessa þáltill. þannig að athugun af þessu tagi geti komist til framkvæmda sem allra fyrst.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson mælti fyrir hér áðan, er vissulega þess virði að efni hennar sé hugleitt, og einmitt athuganir af því tagi, sem þar eru ráðgerðar, eru líklegar til þess að geta varðað veginn til réttra framkvæmda. Ég tel ákaflega þýðingarmikið að fram fari athuganir á jarðhitasvæðinu á Reykjanesi, — ítarlegar athuganir, miklu ítarlegri en þær athuganir sem framkvæmdar voru við Kröflu á sínum tíma, og af hálfu hinna fróðustu og sanngjörnustu aðila. Enn fremur er ég þeirrar skoðunar, að einmitt við þær athuganir og kannanir, sem þar færu fram, gerðum við rétt í því að draga nokkurn vísdóm af þeim mistökum, sem framin voru við Kröflu, og hefðum okkur til ráðuneytis þá tæknifræðinga og verkfræðinga sem kunnugastir eru þeim mistökum, sem þar áttu sér stað, og áttu beina aðild að þeim.

Ég mun ekki fremur en hv. síðasti ræðumaður fara ítarlega út í það að rekja tildrög mistakanna við Kröflu, enda hygg ég á hvorugs okkar færi að gera það svo ugglaust væri að hvað eina kæmi þar fram. Og ég vil vekja athygli á einu, sem er grundvallaratriði þegar um það er fjallað hvers vegna önnur vélasamstæðan við Kröflu hefur ekki verið tengd einu sinni enn þá og hin nýtt að svo litlu leyti sem raun ber vitni. Alþfl. beitti neitunarvaldi sínu í síðustu ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir að borað yrði eftir gufu við Kröflu, þrátt fyrir eindregin meðmæli hinna fróðustu og kunnugustu manna á Kröflusvæðinu með því, að þar yrði borað og sótt sú orka sem okkur var og er öllum kunnugt um að fáanleg er á þessu svæði. Fyrir lágu útreikningar hinna fróðustu manna um það, að hver hola, sem þar yrði boruð og veitti okkur gufu, mundi gefa okkur sem samsvaraði 1½ milljarði kr. í nettohagnað á árinu sem leið — eða næstu tólf mánuðum þar á eftir — í olíusparnaði. Við munum harla lengi geta látið vélasamstæðurnar við Kröflu bíða ónotaðar með þeim framkvæmdamáta sem hafður var á síðasta ári og meðan áhrifa þeirra aðila nýtur við í íslenskum stjórnmálum sem þar hindruðu eðlilegar boranir árið sem leið.

En við skulum víkja aftur beint að till. þeirri sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson gerði grein fyrir áðan og er alveg jafngóðra gjalda verð þrátt fyrir ágreining okkar á milli um það, sem gerðist við Kröflu, eða orsakirnar fyrir litlum nytjum af vélum það. Till. er einnig jafngóðra gjalda verð þó okkur greini mjög svo berlega á um það, til hvers ætti að nota orkuna sem kæmi frá Kröfluhverflinum á Suðurnesjasvæðinu. Ég leyfi mér nú — á sama hátt og hv. ræðumaður hefur sjálfur æ ofan í æ gagnrýnt fljótfærnislegar framkvæmdir við Kröflu — að gagnrýna áætlanir hans, að því er virðist gripnar af bjartsýni á grundvelli lauslegra athugana, í sambandi við nýtingu og kostnað á borholum á Reykjanessvæðinu.

Í fyrsta lagi er nú það, að hið sama mundi gilda um borholur á Reykjanessvæðinu og við Svartsengi eins og við Kröflu. Ef æskilegt er að láta borholur við Kröflu blása í tvö ár áður en þær eru virkjaðar, þá mun hið sama gilda á Reykjanessvæðinu. Einnig vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að á öllu þessu breiða háhitasvæði Íslands, sem nær allt frá Öxarfirði og suðvestur á Reykjanes og er sums staðar u. þ. b. 200 km breitt, annars staðar að vísu ekki nema í kringum 70, — á öllu þessu svæði gildir það, að ekki er séð fyrir hverjar jarðhræringar verða eða jafnvel eldgos, og það má hv. þm. vera minnisstætt, að fyrir u. þ. b. 12 árum rituðu íslenskir jarðfræðingar býsna mikið um þá staðreynd, að Reykjanessvæðið væri nú þegar komið nokkra áratugi fram yfir eðlilegan gostíma. Einnig þar geta orðið jarðhræringar, einnig þar geta átt sér stað eldgos, svo sem dæmin sanna, ef hv. þm. vildi renna haukfránum augum yfir hraunbreiður Reykjaness, þó ekki væri nema frá Helgafelli, að þar hefur slíkt skeð fyrr. Líkindin mæla með því að slíkt geti skeð öðru sinni. Þar mun gilda það sem gilda mun á öllu háhitasvæði landsins, ef við ætlum í raun og veru að nýta jarðhita til raforkuframleiðslu með þeirri tækniþekkingu sem við nú búum yfir, að við verðum þar að ætla hverju raforkuveri að tryggja annað á þessu svæði, því við hljótum að reikna með því, að annað slagið gerist það í jarðhræringum að gufu þrjóti um sinn og jafnvel að mannvirki fari undir hraun.

Ég vil nú nota annars konar reikningsstokk en hv. þm. Kjartan Jóhannsson, prýðilega lærður verkfræðingur, við útreikning á arðsemi þess að við Íslendingar bindum raforkuframkvæmdir okkar endanlega við stóriðju á landi hér og e. t. v. sérstaklega í sambandi við orkusöluna til Álversins í Straumsvík og Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, en hvort tveggja þessi stóru mannvirki, annað algjörlega í eigu útlendinga, en hitt að verulegu leyti, hafa verið hjartans mál Alþfl. og þeirra „tæknikrata", ef ég leyfi mér að íslenska orðið „teknokrat", sem kringst hafa staðið að þeim flokki og þeirri efnahagslegu hugsun sem gjarnan kemur fram í máli hv. þm. Kjartans Jóhannssonar.

Hitt vil ég fullyrða, að það hefði sérstaka þýðingu fyrir norðaustursvæðið, þ. e. Norðurland eystra, og þó fyrst og fremst fyrir svæðið norðan og austan Mývatnssveitar, ef við fengjum orku frá Kröfluveri inn á Austurlandslínuna. Enda þótt ég mæli með því, að gerð verði ítarleg og góð athugun á möguleika á framleiðslu raforku frá borholum við Svartsengi og á Reykjanesi, þá tel ég hyggilegt að láta bíða ákvörðunina um að flytja burt vélarnar af Kröflusvæðinu á Reykjanessvæðið, láta það bíða eftir því hvort við komumst að niðurstöðu um það, hvort við fáum kannske ekki fyrr nýtilega gufu á Kröflusvæðinu á þessa hverfla, þar sem þeir eru, og sæjum þá e. t. v. nokkra leið til þess að útvega aðra hverfla til notkunar á Reykjanessvæðinu.

En umfram alla muni held ég að sé orðið tímabært að við gerum okkur grein fyrir því, til hvers, til hvaða hluta, til hvaða framkvæmda við ætlum að nota þá raforku sem við leggjum í með ærnum tilkostnaði að afla okkur. Og mér er það meira í mun, að við látum sitja í fyrirrúmi þörf landsmanna sjálfra fyrir raforku heldur en þörf þeirra hjá Alusuisse og Elkem-Spigerverket að nota íslenska raforku til framleiðslu í gróðaskyni fyrir þau fyrirtæki.

En ég ítreka það í lokin, að ég tel till. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar um athuganir á þessu máli góðra gjalda verða, ef aðeins væri hægt að létta af hv. þm. áleitnum „vöfum" — svo við leyfum okkur að nota þýðingu Símonar Jóh. Ágústssonar prófessors á orðinu „komplex", — áleitnum vöfum í sambandi við virkjunarmál á Íslandi yfirleitt og þó fyrst og fremst í sambandi við Kröfluvirkjunina.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér hér í hugmyndafræðilegar deilur um það, til hvers eigi að nota rafmagnið eða hvort orðið hafi mistök og hvers vegna við Kröflu á sínum tíma í sambandi við þær ákvarðanir sem þar voru teknar. En ég vil leyfa mér að lýsa því strax yfir og án þess að hafa um það mjög mörg orð, að ég tek undir þennan tillöguflutning hjá þeim þremenningunum, hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, Vilmundi Gylfasyni og Karli Steinari, um það að fela ríkisstj. að láta fara fram ítarlega könnun á flutningi á gufuhverfli frá Kröflu suður á Reykjanesskaga.

Ég vil hins vegar taka það fram, að ég tel að þetta mál þurfi mjög gaumgæfilegrar könnunar við. Staðreyndin er sú, að ég held að það sé samdóma álit þeirra, sem gerst þekkja til, að fá háhitasvæði á landinu séu betur þekkt í dag en háhitasvæðin á Reykjanesi og þá sérstaklega við Svartsengi. Og það hefur komið í ljós við þær kannanir, sem þar hafa farið fram og Hitaveita Suðurnesja hefur látið gera, að jarðhitageymirinn sjálfur er minni en áætlað var í upphafi. Þess vegna held ég að það hefði verið heppilegra að keyptar hefðu verið fleiri en minni túrbínur vegna Kröflu. Það hefði verið heppilegra að flytja minni túrbínur suður og reyna fyrir sér.

Hjá Hitaveitu Suðurnesja hefur verið framleitt rafmagn með því sem sumir hafa kallað tvínotkun gufunnar, ef svo má taka til orða til einföldunar, og hefur stjórn hitaveitunnar viljað, áður en ákvarðanir eru teknar um frekari boranir og frekari úrtöku úr svæðinu, fá Keflavíkurflugvallarsvæðið inn til þess að sjá hvernig jarðhitageymirinn bregst við þeirri úrtöku.

Ég bendi hins vegar á ágæta grein sem Jónas Elíasson prófessor skrifaði í Vísi nú ekki alls fyrir löngu, þar sem hann bendir einmitt á eða varpar fram þeirri spurningu, hvort rétt sé að flytja aðra túrbínuna suður og þá fyrst og fremst til notkunar sem varastöð. Ég held að það væri e. t. v. miklu girnilegra núna a. m. k., eða uns reynslan af stöðugri úrtöku úr jarðhitapottinum hefur komið í ljós, að nýta hverfilinn sem vararafstöð. Og staðreyndin er sú, að mjög langan tíma ársins er hægt að nýta svona túrbínu þarna sem vararafstöð án mjög margra nýrra borhola og mikils borunarkostnaðar. Einnig er þetta háð því hvernig vatnsbúskapur í landinu stendur. Fróðir menn hafa sagt mér, að tæknilega mæli ekkert gegn því að gera þetta, það sé hins vegar spurningin hvað svæðið þolir í raun og veru.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég mæli mjög með því, að þessi till. verði samþ. og þessi könnun fari fram, svo úr því verði skorið hvort þetta sé skynsamlegt eða ekki, og þá ekki til þess að draga úr þeim framkvæmdum, sem þyrfti að gera norður við Kröflu, heldur sýnist mér, eins og dæmið stendur í dag, að þó að næstu holur, sem búið er að ákveða að ráðast í, takist vel, þá verði það ekki meira en til að nýta þann hverfil sem þegar er búið að setja upp við Kröflu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ákvarðanir eins og þær, sem hér er verið að tala um, hlýtur að verða að taka út frá því sjónarmiði einu hvað er skynsamlegt miðað við daginn í dag, en ekki hvað hefði verið skynsamlegt fyrir nokkrum árum. Og í ljósi þess vil ég taka það fram, að við lestur þeirrar grg., sem hér er fram sett ber lítið á hlutlausu mati. Þar er á annan veginn öllu slegið föstu til verri vegar varðandi Kröflu, og hins vegar settar fram heldur losaralegar fullyrðingar varðandi það sem vitað er um háhitasvæðið á Reykjanesi. Það er talað um að það sé allvel þekkt, það er talað um að ýmislegt bendi til, það er talað um gufueinkenni.

Ég verð nú að segja eins og er, að ef á að byggja á svona losaralegu orðalagi hlýtur sú spurning að vakna, hvort ekki sé skynsamlegt að haga málum á Reykjanesi eins og átti að haga þeim við Kröflu, þ. e. að byrja á að framkvæma þar nægilegar boranir og að því búnu fara af stað með virkjunarframkvæmdir eftir að þær holur hafa blásið út, eins og eðlileg vinnubrögð eru talin vera.

Ég held líka að þegar verið er að tala um það, hverjir eigi að gera þessa athugun, þá gæti ekki heldur hlutleysis. Hér stendur: „Með því er fyrst og fremst átt við að hún verði ekki falin aðilum sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta eða hafa á nokkurn hátt borið ábyrgð á ævintýrinu í Kröflu." Væri ekki rétt að bæta við: „eða hafa hagsmuna að gæta við Svartsengi" — setja það líka inn? Væri það óeðlilegt?

Þetta er nefnilega ekki bara spurningin um það, hvort hagkvæmt sé að taka vélar og flytja þær á Reykjanes. Þetta er spurningin um þá skuldabyrði sem á íslenskri þjóð hvílir vegna Kröflu og er á þessu ári 3.9 milljarðar, hvort búið sé að taka um það ákvörðun að borga bara þessar skuldir og gefast upp við að afla gufu fyrir norðan. Mér finnst það dálítið stór ákvörðun ef á að fara að slá slíku föstu. Ég veit ekki betur en það sé búið að samþykkja að gera rannsóknarborholur fyrir norðan nú í sumar. Og ég verð að segja að ég tel það hafa verið misheppnað, svo ekki sé meira sagt, að stöðva þær boranir á s. l. ári.

Ég held að það sé tími til kominn að við gerum okkur grein fyrir því, að þetta mál er og verður málefni sérfræðinga. Þetta er og verður málefni sérfræðinga, þar sem sérfræðingar verða að taka ákvörðun, vegna þess að pólitíkusarnir hafa ekki næga þekkingu á þessum málum. Og ég held að ef framkvæma á athugun eins og hér er verið að leggja til, þá verði að gera hana á mun stærri grunni en því einu, hvort hagkvæmt sé að flytja hreyfilinn að norðan og hingað suður. Það verður að taka hana á þeim grunni, hvort skynsamlegt sé að slá því föstu, að það sé réttast að borga skuldirnar við Kröflu og gefast þar upp á orkuöflun. Það er spurningin sem við verðum að gera okkur grein fyrir í dag, og í því sambandi breytir engu hvað gerst hefur í málinu til þessa. Það verður að taka ákvarðanir út frá því, hvað okkar bestu vísindamenn á þessu sviði telja réttast í dag.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Út af þeim upplýsingum, sem komu fram í ræðu hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar, vil ég taka fram, að það er rétt að menn telja að jarðhitageymirinn sé minni í Svartsengi en ætlað var í upphafi. Rannsóknir hafa leitt menn til að trúa þessu. Í þessu sambandi vil ég ekki kveða fastar að orði um Svartsengi eða Reykjanes en ég tel eðlilegt vera, og ég tel að það hafi menn einmitt gert rangt í sambandi við

Kröflu, að slá ýmsu föstu áður en menn vissu það til fulls. Því segi ég, að það er ýmislegt sem bendir til þess, að þrátt fyrir takmarkaðan varmageymi megi reka stöð þarna, alla vega það sem ég vildi kalla toppstöð frekar en varastöð, til þess að mæta mesta álagi. Og auðvitað ætti það að vera liður í þeirri athugun, sem hér er farið fram á að gerð verði, að ganga úr skugga um það, hvort rekstur toppstöðvar af þessu tagi sé hagkvæmur — eða hagkvæmari, skulum við segja, en sú leið eða sá farvegur sem menn eru með málin í, þ. e. að eiga hverfil óuppsettan norður við Kröflu, sem ég verð að segja að mér þykja tiltölulega litlar líkur benda til að komist í nýtingu næstu árin.

En það er líka minnst á önnur svæði í till., sem ég tel að séu allvel þekkt. Ég vildi ekki nota svo sterk orð sem „vel þekkt" — þó að vel geti verið að það megi gera — einfaldlega af þeirri ástæðu, að það er m. a. lagt til í þessari athugun að málin verði skoðuð betur, ekki bara að því er hagkvæmni varðar, heldur líka að því er varðar jarðhitasvæðið sjálft, svo að menn séu ekki að taka óþarfa áhættu og renna þannig í sama farveginn aftur. Það er sérstaklega tekið fram. Þessi svæði eru sem sagt annars staðar á Reykjanesi, t. d. þar sem hefur verið talað um að reisa saltverksmiðju.

Ég taldi skynsamlegt og við flm. þessarar till. að kveða ekki fastar að orði um horfur á Reykjanesi heldur en gert er í þessari þáltill., spara nú stóru orðin um það, hvað væri örugglega víst á þessu svæði, vegna þess að menn voru svolítið brenndir í þeim efnum. Og ég vona að það skýri málin fyrir hv. 5. þm. Vestf. að því er orðalag varðar og viðhorf okkar í þessum efnum, enda sérstök áhersla lögð á það í grg. að farið skuli nú fram af fullri skynsemi, málin skoðuð vel, ekki fullyrt um hagkvæmni fyrr en að undangenginni athugun. Þetta grundvallarviðhorf réð því orðalagi sem þarna var valið.

Ég get ekki séð að neinu hafi verið slegið föstu á verri veginn varðandi Kröflu umfram það sem vitað er. Það er vitað, að eldsumbrot eru á svæðinu. Við höfum það fyrir augunum, að holur — á annan tug — hafa verið boraðar og út úr því koma 6 mw. Vill einhver reikna það út fyrir mig, hvað þurfi þá margar holur miðað við samsvarandi afköst til þess að ná 60 mw? Þær verða á annað hundrað. Við verðum auðvitað að vona að betur takist til og að menn séu því vísari um þetta svæði að í svo óheyrilegan kostnað þurfi ekki að leggja.

En við í Alþfl. höfum talið að það væri ástæða til að fara fram með gát á þessu svæði með tilliti til þess, hvernig allt hefur gengið á Kröflusvæðinu, með tilliti til þess, að þarna eru þó eldsumbrot núna og yfirvofandi eldgosahætta meiri að öllum líkindum en annars staðar þar sem ekki eru eldsumbrot í gangi núna, þó að okkur sé auðvitað ljóst, að á öllu hinu eldvirka svæði á Íslandi geta komið upp eldgos þegar minnst varir. En það vill nú svo til, að ef við ætlum að sinna gufuaflsvirkjunum á annað borð, þá verðum við víst að vera á eldvirka svæðinu. Við komumst ekki fram hjá þeirri áhættu. Spurningin er bara um að reyna að velja hana þannig, að hún sé ekki sem allra mest. Og ég geri ekki till. um það, þó að vélar verði fluttar frá Kröflu, að það verði valið öðru sinni að setja þær ofan í eldgíg, þó að þær hljóti að vera á eldvirku svæði. En eins og kunnugt er, þá er Krafla eldgígur.

Ég get fyllilega tekið undir það, sem hér hefur komið fram, og tel að það felist reyndar í þessari þáltill., að nú verði ekki flanað að neinu, heldur verði reynt að undirbúa málin eins vel og kostur er og þess vegna eigi þetta að vera allumfangsmikil athugun, ekki bara reiknuð í krónum og aurum, heldur er hér sérstaklega tiltekið að það skuli liggja fyrir frekari jarðfræðileg álit.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar, og það má koma fram núna, að það sé fyllilega ástæða til þess fyrir okkur að efna til frekari rannsókna á ýmsum svæðum hér í grenndinni, til þess að hafa betri vitneskju um svæði eins og Hengilssvæðið og Nesjavelli og sjálfsagt einhver fleiri, þannig að grípa megi til gufuaflsvirkjana á þessum svæðum til að brúa bil milli stórvirkjana í framtíðinni. Og ég tala um þetta núna vegna þess að aðdragandi að virkjunum af þessu tagi er að venjulegum hætti æðilangur og það getur verið gott að eiga þær upplýsingar sem þarf til þess að geta farið í svona virkjanir með skemmri fyrirvara en meðgöngutíminn er miðað við það að byrja frá grunni, — meðgöngutími sem menn gleymdu að taka við Kröflu og hefndist illa fyrir.

Ég tók eftir því hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að hann fullyrti að það væri mikla orku að fá við Kröflu. Ég treysti mér ekki til að fullyrða það og gefa út slík „garantí", allra síst miðað við það sem á undan er gengið. Ég tel að það séu verulegar líkur á að slíka orku megi fá á þeim jarðhitasvæðum sem allvel eru þekkt á Reykjanesinu, en ef nokkuð má ráða af fortíðinni, þá sýnist mér að það sé langt í að við höfum náð þeirri tíföldun á gufuafli sem þarf til að nýta þessar vélar við Kröflu. Og það er einmitt út frá þessum forsendum sem þáltill. er flutt.

Ég held að málin snúi þveröfugt varðandi þá „komplexa" sem hér var talað um áðan og hv. þm. Stefán Jónsson gerði að umtalsefni. Ég held að það hafi verið fræðilegur „komplex" hjá allt of mörgum, sem réðu allt of miklu á sínum tíma, að halda áfram með Kröfluævintýrið í þeim farvegi, sem það var, og í því óðagoti, sem þar gilti. Og mér finnst votta æðimikið fyrir þessum „komplex" í hvert skipti sem þessi mál ber á góma, vegna þess að menn hafa það sérstaklega uppi sem gagnrýni að Alþfl. vildi fara á síðasta ári og vill enn fara með gát í þessum efnum og ekki leggja í stórkostlegan kostnað, heldur gefa sér tóm til að sjá hvað kemur út úr hverri borun, og taldi rétt í fyrra að gera hlé á borunum það árið.

Ég held að það séu líka allt of margir og kannske sem ráða óþarflega miklu, sem eru með „komplexa" út af stóriðju. Ég er sannfærður um það, að við eigum að nýta til stóriðju orkulindir okkar, orkulindir sem við eigum í fallvötnum og í jarðvarma, og það muni vera framtíðarverkefni fyrir okkur. Ég held við eigum ekki að óttast hana, við eigum að hagnýta okkur hana. Ég held hún sé okkur mikilvæg til þess að byggja hér traustara efnahagslíf. Að þessu leyti erum við Stefán Jónsson væntanlega algjörlega á öndverðum meiði, en hvorum megin „komplexinn" liggur í þessum efnum, það getur sjálfsagt lengi verið deilumál.

Ég skal ekki neita því, að það geti haft sérstaka þýðingu fyrir Norðurland að fá orku frá Kröflu. En ég held að það hafi nú fyrst og fremst þýðingu fyrir Norðausturland að fá orku. Og munurinn á því, ef hagkvæmt reynist og skynsamlegt að flytja þessa hverfla suður og koma þeim þar í framleiðslu eða láta þá liggja þarna fyrir norðan, liggur einmitt í því, að það verður meiri orka framleidd í landinu og þá verður meira aflögu líka fyrir Norðausturland. Ég tel því að ef þessi athugun sýnir að skynsamlegt og hagkvæmt sé að fara þessar leiðir, þá

muni það vissulega ekkert síður gagnast Norðausturlandi en örðum landshlutum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Fyrsti flm. þessarar þáltill. lét í það skína, að í þáltill. kæmi fram till. um að fara í að kanna jarðhitann á þessu svæði. Í þáltill. sjálfri kemur slíkt ekki fram. Í grg. er mjög lauslega að því vikið. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa þáltill.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram svo fljótt sem verða má óvilhalla og sjálfstæða athugun á því að flytja annan gufuhverfil Kröfluvirkjunar frá Kröflu og á háhitasvæðið í Svartsengi eða á Reykjanesi."

Ég hefði sagt að Svartsengi væri á Reykjanesi, en geri það ekki að deiluefni hér við hv. þm., enda er þetta í hans kjördæmi. (**KJ:** Er Reykjanes á Reykjanesi?) Ég geri það ekki að deiluefni við hv. þm., eins og ég sagði, en vil fletta hér á bls. 2. Þar er losaralega að því vikið, að í þessari athugun þurfi „að fjalla um tæknilega útfærslu flutnings og uppbyggingar stöðvar á Reykjanesi". Svo kemur hér örstutt innskotssetning: „mat á þeim háhitasvæðum sem til álita koma". Það er rannsóknin: „mat á þeim háhitasvæðum". Svona rannsókn verður ekki framkvæmd án borunar. Það veit hv. flm. Þess vegna hefði í þessari till. — ef átt hefði að taka hana alvarlega sem hlutlausa í þessu máli — átt í upphafi að minnast á borun á Reykjanesi, til að gera þar athuganir og rannsóknir eins og eðlilegt er sem undanfari í svona máli.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þá útreikninga, að það þurfi á annað hundrað holur fyrir norðan til að fá þá gufu sem þarf. Hver einasti Íslendingur, sem hefur leitt hugann að þessum málum, hlýtur að gera sér grein fyrir því, að við höfum eytt óeðlilega litlum hluta af þeim fjármunum, sem veittir eru til framkvæmda, í rannsóknir í þessu landi. Og af því súpum við seyðið. Ég vil halda því fram, að borunarkostnaðurinn við Kröflu sé að sumu leyti hluti af þeim heildarkostnaði sem af rannsóknum á jarðhita á Íslandi leiðir og mun leiða.

Það vill nú svo til, að þarna eru tvö gufulög í jarðlögunum sem talað er um. Þetta var ekki vitað þegar fyrstu holurnar voru boraðar. En þegar seinni borunin fór fram og sú hola var boruð sem fyrst og fremst gefur þarna orku, þá var farið út í það að einangra efra gufusvæðið frá. Þess vegna vil ég halda því fram sem staðreynd í dag, að ef ekki kemur til eldgos fyrir norðan, þá sé hægt að ná miklu meiri árangri í gufuöflun heldur en þeir „billegu" útreikningar barnaskóladæmis báru með sér sem hv. verkfræðingurinn bar á borð fyrir þingheim hér áðan. En kannske er það svo með suma, að þeim væri það annast um að aldrei kæmi í ljós hvort hægt hefði verið að koma stöðinni við Kröflu á stað með borunum. Ef til vill er það grunntónninn á bak við þann hugsunarhátt sem kemur fram í afstöðu þeirra til þeirra mannvirkja sem þar eru, miðað við stöðuna eins og hún er í dag.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það var sagt í minni sveit — (**Gripið fram í:** Hvaða sveit var það?) — hún heitir Ragnárvellir, — ef hv. þm. vill læra landafræðina sína betur, bæði gagnvart Reykjanesi og Rangárvöllum, skal ég hjálpa honum við það, — í þeirri sveit var sagt: meira vinnur vit en strit. — Ég held að það eigi að mörgu leyti við um hv. síðasta ræðumann og jafnframt um það ástand sem nú ríkir við Kröflu, þá hörmungarsögu sem lesa má úr öllum framkvæmdum þar.

Ég held að Vestfirðirnir geti ekki státað af þeirri gufuorku, að hv. þm. muni hafa mikla reynslu af gufu þaðan, jarðgufu almennt, hvort sem hún kemur úr efri eða neðri lögum, hvort sem þar eru háhitasvæði eða annars konar svæði. (**KP:** Hann er kominn í Vesturland.) Hann er kominn í Vesturland, já.

Það er aðeins vegna þeirrar umr., sem hér hefur farið fram, að ég vil taka skýrt fram að þau mál, sem hér um ræðir, eru þáttur í einhverri mestu hörmungarsögu fjárfestingar sem við þekkjum hér á Íslandi, — hörmungarsögu þess, að vitið var ekki látið vinna meira en stritið, þ. e. að tilraunaholur, sem boraðar voru við Kröflu á sínum tíma, voru ekki látnar blása þann tíma sem þær áttu að blása. Þær voru allt í einu kallaðar virkjunarholur og það var byrjað að virkja.

Ég vil benda mönnum, sem ekki óttast að þarna kunni að verða enn þá meira áfall fyrir efnahag þessarar þjóðar, á að kynna sér línurit sem jarðfræðingar, mjög hæfir menn, hjá Norrænu eldfjallarannsóknarstöðinni hafa verið að dunda við að gera. Þeir hafa leitað heimilda í sögnum, frásögnum og rituðum heimildum um Mývatnselda. Samkvæmt því hafa þeir gert línurit og þeir hafa borið allar hreyfingar og hræringar á Kröflusvæðinu saman við þetta línurit. Og það, sem er að gerast núna, er að línurit nútímans er að nálgast þann enda á línuriti Mývatnseldanna að jarðfræðingar telja að það hljóti að gerast sem gerðist í Mývatnseldunum.

Þetta er ekki sagt í þeim tilgangi að hlakka yfir því, að þarna kunni að verða eldgos sem muni leggja í rúst allar þær byggingar og öll þau mannvirki sem þarna hafa risið fyrir óhemjumikla fjármuni. Þetta er sagt einfaldlega vegna þess að þessar staðreyndir blasa við okkur.

Ég hef persónulega verið á móti áframhaldandi borun við Kröflu, einfaldlega vegna þess að óróinn á svæðinu er enn þá svo mikill að við höfum enga tryggingu fyrir því að þessar holur komi að nokkru minnsta gagni. Ég vil minna á það, að á lánsfjáráætlun í ár eru 3900 millj. kr. sem ætlað er að fara eingöngu í afborganir og vexti af fjárfestingu við Kröflu. Ég er þeirrar skoðunar, að okkur hefði verið nær að huga að örðum virkjunarkosti á Norðurlandi eystra, þ. e. hækka stífluna í Laxá og nýta þannig afl sem fyrir hendi er og kostnaður hefði verið sáralítill við. Þetta afl hefði komið að mjög góðum notum og við höfum getað fengið þar mun meira en við fáum í dag frá Kröfluvirkjun.

Ég tel að þm. almennt, hvar í flokki sem þeir standa, hvort sem þeir eru í Kröfluflokkum svonefndum eða í hinum heppna flokki sem lenti ekki í Kröflunefnd, Alþfl., geri sér fulla grein fyrir að áframhaldandi fjármögnun framkvæmda við Kröflu er eitt mesta ævintýri sem lagt hefur verið út í á Íslandi og mun verða það áfram í ókominni framtíð, a. m. k. þangað til við komumst að raun um hvort þarna gýs eða gýs ekki. Ég ætla ekki að gera þetta að flokkslegu deilumáli, ég ætla bara að benda mönnum á það, að kostnaðurinn er orðinn svo mikill, það er búið að fjárfesta svo mikið, að það væri ells ekki fráleit hugmynd að athuga hvort ekki væri hægt að nota einn gufuhverfilinn, sem þarna stendur ónotaður, á öðrum stað á landinu. Þar með væri dregið úr raunverulegum kostnaði við Kröfluvirkjun, raunverulegum fjármagnskostnaði, og eitthvað af því, sem keypt hefur verið til virkjunarinnar, kæmi að notum. En ég vil benda á það um leið, að það er virkjunarkostur fyrir hendi í Norðurlandskjördæmi eystra og væri að mínu mati ákaflega skynsamlegt að nýta hann, ef okkur tækist að ná sam-

komulagi við þá aðila sem þar eiga hlut að máli. Ég tel að raunverulegur grundvöllur sé fyrir hendi og sé að skapast um það, að samkomulag geti náðst innan tíðar um þau mál.

Herra forseti. Ég ætla nú ekki — (**StJ:** Ja, hérna.) — ja, hérna, segir hv. þm. Stefán Jónsson. Ég vil vegna „ja, hérna" benda honum á að bændur í Mývatnssveit hafa komið óformlega að máli við Laxárvirkjunarnefnd og haldið uppi friðarfána. Þetta eru atburðir sem hafa verið að gerast á síðustu vikum. Og ég vænti þess, að þeir séu undanfari einhvers stærra og meira sem kunni jafnframt að verða undanfari þess, að okkur takist að nýta það afl sem við eigum í Laxá og unnt væri að nota með tiltölulega mjög litlum tilkostnaði, ekki nema brotabroti af því sem Kröfluvirkjun hefur kostað þjóðina.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég veit að það ærir óstöðugan að reyna að útskýra eitt eða annað fyrir hv. þm. Ólafi Þórðarsyni, enda þarf til þess eflaust sérmenntun í einni tiltekinni grein, sérgrein kennslufræða, og yfir slíkri sérmenntun ræð ég raunar ekki. En það virðist vera svo með þennan hv. þm., að þar virðist rembingurinn vera nokkurn veginn í öfugu hlutfalli við spekina. Það virðist vera almenn regla sem hægt er að byggja á. Og þegar hann birtist hér í gervi raunvísindamannsins, þá er hann hálfu reigingslegri en nokkru sinni fyrr.

Það er auðvitað mætavel ljóst, að hér er verið að leggja til á afar varfærnislegan hátt, eins og ljóst má vera af þessum texta, að ákvarðanir verði ekki teknar um það, með hverjum hætti fram verði haldið á Reykjanesi, fyrr en hagkvæmnisathugun hefur farið fram. Ég veit að 59 hv. þm. skilja þetta og þarf ekki að hafa um það fleiri orð.

En vegna orða hv. þm. Stefáns Jónssonar, — sem má eiga það að hann er allur bljúgari í ræðustól þegar hann talar um Kröflu heldur en þegar hann talar um öll önnur mál hér, og þennan bljúgleika finnst mér bæði rétt að meta og skilja, — þá er það hins vegar auðvitað ekki rétt hjá hv. þm., að það hafi strandað á Alþfl. í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar að áfram yrði athugað hvað réttast og skynsamlegast væri að gera við Kröflu. Alþfl. vildi hins vegar fara að með hinni mestu gát, og vegna þess hvernig nú er komið fyrir hinum tólf borholum sem þó eiga þarna að vera til, hygg ég að það hafi verið skynsamlegt eins og öll mál voru í pottinn búin. Og ég hygg að sú bið hafi verið skattgreiðendum í þessu landi ódýrari heldur en ef áfram hefði verið anað út í óvissuna. En þetta eru auðvitað hinar erfiðustu ákvarðanir sem menn hafa orðið að taka á hverjum tíma varðandi Kröflu, úr því að út í þetta fen var farið. Kjarni málsins er þó sá, að öll gagnrýni á Kröflu, sem var alltaf tvíþætt, fjallaði annars vegar um ákvarðanatekt og röð ákvarðana og hverjir tóku þær og hins vegar um hin alvarlegu viðskiptamistök sem áttu sér stað varðandi þessa virkjun og voru með þeim hætti varin. Í svokallaðri Kröflunefnd sátu fulltrúar þriggja stærstu stjórnmálaflokkanna hér á landi, á þeim tíma 53 af 60 þm. En öll sú gagnrýni, hver einasti stafkrókur sem um það féll, reyndist vera á rökum reistur, og þar verður þó að skilja á milli: eitt eru viðskiptaaðferðirnar, en hitt eru hinar vísindalegu niðurstöður sem komist var að. Þar var framkvæmt af svo miklu fljótræði að skattgreiðendum í landinu hefur blætt allar götur síðan.

Hér er þó ekki verið að fara með neinum hávaða að því er þessa tilteknu tillögu varðar. Það er nákvæmlega verið að mælast til þess, sem ég veit að 59. hv. þm. skilja, að það fari fram mjög vandleg könnun á Reykjanesi sem miði að því að fá úr því skorið, hvort ekki kunni að vera skynsamlegt, — eins og t. d. Jónas Elíasson prófessor hefur skrifað um að ég hygg skynsamlegar greinar, þó margt sé þar enn óathugað, — hvort ekki sé skynsamlegt að færa annan hverfilinn, sem er í kössum norður við Kröflu sem hafa ekki verið opnaðir enn þá, á annan stað á landinu. Ég fullyrði að 59 hv. þm. skilja hvað hér er átt við.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég verð að biðja hv. þm. Vilmund Gylfason afsökunar á því að mér er óhægur rómurinn, afleiðingar af inflúensu, hæsi sem veldur, en hvergi nærri nein deigla í afstöðu minni til þeirra mála sem hér eru til umræðu. Raunar vissi hv. þm. þetta og rifjaði upp fyrir mér atburð sem ég lifði tæplega tvítugur. Ég hafði meitt mig í fæti og þurfti að vera í landi um sinn. Að mér kom á balli gamall skipsfélagi minn sem þóttist eiga mér grátt að gjalda, átti við mig orðastað og hljóp í kringum mig, þannig að hann hélt að ég næði ekki til hans. Ég náði til hans og hann hljóp ekki næstu vikurnar á eftir. Og einu skal ég heita hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, ef guð gefur mér heilsu til á þessu vori að þannig mun ég tala til hans að hann heyri það sem ég segi.

Ég sagði ekki áðan annað um afstöðu Alþfl. til borana við Kröflu á síðasta ári heldur en það, að hann hefði beitt neitunarvaldi til þess að koma í veg fyrir boranir eftir gufu á því ári, og það var satt. Og svo skulu menn furða sig á því, þótt fyrirtæki, orkuöflunarfyrirtæki sem komið hefur verið upp að öllum stofnkostnaði, hlaði á sig vöxtum af kapítali sem ekki fær þá orku sem til þess þarf að snúa vélunum svo sem til var ætlast sökum afstöðu, pólitískrar afstöðu, réttrar eða rangrar, eins af þeim flokkum, stjórnmálaflokkum, sem fóru með völd í landinu.

Þó var nú hvorugt þetta sem var erindi mitt hingað, hvorki að afsaka róm minn, eins og hann er í bili, né heldur að vekja athygli á því sem staðreynd var þó um afstöðu Alþfl. til frekari borana við Kröflu árið sem leið, heldur það sem hv. þm. Árni Gunnar sson sagði, að bændur úr Mývatnssveit færu nú til Akureyrar með friðarfána til stjórnar Laxárvirkjunar og bæðu um að reist yrði stífla í Laxárdal og virkjuð þessi megawött sem eftir eru. Ég skora á hv. þm. Árna Gunnarsson að nafngreina fyrir okkur þessa bændur úr Mývatnssveit, ellegar þá að öðrum kosti þá menn úr stjórn Laxárvirkjunar sem hafi sagt honum þau tíðindi að bændur hafi þessa afstöðu núna. Það væri þægilegt að fá þessar fréttir nú þegar í fjölmiðla, a. m. k. inn í þingtíðindi, ef verða mætti til þess að flýta fyrir því að hinn ugglausi sannleikur komi í ljós.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég vildi aðeins bera fram þá fsp. í lokin, hvenær Mývatnseldar hinir nýju eiga að hefjast, og mælist til þess, að þeir sem þekkja best til í neðra, gefi við því skýlaus svör.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það var ekki vegna áskorunar hv. þm. Ólafs Þórðarsonar sem ég kom hingað, heldur vegna áskorunar hv. þm. og vinar míns, Stefáns Jónssonar. Það, sem ég sagði, var einfaldlega það, að ég vænti þess að þeir atburðir væru nú að gerast að friðarfánar væru dregnir að húni. Ástæðan fyrir því,

að ég held því fram, er sú, að mér er kunnugt um að menn úr Mývatnssveit, bændur úr Mývatnssveit, hafa komið að máli við ráðamenn Laxárvirkjunar og rætt þann möguleika að endurreisa stíflu sem sprengd var í Mývatnssveit á meðan mál voru heitust þar.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær ágætu undirtektir við efnisatriði þessarar till. sem hv. þm. Stefán Jónsson bar hér fram, í miklum umbúðum af öðru tagi að vísu. En mér er ekki ljóst hvort hv. 5. þm. Vestf. styður þessa till. eða ekki. Málflutningur hans gaf ekki tilefni til þess að menn gætu gert upp hug sinn um það efni. En ég vænti þess, að hann snúist til réttrar áttar eftir næga umhugsun. Mér þykir auðvitað fyrir því að ekki skyldu höfð nógu mörg orð að dómi hv. 5. þm. Vestf. um þær athuganir og það mat sem nauðsynlegt væri að leggja á háhitasvæði. Ég taldi og tel nægilegt að benda á það, sem ætti að gera, og áleit að það væri jafnaugljóst þó orðin yfir það væru ekki á mörgum blaðsíðum, heldur rúmuðust í einni setningu. Ég tel að það sé fullskýrt í grg. hvað þarna skuli gera. Og ég vil taka það fram, að þegar notað er orðið athugun í þáltill. sjálfri, þá er ekki talað eingöngu um hagkvæmnisathugun, heldur almennt um athugun, og þá er innifalið allt sem upp er talið í grg. að athuga skuli.

Ég tel að hér sé í sjálfu sér um brýnt mál að ræða og það sé sjálfsagt að hefja þessar athuganir allar sem allra fyrst. Og ég vil ítreka það sem ég sagði hér áðan, að ósk mín er sú og ég trúi því og treysti að Alþ. muni afgreiða þessa till. áður en það fer í sumarfrí, þannig að það megi komast til framkvæmda sem hér er lagt til að verði gert. Á niðurstöðum athugunarinnar eiga menn síðan að byggja ákvarðanir sínar. Og það er auðvitað alrangt, sem mér fannst skína í gegn hjá a. m. k. einum ræðumanni hér áður, að í þessari till. felist ákvörðun. Það er ekki rétt. Hér er einungis um það að ræða að leggja í athugun af þessu tagi til þess að leitast við að koma málinu í skynsamlegri farveg og finna leið til þess að nýta — ja, 5 milljarða fjárfestingu að líkindum, sem liggur þarna án þess að skila neinum árangri og ekki verður séð að komist í notkun í fyrirsjáanlegri framtíð eða á næstu árum, þar sem þessi tæki eru nú niður komin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana, þáltill. (þskj. 355). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram till. til þál. um gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana sem orðast þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um, að þjónustustofnunum ríkisins verði gert skylt að senda allar till. um gjaldskrárbreytingar til umsagnar Neytendasamtakanna.“

Grg. með þessari þáltill. er stutt, enda þarf ekki að hafa mörg orð um svo auðskilið efni.

Það er ljóst, að ríkið er stærsti og öflugasti framleiðandi þjónustu og hefur í langflestum tilvikum einokunarrétt á þeirri framleiðslu. Það er þess vegna eðlilegt að reynt sé að efla almennt eftirlit og aðhald með gjaldskrám og verðlagningu á þjónustu ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Í raun og veru erum við alla tíð að rembast við það að herma eftir markaðnum þegar við höldum úti okkar aðhaldsstefnu gagnvart framleiðslu ríkisins, og það má segja að gjaldskrárnefndir og rn. og þeir aðilar aðrir, sem fara með völd Alþingis í þeim efnum, komi í stað markaðsaflanna sem notuð eru þar sem þau eiga við og um heilbrigða samkeppni er að ræða.

Ég kemst ekki hjá því í þessari framsöguræðu að nefna örlítið einn slíkan aðila sem hefur eftirlit með verðhækkunum í landinu, og það er gjaldskrárnefnd. Í gjaldskrárnefnd sitja nú Georg Ólafsson verðlagsstjóri, sem jafnframt er formaður, Þórður Friðjónsson og Ragnar Árnason, sem báðir eru viðskiptafræðingar. Í erindisbréfi þeirrar nefndar er gert ráð fyrir að gjaldskrárnefnd sé nokkurs konar trúnaðarnefnd ríkisstj. eða umsagnaraðili hennar. Ríkisfyrirtæki og stofnanir, sem selja þjónustu, senda viðkomandi rn. erindi sín um hækkunarbeiðni. Síðan er farið yfir þetta erindi af viðkomandi fagráðuneyti og málið síðan sent til gjaldskrárnefndar. Fallist hún á beiðnina um breytinguna, sem kemur frá fagráðuneytinu, er málið útkljáð, en ef ágreiningur rís á milli gjaldskrárnefndar annars vegar og fagráðuneytis hins vegar fær ríkisstj. málið til úrskurðar, og er nýlegt dæmi um þetta svokallað hitaveitumál sem lesa má um í dagblöðum bæjarins í dag, þar sem fram kemur að Hitaveita Reykjavíkur hefur farið fram á yfir 50% gjaldskrárhækkun. Iðnrn. hefur lagt til að hækkunin verði 40%, gjaldskrárnefnd leggur til að hækkunin verði 10% og ríkisstj. fellst síðan á þá niðurstöðu. Þetta er aðeins tekið sem dæmi um það, hvernig verðlagning á opinberri þjónustu á sér stað.

Núverandi gjaldskrárnefnd hefur sömu reglur til að fara eftir og þær fyrri sem hér hafa starfað frá árinu 1977, nema að nú hefur það bæst við, að gjaldskrárnefnd á að starfa ekki aðeins eftir eðlilegum verðlagsreglum, ef ég má nota það orð, heldur einnig eftir þeim viðhorfum sem koma fram í sáttmála ríkisstj., og er henni þess vegna ærið þröngur stakkur skorinn.

Fyrsta nefndin var sett á laggirnar 1977, eins og ég sagði fyrr, og þá sátu í henni Georg Ólafsson, Ólafur G. Einarsson og Halldór Ásgrímsson. En á dögum vinstri stjórnarinnar síðustu sátu í nefndinni Finnur Torfi Stefánsson, Gísli Árnason og Guðmundur Ágústsson, og sést á þessari samsetningu á mannvali, sem í nefndinni hefur setið, hvernig nefndin hefur verið skipuð fyrst og fremst eftir pólitískum hlutföllum á hverjum tíma og líta má á gjaldskrárnefnd alfarið sem fulltrúa ríkisstj. í verðlagningu opinberrar þjónustu. (**StJ:** Gildandi réttlætis hverju sinni). Það má orða það þannig fyrir þá sem hafa slíka réttlætisvitund sem hv. þm.

Þessi till., sem ég hef flutt hér, fjallar um það, að Neytendasamtökin fái rétt til umsagnar um gjaldskrárbreytingar. Ég vil taka það strax fram, að þegar nefndar eru gjaldskrárbreytingar á ég fyrst og fremst við breytingar á kostnaðarþáttum gjaldskránna, þ. e. tilfærslur á milli kostnaðarliða, sem oft eiga sér stað, en ég á ekki við það þegar um almennar verðlagshækkanir er að ræða.

Í Neytendablaðinu, blaði Neytendasamtakanna, birtist á s. l. ári mjög greinargóð grein eftir Gísla Jónsson prófessor sem ber nafnið: „Viðskipti neytenda við hið opinbera.“ Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa hér örstuttan kafla úr þessari grein, svo hljóðandi:

„Þau opinber þjónustufyrirtæki, sem hinn almenni borgari á viðskipti við, eru rafveitur, hitaveitur og Póstur og sími. Meginmunurinn á þessum viðskiptum og almennum viðskiptum er að ekki er um að ræða afhend-

ingu á efnislegum hlutum gegn greiðslu söluverðs. Hjá rafveitum er um að ræða sölu á orku sem notandi fær inn í húsveitu sína eftir dreifikerfi rafveitunnar. Hjá hitaveitum er ýmist um að ræða sölu á heitu vatni, sem notandi fær inn í hús sitt frá pípukerfi hitaveitunnar og getur nýtt að eigin vild, ef um er að ræða sölu á þeirri varmaorku sem notandinn getur náð út úr vatni því sem inn í húsið streymir, en skilar henni aftur inn í pípukerfi hitaveitunnar. Varðandi Póst og síma verður einungis fjallað um símaþjónustuna, en þar er um að ræða að notendur greiða fyrir afnot af símakerfi landsins. Hjá öllum þessum fyrirtækjum er það sameiginlegt, að þau eru einokunarfyrirtæki þar sem þau hafa einkarétt til rekstrar síns.

Sameiginlegt með þessum þjónustufyrirtækjum er að þau starfa öll samkvæmt sérstökum reglugerðum. Við lestur þeirra virðist að með útgáfu þeirra sé einkum verið að gæta hagsmuna fyrirtækisins, en minna fer fyrir ákvæðum um rétt notandans. Þegar litið er til þess, að reglugerðirnar eru yfirleitt samdar af stofnununum sjálfum og staðfestar af hlutaðeigandi ráðh., án þess að samtökum notenda, þ. e. Neytendasamtökunum, sé gefinn nokkur kostur á að koma á framfæri athugasemdum, kemur það engum á óvart þótt réttur notandans vilji verða fyrir borð borinn. Reglugerðir rafveitna og hitaveitna sveitarfélaga eru samþykktar af þeim sjálfum og síðan staðfestar af hlutaðeigandi ráðh. Eðlilegt væri að ætla að sveitafélögin gættu hagsmuna íbúnna, en reynslan hefur yfirleitt orðið sú, að þau líta fyrst og fremst á sig sem eigendur veitnanna og yfirstjórnanda þeirra og gæta því fyrst og fremst hagsmuna þeirra.

Þegar reglugerðir þjónustufyrirtækja hafa verið staðfestar eru þær birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst að mjög æskilegt er að Neytendasamtökunum verði gefinn kostur á veita umsögn um reglugerðir opinberra þjónustufyrirtækja áður en þær eru samþykktar eða staðfestar. Sameiginlegt með öllum umræddum þjónustufyrirtækjum er að þau selja orku sína eða þjónustu samkv. gjaldskrám sem fyrirtækin semja og hlutaðeigandi ráðh. staðfestir. Sú venja hefur komist á, að gjaldskrár rafveitna og hitaveitna eru sendar orkumálastjórn til umsagnar, en Neytendasamtökunum hefur aldrei verið gefinn kostur á að gera aths. við gjaldskrár áður en þær eru staðfestar. Að vísu væri tilgangslaust að senda Neytendasamtökunum til umsagnar gjaldskrár sem einungis fælu í sér jafna hlutfallslega hækkun á öllum liðum. En ef um efnislegar breytingar væri að ræða væri æskilegt að Neytendasamtökin fengju tækifæri til að láta í ljós álit sitt.

Samkv. gildandi lögum getur gjaldskrá ekki tekið gildi fyrr en hún hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Á þessu hefur verið talsverður misbrestur undanfarin ár, en vegna tveggja málaferla, sem ein rafveita hefur lent í vegna ófullnægjandi birtingar og getið verður nánar síðar, er nú svo komið, að rafveitur og hitaveitur gæta sín á því, að fá gjaldskrár sínar birtar áður en þær eru látnar taka gildi. Árvekni og einbeitni eins og raforkunotanda hefur þannig knúið rafveitur og hitaveitur landsins til að fara að lögum við framkvæmd gjaldskrárhækkana. Reynslan hefur sýnt að komi upp ágreiningsatriði milli notenda og opinbers fyrirtækis eru notendur yfirleitt alveg varnarlausir vegna þekkingarleysis á lögum, reglugerðum og gjaldskrám, sem gilda um hlutaðeigandi fyrirtæki. Aðstoð við viðskiptavini, opinberra þjónustufyrirtækja hefur að undanförnu verið til umræðu í stjórn Neytendasamtakanna, sem hefur í hyggju að láta þennan þátt neytendamála til sín taka í framtíðinni".

Hér lýkur lestrinum, en greinin er miklu lengri og ítarlegri. Þar er fyrst fjallað um rafveitur, lýst málaferlum á hendur rafveitum. Síðan um hitaveitur, og auðvitað nær mín tillaga ekki til þeirra þar sem í henni er um að ræða fyrst og fremst stofnanir á vegum ríksins, því hér er ekki um atriði að ræða sem þarf að festa í lög og ég tel að Alþ. sé fyrst og fremst aðili sem getur beint sínum tilmælum til ríkisstj. — (Gripið fram í.) en síðar til sveitarstjórna, þótt sama grundvallaratriði gildi auðvitað fyrir fyrirtæki eða stofnanir sem reknar eru af sveitarfélögum landsins.

Þá er í lokin fjallað um Póst og síma. Allir kannast við ágreining við Póst og síma um það, að Póstur og sími hefur beinlínis verið staðinn að því að heimta inn samkv. gjaldskrám sem ekki stóðust þegar til kastanna kom.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þátt Neytendasamtakanna og þessa grein Gísla Jónssonar prófessors. En það er annar aðili sem hefur sýnt þessu máli áhuga og það er Verslunarráð Íslands, sem hefur sett á laggirnar nefnd af sinni hálfu og hefur hún unnið ágætt starf, gert samanburð á gjaldskrá Pósts og síma og msvarandi stofnana erlendis. Mér hefur borist eftirfarandi bréf frá framkvæmdastjóra Verslunarráðsins, Árna Árnasyni, sem ég vil lesa, með leyfi forseta:

„Þann 18. júní 1979 skipaði framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands nefnd til að kanna gjaldskrá og þjónustu Pósts og síma. Skilaði nefndin niðurstöðum sínum nú í ársbyrjun og voru þær þá kynntar fréttamönnum. Fylgja þær hér með.

Þegar þessi vinna var unnin var sú hugmynd rædd m. a. við Neytendasamtökin, að æskilegt væri að samtökin fyrir hönd neytenda og Verslunarráð Íslands fyrir hönd atvinnulífsins ættu aðild að undirbúningi gjaldskrár Pósts og síma hverju sinni. Verslunarráðið fagnar því framkominni till. til þál. um gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana. Það skiptir atvinnulífið miklu máli, hvernig gjaldskrám opinberra þjónustustofnana er háttað. Má þar einkum nefna rafveitur, hitaveitur og póst- og símaþjónustu. Eðlilegt má telja að við slíkar gjaldskrárákvarðanir sé fylgt ákveðnum meginreglum:

1) Starfsemin í heild standi undir kostnaði.

2) Hver þjónustuþáttur standi einungis undir þeim kostnaði, sem þeirri þjónustu er samfara, ásamt þáttöku í heildarkostnaði.

Á þessu hefur hins vegar verið töluverður misbrestur. Í Bandaríkjunum má nefna að neytendasamtök og verslunarráð eiga þess kost að kanna við gjaldskrárbreytingar, hvort notendum sé mismunað við gjaldskrá, og gagnrýna tilkostnað við þjónustuna. Er mjög æskilegt að koma slíku fyrirkomulagi á hér. Þar sem fyrirtæki úr flestum greinum atvinnulífsins eiga aðild að Verslunarráði Íslands gæti það verið hlutlaus aðili gagnvart atvinnulífinu til að koma fram fyrir þess hönd við gjaldskrárbreytingar. Eðlilegast er að Neytendasamtökin túlki hins vegar sjónarmið neytenda, eins og lagt er til.

Að lokum er rétt að undirstrika að gjaldskrá opinberra stofnana markist ekki af framfærsluskyldu við einstaka hópa, heldur komi slíkur stuðningur fram á fjárlögum hverju sinni."

Varðandi síðastgreinda atriðið, sem segir frá í bréfi Verslunarráðsins, held ég að það væri full ástæða til að

nefna svokallaðan félagslegan þátt, sem oft er til umr. hér á hv. Alþ. þegar rætt er um gjaldskrár í víðtækri merkingu, eins og t. d. gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins. Í fjvn. eru kynnt sjónarmið Rafmagnsveitnanna og þar er sagt að svo sem eins og 1 milljarður eða 1.5 milljarðar eigi að vera framlag ríkisins til svokallaðra félagslegra þátta. Þegar svo spurt er um það, hvað sé félagslegur þáttur, þá er svarið oftast á þá leið: Félagslegur þáttur er sá þáttur starfseminnar sem ekki ber sig. Og þegar maður spyr hvaða þættir beri sig ekki og hver velji þá þætti, þá kemur í ljós að það er aðeins geðþóttaákvörðun þeirra sem ráða ríkjum hjá viðkomandi stofnun. Ég tel að ákvörðunin um hvað sé félagslegur þáttur sé spurning um stjórnmálalegt mat og það mat eigi að vera hjá Alþingi hverju sinni. Þess vegna nefni ég þetta atriði, að ég tel að hv. Alþingi hafi brugðist skyldu sinni að meta það, hvað séu félagsleg atriði eða félagslegur þáttur við ákvörðun gjaldskrár. Þessi orð, sem ég segi nú, má alls ekki skilja þannig að ég sé á móti því að til séu félagsleg verkefni sem þarf að greiða beint úr vasa skattgreiðendanna. Þvert á móti er ég fylgjandi slíku, en vil að sjálfsögðu að það sé vel skilgreint hverju sinni, hvað sé félagslegur þáttur, en ekki eins og nú er gert að menn ani út í ófæruna og svo þegar kemur í ljós að eitthvað ber sig ekki, þá er það kallað félagslegur þáttur. Hér var fyrr á dagskrá, herra forseti, t. d. Kröflumálið. Þegar sú reynsla hefur fengist af Kröflu, að hún ber sig ekki, þá má með sömu rökum halda því fram, að Kröflu-virkjun sé félagsleg virkjun af því hún ber sig ekki. En ég er hræddur um að ýmsir þeir, sem kenna sig við félags- o. s. frv., félagshyggju t. d., þeir mundu ekki vilja kannast við það, að Krafla væri félagsleg framkvæmd af þeim sökum. Það er á því munur, hvort eitthvað er rekið með tapi, og hinu, sem sett er á laggirnar og bókstaflega rekið með halla, vegna þess að það hafi ákveðnu félagslegu hlutverki að gegna.

Þá má einnig nefna í þessu sambandi að vísitölur alls konar og sérstaklega þó verðbótavísitalan hefur mikil áhrif á gjaldskrárbreytingar og þó einkum gjaldskrárhækkanir. Ég ætla ekki sérstaklega að ræða um gjaldskrárhækkanir í þessu sambandi. Það er eðlilegt, á meðan við notum núverandi vísitölukerfi, að stjórnvöld sýni þann heybrókarhátt að þora ekki að leggja til atlögu við þann meinvald. En það er annað sem ég vil ræða örlítið, og það er það, að stundum er farið aftan að hlutunum í þessum efnum. Ég talaði örlítið áðan um Hitaveitur Reykjavíkur og benti á þann mun sem kemur fram í kröfum fyrirtækisins annars vegar og svo hins vegar í sjónarmiðum gjaldskrárnefndar. En athyglisvert er, þegar það mál er skoðað, að leyfðar voru hækkanir á þeim hluta sem ekki er í vísitölunni, t. d. heimtaugagjöldum. Hins vegar var ekki leyfð hækkun á heitu vatni sem mælist í vísitölunni. Þannig hreyfa þessir pólitísku aðilar, þeir réttlætisaðilar, sem gegna störfum á vegum ríkisstj. í gjaldskrárnefndum, sig alveg eftir pólitísku skákborði, hverjir sem í hlut eiga, og eru þar allir jafnsekir.

Ég legg enn fremur áherslu á það í mínu máli, að hér er ekki um atriði að tefla sem þarf að setja í lög. Hér er aðeins um það að ræða, að viðkomandi rn. taki tillit til neytenda, sendi þeim till. til gjaldskrárbreytinga, í þeirri merkingu sem ég hef gert hér grein fyrir, til þessara aðila og fái umsögn. Svo er það auðvitað pólitískt mat viðkomandi stjórnvalda, hvort þau taka mark á slíkum umsögnum eða ekki. Það, sem skiptir máli fyrir neytendur, er að þeir viti að einhver einn aðili fái þetta í hendur og lesi yfir fyrir þeirra hönd og opinberi ágreining, ef um hann er að ræða. Slíkt mál hefur komið upp og ég leyfi mér hér með að gera örlitla grein fyrir nýlegu máli sem varðar Póst og síma.

Sú grein sem ég las upp úr áðan eftir Gísla Jónsson, var send þáv. samgrh. með svo hljóðandi bréfi, sem mig langar til þess að lesa, með leyfi forseta:

„Með vísun til greinar Gísla Jónssonar prófessors um viðskipti neytenda við hið opinbera, sem er í meðfylgjandi Neytendablaði nr 1/1979, er þess hér með óskað, að tillögur um efnislegar breytingar gjaldskrár og reglugerðar Pósts og síma, sem berst rn. til staðfestingar, verði sendar Neytendasamtökunum til umsagnar áður en þær verða teknar til afgreiðslu. Svar óskast við fyrsta hentugleika.“ Undir þetta ritar fyrir hönd stjórnar Neytendasamtakanna Jónas Bjarnason.

Rn. svaraði 11. jan. 1980, og ef forseti leyfir les ég hér svar rn., því það er athyglisvert og hefur með þetta mál að gera.

„Í 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36 frá 13. maí 1977, er ráðh. fengið óskorað vald til að ákveða gjöld þau, sem greiða ber Póst- og símamálastofnun fyrir þjónustu þá sem hún veitir. Hliðstæð heimild var í eldri lögum. Rn. hefur þó alltaf tekið á móti ábendingum og tillögum um breytingar sem talið var rétt að gera og rök færð fyrir. Slíkar ábendingar hafa ávallt verið kannaðar og metnar er gjaldskrá var breytt. Rn. hafa áður borist tilmæli um umsagnarrétt, eins og óskað er eftir í bréfi Neytendasamtakanna 18. okt. frá fyrra ári, en ekki hefur verið léð máls á að veita samtökum, þótt hagsmuna kynnu að hafa að gæta, slíkan rétt. Rn. er enn sömu skoðunar og telur að almenni löggjafinn hafi með 11. gr. þeirra laga kveðið nægilega skýrt á um vilja sinn til þess að málum sé tryggilega skipað.

Með hliðsjón af þessu getur rn. ekki orðið við beiðni yðar um að tillögur um efnislegar breytingar á gjaldskrá Póst- og símamálastofnunar verði sendar Neytendasamtökunum til umsagnar áður en þær verða teknar til afgreiðslu. Hins vegar mun rn. eins og hingað til taka við þeim ábendingum sem Neytendasamtökin og aðrir, sem hlut kunna að eiga að máli, óska eftir að koma á framfæri, og taka þær til greina, eftir því sem efni standa til.“ Undir þetta rita Magnús H. Magnússon, páv. samgrh., og Brynjólfur Ingólfsson.

Í stuttu máli má segja að í þessu svari ráðh. felist það, að hann telji að Alþ. hafi framselt vald sitt til ráðh. og það komi nánast ekki nokkrum öðrum við, hvernig gjaldskrá er gerð á hverjum tíma, þótt hann allra náðarsamlegast segist vera reiðubúinn til þess að taka við ábendingum eftir því sem efni standa til.

Þessi till. mín er m. a. flutt vegna þess, að við erum stödd á löggjafarsamkomu þjóðarinnar og ég vil gjarnan fá yfirlýsingu hennar um það, að hún telji ástæðu til þess að eftirlit og aðhald komi frá öðrum en ríkisstofnununum sjálfum og fulltrúum ríkisvaldsins á hverjum tíma. Og mér finnst eðlilegast að leitað sé til Neytendasamtakanna og Verslunarráðsins og jafnvel fleiri aðila atvinnulífsins til þess að fá umsagnarrétt — nánast til þess að kynna væntanlegar gjaldskrárbreytingar, í sömu merkingu og ég hef verið að ræða hér um gjaldskrárbreytingar, — breytingar sem tilfærslu á einstökum kostnaðar- eða gjaldaliðum.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. Ég legg til að þessu máli verði vísað til hv. allshn. þegar umr. er frestað þótt ég vonist til þess, að jafnvel þessi framsöguræða ein og sér geti haft þau áhrif að viðkomandi rn. og ráðh., sem reyndar eru ekki margir hér staddir, taki tillit til þessara sjónarmiða án þess að til þurfi að koma ályktun hv. Alþingis.

Að lokum: Ég tel að það sé ástæða til þess fyrir hv. Alþingi að stuðla að öflugum viðgangi Neytendasamtakanna, sem nú um nokkurra missera bil hafa reynt að færa út kvíarnar og starfa nú alls staðar á landinu. Ég tel fulla ástæðu til þess, að þau verði styrkt í sínu starfi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Könnun á áhrifum af ákvæðislaunakerfum, þáltill. (þskj. 344). — Frh. einnar umr.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Örfá orð. Hér liggur fyrir ákaflega tímabær þáltill. frá hv. þm. Guðrúnu Hallgrímsdóttur þess efnis, að Alþ. feli ríkisstj. að beita sér fyrir könnun á heilsufarslegum og félagslegum áhrifum af ákvæðislaunakerfum (afkastahvetjandi launakerfum) á það fólk sem tekur laun samkv. því. Niðurstöður skulu liggja fyrir eigi síðar en að ári liðnu. Að rannsókn lokinni skal ríkisstj., ef þurfa þykir, beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á vinnuskilyrðum þess verkafólks, er hlut á að máli, í samráði við samtök þess.

Nú var það ekki ætlan mín — enda ekki beint uppörvandi andrúmsloft að tala fyrir þeim fjölda sem hér situr — að fara neitt ítarlega í þessi mál og væri þó ærin ástæða til. Ég vil hins vegar lýsa yfir stuðningi mínum og þakka tillögumanni fyrir þessa tillögu.

Það er ekki tími til að ræða hér um atvinnusjúkdóma. Reyndar hélt tillögumaður prýðilega framsöguræðu þar sem hann gerði grein fyrir till. sinni. Ég skal þess vegna spara mér það, þó ég viti um fjölmargar starfsgreinar þar sem atvinnusjúkdómar eru býsna tíðir. Og mig hefur satt að segja lengi undrað, hvað þar er um algjöran vegg að ræða þó að það sé komið í lög að læknum beri að tilkynna atvinnusjúkdóma. Ég vil leiða hest minn frá því máli öllu.

Það, sem ég hef hins vegar sérstakar áhyggjur af, og þar hygg ég að þessi till. geti orðið til bóta, er það, hvaða áhrif bónusvinna hefur á heilsufar fólks sem í henni vinnur. Þeir, sem vinna bónusvinnu, eru ábyggilega langsamlega flestir í frystihúsum og yfirgnæfandi meiri hluti þeirra eru konur. Það er ekkert um það að deila, að þetta bónuskerfi hefur hækkað laun þeirra, sem í því vinna, meira en flest annað, sennilega meira en nokkuð annað. Ætli tekjuaukning liggi ekki á bilinu 30—100%, eftir því hver í hlut á? En spurningin er sú, hvort þarna er ekki of fast keyrt. Konur, sem vinna í frystihúsum, vinna kannske 8, 10, 12, í einstaka tilfellum 14 tíma, þó það sé nú ekki algengt nema þá á einstökum árstímum. Við skulum halda okkur við 8 eða 10 tíma, oft og tíðum misjafnt eftir landshlutum og árstímum, að þær vinni 8—10 tíma á dag eftir þessu kerfi. Er ekki full ástæða til að ganga úr skugga um hvort þetta kerfi hafi atvinnusjúkdóma í för með sér? Við skulum gera okkur ljósa grein fyrir því, að þetta kerfi verður ekki afnumið. Að vísu má vera að það eigi eftir að breytast og þróast. En er ástæða til að gera einhverjar ráðstafanir, setja t. d. ákvæði um hámarksvinnutíma í þessari vinnu? Er hægt með einhverri fræðslu og upplýsingum um, hvernig standa skuli að vinnu, að hindra hugsanlega atvinnusjúkdóma sem af þessu kæmu? Sannleikurinn er sá, að sennilega er ástandið í þessum málum jafnmisjafnt og staðirnir eru margir. En ég er persónulega ekki í minnsta vafa um að mjög víða hefur fólk orðið fyrir varanlegu heilsutjóni.

Hér er aðeins lagt til að þetta mál verði kannað. Tekið verði ákveðið úrtak og kannað af læknum — svo ég haldi mig við þessa einu starfsgrein, það er full ástæða til að fara í fleiri — hvort fram komi einhver skýr einkenni hjá þeim sem þessa vinnu stunda sem bendi til atvinnusjúkdóma eða einhvers yfirálags sem ástæða sé til að varast. Sé svo, þá þyrfti að athuga til hvaða gagnráðstafana mætti grípa. Ég hef bent á fræðslu og upplýsingar um það, hvernig staðið skuli að vinnu. Svo má vel vera að það þurfi að ákveða einhvern hámarksvinnutíma. Fleira mætti nefna.

Þarna erum við að fjalla um velferð og heilsu þess fólks sem ásamt sjómönnum stendur undir allri útflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Það hefur ekki af hálfu þjóðfélagsins verið malað svo mikið undir þessar verkakonur, sem í fiski vinna eða hafa lagt svo mikið fé af hálfu þjóðfélagsins til þeirra, að slík rannsókn væri ekki fullkomlega forsvaranleg. Og spurning hvort hún væri ekki hreinlega öllum aðilum til bóta.

Þeir, sem eru kunnugir þessum rekstri, vita að þarna hefur kannske gengið illa í byrjun, en þróast í betri átt og tekist að koma á ákveðnum vinnubrögðum, ákveðnum starfsanda. Þetta er ákaflega misjafnt. Ég held að af heilsufarsástæðum sé þetta ákaflega mikið öryggis- og réttlætismál. Og ég held að það gæti leitt til sparnaðar — ef á nú að fara að meta þetta peningalega — að þetta væri kannað, til þess að niðurstöður fengjust og þá væri reynt að gera úrbætur í samræmi við það. Ég held að það fari ekkert á milli mála, að til þessa fólks þarf að líta og að heilbrigðisþjónustu og könnun á starfsaðstöðu þess beri að sinna ekki síst. Þess vegna sé ég ekkert nema gott við samþykkt þessarar till., en legg áherslu á að þegar hún verður samþ., sem ég vænti að verði, þá verði þetta ekki aðeins áskorun, heldur verði framfylgt því ákvæði till. að innan eins árs skuli skila niðurstöðum.

Það er ekki tími til þess, en ákaflega væri það nú freistandi — svo ég missi mig nú augnablik út í önnur mál — að ræða örlítið um það í allri þessari „kúltúrpólitík", sem hér er rædd, hvernig í ósköpunum á því stendur að í skólum þjóðarinnar, almenna skólakerfinu, er aldrei nokkurn tíma eða a. m. k. mjög sjaldan komið að ákveðinni fræðslu um atvinnulíf þjóðarinnar. Mér dettur í hug gagnmerk ritgerð úr síðasta bekk menntaskóla hér í Reykjavík, þar sem kennari bað nemendur að skrifa um nytjafiska. Og nemandinn, sem átti skammt í stúdentspróf og lauk því með sóma sagði að helsti nytjafiskur þjóðarinnar væri þorskur, en konan hans héti ýsa. Svona er vanþekkingin á þessum frumatriðum og skorturinn á upplýsingum. Það flögrar stundum að mér hvernig stendur á því, að mér virðist — og þykist ég vera býsna kunnugur vinnumarkaði — mér virðist þriðji hver ungur maður vera alvarlega bakveikur. Eg held að þetta sé að verulegu leyti vegna þess, að rangt er að vinnu staðið. Og kúltúrinn er svo mikill, að það má ekki kenna unglingum hvernig á að standa að vinnu.

Ætli það kosti ekki umræður að missa sig lengra út á þessi svið? Og ekki var það tilgangur minn. Ég vil að

endingu ítreka áskorun um að þessi till. verði samþykkt og að þessi könnun fari fram á því fólki sem vinnur t. d. í frystihúsum, þar er þetta fjölmennast, en það á að ná víðar. Þá hefur það ákveðið öryggi, heilsufarslegt öryggi. Fyrir það er þetta þess vegna réttlætismál, og fyrir atvinnugreinina er það líka styrkur, því það upplýsist þá kannske, ef um atvinnusjúkdóma er að ræða eða þetta hefur einhver slæm áhrif á heilsufar, á hvaða sviði og hvaða úrbætur er hægt að gera, eins og kemur fram í grg. og í ágætri ræðu flm.

Það er skýrt frá því í grg., að þing Verkamannasambandsins hafi gert ályktun um þetta mál, sem er rétt og satt. Reyndar kom það líka mjög fram á umræddu þingi Verkamannasambandsins, hvað vinnuálaginu væri ákaflega misskipt í þessu þjóðfélagi. En við skulum ekki fara lengra út í þessi mál. Ég held að hvort sem litið er á þessi mál frá heilsufræðilegu sjónarmiði, mannréttindasjónarmiðum starfsfólks eða frá sjónarmiði atvinnugreinarinnar og atvinnurekandans, þá geti niðurstaðan ekki orðið önnur en góð. Ég tel að það fólk, sem við slík undirstöðustörf starfar, eigi rétt á því að slík könnun verði gerð. Leiði hún í ljós að úrbóta sé þörf, þá eru þær úrbætur, sem yrðu gerðar, öllum hagkvæmar. Ég legg þess vegna mjög eindregið til að till. verði samþ. og hún verði framkvæmd.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég get tekið undir það sem fram kemur í þessari þáltill., að það sé tímabært að kanna aðstæður á vinnustöðum og áhrif þeirra á þá sem þar vinna. Ég kemst þó ekki hjá því að vekja athygli flm. á annarri till. Er kannske eðlilegt að sú till. hafi farið fram hjá hv. flm., þar sm þm. hefur setið stutt á þingi, en það er till. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum sam samþ. hefur verið hér sem ályktun Alþingis. Einn þáttur þeirrar till. fjallar nánast um sama efni og þessi þáltill. gerir ráð fyrir. En ég hélt satt að segja ekki að það þyrfti að vekja athygli hv. þm. Guðmundur J. Guðmundssonar á þessari till. og efni hennar. Efni hennar er mjög viðamikið og snertir mikið hans umbjóðendur í Verkamannsambandinu. Hv. þm. taldi þó ekki ástæðu til, þegar hún var til umfjöllunar, að taka undir þá þáltill. eða þann lið sem hann hefur hér gert að umræðuefni og felst í þessari till. sem hv. þm. Guðrún Hallgrímsdóttir flytur.

Sá liður, sem ég vísa til í till. um tekjuskiptingu og launakjör, hljóðar svo — en till. miðar að því að kanna tekjuskiptingu og launakjör og að kannanirnar skuli miða að því að upplýsa ýmsa þætti kjaramála, í 7. lið kemur fram að meta heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna. Og í grg. um þann lið segir:

„Vinnuaðstæður eru launakjör út af fyrir sig. Óþrifalegar, heilsuspillandi og óaðlaðandi vinnuaðstæður hafa án efa veruleg áhrif á starfsgetu sem og vinnuframlag starfsfólks. Það gæti því hvort tveggja í senn verið hagur vinnuveitandans sem launþegans ef samanburðarkönnun á sambærilegum vinnustöðum leiddi í ljós marktækan mismun á vinnuframlagi betri vinnuaðstæðum í hag.

Alkunna er að margvísleg launakerfi eru notuð á vinnumarkaðinum til að auka afköst eða árangur, önnur til að ná samfelldari vinnu, t. d. vaktaálag, enn önnur til að halda góðum starfskröftum, t. d. yfirborganir, og einnig eru launakerfi til að halda starfseminni gangandi í misjafnlega langan tíma, t. d. dagvinnu- og yfirvinnutaxtar.

Það er augljóst að slík launakerfi hafa ekki sömu áhrif, hvorki á launþegann sjálfan né árangur vinnu hans. Öll hafa þau sína kosti og sína galla, ýmist heilsufræðilega, félagslega eða hagfræðilega. En nauðsynlegt er að slíkt sé metið á hlutlausan hátt.“

Ég tel sem sagt, að þessi liður — og vísa þá í grg. einnig — nái þeim tilgangi sem að er stefnt með þessari till., og vísa reyndar einnig í ágæta ræðu sem varaþm., sem sat hér, Böðvar Bragason, flutti þegar hann tók undir þessa till. og gerði einmitt að sérstöku umtalsefni þennan 7. lið og taldi hann einn af mikilvægustu þáttum þessarar tillögu. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson þarf því ekkert að óttast það, að slík könnun verði ekki framkvæmd, svo fremi að ríkisstj. taki undir það, sem Alþ. hefur ályktað, og framkvæmi þessa till. til þál. um tekjuskiptingu og launakjör.

Nú geri ég mér grein fyrir að þessi till. um tekjuskiptingu og launakjör er mjög viðamikil. En það er einmitt lagt til í þeirri þál. að kannanirnar verði lagðar fyrir Alþingi jafnóðum og þær hafa verið framkvæmdar. Ef í ljós kæmi t. d. við niðurstöðu á könnun á 7. lið, að nauðsynlegt væri að gera frekari ráðstafanir, eins og kemur fram í síðari lið þáltill. hv. þm. Guðrúnar Hallgrímsdóttur, þá geri ég ráð fyrir að ráðstafanir yrðu gerðar og Alþingi mundi taka af skarið til þess að bæta þar úr. Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram og vildi vekja athygli hv. þm. Guðrúnar Hallgrímsdóttur á þessu, þannig að hún gæti kannske sætt sig við þá niðurstöðu, að tilganginum með þessari till. hennar væri náð með samþykkt þeirrar þáltill. sem Alþ. hefur samþ. nú nýverið.

Flm. (Guðrún Hallgrímsdóttir): Herra forseti. Það er ekki uppörvandi að ræða slík stórmál svo seint á kvöldi í tómum þingsölum. En ég get ekki látið hjá líða að þakka undirtektir hv. 7. þm. Reykv. við till. mína og treysti ég því að eiga fulltingi hans í því, að þessi till. fái eðlilega meðferð. Ég þakka sömuleiðis hv. 10. landsk. þm., Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir hennar stuðning, en get ekki á neinn máta sætt mig við það, að á það, sem ég fer fram á í þáltill. minni, sé hægt að líta sem hluta af þeirri þáltill., sem hún minnist hér á. Sú þáltill., sem hv. 10. landsk. þm. gerði að umræðuefni, er í 15 liðum. Sá liður, sem hún telur að fjalli um það sama og þáltill. mín, er ákaflega almennt orðaður: Meta skal „heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna.“ Það eru til miklu fleiri launakerfi í landinu heldur en ákvæðislaunakerfi, og ég er eingöngu að fara fram á athugun á áhrifum af ákvæðislaunakerfum á starfsfólk. Ég er hrædd að það geti liðið mörg, mörg ár, áður en komið er að ákvæðislaunakerfum í þeirri athugun. Fyrst þarf e. t. v. að kanna alla hina tólf þættina í till. hv. 10. landsk. þm., síðan yrði byrjað á einhverju því launakerfi sem ekki er afkastahvetjandi, og e. t. v. yrði það síðasti liðurinn sem tekinn yrði fyrir, þ. e. þau ákvæðislaunakerfi sem ég geri sérstaklega að umtalsefni. Þar af leiðandi sætti ég mig ekki við þá málsmeðferð og treysti því, að þm. muni veita þessari þáltill. minni fulltingi sitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 79. fundur.

Föstudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 440 (sbr. 6)). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 82, n. 449). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976. Nefndin hefur leitað umsagnar um málið og hún leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 83, n. 450). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976. Nefndin hefur leitað umsagnar um málið og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 321, n. 452). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974. Nefndin leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Eignar- og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 156, n. 453). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 395 (sbr. 92), n. 451). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3.maí 1972 og lög nr. 65 16. maí 1978. Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþ. eins og það kemur frá Nd., en í Nd. hafði verið gerð ein breyting sem varðar gildistöku laganna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 435). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki flytja langa framsöguræðu með þessu frv. til l. um breyt. á lögum um skipulag ferðamála, en gera þá grein fyrir upphafi málsins, að við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem sæti eigum í tryggingaráði, tókum raunar að okkur, og dæmdist á mig að hafa um það forgöngu, að flytja þetta mál hér á þingi. Orsökin er beinlínis sú, að með vaxandi ferðalögum Íslendinga erlendis skeður það æ oftar að íslenskir þegnar sem ferðast í löndum utan þeirra svæða þar sem við höfum gagnkvæma samninga um réttindi samkv. almannatryggingalögum, menn sem verða fyrir slysum eða veikindum utan þessara svæða lenda oft í miklum kostnaði þar sem lögbundnar greiðslur af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins eru háðar lögum samkvæmt ákveðnum mörkum. Ekki kemur að sök ef íslenskir þegnar veikjast í þeim Evrópulöndum þar sem gagnkvæmir samningar gilda, svo sem í þeim löndum sem aðild eiga að Evrópuráðinu, en erfiðara hefur orðið um vik með þá Íslendinga sem lent hafa í slysförum eða veikst t. d. í Norður-Ameríku- eða Suður-Ameríkuríkjunum þar sem slíkir samningar gilda ekki. Greiðslur af hálfu almannatrygginga á landi hér nægja þá aðeins fyrir broti af sjúkrahús-, læknis- eða lyfjakostnaði og þessir sjúklingar koma síðan heim oftast með þeim hætti, að ríkissjóður tekur ábyrgð á greiðslum fyrir þeirra hönd og þá fyrir milligöngu utanrrn. á einn eða annan hátt, —

koma síðan heim með ærnar skuldabyrðar á bakinu, oft og tíðum til viðbótar örkumlum eða vanmætti af völdum veikindanna að öðru leyti. Í vissum tilfellum getur hér verið um ákaflega alvarlega og erfiða bagga að ræða. En ekki kemur til greina af hálfu íslenska ríkisins annað en að láta þau boð út ganga erlendis, að tekin sé fullkomin ábyrgð á lífi og limum íslenskra þegna, þannig að tryggt verði að þeir fái notið læknishjálpar og sjúkrahúsmeðferðar án tillits til þess hvort þeir bera á sér þá fjármuni sem til slíks þarf. En svo sem kunnugt er tíðkast það í ýmsum löndum, og þ. á m. vestan hafs í sumum tilfellum, í sumum ríkjum Bandaríkjanna a. m. k., að sá maður sem ekki getur sýnt fram á að hann eigi fyrir læknisaðstoðinni eða sjúkrahúsdvölinni, verður ekki slíkrar líknar aðnjótandi nema til komi ábyrgð.

Sem sagt, frv. er flutt fyrir atbeina Tryggingastofnunar ríkisins og að beiðni utanrrh., sem gerst má um það vita hvað hér er í húfi, og það dæmdist á okkur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að hleypa málinu af stokkunum, en síðan höfum við fengið góðfúslegt atfylgi manna úr öllum flokkum við þetta mál.

Ég vildi svo óska þess, herra forseti, að að lokinni þessar umr. verði málinu vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 80. fundur.

Föstudaginn 9. maí, að loknum 79. fundi.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 82). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 83). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 321). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eignar- og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 156). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 476).

Umferðarlög, frv. (þskj. 395 (sbr. 92)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 477).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 286, n. 465, 464). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Hv. heilbr.- og trn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á almannatryggingalögum á þskj. 286, en efni þess er að kveða skýrt á um það í lögum, að vaxtatekjur elli- og örorkulífeyrisþega skuli ekki skerða tekjutryggingu þeirra sem rétt eiga á tekjutryggingu. Nefndin fékk umsögn frá ríkisskattstjóra út af þessu máli, og kom þá í ljós að ríkisskattstjóri hafði samkv. bréfi til skattstjóra 17. apríl 1980, sem fylgir hér nál., lagt svo fyrir, að vaxtatekjur þessara lífeyrisþega skuli ekki teknar inn í vottorð þegar um vottorð frá skattstjórum er að ræða varðandi ákvörðun um tekjutryggingarupphæð. Engu að síður taldi ríkisskattstjóri að það væri ótvíræðara að kveða á um þetta í lögum. En hann taldi að orðalag frv. væri ekki nægilega skýrt í þeim efnum og það kæmi ekki nægilega vel fram, að vextir af spariskírteinum og öðrum slíkum kröfum væru þarna meðtaldir, og hann stakk upp á því við n. í bréfi til hennar að greinin orðaðist eins og n. hefur flutt brtt. um á þskj. 464, að 1. gr. frv. orðist svo:

„Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður sem frádráttarbær er við ákvörðun tekjuskattsstofns".

Á fund n. kom einnig Jón Ingimarsson skrifstofustjóri í heilbr.- og trmrn., og hann mælti með því við n., ef menn væru þeirrar skoðunar að þessar tekjur ættu ekki að hafa áhrif á ákvörðun tekjutryggingar, að flytja þessa brtt. þannig að tekin væru af öll tvímæli, þar sem hann taldi að almannatryggingalögin gerðu ekki greinarmun á skattskyldum tekjum og öðrum tekjum.

Nefndin varð því sammála um að flytja þessa brtt., eins og ríkisskattstjóri lagði til og ég hef hér lesið, og mælir með því að frv. verði samþ. að þeirri brtt. samþykktri. Einn nm., Helgi Seljan, skrifaði undir nál. með fyrirvara.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. um þetta mál með fyrirvara og fyrirvari minn tengist því, að ég hefði gjarnan viljað láta skoða málið betur með tilliti til þess að ákveðið hámark yrði sett þarna inn í. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál. Það kom vel fram hjá ríkisskattstjóra og hv. frsm. hefur rakið það, hvaða breytingu hann taldi nauðsynlegt að gera á frvgr., eins og hún var fyrst orðuð, til að taka af öll tvímæli, og ég efa ekki að þar hafi hann nokkuð til síns máls. Ég nefni það hins vegar sem dæmi, að ég þekki tekjutryggingarmann sem er með nokkrar milljónir í vaxta- og verðtryggingartekjur á s. l. ári, og þá verður manni hugsað til hinna fjölmörgu, sem ekkert slíkt hafa til viðbótar, og þá læðast að mér ýmsar efasemdir um að þetta eigi að vera eins fortakslaust og þarna er.

Ég taldi ekki rétt að ganga gegn ákveðinni ábendingu ríkisskattstjóra um þá breytingu sem varð á frv. í meðferð n., ef um vafaatriði er á annað borð að ræða. Ég verð að segja það, að ég dreg í efa að þarna sé um nokkurn vafa að ræða, en það eru auðvitað allir þdm. sammála um að þarna eigi að taka af öll tvímæli, og þegar þessi embættismaður, sem fer nú varlega og vandlega í alla hluti, telur að þetta sé rétt, þá get ég ekki staðið gegn því og sé enga ástæðu til þess. En gjarnan hefði mátt skoða örlítið betur hvað hér er í raun og veru um miklar fúlgur að ræða, sem koma þarna til greina, og fólk heldur sinni tekjutryggingu engu að síður.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég tek undir þau ummæli hv. þm. Helga Seljans, að ég held að það sé rétt að taka af tvímæli í þessum efnum. Þess vegna hef ég ásamt öðrum nm. í heilbr.- og trn. flutt um það till., að þetta frv. verði samþ. svo breytt eins og ég sagði áðan.

Það, sem ég vildi í framhaldi af því, sem ég gerði grein fyrir áðan, segja til upplýsinga fyrir hv. d., er að nýlega var skattalögum breytt, eins og mönnum er kunnugt, og í þeim breytingum var það sjónarmið mjög ofarlega á baugi að verðtryggingargreiðslur, sem menn fá til þess að höfuðstóll t. d. sparifjár eða spariskírteina rýrni ekki, slíkar verðtryggingargreiðslur séu í eðli sínu ekki tekjur. Þetta eru einungis greiðslur til þess að halda verðgildi þessarar eignar, sem eru peningar, og þess vegna var í þeim lögum alveg skýrt tekið fram að verðtryggingargreiðslur væru ekki tekjuskattsskyldar. Alveg á sama hátt er ég þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að skerða tekjumöguleika elli- og örorkulífeyrisþega þótt þeir hafi slíkar verðtyrggingartekjur. Það orkar kannske meira tvímælis, þegar farið er að tala um vaxtatekjur í viðbót við verðtryggingartekjur, hvernig á með þetta að fara. En í skattalögunum, sem við erum nýbúnir að afgreiða, er þetta þannig líka, að vaxtatekjurnar eru ekki skattskyldar nema hjá þeim sem skulda.

Ég vildi til viðbótar benda á þetta og að það, sem við leggjum til nú í heilbr.- og trn., er í beinu framhaldi af því sem gert var með breytingu á skattalögunum.

ATKVGR.

Brtt. 464 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 238, n. 466). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um skipulag ferðamála, en efni þess er á þá leið, að Stéttarsamband bænda tilnefni einn fulltrúa í Ferðamálaráð til viðbótar þeim sem þar sitja fyrir. Þetta frv. var sent til umsagnar og þær bárust frá Ferðamálaráði og samgrn. Þar er lagt til að þetta frv. verði samþ. Ferðamálaráð tekur sérstaklega fram að það telji æskilegt að fá fulltrúa frá slíkum heildarlandssamtökum sem Stéttarsamband bænda er inn í Ferðamálaráð.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru tveir nefndarmanna.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég reyndi að gera grein fyrir því hér á sínum tíma í framsögu. Ég vil bara þakka samgn. fyrir jákvæða afgreiðslu á þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísaðtil 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 72. fundur.

Föstudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 93). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskólar, frv. (þskj. 350, n. 436). — 2. umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. það sem hér er til umr., þ. e. frv. til breytinga á grunnskólalögum, og leggur fram nál. á þskj. 436 og mælir eindregið með því að frv. þetta verði samþykkt. Frv. er einfalt í sniðum og skýrir sig sjálft, en það felur það í sér efnislega, að ákvæði grunnskólalaga um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 7 árum eftir gildistöku laganna, sem þýðir að skólaskyldan kemur til framkvæmda einu ári síðar en ætlað var. Allir eru sammála um að þar sem ekki hafi enn tekist að afgreiða lög um framhaldsskóla séu nánast engir aðilar, sem um skólarekstur í landinu sjá, undir það búnir að þessi lenging skólaskyldu komi til framkvæmda og því leggur n. einróma til þetta frv. verði samþ. eins og það var lagt hér fram af hæstv. menntmrh.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 351, n. 455, 456). — 2. umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. sem hér liggur fyrir um breyting á lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. Nefndin skilar áliti á þskj. 455. Þar kemur fram að hún hefur fengið til viðræðu fræðslustjórann í Reykjavík um þetta frv. og n. varð sammála um afgreiðslu þess og mælir með samþykkt þess, en flytur þó eina brtt. á þskj. 456, þar sem gert er ráð fyrir að efnismálsgr. 1. gr. orðist svo:

„Heimilt er menntmrn. og Reykjavíkurborg að gera með sér samning um að skólahald í samræmi við 1.—5. gr. þessara laga fari fram í tveimur sjálfstæðum skólastofnunum."

Nefndin varð sammála um þetta. Þetta þrengir nokkuð greinina eins og hún var í frv. þegar það var lagt fram, en að áliti fræðslustjórans í Reykjavík kemur það ekki að sök miðað við það sem nú er helst í undirbúningi á þessu sviði í Reykjavík, en það er spurningin um að stofna nýjan fjölbrautaskóla þar sem aðalstofn þess skóla verði Ármúlaskólinn í Reykjavík. Hins vegar gerir þessi grein það mögulegt, ef mönnum sýnist svo, að sameina fleiri skóla en einn í þennan væntanlega nýja fjölbrautaskóla. Frvgr., eins og hún var upphaflega, var hins vegar það opin að hún takmarkaði á engan hátt fjölda þeirra fjölbrautaskóla sem heimilt yrði að stofna hér í Reykjavík, eins og fram kemur í þeirri grein eins og hún var. Þetta er sem sagt málamiðlun sem n. varð einróma sammála um, og fræðslustjórinn í Reykjavík er enn fremur samþykkur þeirri breytingu sem þarna er gerð.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli. Sú brtt., sem um er fjallað, er þess eðlis að ég get vel sætt mig við hana og legg til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem menntmn. hefur orðið ásátt um að leggja til að gerð verði.

Ég vil einnig þakka hv. n. fyrir að hafa afgreitt jafnskjótlega það frv. sem hér var fyrr rætt, um grunnskóla, um þá breytingu að fresta gildistökuákvæði síðasta árs skólaskyldunnar. Og ég vænti þess og legg á það áherslu eins og í framsöguræðu minni, að þessi mál fái skjóta afgreiðslu í gegnum þingið.

ATKVGR.

Brtt. 456 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 28 shlj. atkv.

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 394, n. 437). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 437 er nál. frá landbn. um þetta mál. Nefndin varð sammála um að mæla með því að frv. yrði samþ. óbreytt, en hv. þm. Pétur Sigurðsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Það kom fram í n., að eðlilegast væri í sambandi við að greiða þessi verðlaun til manna, að þau væru samþykkt af sveitarstjórnum eða veiðistjóra, en menn gætu ekki, hver og einn sem ynni slík dýr, krafist þessara verðlauna. En okkur kom saman um það í n., að þetta væri framkvæmdaratriði sem ekki væri hægt að setja í löggjöf. Ég ræddi þetta líka við veiðistjóra og mun greina hæstv. landbrh. frá því, hvað rætt hafi verið um þetta atriði í landbn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Brunatryggingar utan Reykjavíkur, frv. (þskj. 34, n. 458, 461). — 2. umr.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59 frá 1954, með síðari breytingum. Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Þetta frv. er flutt að beiðni Stéttarsambands bænda og fjallar um það, að öll hús í sveitum séu skyldutryggð. Þeirri skoðun var hreyft í n., að e. t. v. væri ekki þörf á því að láta þessa skyldutryggingu ná svo ótvírætt til allra útihúsa sem væru utan brunahættu við íbúðarhús. Að athuguðu máli gat meiri hl. n. ekki fallist á að eðlilegt væri að sérstakar reglur giltu um útihús í sveitum þó að þau stæðu eitthvað fjær íbúðarhúsi, það væri eðlilegast og vafningaminnst í öllu tilliti að ein og sama reglan gilti í sveitum, með nákvæmlega sama hætti og ein og sama reglan gildir um þessi efni á öllum þéttbýlisstöðum í landinu.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni leyft mér að flytja brtt. á þskj. 461 um þetta mál. Þessi litla brtt., sem við flytjum, er þannig:

„Við 1. gr. bætist:

Útihús í sveitum, sem eru utan brunahættu við íbúðarhús, er eigendum þó frjálst að brunatryggja samkv. brunabótamati hjá hverju því vátryggingarfélagi, sem til þess hefur starfsleyfi, þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga þessara."

Brtt. veit að því, að ef þetta frv. yrði samþ. óbreytt þurfa allmargir þeir bændur, sem hafa verið hirðusamir og fyrirhyggjusamir og tryggt útihús sín í frjálsri tryggingu, að skipta um tryggingarfélag. Það þykir okkur flm. bera helst til mikinn keim af einokun og vera lýti á annars góðu frv. Við trúum ekki að það hafi verið meining Stéttarsambands bænda, þegar það bað um að komið yrði á skyldutryggingu, að ganga svo langt að skipa mönnum að skipta um tryggingarfélag. Meginatriðið er það, að öll útihús séu tryggð, og það sýnist okkur að eigi að sitja í fyrirrúmi, en ekki það að fara að ákvarða fyrir bændur hjá hvaða vátryggingarfélagi þeir skuli brunatryggja þessi hús.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það er rétt hjá frsm. hv. heilbr.- og trn., að þetta frv. var á sínum tíma flutt að beiðni bænda. Það er ekki bara vegna brunatrygginga, heldur ekki síður vegna viðlagatrygginga. Það hefur komið fyrir, að útihús hafa skemmst og ættu að borgast af viðlagatryggingum, ef þau væru á annað borð brunatryggð. En lögin um viðlagatryggingu gera ráð fyrir því, að þau mannvirki — og þau mannvirki ein — sem eru í brunatryggingu séu í viðlagatryggingu, og það var ekki síður þess vegna sem þessi beiðni kom fram.

Varðandi brtt., sem hér er til umræðu, þá tel ég hana óþarfa. Auðvitað er ekki rétt að menn fari að hlaupa til í dag og skipta um tryggingarfélag, það gæti orðið á næsta gjalddaga eða eitthvað því um líkt. En ég held að ef þetta hús er tryggt hjá þessu félagi og annað hjá hinu, þá valdi það glundroða. Menn þurfa þá að fá brunabótavottorð frá fleiri en einum stað í sambandi við lántökur og annað því um líkt. Þetta skiptir sáralitlu máli fyrir tryggingarfélögin sem slík. Iðgjöld eru mjög lág, það eru mjög litlar upphæðir sem eru í spilinu, en þetta hlýtur að valda tvíverknaði og nokkrum glundroða. Það eru sveitarfélögin í dag, stjórnir sveitarfélaganna, sem ráða því við hvaða tryggingarfélög þau skipta með öll hús, allar fasteignir í sínu sveitarfélagi, og ég tel að sveitarfélögin eigi líka að ráða því, hvar þessi hús eru tryggð, alveg eins og öll önnur hús. Ég tel að sveitarfélögin séu þess best umkomin að ráða því. Ég sé því ekki ástæðu til að fallast á þessa brtt.

Páll Pétursson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af þessu með glundroðann. Ég fæ ekki séð að það sé svo mikil hætta á verulegum glundroða þó að þessi háttur verði hafður á sem við Guðmundur G. Þórarinsson leggjum til. Nú er það svo, að menn þurfa ekki endilega að skipta bara við eitt tryggingarfélag. Margir hafa hús sitt tryggt hjá einu tryggingarfélagi, bíl sinn hjá öðru o. s. frv., og mér finnst að þetta sé regluleg ofstjórn, að ætla að hafa svo vit fyrir mönnum að þeir megi ekki velja sér tryggingarfélag sjálfir.

Þetta með sveitarfélögin, að þau fengju þennan rétt eða gengjust fyrir því að semja við sérstök tryggingarfélög um tryggingar, er sprottið af því að þau voru að reyna að ná betri kjörum.

Það er rétt hjá hv. þm., að þetta er ekki stórt mál fjárhagslega fyrir tryggingarfélögin og iðgjöldin ekkert geysimikil. En mér finnst að þarna sé verið að seilast óþarflega langt í afskiptasemi og finn ekki annað en það sé réttmætt að bændur megi velja sitt tryggingarfélag sjálfir eða ráða því hvar þeir tryggja sín útihús, hvaða skoðun sem sveitarfélagið hefur á hvar þeir skuli tryggja sín íbúðarhús.

ATKVGR.

Brtt. 461 felld með 17:11 atkv.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28. shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 427). — 1. umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., var lagt fyrir hið háa Alþingi í janúarmánuði s. l. Það var og er liður í að efna loforð sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar gaf sjómannasamtökunum í des. 1978 um aukin félagsleg réttindi sjómanna.

Frv. sem slíkt lætur ekki mikið yfir sér, en er eigi að síður mjög þýðingarmikið. Ýmis mikilvæg starfsréttindi sjómanna hafa með tímanum verið tengd lögskráningu þeirra, ýmist með lögum eða í kjarasamningum. Nefna má sjómannafrádrátt skv. skattalögum, lífeyrisréttindi, slysatryggingar að nokkru leyti, kauptryggingu, rétt til fæðispeninga o. fl. Sama gildir um ýmsar greiðslur til stéttarfélaga sjómanna og sjóða á þeirra vegum. Ófært er að útgerðarmaður geti svipt sjómann slíkum réttindum með einhliða afskráningu án vitundar hans og svipt hann þannig möguleikum til réttmætra andmæla og aðgerða, m. a. gagnvart lögskráningarstjóra.

Herra forseti. Ég er sammála þeim breytingum sem hv. Ed. hefur gert á frv. Það er von mín að frv. verði að lögum nú fyrir þinglok.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgn. með 29 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 143). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27. shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 357). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Þetta frv., sem hér um ræðir, er einfalt í sniðum. Það er gert ráð fyrir því,

að það verði lögbundið að aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum og sýningum á íslenskum kvikmyndum skuli undanþeginn söluskatti.

Eftir að þetta frv. var lagt fram brá svo við að fjmrh. gaf út reglugerð þar sem hann tók af Alþingi ómakið varðandi leiksýningar og tónleika, en hins vegar verða íslenskir kvikmyndagerðarmenn enn að una við það að greiða söluskatt af aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum. Hér er um mjög verulegar fjárhæðir að tefla sem skipta verulegu máli í sambandi við eflingu íslensks kvikmyndaiðnaðar. Það er rétt, að fjmrn. hefur fallist á að a. m. k. í sumum tilvikum skuli söluskattur af þvílíkum aðgangseyri renna í Kvikmyndasjóð, að ég ætla. Í því felst einmitt viðurkennig á því, hvaða baggi söluskatturinn er á þessari framleiðslu eða þessari listgrein, vil ég segja, og verður að hafa í huga í þessu sambandi að hér er um fimmtu hverja krónu að ræða. Söluskattur er orðinn 23.5%, svo að hér er um gífurlega mikla byrði að ræða á þessa listgrein umfram það sem gegnir um aðrar listgreinar. Ég vil enn fremur benda á það, að samkv. núgildandi lögum er aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, skíðalyftum, kappreiðum og góðhestakeppni undanþeginn söluskatti, og þykir mér eðlilegt að hið sama gildi um íslenskar kvikmyndir.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því að í þessu frv. er gert ráð fyrir því ákvæði til bráðabirgða, að söluskattur af aðgangseyri að leiksýningum, tónleikum og sýningum á íslenskum kvikmyndum, sem gjaldfallinn er á þessu ári, skuli falla niður og endurgreiðast að þeim hluta sem hann hefur verið inntur af hendi. Eftir því sem mér er best kunnugt hefur Leikfélag Reykjavíkur eitt atvinnuleikhúsa staðið í skilum með söluskattinn, en önnur leikstarfsemi hefur átt í miklum erfiðleikum með að standa skil á honum, og ég hygg að í sumum tilvikum sé þar um þvílíka byrði að ræða, að ef þar yrði krafist fullra skila mundi sú leikstarfsemi leggjast niður. Ég held að einfaldast sé að viðurkenna þessar staðreyndir og gera ráð fyrir því, að þessi söluskattsskuld falli niður, og þá þykir mér eðlilegt að Leikfélag Reykjavíkur gjaldi þess ekki að hafa staðið í skilum að sínum hluta á söluskattinum. Ég get vel fallist á að þessi eftirgjöf taki lengra aftur í tímann. Mér finnst það ekki óeðlilegt að miða við síðustu áramót.

Á þessu ári er áætlað að Leikfélag Reykjavíkur greiði 42—48 millj. kr. í söluskatt, en ríkisstyrkurinn til þess er 32 millj. kr. Af þessu sést að hér er um lítilræði að tefla í tekjuöflun ríkissjóðs, en getur skipt sköpum í sambandi við jákvæða þróun leiklistarstarfsemi, tónleikahalds og kvikmyndagerðar.

Ég skal ekki hafa frekari orð um þetta. Ég hygg að menn geti verið sammála um það, að í sumum greinum sé skattheimta ríkisins eða hins opinbera af listastarfsemi og íþróttastarfsemi allt of mikil. Ég tel, að hér sé um réttlætismál að tefla og jafnréttismál gagnvart kvikmyndagerðinni, og legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er margt gott um efni þessa frv. að segja. Nú að undanförnu hafa þessi mál verið til umræðu milli mín og hæstv. fjmrh., og eins og menn vita hefur verið gefin út reglugerð af fjmrh. í sambandi við afnám söluskatts af leiksýningum og tónleikum. Í sambandi við sýningar á íslenskum kvikmyndum er um það rætt, að þessi söluskattur verði felldur niður af sýningum á íslenskum kvikmyndum, þ. e. á þann hátt að sú upphæð renni í Kvikmyndasjóð. Ég tel rétt að þetta komi fram.

Það mun hafa komið fram í ræðu hv. flm., að Leikfélag Akureyrar umfram allt hefur átt í mjög miklum fjárhagsörðugleikum með sína starfsemi. Það hefur komið til minna kasta að hafa áhrif á að finna lausn á því máli, og að því er unnið og verður unnið að reyna að finna leið til þess að styrkja fjárhag Leikfélags Akureyrar þannig að til þess þurfi ekki að koma, að Leikfélag Akureyrar verði að hætta þeirri merku starfsemi sem það hefur haldið uppi nú í nokkur ár, sem er fast leikhús á Akureyri. Sú reglugerðarbreyting, sem nú er komin til framkvæmda, mun því m. a. koma Leikfélagi Akureyrar að haldi.

Ég hef í sjálfu sér ekki meira um þetta að segja. Það er sjálfsagt að þetta mál fari sína leið til n., en ég tel rétt að þess sé getið, að unnið er að því innan ríkisstj. og unnið hefur verið að því að koma þeirri skipan á sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. — Ég vil að gefnu tilefni vekja athygli á því, að söluskattur er ekki beinn skattur. Söluskattur er skattur sem er lagður á neyslu manna og þ. á m. á hluti eins og hér um ræðir. Það er alger misskilningur, að Þjóðleikhúsið greiði söluskatt eða Leikfélag Reykjavíkur greiði söluskatt, og ég er því almennt mótfallinn að vera alla tíð að bæta við nýjum og nýjum undanþágum frá söluskattinum.

Alþingi hefur á undanförnum árum smátt og smátt verið að bæta inn nýjum og nýjum undanþágum frá söluskattinum, og svo er komið að söluskatturinn er orðinn alger frumskógur sem enginn sér fram úr, og hér á Alþ. hafa menn hjálpað mjög til við að eyðileggja þennan skatt og möguleika á því að halda honum uppi með sómasamlegum hætti.

Hitt er svo allt annað mál, að þetta er ekki það sama og menn vilji ekki styðja vel við bakið á menningarstarfsemi í landinu, við leiklistarlíf, kvikmyndagerð og annað. En er þá ekki meiri manndómur í því að gera það beint á fjárlögum heldur en vera alla tíð að fela sig á bak við það að fella niður söluskatt, en hafa þá ekki manndóm til þess að setja samsvarandi upphæðir til styrktar þessari starfsemi?

Ég vil að gefnu tilefni að það komi fram að ég er mótfallinn því að alltaf sé verið að bæta við undanþágum frá þessum skatti og þar með í reynd að leggja hann í rúst. Það má segja, að ekki sé verið að bæta hér miklu við og þegar búið að því. En ég sé fram á að það verður mjög erfitt að taka upp virðisaukaskatt á Íslandi með tilliti til þess, hversu duglegir menn eru að bæta við nýjum og nýjum undanþágum frá söluskatti, því að virðisaukaskattur gerir ráð fyrir að undanþágur séu helst engar. Það verður mjög erfitt að koma þessum málum heim og saman þegar virðisaukaskattur verður tekinn upp hér á landi, ef menn leggja þá í það.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs í tilefni af þeim orðum sem fram komu hjá hv. 3. þm. Austurl. í þessu máli, þar sem hann lýsti andstöðu sinni við það að stöðugt væri verið að fjölga undanþágum frá greiðslu söluskatts. Ég get út af fyrir sig tekið undir það sjónarmið, að auðvitað er óæskilegt að gera skattkerfið æ flóknara með stöðugt fleiri undanþágum, og á

það jafnt við um söluskatt sem aðra skatta. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þessu gefna tilefni, að ástæður fyrir því, að menn freistast til þess í æ ríkari mæli að veita undanþágu frá söluskatti, eru þær, að þessi skattur er orðinn allt of hár. 23.5% söluskattur, eins og hann er orðinn í dag, er orðinn það hár að hann er farinn að hafa veruleg áhrif á neyslu í landinu. Þó að á það megi fallast, að þetta sé ekki skattur í þeirri merkingu að Þjóðleikhúsið greiði ekki skatt eða Leikfélag Reykjavíkur greiði ekki skatt, þá er það þó ómótmælanlegt, að söluskatturinn er lagður á þessa starfsemi, á þessa þjónustu og hefur þau áhrif að hann dregur úr möguleikum fólks til þess að njóta þessarar þjónustu. Þegar að kreppir í þjóðfélaginu og 23.5% söluskattur er t. d. lagður á hvern aðgöngumiða hjá Þjóðleikhúsi eða leikfélagi eða á aðra menningarstarfsemi, þá þýðir það auðvitað að fólk veigrar sér við að njóta þessarar þjónustu. Þetta er eitt það fyrsta sem menn hætta að nota þegar sverfur að. Þess vegna held ég að lækningin á þessu sé í raun og veru sú að stefna að því að lækka söluskattinn, en ekki hækka hann stöðugt gegndarlaust, eins og hv. 3. þm. Austurl. hefur ýmis haft forustu um hér á Alþ. eða a. m. k. verið fylgjandi. Ég held því að þegar svo er komið, að söluskattur er orðinn það hár sem raun ber vitni um, þá sé ekkert óeðlilegt þó tillögum um undanþágur frá þessum skatti fjölgi hér á hv. Alþingi og það er þess vegna sem við þrír þm. Sjálfstfl. höfum flutt þessa till. Hún hefur reyndar, eins og kom fram hjá frsm., hv. 7. landsk. þm., fengið þær undirtektir að hæstv. fjmrh. hefur að hluta sett hana í framkvæmd, en að öðru leyti ekki, og því er æskilegt að þetta frv. fái þinglega meðferð. En ég undirstrika: ástæða þess, að þetta er flutt, er sú, að söluskatturinn er orðinn allt of hár. Og ég held að þeir, sem hafa beitt sér fyrir því í síauknum mæli hvað eftir annað hér á Alþ. að hækka þennan skatt, ættu að hugsa sitt ráð betur að því er hann varðar.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. undirtektir hans við þetta frv. og heyri að hann er sammála mér um það í raun, að þeir skattar, sem lagðir eru á kvikmyndagerðina, eru of miklir. Mér þykir í þessum efnum langhreinlegast, úr því sem komið er, að afnema söluskatt af aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum. Á hinn bóginn get ég tekið undir það sem hv. 3. þm. Austurl. sagði almennt um söluskattinn, að eins og staðið hefur verið að þeim málum upp á síðkastið, ég vil segja síðustu 10 árin, hefur sívaxandi ringulreið ríkt í þeim efnum og svo er nú komið í mörgum greinum, að þó menn vilji þræða hinn þrönga stíg laganna og skila ríkissjóði því sem ríkisins er í þessum efnum, þá getur það reynst næsta örðugt í einstökum tilvikum vegna þeirra óglöggu skila sem eru á milli söluskattsskyldrar þjónustu og þeirrar þjónustu sem ekki er söluskattsskyld. Það má nefna mörg dæmi um það, en ég skal ekki gera það að þessu sinni. Hins vegar liggur málið þannig fyrir, að söluskattur er orðinn allt of hár, en hann er orðinn 23½%. Það munar verulega mikið um hann og þrýstingur á menn að gefa söluskattinn eftir og svíkja þannig undan skatti í sumum greinum er orðinn gífurlega mikill.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að þegar þetta frv. var lagt fram hafi ringulreiðin í þessum efnum enn verið aukin með því að leiklistinni hafði verið skipt í tvennt. Í sumum tilvikum átti að greiða söluskatt af leiksýningum, í öðrum ekki, sem var náttúrlega óþolandi ástand. Og það sjá náttúrlega allir, að ekki er hægt við það að una að aðgangseyrir t. d. að kappreiðum og góðhestakeppni skuli vera undanþeginn söluskatti með löggjöf, en hins vegar ekki aðgangseyrir að leiklistarstarfsemi, tónleikahaldi og kvikmyndagerð. Ég held að það sama verði að gilda í þessum efnum um þetta allt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að ég hef stutt það hér á Alþ. að hækka söluskatt, með atfylgi sjálfstæðismanna og Alþb.-manna sitt á hvað, og ég býst við að það hafi engum, sem að því hefur staðið, verið til mikillar ánægju að gera það. Menn eru yfirleitt ekkert sérstaklega glaðir yfir því að hækka skatta. En við skulum láta það liggja á milli hluta.

Aðalatriðið er það, að menn átti sig á eðli þessa skatts. Það hafa lengi verið uppi deilur um það í þjóðfélaginu, hvort lögð skyldi meiri áhersla á beina skatta eða óbeina skatta, og ég hef skilið þá sjálfstæðismenn þannig, að þeir vildu fremur leggja áherslu á óbeina skatta en beina. Eðli þessara óbeinu skatta er það, að þeir leggjast á neyslu manna, og í eðli sínu eru þeir þannig að þeir eiga að vera hlutlausir gagnvart því hver sú neysla er. Það er eðli skattsins. En þegar menn eru farnir að setja inn í þetta alls konar undanþágur sitt á hvað, þá er búið að breyta eðli þessa skatts. Það þýðir lítið fyrir okkur alþm. að halda fjálglegar ræður um hert skattaeftirlit og aukið eftirlit með skattsvikum þegar menn eru ekki reiðubúnir að standa að því að hafa þennan skatt það alhæfan að það sé bærilegt að hafa þar eitthvert eftirlit.

Nú er ég ekki með þessu að segja að það skipti einhverjum sköpum þó að ein undanþágan bætist við til viðbótar, nú af leiksýningum. Það út af fyrir sig skiptir hér engum sköpum. En mér finnst kominn tími til að menn hugleiði eðli þessa skatts og með hvaða hætti hér skuli haldið áfram. Enda þótt ég hafi staðið að því að hækka söluskatt hafa það verið mér mikil vonbrigði hvað það hefur gengið lítið og verið í reynd lítill áhugi á því á undanförnum árum, jafnvel 10 ára tímabili, að umbreyta þessum skatti þannig að til sóma væri fyrir okkur hér á Alþingi. Við höfum þess í stað á hverju ári bætt við nýjum og nýjum undanþágum, og ég held að það sé kominn tími til að menn horfi um öxl og staldri hér við og beini frekar kröftum sínum að því að breyta um skattform, t. d. fara yfir í virðisaukaskatt. En með þessu áframhaldi er í reynd verið smátt og smátt að gera það ómögulegt að taka upp virðisaukaskatt á Íslandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 424, n. 457). — 2. umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Nd. hefur fjallað um frv. til l. um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá Ed., að viðbættri svofelldri breytingu sem fram kemur á þskj. 457:

„Við 7. gr. Á eftir orðunum „starfsmanna sinna" í 1. málsl. komi: og annarra sérfræðinga."

Um er að ræða að stofnunin hafi einnig möguleika á að skipuleggja ferðir þeirra sérfræðinga sem hún þarf að kalla til hverju sinni. Ég hef haft samband við formann heilbr.- og trn. Ed. og forseta d. og tel að þessi litla brtt. þurfi ekki að tefja að málið fái afgreiðslu nú fyrir þingslit.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 457 samþ. með 26 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Tilbúningur og verslun með smjörlíki, frv. (þskj. 343, n. 442). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 442 er nál. frá landbn. um frv. um breyt. á lögum um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl. N. fékk til viðtals forstöðumann Osta- og smjörsölunnar, Óskar H. Gunnarsson, en þetta frv. er flutt að ósk Osta- og smjörsölunnar og bændasamtakanna og raunar vegna umkvörtunar ýmissa neytenda um að þeir hafi talið að þetta smjör, þegar ekki væri blandað einhverju saman við það, væri of hart til þess að taka það beint út úr kæliskápum til neyslu.

Það urðu dálitlar umr. hér um orðalag á þessu frv. og menn þóttust vita hverjir hefðu samið frv. Við könnun kom í ljós að það var allt úr lausu lofti gripið. Þetta eru lög sem voru samin 1933, og ég fór að grafast fyrir um það, hver hefði samið þetta frv., og sá, sem gerði það, var Sigurður heitinn búnaðarmálastjóri. Sá embættismaður, sem samdi síðan eða breytti þessari grein, var ekki sá sami sem var aðalritstjóri að Stefnumörkun í landbúnaði sem kom út í fyrra, þannig að allt það tal, sem hér varð um þetta mál, reyndist ekki á rökum reist.

Fyrir n. komu einnig frá iðnrekendum Davíð Scheving Thorsteinsson og Valur Valsson, og þeir töldu að það væri alveg óþarfi að breyta lögunum. Ráðh. gæti leyft með auglýsingu að blanda t. d. smjöri í smjörlíki og raunar ákveða að allt smjörlíki skyldi vera blandað smjöri. Þetta hefur nokkrum sinnum verið gert, en þá hefur þetta verið 10—15%. En hér er um allt annað að ræða. Hér er um það að ræða að blanda jurtaolíu saman við smjör og aldrei megi vera meira en 1/4 af þessari olíu.

Hv. þm. Steinþór Gestsson skrifaði að vísu undir með fyrirvara og mun gera grein fyrir fyrirvara sínum hér á eftir, en að öðru leyti varð n. sammála um að mæla með því að frv. yrði samþ., en hv. þm. Pétur Sigurðsson var fjarverandi afgreiðslu málsins. En vegna þess hvers konar mál var á þessari grein var hún umorðuð og ég ætla að lesa frvgr. eins og n. gekk frá henni.

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. gr. laganna orðist svo:

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt feitmeti, sem líkist smjöri, þegar í því er feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur fita en mjólkurfita, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

Rjómalíki kallast vökvi, sem líkist rjóma, en inniheldur aðra feiti en mjólkurfitu, er nemur meira en 25% af fitumagninu.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en inniheldur feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarfitumagninu.

Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv. tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt."

En n. leggur einnig til aðra brtt., að á eftir 1. gr. komi ný gr. sem orðist svo:

„Í stað orðanna „atvinnumálaráðherra" og „atvinnumálaráðuneyti" í lögunum komi: landbrh. og landbrn."

Þetta er auðvitað í samræmi við það, að áður féllu þessi mál undir atvmrn. og þá var ekkert landbrn. til en nú er breyting orðin á.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þegar ég kom til starfa í landbn. að loknu leyfi sem ég hafði héðan frá störfum hafði verið haldinn einn fundur í n. um þetta mál. Ég fékk þess vegna ekki upplýst hverjar upplýsingar hefðu legið fyrir frá þeim aðilum sem kallaðir voru til fundar við n., spurðist þó fyrir um það á þeim fyrsta fundi sem ég var á, og ég veit hverjir það voru. Hins vegar var ekki gert mikið úr því, að það hefði verið um andmæli gegn þessu á neinn hátt að ræða.

En þegar ég fór að vitja um minn póst hafði borist til mín bréf samdægurs frá Félagi ísl. iðnrekenda þar sem þeir greina frá því, að eftir því hefði verið óskað að félagið gerði skriflega grein fyrir skoðun sinni á frv. Þeir staðfesta þá skoðun sína í bréfinu, að um nokkur andmæli við frv. sé að ræða þó þau séu ekki veigamikil. En ég hefði þá viljað hafa nokkrar fréttir af því, hvað þeir aðilar aðrir, sem komið hafa til fundar við n., hefðu um þetta að segja. En þess var getið að til þess væri ekki tími og engin þörf á því, enda verður það að segjast, að ég var út af fyrir sig ekki mótfallinn þeirri breytingu sem á þessum lögum er gerð með þessari grein sem hér er einni breytt í lögunum eins og málið kom til n. Ég álít rétt að skilgreina það greinilega, hvað felst í hverju heiti sem tilgreint er í lögum, hvort sem um matvæli er að ræða eða annað, neytandi eigi rétt á því að vita, um leið og hann heyrir vörutegundina nefnda á nafn, hvað í henni felst. Þess vegna tel ég vera réttmætt að skilgreina þetta greinilega, eins og hér er gert um smjörlíkið.

En þegar ég les yfir lagabreytinguna og grg., þá kemur það í ljós, sem ég átti ekki von á, að grg. er í raun og veru um allt annað en efni frvgr. sjálfrar. Grg. snýst um það fyrst og fremst, að það hafi gerst úti í Svíþjóð að farið var að blanda jurtaolíu saman við smjör, og það er látið að því liggja að sú breyting, sem hér er verið að gera, sé til þess að svo megi einnig gera hér á landi. Ég er ekki alveg viss um að þessi lagabreyting sé nægileg til þess, en um það geta ugglaust verið deilur. Ég vil aftur á móti halda því fram, að það sé vísbending um óvönduð vinnubrögð og óðagot í afgreiðslu, að það varð að umorða t. d. alla 1. gr. frv., sem er aðalgrein þess, kannske meira af því að menn hafa næman málsmekk en vegna efnisbreytingar, og er ekki nema allt gott um það að segja.

Í annan stað taldi n. eðlilegt að gera aðra breytingu á lögunum, sem sagt að færa heiti til þess horfs, sem nú er í *stjórnkerfinu, og kalla landbrh. landbrh. en ekki* atvmrh., og er það líka eðlilegt. En ég held og ég veit, að það var ástæða til að taka miklu fleiri atriði úr lögunum til endurskoðunar og leiðrétta þau eftir þeim breytingum sem orðið hafa á ýmsum háttum hér.

Á einu stigi málsins var komin ein brtt. enn inn í nál. landbn., sem ég hafði ekki séð eða vitað hvaðan var og mér fannst ekki passa við frv. á neinn hátt. Benti ég formanni n. á það og var það þá leiðrétt og tekið út, því að að stóðst ekki við lögin og var útilokað.

Þetta sannar það, að í þessu efni öllu er hið mesta óðagot. Ég tel t. d. að full ástæða hefði verið til að breyta því sem segir í 7. gr. laganna. Þar er ákvæði um það, að í öllu mjólkurlíki og rjómalíki, sem búið er til eða notað í landinu, skuli vera litarefni sem greini það glögglega frá mjólk og rjóma. Mér vitanlega hefur þessu ákvæði ekki verið fullnægt nú í mörg, mörg ár, hvort sem það hefur einhvern tíma verið gert eða ekki. Þess vegna hefði verið ástæða til að yfirfara þetta einnig þegar var verið að hreyfa við lögunum á annað borð.

Þá er einnig ákvæði í 8. gr. sem ég tel að sé algerlega úrelt og ekki farið eftir í neinu. Það er: „Í öllu smjörlíki, ostlíki, rjóma- og mjólkurlíki skulu vera 2‰ af hreinni jarðeplasterkju." Ég held að þetta hafi ekki tíðkast og sé ekki farið eftir þessu lagaákvæði nú.

Í 9. gr. er t. d. mgr. sem ég hygg að sé algerlega þarflaus og út í hött að hafa í lögum áfram. Þar stendur um greinilega merkingu á smjörlíki: „Þessi ákvæði taka einnig til smjörlíkis sem selt er í lausri vigt í sölubúðum." Ég held að það sé algerlega bannað núna eftir öðrum lögum að selja smjörlíki í lausri vigt.

Það eru mörg fleiri atriði, sem ég hirði ekki um að nefna, sem ég tel að hefði átt að taka til athugunar í þessu efni, og það var skoðun mín, að vísu eftir að ég var búinn að taka ákvörðun um að styðja þetta frv., að það hefði verið eðlilegra að fresta afgreiðslu þess enn um sinn og taka lögin til endurskoðunar í heild. Og það mun liggja *fyrir í rn., að þeir menn, sem gerðu till. um breytingu á* þessari 1. gr. laganna, munu hafa komið því áleiðis til rn. að eðlilega þyrfti að endurskoða lögin í heild fremur en endurskoða þessa einu grein þeirra. En eins og ég tók fram í upphafi, þá hafði ég samþykkt að styðja þá breytingu, sem gerð var á 1. gr., og ég mun styðja þetta frv. af því að mér sýnist, eins og ég tók fram, eðlilegt að skilgreina það í lögum, hvað er smjörlíki, og ákvarða einnig um aðra þætti þessa efnis í greininni. Ég mun styðja það. En eðlilegast hefði ég talið að þetta frv. færi ekki lengra í þessu formi. Ég tel að það hefði verið mjög nauðsynlegt að taka það mál, sem hér liggur fyrir, til athugunar og endurskoðunar í heild.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég er samþykkur því frv. sem hér er til umr. Hins vegar vil ég taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að það er fyllsta ástæða til þess að endurskoða fyrir haustþing þau lög sem hér er verið að gera breytingu á. Ég held að það sé hins vegar nauðsynlegt að menn átti sig á því, um hvað þetta frv. snýst. Það er býsna óglöggt fyrir þá menn, sem ekki hafa kynnt sér vandlega tilganginn með flutningi þessa frv., en tilgangurinn er einfaldlega sá að hefja framleiðslu eða veita mjólkurbúum heimild til framleiðslu á nýrri tegund viðbits, sem samanstendur 75% af smjöri og 25% af jurtaolíu. Þetta er þekkt viðbit, ef ég má nota það orð, í Svíþjóð og mikið notað þar og þykir gott. Grundvallar*tilgangurinn með þessu er auðvitað sá að reyna að lækka* smjörfjallið og það er af hinu góða.

Hins vegar er reynsla Svía af sölu þessa nýja viðbits sú, að það hefur ekki, því miður, lækkað þeirra smjörfjall. Ég óttast mjög að það muni gerast hér, að um leið og þetta kemur á markað muni draga úr sölu á smjöri, þannig að höfuðtilgangurinn, rauði þráðurinn með flutningi þessa frv., að draga úr smjörbirgðum eða minnka þær, muni ekki nást. Hins vegar er þetta tilraunarinnar virði.

Þau andmæli, sem komu fram við þetta frv. frá iðnrekendum, eru í grundvallaratriðum þau, að þeir óttast samkeppni. Þeir óttast að verða fyrir mjög verulegri samkeppni vegna þessarar nýju framleiðslu og telja að af þeim sökum eigi ekki að heimila þetta. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það þurfi ekki að vorkenna smjörlíkisframleiðendum á Íslandi, sem eru einu iðnrekendurnir sem njóta lögverndar gagnvart samkeppni. Þeir njóta hennar vegna þess að smjörlíki er talið með landbúnaðarafurðum og smjörlíkisinnflutningur er bannaður.

Ég vil líka geta þess hér, að það kom fram á fundum í landbn. frá fulltrúum iðnrekenda, að framkvæmdavaldið hefur ekki verið nægilega vel á varðbergi í sambandi við þau lög sem í gildi eru um notkun á mjólkurafurðum. Var t. d. bent á það, að bakarar hefðu um langt skeið framleitt rjómakökur með þeytikremi, sem er auðvitað ólöglegt. (**Gripið fram í:** Er það ekki gott?) Það var einnig fullyrt á þessum fundi, að hér gerðist það að ís væri framleiddur úr gömlu smjöri. Það er sýnu alvarlegra að mínu mati. Ég tel að framkvæmdavaldinu beri að athuga þetta mál og rannsaka og kanna réttmæti þessara ásakana. En ég vil sem sagt styðja þetta frv. vegna þess að ég tel að þarna sé gerð ærleg tilraun til þess að draga úr eða minnka smjörfjallið okkar fræga, þótt ég efist mjög um að það muni takast að einhverju verulegu leyti. En frv. styð ég og þau andmæli, sem komið hafa frá iðnrekendum hef ég að engu.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hv. 2. þm. Suðurl. sagði áðan.

Það er ekki siður, ef um stjfrv. er að ræða, að n. fjalli um nema það frv. sem liggur fyrir, en fari ekki að taka alla löggjöfina til endurskoðunar og umfjöllunar. Þau ár, sem ég hef verið hér á Alþ., þekki ég ekki þau vinnubrögð, nema þá sérstaklega sé um það beðið, þannig að það var ekki að mínu mati hægt að ætlast til þess, að landb. Nd. færi að taka það verk að sér, án þess að um það væri þá sérstaklega beðið, að endurskoða alla þessa löggjöf. Hitt get ég alveg fallist á með hv. 2. þm. Suðurl., að það þyrfti að líta á þessa löggjöf. En það er alveg hægt að gera það, þó að þetta frv. út af fyrir sig sé nú samþ. Það breytir engu í því.

Að öðru leyti vil ég ekki fara að hefja hér umr. um þetta mál, þó að það væri kannske ástæða til að ræða þau mál, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. kom hér inn á. Ég var alveg sammála mörgu af því sem kom fram í hans máli, en það er margt fleira í þessum málum sem væri kannske ástæða til þess að ræða, en ég sleppi því hér. Ég vil bara segja að þetta er stjfrv. og við fjölluðum aðeins um það frv. sem fyrir lá, eins og venja er.

ATKVGR.

Brtt. 442 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 442,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 73. fundur.

Föstudaginn 9. maí, að loknum 72. fundi.

Tilbúningur og verslun með smjörlíki, frv. (þskj. 474). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskólar, frv. (þskj. 350). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 471). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 394). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Mér finnst ég ekki geta látið hjá líða að benda á, að í 2. gr. þessa frv. er, að ég tel, ranglega farið með íslenskt mál. Þar stendur í niðurlagi 2. gr.: „Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir vinnslu dýranna."

Ég hef þekkt margar grenjaskyttur og veit töluvert um það hvernig greni eru unnin og dýr eru unnin og þekki margar átakanlegar sögur, ógleymanlegar sögur frá því, hvernig þessar veiðar fara fram. En ég hef aldrei heyrt talað um vinnslu grenja eða vinnslu dýra. Við tölum um að vinna greni, vinna dýr. Við tölum líka um kjötvinnslu, fiskvinnslu, þörungavinnslu og annað því um líkt og þýðir þá vinnsla nánast það sama og iðnaður, en ég hygg að þetta standist ekki alla vega málvenju eins og hún hefur verið tíðkuð í þessum tilvikum, svo að ég vildi gera till. um að þessu yrði breytt, alla vega skotið til hæstv. forseta hv. d. hvort við ættum ekki að breyta þessu og segja í staðinn fyrir vinnslu dýranna: enda séu honum færðar sannanir fyrir að dýrin hafi verið unnin. — Ég legg það undir dóm forseta, hvort það þarf að bera upp sérstaka brtt. um þetta eða hvort fallist verður á að breyta orðalagi í þessa átt.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það er rétt, að á Vestfjörðum mun grenjaskytta aldrei hafa verið spurð að því, hvernig gengi með vinnslu grenisins. Ég tel nú að ekki þurfi að bera fram sérstaka brtt. fyrir þessu, en legg til að málsl. orðist svo: „Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir að dýrin hafi verið unnin." Ég skoða þessa stafsetningarþrætu leysta ef enginn mælir því í gegn.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:1 atkv og afgr. til Ed.

Brunatryggingar utan Reykjavíkur, frv. (þskj. 34). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 478).

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 473 (sbr. 424)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Efri deild, 81. fundur.

Föstudaginn 9. maí, kl. 4 síðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 470). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 238). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 93). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 473 (sbr. 424)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 481).

Tilbúningur og verslun með smjörlíki, frv. (þskj. 474). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 394). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 350). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Áður en ég byrja á því að mæla fyrir þessu frv. langar mig til að geta þess við hv. dm., að þetta er talsverður merkisdagur í lífi mínu að því leyti til, að ég hef átt sæti á Alþingi í 19 vetur, en þetta er í fyrsta skipti sem ég stend í ræðustól í Ed.

Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., frv. til l. um breyt. á lögum um grunnskóla, var flutt í Nd. og hefur verið afgreitt þaðan nú í dag. Er það von mín, að hv. Ed. sjái sér fært að afgreiða þetta mál sem fljótast. Þetta frv. er satt að segja ekki stórt í sniðum, það er aðeins tvær greinar. Hins vegar má segja að efnisatriði þessa frv. sé ekki ómerkt eða lítið, en frv. fjallar um það, eins og segir í 1. gr., að stefna skuli að því, að ákvæði laga um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 7 árum eftir gildistöku laganna. En þannig er, að í grunnskólalögunum, eins og þau eru, er gert ráð fyrir að skólaskyldan, 9 ára skólaskylda, komi til framkvæmda 6 árum eftir gildistöku laganna. Þá ættu þau af sjálfu sér að taka gildi að þessu leyti nú í haust, haustið 1980. En eins og menn þekkja var almennt gert ráð fyrir að það tæki 10 ár að framkvæma grunnskólalögin að öðru leyti en því, að þetta sérstaka ákvæði í 88. gr. var að koma skyldi á fullri skólaskyldu samkv. lögunum á 6 árum.

Nú er það ljóst, að það er mjög erfitt að framkvæma 9 ára skólaskyldu við þær aðstæður sem við búum nú við. Sérstök nefnd hefur verið að endurskoða grunnskólalögin. Í henni sitja þrír menn undir forsæti Jónasar Pálssonar skólastjóra. Þessi nefnd hefur ritað mér bréf fyrir nokkru og bent á að hún hafi ekki lokið endurskoðunarverki sínu, en bendir jafnframt á að eðlilegt væri að fresta því um ár að 88. gr. laganna taki að fullu gildi.

Einnig má segja það, að ævinlega sé nokkur ágreiningur um þetta mál. Það er nokkur ágreiningur, bæði í Alþingi og eins meðal skólamanna og úti um landsbyggðina, um það, hversu hratt skuli stefnt að því að 9 ára skólaskylda verði tekin upp. Þá held ég að sé einnig rétt að minna á það, sem reyndar er nú lögð hvað mest áhersla á í grg., að það er skynsamlegt að tengja afgreiðslu fullrar skólaskyldu við umr. og ákvörðun um

nýja skipan á framhaldsskólastiginu, en ljóst er að nýskipan á því sviði verður ekki afgreidd sem lög á þessu þingi.

En eins og ég segi, þá er þetta ekki umfangsmikið mál eða stórt í sniðum. Það hefur gengið í gegnum Nd., menntmn. þar fjallaði um málið og varð einróma sammála um að leggja til að málið gengi fram eins og það var lagt fyrir, og þannig var það samþykkt í Nd.

Herra forseti. Eg held að það þurfi ekki öllu frekari skýringar á þessu frv. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 471). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er flutt, hefur gengið í gegnum Nd. Það var flutt þar nú fyrir nokkrum dögum og hefur verið um það fjallað í menntmn. Nefndin varð sammála um að leggja til að frv. yrði samþ. með breytingu, sem fram kemur á þskj. 456 og er efnislega mjög svipuð því sem gert var ráð fyrir í upphaflegu frvgr., og þetta mál var afgreitt í dag frá Nd. til hv. Ed.

En efni þessa frv. er það, að menntmrn. og Reykjavíkurborg er heimilt að gera með sér samning um að skólahald í samræmi við 1.—5. gr. laga um fjölbrautaskóla fari fram í tveimur sjálfstæðum skólastofnunum. En þannig stendur á, að í lögum um fjölbrautaskóla er heimildarákvæði um það, að stofna megi í hverju sveitarfélagi einn fjölbrautaskóla. Þetta gildir um Reykjavík að sjálfsögðu eins og önnur sveitarfélög. En nú er svo komið, að fjölbrautaskólinn í Breiðholti er orðinn ákaflega fjölmennur. Þar munu nú vera um 1300 nemendur. Auk þess er angi af þessum skóla, svokallaður Ármúlaskóli, með 600 nemendur. Þetta þykir orðið allt of viðamikið skóla- og stjórnunarbákn, enda hefur Ármúlaskólinn verið í reynd rekinn sem sjálfstæður skóli nú undanfarið skólaár. Í þessu frv. felst það að opna möguleika til þess að Ármúlaskólinn verði rekinn sem sjálfstæð skólastofnun.

Það er ekki miklu meira um þetta að segja annað en það, að ég hef flutt þetta frv. samkv. sérstakri beiðni frá fræðsluráði Reykjavíkur sem hefur lagt mikið upp úr því að þetta mál fengi framgang á þessu þingi. Ég held að ég þurfi ekki, hæstv. forseti, að hafa um þetta öllu fleiri orð. Grg. með frv. skýrir það og ég bendi á að málið gekk í gegnum Nd. umræðulítið og án þess að nokkur ágreiningur væri um efnisatriði þess. Því legg ég til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn., en ég vænti þess, að hv. n. treysti sér til að ljúka afgreiðslu málsins eins fljótt og við verður komið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 82. fundur.

Mánudaginn 12. maí, kl. 2 miðdegis.

Starfskjör launafólks og skyldutryggingar lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 420). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir og nú er til umr., er eitt þriggja frv. sem nýlega hafa verið lögð hér fram á Alþ. og snerta lífeyrismál. Frv. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og um skráningu lífeyrisréttinda eru flutt af fjmrn. og verður væntanlega mælt fyrir þeim af hæstv. fjmrh., en það frv., sem hér er um að ræða um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er á vegum félmrn. Það hefur inni að halda svipuð ákvæði og voru í lögum um starfskjör launþega nr. 9/1974 og jafnframt ákvæði um skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem verða þar með færð inn í lagabálk um lágmarksréttindi launafólks.

Það var fyrir fáeinum vikum að lífeyrisnefnd Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og atvinnurekenda sendi fjmrh. og heilbr.- og trmrh. svofellt bréf, dagsett 21. apríl 1980.:

„Hér með fylgja drög að frv. til l. um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, ásamt grg. og aths. Frv. þetta hefur verið samið á vegum átta manna lífeyrisnefndar Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Nefndin hefur jafnframt átt þátt í undirbúningi og samningu frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og skráningu lífeyrisréttinda. Nm. eru á einu máli um, að ofangreind þrjú frumvörp verði flutt til að ljúka þeim áfanga í lífeyrismálum, sem hófst með lögunum um eftirlaun aldraða."

Undir þetta bréf til ráðherranna rituðu Eðvarð Sigurðsson, Guðmundur H. Garðarsson og Jóhannes Siggeirsson, sem eru fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndinni, Gunnar J. Friðriksson og Páll Sigurjónsson, sem eru fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Skúli J. Pálmason, fulltrúi Vinnuveitendasambands samvinnufélaganna, Ingólfur S. Ingólfsson, fulltrúi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og Jón Sigurðsson, formaður átta manna lífeyrisnefndarinnar, sem var fulltrúi ríkisstj., en nefndin var skipuð af fyrri ríkisstj. árið 1976.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir almennum ákvæðum um lífeyrisréttindi og skyldutryggingu, en í öðru frv. er kveðið á um stofnun og starfrækslu almenns óbundins lífeyrissjóðs, sem skal vera sjóður þeirra manna sem ekki eiga ótvíræða sjóðsaðild annars staðar og ekki kysu að eiga aðild að þeim lífeyrissjóðum sem fyrir eru eða stofnaðir kynnu að verða og fullnægja ákvæðum laganna. Í þriðja frv., sem hér liggur fyrir hv. Alþ., er loks gert ráð fyrir að tekin verði upp almenn og heildstæð skráning lífeyrisréttinda og iðgjaldagreiðslna. Tvö þessara frv., þau síðastnefndu, um almenna lífeyrissjóðinn eða Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og um skráningu lífeyrisréttinda, heyra undir fjmrn., eins og ég gat um áðan. Þetta frv., sem hér er mælt fyrir, fellur undir verksvið félmrn., þar sem í því felast breytingar á lögum um starfskjör launþega nr. 9/1974.

Með frv. þessu um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er stefnt að því að koma á almennri aðild allra starfandi manna að lífeyrissjóðum. Að málinu hafa starfað með átta manna nefndinni þeir Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri fjmrn. og Hallgrímur Snorrason hagfræðingur, en áður hafði Guðjón Hansen tryggingafræðingur unnið að undirbúningi þess. Sú leið var valin að semja frv. til l. sem leysti af hólmi lögin um starfskjör launþega.

Meginákvæði þess frv., sem hér liggur fyrir, felast í 2. 3. og 4. gr. þess. Í 2. gr. er gert ráð fyrir almennum ákvæðum um rétt og skyldur til lífeyrissjóðsaðildar og greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða. Í 3. gr. eru ákvæði um hvernig tryggingaskylda skuli innt af hendi. Og í 4. gr. eru ákvæði um lágmark lífeyrisgjalda. Í 5. gr. er lagt til að óheimilt verði að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld nema um sé að ræða flutning réttinda frá einum sjóði til annars. Óhjákvæmilegt er að endurgreiðslur verði takmarkaðar með þessum hætti, ella næðu lögin um skyldutryggingu naumast tilgangi sínum. Þessi ákvæði í 5. gr. snerta ákvæði í öðrum lögum. Þau snerta ákvæði í lögum um Lífeyrissjóð barnakennara, um Lífeyrissjóð bænda, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, um Lífeyrissjóð ljósmæðra, um Lífeyrissjóð sjómanna og um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frv. þetta er hluti einnar heildar og ákaflega mikilvægt að málin fái að fylgjast sem best að. En í áliti svokallaðrar sautján manna nefndar um lífeyrismál, sem einnig starfar frá árinu 1976, er þó lagt til að að sinni verði aðeins afgreitt það frv. sem hér liggur fyrir, þar sem nokkur vafaatriði hafi komið upp varðandi hin frv. tvö.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt þegar við 1. umr. málsins að ég lesi það bréf, sem mér hefur borist frá sautján manna nefndinni, endurskoðunarnefnd lífeyriskerfisins, um þessi mál, þar sem aths. nefndarinnar koma fram. Bréf nefndarinnar er dagsett 9. maí 1980 og hljóðar svo:

„Endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis, sautján manna nefndin, hefur á fundum sínum í þessum mánuði fjallað um þessi lagafrv.: 1. Frv. til l. um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. 2. Frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. 3. Frv. til l. um skráningu lífeyrisréttinda.

Nm. eru á einu máli um það, að brýnt sé að lögfest séu sem fyrst ákvæði um mál þau sem frumvörpin fjalla um. Ýmsir nm. telja þó að frumvörpin um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og skráningu lífeyrisréttinda þurfi frekari athugunar við svo að varla sé raunhæft að þau verði afgreidd nú á þessu þingi. Hins vegar eru allir nm., nema fulltrúi BSRB, á því að frv. um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé þannig, að æskilegt sé að það verði afgreitt af Alþ. nú fyrir þinglok þar sem það sé nauðsynlegt framhald af setningu laga nr. 97/1979 um eftirlaun aldraða."

Í bréfi þessu er því aðeins lögð áhersla á að eitt af þremur frumvörpunum verði endanlega afgreitt frá Alþ. nú í vor, en þá þyrfti að breyta eilítið lagafrv. um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda vegna tengsla þess við hin frumvörpin tvö. Tillaga um þessa breyt. fylgir með bréfi þessu.

Fulltrúi BSRB í nefndinni, Kristján Thorlacius, gerði á fundi nefndarinnar 9. maí 1980 eftirfarandi grein fyrir sérstöðu sinni til erindis bréfs þessa:

„Ég vísa til ályktunar stjórnar BSRB, sem lögð var fram á síðasta fundi sautján manna nefndarinnar. Þar sem stjórn BSRB hefur ekki haft aðstöðu til að ræða

málið á ný er mín afstaða því í samræmi við ályktun stjórnar bandalagsins frá 5. maí s. l." segir Kristján Thorlacius. Og enn fremur: „Ég bendi á að í grg. átta manna nefndarinnar er lögð áhersla á að þau þrjú frumvörp, sem fyrir nefndinni liggja, séu ein heild sem nauðsyn sé að taka sameiginlega afstöðu til. Mín skoðun er að þetta sé eitt og sama málið."

Ályktun stjórnar BSRB frá 5. maí s. l., sem vísað er til í grg. fulltrúa BSRB, fylgdi með því bréfi sem mér barst frá endurskoðunarnefnd lífeyriskerfisins í morgun.

Það er því ljóst að með tilliti til þeirra aths., sem komið hafa fram hjá BSRB, hefur sautján manna nefndin og átta manna nefnd atvinnurekenda og verkalýðssamtakanna um lífeyrismál talið rétt eftir atvikum að fresta í rauninni meðferð tveggja þeirra frv. sem hér er um að ræða, en frv. um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda yrði þó hugsanlega afgreitt á því þingi sem nú stendur yfir.

Nú er vitaskuld ljóst að tíminn er knappur til þingloka og tæplega hægt að gera kröfur til þess að Alþ. afgreiði flókin og viðamikil frv. á þeim fáu dögum sem eftir eru. Það væri þó mjög æskilegt að mínu mati að fyrir lægi, áður en þingi lýkur nú, hver er afstaða hv. Alþ. eða talsmanna stjórnmálaflokkanna, sem fulltrúa eiga á Alþ., til þeirra mála sem hér liggja fyrir.

Það er ljóst að þó að frv. þessi yrðu ekki afgreidd á því þingi, sem lýkur senn, mun ríkisstj. halda áfram að vinna að lífeyrismálunum, sem eru einhver stærstu og þýðingarmestu réttindamál launafólks, og stefnan er vitaskuld sú og hlýtur að vera sú, að hér verði komið upp samræmdu, verðtryggðu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, þannig að það misrétti og réttleysi, sem tíðkast á sumum sviðum þessara mála, verði afnumið. Fyrir liggja yfirlýsingar um það efni frá hagmunasamtökum, aðilum vinnumarkaðarins og stjórnmálaflokkum svo og núv. ríkisstj., þannig að til þess á að vera góður vilji að mál þessi verði leyst með skjótum hætti, en það hefur gengið seinna en viljinn hefur virst benda til á undanförnum árum.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. með tilliti til þess að mál þessi hafi öll samflot gegnum þingið og fái meðferð í sömu n., sem ég teldi eðlilegt miðað við allar aðstæður að væru trn. þingsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 405). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda á þskj. 405.

Frv. þetta er nátengt því frv. sem hæstv. félmrh. mælti fyrir nú seinast og er samið af sömu nefndinni og samdi frv. um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem var hér seinast á dagskrá, en það er átta manna lífeyrisnefnd Alþýðusambands, Farmanna- og fiskimannasambands, Vinnuveitendasambands og Vinnumálasambands samvinnufélaga, ásamt fulltrúa tilnefndum af ríkisstj.

Í des 1979 samþ. Alþingi frv. til l. um eftirlaun aldraðra. Með lögum um eftirlaun aldraðra var lágmarksréttur til eftirlauna samkv. lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum gerður að almennum rétti. Við undirbúning og samþykkt laganna um eftirlaun aldraðra var gert ráð fyrir að nauðsynlegt væri í framhaldi af þeim að sett yrðu í lög ákvæði um skylduaðild að lífeyrissjóðum. Ástæðan er sú, að það eitt að tryggja tilteknum aldurshópum réttindi með þeim hætti, sem gert er í lögunum um eftirlaun aldraðra, án þess að koma jafnframt á skylduaðild að lífeyrissjóði fyrir hlutaðeigandi stéttir og starfsgreinar, hefur óhjákvæmilega í för með sér ýmiss konar misræmi. Í fyrsta lagi er þess skammt að bíða að elstu árgangar þess fólks, sem ekki uppfyllir það skilyrði að vera fætt árið 1914 eða fyrr, nái ellilífeyrisaldri og geti að verulegu leyti orðið án lífeyrisréttinda. Gagnvart ekkjum manna, sem ekki hafa átt aðild að sjóðum, kemur þetta misræmi í ljós þegar eftir gildistöku hinna nýju laga. Enn fremur er í lögum um eftirlaun aldraðra ákveði er koma í veg fyrir að menn geti hætt í lífeyristryggingum er þeir greiða iðgjald af og notið í staðinn réttinda samkv. eftirlaunalögunum. Verður að teljast óeðlilegt að krafist sé fullrar greiðslu af þeim sem kosið hafa að gerast félagar í lífeyrissjóði, en hinir, sem látið hafa þátttöku undir höfuð leggjast eða hafa ekki átt á henni kost með sjálfsögðum hætti, öðlist réttindi án greiðslu, ekki einungis fyrir liðinn tíma, heldur einnig framvegis. Eftir gildistöku eftirlaunalaganna er því óhjákvæmilegt að þegar verði komið á skylduaðild að lífeyrissjóði fyrir þá starfandi menn sem þátttökuskylda nær enn ekki til samkv. lögum eða kjarasamningum. Tilgangur þessarar lagasetningar, sem hér er fjallað um, er þannig að tryggja að allir starfandi menn beri á sama hátt kostnað af lífeyristryggingu eftir að nær öllum landsmönnum hefur verið tryggður sá lágmarksréttur til eftirlauna sem felst í lögunum um eftirlaun aldraðra.

Lífeyrisnefnd Alþýðusambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins og atvinnurekenda hefur, eins og ég áðan sagði, unnið lengi að undirbúningi þessa máls. Heilbr.- og trmrn. og fjmrn. töldu heppilegast í samráði við átta manna nefndina að undirbúin yrðu þrjú frv. til að ljúka þeim áfanga í lífeyrismálum sem hófst með lögum um eftirlaun aldraðra.

Frv., sem mælt var fyrir áðan undir seinasta dagskrárlið, felur í sér almenn ákvæði um lífeyrisréttindi og skyldutryggingu, en í frv., sem ég mæli fyrir, er kveðið á um stofnun og starfrækslu almenns óbundins lífeyrissjóðs sem verða skal sjóður þeirra manna sem ekki eiga aðild að þeim lífeyrissjóðum sem fyrir eru eða stofnaðir kynnu að verða og fullnægja ákvæðum laganna. Í þriðja frv. er gert ráð fyrir að tekin verði upp almenn og heildstæð skráning lífeyrisréttinda og iðgjaldagreiðslna, en það frv. liggur fyrir Nd.

Með frv. um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er sem sagt stefnt að því að koma á almennri aðild allra starfandi manna að lífeyrissjóðum. Meginreglan yrði sú samkv. þessum tillögum að tryggingaskyldu yrði fullnægt með þátttöku í þeim lífeyrissjóðum viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps sem fyrir eru og eftir því sem reglur einstakra sjóða um sjóðsaðild leyfa. Á hinn bóginn er, eins og ég hef þegar sagt, óhjákvæmilegt vegna þeirra manna, sem ekki eiga sjálfstæða aðild að einhverjum þeirra lífeyrissjóða sem fyrir eru, að

þeim standi til boða aðild að ákveðnum óbundnum lífeyrissjóði sem sé öllum opinn. Því er gert ráð fyrir í þessu frv. að slíkur almennur lífeyrissjóður sé stofnaður og hann nefndur í frv. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda. Gert er ráð fyrir að sé tryggingaskyldu ekki fullnægt með þátttöku í öðrum starfandi lífeyrissjóði skuli henni fullnægt með iðgjaldagreiðslu til þessa sjóðs. Nú um nokkurt skeið hefur Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda, sem er í vörslu fjmrn., gegnt að nokkru því hlutverki sem hér er lagt til að verði falið Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Fjmrn. hefur að undanförnu unnið að gerð frv. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Hefur rn. haft samráð við átta manna nefndina um þetta verk. Öll gerð frv. um söfnunarsjóðinn er í samræmi við reglugerðir flestra lífeyrissjóða sem tengdir eru félögum innan Alþýðusambands Íslands.

Samkv. ákvæðum laga um starfskjör launþega frá 1974 var öllum launþegum rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Fjmrn. var fengið um það úrskurðarvald til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skyldu greidd yrði það ágreiningsmál. Ákvæði laga um starfskjör launþega voru ekki talin ógilda ákvæði í lögum um einstaka lífeyrissjóði er takmörkuðu sjóðsaðild við ákveðinn aldur eða ráðningarkjör. Það kom strax í ljós er framkvæma átti lögin um starfskjör launþega að margir launþegar áttu ekki sjálfsagðan aðgang að lífeyrissjóði. Sem úrskurðaraðila var fjmrn. vandi á höndum og hvarf það að því ráði, að höfðu samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, að stofna sérstakan lífeyrissjóð fyrir þá er ekki áttu lögskylda eða samningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Fékk sjóður þessi nafnið Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda. Var sjóðnum sett reglugerð sem í flestum atriðum var samhljóða reglugerðum sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða.

Fyrstu árin, sem biðreikningurinn starfaði, voru sjóðsaðilar nær eingöngu úr röðum lausráðinna starfsmanna ríkisins. Á undanförnum árum hafa hins vegar margir tengst sjóðnum er starfa hjá öðrum en ríkinu og má þá sérstaklega nefna ýmsa er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Með tilkomu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda bætast fjölmargir menn, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, í hóp þeirra sem skyldir eru að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld. Ljóst er að margir þessara manna eiga ekki rétt til aðildar að neinum ákveðnum sjóði. Þannig er og farið um ýmsa launþega er stunda svo sérhæfð störf að þeir hafa til þessa ekki tengst verkalýðsfélagi eða sjóðum á þess vegum. Nú eru tímamót og þykir því rétt að lögbinda sjóð er taki við af Biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda og verði samastaður þeirra sem ekki eiga lögskylda eða samningsbundna aðild að öðrum sjóðum. Stjórn hins nýja sjóðs — Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda — verði að verulegu leyti í höndum lífeyrissjóða og þannig reynt að tryggja að hinn nýi sjóður starfi í sem bestu samræmi við aðra lífeyrissjóði í landinu.

Að loknum þeim áfanga, er nást mun í lífeyrismálum með samþykkt þeirra þriggja frv. sem ég hef nú nefnt og liggja fyrir Alþ., bæði Ed. og Nd., er nauðsynlegt að unnið verði að setningu heildarlöggjafar um lífeyrissjóði. Það er von mín að unnt verði að fjalla um frv. að slíkum heildarlögum um lífeyrissjóði á næsta Alþingi.

Herra forseti. Ég legg til að frv. því, sem ég hef hér mælt fyrir, verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Upplýsingar hjá almannastofnunum, frv. (þskj. 407). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum á þskj. 407, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., er lagt fram óbreytt frá því sem upphaflega lá fyrir þinginu 1977—1978 og var aftur lagt fyrir þingið 1978—1979. Á því þingi lágu upplýsingar fyrir hjá hv. allshn. d. um að í undirbúningi væri lagafrv. um tölvuskráningu upplýsinga um einkamálefni. Taldi n. æskilegt að geta skoðað þessi frv. samhliða þar sem þau vörðuðu skyld efni. Síðara frv. var lagt fram rétt fyrir þinglok vorið 1979 og komu málin því ekki til frekari meðferðar. Nú eru bæði frv. lögð samtímis fyrir þessa hv. d. til kynningar.

Frv. það á þskj. 407, sem hér er til umr., er óbreytt frá fyrri framlagningu. Eins og nú horfir við um þingstörf tel ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. að þessu sinni, en vísa til fyrri umræðna.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er ekki nýtt í sölum Alþingis. Það hefur verið hér á ferðinni í ýmsum myndum allar götur síðan 1973. Hæstv. dómsmrh. lét svo um mælt áðan að málið væri lagt hér fram nú til kynningar. Það er auðvitað rétt að þetta frv. verður ekki afgreitt á þeim skamma tíma sem nú lifir þingsins, en ég vildi vekja athygli á því, að ég held að það sé brýnt orðið að Alþ. aðhafist eitthvað í þessum efnum þannig að þetta frv. verði hér ekki á flækingi til eilífðarnóns. Ég veit að það er ekki við hæstv. núv. dómsmrh. að sakast á neinn veg hvernig þetta mál hefur gengið. Hann hefur svo skamman tíma gegnt sínu embætti að honum hefur auðvitað ekki gefist ráðrúm til að fara þar ofan í öll mál. En ég vildi vekja athygli á því, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða og hagsmunamál fyrir almenning að eiga aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum og öðrum almannastofnunum, og ég vil beina því til dómsmrh. hvort hann geti ekki beitt sér fyrir því að þetta frv. verði eitt af þeim fyrstu sem tekin verði til meðferðar þegar þing kemur saman að hausti. Ég held að það sé til vansa hvernig þetta mál hefur verið að velkjast hér á áttunda ár án þess að nokkuð hafi gerst. Það er þó kannske fullmikið sagt að segja að ekkert hafi gerst, því það frv., sem fyrst var lagt fram í þessa veru og hét frv. um upplýsingaskyldu stjórnvalda, var satt best að segja ekki upp á marga fiska, en þetta hefur hins vegar batnað á þessum árum, þó svo að þar megi vafalaust enn nokkuð um bæta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Upplýsingar, er varða einkamálefni, frv. (þskj. 408). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á Alþingi 1973—1974 og 1975—1976 voru fluttar till. til þál. um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi. Var skorað á ríkisstj. að skipa nefnd manna til að semja frv. til l. um verndun einstaklinga gegn því að komið verði upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni. Till. þessar náðu ekki fram að ganga.

Á Alþingi 1976 var flutt till. sama efnis, en áður en hún kom til umr. skipaði þáv. dómsmrh., Ólafur Jóhannesson, nefnd til að vinna að undirbúningi löggjafar um meðferð efnis í tölvum er varða einkahagi manna. Í nefndinni, sem skipuð var í nóv. 1976, áttu sæti þeir dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, Hjalti Zóphóníasson deildarstjóri og dr. Þorkell Helgason dósent. Í erindisbréfi til nm. var sérstaklega bent á að þörf væri á að hyggja að reglum um söfnun upplýsinga til varðveislu efnis í tölvum og um vernd gegn misnotkun slíks efnis svo og um skyldur þeirra manna sem starfa við rekstur á tölvum. Enn fremur skyldi höfð hliðsjón af löggjöf, sem sett hefur verið í öðrum löndum um þetta efni, svo og löggjafarundirbúningi á því sviði í einstökum löndum og á alþjóðavettvangi.

Nm. kynntu sér efni þetta erlendis með viðræðum og könnunum á Norðurlöndum og með þátttöku á fundum á vegum Evrópuráðs. Viðaði nefndin að sér miklum heimildum, lögum, lagafrv. og ritum um efnið. Einnig kom hingað til lands ráðunautur frá danska dómsmrn. til viðræðna um þetta málefni.

Nefndin kostaði kapps um að hraða störfum. Fór mikill tími í að kynnast þeim mikla efnivið, sem nefndin taldi nauðsynlegt að rannsaka, svo og að hugleiða hvaða úrræði væru fær hér á landi, enda ekki sjálfgefið að unnt væri að styðjast við erlendar fyrirmyndir í hvívetna við þær sérstöku aðstæður sem ríkja hér á landi.

Niðurstaða nefndarinnar varð frv. til l. um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, og var það lagt fyrir Alþingi undir þinglok vorið 1978. Frv. kom þá aldrei til umr.

Í nóv. 1978 ákvað þáv. dómsmrh., Steingrímur Hermannsson, að frv. skyldi, áður en það yrði á ný lagt fyrir Alþingi, sent til umsagnar ýmsum aðilum sem málið varðaði einkum. Umsagnir þær sem bárust voru síðan sendar nefndinni sem upphaflega samdi frv. og skilaði hún tillögum um nokkrar breytingar á því. Er frv. nú lagt fyrir Alþingi með þeim breytingum.

Frv. fylgir frá nefndarinnar hálfu ítarleg grg. um efni það sem það fjallar um, þörfina á löggjöf á þessu sviði, hvernig málum þessum sé skipað erlendis og skýringar við einstakar greinar frv. Leyfi ég mér að vísa til þeirrar vönduðu grg., en vík hér einkum að þörfinni sem er á því að settar verði reglur um tölvustarfsemi.

Markmið með frv. þessu er að veita einkamálefnum aukna vernd gegn hættu á misnotkun upplýsinga sem varðveittar eða skráðar hafa verið í tölvum. Tölvustarfsemi er orðin daglegur og snar þáttur í þjóðfélaginu á fjölmörgum sviðum við alls konar framkvæmdir, skipulagningu, skráningu, stjórnun, rannsóknir o. fl. Því er tímabært að lögfestar verði reglur um starfrækslu á tölvum, m. a. að því er varðar öryggisráðstafanir, meðferð og geymslu á gögnum, stöðu starfsliðs o. fl. sem að tölvurekstri lýtur, einnig eftirlit með rekstri þeirra. Tölvutæknin er orðin svo fullkomin og hraðvirk að unnt er á mjög skömmum tíma að safna miklum upplýsingaforða, þ. á m. um einkamálefni. Með samtengslum er unnt að vinna upplýsingar úr mörgum áttum og safna saman á einn stað upplýsingum og mynda umfangsmikla tölvubanka.

Núgildandi lög og aðrar réttarreglur veita ekki fullnægjandi vernd gegn atlögu að einkalífi manna sem uggvænt þykir að hljótist af tölvustarfsemi. Sumar upplýsingar eru svo viðkvæmar, að eðlilegt þykir að banna skráningu þeirra og aðrar upplýsingar eru þess eðlis, að ekki má skrá þær nema með sérstökum skilyrðum.

Meðal fleiri atriða, sem kveðið er á um í frv., er heimild manna til að fá vitneskju um upplýsingar sem skráðar eru um þá sjálfa. Ég minni í því sambandi á frv., er áður hefur legið fyrir þinginu og hefur nú verið endurflutt, um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum. Enn fremur eru reglur um hverjum miðlað verði tölvuskráðum upplýsingum, og er talið réttmætt að áskilja að þeir, sem aðgang hafa að slíkum upplýsingum, sýni fram á að þeir hafi eðlilega hagsmuni af því að öðlast þessar upplýsingar. Ef engar hömlur væru í þessu efni er hætt við að lagaverndin yrði af skornum skammti. Hins vegar er nauðsynlegt að taka tillit til eðlilegrar þróunar og þarfa þjóðlífsins á tölvurekstri. Í frv. er reynt að beina þeirri þróun í þá átt að sanngjarnt tillit skuli tekið til upplýsinga um einkamálefni. Hér rekast því saman tvö fullgild, en andstæð sjónarmið, annars vegar þörf á einkalífsvernd og hins vegar þörf á upplýsingaflæði. Raunhæf lausn fæst ekki með því að einblína um of á annað þessara sjónarmiða á kostnað annarra hagsmuna.

Ég vísa að öðru leyti til frv. sjálfs um einstök atriði og hinnar ítarlegu grg. sem því fylgir. Hér er um að ræða viðamikið og þýðingarmikið efni sem er þess eðlis að það þarfnast rækilegrar athugunar þn. Er ekki við því að búast að til slíks vinnist tími á yfirstandandi þingi nú er líður að þinglokum. Engu að síður þótti rétt að leggja fram frv. á ný til kynningar.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 74. fundur.

Mánudaginn 12. maí, kl. 2 miðdegis.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 82). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta, sem komið er frá Ed., um breytingu á hegningarlögum, felur í sér þá breytingu eina að hækka sektahámark. Nauðsynlegt þykir að sektafjárhæðir almennt fylgi

verðlagsþróun og sektahámark standi eigi í vegi fyrir því að sektir verði ákveðnar í samræmi við eðli brots. Það er í sjálfu sér matsatriði hvert lögboðið sektahámark skuli vera, en hér er gert ráð fyrir að hækka hámarkið í 30 millj. kr. að þessu sinni.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., en legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 83). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar einnig um breytingu á almennum hegningarlögum. Það er enn fremur komið frá Ed. Það fjallar einungis um viðauka við 6. gr. almennra hegningarlaga og er borið fram vegna fyrirhugaðrar fullgildingar Íslands á Evrópusamningi frá 27. janúar 1977 um varnir gegn hryðjuverkum. Er lagt til að unnt verði að refsa eftir íslenskum hegningarlögum fyrir háttsemi þá sem greinir í fyrrnefndum milliríkjasamningi, enda þótt hún hafi átt sér stað utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að hryðjuverkunum valdur.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., en ég vil leyfa mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 321). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj 470). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, frv. (þskj. 102, n. 469). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. Nd. hefur athugað frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44 frá 23 maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum. Að áliti n. er hér um mál að ræða sem lengi hefur verið beðið eftir að sett yrði um löggjöf, og n. er sammála um að mæla með því að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 55. fundur.

Mánudaginn 12. maí, kl. 3 síðdegis.

Nýting kolmunna og vinnslustöð á Austurlandi, þáltill. (þskj. 227). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Geðheilbrigðismál, þáltill. (þskj. 240). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum, þáltill. (þskj. 326, n. 411). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 494).

Samkomulag Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna, þáltill. (þskj. 332, n. 412). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 495).

Gjaldskrárbreyting, þáltill. (þskj. 332). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Könnun á áhrifum af ákvæðislaunakerfum, þáltill. (þskj. 344). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sameinað þing, 56. fundur.

Þriðjudaginn 13. maí, kl. 2 miðdegis.

Nýting lifrar og hrogna, fsp. (þskj. 336). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til sjútvrh. á þskj. 336:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 1977 um könnun á því, hvernig koma megi við fullnýtingu lifrar og hrogna úr fiskafla landsmanna?"

Á sínum tíma var þál. samþ. á Alþ., 15. mars 1977, og hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að hún hlutist til um að gerð verði hið fyrsta könnun á því, hvernig koma megi við fullnýtingu lifrar og hrogna úr fiskafla landsmanna."

Að flutningi þessarar till. stóðu á sínum tíma sú er hér talar og Jón heitinn Árnason á Akranesi, sem sýndi þessum málum jafnan mikinn áhuga.

Ég vil — með leyfi forseta — vitna í grg. með till., en þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Vísindamenn okkar á sviði fiskirannsókna og stjórnvöld eru því á einu máli um að nauðsyn beri til að beina sókninni meir að nýjum fisktegundum og draga þannig úr áframhaldandi ofveiði þorsksins. Jafnframt verður það æ ljósara, að okkur ber í senn efnahagsleg nauðsyn og siðferðileg skylda til að nýta öll verðmæti sjávaraflans svo vel sem kostur er, en í því tilliti er því miður víða pottur brotinn."

Það kemur fram í grg. þessarar till., að árið áður, á árinu 1976, var áætlað að hent væri lifur úr fiskafla Íslendinga fyrir verðmæti sem næmu 250 millj. kr. Nú er áætlað að hér sé ekki um að tefla 250 millj., heldur næstum því 1 milljarð. Þetta er ljót saga og þess vegna er það að vonum að spurt sé um hvort stjórnvöld hafi staðið við það, sem heitið var á Alþ. með samþykkt þessarar till., að leita leiða til að örva sjómenn sérstaklega til að hirða lifrina og færa hana að landi þannig að hún gæti orðið fullnýtt.

Það hefur margt orðið til þess að sú óheillaþróun hefur átt sér stað að hætt var að hirða lifur úr þorskinum okkar. Hér áður fyrr var öll lifur hirt á gömlu togurunum, en með tilkomu skuttogaraflotans er það hverfandi lítið sem hirt er. Það munu nú vera örfáir togarar, að ég hygg, þar sem lifrin er hirt. Það er ýmislegt sem skýrir þessa tregðu sjómannanna. Mjög erfitt er að færa lifrina ferska til lands. Hún er viðkvæmt hráefni. Þó hafa verið fundin upp tæki til að koma með hana það ferska að landi að nýta mætti hana til vinnslu.

Á sama tíma og við fleygjum lifrinni okkar í sjóinn fer eftirspurn á erlendum mörkuðum stöðugt vaxandi og það eru fjölmargir ónýttir möguleikar, ekki aðeins í lýsisbræðslu, heldur einnig í lýsisherslu, sem á síðustu árum hefur þótt mjög vænleg atvinnugrein ef lifrarhirðingunni væri sinnt. Lifrarverð hefur stórhækkað upp á síðkastið. Það hækkaði um hvorki meira né minna en 73% á s. l. ári, úr 44 kr. í 76 kr.

Þeir, sem hafa verið að basla við nýtingu lifrar, og þar má fyrst og fremst til nefna verksmiðju Haralds Böðvarssonar á Akranesi, standa uppi ráðalausir vegna hráefnisskorts. Pétur Pétursson forstjóri Lýsis hf. segir í blaðaviðtali, að við látum hér stóra möguleika ónýtta. Hann bendir m. a. á loðnulýsi, en nú er loðnulýsi yfirleitt flutt út óunnið. Með lýsisherslu, sem ég drap á áðan, væri hægt að auka verðmæti loðnulifrarinnar stórkostlega. Hann segir hér, með leyfi forseta, — hér vitna ég í ágætt sérrrit Þjóðviljans í marsmánuði s. l. um fiskvinnslu, en þar segir Pétur Pétursson, með leyfi forseta:

„Sé gert ráð fyrir, að 25 þús. tonn af því loðnulýsi, sem nú er selt óunnið út, væri hert og síðan selt út, fengjust fyrir það um 5 milljarðar kr. Fyrir lýsið óunnið fást aðeins tæplega 3.2 milljarðar. Verð á hertu lýsi á síðasta ári var um 200 kr. fob-verð, en á óunnu loðnulýsi 127 kr. Útlendingar, að sögn þessara manna, sem eru að fást við útflutning og vinnslu þessara sjávarverðmæta, segja að útlendingar, kaupendur lýsisafurða, séu hissa á því hve standi á þessari hráefnisöflun Íslendinga, sem þó ættu sem ein mesta fiskveiðiþjóð heimsins að hafa aðstæður og áhuga til þess að sinna þessu meir."

Ég vona að hæstv. sjútvrh. gefi okkur svör sem gefi tilefni til bjartsýni.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef að beiðni fyrirspyrjanda og með tilliti til þess, sem fram kemur í fsp., óskað eftir því í sjútvrn. að aflað yrði upplýsinga um þróun þessara mála og kynnt mér þau nokkuð.

Í fáum orðum sagt er það skoðun þeirra manna, sem um þessi mál hafa fjallað, að nýting hrogna hafi farið jafnt og þétt batnandi og megi telja að nýting hrogna sé e. t. v. viðunandi nú. En ég vek athygli á því að við nýtingu

hrogna eins og nýtingu lifrar, sem er töluvert stærra vandamál, er árangur mjög háður því hvernig hinum ýmsu sölustofnunum tekst að koma þessari vöru á markað fyrir það verð sem krafist er hér innanlands, og er þetta öllum að sjálfsögðu ljóst. Því hefur í þessu sambandi verið haft samstarf við sölustofnanir. Einnig hafa verið til kvaddir aðilar eins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Svarið viðvíkjandi hrognunum er sem sagt þetta, að nýting hafi færst í viðunandi horf og sé að mati þeirra, sem að þessari úttekt hafa unnið, ekki ástæða til sérstakra aðgerða eins og nú er.

Hins vegar verður að segjast eins og er, að miklu erfiðar hefur gengið með nýtingu á lifur úr þorski, ýsu og ufsa og þar hefur þróun verið mjög öfug allt frá árinu 1960. Segja má að nýting tilfallandi lifrar úr þorskfiskum hafi farið versnandi allt fram til ársins 1979. Í ársbyrjun 1979 er talið að um 55% þorsklifrar úr heildarafla hafi verið fleygt. Á árinu 1979 mun þessi hundraðshluti hafa lækkað nokkuð vegna aðgerða og þróunar sem aukið hafa áhuga manna á að nýta þorsklifrina. Ætla ég að rekja nokkru nánar hvernig sú þróun hefur verið.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er ætlað að á svæðinu frá Hornafirði vestur um til Ísafjarðar muni lifur úr þorskafla, sem færður er að landi óslægður, almennt vera fullnýtt. Á það fyrst og fremst við um vetrarafla. Á sumrin og haustin er nýtingin verri, þar sem aðgerð fer þá fram á sjó úti og innvolsi er þá almennt fleygt. Undantekning er þó í Vestmannaeyjum, þar sem verulegur árangur hefur náðst með nýtingu sumar- og haustlifrar. Á svæðinu Ísafjörður norður og austur um til Hornafjarðar er nýting lifrar verri en á Suður- og Vesturlandi, enda hlutfall aflans, sem landað er óslægðum, miklum mun lægra og því óhægara um bræðslu í landi.

Eins og ég hef áður nefnt er mestu magni lifrar fleygt úr fiski sem gert er að úti á rúmsjó, og munar þar mestu um skuttogarana, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. Fyrir þremur árum var talið að einungis 3 — 4 togarar hirtu lifur að einhverju marki. Þessi tala er nú komin í 10—12 skip. Talið er að um þriðjungur minni skuttogaranna hafi upphaflega verið útbúinn til að hirða lifur í tanka, en sumum þessara skipa mun hafa verið breytt þannig að lifrartankarnir hafa verið numdir brott til að auka lestarrými. Engu að síður hefur reynslan sýnt að allir togarar geta hirt lifrina með notkun fiskkassa ef tankar eru ekki fyrir hendi.

Ástæða þessarar óheillavænlegu þróunar á nýtingu þorsklifrarinnar er fyrst og fremst hlutfallslega lækkandi verðlag þorskalýsis á erlendum mörkuðum. Eftir seinni heimsstyrjöldina komu í auknum mæli á markað A- og D-vítamín sem framleidd voru af manna höndum og fór verðið stöðugt lækkandi eftir því sem tækninni fór fram. Við þetta missti þorskalýsið mikið af hefðbundnum mörkuðum sem meðala- og fóðurlýsi. Samkeppni við Norðmenn, Breta og Þjóðverja harðnaði stöðugt og verð féll á heimsmarkaðnum. Áhrif þessa hlutu að koma fram í lifrarverðinu, sem fór hlutfallslega lækkandi allt fram til ársins 1979.

Á árinu 1979 snerist þessi þróun við og mun lifrarverð hafa hækkað um 70% milli áranna 1978 og 1979. Hefur verðlagsþróunin þegar haft áhrif til aukinnar nýtingar, þar sem aukning framleiðslu þorskalýsis 1979 er verulega meiri en aukning í þorskafla. Þessu má telja að valdi fyrst og fremst þrennt:

1. Minnkað framboð þorskalýsis á heimsmarkaði. Bretland og Þýskaland eru nú nettóinnflytjendur og kaupa verulegt magn lýsis frá Íslandi í stað þess að keppa við Íslendinga um markaði. Norðmenn hirða nú einungis um 30 — 40% þorskalifrarinnar með tilsvarandi samdrætti í framboði og Færeyingar fleygja allri þorskalifur.

2. Læknisfræðilegar rannsóknir hafa sýnt að þorskalýsi hefur læknisfræðilegt gildi á öðrum sviðum en áður var vitað, t. d. í sambandi við „coronari thrombosis" o. fl., sem aukið hefur verulega á eftirspurn eftir þorskalýsi.

3. Sjútvrn. hefur í samvinnu við þorskalýsisiðnaðinn gert ráðstafanir til að auka útflutning á meðalalýsi, sem er verðmætasta framleiðsla þorskalýsis. Höfðu þessar ráðstafanir áhrif til aukningar útflutnings um tæp 24% milli áranna 1978 og 1979 og er áætlað að aukningin verði um 90% í árslok 1980 miðað við 1978.

Slík fullvinnsla lýsisins leiðir til hærra verðs og gerir mögulegt að greiða hærra verð fyrir hráefnið. Standa vonir til að þessi þróun í vinnslu- og markaðsmálum leiði til hærra lifrarverðs, en það er undirstaða þess að bæta megi nýtingu þeirrar lifrar sem til fellur við þorskveiðar hérlendis.

Svo mörg eru þau orð sem tekin hafa verið saman í þessu sambandi. Ég vil taka undir það, sem kom fram í framsögu hv. fyrirspyrjanda, að um mikil verðmæti er að ræða og illt til þess að vita að þeim skuli í miklum mæli fleygt í hafið. En vitanlega er staðreyndin sú, eins og um aðra slíka hluti, að verðið verður að vera nægilega gott til að greiða þann kostnað sem verður af því að hirða þessi gæði. Þarna hefur heldur horft til betri vegar upp á síðkastið. M. a. hefur sjútvrn. og þær stofnanir, sem undir það heyra, beitt sér fyrir því, en ég hygg þó að árangur sé fyrst og fremst undir því kominn að hærra markaðsverð fáist. — Eins og ég sagði hefur heldur horft til betri vegar og við skulum vona að sú þróun haldi áfram.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Það kom mikill fróðleikur fram í því, sem hann hafði hér fram að færa, og kom mér raunar fæst á óvart. Eftir situr sú staðreynd, að við gerum okkur seka um að henda fyrir milljarða kr. kostafæðu á fiskiskipum okkar á meðan milljónir manna um heim allan svelta og farast úr hungri. Þetta er náttúrlega óhæfa hvað sem Færeyingar gera og Norðmenn. Hún er alveg jafnmikið til vansa fyrir okkur fyrir því.

Mér fannst ekki koma nógu ljóst fram í svari hæstv. ráðh. hvað hefði verið gert af hálfu sjútvrn. til að stuðla að fullnýtingu lifrar og hrogna. Ég heyrði ávæning af því að skipuð hefði verið nefnd þegar á árinu 1977 á vegum ráðuneytisins til að kanna þetta og sú nefnd hefði skilað áliti í desember það sama ár. En síðan hefur ekkert meira um það heyrst. Ég vonaði að upplýsingar um þetta kæmu fram hjá hæstv. ráðh. nú, en ég saknaði þess að þær komu ekki fram.

Ég vil aðeins benda á að þeim mönnum, sem fást við iðnað af þessu tagi, sem lýtur að fullnýtingu lifrar og hrogna, finnst að stjórnvöld gætu örvað þá m. a. með því að íþyngja þeim ekki með söluskattsheimtu af ýmsum aukaefnum sem þarf að flytja inn til fullnýtingar lifrarinnar og á ég þar sérstaklega við lýsishersluna. Það hefur í vaxandi mæli verið létt undir með atvinnuvegum með því að létta á söluskattsheimtu af innfluttum vörum, sem til þarf að framleiðslan geti farið fram. Þarna tel ég að ein leið fyrir stjórnvöld væri fyrir hendi til að örva þennan

þátt í fiskiðnaði okkar.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. um það frekar, hvort hann geti upplýst mig um hver var niðurstaða nefndarinnar sem skipuð var vorið 1977. Upplýsingar um hana hef ég úr sjútvrn., en hef ekkert heyrt frekar um störf hennar eða niðurstöður.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda hve mikið stórmál hér er á ferðinni. Það er auðvitað ljóst að það þarf að tryggja með einhverjum hætti að sjómenn fáist til að hirða þessi dýrmætu hráefni. Ég veit að til þess þarf átak og það þarf vissar breytingar, en það átak og þær breytingar þurfa að koma fram. Það þarf einnig að skipuleggja betur af stjórnvalda hálfu aðgerðir til nýtingar á þessu hráefni. Í sambandi við það vildi ég minnast á það, vegna þess að það snertir mig beint í tengslum við þetta mál, að í minni heimabyggð, Reyðarfirði, eru núna uppi áætlanir um hvernig þar megi koma á einhvers konar nýtingu hráefna af þessu tagi, reisa lýsishersluverksmiðju eða eitthvað í þá áttina og gera fleira í tengslum þar við. Það verður sannarlega fróðlegt að fylgjast með því, hvernig viðbrögð verða við þessari málaleitan og þeirri athugun sem þar fer fram á því hver hagkvæmni þar er að. Ég tel að þar sé vel að verki staðið og ekki í neinu rasað um ráð fram, en þar vilja menn reyna til hins ýtrasta að átta sig á því, hvort fyrir þessu sé grundvöllur. En mér er ljóst að þungur verður róðurinn, ef ekki verður frekar að gert en þegar er í þessum málum, og vonlítið að þessi verksmiðja eða annar iðnaður í tengslum við nýtingu hráefnanna þróist nema með enn frekara átaki í þessum efnum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki nákvæmlega niðurstöðu nefndarinnar, enda er ljóst að viðhorf eru sem betur fer orðin töluvert önnur en þegar nefndin skilaði áliti og því ástæða til að vinna svarið upp að nýju. Það, sem ég las áðan, var unnið af mönnum sem voru í þessu einmitt þá og mönnum sem fróðastir eru um nýtingu á lifur.

Eins og kom fram í því sem ég sagði áðan varð veruleg breyting á frá 1978 til 1979 af því að markaðurinn batnaði vegna nýrra sölumöguleika sem komið hafa í ljós á lifur, en mér skilst og reyndar veit, að á árunum 1977—1978 hafi ástandið verið þannig að það, sem fékkst fyrir lifrina, borgaði ekki vinnulaunin við að hirða hana. Ég verð að viðurkenna að ég kann ekki örugg ráð til að fá menn til að leggja á sig slíka vinnu, þó að þarna sé um veruleg verðmæti að ræða, þó að ég taki undir það með hv. fyrirspyrjanda að æskilegt er að lifrin sé hirt þótt lágt verð fáist. Menn verða að athuga að frá því að lifur var í góðu verði fyrr á árum og fram til 1976—1977 verður hlutfallslegt verðfall á lifur og afurðum úr lifur sem er mörghundruðfalt. Lifur hefði átt að hækka margfalt í verði miðað við almenna verðlagsþróun, en það eru gerviefnin sem kippa grundvellinum undan. Og því miður hafa margar tilraunir á þessum árum hér til til að nýta lifur, sjóða hana niður og á annan máta koma henni á markað, reynst árangurslausar af þessum ástæðum. Sem betur fer skilst mér að sá vonleysisandi, sem var í mönnum þá, hafi nokkur breyst og nú horfi til betri vegar.

Ráðuneytið hefur óskað eftir því við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, að þar verði jafnt og þétt unnið að því að benda á betri leiðir til að nýta lifur. Eins og kom fram í svari mínu áðan hefur ráðuneytið beitt sér fyrir markaðsátaki með sölu á þorskalýsi og kom fram í svarinu að það er talið hafa leitt til nokkurs árangurs. Þessu verður vitanlega haldið áfram, en ég undirstrika það sem ég sagði áðan, að að mati þeirra manna, sem í þessu vinna og eru fyrir þeim samtökum sem þarna standa að baki, er grundvöllurinn algjörlega sá að betra markaðsverð fáist erlendis. Þeir telja það vera nauðsynlegt til að þessi þróun snúi við.

Þó að ég vilji ekki mæla með því að við tökum Færeyinga okkur til fyrirmyndar að þessu leyti, alls ekki, eru þeir þó þekktir fyrir góða nýtingu og við gætum ákaflega margt af þeim lært. Og þegar ég spurði hvernig stæði á því, að þeir nýttu ekki lifrina, var svarið það, að þeir teldu það ekki borga sig. Það finnst mér þó vera vísbending um að þarna sé um erfitt verkefni að ræða. En ég vil taka undir það, bæði hjá fyrirspyrjanda og hv. þm. Helga Seljan, að vitanlega ber að vinna markvisst að því, að nýta þessi miklu verðmæti.

Olíumöl, fsp. (þskj. 322). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 322 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til fjmrh., sem heitir: um ríkissjóð og fyrirtækið Olíumöl. Með leyfi hæstv. forseta er fsp. svo hljóðandi:

„Hvernig hyggst hæstv. fjmrh. framfylgja samþykkt meiri hl. Alþingis frá því við 3. umr. fjárlaga varðandi fyrirtækið Olíumöl?

Nú er því við þessa fsp. að bæta, að í þingflokki Alþfl. höfum við fengið upplýsingar um það, eftir að fsp. var fram borin, að hinn 10. apríl s. l. hefði hæstv. fjmrh. skrifað fjvn. bréf þar sem segir, með leyfi forseta:

„Samkv. ákvæðum í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1980, lið 3.7, er fjmrh. heimilt að breyta kröfum ríkissjóðs á hendur Olíumöl hf. í hlutafé að fengnu samþykki fjvn. Alþingis. Hér með er óskað samþykkis fjvn. á því að ofangreind heimild verði notuð."

Í þessu ívitnaða bréfi sýnist raunar hæstv. fjmrh. hafa þegar gert upp hug sinn um að fara fram á það við fjvn. að hún veiti umbeðið leyfi.

Ég er raunar á því, að við 3. umr. fjárlaga hafi Alþ. gert afar skrýtna samþykkt þegar valdið til að fjalla um þetta mál var framselt meiri hl. fjvn., sem kann að telja fimm menn, svo og fjmrh., eða sex mönnum alls. Það er alrangt, sem fram hefur komið um þetta, að málið snúist einvörðungu um þær 300 millj. sem nema vangoldnum söluskatti og að breyta þeim vangoldna söluskatti í hlutabréfakaup ríkisins. Það hefur verið upplýst að tap þessa fyrirtækis muni nema u. þ. b. 2 milljörðum kr. eða jafnvel rétt rúmlega það, og það er alveg augljóst að ef ríkisvaldið fer að setja puttana í þennan vonda rekstur, í þennan taprekstur, er verið að leggja á herðar skattgreiðenda upphæðir sem væntanlega munu fara nærri 2 milljörðum kr. Verður raunar ekki séð hvaða tilgangi slík tilfæring þjónar.

Vegna þess að hér hefur verið lesið bréf, sem ég vissi ekki um fyrr en eftir að fsp. var borin fram, þar sem ljóst er að hæstv. fjmrh. sem slíkur hefur þegar gert upp sinn hug, væri raunar æskilegt að talsmenn þingflokkanna segðu hug sinn í þessu máli: Getur verið að hin vanhugsaða samþykkt Alþ. verði til þess að 2 milljarðar kr.

eða því sem næst verði færðir inn í þennan taprekstur? Það eru falskar forsendur, sem gefnar hafa verið í umræðum um þetta mál, að verði þetta ekki gert muni það hægja á framkvæmdum t. d. víða úti um land í sumar. Það er ekkert í þessu máli sem slíkt þarf að hafa í för með sér, ég held að hér sé um fullkomna rökleysu að ræða, heldur er hér verið að halda áfram þeim vonda sið, sem því miður hefur um of verið einkennandi á hagkerfi okkar, að þjóðnýta tapið, að taka illa rekið tapfyrirtæki, þar sem jafnvel margir af hefðarmönnum þjóðarinnar standa framarlega, og velta því tapi yfir á skattgreiðendur. Ég hef raunar neitað að trúa því fyrr en ég heyri það af munni hæstv. fjmrh. sjálfs að hann sé búinn að taka á sínar herðar ábyrgðina, sem hann sannarlega hefur vald til eftir samþykkt Alþ., að hann fyrir sína parta ætli að ganga þessu samtryggingarkerfi á hönd, svo sem nú kann að standa fyrir dyrum.

Það er svo annar handleggur þessa máls og alveg furðulegt að stjórnmálaflokkur einkaframtaksins í landinu skuli taka þátt í því að vilja — sem mér skilst að sé — þjóðnýta þetta tap með þeim hætti sem hér er verið að leggja til.

En sem sagt, herra forseti, fsp. er til hæstv. fjmrh. og svo sem hún kemur fram á þskj. 322.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í 6. gr. fjárlaga lið 3.7 er heimild veitt fjmrh. til að breyta kröfum ríkissjóðs á hendur Olíumalar hf. í hlutafé að fengnu samþykki fjvn. Alþingis.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess strax, að þegar orðalag á heimildargreininni var ákveðið með þessum hætti var það þannig hugsað af hálfu þingflokkanna og ríkisstj. að fjvn. væri falið að gera sérstaka úttekt á fjárreiðum þessa fyrirtækis og lífsmöguleikum þess og að undangenginni þeirri úttekt yrðu ákvarðanir teknar. Það er því mesti misskilningur, sem fram kom í máli hv. þm. Vilmundar Gylfasonar áðan, að með því að rita fjvn. bréf það sem hann nefndi hafi ég gert endanlega upp hug minn í þessu efni og tekið ákvörðun um að nota þessa heimild. Svo er ekki. Þetta bréf er nánast formsatriði og til þess ætlað að fela fjvn. með formlegum hætti að inna það verk af hendi sem áður hafði verið gert samkomulag um að hún innti af henni, þ. e. að hún tæki sér fyrir hendur að gera úttekt á fjárreiðum og forsögu þessa fyrirtækis. Það var rætt um það, fljótlega eftir að fjárlög höfðu verið samþ., í samtali mínu og formanns fjvn., að n. liti svo á að til þess að hún gæti hafið þessa úttekt þyrfti hún að fá bréf þessa efnis. Ég ákvað því að skrifa n. þetta bréf til þess að hún gæti látið úttekt fara fram og að úttekin gæti hafist þegar í stað.

Ég held að það fari ekkert milli mála að hér er á ferðinni mjög flókið mál, margþætt og erfitt, og ég held að það hafi komið berlega fram í þeirri rannsókn, sem fjvn. hefur beitt sér fyrir, að það eru margar hliðar á þessu máli og alls ekki neitt einsýnt hvernig á því skuli tekið. Ég held að það sé margt sem bendir til þess að þrátt fyrir þá athugun, sem fram hefur farið á vegum fjvn., sé ekki fullvíst að öll kurl séu til grafar komin. Ég hef í því sambandi talið ástæðu til að rita Seðlabanka Íslands bréf og óska sérstaklega eftir að Seðlabankinn legði fram öll þau gögn í þessu máli sem tiltæk væru hjá þeirri stofnun og úttekt yrði gerð á fjármálalegum viðskiptum þessa fyrirtækis við bankakerfið. Ég á von á að skýrsla um þetta efni frá Seðlabankanum berist fjmrn. innan ekki of langs tíma. Það eru því alveg hreinar línur að ég mun ekki gera upp hug minn í þessu máli fyrr en í fyrsta lagi að fyrir liggur skýrsla frá fjvn. um rannsókn hennar á málinu, úttekt hennar á málinu, og í öðru lagi ekki fyrr en borist hefur grg. frá Seðlabankanum um þau atriði sem ég hef beðið Seðlabankann að athuga sérstaklega. Ég get því alls ekki svarað þeirri fsp. sem fram er borin hér og er á þessa leið: „Hvernig hyggst hæstv. fjmrh. framfylgja samþykkt meiri hl. Alþ. frá því við 3. umr. fjárlaga varðandi fyrirtækið Olíumöl?" — Ég get ekki svarað þessari fsp. fyrr en ég hef fengið gögn í hendur sem ég get byggt svör mín á.

Bréfið, sem sent var fjvn., er frá mínu sjónarmiði séð einungis formleg afgreiðsla málsins í hendur fjvn. til að gera henni kleift að hefja þá úttekt sem gert var ráð fyrir að fjvn. beitti sér fyrir, enda þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram í heimildagr. í fjárlögunum. Það var og er á vitorði allra, sem um þessi mál fjölluðu, áður en heimildin var sett inn í fjárlögin, að gert var ráð fyrir að fjvn. beitti sér fyrir úttekt af þessu tagi.

Ég vænti þess fastlega að hv. fyrirspyrjandi, sem greinilega hefur ekki vitað um þennan þátt málsins, geri ekki tilraun til að snúa þessu bréfi upp í það að heita efnisleg ákvörðun af minni hálfu því svo er alls ekki.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja hér inn orð.

Ég skil mætavel fsp. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Hér er augljóslega á ferðinni mesta vandræðamál, eitt af mörgum slíkum. Það er auðvitað alveg ljóst að á þessu fyrirtæki hefur verið fullkomin óstjórn um árabil og óeðlileg fjárfesting að öllu leyti miðað við að aldrei lá fyrir að þessu fyrirtæki væru tryggð næg verkefni í samræmi við þá fjárfestingu sem fyrirtækið hafði stofnað til. Það sem verra er, er að eftir þá heimild, sem hér hefur verið samþykkt við afgreiðslu fjárlaga bæði af mér og öðrum, liggur jafnframt fyrir að ekki verða næg verkefni handa þessu fyrirtæki. Þannig er augljóslega um að ræða að það verður að gefa með þessu fyrirtæki milljónir og hundruð milljóna á næstu árum með sama rekstrarformi.

Það hljómar auðvitað hjákátlega að nú er verið að tala um að gera úttekt á þessu fyrirtæki. Það er búið að vera vitað töluvert lengi að fyrirtækið var á hvínandi kúpunni og maður hlýtur að undrast af hverju þessi úttekt hefur ekki verið gerð fyrir löngu. Það liggur alveg ljóst fyrir líka, að við vitum nánast ekkert um ástand fyrirtækisins annað en að það skuldar núna hátt í 2 milljarða. Og það er ekki að undra þó að þm. vilji doka við og fá að vita dálítið meira um fyrirtækið áður en farið er að hella í það peningum.

Þá kynni einhver að spyrja hvers vegna þetta fyrirtæki er bara ekki gert gjaldþrota og sveitarfélögin og ríkið taki sig þá frekar saman um að bjóða í það og reyni síðan að reka það á einhvern annan hátt. En þetta er svo sem ekkert ný bóla, að fyrirtæki, sem rekið er meira og minna fyrir almannafé, eftirlitslaust að mestu, kemst á það stig að geta sett Alþingi Íslendinga upp við vegg og sagt: Ef þið bjargið okkur ekki verða engir vegir lagðir á Íslandi í sumar eða engin olíumöl borin á vegi landsins. — Það er fyrir neðan allar hellur að svona lagað skuli geta gerst, því að auðvitað er ekki hægt að tala um þetta fyrirtæki öðruvísi en sem raunverulega opinbert fyrirtæki, þó að einkaaðilar kunni að eiga 8 eða 9% í því. Þess er skemmst að minnast að ekki alls fyrir löngu var stórt

verktakafyrirtæki hér í bæ líka á hausnum og fékk reyndar að fara á hausinn, en það varð til þess að umfangsmiklar framkvæmdir í opinberum íbúðarbyggingum, verkamannabústöðum, drógust á langinn. Þetta er auðvitað alveg orðið óþolandi, að fyrirtæki, sem hefur meira og minna, eins og þetta fyrirtæki, einokun á opinberum framkvæmdum, skuli vera látið komast á það stig að þær sömu opinberu framkæmdir séu í voða. Þessu hljótum við auðvitað að mótmæla og ég vil taka undir það hér að farið verði vandlega ofan í það mál, hvort nokkurt vit er í að halda þessu fyrirtæki gangandi í núverandi formi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég verð að segja að það kemur mér svolítið á óvart hvaða stefnu þessi umr. er að taka. Fjvn. hefur fjallað um þetta mál á mörgum fundum. Hún hefur gert það að eigin frumkvæði, ekki vegna þess að hæstv. fjmrh. óskaði eftir neins konar úttekt eða rannsókn, heldur hefur fjvn. skoðað þetta mál að eigin frumkvæði. Ég vek athygli á því, að það fyrirtæki, sem hér er um að ræða, er einkafyrirtæki, hlutafélag, og fjvn. getur óskað upplýsinga, en hún hefur ekkert vald til að krefjast eða heimta upplýsingar og hún hefur kannske á þessu stigi fremur litla aðstöðu til að sannreyna hversu sannar þær upplýsingar eru sem fyrir n. eru lagðar.

Ég hygg að allir fjárveitinganefndarmenn muni geta tekið undir að þetta mál er flóknara, margþættara og á því fleiri fletir en við blasa við fyrstu sýn og kannske málið allt ekki eins fallegt og menn héldu við fyrstu skoðun.

En vegna ummæla hæstv. fjmrh. áðan og út af því bréfi, sem hann skrifaði fjvn. 10. apríl s. l., vil ég aðeins segja þetta:

Hæstv. ráðh. viðhafði þau orð að hann hefði ekki gert upp hug sinn í þessu máli. En ég verð að segja að ég veit ekki hvernig hægt er að lesa bréf hans öðruvísi en að skilja það svo, að hann hafi þegar gert upp hug sinn í málinu. Þess vegna ætla ég, með leyfi forseta, að lesa það sem stendur í þessu bréfi.

„Til fjvn. Alþingis.

Alþingi, 10. apríl 1980.

Samkvæmt ákvæðum í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1980, lið 3.7, er fjmrh. heimilt að breyta kröfum ríkissjóðs á hendur Olíumöl hf. í hlutafé að fengnu samþykki fjvn. Alþingis. Hér með er óskað samþykkis fjvn. á því að ofangreind heimild verði notuð.

Hjálagt sendir ráðuneytið minnisblað um fjárhagsstöðu Olíumalar hf. o. fl., dags. 25. mars 1980, og grg. um fjármálastöðu Olíumalar hf., dags. 2. október 1979."

Undir þetta skrifar Ragnar Arnalds. Ég fæ ekki skilið þetta bréf öðruvísi og ég sé ekki hvernig hægt er að skilja þetta bréf öðruvísi en að hæstv. ráðh. hafi þegar gert upp hug sinn til málsins. En það get ég sagt á þessari stundu, að það hefur fjvn. ekki gert enn þá, og eigi að láta fara fram þá ítarlegu rannsókn, sem fjmrh. ræddi um áðan, held ég að það sé margra mánaða verk. Mér finnst í rauninni sjálfsagt að slík rannsókn eigi sér stað, en fjvn. hefur ekki starfslið eða starfsaðstöðu til að framkvæma þá rannsókn eins og gera þyrfti.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram til upplýsinga, að þegar hafa verið gerðar allmiklar úttektir á hag Olíumalar hf. og framtíðarrekstrarmöguleikum fyrirtækisins, þannig að ekki er rétt að það hafi þurft að biðja fjvn. um sérstaka athugun á því máli vegna þess að gögn um það hafi ekki verið til. Slík gögn eru til og athugun var gerð áður en Alþ. samþykkti þá heimild í fjárlögum sem um var rætt. Ég gat þess í grg. fyrir atkv. mínu og í umr. um fjárlögin og þetta tiltekna mál að slík gögn lægju fyrir og ef þm. hefðu áhuga á að kynna sér þau væri ég sannfærður um að hæstv. fjmrh. mundi beita sér fyrir því að þm. fengju þessi gögn.

Ég vil minna á að í þeirri heimild, sem Alþ. veitir, heimilar Alþ. hæstv. fjmrh. að breyta söluskattsskuld fyrirtækisins við ríkissjóð í hlutafé að fengnu samþykki fjvn. Hæstv. fjmrh. óskar síðan eftir því í bréfi til fjvn., ekki að hún rannsaki málið, hann minnist ekki einu orði á það, heldur að hún veiti sér þessa heimild. Láta menn sér það til hugar koma að hæstv. ráðh. óski eftir því að fá heimildina frá fjvn. ef hann hefur ekki gert upp hug sinn til málsins? Það er bókstaflega rangt að hæstv. ráðh. hafi beðið fjvn. um að rannsaka þetta mál. Það er ekki minnst á það einu orði, heldur óskar hæstv. ráðh. eftir því að sér verði veitt heimild til að ganga frá málinu. Það er furðulegt að óska eftir slíkri heimild ef maður hefur ekki gert upp hug sinn. Þá er ekki tímabært að óska eftir heimildinni.

En það er ekki nýtt að menn hafi við nánari athugun breytt um skoðun á því hvað gera eigi til að hægt verði áfram að leggja varanlegt slitlag á götur og vegi hér á Íslandi án þess að þetta fyrirtæki þurfi að flosna upp. Ég minni á að Framkvæmdastofnun ríkisins fékk á sínum tíma tvö bréf frá hæstv. þáv. ríkisstj., undirrituð af forsrh., fyrst um að Framkvæmdastofnunin beitti sér fyrir tilteknum aðgerðum og fjárútvegun til lausnar málinu, en síðar, þegar hæstv. ríkisstj. hafði fjallað betur um málið og kynnt sér það betur, snerist henni hugur. Ég held að sama hafi komið fyrir hæstv. fjmrh. núna. Hann er að reyna að krafla sig með einhverjum hætti út úr þessu máli vegna þess að að fengnum nýjum upplýsingum hefur hæstv. ráðh. snúist hugur. Þetta á hann að segja afdráttar- og umbúðalaust, en vera ekki að reyna að fela hina raunverulegu ástæðu með svo ómerkilegum hætti sem hæstv. ráðh. var að gera áðan.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er greinilega fátækt mikil ríkjandi meðal stjórnarandstæðinga, svo ekki sé meira sagt, og það er greinilegt hvert stefnir í þessum umr. Menn, sem vita betur, eins og formaður fjvn., ætla að skáka í því skjóli að það var ekki talað berum orðum um þessa rannsókn í fjárlagafrv. eða í fjárlögunum sjálfum og ekki heldur í því bréfi sem ég ritaði n., en það vita fleiri menn hér í salnum en fingur tveggja handa, að það var frá því gengið að þessi rannsókn færi fram og að hún yrði á vegum fjvn. og að ríkisstj. mundi ekki taka afstöðu til málsins fyrr en að undangenginni slíkri rannsókn. Formaður fjvn. veit nákvæmlega jafnvel og ég hvað okkur fór á milli í þessum efnum. Hann veit það vel að hann bað sjálfur um að ég ritaði þetta bréf til þess að fjvn. gæti látið rannsókn fara af stað, látið úttekt fara af stað. Og ég verð að segja að mér finnst harla furðulegt ef menn ætla að reyna að negla mig upp við vegg í þessu máli út af því að það er ekki berum orðum tekið fram í þessu bréfi, sem var hins vegar á allra vitorði að stóð til, að fjvn. gerði sérstaka úttekt á þessu máli.

Ég vil ítreka það, sem ég hef sagt hér þegar, að ég hef

talið óhjákvæmilegt að láta gera ítarlega úttekt á stöðu þessa máls áður en ákvarðanir yrðu teknar. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að það liggja fyrir miklar og langar skýrslur um þetta mál í fjmrn. og í samgrn., og ég kannast vel við heilmiklar úttektir á þessu máli sem framkvæmdar voru á árinu 1979 þegar ég var samgrh. En ég tel, eins og margir aðrir, að þær upplýsingar, sem fyrir hafa legið, séu ófullnægjandi. Þess vegna hef ég ætlast til þess að fjvn. eyddi talsverðum tíma í að komast til botns í þessu máli, og einnig hef ég ritað Seðlabankanum bréf í sama tilgangi. Ég verð að segja það alveg eins og er, að mér finnst lágkúrulegt ef menn ætla nú að notfæra sér það að ekki er berum orðum tekið fram í þessu bréfi það sem um var rætt manna á milli, m. a. milli fulltrúa þingflokka.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að koma inn í umr. um þetta mál sem hefur verið allfyrirferðarmikið á borðum fjvn. undanfarið. Ég verð að segja það eins og er í upphafi, að rétt áður en fjvn. lagði lokahönd á fjárlög til 3. umr. bárust tilmæli um það frá fjmrn. að inn í 6. gr. yrði tekið ákvæði eða heimild í sambandi við fyrirtækið Olíumöl varðandi söluskattsskuldir fyrirtækisins við ríkissjóð. Ég man ekki betur en við fjvn.-menn værum allir sammála um að hlutverk fjvn. í þessu máli yrði að vera meira en að gefa þessa heimild við 3. umr. fjárlaga, málið yrði að koma til skoðunar hjá fjvn. þar sem óljóst var hvernig þetta fyrirtæki væri í raun og veru í stakk búið til framtíðarrekstrar. Það, sem hefur gerst síðan, er að farið hefur verið mjög ítarlega ofan í þessi mál.

Ég vil segja það í sambandi við ummæli fyrrv. hæstv. fjmrh., Sighvats Björgvinssonar, að samkv. þeim upplýsingum um stöðu málsins, sem áttu að vera til í fjmrn., var skuldastaða fyrirtækisins rúmlega 1.5 milljarðar og uppfærð eignastaða fyrirtækisins á sama grundvelli um 1.3 milljarðar, en því miður hefur síðar komið í ljós að skuldastaða fyrirtækisins er að nálgast 2 milljarða. Það gerir málið vissulega miklu, miklu flóknara þegar þess er gætt um leið, að það, sem máli skiptir í sambandi við fyrirtækið, er markaðurinn fyrir þá vöru sem það framleiðir. Því miður, samkv. upplýsingum sem liggja nú fyrir, skortir þarna verulega á að markaður sé í samræmi við framleiðslugetu og framleiðsluþörf fyrirtækisins til að hafa jákvæðan rekstur.

Það er líka ljóst að í fyrirtækinu er yfirfjárfesting, þannig að málið er miklu vandasamara en að hægt sé að afgreiða það við svona umr.

En ég vil leiðrétta hv. fyrirspyrjanda að einu leyti. Hann sagði að tap fyrirtækisins væri 2 milljarðar. Þetta er vissulega alrangt. Það hefur komið fram í athugunum hjá fjvn. að tapið á s. l. ári var tæpar 400 milljónir, en skuldir þess eru að nálgast 2 milljarða. Eignastaðan er aftur á móti um 1.5 milljarðar.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin svo langt sem þau ná. En hann notaði orð eins og að einhver málflutningur hefði verið lágkúrulegur. Það má heita skrýtinn málflutningur þegar verið er að tala um bréf þar sem farið er fram á heimild, en rannsókn ekki nefnd á nafn, að koma nú og segja að hann hafi verið að biðja um rannsókn, ekki neina heimild. Þeim, sem eru læsir og lesa þetta bréf, er auðvitað augljóst hvað í því stendur og hvað ekki stendur í því, jafnvel þó að hæstv. ráðh. kunni að hafa snúist hugur síðan 10. apríl.

Ég vil svo bæta því við um þetta mál, að mér er kunnugt um að í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar var á árinu 1979 gerð samþykkt í þá veru að ekki væri rétt að ríkisvaldið væri með þessum hætti að koma þessu fyrirtæki til bjargar, fyrirtækið yrði að ganga sína leið og fara til gjaldþrotaskipta ef önnur leið væri ekki fær.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að þetta mál snýst auðvitað um annað og meira. Mál af þessu tagi, þegar illa rekin fyrirtæki, eins og hér á í hlut, eru orðin gjaldþrota og koma jarmandi á hnjánum til fulltrúa skattgreiðenda og biðja þá um að kippa í spottana og borga það sem á vantar, þá nálgast það auðvitað eða er fjárkúgun á hendur almannavaldinu. Því miður hefur það verið svo hér, m. a. vegna þess að höfðingjar eiga í hlut, að hv. alþm. hafa verið ákaflega veikir fyrir því að láta fjárkúga sig með þessum hætti. En það er auðvitað ekkert annað en bein fjárkúgun að koma með gjaldþrota fyrirtæki og bera á borð að ekki sé hægt að leggja olíumöl á vegi landsins í sumar nema skattgreiðendur séu látnir borga hinn feikilega taprekstur á hinu illa stjórnaða fyrirtæki.

Hvað halda menn að lífskjörin í landinu hafi á undanförnum árum og áratugum sett niður með nákvæmlega þeim hætti að þjóðnýtt er tapið hjá hinum vonda rekstri? Og furðulegt er það með fulltrúa einkaframtaksins hér í salnum hvernig þeir setja hausana niður og horfa í gaupnir sér, sem kannske vonlegt er, enda gaf hv. þm. Sverrir Hermannsson okkur nasasjón af því hér um daginn hver var afstaðan. (**LJ:** Þetta er opinbert fyrirtæki.) Það hefur komið hér fram að nokkur hluti af því, stór hluti meira að segja, er í einkaeigu, hv. þm. Lárus Jónsson.

Kjarni málsins er sá, að hér er verið að skírskota til skattgreiðenda og ætlast til þess að þeir borgi þennan taprekstur. Það hlýtur að koma að því að menn fari að líta á sig sem fulltrúa skattgreiðenda og að fulltrúar skattgreiðenda standi upp og segi: Það má ekki misfara með fé okkar með þessum hætti. Því miður er það svo um bréf fjmrh., sem hér er í vitnað, að það, sem hann segir nú að hann hafi ætlað að stæði í því er ávísun á að misfara með fé skattgreiðenda og leggja í hendur fyrirtæki sem hefur verið illa rekið og er á barmi gjaldþrots ef ekki gjaldþrota. Það ætti að vera skylda okkar, sem hér erum, að ég ekki tali um hina sönnu fulltrúa einkaframtaksins, að standa upp fyrir hönd skattgreiðenda og segja nei. Það er til þess sem þessi umræða er hafin á hinu háa Alþingi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að munnhöggvast um það við hæstv. fjmrh. úr hverri áttinni kemur mest lágkúran í þessu máli. Það, sem stendur auðvitað skýrt og óhaggað, er að í bréfinu er óskað samþykkis fjvn., en þar er ekki óskað neinnar rannsóknar. Ég get vel fallist á að í samtali okkar hæstv. fjmrh. hafi komið fram að auðvitað ætti fjvn. að skoða þetta mál. Það er sjálfsagt alveg rétt. En það var hvergi talað um rannsókn eða úttekt, enda hygg ég að ljóst sé að fjvn. hefur ekki vald til slíks. Hún getur skoðað svona mál að vissu marki, en hún hefur ekki raunverulegt vald til að framkvæma neins konar rannasókn á slíku máli. Hafi fjmrh. ekki verið búinn að gera upp hug sinn hefði hann auðvitað ekki átt að skrifa í sínu bréfi: „Hér með er

óskað samþykkis fjvn. á því að ofangreind heimild verði notuð.“ Hann hefði átt að óska eftir því að fjvn. athugaði þetta mál og hvort hún mundi geta samþykkt að þessi heimild væri notuð. En þetta bréf stefnir í allt aðra átt og ber auðvitað glögglega með sér að ráðh. hefur á þessu stigi málsins verið búinn að gera upp hug sinn. Ég ætla ekkert að lá honum það, vegna þess að svo kann vel að hafa verið um fleiri. En hins vegar hygg ég að því betur sem menn skoða þetta mál, því fleiri tölur sem menn heyra og því fleiri upplýsingar sem menn fá í hendur, þeim mun vafasamara virðist vera að ráðast í þá aðgerð sem hér er óskað eftir. Þeim mun flóknara virðist málið vera, sem það er lengur skoðað, — og ég hygg að það hafi runnið tvær grímur á fleiri menn en hæstv. ráðh. varðandi þetta mál.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég held að þetta sé ekki mjög gagnlegt karp sem hefur gengið hér undanfarnar mínútur. Þessi fsp. er að vissu leyti úrelt vegna þess að síðan hún var borin fram, eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda, hefur fjvn. undir forustu flokksbróður fyrirspyrjanda haft málið til athugunar. Ég held að fjvn. hafi unnið gott starf við athugun á málinu. En því starfi er ekki lokið og heimildin, sem tekin var upp í fjárlögin, var samþykkt með þeim fyrirvara að áður en til þess kæmi að hæstv. fjmrh. notaði þessa heimild legði fjvn. blessun sína yfir að hann gerði það.

Ég man eftir því, að þegar ég gerði grein fyrir mínu atkvæði við atkvgr. um málið hér í þinginu við afgreiðslu fjárlaganna var mitt samþykki til að heimildin væri veitt bundið því, að fjvn. og þingflokkarnir fengju tækifæri til að skoða þetta mál nákvæmlega. Þingflokkur Framsfl. er ekki reiðubúinn til að taka endanlega ákvörðun í þessu máli. Það er ekki komið á það stig. Þetta er flókið mál og sífellt eru að koma nýjar og nýjar upplýsingar fram og við erum að leita að heppilegustu leiðinni til að halda hér uppi varanlegri gatnagerð og eðlilegum framkvæmdum við bundið slitlag í landinu. Mér er það persónulega ekki ljóst enn þá að réttast sé að endurreisa þetta fyrirtæki fremur en að stofna nýtt. Sumt af vélakosti Olíumalar hf. er úrelt eða óheppilegt. Ég held að það sé rétt að fjvn. vinni áfram að þessu máli með eðlilegum hraða og þingflokkum gefist tóm til að athuga það betur. Síðan er hægt að fara að ræða um framtíð þessa fyrirtækis.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ekki ætla ég að fara að bera blak af fyrirsvarsmönnum Olíumalar og hvernig þeir hafa haldið á málum í rekstri þess fyrirtækis. Af þeim sökum á það fyrirtæki skilið að fara þráðbeint á hausinn. En það hefur dálítið vafist fyrir mönnum til hvers það mundi leiða. Það eru þær ástæður sem til þess liggja að menn hafa haft svona miklar og margvíslegar athafnir í frammi til að sjá á hvaða ráð væri skynsamlegast að bregða.

Ef þetta fyrirtæki væri gert upp og yrði gjaldþrota liggur það fyrir að nærri öllu fjármagni, sem þar tapast, tapa hálfopinberir eða opinberir aðilar. Sársaukafyllst er tap sveitarfélaga ýmissa og mundi það vafalaust nema milli 300 og 400 millj. kr., þar næst ríkissjóðs að sjálfsögðu með þær tæpar 300 millj. sem söluskattsskuld nemur, þá Útvegsbanka Íslands sem einnig er auðvitað opinbert fyrirtæki með ómælt tap, en þeir einstaklingar, sem við þetta voru að flækjast, mundu mjög litlu tapa og óverulegu í þessu sambandi. Þetta er það fyrsta, þannig að þegar menn hugsa til þess að rétta þetta fyrirtæki við mundi það ekki síst vera til að verja fjármuni opinberra aðila að langsamlega mestum hluta.

Í hinu fallinu er það, að menn hafa leitt hugann að því til hvers mundi leiða í sambandi við framkvæmdir við varanlega vegagerð þar sem staðið hefur verið að málum með mjög slökum hætti, eins og allir þekkja, og gjörsamlega óviðunandi hætti. Menn hafa álitið, og það hafa menn verið sammála um, að sundrun þessa fyrirtækis gæti leitt til þess að tefja mjög fyrir framkvæmdum sem okkur bráðliggur á að ráðast í. Það er önnur aðalröksemdin fyrir því, að menn hafa beitt sér fyrir því að reyna að rétta þetta fyrirtæki við. — Ég er alveg að ljúka máli mínu, hæstv. forseti.

Nú er það svo, eins og fram kom hjá einum hv. ræðumanni, að það er auðvitað markaðurinn fyrir vöruna sem skiptir öllu máli. Framkvæmdasjóður Íslands hefur tekið ákvörðun um að kaupa hlutafé í þessu fyrirtæki fyrir 500 millj. kr. Ég hef, svo ég tali alveg hreint út um það mál, gert ráð fyrir að þetta fyrirtæki yrði Framkvæmdasjóðurinn að taka að sér, svo skapfellilegt sem það er eða hitt þó heldur. Það eru fleiri dæmi þess að hann hafi neyðst til þess, og nefni ég sem dæmi Álafoss og Norðurstjörnuna, en okkur hefur tekist allvel til, þó að ég segi sjálfur frá, að gera þau að myndarlegum fyrirtækjum sem veitt hafa mikla atvinnu og miklar gjaldeyristekjur. Enn fremur er þessi heimild, sem sjálfsagt er að nota eins og komið er málum, með þessar 300 millj. Þá var það á Framkvæmdastofnunarfundi í morgun að stjórn Framkvæmdastofnunar ákvað að bjóða fram 700 millj. kr. af Byggðasjóðsfé — því fé sem hann á að hafa til ráðstöfunar í ár — til framkvæmda í varanlegri vegagerð. Hygg ég að þetta geti að sínu leyti ráðið úrslitum, m. a. um það að þarna yrði þá fjármagn til að kaupa vöru og afurðir Olíumalar hf.

Ég hef tafið umr., hæstv. forseti, en taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram. En málið er, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. tók fram, ekki á enda kljáð. Það hlýtur þó mjög að draga að því innan tíðar. Ég held að þessar umræður færi okkur kannske ekkert nær takmarkinu í þeim efnum. Menn eru að leggjast nokkuð lágt með því að reyna að koma pólitísku höggi hver á annan í þessu máli, og ég verð að segja um umræður manna sem ekkert vit hafa á rekstri eða þessu máli, þar sem þeir standa á blístri og krefjast úttektar sem þeir svo hafa ekkert vit á heldur þegar hún kemur, að mér leiðast þær.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tel það ánægjuleg tíðindi út af fyrir sig að hæstbjóðandi í Framkvæmdastofnun hafi með svo myndarlegum hætti gengið fram fyrir skjöldu bæði ríkisstj. og Alþingis að menn þurfi ekki frekari áhyggjur að hafa af Olíumöl né heldur varanlegri vegagerð í landinu eftir því sem mér heyrðist af máli hans. (**SvH:** Slakaðu þá á.) Þá ætti að vera nærtækast fyrir hæstv. fjmrh., hæstv. ríkisstj., fjvn. og Alþingi að hætta að hugsa um þetta mál fyrst svona er komið.

En ég vil taka það fram í sambandi við þetta mál, að umr. snýst ekki um hvort eigi að leggja niður þá starfsemi, sem fyrirtækið Olíumöl hefur stundað, og sundra starfsemi þess, heldur á hvaða verði ríkisvaldið eða af almannafé, hvort sem það heitir nú ríkissjóður eða Byggðasjóður, eigi að kaupa þetta fyrirtæki til áframhaldandi rekstrar. Á að kaupa þetta fyrirtæki til áfram-

haldandi rekstrar á langt yfir sannvirði, sem gerir að verkum að það muni aldrei geta staðið undir sér, eða á að kaupa fyrirtækið, sem er gjaldþrota, á því verði sem gerir fært að reka það án taprekstrar á næstu árum miðað við þær framkvæmdir sem við vitum að unnið verður að í vegamálum á þeim tíma? Við skulum gera okkur ljóst að það eru ekki aðeins nokkur hundruð millj. og jafnvel milljarðar á árinu 1980 sem verið er að ræða um. Það er verið að ræða um hvort kaupa eigi þetta fyrirtæki á svo langt yfir sannvirði að almenningur í landinu þurfi að borga kannske 200 — 400 millj. á hverju einasta ári á næstunni vegna þess að fjármagnskostnaður fyrirtækisins er langt umfram það sem reksturinn stendur undir.

Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast neitt við hæstv. fjmrh. um hvað hann hafi meint með hinu afdráttarlausa bréfi sínu. Hitt er alveg ljóst, að það, sem má marka af bréfinu, virðist ekki vera meining hæstv. ráðh. Ég vil hins vegar taka alveg skýrt og skorinort fram, að það var aldrei minnst á neina rannsókn við okkur Alþfl.-menn í sambandi við þetta mál. Um hana heyrði ég ekki rætt fyrr en samþykktin hafði verið gerð. Hafi það verið og sé það hugmynd hæstv. fjmrh. að það eina, sem fjvn. eigi að gera í þessu máli, sé að rannsaka er að sjálfsögðu nauðsynlegt að fjvn. fái það rannsóknarvald sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir að þn. hafi í þessu sambandi. Þá þarf Alþ. að samþykkja slíka heimild til handa fjvn. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Ef það er ætlun hans að fjvn. sé rannsóknarnefnd í þessu tilviki, mun hann þá ekki vera fús að styðja það að hv. fjvn. fái það rannsóknarvald sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir í slíkum tilvikum? Og ég legg áherslu á það í lokin, að alveg ljóst er að hæstv. fjmrh., miðað við yfirlýsingar hans áðan, ætlast ekki til þess að svarið sé já eða nei frá fjvn. vegna þess að hann hefur ekki spurt um slíkt þó að bréf hans sé með þeim hætti. Hann ætlast aðeins til þess að fjvn. rannsaki þetta mál. Til þess að hæstv. fjmrh. fái afstöðu fjvn. þarf hann að spyrja hana um hvort hún vilji veita heimild til þeirra tilteknu aðgerða, sem í samþykkt Alþingis felast, og áður en hæstv. fjmrh. getur um það spurt þarf hann að sjálfsögðu að gera upp hug sinn til málsins.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég kemst enn ekki hjá því að mótmæla því, sem kemur hér fram hjá þm. Alþfl. hverjum af öðrum, að það hafi ekkert verið talað um það fyrir fram að fjvn. tæki að sér rannsókn þessa máls áður en heimildin var gefin. Ég vil spyrja hv. þm. að því, hvort þeir hafi ekki — margir hverjir — það gott minni að þeir minnist þess hvað gerðist við 3. umr. um fjárlög þegar þessi heimildargrein var samþykkt. Það fór fram nafnakall þegar heimildin var samþ. og nokkrir þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu. Ég hef því miður ekki fengið skrifaðar ræður manna í hendur, en ég man vel, og ég veit að það muna margir hér, að sumir þm. tóku það sérstaklega fram að þeir litu á það sem forsendu fyrir sínu samþykki að fjvn. tæki að sér rannsókn af þessu tagi. Ég get t. d. nefnt hv. þm. Pál Pétursson, sem gerði alveg sérstaklega grein fyrir atkv. sínu á þennan veg, og ég get minnt hér á sératkv. og orð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, sem kom hér upp og sagði að nú væri fengið samkomulag um að fjvn. tæki að sér þessa rannsókn og hann væri undrandi á því að þeir Alþfl.-menn skyldu hafa á móti því að fjvn. yrði rannsóknarnefnd í þessu máli. Þetta tók hann alveg sérstaklega fram í fullu samræmi við það sem farið hafði á milli manna áður en þessi heimild var tekin inn. Svo koma menn hér einum mánuði síðar og ætla að reyna að telja fjölmiðlum — að sjálfsögðu ekki þm. því að þeir vita betur — trú um eitthvað allt annað. Mér finnst þetta nokkuð gróft. En staðreyndin er sú, að ef flett er upp í þingtíðindum munu menn finna ummæli Ólafs Ragnars, sem eru greinileg sönnun þess hvað fór á milli manna þegar greinin var samþykkt.

Ég vil svo að lokum taka það fram, að að sjálfsögðu hef ég ekkert á móti því að fjvn. fái það rannsóknarvald sem 39. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um. Ekki mundi ég greiða atkv. á móti því. Ég mundi telja það út af fyrir sig ágætt. Ef n. telur sér þörf á því að fá slíkt vald á hún að biðja um það. Ég er viss um að hver einasti þm. hér inni mun samþykkja það ef n. fer fram á það. (**Gripið fram í:** Það efast ég um.) Jæja, með einhverjum undantekningum hugsanlega. En það mun ég gera. Ég mun hiklaust samþykkja það.

Svo vil ég að lokum segja það eitt, að í kjölfar þess að samkomulag varð um að fjvn. rannsakaði málið, skrifaði ég þetta bréf, eftir að hafa ráðgast við formann fjvn. um það. Í bréfinu er ósköp einfaldlega farið fram á að fjvn. taki afstöðu til málsins, því að fjmrn. gat ekki tekið afstöðu til málsins fyrr en afstaða fjvn. lá fyrir, og það er beðið um þessa afstöðu með því orðalagi sem í bréfinu er. Ég frábið mér frekari rangtúlkun þess, sem er greinilega gegn betri vitund, hjá ýmsum sem hér hafa talað.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil undirstrika það hér, að það voru skilyrði fjvn. fyrir því, að heimildin færi inn í 6. gr., að fjvn. fengi málið til meðferðar til að gera grein fyrir sinni afstöðu, samþykki eða synjun, áður en þessi heimild yrði notuð. Þannig hefur verið um málið fjallað síðan.

Ég vil enn fremur segja það, að ákveðið var frá hálfu fulltrúa Framsfl. í fjvn. að þingflokkur Framsfl. fengi að fylgjast með málinu í heild og taka sameiginlegar ákvarðanir þegar að því kæmi.

Ég vil taka undir það, að hlutur sveitarfélaga í málinu er vissulega vandamál í heild.

Ég vek enn fremur athygli á því, að með því að samþykkja þessa heimild um að breyta 300 millj. skuld í hlutafé og með því að Framkvæmdasjóður hefur samþ. 500 millj. hlutabréfakaup er fyrirtækið orðið ríkisfyrirtæki, frá því getur enginn hlaupist, og verður ríkisstj. þá að taka á sig þær skuldbindingar sem af tilveru fyrirtækisins leiðir.

Ég er einnig á þeirri skoðun að fjvn. geti ekki samþ. þessa heimild nema með ákveðnum skilyrðum eftir að n. er búin að fá þau gögn á borðið sem hún bíður nú eftir.

Ég tel að það sé ekki heldur hægt og ekki raunhæft á einn eða neinn hátt að ákveða, þegar verið er að ráðgast um eða gera áætlanir um varanlega vegagerð í landinu, að slíkar ákvarðanir eða framkvæmdir eigi að vera eingöngu bundnar því hvort eitt tiltekið fyrirtæki eigi að starfa áfram eða ekki. Málið er svo miklu stærra og þýðingarmeira en það, þ. e. að vinna að framförum í gerð varanlegs slitlags á vegi á Íslandi, að við getum bundið okkur einu fyrirtæki í því sambandi. Við eigum að leita að sameiginlegri skynsamlegri lausn sem stuðlar að stórátaki í varanlegri vegagerð.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta eru orðnar ærið einkennilegar umr. Hér stendur upp einn ágætur talsmaður Sjálfstfl. og segir t. d. að fyrirtækið Olíumöl hafi haft svo lélega forsvarsmenn að það ætti að fara þráðbeint á hausinn. Ég er hræddur um að nærri sé höggvið ýmsum trúnaðarmönnum í Sjálfstfl. Síðan gefur sami þm. þá yfirlýsingu að auðvitað megi fyrirtækið ekki fara á hausinn.

Annar þm. stóð upp og hélt því fram að fsp. væri úrelt úr því að ráðh. hefði þegar ákveðið að nýta heimildina. Nú hefur það hins vegar gerst að ráðh. hefur gefið yfirlýsingu um að hann hafi ekkert ákveðið um hvort hann muni nýta heimildina. Þá get ég varla séð að fsp. sé mjög úrelt.

Sama gildir um yfirlýsingar ráðh. Hann lætur það ganga út í bréfi að hann óski eftir að nýta þessa heimild, en í umr. upplýsist að það sé ómark, í þessu bréfi felist alls ekki það sem í því stendur, heldur eigi það að þýða eitthvað allt annað. Það gæti verið athyglisvert fyrir Alþ. að átta sig á því, hvort það gildi almennt hjá ráðh., ef hann lætur eitthvað eftir sér hafa, að þá þýði það einmitt hið gagnstæða, ekki það, sem hefur gengið út á þrykk, eða þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið, heldur eitthvað allt annað. Þegar hann biður um heimild til að gera eitthvað meinar hann að það eigi að framkvæma úttekt t. d., og þegar hann biður um úttekt er hann í rauninni að óska eftir heimild.

Ég held að þessi umr. sanni að menn hafi í raun og sannleika komist að því eftir nánari íhugun — þeir sem voru þeirrar skoðunar að hér skyldi láta til skarar skríða og bjarga þessu fyrirtæki á kostnað almennings — að slíkt væri kannske ekki svo einfalt. Ég held að alveg liggi ljóst fyrir að þetta fyrirtæki verður ekki rekið með eðlilegum hætti á grundvelli þeirra björgunaraðgerða sem ýmsir hafa verið að tala fyrir og sem heimildin er byggð á. Sannleikurinn er sá, að þau verkefni, sem hér þarf að sinna, eru ekki það umfangsmikil að þau standi undir öllu því sukki sem átt hefur sér stað í þessu fyrirtæki áður, og þess vegna þarf að gera á því uppskurð. Auðvitað er okkur öllum í mun að haldið verði áfram að sinna þeim verkefnum, sem vinna þarf á sviði vegalagningar, og það þarf að tryggja. En það verður ekki gert með eðlilegum hætti með því að spýtt verði almannafé inn í fyrirtækið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Svo að við rekjum söguna eins og hún gekk til voru greidd hér 2. apríl atkv. um brtt. á þskj. 270. Það var við 3. umr. fjárl. Þetta voru brtt. frá fjvn. Fyrri liður brtt. á þessu þskj. er þannig:

„Við 6. gr. Nýr liður:

3.7 Að breyta kröfum ríkissjóðs á hendur Olíumöl hf. í hlutafé að fengnu samþykki fjvn. Alþingis."

Þarna lá ljóst fyrir, að það átti nú aldeilis að koma til Teits og Siggu. Það vildi svo til, að fjórir þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu við afgreiðslu þessa máls. Ég ætla að sleppa fyrstu grg., það er grg. Vilmundar Gylfasonar. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., sagði þetta, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Þegar við ýmsir, sem erum nýliðar hér á þingi, komum á þing fyrir tveimur árum varð það meðal okkar helstu baráttumála að þn. ættu að taka virkan þátt í að athuga og kanna mál. Hv. þm. Vilmundur Gylfason var meðal þeirra sem í þessum baráttuhópi voru. Ég harma það eindregið, að hann skuli nú hafa gengið úr liðssveit þeirra hér á þingi sem vilja ætla þn. það athugunarstarf sem hér er kveðið á um. Ég fagna því að hér er ætlunin að fjvn. Alþ. taki málefni þessa fyrirtækis, sem hefur unnið mörg merk verk þó að sumt kunni kannske að vera umdeilanlegt, til athugunar. Ég lýsi því yfir, að ég treysti fyllilega þeirri athugun og könnun sem fjvn. undir forustu Eiðs Guðnasonar, þm. Alþfl., mun framkvæma. Ég segi því já við þessari till. og vona að liðsmönnum sjálfstæðra rannsókna og athugana þn. fari ekki svo ört fækkandi eins og fram kemur í atkvgr. sumra Alþfl.-manna hér nú."

Ég sagði, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Í trausti þess að fjvn. skoði þetta mál vandlega og hafi samráð við þingflokkana segi ég já."

Formaður þingflokks Alþfl. tók til máls og sagði:

„Á mjög stuttum tíma hafa þrívegis verið gerðar sérfræðilegar úttektir á málefnum þessa fyrirtækis, fyrst á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins, síðan á vegum sérstakrar vinnunefndar, sem fór ofan í sauma fyrirtækisins á vegum ríkisstj., og loks í þriðja lagi á vegum fjmrn. Skriflegar skýrslur eru til um allar þessar athuganir, sem eru nýjar af nálinni, og frekari skoðun mundi engu þar við bæta" — ég endurtek: „engu þar við bæta. Ef hv. þm. hafa áhuga á að kynna sér niðurstöður þessara athugana gætu þeir gert það með einfaldri fsp. til hæstv. fjmrh. hér í þinginu því að ég er sannfærður um að hæstv. fjmrh. mundi, ef hann væri spurður, skýra þingheimi frá þeim upplýsingum sem uppi eru í hv. fjvn. um þessi mál. Vegna þess að ég hef kynnt mér efni þessara skýrslna og fylgst vel með gerð þeirra segi ég nei."

Hér hafa sem sagt formenn þriggja þingflokkanna gert grein fyrir atkv. sínum. Formaður þingflokks Sjálfstfl. gerði það hins vegar ekki, en ég tel að það skipti ekki meginmáli. Ég held að það hafi verið gengið út frá því að fjvn. og þingflokkarnir fylgdust með þessu máli og legðu yfir það blessun sína áður en fjmrh. færi að taka lokaákvörðun í málinu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni áðan að haft hefði verið samráð við fulltrúa þingflokkanna um að þessi lausn yrði á málinu áður en til samþykkisins kom á umræddu ákvæði við fjárlagaafgreiðsluna. Ég vil taka það fram, ef að hefur ekki komið nógu skýrt fram hjá mér, að ekki var haft samráð við þingflokk Alþfl. um að framkvæma umrædda rannsókn á vegum fjvn. og það fyrsta, sem ég heyrði af slíku, kom fram í grg. formanns þingflokks Alþb., hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Fyrr hafði ég og aðrir þm. Alþfl., sem ég hef heyrt frá, ekki hugmynd um að til stæði að gera þessa athugun að einhverju skilyrði fyrir samþykktinni. Það kom mér gersamlega á óvart og það er ósatt, hvort sem það skiptir nú miklu að eða litlu máli, að haft hafi verið samráð við þingflokk Alþfl. (**PP:** Það stendur hér í þskj.)

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þetta gerast nú þjáningarfullar umr. Það er ekki nóg með að hv. 3. þm. Vestf. fái að tala þrisvar, heldur tekur hv. 1. þm. Norðurl. v. sig til og fer að þylja yfir öllu þessu fólki greinargerðir eftir hann, hv. þm. Sighvat Björgvinsson og Ólaf Ragnar Grímsson ofan í kaupið.

Ég vil varpa þeirri spurningu fram: Hverjir tapa þegar og ef sveitarfélög tapa 350—400 millj. kr. vegna gjaldþrots þessa fyrirtækis? Hver borgar það? Hverjir tapa og

hverjir borga ef ríkissjóður tapar 300 millj. kr. við gjaldþrot þessa fyrirtækis? Hverjir skyldu borga ef Útvegsbanki Íslands tapar 600 millj. kr.? Það er enginn að tala um að skattborgarar verði látnir borga brúsann vegna þessa fyrirtækis. Það er ætlunin að reisa þetta fyrirtæki við þannig að það geti skilað ágóða og skilað aftur því sem nú um hríð verður látið af hendi rakna. Og mín skoðun er sú, enda mundi ég aldrei leggja til að til þessa leiks yrði gengið nema af því að ég hef trú á því, að við höfum óhemjulegan markað fram undan ef við ætlum að manna okkur upp í að fara að hefjast handa um framkvæmdir á þessu lífsnauðsynlega sviði okkar. Það liggur alveg ljóst fyrir. Mér dytti aldrei í hug að leggja það til sem ég hef gert í þessu máli nema af því að ég sé engan annan veg til að bjarga því sem bjargað verður. Það er hægt að leiða að því mörg óyggjandi rök.

Ég vil bæta því við að stjórn Framkvæmdastofnunar gerði einróma með sjö atkv., þar sem allir flokkar eiga fulltrúa, samþykkt fyrir utan samþykktina sem ég gat um áðan, um 700 millj. (**Gripið fram í:** Sex atkv.) Já, það getur verið að ég sé orðinn svo sljór að ég gleymi því sem fram fer eftir að það átti sér stað fyrir fjórum tímum, en það er þá nýtt. Það var tekið fram að það væri shlj., allir hefðu greitt atkv. Ég ber það undir aðra, sem eru staddir hér úr stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, formanninn o. s. frv. Það fór þannig fram. Það verður þá að breyta fundargerð, — en það var samþykkt að Byggðasjóður skyldi á komandi árum leggja framlög fram til að ná verulegum áfanga í þessu lífsnauðsynlega máli okkar. Það var stefna mörkuð í morgun um að Byggðasjóðurinn skyldi taka þetta upp sem eitt meginverkefni sitt, þar sem þetta er eitt stærsta byggðamálið og felur líka í sér og sameinar áhugamál þéttbýlis og strjálbýlis. Það urðu tímamót í þessum málum, eftir minni skoðun, á fundi Framkvæmdastofnunar ríkisins í morgun, — tímamót sem líka geta komið til góða við að rétta þetta fyrirtæki við og gera það að þjóðnytjafyrirtæki. Það ætlum við okkur til þess að forðast að skattborgararnir verði fyrir áföllum. Annars blasir það við.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég á sæti í fjvn. og þekki þess vegna dálítið til málsins og ætla því ekki að ræða það sérstaklega hér, en ég vil þó gefa þá yfirlýsingu, að mér þykir þetta upphlaup vera líkast leiksýningu. Það er vitað mál að öll fjvn. stóð að þeirri till. sem var samþykkt í fjárlögum á sínum tíma um stöðvunarrétt, ef svo má kalla fyrirvara fjvn. Fulltrúar allra flokka beittu sér fyrir þeirri samþykkt. Mér er kunnugt um að allir þingflokkar hafa tekið þessi mál fyrir, rætt þau út frá þeim fjölmörgu gögnum sem fyrir liggja um þessi mál, nema einn flokkur. Það er Sjálfstfl. Frá upphafi hefur það verið ljóst að hann hefur treyst sínum mönnum í fjvn. algerlega fyrir því að fara með umboð flokksins hvað þetta varðar, enda er það fjvn. sem hefur umboðið, en ekki þingflokkarnir. Þar þurfum við ekki að skýla okkur bak við aðra.

Að lokum vil ég segja það, að aðeins er hægt að gleðjast yfir einu af því sem hefur komið fram í þessum umr. Það var yfirlýsing hv. þm. Sverris Hermannssonar þegar hann sagði að Framkvæmdastofnunin eða stjórn hennar hefði í morgun ákveðið að láta leggja fram 700 millj. til varanlegrar vegagerðar í landinu. Það er í fyrsta skipti sem ég get hælt þessari stofnun. Og það er í fyrsta skipti sem það kemur fram að mörkuð hafi verið einhver byggðastefna af viti í þessu landi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það ætti að vera í lagi að tala einu sinni þegar hinir fá að tala þrisvar, en ég skal ekki lengja þessar umr. mikið og skal ekki segja mörg orð að þessu sinni um þetta mál.

Menn hafa hér mikið deilt um hvað hæstv. fjmrh. hafi meint með margívitnuðu bréfi. Ég hef verið samtíða hæstv. núv. fjmrh. á þingi a. m. k. sjö ár og ég hef oft grunað hæstv. ráðh. um græsku, grunað hann um að segja ósatt, en ekki oft talið mig sjá þess næg merki til að geta fullyrt það. Ég er þó fullviss um það nú, eftir þeim afskiptum sem hæstv. ráðh. hafði af málum í ræðustól, að hæstv. ráðh. er að segja ósatt um það sem hann telur sig hafa gert. Hann fór fram á að þessi heimild yrði veitt, auðvitað vegna þess að hann var búinn að taka ákvörðun um það sjálfur að nýta hana, og ég ætla ekki að ásaka hann fyrir það, en hann á auðvitað að standa við það. Ef hann er orðinn annarrar skoðunar núna á hann að viðurkenna þau mistök.

Ég hef verið einn af þeim þm. og er það enn sem hafa talið að það væri ábyrgðarhluti af Alþingis hálfu að standa þannig að málum að framkvæmdir varðandi bundið slitlag, ekki bara á vegum Vegagerðar ríkisins, heldur á vegum bæjar- og sveitarfélaga víðs vegar í kringum landið, færu ekki fram á komandi sumri. Menn geta deilt um það hér, hverjir séu sérstakir fulltrúar skattþegna í landinu, ég ætla ekki að fara út í þá umr., en mér er ekki alveg ljóst hvort það er einhver sérstakur greiði við skattþegna landsins að þetta fyrirtæki verði meðhöndlað með þeim hætti að sveitarfélögin og ríkið tapi mestum hluta þess sem þau eiga í því. Það getur verið meiri greiði við skattþegnana að sjá svo um að áfram verði haldið, ekki síst á þeim stöðum víðst vegar úti á landi sem eru orðnir á eftir. Nauðsynlegt er að auka og hraða framkvæmdum í vegagerð. Það er ekki síður greiði við fólk, að áfram verði haldið á þeirri braut og jafnframt séð svo um að það haldi nokkuð sínum hluta af skattfénu.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Í þessari umr. hefur verið vísað til ummæla Ólafs Ragnars Grímssonar, sem hann viðhafði við 3. umr. um fjárlög þar að lútandi, að fjvn. ætti að verða rannsóknarnefnd og þess vegna væri það óskiljanlegt með öllu að t. d. þm. Alþfl., sem hafa talað fyrir rannsóknarvaldi nefnda, samþykktu ekki þessa till. Málið er auðvitað það, að hér er ónákvæmlega vitnað til þingskapa. Eins og hv. formaður fjvn. hefur upplýst hefur fjvn. ekki slíkt rannsóknarvald nema Alþ. samþykki það sérstaklega. Það er auðvitað kjarni þessa máls.

Aðeins þetta að lokum: Þetta mál snýst auðvitað fyrst og fremst um hvort líða eigi að illa rekinn atvinnurekstur geti í fjárkúgunarskyni komið til almannavaldsins á eftir og krafist þess að almannavaldið greiði fyrir. Það er „prinsip"-málið sem um er að ræða.

Sameinað þing, 57. fundur.

Þriðjudaginn 13. maí, að loknum 56. fundi.

Innlend orka til heyöflunar, þáltill. (þskj. 445). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Smíði nýs varðskips, þáltill. (þskj. 472). — Hvernig ræða skuli.

Að till forseta var ákveðin ein umr.

Bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði, þáltill. (þskj. 475). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Flutningur gufuhverfils Krófluvirkjunar til háhitasvæðis á Reykjanesskaga, þáltill. (þskj. 347). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vegáætlun 1979—82, þáltill. (þskj. 348, n. 480 og 485, 479). — Síðari umr.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft till. til þál. um breyt. á vegáætlun fyrir árin 1979—1982 til umfjöllunar og hefur unnið að endurskoðun framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1980. N. klofnaði í afstöðu sinni og meiri hl. n. hefur skilað nál. á þskj. 480, en meiri hl. fjvn. skipa í þessu tilviki þeir Þórarinn Sigurjónsson, Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson, Geir Gunnarsson, Guðmundur Bjarnason og Eiður Guðnason.

Hafa ber í huga að í þessu tilviki er um aukaendurskoðun að ræða sem aðeins tekur til yfirstandandi árs við þær sérstöku aðstæður sem við höfum hér búið við að því er varðar fjárlög og annað. Við þessa endurskoðun hefur fjvn., svo sem venja er til, notið aðstoðar þeirra Snæbjarnar Jónassonar vegamálastjóra, Helga Hallgrímssonar forstjóra tæknideildar Vegagerðarinnar og annarra starfsmanna Vegagerðar ríkisins.

Við gerð fjárlaga í vetur var ráðstöfunarfé Vegagerðar ríkisins aukið um rúmlega 2000 millj. kr. Þetta viðbótarfjármagn fer að mestu til að verðbæta lögbundna og fasta liði í vegáætlun. Fjárveitingar til sérstakra verkefna í stofnbrautum hækka um 200 millj. kr., en fjárveitingar til almennra verkefna og bundinna slitlaga á stofnbrautum svo og til þjóðbrauta eru óbreyttar að krónutölu frá gildandi vegáætlun. Heildarfjárveitingar til nýrra þjóðvega og brúa verða þá 11 milljarðar 352 millj. kr., og er framkvæmdamáttur þess fjár um 50% meiri en fjárveitingar til þessara liða í vegáætlun 1979.

Þar sem óbreytt krónutala er hins vegar veitt til þjóðbrauta og almennra verkefna á stofnbrautum hefur fjvn. viðhaft óbreytta skiptingu þessa fjár milli kjördæma. Þm. einstakra kjördæma hafa hins vegar fjallað um endurskoðun vegáætlunar, svo sem venja er til, og í nokkrum tilvikum hafa þeir fært fjármagn milli framkvæmda innan sinna kjördæma. Þá hefur fjvn. og fjallað um skiptingu fjár til einstakra verkefna að því er varðar bundin slitlög og sérstök verkefni á stofnbrautum. Sú skipting er óbreytt frá gildandi áætlun að því er snertir bundnu slitlögin, en meiri hl. n. gerði tillögur um nokkrar tilfærslur innan þess sem nefnt er sérstök verkefni, en þær eru í því fólgnar að þau tvö verkefni, Borgarfjörður og Önundarfjörður, þar sem þarf að ná ákveðnum framkvæmdaáföngum, fá þá lágmarksfjárveitingu sem til þess þarf. En til þess að svo mætti verða þyrfti að skerða fjárveitingar til annarra liða í þessum flokki um sem nemur 16%.

Af hálfu minni hl. n. hefur komið fram, að þeir, sem hann skipa, gera ekki sérstaklega aths. við skiptingu fjár milli kjördæma nema að því er varðar sérverkefni og brýr. Afstaða minni hl. kemur fram í sérstöku nál. og verður væntanlega gerð grein fyrir því hér á eftir. Till. meiri hl. er hins vegar að finna á þskj. 479.

Fjvn. hefur borist bréf sem hv. þm. Matthías Bjarnason ritaði fyrir hönd þm. Vestf. varðandi tengingu Inn-Djúps, en á liðnum „Sérstök verkefni" eru til þess ætlaðar 250 millj. kr. á árinu 1982. Bréf þetta er prentað sem fskj. með nál. meiri hl. fjvn.

Að lokum vil ég segja örfá orð um afstöðu Alþfl. til þessarar till. um breytingu á vegáætlun. Hún er í sem skemmstu máli sú, að við fjárlagagerðina fluttum við Alþfl.-menn ítarlegar till. í mörgum liðum um hvernig mætti lækka útgjöld ríkisins og draga úr skattheimtu og skattbyrðum á almenning, en skattahækkanir virðast hins vegar ætla að verða aðalsmerki og einkenni þessarar stjórnar og það sem hennar verður sjálfsagt lengst minnst fyrir. Allar þær till. til útgjaldalækkunar felldi stjórnarliðið. Þar sem fjár til þeirra útgjalda, sem um ræðir í þessu tilviki, hefur þegar verið aflað telur Alþfl. þá skiptingu, sem hér er gert ráð fyrir, ekki óeðlilega og getur því fyrir sitt leyti veitt henni brautargengi og mun svo gera í þessu tilviki.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Þegar vegáætlun var til umfjöllunar í fjvn. létu fulltrúar sjálfstæðismanna í n., sem þar sátu þegar vegáætlun 1979—1982 var til umfjöllunar í fjvn., undirritaður, Pálmi Jónsson og Ellert Schram, bóka eftirfarandi um afstöðu sína:

„Sjálfstæðismenn, fulltrúar minni hl. í fjvn., rita undir þetta nál. með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Þeir vilja taka fram, að vegna ákvarðana ríkisstj. um stórfelldan niðurskurð á framlögum ríkissjóðs til vegamála á þessu ári." — þ. e. árinu 1979 — „mun verða um 15% magnminnkun nýbygginga vega í landinu frá því í fyrra, þrátt fyrir gífurlega auknar skattaálögur á umferðina. Síðari ár vegáætlunarinnar er stefnt í nokkra magnaukningu vegaframkvæmda, án þess að minnsta tilraun sé gerð til þess að ríkisstj. og Alþ. móti stefnu í fjáröflun til þess á annan hátt en gera ráð fyrir nýjum lántökum."

Það er augljóst að sú till. til þál. um breytingar á gildandi vegáætlun, sem hér er fjallað um, gengur miklu lengra í þá átt sem gagnrýnd var í bókun okkar þremenninganna í fyrra. Skattahækkun á umferðina eykst gífurlega og framkvæmdafé af skatttekjum er stórlega skert á sama tíma. Í ljósi þessa og framangreindrar grg.

ákváðum við, sem ritum undir nál. sem ég mæli hér fyrir, að skila sérstöku nál. á þskj. 485, sem er næsta óvenjuleg aðferð við afgreiðslu fjvn. á vegáætlun, en við teljum svo langt gengið að við viljum hafa þennan hátt á og undirstrika þannig algera sérstöðu okkar við afgreiðslu þessarar þáltill.

Samkv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins felur till. í sér 4.5 milljarða kr. niðurskurð á raungildi heildarfjárveitinga til vegamála miðað við gildandi vegáætlun. Samtímis því hafa skattaálögur á bensín verið auknar svo gífurlega að óvíða í heiminum má finna dæmi um slíka skattlagningu. Nokkur höfðuatriði þeirrar öfugþróunar, sem átt hefur sér stað í skattlagningu á umferðina og framlögum til vegamála síðan sjálfstæðismenn fóru með ríkisfjármálin 1978, eru þessi:

1. Engin einasta króna af 10 milljarða skattahækkun á bensín umfram verðlagsbreytingar, sem orðið hafa síðan 1978, fer til vegaframkvæmda. Þvert á móti hefur raungildi markaðra tekjustofna og beinna eða óbeinna framlaga ríkissjóðs til vegamála minnkað um nær 1 milljarð í fyrra og á þessu ári ef þessi till. verður samþ.

2. Á yfirstandandi ári kæmi 4050 millj. kr. hærri fjárhæð til vegaframkvæmda af bensínsköttum en þessi till. gerir ráð fyrir samkv. útreikningum Vegagerðar ríkisins, ef sama hlutfall þessara skatta gengi til vegaframkvæmda og raun varð á 1978.

3. Bein framlög úr ríkissjóði að meðtöldum afborgunum og vöxtum af lánum til vegagerðar væru samkv. útreikningum Vegagerðarinnar og fjárlaga- og hagsýslustofnunar 2810 millj. kr. hærri að raungildi en till. gerir ráð fyrir miðað við framlög þessi 1978.

4. Ríkisframlög af skatttekjum til vegagerðar eru því samkv. þessari till. skorin niður um hvorki meira né minna en 6860 millj. kr. samkv. útreikningum fyrrgreindra stofnana miðað við þessi framlög 1978. Þetta fjármagn er notað nú til eyðslu ríkissjóðs í stað vegaframkvæmda.

5. Á þessu tímabili hefur heildarskattlagning ríkisins á bensíni aukist á föstu verðlagi fjárlaga 1980 um 9938 millj. kr. samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar.

6. Framkvæmdamagn nýbygginga vega og brúa samkv. þessari till. er svo til það sama og meðaltal áranna 1975—1978 að báðum meðtöldum þegar skattlagning á umferðina var milljarðatug minni.

7. Þá er í till. gert ráð fyrir 3.5 milljarða kr. auknum lántökum að raungildi miðað við lántökur til vegagerðar 1978 til þess að standa straum af þeim vegaframkvæmdum í ár sem eru ekki meiri en meðaltal áranna 1975—1978.

Við Íslendingar erum vanþróuð þjóð í vegamálum og eyðum milljörðum kr. í vonlítið viðhald malarvega, viðhald og eldsneyti bifreiða, sem við gætum sparað með því að leggja sem fyrst bundið slitlag á fjölförnustu þjóðvegi. Víða kemst fólk ekki leiðar sinnar á vetrum, jafnvel í neyðartilfellum, vegna skorts á vel uppbyggðum vegum. Auknar framkvæmdir í vegamálum eru við hlið orkuframkvæmda arðbærasta og mesta félagslega verkefni þjóðarinnar sem bíður úrlausnar. Framangreind stefna, sem felst í því að slá heimsmet í skattheimtu á notkun bifreiða til eyðslu úr ríkissjóði, en skera niður vegaframkvæmdir, er því hvort tveggja í senn andfélagslegt og fjárhagslegt glapræði.

Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir 1979—1982 talaði þáv. samgrh., hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds, um „stórt stökk upp á við“ árið 1980 í vegamálum sem hann væri að undirbúa með flutningi till. sinnar. Hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds, sem þá var samgrh., sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er hins vegar sannarlega reiðubúinn að standa að því, þegar þar að kemur, að veruleg hækkun verði aftur á milli áranna 1980 og 1981, en miðað við þá þróun, sem verið hefur á þessu sviði á undanförnum árum, þrátt fyrir endurteknar yfirlýsingar allra flokka um nauðsyn hins gagnstæða og margvíslegar till. um stór átök í vegamálum, tel ég að hyggilegra sé að láta fyrst reyna á hvort samstaða sé um að snúa þróuninni við á árinu 1980 og taka stórt stökk upp á við í fjárveitingum til nýbyggingar vega og brúa, en gera þá frekar ráð fyrir að næsta stóra stökk verði ákveðið við endurskoðun vegáætlunar 1981.“

Ýmsir gerðu sér vonir um það, ekki síst þegar hæstv. fyrrv. samgrh. var orðinn hæstv. fjmrh. og átti að framfylgja vegáætlun sinni, að þetta stóra stökk yrði tekið á árinu 1980 og enn þá fremur, þar sem í málefnasamningnum góða stendur að „staðið verði við vegáætlun 1980—1982“, að til skarar yrði látið skríða og stóra stökkið tekið. Stóra stökkið upp á við í framlögum ríkissjóðs varð að því, að ríkissjóður leggur nú minna að raungildi til vegamála en 1978. En stóra stökkið kom. Stóra stökkið var í hækkun á sköttum á umferðina. Í ár eru sem sagt, eins og ég sagði áðan, hvorki meira né minna en 10 milljarðar kr. innheimtir af bensíni í skatta á umferðina að raungildi í hærri fjárhæð en 1978.

Niðurskurður gildandi vegáætlunar samkv. till., sem hér er til umr., bitnar mest á nýframkvæmdum vega og brúa. Þar skortir 3182 millj. kr. á að staðið sé við gildandi vegáætlun að raungildi. Mestur er niðurskurðurinn í svonefndum sérverkefnum í vegagerð, ef frá er talin Borgarfjarðarbrú og vegagerð í Önundarfirði. Síðast töldu verkefnin fá 380 millj. kr. hækkun samkv. till. frá gildandi vegáætlun í verðbætur eða rúmlega 10%. Önnur sérverkefni eru skorin niður í krónutölu um 16%, en að raungildi nálægt 45%. Hér er um að ræða Þingvallaveg, veg um Holtavörðuheiði, Héraðsvötn, Víkurskarð og Hvalnesskriður.

Almenn brúargerð er einnig samkv. till. skorin verulega niður frá vegáætlun að raungildi eða um 40%.

Mikill niðurskurður er á sumarviðhaldi vega og verður það einungis 73% af því sem Vegagerð ríkisins telur þörf á. Enn þá meiri er niðurskurður á vetrarviðhaldi eða snjómokstri. Ræddi ég það nokkuð við 1. umr. og skal ekki fjölyrða um það hér. Á upphæð gildandi vegáætlunar mun skorta 608 millj. kr. til þess að raungildi fjármagns til snjómoksturs samkv. vegáætlun haldist. Það er ljóst að næsta haust þarf að vera sérstaklega snjólétt til þess að áætlunin standist, og það, sem verst er við þetta að mínu mati, er að mér sýnist útilokað að rýmka snjómokstursreglur, ef halda á þessari áætlun, þótt víða sé mjög mikil nauðsyn á að það verði gert.

Fjvn. ákvað með öllum atkv. að skipting á vegafé milli kjördæma að því er varðar almenn verkefni stofnbrauta og þjóðbrauta skuli vera óbreytt frá því sem ákveðið var við afgreiðslu vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár á Alþ. í fyrra. Einnig var samþ. af meiri hl. n. að hækka fjárveitingu til Borgarfjarðarbrúar og vegagerðar í Önundarfirði um 380 millj. kr., en lækka önnur sérverkefni í krónutölu um 180 millj. Minni hl. n., þ. e. við undirritaðir, telur að hér sé um fráleit vinnubrögð að ræða.

Þannig stendur á að þessi verkefni, Borgarfjarðarbrú og vegagerð í Önundarfirði, eru á því framkvæmdastigi að þeim verður að ljúka í ár, en fjáröflun til þess á að okkar mati ekki að bitna á öðrum mikilvægum verkefnum.

Þegar frá eru taldir markaðir tekjustofnar Vegasjóðs, sem renna beint til vegamála, þ. e. bensíngjald, gúmmígjald og þungaskattur, má skipta framlögum ríkissjóðs til vegaframkvæmda í tvennt: 1) beint framlag ríkissjóð á fjárlögum og 2) greiðslur afborgana og vaxta af lánum til vegagerðar.

Framlög ríkissjóðs þannig skilgreind hafa lækkað um 2810 millj. kr. samkv. útreikningi Vegagerðar ríkisins og fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Á föstu verðlagi (fjárlagaverðlagi 1980) eru þessi framlög þannig, lögð saman: á árinu 1978 7978 millj. kr., 1979 5934 millj. kr., 1980 5168 millj. kr. Mismunurinn á raungildi beinna framlaga ríkissjóðs og afborgana og vaxta af lánum til vegagerðar er samkv. þessu 2810 millj. kr.

Markaðar tekjur hafa hækkað að raungildi um nálægt 1900 millj. kr. og verður því niðurstaðan sú, að fjáröflun til vegamála með samtíma skatttekjum, þ. e. markaðir tekjustofnar, og bein framlög ríkissjóðs og afborganir og vextir hafa minnkað um 900—1000 millj. kr. að raungildi síðan 1978.

Heildartekjuöflun ríkissjóðs á þessum árum af mörkuðum tekjum, beinu framlagi til vegamála og afborgunum og vöxtum eru á verðlagi ársins 1980 20 milljarðar 748 millj. kr. 1978. Þetta lækkar í 20 milljarða 94 millj. 1979 og lækkar enn í ár í 19 milljarða 843 millj. kr.

Þessi niðurskurður á fjáröflun til vegagerðar af samtíma skatttekjum hefur átt sér stað á sama tíma sem skattálögur ríkissjóðs á bensín hafa aukist að raungildi um 10 milljarða kr., eins og ég sagði áðan. Ef 50.6% af þessum bensínsköttum hefðu runnið til vegamála fengi Vegasjóður nú 4050 millj. kr. í viðbót við mörkuðu tekjustofnana.

Ég óskaði eftir því við Vegagerð ríkisins að hún gerði samanburð á því, hverjar nýframkvæmdir vega og brúa hafa verið á verðlagi ársins í ár að meðaltali árin 1975—1978. Út úr því dæmi kom að meðaltal þessara framkvæmda er 11 milljarðar 190 millj. kr. Framkvæmdaframlög til nýbygginga vega og brúa árin 1975—1978 eru að meðaltali 11 milljarðar 190 millj. kr., en á þessu ári er ætlunin að verja 11 milljörðum 570 millj. kr. eða örlitlu meira en meðaltalið 1975—1978 segir til.

Til þess að ná þessu framkvæmdamagni verður ákveðið nú, ef þessi till. verður samþ., að afla fjár með lánum upp á 3500 millj. kr. meira að raungildi en 1978. Það er ekki einungis að skattgreiðendur hafi verið látnir greiða núna 10 milljörðum meira af umferðinni í ríkissjóð, heldur verða þeir að borga síðar fyrir það framkvæmdamagn sem verður unnið í sumar. Þeir verða að borga það í hærri sköttum síðar vegna afborgana og vaxta af auknum lántökum í ár.

Ef reynt er að rýna ofan í skattálögurnar á bensín og bera saman hverjar þær voru 1978 og 1980 kemur út úr heildardæminu það sem ég sagði áðan. En það er dálítið fróðlegt að gera sér grein fyrir því hvað gerist í rauninni. Tollar af bensíni eru að raungildi í ár um 4400 millj. kr. hærri en þeir voru 1978 og söluskattur einnig 4440 millj. kr. hærri, en bensíngjaldið er aðeins 1.1 milljarði hærra en það var 1978. Ríkissjóður fær sem sagt bróðurpartinn af þessum sköttum beint, en notar síðan það, að markaði tekjustofninn hækkar örlítið í bensíngjaldinu, til að draga svo mjög úr beinum framlögum ríkissjóðs að heildarframlög ríkissjóðs lækka til vegamála, eins og ég hef hér marggert grein fyrir.

Það er einnig athyglisvert að gera sér grein fyrir því, hve mikill hluti af bensínsköttum rennur nú í Vegasjóð. 63% af bensínsköttum renna nú í ríkissjóð, en í Vegasjóð 37%, en hlutfallið var 49% í ríkissjóð 1978 og 51% í Vegasjóð.

Hækkun bensínskattanna stafar að sjálfsögðu bæði af hækkun á söluskattsstofninum, þ. e. hækkun innflutningsverðs á bensíni vegna olíukreppunnar, og einnig vegna þess að söluskattur hefur verið hækkaður. Hvergi hefur verið slakað á þessum sköttum þrátt fyrir hækkun innflutningsverðsins. Þannig hefur ríkissjóður aukið á vandann vegna olíukreppunnar, — þann vanda sem notendur bifreiða standa frammi fyrir.

Reynum að gera okkur grein fyrir því hvernig verð á bensínlítra sundurliðast núna. Af 430 kr., sem hver lítri kostar, fara 156.14 kr. eða 36.3% beint í ríkissjóð, í Vegasjóð fara 91.36 kr. eða 21.3% og annar kostnaður er undir helmingi; hann er 182.50 kr. eða 42.4% af verði bensínlítra.

Það er athyglisvert að söluskatturinn leggst ofan á toll og bensíngjald, þannig að síðast þegar bensín hækkaði, þá hækkaði bensín um 20.43 kr. vegna hækkunar á bensíngjaldi, en ofan á það að bensínlítrinn hækkaði um 20.43 kr. vegna bensíngjaldsins í Vegasjóð hækkaði söluskattur um 4.80 kr. Þannig leggst skattur ofan á skatt ofan á þá miklu hækkun á innflutningsverði bensíns sem orðið hefur vegna olíukreppu.

Ég sagði áðan að það væru gífurleg verkefni sem biðu úrlausnar í vegamálum hjá okkur. Mest eru þessi verkefni að sjálfsögðu í lagningu bundins slitlags og í því að byggja vegina betur upp og gera betri vetrarvegi. Það er staðreynd og það hefur margsinnis verið fullyrt, ég hygg af öllum forráðamönnum allra flokka, að vegamálin eru eitt mesta og arðbærasta félagslega átak í opinberum framkvæmdum sem þjóðin stendur frammi fyrir, og stenst þar ekkert samanburð nema ef vera kynni orkuframkvæmdir.

Talið er arðbært að leggja bundið slitlag á 2500 km af þjóðvegum landsins, en er lokið núna við 260 km. Þótt „staðið væri við" vegáætlun, eins og stendur í stjórnarsáttmálanum, að raungildi til þess að framkvæma varanleg slitlög á þjóðvegum landsins samkvæmt þessari áætlun sýnist mér að það mundi taka um 30 — 40 ár að leggja varanleg slitlög á þá vegi sem talið er arðbært. Samt sem áður gerir þessi till., sem hér er til umr., ráð fyrir að skera niður þessar framkvæmdir um 29% frá gildandi vegáætlun. Ég vil því sérstaklega fagna því, sem fram kom hér frá hv. þm. Sverri Hermannssyni þegar svarað var fyrirspurn áðan, að Framkvæmdastofnun ríkisins hefur gengið fram fyrir skjöldu og að ýmsum æðstu mönnum, sem ráða málum vegagerðar, fornspurðum hefur hún ákveðið að leggja til viðbótar þessari till. 700 millj. til að hraða varanlegri vegagerð í landinu. Þessi ákvörðun stjórnar Framkvæmdasjóðs, sem tekin var að tillögu hv. þm. Sverris Hermannssonar, er algjörlega í samræmi við þá stefnu sem Sjálfstfl. hefur markað í þessum efnum.

Sjálfstæðismenn hafa flutt á undanförnum þingum till. til þál. um vegamál. Í þeirri till. og í þeim ræðum, sem fluttar hafa verið með þeirri till., hefur margsinnis verið undirstrikað hvað varanleg vegagerð hafi gífurlega mikla

þýðingu og sé arðbært verkefni. Þar hefur m. a. komið fram að menn spara t. d. 19% í bensíneyðslu með því að aka á varanlegum vegi miðað við malarveg, 170% í viðhaldi hjólbarða og 45% í almennu viðhaldi. Er talið að það sé 63% meira slit á bifreið á malarvegum en vegum með bundnu slitlagi. Enn fremur er talið að bundið slitlag borgi sig á 6 — 7 árum, þ. e. að bundið slitlag, þar sem 1000 ársbíla umferð er, borgi sig á 6 — 7 árum í sparnaði á viðhaldi vega.

Við nm., sem stöndum að þessu nál., birtum þáltill. okkar sjálfstæðismanna sem fskj. með nál. og hún skýrir sig sjálf. Í henni er einmitt vikið að því, að Byggðasjóður leggi árlega fram verulegt fé til að hraða þessum mikilvægu og nauðsynlegu framkvæmdum, og enn fremur er gert ráð fyrir að umframtekjur af sköttum á umferðina frá og með áramótum 1978 skuli allar renna til vegaframkvæmda og að haldið verði áfram að afla fjár með happdrættislánum til vegaframkvæmda. Ef farið hefði verið eftir þessari stefnumörkun væri í ár mikið á annan tug milljarða til framkvæmda í vegamálum, sem ekki sjást í till. sem hér er til umræðu um breytingar á gildandi vegáætlun.

Þessi stefnumörkun hefði að sjálfsögðu þýtt stóraukið fjármagn til uppbyggingar vega, en hún hefði krafist aðhalds á öðrum sviðum í eyðslu ríkissjóðs og framkvæmdum. Það hefur ríkt þveröfug stefna hjá vinstri stjórninni og núv. ríkisstj. Þar hefur ríkt gegndarlaus eyðslustefna í millifærslu- og rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og með þeim afleiðingum að áfram verður um sinn að sjálfsögðu eytt stórfé í vonlítið viðhald malarvega og slit bifreiða meðan gerð góðvega bíður og verður frestað.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þessi mál. Afstaða okkar þremenninga, sem skrifum undir sérálit varðandi þessa till., er skýr í nál. Það er ótvírætt og skiptir höfuðmáli í þessu sambandi, að gert er ráð fyrir því, á sama tíma sem gífurlega hefur verið farið ofan í vasa skattborgaranna að því er varðar skattaálögur á notkun bifreiða, að framlög ríkissjóðs til vegamála, þ. e. í mörkuðum tekjustofnum, beinum og óbeinum framlögum ríkissjóðs, séu skorin niður og framkvæmdagildi í ár einungis við haldið með margra milljarða kr. aukinni lántöku sem skattgreiðendur verða síðar að borga.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt að ráði. Ég vil byrja með því að þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu málsins, það var afgreitt skjótt og ég hef engar athugasemdir við till. hennar að gera.

Ég vil geta þess, að í nál. kemur fram sem fskj. sú samhljóða samþykkt þm. Vestfjarða að óska eftir þeirri breytingu á vegáætlun, að í staðinn fyrir „tenging Inn-Djúps", sem þar er skráð sem sérstakt verkefni á árinu 1982, verði sett: vegur yfir Steingrímsfjarðarheiði. N. hefur ekki séð ástæðu til að taka þetta inn nú, þar sem ekki er um reglulega endurskoðun á vegáætlun að ræða, og ég geri út af fyrir sig ekki athugasemd við það. Ég vil hins vegar láta það koma fram, að ég lít svo á, þar sem þetta kemur fram í grg. meiri hl. n. að ekki sé þar andstaða gegn þessari samþykkt þm. Vestfjarðakjördæmis, og mun ég leggja áherslu á að mælingar og annar undirbúningur fyrir þessa framkvæmd hefjist nú þegar í sumar. — Þetta vildi ég láta koma fram og vil taka það fram, að þetta er gert í samráði við þm. Vestfjarðakjördæmis.

Hér hefur frsm. minni hl., hv. þm. Lárus Jónsson, farið með margar tölur og ætla ég ekki að vefengja þær. Þær eru eflaust réttar. En það er eins og fyrri daginn, að það er oft auðvelt að leika sér að tölum eftir því hvaða grundvöllur er lagður til samanburðar, og ekki að ástæðulausu kannske að hinn almenni hlustandi er meira og minna ruglaður á slíkum málflutningi. T. d. mætti geta þess, að í þeirri vegáætlun, sem nú gildir, er ákveðin krónutala til framkvæmda. M. ö. o.: Í þál. er ekki ákveðið fyrir fram að krónutalan skuli hækka með tilliti til verðbólgu. Þar er það krónutala sem er samþykkt.

Hinu er svo ekki að neita, að undanfarin mörg ár, líklega allt frá 1974, hafa menn ekki treyst sér til að standa við þær framkvæmdir eins og sundurliðaðar hafa verið í vegáætlun með tilliti til þess verðbólgustigs sem í fyrsta lagi var gert ráð fyrir og síðar varð. Það er sem sagt á þeim lið vegáætlunar sem orðið hefur að draga saman vegna þess að fjárþörf hefur á ári hverju undanfarin ár reynst verulega meiri en vegáætlun hefur gert ráð fyrir.

Ég sagði áðan, að ég hygg að vegáætlun hafi verið endurskoðuð árlega frá 1974 og þá verið óreglulegar endurskoðanir, ef ég má kalla það svo, nema annað hvert ár, þegar vegalög gera ráð fyrir reglulegri endurskoðun. Og þó að hv. frsm. minni hl. sé ekki hér inni þykir mér ástæða til að geta þess, hvernig breytingar hafa orðið á framkvæmdum samkv. vegáætlun t. d. frá árinu 1970. Reiknað allt á verði ársins 1979 varð veruleg aukning eða um það bil um 50% frá 1970 — 71, frá 1971 — 1972 12% aukning, 1972 — 1973 aftur 12% aukning, 1973 — 1974 var samdráttur um 8% í heildarfjármagni til vegaframkvæmda, frá 1974 — 1975 um 19% samdráttur, 1975 — 1976 um 5%, 1976 — 1977 enn samdráttur um 5.5% og 1977 — 1978 nokkur aukning eða um 6%, stóð síðan nokkurn veginn í stað til 1979, þó lítill samdráttur, um 2%, og nú er aukning á raungildi þess fjármagns, sem varið er til vegaframkvæmda, um 22%. Það er, eins og hér hefur komið fram, minna en menn gerðu ráð fyrir, enda reiknað með 25% verðbólgu, en ekki 50%. Ég tel að sú till. til vegáætlunar, sem hér hefur verið lögð fram, sé viðunandi með tilliti til þó þessarar aukningar um 22%, miðað við það ástand sem er í verðlagsmálum. Ég er út af fyrir sig ekki undrandi á því þó að að raungildi sé upphæðin nú svipuð meðaltali undanfarinna fimm ára. Eins og ég rakti áður hefur nánast á hverju ári orðið verulegur samdráttur í vegaframkvæmdum. Það er fyrst nú að við erum þó að halda á brautina upp hallann, þ. e. vonandi í áttina að áframhaldandi meiri framkvæmdum.

Ég gæti líka farið með svipaðan samanburð á fjármagni til nýbyggingar vega. Staðreyndin er að þar varð veruleg aukning frá 1970 — 1971 og síðan nokkur til 1973, en frá 1973 hefur verið samfelldur og stöðugur samdráttur allt til ársins í ár. Nú er gert ráð fyrir að verði 50% aukning og rúmlega það á raungildi fjármagns til nýrra vega, brúa og fjallvega. Það er að mínu mati alls ekki lítið stökk og ekki stökk sem ber að vanmeta.

Það er eins og ég sagði áðan, að allur er þessi leikur með tölur nokkuð ruglingslegur. Og ég vil taka undir það með mönnum, m. a. hv. frsm., sem lagði áherslu á að auka þarf fjármagn til vegaframkvæmda. Ég er honum og öðrum sem um það hafa rætt fullkomlega sammála. Að því verður stefnt. Sú vegáætlun, sem samþ. var í fyrra, gerir ráð fyrir því og er ekki nein breyting á að þessu leyti með því sem nú er gert, þó dregið sé úr í ár. Ég vil einnig

taka undir það, að mjög stórt átak þarf að gera í bundnu slitlagi. Á því er ekki nokkur vafi. En ég fór við fyrri umr. með tölur sem sýndu flokkun vega í viðunandi vegi o. s. frv. í fjóra flokka. Þar kom fram að ákaflega stór hluti af vegakerfi okkar telst slæmur og alls kostar óviðunandi. Og menn mega ekki, um leið og áhersla er lögð á bundið slitlag, gleyma á sama tíma þessum vegum. Þar er um gífurlega stórt átak að ræða, sem kannske ekki eins stór hluti landsmanna nýtur, en sannarlega á það fólk rétt á vegabótum ekki síður en við sem þéttbýlið byggjum. Hugmynd mín er því sú, að þegar næsta endurskoðun vegáætlunar fer fram verði lögð fram áætlun um verulega aukið framlag til aukinna framkvæmda í bundnu slitlagi. Ég rakti að nokkrir vegaspottar eru undir það sæmilega tilbúnir. Þó þarf að gera mikið til að tengja þá betur saman. Þeir eru slitnir í sundur um landið allt. Það verður tekið inn í slíka áætlun. Og ég lýsti því jafnframt, að á vegum Vegagerðar ríkisins hefur verið unnið mjög mikið starf að flokkum vega landsins, þannig að unnt er að gera sér betri og heillegri grein fyrir því, hvað er nauðsynlegt á hverjum einstökum stað. Þannig vona ég að allur grundvöllur til góðrar áætlunargerðar verði betri.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að lengja þessar umr. umfram þessi fáu orð mín. Ég vil ljúka máli mínu með því að endurtaka þakkir til fjvn. og leggja á það enn mjög ríka áherslu að áfram verði haldið á þeirri braut að auka fjármagn til vegaframkvæmda, og að því er stefnt að meira af fjármagni, sem nú er innheimt af bensíni t. d., verði látið renna í vegaframkvæmdir. Og ég lýsi því aftur yfir, að á næsta vetri mun verða lögð fram till. um endurskoðun vegáætlunar og stórauknar framkvæmdir m. a. í bundnu slitlagi.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala hér langt mál um vegáætlun. Frsm. meiri og minni hl. fjvn. hafa þegar gert það vel og ítarlega. Það er sjálfsagt rétt, að það má hér sem annars staðar í slíkum málum leika sér nokkuð með tölur eftir því hvað hverjum talsmanni hentar hverju sinni. Ég held að það verði þó ekki hrakið, sem kom mjög greinilega fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, frsm. minni hl., að það veldur landsmönnum öllum, sem langeygir eru orðnir eftir raunverulegu átaki í vegamálum, miklum vonbrigðum hve freklega ríkissjóður hefur gengið á hlut Vegasjóðs. Þar á ég að sjálfsögðu fyrst og fremst við hina gegndarlausu skattheimtu af bensíni. Það er heldur dapurlegt að af þessari 10 milljarða kr. auknu skattheimtu skuli vegagerð í landinu ekki fá að njóta einnar krónu í auknum framkvæmdum.

En ég kom aðallega upp í ræðustól af því að mér finnst sem þm. Vestf. að mér beri skylda til að gera grein fyrir í örstuttu máli þeirri ályktun Vestfjarðaþingmanna sem prentað er á fskj. með meirihluta áliti fjvn. Ég missti því miður af upphafi máls hæstv. samgrh., sem ég geri ráð fyrir að hafi e. t. v. haft að segja eitthvað svipað og ég um þessa ákvörðun Vestfjarðaþingmanna. Fyrir þá sem ekki þekkja til þessara mála, er kannske rétt að geta þess, að tenging Inn-Djúps við aðalvegakerfi landsins er búin að vera lengi á döfinni. Þar hefur á undanförnum árum aðallega verið rætt um þrjá valkosti. Tengingu yfir Kollafjarðarheiði í Kollafjörð í Barðastrandarsýslu, yfir Þorskafjarðarheiði eða Þorgeirsdal og í þriðja lagi Steingrímsfjarðarheiði. Við þm. Vestf. höfum nú lýst því yfir, að við teljum að rétt sé að velja veginn yfir Steingrímsfjarðarheiði niður í Steingrímsfjörð og tengja þannig Strandasýslu öðrum byggðum Vestfjarða um leið og Vestfirðirnir sem heild tengjast aðalvegakerfi landsins. Það er vitað mál, að hvaða leið af þessum þremur valkostum sem hefði verið valin hefði lokaákvörðun valdið stórum hópi Vestfirðinga vonbrigðum og sárindum, svo heitt mál og viðkvæmt sem þetta hefur verið hjá heimamönnum. Ég hygg þó að mjög eindregnar viljayfirlýsingar og fjöldamargar áskoranir frá stærstu þéttbýlisstöðum kjördæmisins á norðanverðum Vestfjörðum gefi ótvíræða vísbendingu um að þessi ákvörðun nýtur meirihlutafylgis á Vestfjörðum. Þetta mál er búið að velkjast allt of lengi í meðförum Alþingis, Vestfjarðaþingmanna og embættismanna. Nú hefur loksins verið höggvið á hnútinn og ákvörðun tekin af hálfu þm. viðkomandi kjördæmis, Vestfjarða, og ég tel það í sjálfu sér mikið fagnaðarefni.

Í mínum huga vegur það mjög þungt á metunum að tengja Strandasýslu öðrum byggðum Vestfjarða. Strandamenn hafa allt of lengi verið algerlega afskornir, bæði atvinnulega og félagslega, frá öðrum byggðarlögum kjördæmisins. Óneitanlega kemur nokkuð einkennilega fyrir staðhæfing, sem kemur fram í nýútkominni grg. Vegagerðar ríkisins sem unnin var af umdæmisverkfræðingi Vegagerðarinnar á Ísafirði, en grg. fjallaði um tengingu Inn-Djúps. Þar er staðhæft að Strandamenn eigi ekki mikilla hagsmuna að gæta varðandi vegasamband við Djúp um Steingrímsfjarðarheiði, þeir geti fullt eins vel hér eftir sem hingað til hallað sér að Borgarnesi og jafnvel Reykjavík. Að mínu áliti felst í þessu mikill misskilningur og gengur örugglega alveg þvert á skoðun og vilja fólksins í Strandasýslu. Fólkið í Strandasýslunni á lítið erindi til Borgarness og því síður til Reykjavíkur til að rækja ýmis félagsleg tengsl við aðra Vestfirðinga. Ég get í því sambandi t. d. minnt á fundi Fjórðungssambands Vestfirðinga, á fundi kjördæmissamtaka stjórnmálaflokkanna sem þurfa að vera með reglulegu millibili, og svo auðvitað hvers konar félagsleg samskipti, menningarleg og ekki síst atvinnuleg. (**Gripið fram í:** Hafa þeir eitthvað að sækja til Ísfirðinga í því?) Hv. þm. er kannske ekki kunnugt um að Ísafjörður er í Vestfjarðakjördæmi, en Borgarnes í Vesturlandskjördæmi og Reykjavík er sérstakt kjördæmi. Vegalengdirnar þarf ég ekki að ræða um. (**Gripið fram í:** Strandamenn í Strandasýslu.) Þeir í Strandasýslu tilheyra Vestfjarðakjördæmi.

Það er sannarlega mál til þess komið að einangrun Strandamanna linni. Mér er það satt að segja undrunarefni að þessi litli spotti yfir Steingrímsfjarðarheiði skuli ekki fyrir löngu hafa verið fullgerður. Það er vitað mál að það eru íbúar Barðastrandarsýslu sem öndverðastir eru þeirri leið að farið verði um Steingrímsfjarðarheiðina. Ég vil benda á það alveg sérstaklega, að í yfirlýsingu okkar Vestfjarðaþingmanna er lögð áhersla á að ekki verði í neinu dregið úr þeim vegaframkvæmdum sem þegar eru á vegáætlun og koma Barðstrendingum sérstaklega til góða. Þessar framkvæmdir, við einn erfiðasta tálmann á Hjallahálsi, eru þegar hafnar. Í sumar verða veittar til hans samkv. till. til vegáætlunar 140 millj. kr. Þar eru fleiri torfærur sem verður unnið að á næstu árum af fullum krafti samkv. ákvörðun sem þegar hefur verið tekin. Ég vil sérstaklega benda þar á eina litla sveit sem ég hygg að eigi hvað mest í vök að verjast kannske á öllu Íslandi byggðarlega og það er Gufudalssveitin, sem eðlilega hefði þótt mikill fengur að því að aðaltengivegurinn lægi þar um. En ég hygg að þær vegafram-

kvæmdir, sem eru á döfinni nú í Barðastrandarsýslu, muni létta að miklu leyti þeim feiknalegu erfiðleikum sem þessi fámenna sveit á við að búa, sérstaklega að vetrinum.

Mér hefur alltaf þótt það einsýnt mál að tenging Inn-Djúps hlyti að skoðast sem sérstakt verkefni sem hluti af svokölluðum hringvegi, því varla telst hringurinn farinn kringum Ísland ef Vestfirðir eru ekki með. Ég man raunar að hv. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, lét einhvern tíma svo um mælt um Vestfirði, að þetta væri óþarfa slaufa á landinu sem þyrfti helst að klippa af. En ég held að það hafi verið sagt meira í gamni en alvöru og ég veit að hv. þm. vill gera það sem hann telur best og réttast í þessum málum. (**Gripið fram í:** Þetta er slæmt rangminni hjá þm.)

Ég fagna því að að því er virðist er þetta sjónarmið nú loksins viðurkennt og komið á blað. Og ég held að þm. Vestfjarða hljóti að ganga eftir því að þessi framkvæmd við tengingu Vestfjarða með skaplegum vegi við aðalvegakerfið verði ekki til þess að þrengja um of og þrengja yfirleitt nokkuð að öðrum almennum vegaframkvæmdum í kjördæminu.

Það er á till. til vegáætlunar nú og raunar á upphaflegri vegáætlun fyrir 1979—1982 gert ráð fyrir að framkvæmdin við þessa tengingu verði hafin á árinu 1982. Ég held að það sé í rauninni sjálfsagt mál að bíða ekki í tvö ár til viðbótar, svo lengi sem Vestfirðingar eru búnir að bíða veglausir eftir því að komast í almennilegt vegasamband við aðalþjóðvegi landsins. Og mér skilst að hæstv. samgrh. hafi látið þess getið í máli sínu að reynt yrði að færa þessa framkvæmd fram. (**Sjútvrh.:** Nei, svo er ekki.) Það vona ég a. m. k. að hann hefði sagt. (Gripið fram í.) Þó að framkvæmdir yrðu ekki hafnar af fullum krafti yrði a. m. k. hafinn undirbúningur og lokið þeim rannsóknum sem til þarf þegar á næsta ári til að flýta fyrir því að framkvæmdin sjálf komist í fullan gang.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég fagna því, eins og ég sagði, að þessi ákvörðun er nú loksins tekin. Og ég veit af viðtölum mínum við fjölda þm. og fólk utan þingsala, að það þykir almennt hafa dregist ótrúlega lengi að þessi ónýta vegatenging á milli Vestfjarða og aðalvegakerfis landsins væri aflögð og gerður mannsæmandi vegur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 83. fundur.

Þriðjudaginn 13. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 482). — 1. umr.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Félmn., hefur orðið sammála um að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 frá 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta, 194. mál, en það er í tveimur greinum og aðalatriðið er 1. gr. er hljóðar svo:

„Aftan við 24. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Einnig skal veita úr sjóðnum styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila, svo og vistheimili.“

Eins og fram kemur í grg. er nauðsyn á að þessi breyting verði gerð, þar sem sjálfseignarstofnanir verða annars úti miðað við fjárveitingar. Stjórnarnefnd þroskaheftra mun á næstunni úthluta og skipta fé Framkvæmdasjóðs og því er þessi breyting nauðsynleg.

Það er og brtt. sem ég og Salome Þorkelsdóttir flytjum við þetta frv., en hún er svo hljóðandi:

„Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

Við a-lið 25. gr. laganna bætist:

Til viðbótar framlagi samkv. 1. málslið skal ríkissjóður leggja sjóðnum til a. m. k. 225 millj. kr., í fyrsta sinn á árinu 1981. Skal sú fjárhæð hækka í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar miðað við árið 1980 að grunni.“

Tilefnið að þessari brtt. er augljóst. Við flm. teljum að þegar lögin um aðstoð við þroskahefta voru samþ. á s. l. vori hafi átt að gera ráð fyrir því, að sjálfseignarstofnanir fengju fé annars staðar eða beint á fjárlögum, en ekki úr Framkvæmdasjóði. Félmn. Nd. gerði tillögur til fjárveitingavaldsins um að Styrktarsjóður vangefinna yrði áfram á fjárlögum með 210 millj. og styrkur til fatlaðra yrði 15 millj. kr. Við meðferð fjárlaga um daginn voru þessi framlög felld niður og verksvið þeirra færð undir Framkvæmdasjóð án þess að aukið framlag fengist til sjóðsins. Brtt. í þá veru, að áður nefnd framlög væru áfram á fjárlögum, var felld við afgreiðslu fjárlaga. Það er því ljóst að Framkvæmdasjóður var þar með skertur verulega frá því að Alþ. samþykkti hann í vor.

Við teljum nauðsynlegt vegna komandi tíma að tryggja sjóðnum aukið fjármagn. Mér er tjáð að nú þegar hafi borist beiðnir um nærri 2 milljarða í úthlutun á þessu ári, en til ráðstöfunar eru 1060 millj. Því flytjum við þessa tillögu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 84. fundur.

Þriðjudaginn 13. maí, að loknum 83. fundi.

Iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 414, n. 500). — 2. umr.

Of skammt er liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Iðnn. hefur athugað það mál sem hér er til umr. og skilað nál. á þskj. 500. Þar kemur fram að n. mælir með því að frv. þetta sé samþ. Hér er ekki um ágreiningsmál að ræða.

Þess skal getið að á einn fund n., þar sem fjallað var um frv., komu forsvarsmenn helstu iðnaðarsamtaka í landinu, svo sem frá Félagi ísl. iðnrekenda og Lands-

sambandi iðnaðarmanna, og auk þess menn frá Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði sjálfum. Af hálfu allra aðila var lögð áhersla á að mál þetta fengi afgreiðslu á þessu þingi.

Hér er um að ræða staðfestingu á samningi sem gerður var 29. apríl s. l. um breytingar á Iðnþróunarsjóðnum, en Iðnþróunarsjóðurinn var, eins og kunnugt er, á sínum tíma stofnaður með aðild allra Norðurlandanna til að gegna sérstöku veigamiklu hlutverki í íslenskum iðnaði. Eins og reglur sjóðsins eru núna er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki fé það, sem hann veitir í lánum, af stofnfé sínu og tekjum og að lánveitingar skuli ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Það er gert ráð fyrir að sjóðurinn stefni að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og forðast ónauðsynlega áhættu.

Þá er gert ráð fyrir að í sérstökum tilvikum sé heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum eða framlögum, m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana, en slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfé.

Í því frv., sem hér er til umr., felst sú breyting, að sjóðurinn fær heimild til lántöku til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til þess að veita í sérstökum tilvikum lán eða framlög til viðbótar við 10% af stofnfé sjóðsins, einnig 10% af eigin fé miðað við ársbyrjun 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Herra forseti. Þegar mál þetta var til 1. umr. var það ítarlega skýrt í hv. d. Ég hef hér drepið á meginatriði frv. og sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 428, n. 501, 502). — 2. umr.

Of skammt er liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. þetta og hefur í nál. á þskj. 501 lagt til að frv. verði samþ. Einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að fylgja eða flytja brtt.

Hér er um að ræða ákaflega þýðingarmikið mál fyrir íslenskan iðnað, þar sem er Iðnrekstrarsjóður. Ég ætla ekki hér að fara að ræða almennt um gildi þessa sjóðs eða þýðingu, því að þá þyrfti ég að halda ræðu um íslenskan iðnað, ástand hans og horfur og gildi hans fyrir framtíðarþróun atvinnulífs á Íslandi. Við 1. umr. þessa máls var af hæstv. iðnrh. gerð ítarleg grein fyrir þessu frv. og einnig komu þá fram gagnlegar ábendingar frá hv. 3. þm. Norðurl. e.

Það kemur öllum saman um að það varði miklu að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ég vil láta þess getið, að á einn fund iðnn., þar sem mál þetta var tekið til meðferðar, voru boðaðir forsvarsmenn fyrir Félag ísl. iðnrekenda, Iðnþróunarsjóð, Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga og Iðnlánasjóð. Fulltrúar frá öllum þessum aðilum komu á fundinn. Einnig voru boðaðir á fundinn fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og Landssambandi iðnverkafólks, en þaðan komu ekki fulltrúar á þennan fund n. Ég hygg þó að það breyti engu um það sem ég ætlaði hér að leggja áherslu á og skýra frá, að allir fulltrúarnir, sem komu á fundinn, lögðu sérstaka áherslu á að þetta mál næði fram að ganga á þessu þingi, frv. yrði samþ. fyrir þinglok þó að skammur tími væri til stefnu.

Efni þessa frv. er ekki í neinum aðalatriðum ágreiningsefni og það lögðu fulltrúar þeirra samtaka, sem ég hef hér getið um, áherslu á. En það hafa komið fram samt hugmyndir og tillögur um að haga skipan stjórnar Iðnrekstrarsjóðs á annan veg en frv. gerir ráð fyrir.

Í fyrsta lagi mun það sjónarmið hafa komið fram við undirbúning málsins, að ekki væri rétt að fjölga í stjórn sjóðsins frá því sem verið hefur. Samkv. frv. er gert ráð fyrir að stjórnina skipi sjö menn, en fimm skipa hana samkv. gildandi lögum. Með frv. er gert ráð fyrir að það komi tveir fulltrúar í viðbót, frá Landssambandi iðnverkafólks og frá Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Það er sjálfsagt álitamál hvort réttara sé að hafa fimm eða sjö menn í stjórn sjóðsins, en n. gerir ekki tillögur eða einstakir nm. um breytingu á tölu stjórnarmanna.

Hins vegar höfum við hv. 11. landsk. þm. borið fram till. um að það verði sú breyting á skipan stjórnarinnar, að í staðinn fyrir að þar verði einn fulltrúi frá Sambandi ísl. samvinnufélaga komi að þar verði einn fulltrúi frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Þessi till. er byggð á því sjónarmiði, að ekki sé eðlilegt að í stjórn Iðnrekstrarsjóðs sé fulltrúi frá einu ákveðnu fyrirtæki. Það kynni að vekja tortryggni annarra fyrirtækja sem þurfa að leita til sjóðsins og m. a. kynna nýjungar sem þau fyrirtæki telja ekki æskilegt að samkeppnisfyrirtæki séu með nefið ofan í. Þessu sjónarmiði var lýst á fundi iðnn., en jafnframt tekið fram að það væru engar sakir í þessu efni bornar á Samband ísl. samvinnufélaga. — Við, sem berum fram brtt. varðandi þetta efni, teljum, að það sé ekki óeðlilegt að fylgt sé þeirri reglu að einstök félög eigi ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins, og höfum því látið okkur detta í hug að hægt væri að samræma þetta sjónarmið skoðun þeirra sem leggja áherslu á að Samband ísl. samvinnufélaga sé aðili að stjórn sjóðsins. Með það í huga er lagt til að í staðinn fyrir fulltrúa frá Sambandi ísl. samvinnufélaga komi fulltrúi frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna í stjórn sjóðsins.

Ég vil svo að lokum vekja athygli á einu atriði, að í grg. með frv. um Iðnrekstrarsjóð felst sú breyting að þar er ekki gert ráð fyrir neinu beinu ríkisframlagi til Iðnlánasjóðs, eins og er samkv. núgildandi lögum, en samkv. fjárlögum á framlag að vera 300 millj. kr. á ári. Það mun ekki vera neinn ágreiningur um það meðal forsvarsmanna iðnaðarins að þetta spor sé stigið í rétta átt, en bent er á að þá verði að ganga út frá því að sama regla gildi um ýmsa aðra sjóði atvinnuveganna, að þeir njóti ekki heldur beins framlags úr ríkissjóði. Það er af ýmsum lögð sérstök áhersla á að Iðnlánasjóði verði heimilað að afla fjármagns erlendis og á innlendum markaði til starfsemi sinnar milliliðalaust, og menn leggja áherslu á þetta sjónarmið um leið og Iðnlánasjóðinn á að skerða með því að taka af framlag ríkissjóðs. Ef þessa er gætt hygg ég að það sé almennt samþykki fyrir þeirri stefnu sem fram kemur að þessu leyti í frv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrði frekar um þetta mál á þessu stigi, nema að gefnu tilefni.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að flytja hér langa tölu eftir að formaður iðnn., hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, hefur gert svo ítarlega og góða grein fyrir málinu og umfjöllun þess í iðnn. sem mér þótti hann gera, eins og honum var til trúandi, af hlutlægni og góðum skilningi. Erindi mitt er aðeins að andmæla brtt. við frv., sem hann gerði hér grein fyrir, sem þeir eru flytjendur að hann og hv. þm. Egill Jónsson.

Sjálfur sagði hann frá því, hvernig brtt. er til komin. En ég vil undirstrika það atriði nú við þessa umr. að af hálfu fulltrúa iðnaðarins, sem saman voru komnir á fundi iðnn., þegar eftir því var gengið við þá ljósum orðum hvort þeir fyndu nokkurn þann annmarka eða meinbug, eins og það var orðað, á frv. þessu sem réttlætti að afgreiðsla þess væri nú tafin þannig að hún færi ekki fram á þessu þingi, þá fékkst ekki fram ein einasta rödd, sem með slíku mælti, og enginn sagði slíkan löst á frv. sem afsakaði það að afgreiðsla þess yrði nú tafin, enda gaf hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson ekkert slíkt í skyn í sinni ræðu.

Hitt vildi ég að kæmi fram nú við þessa umr., að einungis einn af fulltrúum iðnrekenda, sem á fund n. kom, það var formaður Félags ísl. iðnrekenda, Davíð Scheving Thorsteinsson, gerði grein fyrir áhyggjum sínum út af því, að Samband ísl. samvinnufélaga fengi fulltrúa í stjórn Iðnrekstrarsjóðs, og rökstuddi á þá lund sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson gerði hér áðan og gerði þó hans orð ekki að sínum, heldur gerði þar grein fyrir skoðunum formanns Félags ísl. iðnrekenda. Af hálfu annarra fulltrúa iðnaðarins, sem á fund n. komu, var ekki gerð grein fyrir slíkum ugg sem þessum.

Ég skil hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson og hv. þm. Egil Jónsson mjög vel, þar sem þeir leita þess nú að koma málunum þann veg fyrir að enginn úr hópi iðnaðarins, ekki einu sinni Davíð Scheving Thorsteinsson, geti fett fingur út í neitt atriði frv. og þá ekki heldur út í skipun stjórnar Iðnrekstrarsjóðs. Aftur á móti er hugmyndin um það að leysa svo stjórn Iðnrekstrarsjóðs frá hinu slæma Sambandi ísl. samvinnufélaga að setja þar fulltrúa Vinnumálasambands samvinnufélaganna í staðinn með þeim hætti, að samsvara mundi því að Félag ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna fengju ekki fulltrúa í stjórn Iðnrekstrarsjóðs, heldur Vinnuveitendasamband Íslands í staðinn. Ekki segi ég þetta til að kasta rýrð á viðleitni hv. þm. sem að brtt. standa, heldur vil ég aðeins undirstrika það atriði, að við sneiðum ekki fram hjá neinum vanda með þessum hætti. Ef fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga í stjórn Iðnrekstrarsjóðs, sem er samband fyrirtækja á líkan hátt og Félag ísl. iðnrekenda er samtök atvinnurekenda, vildi það viðhafa að stunda þar iðnaðarnjósnir í þágu fyrirtækja sinna, þ. e. samvinnufélaganna, væri náttúrlega fulltrúa Vinnumálasambands samvinnufélaganna, ef við vildum dulbúa fulltrúa SÍS á þann hátt, trúandi til þess á sama hátt. Ætla mætti einnig að þeir fulltrúar, sem Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna skipuðu í stjórn sjóðsins, yrðu starfsmenn, forstjórar eða áhrifamenn í einhverjum af fyrirtækjum iðnaðarins og væru þá einnig á sama hátt tortryggilegir í stjórn Iðnrekstrarsjóðs. Ég er þeirrar skoðunar, og ég er viss um að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson er mér sammála um það, að við verðum að leita annarra ráða til að tryggja heiðarleg vinnubrögð í Iðnrekstrarsjóði. Við hljótum að finna til þess ráð að setja slíkar reglur um starfsemi stjórnar Iðnrekstrarsjóðs að þar eigi sér ekki stað brall af þeirri tegund sem Davíð Scheving Thorsteinsson — ekki vil ég víkja illu að honum eða neinu ónotalegu hér þar sem hann er víðs fjarri — lét sér til hugar koma að fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga kynni að iðka í sjóðnum.

Svo vil ég í lokin, herra forseti, á sama hátt og formaður iðnn., hv. frsm., leggja áherslu á nauðsyn þess að við afgreiðum þetta mál úr þinginu núna, svo sem heitið hefur verið.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. vék nokkru nánar en ég hafði gert að því sem gerðist á fundi hv. iðnn. Það var viðbót við það sem ég sagði. Ég hef ekkert við það að athuga sem hv. þm. sagði.

Ég hafði að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, sem mér fannst vera rauði þráðurinn í því sem hann sagði, að við nm. í hv. iðnn. tækjum tillit til þess sem gestir okkar sögðu um þetta efni, og það viljum við allir gera. En æðsta boðorð okkar allra er þó að fara að eigin samvisku og gera það að lokum upp við okkur sjálfa hvað við viljum gera í hverju máli, hvað góðir menn sem í hlut eiga og kunna að leggja eitthvað annað til. Þetta atriði, sem felst í brtt. okkar hv. 11. landsk. þm., er, ef svo mætti segja, „prinsip"-atriði. Það var tekið fram á fundi iðnn. af þeim gesti okkar, Davíð Scheving, sem lagði áherslu á þetta, að hann hefði engar kvartanir fram að færa á hendur fulltrúum Sambands ísl. samvinnufélaga í þessu sambandi. Það varð því að líta á þetta sem „prinsip"-atriði. Það er í þeim anda sem við flytjum brtt., ég og hv. 11. landsk. þm.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði að ef Vinnumálasamband samvinnufélaganna væri tekið inn í stjórn sjóðsins ætti Vinnuveitendasambandið að koma líka. Ég held að þetta sé misskilningur. Ég held að Vinnuveitendasambandið þurfi ekki að koma. Það er nægilegt, ef mætti orða það svo, að hluti af Vinnuveitendasambandinu sé aðili að stjórninni með því að fulltrúi Félags ísl. iðnrekenda er í henni. Félag ísl. iðnrekenda er aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands, þannig að mér sýnist að það yrði fullt samræmi hér á milli þó að Vinnumálasamband samvinnufélaganna kæmi. Auk þess kemur til, að annar aðili vinnumarkaðarins er þegar fyrir í stjórninni samkv. frv., þ. e. Alþýðusamband Íslands. Þannig sýnist mér að það sé fyllsta samræmi í því, ef Vinnumálasamband samvinnufélaganna kemur þarna inn. M. ö. o. sé ég ekki neina meinbugi á því að samþykkja brtt. sem við höfum flutt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 502 felld með 6:5 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 85. fundur.

Þriðjudaginn 13. maí, að loknum 84. fundi.

Iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 414). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 428). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 75. fundur.

Þriðjudaginn 13. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Sjómannalög, frv. (þskj. 143, n. 467, 468, 496). — 2. umr.

Frsm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 468 er brtt. frá samgn. Nd. við frv. til l. um breyt. á sjómannalögum nr. 67 frá 31. des. 1963, sbr. lög nr. 53 frá 20. maí 1969. Í nál. með þessari brtt. segir að n. hafi rætt málið á átta fundum og leitað álits hagsmunaaðila. Sex nm. leggja til að frv. verði samþ. með brtt., sem flutt er á sérstöku þskj. og þegar hefur verið getið. Valdimar Indriðason var ósamþykkur afgreiðslu n. og skrifar ekki undir nál., en hefur ekki aðstöðu til að gera grein fyrir afstöðu sinni þar eð hann hverfur nú af þingi. Steinþór Gestsson skrifar undir með fyrirvara. — Það skal strax tekið fram, að hér liggur nú frammi brtt. frá hv. þm. Steinþóri Gestssyni sem hann mun væntanlega gera grein fyrir.

Hér er á ferðinni mjög flókið og viðamikið mál. N. leitaði umsagnar Landssambands ísl. útvegsmanna, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga, sem komu fram fyrir hönd Skipadeildar SÍS annars vegar og Eimskipafélags Íslands og annarra farskipafélaga hins vegar. Einnig bárust umsagnir frá Sjómannasambandi Íslands. Fulltrúi Alþýðusambands Íslands sat fund n. og leitað var umsagnar sérfræðings í tryggingamálum, svo að nokkuð sé nefnt af því sem n. gerði til þess að komast til botns í þessu erfiða máli.

Það verður að segjast eins og er, að lögð var höfuðáhersla á að ná samkomulagi í n. um frv. þetta. Það tókst á endanum, þó með þeim undantekningum sem ég hef hér nefnt.

Ég hét Valdimar Indriðasyni því, að ég mundi gera nokkra grein í framsögu minni fyrir nál. og brtt. fyrir áliti hans á þessu máli. Hann var þeirrar skoðunar, að frv. hefði átt að samþykkja óbreytt eins og það var lagt fram á þinginu, en á tímabili hefði hann getað fellt sig við nokkrar minni háttar brtt. sem fram komu. Hann taldi að í brtt. samgn. væri gengið of langt til móts við kröfur Sjómannasambands Íslands og þar með hefði sjómönnum verið tryggð betri kjör en landverkafólki. Ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í álit hans á þessu, en mér ber skylda til að geta þess, að Landssamband ísl. útvegsmanna hefur, eftir að brtt. voru lagðar fram á þingi, mótmælt þeim mjög harðlega og látið að því liggja að það kynni að torvelda mjög þá kjarasamninga sem fram undan eru við sjómenn ef till. næðu fram að ganga eins og þær eru í brtt. frá samgn.

Það er rétt að fara nokkrum orðum um aðdraganda þess frv. sem hér liggur fyrir.

Eins og hv. þm. rekur vafalaust minni til var ákveðið með lögum í nóv. 1978 að draga úr hækkun verðbóta á laun frá 1. des. 1978 með sérstökum aðgerðum, einkum á sviði verðlags- og félagsmála. Samráð var haft um þessar aðgerðir við heildarsamtök launafólks, m. a. um að 3% lækkun verðbóta skyldi mætt með úrbótum í félagslegum réttindamálum. Af hálfu sjómannasamtakanna var samþ. ályktun eða kröfugerð á kjaramálaráðstefnu, sem haldin var dagana 8. og 9. des. 1978, og efni þetta kynnt forsrh. á gamlársdag það ár. Málið mun síðan hafa verið tekið fyrir á fundi í ríkisstj. 4. jan. 1979 og þá samþ. að hlutaðeigandi fagráðuneyti skyldi vinna að athugun og framkvæmd einstakra þátta þess. Kröfugerð sjómanna var ákaflega margþætt og málsþættir mjög misjafnlega vaxnir. Það féll í hlut þáv. samgrh., Magnúsar H. Magnússonar, að fjalla um þessi mál, og það var fyrir hans forgöngu að frv. þessa efnis var samið.

Þess ber að geta, að sum atriði í þessu frv. eru eða voru ágreiningslaus og tiltölulega kostnaðarlítil framkvæmdaatriði, önnur voru útgjaldasöm fyrir ríkissjóð og nokkur vörðuðu gömul ágreinings- og deiluefni útvegsmanna og sjómanna, þ. e. sá þáttur sem vék að kjaramálum sjómanna áður en þetta frv. kom fram.

Það er ástæðulaust að rekja þá þætti félagsmálapakka sjómanna sem þegar eru orðnir að lögum og þeir hafa fengið, en það atriði í brtt., sem kannske á eftir að valda mestum deilum, er sú regla sem þar er og kemur fram í 3. gr. frv. og ég mun koma að síðar. Þetta er svokölluð staðgengisregla.

Ég mun ekki hirða um að hafa langt mál um aðdragandann að þessu frv., enda er það fremur í verkahring hæstv. ráðh., sem um þetta mál fjallar, að gera grein fyrir því, hverju sjómannasamtökunum hefur verið lofað og hvernig sá þáttur snýr að útgerðarmönnum. En ég vil geta þess, að samgn. Nd. gerir þær helstar breytingar á frv. að í 2. mgr. er felld úr síðasta setningin þar sem segir: „Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabila, sem eru hefðbundin og þekkt fyrirfram."

Þessari niðurfellingu hefur verið mjög harðlega mótmælt af LÍÚ og bent á frá þeirri hlið að hún kunni að valda því að útgerðarmenn verði að gera sérstaka ráðningarsamninga við sjómenn hverju sinni, fyrir hvert einasta tímabil sem þeir eru ráðnir á skip. Sjómannasamband Íslands gerði hins vegar kröfu um að þetta atriði yrði fellt niður úr frv. Ég verð að segja það persónulega, að ég er ekki mjög skilningsríkur á þá kröfu og hefði talið

að þessi setning ætti að vera í lögunum. Um það náðist ekki samkomulag og þar við sat.

Þá vil ég víkja að 3. mgr. frv., þar sem gerð er mjög umtalsverð breyting. Um miðja 3. mgr. er talað um raunveruleg misskipti yfirmanna og undirmanna á skipum, þ. e. að samkv. staðgengisreglunni eiga yfirmenn, sem eru launahærri menn en undirmennirnir, að njóta tveggja mánaða samkv. staðgengisreglunni á meðan undirmennirnir fá ekki nema einn mánuð. Þetta tel ég vera atriði sem þarf að leiðrétta í frv., enda voru flestir nm. sammála um að strika út þá setningu þar sem segir: „ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, en einn mánuð, ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipinu."

Með því að strika þessa setningu út gilda sömu reglur um undirmenn og yfirmenn og þar er ekki farið í neitt manngreinarálit. Ég tel eðlilegt að nokkur launamismunur sé á undir- og yfirmönnum, en þegar kemur að tryggingaþáttum, þar sem allir eiga að vera jafnir fyrir lögunum, tekur það ekki nokkru tali að mínu mati að yfirmenn njóti betri kjara en undirmenn á skipum. Það kann svo að vera ágreiningsatriði hvort þarna ætti að vera einn eða tveir mánuðir. Það skal játað að með breytingunni og brtt., eins og hún liggur nú fyrir, fá sjómenn mánuði lengra veikindafrí en landverkafólk. Það felst m. a. í staðgengisreglunni, sem er kannske eitthver mestu mistök sem orðið hafa í samningagerð hér á landi, þar sem sjómenn njóta fulls hlutar þó að þeir séu veikir í landi, sem m. a. kemur fram í því að togaraskipstjóri á Vestfjörðum eða hvar sem er fær fullan hlut þó að veikur sé í landi og þar með verður útgerðin að borga tvöfaldan launakostnað. Þetta getur náttúrlega komið afskaplega illa við ef um er að ræða rækjubát sem á eru tveir menn. Þessi regla getur riðið útgerðinni að fullu. — Þessi breyting hefur verið gerð, en ósk Sjómannasambands Íslands um að tvær síðustu setningar 3. mgr. yrðu felldar niður var ekki tekin til greina.

Þá er í 4. mgr. breytt orðunum „þrjú ár" síðast í fyrstu setningu í: tvö ár, og í síðustu setningu: „fimm ár" í: fjögur ár. Þarna er stytt það tímabil sem sjómenn þurfa að vinna til að njóta þeirra kjara sem þessi lög eiga að tryggja þeim. Þetta jafngildir því að sjómaður, sem búinn er að vera í fjögurra ára starfi, á rétt á sjö mánaða veikindafríi.

Í 5. mgr. er fellt niður orð. Í fyrstu línu stendur aftast: „á beinni leið" Orðið „beinni" er fellt út. Þetta orð er hálfgerður hortittur í frv. og þjónar þar engum tilgangi.

6. mgr. frv. er í brtt. felld niður. Þetta er gert samkv. ósk Sjómannasambands Íslands. Persónulega var mér nokkur ami að því að fella þá grein niður, en get fallist á þær röksemdafærslur sem hafðar hafa verið í frammi um að hún sé ekki réttlætanleg í frv.

7. mgr. er óbreytt eins og í frv., en 8. mgr. er breytt til samræmis við lög um landverkafólk. Tel ég það mjög eðlilegt vegna þess að þar er um samræmingaratriði að ræða, en ekki annað.

Að öðru leyti hefur n. ekki gert breytingar á lögunum fram yfir það sem ég hef nú talið upp. Ég legg áherslu á að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, eins og sjómönnum hefur margoft verið lofað, en þeir ávallt verið sviknir um. Ég vil geta þess, að slysatíðni er óvenjulega mikil í þessari atvinnugrein og því er mjög mikils virði að öll tryggingamál sjómannastéttarinnar séu í góðu horfi. Slysatíðnin er þó samkv. skýrslum meiri hjá undirmönnum. Það er m. a. af þeirri ástæðu að n. þótti eðlilegt að gera ekkert úr þeim mun sem gerður hefur verið á undir- og yfirmönnum í samningum á undanförnum árum. Athuganir, sem voru gerðar á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, benda til þess, að þótt aðeins 8% starfandi manna stundi sjómennsku verði þeir fyrir um 20% allra vinnuslysa. Auk þess er talið að 80% þeirra sjómanna, sem slasast við vinnu sína, séu undirmenn. Það er því sannarlega tímabært að löggjafinn láti þetta mál til sín taka og tryggi réttindi sjómanna í veikindum og slysum þannig að þjóðinni sé ekki vansi að.

Þótt meginefni þessa frv. og tilgangur þess sé að bæta réttarstöðu sjómanna í slysa- og veikindatilfellum til jafns við slík réttindi landverkafólks er þar þó tekið á ýmsum málum öðrum, þar sem úrbóta var talin þörf, og þar byggt nokkuð jöfnum höndum á ábendingum samtaka sjómanna og útvegsmanna.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa orð mín fleiri um þetta mál, en vil endurtaka það, að sex nm. voru sammála um þá brtt. sem hér er til umr., einn með fyrirvara, sem flutt hefur brtt., og einn nm. skrifaði ekki undir álitið.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þá brtt., sem n. flytur. Ég kýs að gera örstutta grein fyrir þeirri till. sem ég flyt.

Frsm. lýsti í nokkru aðdraganda að gerð þessa frv. Það er sem sagt flutt til að fullnægja loforði sem sjómannasamtökunum var heitið að komið yrði fram um aukin félagsleg réttindi sjómanna. Það er, eins og segir í grg. með frv., meginmarkmið frv. að auka annars vegar rétt sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum til samræmis við aukin réttindi landverkafólks á þessu sviði, en hins vegar að tryggja sjómönnum réttmætar kaupgreiðslur eftir að afskráning hefur farið fram.

Þegar ég kom til vinnu í samgn., sem hafði þetta frv. til meðferðar, höfðu menn fjallað allmikið um málið og gert nokkrar breytingar við frv., sem flestar eru í þeim brtt. sem lagðar voru fram að lokum.

Ég vil ekki gera lítið úr því að sjómönnum sé tryggður sem mestur réttur við sitt starf, jafnáhættusamt og erfitt sem það er. Þeir hafa sérstöðu að því er varðar öll störf manna í þessu landi. En það, sem gerir það að verkum að ég kýs að flytja þá brtt. sem ég hef lagt fram er sú grundvallarskoðun mín, að með lagasetningu eigi ekki að hrófla við samningum sem gerðir hafa verið, — ekki nema í ítrustu neyð. Ég lít þannig á, að sú breyting, sem n. kom sér saman um að gera á 3. mgr. 1. gr. frv., gangi á móti þeim samningum sem gerðir hafa verið við sjómenn. Aftur á móti er frv., eins og það var lagt fram, í samræmi við þá samninga sem í gildi eru. Ég taldi því meira en réttlætanlegt að hafa þá grein innan þess ramma sem frv. setur, þar sem mér er ekki annað kunnugt en að aðilar hafi verið ásáttir um frv. eins og það var lagt fram. Annað hefur ekki komið fram svo ég viti til.

Í frv. hefst 3. mgr. með þessum hætti, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, en einn mánuð, ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipinu."

Svona er þetta sett upp í frv. eins og það kom til nefndarinnar. N. hefur aftur á móti gert þá breytingu að orða mgr. á eftirfarandi hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði.“ Lengra nær ekki mgr. í breytingum nefndarinnar.

Eins og ég sagði áðan þótti mér einsýnt að [illegible]yrði að halda lögunum innan þeirra marka sem sambærilegar hafa gilt um. Ég hef því flutt brtt. sem er á þann hátt, að í staðinn fyrir orðin „þó ekki lengur en í tvo mánuði“ komi: þó ekki lengur en í einn mánuð, nema um lengri tíma hafi verið samið milli aðila.

Með þeim hætti tel ég að orðalag sé í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið á milli aðila í þessu efni. Ég tel það affarasælast fyrir Alþ. að hrófla sem allra minnst við samningum með lagasetningu. Því flyt ég þessa till. og tel að það sé í samræmi við þá réttlætisvitund, sem við höfum yfirleitt, og virðingu, sem við viljum bera fyrir samningum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða mikið efnislega það sem hér er til umr., en ég vil þó segja að ég fagna því að sjálfsögðu að hér er lagt til að hætt verði að fara í manngreinarálit í sambandi við tryggingaleg atriði um borð í fiskiskipum. Hitt er svo annað mál, sem menn velta að sjálfsögðu fyrir sér, að með lögfestingu á tveggja mánaða staðgengisreglunni er verið að ganga lengra en t. d. almennt verkafólk í landinu hefur samið um. Ég er ekki að mæla gegn þessu. Ég held að þetta hljóti að verða hvatning og fordæmi sem löggjafinn muni fylgja eftir með því að réttur verkafólks almennt verði sami og hér er um rætt. Það er óeðlilegt að gera upp á milli einstakra þjóðfélagsþegna og stétta. Hér hlýtur því að vera skapað fordæmi og almennt verkafólk í landi hlýtur af löggjafans hálfu að fá sama rétt og hér er verið að tala um. Það getur vart hjá því farið.

Það var ekki ætlan mín að ræða efnislega um þetta mál. Ég kem fyrst og fremst hér upp til að spyrja hæstv. samgrh. (**Gripið fram í:** Sjútvrh.) Þetta heyrir að ég best veit undir samgrh. Er það ekki? (**Gripið fram í:** Jú, það er rétt.) Mig langar að spyrja hæstv. samgrh. hvort frv. sjálft á þskj. 143 og brtt. frá samgn. á þskj. 468 innihaldi þau loforð sem hæstv. samgrh. og sjútvrh. hefur gefið sjómannasamtökunum, m. a. eins og látið hefur verið í skína að hann hafi gert að því er varðar samningamál á Vestfjörðum. Spurning mín til hæstv. ráðh. er sú: Er hann hér að efna að fullu þau loforð sem hann gaf sjómannasamtökunum í sambandi við þessi mál og áður hafa verið gefin? Ég æski þess að hæstv. ráðh. svari þessu alveg hreint. Að öðru leyti ætla ég ekki — að sinni a. m. k. — að hafa fleiri orð um málið.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. frsm. sagði, að hér er um ákaflega viðkvæmt mál að ræða. Svo er gjarnan þegar með lögum á að skipa svo viðkvæmum málum sem oft reynist erfitt að útkljá í hinum frjálsu samningum. Í raun og veru er allt það mál, sem hér er um að ræða, þess eðlis.

Ég skal svara þeirri spurningu, sem hv. þm. Karvel Pálmason beindi til mín, en hafa að henni aðeins aðdraganda.

Eins og kom fram í ræðu hv. frsm. var sjómönnum lofað um áramótin 1978—1979 að gerðar yrðu breytingar á tryggingum þeim sem þeir hafa í veikinda- og slysatilfellum. Út af fyrir sig var málið þá ekki nánar skilgreint þó að í viðræðum kæmu fram þau atriði sem þeir lögðu áherslu á. Því verður ekki neitað að þetta mál hefur síðan dregist mjög mikið og allt of mikið. Ástæðan er vitanlega sú, að hér er um ákaflega viðkvæmt mál að ræða. Erfitt reyndist að ná samstöðu með sjómönnum og útvegsmönnum um samningu frv. Að lokum varð fyrrv. samgrh. að skera á hnútinn, getum við sagt, eins og fram kemur í upphaflegu frv. Ég mælti þá fyrir því frv. hér og tók skýrt fram að ég tæki ekki efnislega afstöðu til einstakra atriða frv. Ég hef talið að sumu mætti breyta, en lagði áherslu á að til að tefja ekki málið vildi ég koma því til n. fremur en að flytja nýtt frv., sem tvímælalaust hefði tafið þetta mál miklu meira, og lagði áherslu á að n. fjallaði um málið og hraðaði því.

Til mín komu fulltrúar sjómanna og gerðu grein fyrir þeim aths. sem þeir höfðu við þetta frv. að gera. Ég hét þeim því þá að þær aths. skyldu komast til n. og verða um þær fjallað þar, og ég lagði áherslu á það, m. a. í framsöguræðu minni, að um aths. sjómanna yrði vandlega fjallað. Ég lofaði ekki stuðningi við eina fremur en aðra af þessum tillögum þeirra.

Hv. þm. spyr jafnframt um það loforð sem hafði verið gefið sjómönnum á Ísafirði, þar sem deilt var. Það liggur fyrir skriflega og þarf ekkert um það að deila og mun hafa verið, að því er ég best veit, lesið upp á samningafundi þar. Orðalag er nokkurn veginn svo, — ég er ekki með það hér, — að ég muni leggja á það áherslu, sem ég get, og beita mér fyrir því að frv. til l. um breyt. á sjómannalögum — það sem hér er til umr. — verði afgreitt á þessu þingi. Þannig er þetta nokkurn veginn orðrétt, en getur orðið alveg nákvæmt ef þess er óskað.

Ég vil jafnframt segja, að ég hef átt viðræður við nm. og vil fagna ágætu samstarfi við n. um þessi mál. Mér hafa sýnst ýmsar brtt. sjómanna eðlilegar, og ég fagna ýmsum af þeim breytingum sem n. flytur. Ég hygg að n. hafi ratað nokkuð hinn gullna meðalveg í því sambandi.

Þó vil ég einnig láta það koma hér fram, að formaður LÍÚ hefur komið til mín og andmælt alveg sérstaklega þeirri breytingu sem er í 2. mgr., þar sem felld er niður setningin: „Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabila, sem eru hefðbundin og þekkt fyrir fram.“ Mér er það fyllilega ljóst að þessi kvöð, sem lögð er t. d. á við skulum segja lítinn rækjubát með ekki allt of mikla veltu, að halda manni á launum í kannske mánuð eða meira á meðan verið er að búa undir aðra veiði, getur verið ansi erfið, og hætt er við því að framkvæmd hjá útvegsmanni með tilliti til þessa verði sú, að maðurinn verði aðeins ráðinn til þess tíma sem vitað er að veiðihlé verði. Út af fyrir sig er því ekki sagt að sjómenn vinni allt með þessu. Þessu fylgir einnig að gera fleiri ráðningarsamninga en nú eru gerðir. Hitt er svo mætavel skiljanlegt frá sjónarmiði sjómannsins að þurfa ekki að vera atvinnulaus kannske alloft á ári, eins og nú er, á meðan breyta þarf frá einni veiði til annarrar. Mér finnst þessi krafa sjómannsins því eðlileg. Ég fyrir mitt leyti styð þetta eins og það er komið fram í frv.

Ég vil jafnframt með tilvísan til 3. mgr. segja það, að ég er því fylgjandi að sama sé látið yfir menn á skipinu ganga hvort um er að ræða yfirmenn eða óbreytta

sjómenn, þeir eigi sömu tryggingu. Mér er ljóst, eins og kom fram hjá hv. þm. Steinþóri Gestssyni áðan, að þarna er um breytingu á kjarasamningi að ræða. En ég verð að taka undir það, sem kom fram hjá hv. frsm., að það er varla boðlegt að menn á sama skipi búi þannig við ólíka tryggingu, m. a. með tilliti til slysatíðni, eins og kom fram í ræðu hans.

Ég tel að þær breytingar, sem gerðar eru á 4. mgr. um árafjölda, séu einnig eðlilegar. Ég vil lýsa því, að ég er jafnframt fylgjandi því að fella ekki niður næstu mgr. á eftir, sem farið var fram á af sjómönnum, þar sem um var að ræða að fara aftur á full laun í slysatilfellum þegar þeir væru í launalausu fríi. Ég held að það sé of langt gengið og ákaflega vafasamt að leggja slíkt á útgerð sem kannske í langan tíma hefur ráðið mann í plássið. A. m. k. getur minni útgerð vart staðið undir slíku. Mér sýnist því að vel hafi verið að þessu máli unnið og sjómenn geti vel við unað, en e. t. v. nokkuð harðræði gagnvart útvegsmönnum.

Ég vil hins vegar segja það almennt um þá þróun, sem nú er, að auka greiðslur atvinnurekenda vegna slysa- og veikindaforfalla, að það er áreiðanlega kominn tími til að leita að öðrum leiðum til að gera mönnum kleift að standa undir slíku en nú eru farnar í beinum greiðslum viðkomandi atvinnurekenda. Ég vek athygli á því, að slík réttindi eru mjög breytileg á milli atvinnugreina og eru sums staðar allt upp í 12 mánuði, t. d. í slysatilfellum, en annars staðar almennt ekki nema líklega 6 mánuðir mest. Þarna er einnig mikill munur á, hvort um veikindi er að ræða eða slysatilfelli. Mér sýnist ljóst að þróunin hljóti að verða í þá átt að menn hljóti auknar tryggingar og ég hygg að nauðsynlegt sé að skoða hvort ekki megi ná þessum árangri gegnum tryggingakerfið. Ég held að satt að segja væri eðlilegast að leita að tryggingum á hinum frjálsa markaði. Ég tel víst að þar sé unnt að fá tryggingar sem dreifi þessum byrðum. Vel kemur til greina, sýnist mér, að bæði atvinnurekendur og launþegar taki þátt í að kaupa slíkar tryggingar og þá til töluvert lengri tíma en er nú í mörgum tilfellum. Þetta held ég að hljóti að vera verulegt umhugsunarefni, því að því verður alls ekki neitað að um verulegar byrðar er að ræða fyrir minni atvinnurekendur og jafnvel svo að þeir geta ekki staðið undir lögboðnum greiðslum og þá er launþeginn litlu nær þótt hann hafi fengið ákvæði í samningi eða jafnvel í lögum um að svo skuli gert.

Ég vil svo segja að lokum að ég fagna því, að þetta mál er komið frá n., og ég leyfi mér að vona að það fái afgreiðslu á þessu þingi. Þá hygg ég að sjómenn geti alveg sæmilega við unað og unnt sé að viðurkenna að við loforð hafi verið staðið.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef sjaldan séð eins gott mál kynnt úr n. eins vandræðalega og hér hefur verið gert. Það virðist einhvern veginn vera þannig á þessu hinu háa Alþingi að ef eitthvað er lagt fram sem einhver hugmynd er á bak við, einhver nauðsyn til lagfæringar, þá er eins og það verði ævinlega þyngra fyrir fæti að fá það fram. Hér eru menn að leggja fram í gríð og ergi hverja vitleysuna á fætur annarri og allt gengur þetta vel og fallega í gegnum n., en ef á bak við eitthvað af þessu skyldi nú leynast virkileg hugsun fara menn að tafsa.

Ég vil segja það strax, að ég vakti athygli á göllunum við þetta frv. þegar það var lagt fram hér í deildinni, og ég fagna því, að það hefur verið tekið til greina og afgreitt og það hefur verið gert vel. Hér hafa menn verið að vandræðast yfir því. Jú, menn fallast á að það sé kannske alveg rétt að yfirmenn og undirmenn skuli hafa jafnlangt veikindaleyfi, en menn eru hræddir við að nú eru sjómenn komnir með lengra veikindaleyfi en verkafólk í landi. Hugsa sér! Skyldi nú ekki vera töluvert erfiðara fyrir sjómann að fara aftur til vinnu sinnar eftir veikindi en manninn sem getur komið heim til sín á kvöldin og talað við lækninn sinn hvenær sem honum sýnist? Hvernig stendur á að menn segja svona vitleysu hér? Auðvitað eiga sjómenn að hafa lengra veikindafrí en annað fólk. Það liggur í hlutarins eðli og það hefur n. sem betur fer skilið — sumir með semingi þó, en í öllu falli sýnist það geta orðið samþykkt hér.

Jafnframt eru menn að tala um — og ég er að hugsa hvað hv. þm., félagi Guðmundur J. Guðmundsson, hugsar þegar hann heyrir slíkar fullyrðingar og slíkan vandræðagang — að það sé alltaf hættulegt að vera að blanda lagasetningu í kjarasamninga og félagslegar umbætur eigi að koma í gegnum kjarasamninga. Mikið ansans ári held ég að þær væru stutt komnar ef löggjafinn hefði ekki stundum mannað sig upp og sett lög um félagslegar umbætur.

Ég get ekki séð að það geti verið neitt vandamál fyrir útgerðina að greiða sínu fólki veikindafrí rétt eins og öðrum. Það er áreiðanlegt að sjómennirnir okkar færa atvinnurekendum sínum þann auð í bú að það minnsta er að þeir greiði þeim sómasamlegt veikindafrí. Og ég vil ítreka það, sem hv. þm. Árni Gunnarsson sagði áðan, að þótt aðeins 8% starfandi manna séu sjómenn eru 20% vinnuslysa slys á sjómönnum. Þessir menn koma síðan í land eftir 50 ára útivist og fá 140 þús. kr. á mánuði úr lífeyrissjóði sjómanna. Er nú ekki mál til komið að Alþ. manni sig upp og reyni að bæta eitthvað kjör þessara manna? En það er nefnilega með sjómenn eins og fiskinn: Íslendingar hafa alltaf dauðskammast sín fyrir að borða fisk, og það er alveg eins og sjómenn hafi aldrei almennilega komist á blað þegar talað er um félagslegar umbætur. Og að hlusta á hv. 6. landsk. þm. vorkenna útgerðarmönnunum sínum í Bolungarvík. Ætli hann Einar Guðfinnsson telji nokkuð eftir sér að borga þessi veikindaleyfi. (Gripið fram í.) Ég skal engum segja það, Karvel, að þú hafir sagt þetta hérna inni.

Ég skal ekki lengja mál mitt mikið. Ég fagna þessu fram komna frv. og treysti hæstv. samgrh. að hagga þar ekki staf frá því sem nú er. Ég tel, að frv. sé mikil réttarbót fyrir sjómenn, og hygg, að sjómannastéttin kunni vel að meta ef það gengur í gegnum hið háa Alþingi áður en þinglok verða.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Til máls tekur hv. 5. þm. Suðurl., Vestmanneyingur, sem kannske finnur út hvort hann skammast sín fyrir að borða fisk. (**KP:** Það átti bara við Reykjavík.)

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Nei, ég held að við skömmumst okkar ekki fyrir að borða fisk í Vestmannaeyjum. Það vantar mikið á.

Hv. síðasti ræðumaður sagði að það væri verið að tala um mismunandi langan tíma í veikindum. Það er ekki um það sem málið snýst, heldur hitt, hvort eigi að borga mismunandi lengi eftir staðgengisreglu.

Hv. 2. þm. Suðurl. taldi að allir hefðu verið ásáttir um

þetta frv. Ekki passar það nú alveg. Sjómenn vildu fá meira, og útgerðarmenn vildu ekki ganga svona langt. Hitt er annað mál, að það var búið að gera eins mikið og hægt var til að ná samstöðu. Það var búið að nota mikinn tíma í það og vantaði ekki mikið á að sú samstaða næðist.

Undirbúningur þessa frv. var að mínu mati mjög vandaður. Það var haft samband við fjölda aðila og suma margoft og reynt var að sameina sem flest sjónarmið til að freista þess að málið fengi greiðan gang í gegnum hið háa Alþingi.

Ég get sjálfur mjög vel fallist á flestar brtt. hv. samgn. sem hér liggja fyrir. Flestar, segi ég, en ég er svolítið þenkjandi út af tveimur þeirra. Það er í fyrsta lagi staðgengisreglan. Ég tek þá undir það, sem hv. 6. landsk. þm. sagði, að ef við ætlum að samþykkja staðgengisregluna fyrir sjómenn í tvo mánuði hlýtur að leiða af sjálfu sér að sú regla kemur einnig fyrir allt landverkafólk. Aftur á móti tel ég að staðgengisreglan sé ekki rétt regla og það beri að hafa fleiri mánuðina, en ekki eftir staðgengisreglu, fjölga fremur mánuðunum mjög verulega, en láta staðgengisregluna sem slíka eiga sig.

Nú er það þannig, af því að við erum að tala um misskiptin, að yfirmennirnir hafa staðgengisregluna og hún verkar þannig, að ef skipstjóri verður veikur á togbát t. d. í Vestmannaeyjum er bátnum lagt. Það er ekkert annað hægt að gera því að útgerðin þolir ekki að greiða tvo skipstjórahluti. Það má segja að gallinn sé kominn af því að skipstjórarnir hafa þetta. Aftur á móti hafa undirmennirnir, hásetarnir á þessum sama bát, ekki nema tvo daga eftir staðgengisreglu og tólf samkv. kauptryggingu, þannig að þeir hafa raunverulega ekki nú nema hálfan mánuð. Þessi mismunun milli undir- og yfirmanna er í samningum og hún er líka í gömlu sjómannalögunum þótt merkilegt sé. Ég er mjög ánægður með þá till. n. að það falli niður. Ef menn eru sammála þessu og ef menn eru sammála því að þessi réttarbót nái til landverkafólksins líka er auðvitað ekki nema gott um það að segja.

Hitt atriðið, sem ég er svolítið hræddur við, er hvað á að gera milli veiðitímabila. Hæstv. samgrh. kom vel inn á það. Það, sem skeður, er einfaldlega það, eins og á flugvélunum, að mönnum er sagt upp sama daginn og þeir eru ráðnir þannig að það verða stanslausar uppsagnir og ráðningar í gangi allan tímann ef vitað er um hvenær veiðitímabili lýkur. Það var líka talað heilmikið um veiðistöðvarnar sem kæmu snögglega fyrir tilverknað opinberra aðila, en það mál var leyst þannig að lögum um Aflatryggingasjóð var breytt þannig að hann kemur inn í þá mynd. Hugsanlega gæti hann komið inn í þá mynd líka, sem við erum hér að tala um, en það er ekki sérstaklega gengið út frá því í þessu frv.

Ég vek athygli á því, að lagafrv., sem við erum að tala um núna, geymir að sjálfsögðu í sér lágmarksfyrirmæli, lágmarksatriði. Það er enginn sem bannar einum eða neinum að semja um betri kjör.

Að lokum vil ég svo taka undir með hæstv. samgrh. að ég vonast til þess að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka það fram fyrst, að það er út af fyrir sig fagnaðarefni að nú eigi loksins að gera tilraun til að standa við það að sjómenn fái eitthvað út úr félagsmálapakkanum. Þeim var lofað ýmsu af þeirri ríkisstj. sem hæstv. núv. utanrrh. myndaði á sínum tíma, en hins vegar hefur lítið orðið úr efndunum fram að þessu og er satt að segja ekki undarlegt þótt ýmsir í þeirri stétt séu orðnir nokkuð langeygir eftir þessum hluta, ekki síst þeir sem lögbann var sett á á s. l. ári. Má segja að það sé eitt með öðru í sambandi við þingræðisreglur og þingræðisheföir okkar að menn skuli geta sett lögbann á heilar stéttir með brbl. án þess að málin fáist rædd á Alþ. og þeir menn, sem að því stóðu, geri þannig grein fyrir sínu máli. — Ég sakna þess vissulega að ekki skuli vera hægt að eiga nokkur orðaskipti við þá þm. Alþb. í sambandi við þessi áður nefndu gerðardómslög — þessi þrælalög á sjómenn sem sett voru fyrir ári eða svo.

Ég vil segja það annars í sambandi við þær brtt., sem hér liggja fyrir, að eftir þeim upplýsingum, sem fram komu í n. og hægt var að átta sig á, eru þær innan þess ramma sem ríkisstj. taldi að sjómenn hefðu í þeim viðræðum sem fram fóru fyrir vestan í tengslum við deiluna fyrir vestan. Það kom raunar fram í máli hæstv. sjútvrh. áðan, að hann telur að þessar breytingar séu allar til bóta, og geri ég ráð fyrir að það tákni að hann hafi áður verið búinn að lýsa hugmyndum sínum við aðila vinnumarkaðarins í þessum efnum. Ég vil taka undir það, því að ég tel að menn eigi í veikindum allir að hafa sama rétt til veikindaorlofs á launum, sömu tímalengd, og gat illa fellt mig við það orðalag að sumir skyldu fá einn mánuð greiddan, en aðrir tvo. Þetta hefur nú fengist lagfært. En ég vil segja um leið, að ég saknaði þess mjög og þótti mjög illt til þess að vita hversu skamman tíma n. hafði til að athuga þessi mál og hversu illa það var í rauninni búið í hendur hennar.

Það er augljóst mál, að sú regla, sem hér er sett fram um tvo mánuði, skapar fordæmi gagnvart landverkafólki og ég geri ráð fyrir að aukinn þrýstingur verði á meira öryggi fyrir það í veikindum en áður. Þessi sjónarmið voru einmitt rædd í nefndinni.

Ég vil taka undir orð hæstv. ráðh. um að nauðsynlegt sé að taka þessi mál, öryggismál bæði sjómanna og annarra, til ítarlegrar meðferðar, vinna þau mál upp alveg frá grunni þannig að atvinnurekendur og launþegar geti komist að samkomulagi um hvernig best verði að þessu staðið. Það er alveg augljóst mál að illt eða nær ógerningur er að hafa eftirlit með því, hvort veikindatilkynningar hafi í öllum tilvikum við rök að styðjast. Ég vil jafnframt taka það fram, að ég hefði talið eðlilegt að síðasta mgr., eins og hún var í frv. varðandi tilkynningarskyldu skipverja til útgerðar, hefði staðið óbreytt, en það fékkst ekki fram í n. Ég tel að það sé engum til góðs að slakað sé á í þeim efnum að mönnum sé gert að gera grein fyrir veikindum ef til verulegra forfalla kemur af þeim sökum.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég hafði örlítið gaman af því að heyra hv. 8. landsk. þm., Guðrúnu Helgadóttur, ræða þessi mál. Það er leitt til þess að vita ef hún er ekki viðstödd. Það hefur oft borið við á þessu þingi að kjaramál opinberra starfsmanna hefur borið á góma. Hún á sæti í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og þótt fram hafi komið æ ofan í æ að einstakir hæstv. ráðh. hafi ekki svarað einföldum og sanngjörnum fsp. í sambandi við þá samningagerð hefur þessi hv. þm. ekki sagt eitt einasta orð og ekki látið til sín heyra og ekki haft vit á því að skreppa vestur á Snæfellsnes, eins og formaður Verkamannasambandsins þegar skattalögin voru hér til umr. Ég segi að það væri meiri alvara í

málflutningi hennar í sambandi við kjaramál almennt ef hún reyndi að halda sig við það í framtíðinni að berjast fyrir betri kjörum þessa fólks, sem hefur kosið hana til forustu í launþegasamtökum sínum, og sýndi það í verki á Alþ. að hún vildi og þyrði að ganga á móti þessari hæstv. ríkisstj. þegar hagsmunir þessa fólks krefðust, því að það er vissulega oft.

Ég vil að gefnu tilefni, vegna ummælanna sem hæstv. samgrh. hafði áðan, spyrja ráðh. hvort hann sé reiðubúinn til að beita sér fyrir því, að opinberir starfsmenn fái sams konar réttindi gagnvart ríkinu og felast í þessu frv. og brtt. n. handa sjómönnum gagnvart útgerðinni. (**Gripið fram í:** Þeir hafa fyrirmyndina.)

Ég held að það sé með býsna mismunandi hætti sem opinberir starfsmenn eru ráðnir, — við skulum segja þá starfsfólk hjá ríkinu. Mér er kunnugt um að sá háttur var tekinn upp þegar síðasta vinstri stjórn sat að völdum að fólk, sem vann hjá ríkinu, fékk ekki einu sinni að vera í lífeyrissjóðum. Það var byrjað að lausráða fólk sem var réttindalaust, og ég held að það fólk, sem vinnur hjá ríkinu, sé á afskaplega mismunandi kjörum eftir því við hvað það starfar. Það hefur m. a. komið í ljós að gangastúlkur í sjúkrahúsum verða að una því að hafa misjöfn kjör eftir því í hvaða stéttarfélagi þær eru. (Gripið fram í.) Við skulum hafa þetta starfsmenn ríkisins. Ég spyr, hvort hæstv. samgrh. sé reiðubúinn til að beita sér fyrir því, að starfsmenn ríkisins — hver og einn — njóti sömu réttinda og hann telur sjálfsagt í sambandi við þetta mál að útgerðin tryggi sjómönnum.

Frsm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Fyrst er þess að geta að orðið hefur prentvilla í prentun á brtt. frá samgn. Hún er um miðbik brtt. í grein sem hefst svo:

„Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 3. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra" — þarna á að koma: ára — „samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni."

Ég vænti þess að forseti sjái sér fært að koma þessari leiðréttingu á framfæri.

Mér þykir afleitt að hv. þm. Guðrún Helgadóttur skuli ekki vera hér í salnum. (**Gripið fram í:** Það má ná í hana.) Væri afskaplega gott, ef hún væri í húsinu, að fá hana hingað inn, því að ég held að hún hafi ekki kynnt sér nægilega vandlega hvernig n. þingsins starfa.

Hún lét þau orð falla hér, að sér væri ami að því þegar mál væru kynnt jafnvandræðalega, eins og hún orðaði það, og sú brtt. sem nú kemur fram frá samgn. Það, sem hv. þm. á við með þessu, er einfaldlega það, að ég leyfði mér sem frsm. n. að koma á framfæri skoðunum beggja hagsmunaaðila, sem ég taldi skyldu mína í þessu máli. Ég tel það skyldu allra þeirra manna, sem fara með formennsku í n. og eru frsm. fyrir málum, að láta sjónarmið beggja aðila koma fram. Það heitir ekki að kynna mál vandræðalega. Það eru þinghefðir fyrir því, að þm. ber að taka mark á skoðunum beggja hagsmunaaðila þegar um jafnveigamikil mál er að ræða og þessi. Ég held að hv. þm. Guðrún Helgadóttir ætti að hafa þessa lýðræðisreglu í heiðri. Hún gildir um frsm. n. og um formenn n., sem leita álits hjá fjölmörgum hagsmunasamtökum í jafnviðkvæmu máli og hér um ræðir.

Ég hafði, áður en hv. fyrrv. þm. Valdimar Indriðason fór út af þingi, heitið honum því að gera grein fyrir afstöðu hans og afstöðu LÍÚ til þessa máls. Til þess að halda uppi þessum þingræðisreglum ætla ég að leyfa mér að lesa bréf, sem hingað hefur borist frá LÍÚ og kom fyrir nokkrum mínútum, sem í felast nokkur mótmæli við brtt. sem hér liggur frammi. Ég tel það ekki að kynna mál vandræðalega þó að það sé gert. Athugasemdir LÍÚ eru á þessa leið, og þá er vísað til 2. mgr. brtt. og ég geri þetta með leyfi hæstv. forseta. Í fyrsta lagi:

„Útvegsmönnum er gert skylt að greiða sjómönnum kaup þótt skip hafi hætt veiðum og sjómenn verið afskráðir með löglegum hætti, þótt í kjarasamningum segi að kaup skuli greitt fyrir þann tíma sem skipverjar eru lögskráðir. Kaupgreiðslu virðist einnig eiga að inna af hendi þótt skipi hafi verið bannað að veiða af yfirvöldum í þeim tilgangi að takmarka fiskveiðar."

Hér kemur að því atriði 2. mgr. brtt. sem fellur út úr frv.:

„Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabila, sem eru hefðbundin og þekkt fyrir fram."

Þetta er mjög umdeilanlegt atriði, þ. e. hvort þetta eru hagsbætur fyrir sjómenn eða ekki, og það var einfaldlega vegna þess að ég tók þetta atriði sérstaklega fram í framsögu minni. Sjómenn verða að búa við það framvegis, að þessari setningu felldri úr frv., að þurfa að gera ráðningarsamning hverju sinni fyrir hvert einasta veiðitímabil og vera sagt upp um leið og samningurinn er gerður. Þeir standa kannske frammi fyrir mun meiri vanda en ef þessi setning hefði verið í frv. — Ég vil endilega að hv. þm. Guðrún Helgadóttir átti sig á því að það eru tvær hliðar og oft fleiri en tvær á hverju einasta máli.

Þá segir í grg. frá LÍÚ:

„Staðgengisregla, sem gilt hefur í einn mánuð, er lengd í tvo mánuði. Breytingar þær, sem lögfestar voru vegna aukins réttar verkafólks, fólu ekki í sér lengingu á staðgengisreglu."

Hvergi er staðgengisregla ósanngjarnari fyrir vinnuveitanda en þegar um er að ræða hlut. Þrátt fyrir þetta er staðgengisreglan lengd í umfjöllun nefndarinnar. Það fer ekkert á milli mála, að staðgengisreglan er mjög umdeilanleg. Þarna er ekki um að ræða beint sjúkraleyfi. Þarna er um að ræða að skipverji á skipi, sem veikist, fær fullan aflahlut á meðan hann er í landi. Og ég nefndi sem dæmi í framsögu minni, að það jafngilti því að t. d. skipstjóri á skuttogara á Ísafirði, ef við tökum það sem dæmi, fær fullan aflahlut, við skulum segja 6 millj., fyrir mánuðinn sem hann er veikur í landi. (**Gripið fram í:** Hann hefur það í samningum.) Hann hefur það í samningum, hárrétt. En hins vegar kemur það atriði, sem samgn. lagði til, að jafnað yrði á milli undirmanna og yfirmanna þannig að allir nytu sama réttar.

Þá segir í athugasemdum LÍÚ:

„Skilyrði fyrir auknum launagreiðslum eru takmörkuð við tvö ár og fjögur ár í þjónustu sama útgerðarmanns, þegar skilyrði fyrir auknum launagreiðslum verkafólks eru miðuð við þrjú ár til fimm ár."

Þetta er hárrétt athugasemd. Þarna kemur vissulega fram mismunun á þessum tveimur starfshópum, sjómönnum og landverkafólki.

Þá segir í fjórða lagi:

„Með tillögum nefndarinnar eru sjómönnum tryggð sjö mánaða laun eftir fjögurra ára starf þegar verkafólki eru tryggð laun í sex mánuði eftir fimm ára starf. Ef þetta verður að lögum virðist augljóst að verkafólk mun óska

samræmingar við þessar breytingar.“

Við það hef ég ekkert að athuga og ég óska þess innilega að verkafólk fái þessa lagfæringu þegar kemur að samningum þess.

Þá segir í fimmta lagi:

„Felld eru niður ákvæði um vinnuskyldu þegar sjómenn komast ekki til skips, en eru vinnufærir á ný vegna fyrri veikinda.“

Ég tók það fram í framsögu minni, að ég væri persónulega mótfallinn því að fella niður þessa grein, en til að ná samkomulagi um málið sættist ég á að taka þessa grein út. Ég vildi hafa hana inni.

Ég tel harla undarlegt ef sjómaður, t. d. á farskipi, sem á að fara í tveggja mánaða túr, en er veikur í 2—3 daga eða þá daga þegar skipið leggur frá landi, getur ekki unnið einhverja landvinnu ef hann verður frískur að tveimur dögum liðnum eftir að skip fer frá. Það er þetta einfalda atriði sem við verðum að horfast í augu við. Það hefði t. d. mátt hugsa sér að þarna kæmu ákvæði um menn sem eru á togurum, að þeir ynnu t. d. að netaviðgerðum. Hins vegar urðu menn sammála um að það væri mjög erfitt að koma slíkum breytingum við vegna þess að störf á sjó væru það sérhæfð að það væri í fáum tilvikum hægt að koma mönnum í sambærileg störf í landi.

Í sjötta lagi segir LÍÚ:

„Felld eru niður ákvæði um tilkynningarskyldu í veikindatilfellum og réttindamissi ef vanrækt er að skila læknisvottorði.“

Ég heyrði á hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni að hann tók undir þetta — eða var það hv. þm. Halldór Blöndal, það var hann líklega, sem tók undir það, að sér þætti óeðlilegt að sjómönnum bæri ekki skylda til að gera grein fyrir veikindum sínum og að trúnaðarlæknir t. d. útgerðarfélags gæti ekki farið til sjómanns og kannað eða sannreynt að hann væri í raun og veru veikur.

Síðan segir LÍÚ:

„Allar þessar breytingar eru svo íþyngjandi fyrir útgerðina að ekki er viðunandi, og ef þessar breytingar ná fram að ganga er stefnt til stórfelldra átaka í kjarasamningum útvegsmanna og sjómanna með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.“

Þetta hef ég heyrt áður. Ég held að það megi segja að nær undantekningarlaust fyrir hverja einustu kjarasamninga, sem hafa farið fram, hafa orð eitthvað þessu lík fallið.

Þá segir að lokum í bréfinu:

„Eins og nú er komið virðist eðlilegt að máli þessu verði frestað til hausts og leitað verði eftir samkomulagi milli útvegsmanna og sjómanna um lausn þess.

Með tilvísun til framanritaðs leyfum vér oss að óska eftir að hæstv. samgn. beiti sér fyrir frestun málsins til þess að komið verði í veg fyrir átök um mál sem sanngjörn lausn ætti að geta fundist á. Að öðru leyti leyfum vér oss að vísa til bréfs vors, dags. 28. apríl s. l., þar sem vér gerðum tillögur um breytingar á umræddu frv.“

Herra forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég lýsti því í upphafsorðum mínum hér að ég vildi að þær breytingar, sem í frv. felast og brtt., næðu fram að ganga.

Um brtt. hv. þm. Steinþórs Gestssonar vil ég aðeins segja og hún er orðuð ögn öðruvísi en sama setning og vísað er til í frv., en hún hefur raunverulega sama gildi vegna þess að í samningum, sem nú eru í gildi, hafa yfirmenn þessa tvo mánuði, en undirmenn ekki, þannig að hún leiddi eingöngu til þess að þessi þáttur frv. yrði óbreyttur áfram.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var lagt fram í deildinni kvaddi ég mér hljóðs og gagnrýndi að yfirmönnum og undirmönnum skyldi ætlaður misjafn réttur í veikinda- og slysatilfellum. Ég fagna því, að n. hefur tekið þetta mál upp á sína arma og gert á því þær breytingar sem í ljós hefur komið að mikill meiri hl. þm. er hlynntur.

Hins vegar vil ég alfarið mótmæla þeirri fullyrðingu, sem kom fram hjá 8. landsk. þm., að með þessu sé sjómönnum tryggður meiri réttur en öðrum í veikinda- og slysatilfellum. Það er að vísu rétt gagnvart landverkafólki, en það eru stórir hópar í þessu þjóðfélagi sem hafa meiri rétt í slysa- og veikindatilfellum. Það hlýtur hv. 8. landsk. þm. að vera fullkomlega ljóst.

Ég vil undirstrika það alveg sérstaklega, af því að menn hafa gert hér aflahlutinn að umræðuefni, að það hefur fallið dómur í máli á milli Þjóðleikhússins og starfsmanns þess um hvort starfsmaðurinn ætti rétt á að fá greidda yfirvinnu í veikindum. Dómurinn féll á þann veg, að starfsmaðurinn fékk yfirvinnuna greidda. Þetta hef ég trú á að 8. landsk. þm. hafi einnig vitað því að þetta var prófmál á sínum tíma, en yfirvinnan er mjög sambærileg við aflahlutinn. Þess vegna vil ég undirstrika að það er ekki með þessu verið að færa sjómönnum nein forréttindi í þessu þjóðfélagi. Þeir hafa ekki náð fullum rétti miðað við þær stéttir sem hafa best kjörin.

Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hv. 6. landsk. þm., því að ég lít svo á að með þessu sé verið að brjóta í blað og veita visst fordæmi, en ég tel að það fordæmi eigi fullkomlega rétt á sér.

Það hefur verið rætt um það hér allmikið, að með þessu væri hinum smærri útgerðarfélögum skapaður stór vandi. Ef ekki verður farið í samtryggingu hjá útgerðarmönnum, þ. e. að þeir myndi annaðhvort sameiginlegan sjóð, sem þeir greiði í allir að staðaldri, eða tryggi sig hjá tryggingafélagi fyrir hluta af þeim greiðslum, sem við þetta geta skapast, er vissulega rétt að hinum smærri útgerðarfélögum getur stafað hætta af þessu. En ég tel alveg fráleitt að gera ráð fyrir að þeir bregðist við á annan hátt en þann að standa sameiginlega að því að bera uppi þann kostnað sem af þessu hlýst. Með því móti tel ég ákaflega skoplegt að halda því fram að þarna sé verið að gera eitt eða neitt sem geti verið hættulegt útgerð í þessu landi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. samgrh. sagði áðan, er ljóst að hann hefur einungis lofað sjómannasamtökunum því að frv. yrði afgreitt á þessu þingi. Hann lýsti því alveg sérstaklega yfir, að frv., sem lagt var fram af hálfu Alþfl.-stjórnarinnar, yrði afgreitt á þessu þingi. Hann bætti hins vegar við, að hann teldi að sjómenn mættu vel við una. Ég skil hann því svo, að það sé yfirlýst álit hans að hann telji að hér sé fullnægt — með frv. og þeim brtt. sem samgn. leggur til — því sem lofað hefur verið sjómannasamtökunum. Hins vegar er kannske rétt að bæta því við, að það var ráðh. Alþfl., sem lagði frv. fram, og hv. Alþfl.-þm. Árni Gunnarsson sem formaður samgn. á kannske mestan veg og vanda af því að málið er komið þann veg sem það nú stendur og vonandi fer í gegn hér í þinginu. En nóg um það.

Þá er það hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Það væri

ástæða til þess hér og nú að ræða allítarlega við hv. þm. Ég held að ég hafi sagt það hér einhvern tíma nýlega, og það hafa fleiri sagt en ég, að komin væri upp sérstök deild í Alþb. sem gengi undir nafninu „gáfumannadeildin". Einhvern veginn fannst mér á málflutningi hv. þm. að allt benti til þess, bæði í málflutningi og öllu látbragði, að hv. þm. tilheyrði „gáfumannadeildinni" innan Alþb. (Gripið fram í.) Nei, ég vissi það ekki örugglega, en ég sá það og heyrði áðan. Hún er greinilega á allt öðru plani en hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson í þessum efnum, bæði að því er varðar málflutning, fas og annað.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði að ég hefði áðan, og það mætti ekki heyrast út fyrir þessa veggi mín vegna, verið að vorkenna Einari Guðfinnssyni í Bolungarvík að þurfa nú að borga þetta. Hvað á svona málflutningur að þýða? Ég skírskota til allra þm., sem hér voru inni þegar ég talaði áðan, annarra en Guðrúnar Helgadóttur, og spyr, hvort ég hafi talað á þann veg að ég væri að vorkenna Einari Guðfinnssyni eða öðrum útgerðarmönnum að þurfa að borga þetta. Ég sagði orðrétt að ég fagnaði því, að með brtt. samgn. væri verið að afnema það að farið væri í manngreinarálit, en ég benti hins vegar eðlilega á það, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir virðist ekki skilja, — eðlilega segi ég líka, — að hér væri af hálfu Alþingis verið að veita fordæmi og t. d. landverkafólk hlyti að fá þennan sama rétt. Það virðist hv. þm. Guðrún Helgadóttir ekki skilja. (**GS:** Af hverju?) Af hverju skilur hún það ekki? Það á ég erfitt með að upplýsa. Það væri kannske nær að hv. þingbróðir og flokksbróðir hennar, Garðar Sigurðsson, kannaði það nánar og léti okkur síðan vita um niðurstöður þeirrar könnunar. (**Gripið fram í:** En af hverju?) Af hverju hvað? (**Gripið fram í:** En af hverju hlýtur það að fá sama rétt?) Það hlýtur að fá sama rétt. Alþingi getur ekki leyft sér að mínu viti að gera þannig greinarmun á tryggingalegum atriðum til handa launþegum þessa lands að láta landverkafólk, það fólk sem verst er sett kjaralega séð, líka vera áfram verst sett tryggingalega séð af öllum þegnum í landinu. — Það má vel vera, og ég heyri það, að vaxi fiskur um hrygg þeim þm. Alþb. sem gætu þessarar skoðunar vegna tilheyrt „gáfumannadeildinni", en ég hélt þó ekki að væru þar.

En af hverju segir hv. þm. Guðrún Helgadóttir þetta? Hún sagði efnislega áðan: Það er í lagi — og það er athyglisvert að heyra fulltrúa Alþb. á Alþ. segja þau orð — að almennt verkafólk, sem er verst sett, hafi ekki sömu réttarbætur tryggingalega séð og sjómenn. Það er ekki nauðsynlegt, sagði hún orðrétt, að landverkafólk hafi sömu skilyrði í þessum efnum og sjómenn. Sjómenn eiga að hafa meira. En hvað hefur hv. þm. sjálfur, hvað hefur hann í þessum efnum? Hvað hafa opinberir starfsmenn? Eða gildir á þessum bæ að það sé allt í lagi ef ég hef það gott, þá megi aðrir eiga sig? Það vill nefnilega svo til, að hv. þm. hefur sem opinber starfsmaður, samkv. þeim réttindum sem þeir hafa, rétt til þriggja mánaða veikindagreiðslu á fullum launum eftir eitt ár og til viðbótar því aðra þrjá mánuði á hálfum launum, þ. e. hann hefur rétt — í þessu tilfelli hv. þm. Guðrún Helgadóttir — til þriggja mánaða greiðslu á fullum launum plús aðra þrjá mánuði á hálfum launum. Svo kemur hv. þm. hér upp og telur úr því, að verkafólk njóti þeirra sjálfsögðu kjararéttinda að eiga sambærilegan rétt í þessu tilfelli og sjómönnum er hér vonandi verið að veita, þ. e. öðrum en yfirmönnum á bátaflotanum sem höfðu þetta fyrir.

Þetta er athyglisvert að heyra frá þm. Alþb.-verkalýðsflokksins sem alltaf er að kalla sig svo. (**Gripið fram í:** Var þetta rétt skilið?) Auðvitað, auðvitað. Þó að ég hafi enga sérstaka ástæðu til að bera hlýjar tilfinningar til hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur hefði ég gjarnan viljað geta haft þær hlýlegri en þær eru nú vegna þeirrar framkomu sem hv. þm. sýndi áðan, bæði að því er varðar tal og fas, því að allt benti til þess að hún sýndi þeim þegnum þjóðfélagsins, sem verst eru settir, lítilsvirðingu að því er þetta atriði varðaði. Ég skil vel að hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni finnist ærið erfitt að fara upp í ræðustól og taka hv. þm. hressilega til bæna, en ekki veitir af að því er þetta varðar. Það sýnir sig að hv. þm. er út úr kortinu og hefur ekki hugmynd um hvað hún er að tala um í þessu tilfelli. Ég skal viðurkenna að hún hefur í sumum tilfellum fullt vit og vald á því sem hún er að tala um. (**Gripið fram í:** Enda í „gáfumannafélaginu.") En í þessu tilfelli hefur hún bókstaflega ekkert vit á því sem hún er að tala um.

Hún fór hér að tala um að þetta væri ekki of gott fyrir sjómenn sem kæmu í land eftir 50 ára útivist, þá væri þessum tiltekna einstaklingi ekki of gott að fá þetta. Hvað á svona lagaður málflutningur á Alþ. að þýða? Þetta er bara til að hlæja að. — Ég óska eftir að fá að lesa ræðuna áður en henni verður breytt hjá hv. þm. ef hún ætlar að halda því fram að hér sé eitthvað ofsagt, frekar vansagt kannske. (Gripið fram í.) Eins og mín er von og vísa!

En hér kemur það enn einu sinni og enn betur í ljós hvers konar tvískinnungur er í sumum hverjum þm. Alþb. þegar þeir þykjast vera að fórna öllu til að verja hag þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Það eru innan vébanda þess flokks — það skal viðurkennt — ærið margir einstaklingar sem í raun og veru vilja gera þetta, vilja fórna sér, en þeir eru að verða allt of margir sem alls ekki kæra sig um það nema í orði og við hátíðleg tækifæri, en neyta síðan hvers tækifæris til að brjóta á bak aftur sjálfsagða réttindabaráttu þeirra einstaklinga sem þeir þykjast vera að berjast fyrir.

Það væri full ástæða til að halda hér miklu lengri ræðu um þennan hv. þm. og vonandi gefst til þess tækifæri síðar. En ég skal ekki verða til þess nú nema að frekara gefnu tilefni, ef það skyldi bjóðast í áframhaldi af þessu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj 238). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgn. með 22 shlj. atkv.

Búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, frv. (þskj. 102). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 427, n. 486). — 2. umr.

Frsm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Samgn. Nd. hefur fjallað um frv. um lögskráningu sjómanna og mælir með því að það verði samþ. með áorðnum breytingum í umfjöllun þingsins sem komnar eru fram. Undir þetta rita allir nm., en fjarverandi var Friðjón Þórðarson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 58. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, kl. 2 miðdegis.

Afbrigði vegna almennra stjórnmálaumræðna.

Forseti (Jón Helgason): Forsrh. hefur með bréfi til mín, dags. 6. þ. m., farið fram á að stuðningsmenn ríkisstj. í Sjálfstfl. fái 20—30 mínútna ræðutíma í almennum stjórnmálaumræðum 19. þ. m. Forsetar hafa leitað álits þingflokka á því, að þeir fái 20 mínútur til umráða. Þingflokkarnir hafa fallist á þá till. Verður því leitað afbrigða frá þingsköpum um það, að stuðningsmenn ríkisstj. í Sjálfstfl. fái til umráða 20 mínútur í almennum stjórnmálaumræðum 19. þ. m.

ATKVGR.

Afbrigðin samþ. með 46 shlj. atkv.

Vegáætlun 1979—1982, þáltill. (þskj. 348, n. 480 og 485, 479). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 479 samþ. með 34 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 514).

Efri deild, 86. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, frv. (þskj. 102). — 1. umr.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um þetta frv., sem hér er til umr. og hefur nú farið í gegnum Nd. Mig langar til þess að lesa upp 1. gr. frv., en hún hljóðar þannig:

„Nú telur sveitarstjórn í kauptúni með færri en 1000 íbúa nauðsyn bera til að setja reglugerð um búfjárhald í kauptúninu og skal henni það þá heimilt með samþykki ráðherra."

Síðan koma athguasemdirnar, herra forseti, við þetta lagafrv., en þar stendur:

„Þegar svo háttar til í sveitarfélagi að engar jarðir eru í ábúð, en allt búfjárhald er á vegum íbúa í kauptúni, þykir rétt, ef sveitarstjórn telur nauðsyn bera til, að veita henni heimild til að setja reglugerð um búfjárhald í sveitarfélaginu þótt íbúar þess séu færri en 1000 að tölu."

Það, sem ég hef einkum um þessar athugasemdir að ræða, er það, að samkv. aths. er gert ráð fyrir að slík reglugerð verði ekki sett nema allt búfjárhald í sveitarfélaginu sé á vegum íbúa í kauptúninu eða þéttbýliskjarnanum. Ég tel eðilegt að um geti verið að ræða setningu reglugerðar, enda þótt einhverjar jarðir innan sveitarfélagsins séu í ábúð. Ég tel það mjög eðlilegt. Við vitum að það geta komið upp margvísleg óþægindi sakir búfjárhalds manna sem eru búsettir í þéttbýliskjarnanum, þannig að mér finnst aths. eða lögskýringin við frv. þrengja það. Ég vil a. m. k. leggja þann skilning í þetta, að það sé eðlilegt að sett sé reglugerð varðandi kauptún sem eru með innan við 1000 íbúa, enda þótt einhverjar jarðir séu í ábúð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en ég tel þörf á því að slík heimild sem þessi verði veitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 87. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, að loknum 86. fundi.

Aðstoð við þroskahefta. frv. (þskj. 482, 492). — 2. umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér er til meðferðar mál sem mjög er knýjandi að gangi í gegnum báðar d. fyrir þinglok, eins og hv. frsm. félmn. tók fram í gær, þ. e. að úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra verði hægt að veita styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila svo og vistheimili, en þessir liðir báðir eru úti vegna þeirrar lagabreytingar, sem varð hér í fyrra, og vegna þess að Styrktarsjóður vangefinna var þá ekki tekinn upp. Þetta var útskýrt í gær.

Ég ætla ekki að hefja neinar almennar umræður um þetta mál, en í fyrra urðu mjög miklar og langar umr. hér í þinginu í sambandi við verðtryggingu á Framkvæmdasjóðnum og sýndist sitt hverjum.

Nú er komin hér fram brtt. frá Karli Steinari Guðnasyni og Salome Þorkelsdóttur um það, að ríkissjóður

skuli leggja sjóðnum til a. m. k. 225 millj. kr., í fyrsta sinn á árinu 1981. Skal sú fjárhæð hækka í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar miðað við árið 1980 að grunni. Þarna er sem sagt komið að sama deiluefninu varðandi þetta og var í fyrra og þvældist sem lengst fyrir Nd. þá. Nú er ég ekki sem nefndarmaður í stjórnarnefnd Framkvæmdasjóðs þroskaheftra að frábiðja mér peninga, síður en svo. Við þurfum vissulega á meiri peningum að halda en við höfum til ráðstöfunar í dag, en getum þó, það fullyrði ég, veitt öllum allviðunandi úrlausn miðað við það sem nú liggur fyrir.

Til þess að þetta mál yrði ekki að deilumáli, vegna þess að hér kom fram við afgreiðslu fjárlaga mjög eindregin skoðun fjvn. allrar varðandi mál þetta, og til þess að hitt atriðið, sem er alveg óumdeilanlegt, komist greiðlega í gegnum þetta þing, þá hefði ég auðvitað helst kosið að þetta mál yrði tekið upp á hausti komanda við fjvn. og knúið á um það þá, en að við stefndum þessu máli ekki í hættu núna með frekari umr. varðandi mismunandi skoðanir manna hér á, sérstaklega með tilliti til þess sem formaður fjvn. sagði í framsögu sinni um þessi mál, um einróma álit n. að Framkvæmdasjóður þroskaheftra og öryrkja ætti að hafa þetta verkefni. Um það getum við nefnilega deilt endalaust, hvort við eigum að skipta þessu í tvo sjóði eða hvort við eigum að hafa þetta allt undir sama hatti.

Ég hefði helst óskað eftir því, að hv. tillögumenn drægju þessa till. sína til baka, vegna þess að hér er um fjárveitingamál að ræða sem ég vil taka upp næsta haust við fjvn. Verði það ekki, sem ég á von á, kemur þessi till. hér undir atkv. og þrátt fyrir að ég vilji fá þarna ærna peninga get ég ekki — miðað við það, sem fjvn. hefur gert í þessu máli og lagt til, og miðað við það einnig, að ég ber traust til þeirra manna á næsta hausti — farið að samþykkja þessa till. nú og verða þess kannske valdandi að þessi verðtryggingarspurning, sem varð að þessu óskaplega umræðuefni í Nd. í fyrra, komi nú upp á ný og geti tafið málið. Ég verð því að greiða atkv. gegn þessari till., en þætti miklu betra að hún yrði hreinlega dregin til baka og við þyrftum ekki hér um að deila, en fælum fjvn. og svo okkur þm. sjálfum á næsta hausti að vinna að máli þessu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 492 felld með 10:7 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, frv. (þskj. 203, n. 512). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá úbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur á nokkrum fundum fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971, og mælir n. með því að frv. verði samþ.

Við kölluðum allmarga á fund til okkar til að fá frekari fróðleik um frv. og þær breytingar sem eiga sér stað við samþykkt þess. Árangurinn af þeim viðræðum varð sá, að við ákváðum að leggja þetta til. Reyndar skrifar einn nm. undir frv. með fyrirvara. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að tannsmíði verði iðngrein. Við töldum rétt að ræða við þá deiluaðila sem þar er um að ræða, tannlækna annars vegar og hins vegar tannsmiði. En þær deilur eru á þann veg, að tannlæknar vilja ógjarnan að tannsmiðir verði iðnaðarmenn og öðlist þá um leið rétt til að taka nema, en tannsmiðirnir sjálfir hafa sótt mjög á að losna undan því oki sem þeir telja sig vera undir hjá tannlæknum.

Ég held að það sé ástæðulaust að fara frekari orðum um þetta að sinni.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er með nokkrum eindæmum hvað þetta mál hefur þvælst lengi fyrir hv. heilbr.- og trn. og við verið lengi að komast að niðurstöðu. En sannleikurinn er sá, að málið allt svífur í nokkuð lausu lofti. Þrátt fyrir allar þær upplýsingar, sem við höfum nú fengið um málið og gera það að verkum að ég stend ekki gegn þessu frv., heldur mun sitja hjá við afgreiðslu þess, — þrátt fyrir allar þær upplýsingar, sem við höfum fengið, og miðað við samtöl mín við þá ráðh. sem koma nálægt þessu máli, bæði menntmrh. og heilbr.- og trmrh., þá held ég að það hefði ekki sakað að skoða málið til hausts og íhuga það örlítið betur. Og þó ég hafi fulla og óskoraða samúð með þeirri stétt sem þarna er að reyna að ná fram betri réttarstöðu, þá er ég ekki alveg nógu sannfærður um það enn í dag að réttarstaða hennar batni svo mjög við þetta. Hér er um dýrselda þjónustu að ræða, og við skulum vona að tannsmiðirnir nái sínum hlut úr þessari dýrt seldu þjónustu betur en þeir hafa gert eftir að þessi breyting hefur náð fram að ganga. Í raun og veru er það kannske meginmálið í þessu öllu saman, þó að það sé e. t. v. heldur ljótt að segja það, að menntunarmál tannsmiða verða í nokkurri óvissu og í lausu lofti næstu 3—4 ár. Á þeim verður engin grundvallarbreyting næstu 3—4 ár, það er upplýst. Hins vegar vilja þeir halda því fram, og það vil ég ekki draga í efa, að með samþykkt frv. komist meiri skriður á það að menntunarmál þeirra komist í æskilegt horf. Kannske geta þá árin orðið tvö í staðinn fyrir þrjú eða fjögur. Það kann vel að vera.

En þegar mál svífa svo í lausu lofti sem mér finnst þau gera í sambandi við menntunarþáttinn í þessu efni, þrátt fyrir allar upplýsingarnar, treysti ég mér ekki til að greiða þessu atkvæði. Ég hefði viljað fá skýrari yfirlýsingar og betri um það, að þetta yrði þá hreinlega gert, að það stæði þá beint fyrir dyrum að gera þessa menntunarbreytingu, að við ættum að gera þetta til þess að hún næði fram að ganga á næsta hausti, eins og okkur skildist í fyrstunni að vera ætti, — eða þá a. m. k. ekki síðar en á haustinu 1981 — og þar með kæmust þeir inn í iðnfræðsluna. En nú er það ekki. Nú verður það ekki, því miður. Það er alveg ljóst og upplýst meira að segja af þeim sem þarna standa næstir. Hins vegar skil ég vel peningalega hlið málsins, hagsmunalega og kjaralega hlið málsins skulum við segja, svo við notum ekki eins ljót orð. Og við skulum vænta þess, að þegar hv. þd. hefur samþ. þetta frv. og það er orðið að lögum verði kjaraleg aðstaða tannsmiða betri. En menntunarleg aðstaða þeirra breytist ekki næstu 3—4 árin til batnaðar, því miður. En það getur vel verið að það herði á því að svo verði.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er rétt, sem komið hefur fram hjá tveimur síðustu ræðumönnum, að það urðu allmiklar umr. um þetta frv. Eins og kom fram rann það í gegnum Nd. Það verður að segjast eins og er, að ég varð svolítið hugsi yfir þessu fyrsta kastið og fram eftir umr. í heilbr.- og trn. þessarar hv. d. En eins og fram hefur komið er þetta frv. að sjálfsögðu flutt til að taka af öll tvímæli um það, að tannsmíði teljist iðngrein, og jafnframt til að treysta réttarstöðu tannsmiða.

Eins og væntanlega hefur komið fram er í smíðum námsskrá vegna tannsmíði. Það hefur líka verið upplýst að tannsmíði er í öllum nálægum löndum iðngrein og starfrækt sem slík. Það hefur enn fremur komið fram ótti um að tannsmiðir mundu e. t. v. fara yfir á verksvið tannlækna. Þetta er á misskilningi byggt, enda væri það gjörsamlega óheimilt samkv. lögum um tannlækningar. Það kemur aldrei til þess, að tannsmiðir fari að fara upp í sjúklinga. Þeir taka við málum. Það eru tannlæknarnir sem taka mál og tannsmiðirnir fara eftir þeim. En það, sem vafðist mest fyrir mér persónulega og ég hygg fleiri nm., var einmitt það, hvort þeir hagsmunaaðilar, sem þarna um ræðir, þ. e. tannsmiðirnir sem og þeir sem eru í námi, yrðu skildir eftir í einhverri óvissu meðan þessi breyting gengi yfir. Og ég segi það fyrir mitt leyti, að miðað við þær upplýsingar, sem nú hafa komið fram í þessu máli, er mitt mat að svo sé ekki. Í trausti þess, að það sé rétt sem hagsmunaaðilar hafa sett fram, bæði í rituðu og mæltu máli varðandi þetta, vil ég greiða með þessari breytingu og vil trúa því að þetta sé spor fram á við.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hygg að það hafi einmitt komið fram í n. á síðasta fundi í morgun, að þessi mál munu ekki svífa í lausu lofti ef þessi breyting verður gerð. Við höfðum, eins og hv. 3. þm. Vesturl. minntist á, áhyggjur af því að þeir, sem nú eru við nám, yrðu afskiptir. Það gæti reyndar farið svo, að tannlæknar segðu þeim upp námi. En við höfum fengið staðfestingu á því, að skriflegan námssamning hafa þeir, þannig að því verður ekki rift. Tannlæknar þurfa á tannsmiðum að halda. Því held ég að staða tannsmiða sé tryggð að því leyti til að ekki verði efnt til ófriðar milli þessara aðila. Nú eru starfandi 20 meistarar í tannsmíði og 60—80 sveinar. 60—100 segja þeir, — það er nú ekki nákvæmara en það.

Varðandi námið skal segja, að ef þetta verður að lögum munu nemar verða teknir af tannsmíðameisturum og einnig af þeim tannlæknum sem þegar hafa réttindi. Hins vegar munu nýir tannlæknar ekki hafa eða fá þessi tannsmíðaréttindi og meistararéttindi. Ég held því að alveg sé séð fyrir því að þeir, sem nú eru við nám, muni njóta þess öryggis sem þeim er nauðsynlegt til að geta haldið áfram námi.

En aðalbreytingin er sú, að með samþykkt þessa frv. verða tannsmiðir óháðari tannlæknum kjaralega. Verður það að teljast eðlilegt nú á tímum að nemar og þeir aðrir, sem við þetta starfa, séu ekki eins háðir öðrum og verið hefur.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ef til vill hefði ég látið hjá líða að taka til máls um þetta sérstaka þingmál, sem hér um ræðir, ef ekki hefði setning hjá hv. síðasta ræðumanni ýtt undir að hugleiða í sambandi við afgreiðslu málsins hvort tannsmiðir væru raunverulega sú kúgaða stétt, sem menn hafa verið að gera skóna að væri, og málið snerist um stéttarlega og kjaralega stöðu þeirra.

Ég hef kynnst lítils háttar síðustu mánuðina átökum sem farið hafa fram varðandi kjaramál og stéttarlega stöðu á milli tannlækna og tannsmiða í sambandi við störf mín í tryggingaráði, og ég er fremur þeirrar skoðunar að andóf tannlækna gegn þessum réttindum, sem hér er um talað tannsmiðum til handa, stafi af því að þeir þykist sjá fram á að e. t. v. missi þeir þarna spón úr askinum sínum. Ég hef rætt þessi mál við forsvarsmenn tannlækna og heyrt einmitt viðbárur í líkingu við þá, sem hv. þm. Davíð Aðalsteinsson lét okkur heyra áðan og gerði þó ekki að sínum orðum, að hverjum sem væri ætti að haldast uppi að vaða upp í menn með óhreinar lúkurnar. Ég leyfi mér náttúrlega að spyrja sem svo, hvort það ættu þá að vera sérréttindi tannlækna að vaða upp í menn með óhreinar lúkurnar, ef um óhreinar lúkur væri að ræða í þessu sambandi.

Mér er kunnugt um að þetta fyrirkomulag, að gera tannsmíðina að iðngrein, hefur gefist prýðilega á Norðurlöndum. Ég vildi samt gjarnan sjá fram á að við færum ekki allar götur aftur til aldamótanna, þegar við kvæðum á um fyrirkomulag á menntun tannsmiða á Íslandi, og þykist sjá raunar ýmsa vankanta á málinu, sem hér liggur fyrir, í þeirri mynd sem það er að þessu leyti, og vildi gjarnan að það yrði skoðað betur.

Hjá okkur hafa vandamálin fyrst og fremst verið sjúklinganna, fólksins sem hefur lent í þeirri ógæfu að missa tennurnar, þurft að láta smíða upp í sig, og hefur þrennt komið þar aðallega til að því er mér virðist: Í fyrsta lagi vandamál þess fólks úti á landsbyggðinni, sem þarf að fara um langan veg til að láta smíða upp í sig, eins og það er almennt kallað, í öðru lagi fólksins í þéttbýlinu, sem hefur mátt búa við skort á tannsmiðum á liðnum árum og áratugum, og svo í þriðja lagi vandi þess fólks, sem hefur lent í höndunum á slæmum tannsmiðum sem hafa, svo sem dæmin sanna, átt það til jafnvel að smíða upp í viðkomandi tennur sem alls ekki pössuðu. Dæmi veit ég um að maður, sem fór um langan veg austan af landi hingað til Reykjavíkur til að láta smíða upp í sig og fékk tennurnar sendar heim í póstkröfu, fékk tvo neðri góma, en engan efri góm. Minnisstæð er mér frásögn ágætismanns eins, hins landsfræga aflakóngs Þorsteins í Laufási í Vestmannaeyjum, af því þegar tannsmiðurinn var að smíða svo gerð gómanna upp í hann — eða öllu heldur neðri gómsins — að hann gat aldrei haft réttan kompás um borð í Unni eftir það. Maðurinn hafði laumað segulstáli í tvo af jöxlunum í því skyni að auðvelda Þorsteini að opna munninn ef gómarnir skyldu límast saman. Þetta gerði það að verkum að þegar hann rýndi í kompás í 15 ár eftir það, þangað til hann henti þessum góm var kompásinn alltaf vitlaus.

Ég er ekki að halda því fram að tannlæknir hefði fremur séð við þessu en tannsmiður. Mig minnir einhvern veginn að það hafi verið danskur tannsmiður sem smíðaði þennan segulgóm upp í Þorstein og hefur e. t. v. haft það sér til afsökunar að hann hafi ekki verið nógu kunnugur starfsháttum aflaskipstjóra í Vestmannaeyjum og þörf þeirra fyrir segulstálslausan munn. Hitt er ljóst mál, og það mun fleiri hv. deildarmönnum vera kunnugt, að á því hefur viljað vera töluverður misbrestur að tennurnar, sem smíðaðar hafa verið upp í Íslendinga á liðnum áratugum, hafi allar verið nógu góðar, a. m. k.

ekki of góðar.

Ég held að það sé þörf fyrir að við stuðlum að aukinni menntun og þjálfun tannsmiða. Ég er þeirrar skoðunar að við getum gert það með því að gera þetta að sérstakri iðngrein og veita tannsmiðum réttindi við hæfi. En ég þykist ekki alveg viss um að það mál, sem við fjöllum um hérna, sé þann veg búið að það tryggi þetta nógu vel. Ég vildi þess vegna gjarnan að það væri hægt að líta þetur á málið, þá með þeim eindregna ásetningi að draga ekki afgreiðslu þess, tryggja að þetta yrði samþykkt t. d. á haustþingi.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég vil geta þess í tilefni af því að menn vilja skoða málið frekar, að frv. hefur verið grandskoðað og ef við frestuðum því nú eða létum það bíða er hætta á að afgreiðsla þess drægist í eitt ár í viðbót. Það kom fram í máli formanns Landssambands iðnaðarmanna að fram undan væri að gera námsskrá sem síðan yrði athuguð af menntmrh. Mundi menntmrh. gera sérstaka athugun á því hvernig menntunarmálum skyldi hagað og yrðu fjárveitingar ætlaðar til þess þegar tími væri til þess kominn. Það væri hefð, þegar svona væri farið að málum eða nýjar iðngreinar yrðu til, að stofnað væri til tilraunakennslu eða annars slíks. Gátum við nm. því ekki séð annað en að vel væri fyrir því séð að tannsmiðir fengju þá menntun sem þeir þurfa að fá.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 88. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, að loknum 87. fundi.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 482). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, frv. (þskj. 203). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 519).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 17, n. 506, 91, 149, 507, 508, 509, 510. — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er nú til 2. umr., frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, var hinn 21. jan. s. l. sent félmn. Ed til meðferðar.

Endurskoðun á skipan húsnæðismála og undirbúningur að nýrri heildarlöggjöf um húsnæðismál og starfsemi Húsnæðismálastofnunar ríkisins hefur staðið um alllangt skeið og ýmsar n. unnið að þeim undirbúningi. Þrátt fyrir alla þá vinnu, margvíslegar athuganir og útreikninga er eðlilegt að það hafi tekið félmn. nokkurn tíma að vinna að máli þessu, auk þess sem hún hefur að undanförnu haft ýmis önnur stórmál til meðferðar. Auk þess er rétt að minna á að raunverulegur starfstími þessa þings hefur verið stuttur og ýmis áríðandi mál, sem verða að fá afgreiðslu á hverju þingi, hafa orðið að sitja í fyrirrúmi. Ég dreg því ekki dul á að ég tel að n. hefði þurft enn þá betri tíma til að fjalla um svo veigamikla löggjöf sem þá er hér er nú til meðferðar.

Nefndarmenn voru hins vegar allir sammála um að þeir vildu gera sitt besta til að koma málinu fram og afgreiða það nú á þessu þingi, því það eru fleiri mál þýðingarmikil en efnahagsmálin, fjárlög, skattalög o. fl. og húsnæðismál eru einhver stærstu og þýðingarmestu mál hvers einstaklings og hverrar fjölskyldu. N. hefur því haldið marga fundi og kvatt á sinn fund fulltrúa frá ýmsum félagasamtökum og þeim aðilum sem hún taldi að sérstakra hagsmuna hefðu að gæta varðandi skipulag húsnæðismála. Þá komu og fjölmargar aths. og brtt. frá flestum þeim aðilum sem fengu frv. til umsagnar. Lagði n. mikla vinnu í að yfirfara og bera saman öll þau gögn er bárust. Unnið var að málinu á þann hátt að n. flytti sameiginlega þær brtt. sem allir nm. voru algjörlega sammála um. Virtist um tíma sem samstaða gæti náðst um þó nokkurn hluta af þeim till. sem til umr. voru. En þegar margir aðilar með ólík sjónarmið — í sumum tilfellum í grundvallaratriðum — ákveða að standa saman að því, sem allir eru sammála um, og flytja sértill. um ágreiningsmálin er hætt við að fátt verði sameiginlegt, þó ekki beri alltaf mikið í milli.

N. varð sammála um að leggja fram 11 brtt., sem fluttar eru á sérstöku þskj., og leggur til að frv. verði samþ. með þeim breytingum. Einstakir nm. hafa fyrirvara á meðmælum sínum og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja sérstökum brtt. sem fram kunna að koma. Mun ég nú gera grein fyrir þeim till. sem n. flytur sameiginlega og birtar eru á þskj. 507.

1. brtt. er við 5. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að forstjórar- og framkvæmdastjórafyrirkomulagið verði ekki tekið upp eins og frv. gerir ráð fyrir. Ekki liggur fyrir að þörf sé á slíku stjórnunarbákni innan stofnunarinnar og er því lagt til að halda sig í meginatriðum við það skipulag sem nú er á stofnunni.

2. brtt. er við 7. gr. og er þar lagt til að fellt sé niður orðið „endurhæfing", enda ekki málvenja að tala um endurhæfingu húsnæðis.

3. brtt. er við 20. gr. Er þar lagt til að lána megi viðbótarlán til endurbóta og viðbygginga þeim sem keypt hafa eldra húsnæði og fengið sérstakt lán til þess.

Í 4. brtt., við 26. gr., er lagt til að niður falli orðin „fyrir milligöngu viðskiptabanka", ef veitt er skammtímafyrirgreiðsla vegna endurbóta og lagfæringa. Orðin „fyrir milligöngu viðskiptabanka" eru felld niður.

Í 5. brtt., sem er við 27. gr. frv., bætist ný mgr. við greinina, sem hljóðar svo: og staðfesting á því að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sérsjóðum iðnaðarins. — Þar er lagt til að lán vegna tækninýjunga í í byggingariðnaði séu ekki veitt frá Húsnæðismálastofnun hafi viðkomandi fengið lán út á slíkt hjá sérsjóðum iðnaðarins.

6. brtt. er við 29. gr. frv. Í a-lið er lagt til að niður falli orðið „viðurkenndum" þegar rætt er um framkvæmdaaðila, enda ekki ljóst hver á að gefa út eða staðfesta slíka viðurkenningu. Slíkt hlýtur að verða mat húsnæðismálastjórnar. Rétt er þó að geta þess, að n. varð sammála um að það væri ótvírætt að byggingarsamvinnufélög féllu undir skilgreininguna „framkvæmdaaðilar" og þyrfti því ekki að geta þeirra sérstaklega. Nokkur umræða varð um hvort þau ættu að koma þar inn sérstaklega tilgreind, en ekki talin ástæða til, miðað við framangreindan skilning.

B-liður 6. brtt. er nánast orðalagsbreyting og mun ég ekki geta þess frekar á öðrum stöðum þar sem slíkt er lagt til.

7. brtt. er við 32. gr. Þar er lögð til einföldun á ákvæðum um stærð staðalíbúða og flokkun umsækjenda í lánaflokka og lagt til að slíkt sé ákveðið með reglugerð.

8. brtt., við 33. gr., er eingöngu fólgin í því að heimila stjórnum verkamannabústaða að kaupa íbúðir. Breytingin er fólgin í því, að þar kemur í viðbót að stjórnum verkamannabústaða sé heimilt að kaupa íbúðir, en verði ekki eingöngu háðar því að þurfa að byggja. Hér er þó fyrst og fremst átt við nýjar íbúðir sem byggðar væru af viðurkenndum — ef ég leyfi mér nú að nota það orð hér — framkvæmdaaðilum og fengjust keyptar á góðu verði, enda féllu þær að öðru leyti undir þær kröfur sem Byggingarsjóður verkamanna setur. Á þetta við bæði 1. og 2. lið þessarar brtt.

9. brtt. er við 40. gr. Hér er lagt til að afnumin séu stærðarmörk íbúða í verkamannabústöðum og séu þær aðeins háðar almennum ákvæðum laganna um stærðir staðalíbúða. Með þessu ákvæði og heimildinni, sem ég gat um áðan, til að kaupa nýjar íbúðir sem verkamannabústaði er leitast við að komast hjá þeirri flokkun sem orðið hefur á húsnæði, annars vegar í verkamannabústaði er leitast við að komast hjá þeirri flokkun sem orðið hefur á húsnæði, annars vegar í verkamannabústaði og hins vegar í aðrar íbúðir.

10. brtt., við 78. gr., fjallar um gildistöku laganna. Frv. var lagt fram fyrir s. l. áramót og gerði ráð fyrir gildistöku 1. jan. 1980. Hér er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1980 með þeirri einu undantekningu að áfram verði í gildi lög nr. 59/1973, sem fjalla um byggingarsamvinnufélög.

Þá er komið að 11. og síðustu sameiginlegu brtt., sem er við ákvæði til bráðabirgða. Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um það við setningu þessara laga, hvernig fara skuli með þær byggingar sem nú er unnið að í verkamannabústöðum, vegna þess að lánakjör breytast með verðtryggingu lánanna og hlutdeild sveitarfélaganna breytist með tilkomu þeirra laga sem hér er unnið að. Sama gildir um leigu- og söluíbúðir sveitarfélaganna sem nú eru í byggingu samkv. lögum nr. 38/1976. Lagt er til að ljúka öllum þeim íbúðum sem nú eru í byggingu eða samið hefur verið um. Jafnframt er ákveðið með því ákvæði til bráðabirgða, sem hér er lagt til, að þær íbúðir, sem fyrirhugað var að byggja samkv. því kerfi, en ekki eru hafnar framkvæmdir við, verði byggðar sem verkamannabústaðir eða leiguíbúðir sveitarfélaga samkv. þeim kafla þessa frv. sem fjallar um félagslegar íbúðir.

Þá hef ég lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem n. flytur sameiginlega og var einhuga um að standa saman að. Mun ég þá gera grein fyrir brtt. sem birtar eru á þskj. 508 og ég hef leyft mér að flytja ásamt þeim hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og Stefáni Guðmundssyni. Ég mun einnig leyfa mér að fjalla um þessar brtt. á þann hátt að ræða fyrst og fremst um efnisatriði þau sem mestu varða. Í þessum brtt. er mikið af leiðréttingum á tilvitnunum, af því að inn í frv. bætast greinar og niður eru felldar greinar samkv. okkar brtt., og er því mikið af till., sem birtar eru hér á mörgum blöðum, aðeins tilvitnunargreinar. Sumar þeirra skýra sig sjálfar og ætti því að vera óþarfi að fjalla ítarlega um hverja og eina. Ég mun gera lítils háttar grein fyrir þessum brtt., en mikilvægustu efnisþættir þeirra, sem hér liggja fyrir, eru eftirtalin fimm atriði:

Í fyrsta lagi er hlutur verkamannabústaða stóraukinn frá því sem frv. gerir ráð fyrir með því að ætla Byggingarsjóði verkamanna fastan tekjustofn. 1% launaskattur, sem lagt er til að frá næstu áramótum renni í sjóðinn, gerir á þessu ári nærri 5 milljarða. Slíkar tekjur gera sjóðnum mögulegt að taka lán hjá lífeyrissjóðunum og öðrum lánastofnunum án þess að fjárhagsstöðu sjóðsins sé stefnt í nokkra hættu. Með þessari bættu stöðu getur sjóðurinn strax á næsta ári tekið að sér að fjármagna allar félagslega íbúðabyggingar í landinu, þó að byggingar verkamannabústaða stóraukist eins og að er stefnt með þeim brtt. sem hér eru lagðar fram. Eins og fram kom í yfirlýsingu ríkisstj. 29. apríl s. l. er að því stefnt að hafin verði bygging á 400 íbúðum í verkamannabústöðum á næsta ári, 500 íbúðum á árinu 1982 og 600 íbúðum á árinu 1983. Með því væru stór skref stigin til lausnar húsnæðisvanda láglaunafólks og jafnframt komið til móts við óskir verkalýðshreyfingarinnar um íbúðabyggingar á félagslegum grundvelli.

Í öðru lagi er ákvæði frv. um nýbyggingar til að útrýma heilsuspillandi íbúðum ófullnægjandi. Þar er aðeins gert ráð fyrir venjulegum nýbyggingarlánum til þeirra sem við slíkar aðstæður búa, en í flestum tilfellum ófullnægjandi og afturför frá því sem gert hefur verið á undanförnum árum. Í gildandi lögum, nr. 30/1970, er gert ráð fyrir mjög hagstæðum lánum til sveitarfélaga, sem vinna að íbúðabyggingum til útrýmingar á heilsuspillandi íbúðum, gegn mótframlagi hlutaðeigandi sveitarfélags. Lán þessi, sem nefnd eru C-lán hjá húsnæðismálastjórn, eru mjög eftirsótt og bíða nú á annað hundrað umsóknir eftir afgreiðslu hjá stofnuninni vegna þess að ekki er séð fyrir nægilegu fjármagni í þennan þátt. Það er því mjög brýnt að taka af nokkrum myndarskap á þessu máli, eins og gert er með þeim brtt. sem hér liggja fyrir.

Í þriðja lagi er þar til að taka að frv. hæstv. fyrrv. félmrh. gerir ráð fyrir að vextir af almennum húsnæðislánum verði 3.5%. Þegar ákveðið er að full verðtrygging sé á öllum lánum til íbúðabygginga eru það of háir vextir miðað við núverandi aðstæður. Vextir af öllum lánum frá Byggingarsjóði ríkisins eru nú 2%. Allir lífeyrissjóðir

verkalýðsfélaganna hafa einnig ákveðið 2% vexti af öllum verðtryggðum lánum. Því er sú till. gerð hér, að vextir verði lækkaðir frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, úr 3.5% í 2%.

Fjórða atriðið er: Lán til nýrra íbúða hafa nú í heilan áratug verið veitt til 26 ára. Sá lánstími hefur þótt viðunandi miðað við ástand fjármála hjá okkur á liðnum árum, þó að hann sé miklu skemmri en tíðkast í flestum nálægum löndum. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir að þessi lánstími sé styttur í 21 ár. Brtt. okkar gera ráð fyrir að lánstíminn verði óbreyttur frá því sem hann hefur verið, þ. e. 26 ár á almennum lánum til nýbygginga og 42 ár til verkamannabústaða, þó að full þörf væri á því að lengja þennan lánstíma.

Í fimmta lagi: Í fyrrnefndum lögum, nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, var ákveðið að fjármagna verkamannabústaðabyggingar þannig að kaupendur þeirra greiddu 20% af byggingarkostnaði, en Byggingarsjóður ríkisins lánaði almennt íbúðarlán til hverrar íbúðar sem að jafnaði hefur verið um 30% af byggingarkostnaði. Eftirstöðvarnar, u. þ. b. 50% af kostnaði, hafa ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarfélag greitt að jöfnu. Þetta óafturkræfa framlag sveitarfélaganna, sem á þessu ári má áætla að verði nálægt 7 millj. kr. á hverja íbúð, hefur verið sveitarfélögum algjörlega ofviða miðað við fjárhagsstöðu þeirra. Af þeim ástæðum hafa byggingar verkamannabústaða nú nærri lagst niður. Aðeins mjög fá sveitarfélög eru nú með slíkar byggingar í gangi. Á þessum áratug, síðan fyrrnefnd lög voru sett, hefur aðeins verið hafin bygging á 918 íbúðum í verkamannabústöðum á öllu landinu. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir verulegri breytingu á framlagi sveitarfélaganna. Með þeim brtt., sem hér eru lagðar fram, er lagt til að lækka hlut sveitarfélaganna í 10% af þeim lánum sem veitt verða á hverju ári til verkamannabústaða í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Jafnframt er ábyrgð sveitarfélaganna aukin á framkvæmdum við byggingarnar og er þess vænst að það leiði til aukins aðhalds og meiri framkvæmdahraða við byggingarnar.

Þessi fimm atriði eru að okkar mati mikilvægust í þeim brtt. sem við leggjum hér fram, en auk þess er í till. okkar fjölmargt varðandi framkvæmd þessarar mikilvægu löggjafar og vil ég leitast við að skýra nokkru nánar þær brtt. sem liggja fyrir á þskj. 508.

1. brtt.: Lagt er til að heiti laganna og þar með Húsnæðismálastofnunar ríkisins verði breytt í Húsnæðisstofnun ríkisins til samræmis við málvenju og heiti annarra stofnana í þjóðfélaginu. Tekinn er inn nýr kafli, sem verði I. kafli, þar sem fram kemur í tveimur mgr. helsta markmið laganna, sem með þessum brtt. er gert mótandi fyrir þá löggjöf sem hér er verið að setja.

2. brtt., við 1. gr. frv., á að skýra betur stefnumótun laganna og verkefni stofnunarinnar.

Brtt. við 2. gr.: Með brtt. okkar er verið að leggja áherslu á að stofnunin eigi að starfa sem ein heild til þess að fyllstu hagkvæmni verði gætt þrátt fyrir þá deildaskiptingu sem greinin kveður á um.

3. gr. fjallar um stjórnun Húsnæðismálastofnunar ríkisins eða Húsnæðisstofnunarinnar. Í brtt. okkar er lagt til að tveir fulltrúar tilnefndir af ASÍ taki sæti í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins ásamt sjö fulltrúum sem kosnir verða af Sþ. Með því er orðið við ítrekuðum kröfum verkalýðshreyfingarinnar um beina aðild að stjórn hins félagslega íbúðarlánakerfis, sem mörg rök hafa verið færð fyrir, en þó sérstaklega hlutdeild verkalýðshreyfingarinnar í fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins. Nú eiga átta menn sæti í stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar, en gert er ráð fyrir að aðild veðdeildar Landsbanka Íslands falli niður. Fjölgar því aðeins um einn mann í stjórninni við þessa skipan.

Ég ætla að leyfa mér að hlaupa yfir nokkrar brtt., sem eru aðeins orðalagsbreytingar eins og ég gat um í upphafi, og tek það sem ég tel að séu stærstu breytingarnar á þessu frv.

Við 6. gr.: Til að stuðla að fyrrnefndu markmiði, að stofnunin verði rekin sem ein heild, er lagt til að kostnaðurinn við reksturinn greiðist af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán sjóðanna. Einnig er talið eðlilegt að sjóðirnir greiði kostnað við yfirstjórn stofnunarinnar, eins og lagt er til með brtt. við 3. gr.

Við 8. gr.: Með brtt. við 4. tölul. 8. gr. er opnuð heimild fyrir húsnæðismálastjórn til sölu á skuldabréfum til ýmissa sjóða á almennum markaði til fjáröflunar í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstj. og í samráði við Seðlabanka Íslands.

Við 9. gr.: Háværar kröfur hafa verið uppi um að afgreiðslur lána og innheimtur þeirra væru færðar út á land fyrir þá sem þar búa. Því er lagt til að fela húsnæðismálastjórn að semja við lánastofnanir um slíka þjónustu, jafnframt því sem viðskiptum verði haldið áfram við veðdeild Landsbanka Íslands.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein þar sem heimilað er húsnæðismálastjórninni að ákveða nýja lánaflokka að fengnu samþykki félmrh.

Við 12. gr. frv.: Heimild er opnuð fyrir húsnæðismálastjórn til að skerða lán til þeirra sem áður hafa fengið lán úr hinu almenna veðlánakerfi. Um slíka skerðingu þarf að setja nánari ákvæði í reglugerð og beita henni með mannlegri tillitssemi. Tilgangur slíkra takmarkana er að sjálfsögðu sá að hafa meira fjármagn til lánveitinga til þeirra sem enga íbúð eiga og hljóta að sitja í fyrirrúmi.

Brtt. við 13. gr. fjallar um lánstíma. Var ég búinn að ræða um það áðan og gera grein fyrir því.

Í 14. gr. frv., sem hér liggur fyrir, eru allítarlegar reglur um lánveitingar til kaupa á eldri íbúðum. Þær reglur kunna að verða góðar til leiðbeininga við vinnslu lánsumsókna, en eru að okkar mati ekki æskilegar sem ákvæði í lögum. Því er lagt til að lán til kaupa á eldra húsnæði verði árlega ákveðið sem hlutfall af lánum til nýbygginga og þeim, sem um lánsumsóknir fjalla, falið að setja hér starfsreglur.

Við 16. gr. er breytingin í því fólgin að lán til íbúða fyrir aldraða megi, eins og fram kemur í 2. mgr., nema sama hlutfalli af byggingarkostnaði staðalíbúðar fyrir viðkomandi aðila og lánað er á því ári samkv. 1. tölul. 11. gr. — 10. greinarinnar í frv.

Við 19. gr.: Lán til endurbóta á eldra húsnæði er eitt af nýmælum í frv. Lánaflokkur þessi er mjög mikilvægur og tímabært að taka hann upp, en líklegt er að ásókn verði mjög mikil í lán samkv. þessum flokki. Því er með brtt. lagt til að setja nokkru þrengri skorður við lánveitingum en eru í frv. og lánsfé megi samkv. því nema allt að 50% af byggingarláni út á staðalíbúð samkv. 35. gr.

Við 22. gr.: Áður er nokkuð minnst á lán til sveitarfélaganna, sem vinna að því að útrýma heilsuspillandi íbúðum, sem enn virðast vera í notkun í nokkrum mæli

um allt land. Ekki getur talist mannsæmandi að una því að einstakir þjóðfélagsþegnar búi lengur við þær aðstæður að heilsufari þeirra stafi hætta af þeim sökum. Því eru á þessu þskj. þrjár greinar þar sem sett eru ákvæði um skyldu sveitarstjórnar til að láta kanna ástand húsnæðismála í sínu sveitarfélagi og senda skýrslu til húsnæðismálastjórnar ef um heilsuspillandi íbúðir er að ræða. Lögð er á sveitarfélögin sú kvöð að hafa forgöngu um útrýmingu á slíkum íbúðum og húsnæðismálastjórn heimilað að lána viðbótarlán til slíkra íbúða með góðum kjörum. Með sameiginlegu átaki sveitarfélaga og húsnæðismálastjórnar á að vera unnt að hreinsa á fáum árum þann smánarblett af þjóðfélaginu sem heilsuspillandi íbúðir eru. Sú nýbreytni er einnig tekin upp í brtt. að heimila lánveitingu til að endurbyggja gömul hús, sem orðin eru heilsuspillandi, en eru það vel byggð að dómi byggingarfróðra manna að hagkvæmt er talið að endurbyggja þau. Þetta kemur fram í 20., 21. og 22. brtt., sem fjalla um þessar nýju greinar sem koma inn í frv.

Við 23. gr.: *Með nýrri mgr. til viðbótar við 23. gr.* er húsnæðismálastjórn heimilað að veita lán vegna meiri háttar röskunar á högum, fráfalls maka eða vegna veikinda. Slíkum umsóknum þurfa þó að fylgja meðmæli félagsmálafulltrúa eða sveitarstjórnar.

Næstu brtt. eru mikið tilvitnana- og leiðréttingagreinar. Í 29. brtt., við 30. gr., er gert ráð fyrir breytingu á vöxtum sem ég er áður búinn að gera grein fyrir.

Við 34. gr., það er 31. brtt. okkar: Þar er lagt til að afgreiðslur lána úr Byggingarsjóði verkamanna og innheimtur þeirra megi fara fram í þeim lánastofnunum sem húsnæðismálastjórn semur við um slíka þjónustu. Er þarna um tilsvarandi ákvæði að ræða og um Byggingarsjóð ríkisins.

31. brtt. okkar: Stafliður b orðist svo:

„Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemi tekjum hans af 1% launaskatti og framlagi á fjárlögum ef með þarf til þess að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 30% af fjármagnsþörf sjóðsins."

Hér er verið að fjalla um það ákvæði sem ég gat um í inngangi að þessum brtt. og er mikilvæg breyting á þessu frv.

Stafliður c hljóði svo:

„Með framlagi sveitarfélaga sem nemi 10% af því fjármagni sem Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða í viðkomandi sveitarfélagi ár hvert."

Þetta er einnig einn af þeim liðum sem ég gat um í upphafi sem einn af mikilvægustu þáttum brtt. okkar.

Við 35. gr., þ. e. 32. brtt., er gert ráð fyrir að síðari málsliður falli niður, en þar er fjallað um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Eðlilegt er að sá málsl. sé felldur niður þar sem Byggingarsjóður vekamanna fær framlag sitt frá sveitarfélögunum af lánsupphæðinni þegar hún kemur til útborgunar frá Byggingarsjóði verkamanna. Þess vegna er ekki þörf á því að hafa ákvæði um Jöfnunarsjóðinn inni og eðlilegt að fella síðari málsl. niður.

34. brtt. er við 37. gr. Hér er lagt til að veruleg breyting verði gerð á skipan stjórnar verkamannabústaða. Horfið er frá því að húsnæðismálastjórn tilnefni menn í stjórn, en þess í stað er aðild launþegasamtakanna aukin verulega og gerð jöfn aðild sveitarfélaganna. Nýmæli er það ákvæði, að félög opinberra starfsmanna eiga nú að tilnefna einn fulltrúa í hverja stjórn. Með því er jafnframt undirstrikað að verkamannabústaðir yrðu ekki byggðir aðeins fyrir félagsmenn verkalýðsfélaganna, heldur og allt láglaunafólk. Þá er einnig nýmæli að hverfa frá því fyrirkomulagi sem viðgengist hefur í áratugi, að félmrh. skipi formenn stjórnar verkamannabústaða í hverju sveitarfélagi, heldur skulu stjórnirnar sjálfar skipta með sér verkum. Nauðsynlegt þótti þó að fjölga stjórnarmönnum í sjö í stærstu kaupstöðum landsins, þeim sem hafa yfir 10 000 íbúa. Til þess að raska ekki jafnræði launþega og fulltrúa kaupstaðanna í stjórnunum var valin sú leið að ráðh. skipi þennan viðbótarfulltrúa án tilnefningar.

Næstu breytingar sýnast mér allar orðalags- og tilvitunarbreytingar.

41. brtt. okkar er við 45. gr. Sú brtt. hljóðar svo:

„a) Fyrir „1550 stundir" í 3. mgr. komi: 1032 stundir.

b) Fyrir „775 árlegar" í 4. mgr. komi: 516 árlegar."

Hér er verið að samræma vinnustundafjölda þeim reglum, sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefur sett sér, og þau mörk látin gilda einnig varðandi úthlutun á mati eða lánshæfni einstaklinga til að komast inn í byggingarkerfi verkamannabústaða.

Þá kemur c-liður í þessari brtt.: „Á eftir 5. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er heimilt að víkja frá stafliðum b og c þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkv. þessari mgr. skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar."

Þá held ég að ég staldri næst við 50. gr. frv., það er 45. brtt. okkar. Áður er á það minnst, að um leið og hlutdeild sveitarfélaga er minnkuð í kostnað við byggingar verkamannabústaða úr ca. 25% af kostnaðarverði í 10% af láni Byggingarsjóðs verkamanna er ábyrgð þeirra aukin á framkvæmd byggingarnna. Húsnæðismálastjórn lánar 90% af áætluðu kostnaðarverði þeirra íbúða sem byggðar eru samkv. útreikningum á byggingarkostnaði svonefndrar staðalíbúðar sem um er rætt í 32. gr. frv. Verði byggingarkostnaðurinn meiri en áætlað kostnaðarverð staðalíbúðar, sem nú er venjulega nefnd vísitöluíbúð, auk framlags kaupanda íbúðarinnar, sem er 10% af kostnaðarverði, verður sveitarfélagið að greiða mismuninn.

Viðbótartill. er flutt við 50. gr., þar sem heimilað er að fresta afborgunum af lánum ef tekjur þeirra, sem kaupa íbúðir í verkamannabústað, lækka svo mikið að greiðslur afborgana og vaxta af lánum verði óbærilegar. Könnun hefur farið fram í Þjóðhagsstofnun á því, hver greiðslubyrði af verðtryggðum 90% lánum verði hjá kaupendum íbúða í verkamannabústöðum. Niðurstaða þeirra athugana er sú, að um hóflega greiðslubyrði verði að ræða hvort sem miðað er við það, sem fólk leggur almennt á sig til þess að eignast húsnæði, eða miðað er við húsaleigu fyrir sambærilegar íbúðir. Með þeim lánskjörum, sem hér er gert ráð fyrir, þar sem lánstíminn er 41 ár og vextir 1/2%, erum við mjög nálægt því greiðslufyrirkomulagi sem mjög er tíðkað á Norðurlöndum og kennt er við kaupleigusamninga.

47. brtt. er við 52. gr. Þar segir: „Fyrir 3% „kaupverðsins" komi: 2.5% kaupverðsins." Er það leiðrétting til samræmis við breytingu á lánstímanum frá frv. og til okkar brtt. á lánum verkamannabústaða.

54. brtt. okkar er við 59. gr. Með þeim brtt., sem hér

eru fluttar, eru afnumin öll sérákvæði um stærðarmörk verkamannabústaða og annað sem verið hefur í lögum og enn er í þessu frv. Með því er verið að leitast við að komast hjá þeirri flokkun í íbúðir verkamannabústaða og aðrar íbúðir sem nokkuð hefur borið á til þessa og ég gerði einnig grein fyrir áðan.

Við 63. gr. er 58. brtt. okkar. Þar er lagt til að tekin verði ákvörðun um það með löggjöf að allar þær íbúðir, sem byggðar hafa verið hér í Reykjavík af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, verði hér eftir alfarið undir stjórn verkamannabústaða í Reykjavík og verði þannig til frambúðar inni í hinu félagslega kerfi íbúðarbygginga hér í borginni. Félmrh. er ætlað það hlutverk að gæta hagsmuna annarra sveitarfélaga, sem hlutdeild áttu að byggingum Framkvæmdanefndarinnar, með setningu reglugerðar um rétt þeirra til íbúðanna við endurúthlutun.

Við 70. gr. er 62. brtt. okkar. Frv. gerir ráð fyrir verulegri lagfæringu á meðferð skyldusparnaðar ungs fólks. Er þar gert ráð fyrir að fé þetta beri sömu vexti og og eru á lánum samkv. 1. tölul. 10. gr. frv. og sé verðtryggt samkv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands. Í brtt. okkar eru þessi ákvæði óbreytt, en skilgreint nokkru nánar en í frv. hvernig verðtrygging skal reiknast og hvernig farið skal með vextina. Er þar gert ráð fyrir að hægt sé að taka sparifé út á þeim tíma sem hentast er hverjum einstaklingi miðað við lánskjaravísitölu þess mánaðar er úttekt fer fram. Ætti með þessu formi ekki að skapast það ástand sem nú ríkir, að beðið sé eftir einhverjum ákveðnum tíma, t. d. áramótum, til að fá bestu kjör á fé sitt. Þá er í brtt. gert ráð fyrir að vextir leggist við höfuðstól um áramót og verðtryggist síðan á sama hátt og höfuðstóllinn.

Varðandi þetta mál vil ég taka fram, að ljóst er að með þessu er ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs skert og á því máli verða stjórnvöld að taka. Þessari ávöxtun skyldusparnaðarins varð að breyta og láta þar sitja í fyrirrúmi sjónarmið unga fólksins. Tilgangurinn með þessum skyldusparnaði er að tryggja stöðu ungs fólks þegar kemur að íbúðarkaupum eða byggingu og mega ekki sjónarmið Byggingarsjóðsins eins sitja þar í fyrirrúmi. Að teknu tilliti til skattfrelsis skyldusparnaðarins er ljóst að þetta fé er þjóðfélagslega dýrt. En það verður að skoðast sem skerfur okkar, sem eldri erum, til að aðstoða unga fólkið þegar kjörin hafa verið leiðrétt svo sem hér er gert ráð fyrir, og þá verða þetta einhver bestu kjör á sparnaði sem hægt er að fá. Verður því að telja líklegt að sparnaðurinn aukist og ásókn fólks í að ná þessu fjármagni út minnki.

Þá er og gert ráð fyrir í till. okkar að dregið verði úr undanþáguákvæðum og heimildum til að taka út þetta skyldusparnaðarfé. Er það m. a. gert með næstu brtt. sem gerir ráð fyrir því, að 71. gr. frv., um undanþágur, verði felld niður, þó með þeirri undantekningu að þeir, sem búa við varanlega örorku, eru undanþegnir sparnaðarskyldu. Er það brtt. okkar við 72. gr., 64. brtt.

Þá er komið að síðustu brtt., sem er við ákvæði til bráðabirgða. Þar segir: „Ákvæði stafliðar b í 37. gr. tekur gildi frá og með 1. jan. 1981.“ — Er hér fjallað um þá brtt. sem við flytjum og fjallar um árleg framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna, 1% af launaskatti og framlag á fjárlögum ef með þarf til þess að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 30% af fjármagnsþörf sjóðsins.

Síðasta brtt. er nú reyndar sú, sem ég gat þó um fyrst, 66. brtt. Fyrirsögn frv. breytist þannig; Í stað „Húsnæðismálastofnun ríkisins“ komi: Húnsnæðisstofnun ríkisins.

Ég hef nú farið yfir allar brtt. sem ég er meðflm. að, bæði sameiginlegar till. n. svo og þær till. er ég flyt ásamt hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og Stefáni Guðmundssyni. Til að spara tíma hef ég þó reynt að fjalla um þær efnislega og útskýra áhrif og forsendur breytinga, en ekki farið í hvert smáatriði. Vona ég að þetta sé nægjanlegt og till. skýri sig að öðru leyti sjálfar.

Mér er fullljóst að með frv. þessu og brtt., sem samþykktar kunna að verða, er sett löggjöf sem eykur verkefni húsnæðismálastjórnar ríkisins og miðar að því að auka öryggi í húsnæðismálum, en það tekur tíma að þessi löggjöf nái marki sínu í öllum atriðum og fer að sjálfsögðu að verulegu leyti eftir því fjármagni sem hægt er að setja í þennan félagslega þátt þjóðlífsins, húsnæðismálin, á næstu árum.

Að lokum vil ég eindregið vonast til þess, að okkur takist að afgreiða mál þetta sem lög frá Alþingi áður en það lýkur störfum í næstu viku.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við erum hér að fjalla um mál sem okkur blandast ekki hugur um að er mjög mikilvægt. Húsnæðismálin eru ein af þeim málum sem eru mikilvægust. Það er vegna þess að það eru fá mál sem varða meir hag almennings í landinu en einmitt húsnæðismálin. Það hefur líka verið svo, að Íslendingar leggja ákaflega mikið upp úr því, að ástand húsnæðismálanna sé sem best, og þeir leggja mikið upp úr því að eiga sjálfir sitt húsnæði. Þetta þekkjum við og þarf ekki að ræða sérstaklega.

En við erum hér að ræða frv. sem varðar fyrst og fremst lánsfjármál, lánveitingar til fólks til þess að það geti komið sér upp þaki yfir höfuðið. Það er svo, að um lagt skeið hafa verið tvö íbúðalánakerfi í landinu sem hafa það hlutverk að fullnægja þessum þörfum. Það frv., sem við hér ræðum um, varðar einmitt þessi tvö veðlánakerfi. Þar er annars vegar hið almenna veðlánakefi eða Byggingarsjóður ríkisins og þar er hins vegar hið félagslega veðlánakerfi eða Byggingarsjóður verkamanna.

Ég hef litið svo á, að það væri ekki hægt að tala um viðunandi ástand í lánamálum húsbyggjenda, hvað þá heldur gott, nema svo sé búið að málum að almenningur í landinu geti staðið undir þeim lánum sem hið almenna veðlánakerfi hefur að bjóða, m. ö. o. að lánskjörin: lánstími, lánsupphæð, vextir, allt sé þetta sniðið við hæfi almennings í landinu, að hinn almenni launamaður geti notfært sér þessi lán og geti af launatekjum sínum staðið undir greiðslubyrðinni. En jafnframt hef ég alltaf talið að það væri nauðsynlegt að hafa annað veðlánakerfi til að mæta þörfum þeirra sem allra verst eru settir í þjóðfélaginu, til þess einnig að koma þeim til aðstoðar þannig að þeir geti einnig eignast húsnæði. Til þess að svo megi verða þurfa þeir að fá miklu meiri aðstoð opinberra aðila en hið almenna veðlánakerfi veitir. Það er þetta kerfi sem Byggingarsjóður verkamanna stendur undir.

Vegna eðlis þessara mála hef ég talið að það væri einsýnt, að æskilegast væri að kerfi Byggingarsjóðs verkamanna væri sem minnst, næði til sem fæstra, bæði vegna þess að eftir því sem er um minni hluta þjóðarinnar að ræða sem nyti kjara Byggingarsjóðs verkamanna, eftir því væri hægt að gera þessi kjör betri, léttbærari fyrir

þá sem minnst mega sín. Og einnig er það að sjálfsögðu keppikefli í þjóðfélagi okkar að þessi hópur þegnanna sé sem fámennastur.

Ég hef hér komið með fáum orðum inn á atriði sem gera grein fyrir viðhorfum mínum til þessara mála. Það, sem ég segi hér á eftir, er að sjálfsögðu mjög mótað af þessum viðhorfum.

Frv., sem við nú ræðum, kom fyrst til umr. í janúar s. l. Það hlaut þá þegar ítarlega umræðu. Það var mikið rætt við umr. Ég lýsti þá skoðun minni á þessu frv. Ég tók fram að í þessu frv. væri margt athyglisvert og í sjálfu sér æskilegt. Það væri verið að auka verkefni byggingarsjóðanna og Byggingarsjóðs ríkisins stórlega. Það gætu engir í sjálfu sér haft á móti því að það væri gert. Það væru teknir upp nýir lánaflokkar sem ekki hafa áður verið fyrir hendi, eins og t. d. að veita sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir, lán til orkusparandi breytinga á húsnæði, lán til tækninýjunga í byggingariðnaði, svo eitthvað sé nefnt. Enginn getur verið á móti þessu.

En það var eitt sem var að þessu frv. og ég lagði strax áherslu á við 1. umr. Um leið og verkefni veðlánakerfisins er stóraukið eru engar tillögur í þessu frv. um að efla tekjustofna kerfisins til að mæta þeim þörfum sem hin nýju verkefni skapa. Þetta er að sjálfsögðu megingalli frv. og svo alvarlegur að furðu gegnir. Það er svo, að þegar húsnæðislöggjöfin hefur verið endurskoðuð áður og heildarendurskoðun farið fram, eins og nú hefur verið gert, þá hefur alltaf verið leitast við að efla tekjustofna veðlánakerfisins, treysta þá, auka þá. Og í raun og veru hefur það verið mestur vandinn alltaf, þegar þessi löggjöf hefur komið til endurskoðunar. Það er svo, að alltaf hefur verið mikil þörf á að auka tekjustofna veðlánakerfisins þó að jafnframt væri ekki um aukin verkefni að ræða. Það er vegna þess að frá upphafi, þegar þetta kerfi var sett á laggirnar 1955, voru lánin allt of lág. Þau voru allt of lág miðað við byggingarkostnaðinn. En það voru þá uppi fyrirætlanir um að þetta yrði smám saman lagað, bætt yrði úr.

Þegar veðlánakefið var fyrst stofnað var lánahlutfall miðað við byggingarkostnaðinn eitthvað um 30% eða milli 30 og 40%. Það var alltaf stefnt frá upphafi á það markmið að lánið kæmist upp í t. d. 80%, en mjög hægt hefur gengið að þoka sér í þá átt. Þegar best gegndi, fyrir u. þ. b. 10 árum, var lánahlutfallið eða lán Byggingarsjóðs ríkisins orðið um 40% af byggingarkostnaði venjulegrar íbúðar. Síðan hefur þessu hrakað. Þess vegna er það að í raun og veru hefði þurft að efla stórlega tekjur veðlánakerfisins við þessa endurskoðun þó að engin aukning hefði verið á verkefnum Byggingarsjóðs ríkisins eða veðlánakerfisins, en eins og ég sagði áðan er engin ákvæði að finna í frv. sjálfu um auknar tekjur til handa veðlánakerfinu, hvorki vegna þeirra verkefna sem fyrir voru né til þeirra verkefna sem við bætast. Hér er um það alvarlegasta að ræða varðandi þetta frv., og hér er ekki um neitt lítilræði að tefla. Samkv. grg. frv. er gert ráð fyrir að þegar í framkvæmd séu komnar þær breytingar, sem það felur í sér, þurfi 10 milljarða á ári umfram fyrri fjármagnsþörf veðlánakerfisins. Þessir 10 milljarðar eru miðaðir við verðlag ársins 1979. Svo alvarlegt er þetta mál sem snýr að fjárhagshliðinni.

Ég hygg að allir hafi gert ráð fyrir því, að við meðferð þessa máls yrði lögð sérstök áhersla á að sjá veðlánakerfinu fyrir nýjum tekjustofnum eða efla þá sem fyrir eru. Ég gerði ráð fyrir að hvaða ríkisstj. sem væri mundi við meðferð málsins leggja sig fram um að leysa þetta mál. Eins og okkur er kunnugt tók núv. ríkisstj. við völdum eftir að þetta frv. var lagt fram. Bæði mér og öðrum fulltrúum í hv. félmn. þessarar d., sem fékk frv. þetta til meðferðar, þótti að það væri nánast til lítils fyrir n. að vinna í þessu máli nema hún fengi einhverjar vísbendingar um hvað ríkisstj. hygðist fyrir varðandi fjármálin. Ég tilkynnti hæstv. félmrh. þetta fyrir allmörgum vikum í samráði við hv. félmn. Ég hélt að þetta mál mundi ekki koma frekar á dagskrá nema það væru ákveðnar tillögur í fjáröflunarmálunum. Nú þegar frv. þetta og vinna við það kemst á skrið í hv. félmn. fyrir u. þ. b. 10 dögum liggja fyrir hugmyndir ríkisstj. m. a. um fjáröflun til kerfisins. Ég verð að segja að það er raunar ofmælt að mínu viti, að það hafi legið nokkrar raunhæfar tillögur fyrir frá hæstv. ríkisstj. um þetta efni. Skal ég koma að því nánar.

Mér þótti rétt að fara þessum orðum um þetta frv., tilkomu þess og eðli, áður en lengra er haldið.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. n., hv. 5. þm. Norðurl. e., leggur n. til að frv. verði samþ., en einstakir nm. hafa fyrirvara á þessum meðmælum og áskildu sér rétt til að bera fram brtt. Ég ásamt hv. þm. Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur ber fram brtt. á þskj. 509. Mér þykir rétt að gera hér grein fyrir þessum brtt. Við sem stöndum að þessum brtt. erum að sjálfsögðu aðilar að þeim brtt. sem n. flytur sameiginlega og hv. frsm. n. hefur gert grein fyrir. Ég sé ekki ástæðu til að ræða neitt frekar eða bæta við það sem hv. frsm. n. sagði varðandi þær till. sem félmn. ber fram. Ég sný mér því beint að því að ræða till. þær sem fluttar eru á þskj. 509.

1. till. þar er við 2. gr. frv. Í 2. gr. frv. eru fyrirmæli um að Húsnæðismálastofnun skuli starfa í þrem deildum. Það skal vera ein deild fyrir almenn íbúðaveðlán, önnur deild fyrir félagslegar íbúðir og þriðja deildin sé tæknideild. Við sjálfstæðismenn, sem flytjum brtt. við 2. gr. frv., teljum að frv.gr. sé talandi tákn um tilhneigingu til að auka og stækka þá stofnun sem við fjöllum um, Húsnæðismálastofnun ríkisins. Það er engin þörf á slíku. Auk þess ber að varast að stefna að því að þessi stofnun vefji utan á sig og velti á sig stöðugt nýjum viðaukum án eðlilegs tillits til raunverulegra verkefna. Með tilliti til þessa er till. okkar, fyrsta till. á þskj. 509, borin fram, en hún er á þá leið, að 2. gr. frv. orðist svo sem þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Húsnæðismálastjórn ákveður deildaskiptingu stofnunarinnar."

Þá er 2. brtt. okkar á sama þskj. Hún er við 4. gr. frv. sem fjallar um skilgreiningu á hlutverki húsnæðismálastjórnar. Þar er hlutverkið tilgreint í sex töluliðum. Við leggjum til að þrír fyrstu tölul. verði felldir niður. 2. tölul. viljum við fella niður vegna þess að það er óeðlilegt að tala um að stjórn einnar stofnunar skuli hafa eftirlit með starfsemi hennar. Hún á auðvitað að hafa stjórn hennar á hendi. 3. liðurinn leggum við til að verði lagður niður vegna þess að það getur verið villandi að taka sérstaklega fram að húsnæðismálastjórn eigi að skera úr vafa- eða ágreiningsmálum varðandi einstaka lánveitendur. Það er villandi vegna þess að það er auðvitað húsnæðismálastjórn sem ákveður lánveitingar, hvaða vinnubrögð eða vinnutilhögun sem höfð er á því. Hvorki það að sjá um lánveitingar né að skera úr einhverjum ágreiningsmálum í því efni þarf að taka fram vegna þess að það tilheyrir stjórn stofnunarinnar. 1 tölul. er á þá leið, að húsnæðismálastjórn eigi að marka meginstefnu Húsnæðismála-

stofnunarinnar.

Við teljum að þá þrjá töluliði 4. gr., sem ég hef hér gert grein fyrir, eigi að fella niður og inn eigi að koma einn töluliður sem inniheldur þetta allt. Hann er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: Það sé hlutverk húsnæðismálastjórnar „að fara með stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.“ — Það er smábreyting sem við gerum við 6. tölul. Hann skýrir sig sjálfur. Ég sé ekki ástæðu til að fara orðum um það.

Þá er 3. brtt. okkar, við 6. gr. frv., um að 1. mgr. orðist svo sem þar greinir. Ég bið menn að bera saman þessa brtt. og 1. mgr. 6. gr. frv. Þá sjá menn að það er eðlilegra og einfaldara orðalag á brtt. okkar, og skal ég ekki fara frekari orðum um það.

4. brtt. er við 8. gr. frv. 8. gr. frv. er að sjálfsögðu mikilvægasta grein þessa frv. vegna þess að hún fjallar um fjáröflunina eða fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins. Við, sem stöndum að brtt. á þskj. 509, höfum því till. um miklar breytingar að gera á þessari grein. Er það augljóst af því sem ég hef áður sagt um fjáröflun til byggingarkerfisins.

A-liður brtt. okkar við 8. gr. frv. er um að 2. tölul. orðist svo sem þar segir. Breytingin er fólgin í því, að það er tekinn út „launaskattur“, sem er í þessum tölulið frv., *sem er harla óljós og óskilgreindur, en töluliðurinn* heldur sér að öðru leyti efnislega. Við verðum samt ekki viðskila við launaskattinn, því að í b-lið brtt. okkar er lagt til að nýr tölul. komi, er verði 6. tölul. og orðist svo, með leyfi hæstv. forseta, — þetta er um hvernig fjár er aflað til Byggingarsjóðs ríkisins og samkv. till. okkar byrjar hinn nýi töluliður þannig: „Með 3½% launaskatti samkv. lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.“

Samkvæmt gildandi lögum er innheimtur 3.5% launaskattur. Launaskatturinn er til kominn og lagður á upphaflega og hefur alltaf verið varinn á þeim grundvelli að það væri til að afla fjár til hins almenna veðlánakerfis. Þetta voru ástæðurnar fyrir því að þessi skattheimta var upphaflega tekin upp, og alla tíð hefur þessi skattur gengið til húsnæðismála eða veðlánakerfisins að einhverju leyti. (**Gripið fram í:** Hvað gerir það mikið núna?) Það renna 2% í Byggingarsjóð ríkisins. Ég hygg að það megi segja að það séu um 11 milljarðar sem 2% gefa. Þá mundi 1% gefa 5.5 milljarða.

Samkvæmt lögum nú eiga 2% að ganga til veðlánakerfisins, en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1980 var þessi upphæð skert um 3.8 milljarða kr. Samkv. fjárlögum er því núna ekki gert ráð fyrir að það fari af launaskattinum öll 2%, um 11 milljarðar, heldur um 7.1 milljarður, til veðlánakerfisins.

Þessi brtt. okkar þýðir í fyrsta lagi leiðréttingu á því sem gert var við afgreiðslu fjárlaga. Þetta er till. um að ekki verði skert þau 2% sem hafa gengið í þessar þarfir — og það veitir ekki af þó það væri miðað við óbreytt lög og ekki nein ný verkefni sem lögð væru á veðlánakerfið. En við gerum ráð fyrir að það 1.5%, sem samkv. lögunum fer núna í ríkissjóðinn, komi heim, eins og það hefði átt að gera strax, þ. e. að það komi í Byggingarsjóðinn. Það verður þá virt sem almenningi og skattborgurum var sagt þegar þetta gjald var upphaflega sett á og menn gátu miklu betur umborið í vissu um að andvirði þess gengi til þeirra þarfa sem um var að ræða, til aðstoðar húsbyggjendum í landinu. Ef við samþykkjum þetta frv., þar með hin nýju auknu verkefni, sem lögð eru á almenna veðlánakerfið, mun ekki veita af að efla tekjustofna þess um þessi 1.5% sem mundu bætast við. Eins og ég sagði áðan þýðir samþykkt þessa frv., eins og það var lagt fram, að það þarf 10 milljarða á ári til að mæta auknum verkefnum þegar frv. væri komið til framkvæmda.

Við teljum að það sé algjörlega óraunhæft að tala um þetta frv., hvað þá heldur að samþykkja það og leggja þessi nýju verkefni á veðlánakerfið, ef við mætum ekki fjárþörfinni. Það er miklu verra en að gera ekki neitt, því að þá værum við einungis að gefa falskar vonir sem engar efndir yrðu á.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þessa brtt., en hún er að sjálfsögðu hin mikilvægasta.

Við 8. gr. er svo enn ein brtt., það er c-liður 4. brtt. á þskj. 509. Þar er gert ráð fyrir að taka upp sem tekjustofn 1% lántökugjöld af lánum sem húsnæðismálastjórn veitir. Þetta er ekkert frumlegt eða í sjálfu sér merkilegt. Þetta er í gildandi lögum og okkur þykir sjálfsagt að hafa það áfram. Ekki mun af veita, þó að það dragi lítið. En það hefur fallið niður — ég læt mér koma til hugar að það sé af vangá — að setja þetta inn í frv.

Þá kem ég að 5. brtt. á þskj. 509. Hún er við 12. gr. og er um að 3. mgr. 12. gr. falli niður. Það koma fleiri brtt. á eftir, þar sem við leggjum til að það séu felldar niður mgr. og heilar greinar. Stundum er þetta af efnisástæðum, en *oftast nær er þetta ekki af efnisástæðum, heldur af því* að við teljum að það sé ekki eðlileg lagagerð að hafa þessi ákvæði í lögunum, það sé í hæsta lagi eðlilegt að hafa þau í reglugerð og stundum aðeins í auglýsingu og kannske þyrfti stundum ekkert um þau að hugsa fyrr en upp kæmi við framkvæmd málanna. Till. okkar um að 3. mgr. 12. gr. falli niður er ekki af efnisástæðum, heldur af þessum ástæðum og ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það.

Þá er 6. brtt. Hún er við 13. gr. Það er mjög þýðingarmikil brtt. 13. gr. fjallar m. a. um hvað lánstími hinna almennu húsnæðislána eigi að vera langur. Samkvæmt gildandi lögum er hann 26 ár. Samkv. frv. þessu er hann 21. ár. Ég ræddi nokkuð um þetta við 1. umr. og taldi vera algjöra óhæfu að stytta lánstímann. Það hefur alltaf verið markmið og — ef ég mætti orða það svo — draumur þeirra, sem hafa fengist við þessi mál, að hægt væri að lengja lánstímann, og þarf ekki að skýra slíkt. (**Gripið fram í:** Og lækka vextina.) Og lækka vextina. (**Gripið fram í:** Draumurinn um að þurfa aldrei að borga lán.) Ef við viljum ekki hafa þetta í flimtingum held ég að við getum verið sammála um að æskilegt sé að lengja lánstímann. Og við viljum ekki standa í stað í þessu efni. Við viljum sækja örlítið fram, þótt stutt sé, og legg ég þess vegna til að lánstíminn verði 30 ár. Þetta er mjög þýðingarmikil brtt., eins og ég sagði áðan.

Við komum þá að 7. brtt. Hún er við 15. gr. frv. Hún er um að 1. mgr. falli niður. Ég ætla ekki að fara að ræða efni 1. mgr. Ég bendi mönnum á hana og hygg að menn geti verið sammála um að það sé ekki ástæða til að hafa það mál í lögum. Því gerum við till. um að 1. mgr. falli niður.

Ég kem þá að 8. brtt. Hún er við 18. gr. og er einnig um að 1. mgr. falli niður og af sömu ástæðum. Við teljum, að ekki sé ástæða til að hafa 1. mgr. í lögum, og leggjum þess vegna til að hún falli niður.

Þá kem ég að 9. brtt. og hún er við 25. gr. frv. 25. gr. frv. endar á því að kveða á um að óheimilt sé að veita lán nema fyrir liggi verklýsing og kostnaðaráætlun sem gerð

sé af sérstökum trúnaðarmanni sem tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins nefnir til, enda séu umrædd gögn samþykkt af tæknideildinni — Brtt. okkar felst í því, að þetta, sem ég las upp, falli niður. Við teljum að það sé efni sem eigi að kveða á um í reglugerð ef ástæða þykir til. Ég vona að þetta sé næg skýring, því að ég leitast við að stilla máli mínu í hóf vegna þess að brtt. eru margar.

Þá er það 10. brtt. Hún er við 29. gr. frv. Hún er um að 2. og 3. mgr. 29. gr. falli út. Hérna er um að ræða ákvæði sem varða lán samkv. 9. tölul. 10. gr. frv., svokölluð framkvæmdalán. Það er verið að gera því skóna í ákvæðum þessarar greinar hvað þetta lán eigi að vera lengi og annað þess háttar. Þetta er á misskilningi byggt vegna þess að þessi lán koma til greiðslu þegar hin föstu lán eru afgreidd og þarf ekki neinar vangaveltur um það, hvað þá heldur að setja ákvæði um þetta í lög.

Ég kem þá að 11. brtt. Hún er við 30. gr. Hér er um að ræða mjög þýðingarmikla brtt. Samkv. frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að vextir séu 3.5%. Við leggjum til að vextirnir verði 2%. Við viljum sækja fram einnig á þessum vettvangi, lækka vextina eins og að lengja lánstímann. Og það er ekki óeðlilegt að lækka vextina úr 3.5% í 2%, því að við verðum að hafa í huga að þessi lán eru öll vísitölutryggð. En þetta er til að undirstrika það sjónarmið, sem ég lagði áherslu á í inngangsorðum mínum áður, að við verðum að hafa lánskjör hinna almennu lána þannig að hinn almenni launþegi í landinu geti staðið undir þeim. Það er þess vegna sem við leggjum til í senn að lengja lánstímann og að lækka vextina. Þetta er a-liður 11. brtt. okkar.

B-liður er um að síðasti málsliður í 3. mgr. 30. gr. falli niður. Þar er verið að tala um hin svokölluðu framkvæmdalán og lán til tækninýjunga. Það er ekki ástæða til að setja þetta ákvæði þarna inn, svo ekki sé meira sagt. Skýrist það af því sem ég segi um c-liðinn í þessari brtt. við 30. gr. Hann er um að síðasti málsliður 4. mgr. orðist þannig, að tekin er út tilvitnun í 9. tölul. 11. gr., þ. e. um framkvæmdalán. Það er verið að tala þarna um hluti á þann veg að það kemur ekki heim og saman við staðreyndir og venjuleg vinnubrögð.

12. brtt. er við 32. gr. Sú brtt. gengur út á að greinin orðist svo sem þar stendur. Ég skal ekki fara að lesa það upp. En þetta þýðir að niður falli 2. og 3. mgr. 32. gr. frv. Hér er um algjör framkvæmdaatriði að ræða og eðlileg reglugerðarákvæði, ef þess þarf þá með.

Ég vona að menn líti ekki á það sem einhverja fordild þegar ég er svo oft að tala um till. okkar um að fella niður. Ég held að þetta frv. sé að ýmsu leyti — ég tala ekki um ef á að samþykkja ýmsar af till. stjórnarliðsins um breytingar — dæmi um hvernig á ekki að standa að lagasetningu. Þá geng ég auðvitað út frá því að lög eigi að vera skýr og stuttorð, eftir því sem við verður komið, og ekki um annað en það sem máli skiptir.

Ég kem þá að 13. brtt. og hún er um 34. gr. Þetta er greinin um fjáröflun í Byggingarsjóð verkamanna og er þess vegna á vissan hátt þýðingarmesta greinin varðandi Byggingarsjóð verkamanna. Með þessari grein er horfið frá þeirri skipan sem hefur verið fylgt og haldið alltaf þegar lögin um Byggingarsjóð verkamanna hafa verið endurskoðuð. Það er horfið frá þeirri fjáröflunaraðferð og skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem fylgt hefur verið. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að þau sveitarfélög, sem eru aðilar að byggingu verkamannabústaða, ákveði þá fjárhæð sem til þess er lögð fram. Skal viðkomandi sveitarfélag greiða framlag sem er miðað við ákveðna upphæð fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu og ætla þá upphæð, sem þannig ákvarðast, til framkvæmda í verkamannabústaðabyggingum. Jafnframt er gert ráð fyrir að ríkið leggi jafnmikið á móti.

Nú er í frv. horfið frá hinni gömlu aðferð um það, hvernig þetta er ákveðið. Við gerum ekki till. um að hún verði tekin upp aftur, en við gerum till. um að fylgt verði þeirri meginstefnu, sem hefur verið rauði þráðurinn í framkvæmd þessarar löggjafar um verkamannabústaði frá upphafi, að fjármagnið, sem þarf til byggingar verkamannabústaða, komi allt frá ríki og viðkomandi sveitarfélagi, að frádreginni þeirri útborgun sem greidd er af þeim sem fær íbúðina. Okkar brtt. miðar því að því að ríkissjóður greiði 70% af því fé sem þarf til byggingar verkamannabústaða, en sveitarfélögin 20%. Við höldum okkur ekki við helmingaskiptaregluna eða að það sé jafnt frá ríki og sveitarfélagi. Við byggjum á 20% sem frv. leggur til að sveitarfélögin greiði. Ef haldið er við það þarf ríkið að greiða 70% til verkamannabústaða. Allt annað er hrein blekking og ljótur leikur gagnvart því fólki sem vill treysta á þessa löggjöf.

Gert er ráð fyrir í 13. brtt. okkar að hægt sé að afla fjár til Byggingarsjóðs verkamanna með lántökum, en það eru lántökur, sem hljóta að verða til þess að mæta þeirri þörf sem bygging leiguíbúða sveitarfélaga kallar á, og því er gert ráð fyrir þessu. Í frv. er látið líta svo út að hægt sé að fjármagna verkamannabústaðina með lántökum, taka lán á hinum almenna lánamarkaði með þeim lánskjörum, sem nú eru, og lána þetta fjármagn með 0.5% vöxtum og eins og frv. gerir ráð fyrir. Allir sjá að þetta er hrein blekking og þetta er ljót blekking. Þessi 34. gr. frv., eins og hún er sett upp, er svo ruglingsleg og illa hugsuð að ég efast um að hægt verði að framkvæma hana eins og hún er. Það mun þá koma í ljós hvernig það tekst. Þess vegna er þessi brtt. okkar, 13. brtt., ákaflega þýðingarmikil. Ég trúi því naumast öðru en henni verði gefinn gaumur. Ég held það væri hyggilegra að afgreiða þetta mál ekki eins og það liggur fyrir.

Ég kem þá að 24. brtt. Hún er við 48. gr. frv. og er um að niður falli þarna orðin „af hálfu tæknideildar Húsnæðismálastofnunar". Það eru orð sem standa í þessari grein.

Eitt af því, sem við gerðum í félmn. d., eins og kom fram hjá hv. frsm., var að við leituðum álits ýmissa aðila og umsagna um þetta frv. Einn aðilinn, sem skilaði ítarlegu áliti eða umsögn, var stjórn verkamannabústaða í Reykjavík. Um þessa brtt. við 48. gr. frv. hefur stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík tjáð sig ákveðið og sagt að sjálfsögðu eigi stjórn verkamannabústaða að gera upp byggingarkostnað og láta úttekt á íbúðum fara fram, en ekki tæknideild Húsnæðismálastofnunar. Brtt. okkar er í samræmi við þetta sjónarmið þeirra sem gleggst þekkja til þessara mála.

Ég kem þá að 25. brtt. Hún er við 50. gr. frv. Í 50. gr. frv. er m. a. ákvæði um hvað lánstími lána Byggingarsjóðs verkamanna á að vera langur. Segir í frv. að hann eigi að vera 32 ár. Ég vék að þessu við 1. umr. og lýsti mikilli undrun á þeirri afstöðu, sem mér hefur þótt nálgast óskammfeilni, að stytta lánstíma hjá Byggingarsjóði verkamanna frá því sem er. Hvað skyldu þeir hafa sagt sem voru árið 1929 að berjast fyrir þessum málum? Þá voru menn ekki að tala um 30 eða 40 ára lán, heldur

80—90 ára. En svo þurfum við að þola það á þessu herrans ári, þegar þetta kerfi er búið að starfa í 50 ár, að þá skuli vera lagt til að lánstími Byggingarsjóðs verkamanna lækki úr 42 árum í 32. Við, sem stöndum að brtt. á þskj. 509, viljum ekki hlíta þessu. Við trúum því raunar varla að það geti verið meiri hl. fyrir því að stytta þennan lánstíma. Við gerum ekki brtt. um að lengja þessi lán eins og brautryðjendur verkamannabústaða dreymdi um og töluðu um og ætluðu að gera. Við ætlum að vera svo hæversk að leggja til að það standi sem er í lögum í dag.

Ég kem þá að 26. brtt. Hún er við 54. gr. Hún er um að 2. mgr. falli niður. Það er af þeirri ástæðu að við teljum að þetta eigi ekki að setja í lög. Það segir t. d. í mgr. sem við leggjum nú til að fella skuli niður: „Umsókn skal berast Húsnæðismálastofnun eigi síðar en 1. ágúst árið áður en framkvæmdir skulu hafnar.“ Við teljum að slíkt eigi ekki að setja í lög, þetta sé reglugerðaratriði eða auglýsingaratriði eftir atvikum og það geti komið sér illa að lögbinda ákvæði sem þessi.

Þá er það 27. brtt. Hún er við 55. gr. Hún er um að greinin falli niður. Þarna er verið að tala um að húsnæðismálastjórn feli tæknideild Húsnæðismálastofnunar að yfirfara tillögur sveitarstjórnar. Þetta eru ekki ákvæði sem eiga heima í lögum. Ég held að menn hljóti að sjá það og ég held að við hljótum að sameinast um að laga þetta dálítið til. — Þetta er ekki af efnisástæðum.

Þá er það 28. brtt. Hún er við 56. gr. frv. Hún er um að greinin falli niður. Þetta eru hliðstæðar ástæður og ég hef áður sagt. Ég skal ekki fara nánar út í það. Þessi ákvæði eiga alls ekki heima í lögum og skipta engu máli.

Þá er það 29. brtt. Hún er við 57. gr. Það er um að fyrstu orðin í greininni séu felld niður. Þetta er ekki efnisbreyting. Ég vona að menn sjái að þetta er þó til bóta. Ég skal ekki ræða það frekar.

Þá er það 30. brtt. Hún er við 58. gr. frv. það er þýðingarmikil brtt. Þar er ákvæði um að vextir af lánum til byggingar leiguíbúða skuli vera 3.5%. Við gerum ráð fyrir og gerum till. um að vextir af almennum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins séu 2%. Þykir okkur þá ekki hlýða að það séu verri kjör á þeim lánum sem eru veitt til að leysa hinar félagslegu þarfir sem leiguíbúðunum er ætlað. Ég vona að menn athugi þetta og viðurkenni þetta sjónarmið.

Ég kem þá að 31. brtt. Hún er um að 59. gr. falli niður. Þetta er reglugerðaratriði. Ég bið menn að líta á 59. gr. Ég er sannfærður um að þeir verða mér sammála. Ég þarf ekki að fjalla meira um það.

Þá er það 32. brtt. og hún er við 60. gr. Það er um að taka skýrt fram að það séu sveitarstjórnir sem ráðstafi þeim leiguíbúðum sem reistar eru á vegum sveitarstjórna. Það mátti, eins og orðalagið er, misskilja það svo að það væri stjórn verkamannabústaða sem ætti að gera slíkt. Virðist mér að þetta sé sjálfsögð brtt.

Ég kem þá að síðustu brtt. okkar á þskj. 509. Það er 33. brtt., við 67. gr. frv. Þetta er brtt. sem varðar tæknideildina. Um það mál mætti að sjálfsögðu ræða ítarlega, en ég skal ekki fara að gera það á þessu stigi. Menn hafa sjálfsagt mismunandi skoðanir á hlutverki og stöðu tæknideildar Húsnæðismálastofnunar. Sumir halda fram að það sé ákaflega þýðingarmikið að efla þessa deild sem mest vegna þess að við eigum að sjálfsögðu mikið undir því að tækninni sé beitt til hins ýtrasta varðandi byggingarmálin. Rannsókn í byggingarmálum og öll viðleitni til að tileinka sér það, sem nýtt er, og vinna að því, sem hentar íslenskum aðstæðum, er sjálfsögð. Ég hef samt lengi verið þeirrar skoðunar að það sé mikill misskilningur að tæknideildin geti haft mikla þýðingu í þessum efnum nema að hún sé margfalt öflugri, margfalt stærri og miklu meira fjármagni varið til hennar en nú er, en það væri ekki rétt að gera slíkt vegna þess að það eru ýmsar aðrar stofnanir í þjóðfélagi okkar, ríkisstofnanir, rannsóknastofnanir ríkisins og stofnanir á vegum iðnaðarins, sem vinna að þessum stóru og þýðingarmiklu verkefnum. Við eigum ekki að fara að koma upp margföldu kerfi í þessu efni. Við getum ekki gert það með neinum forsvaranlegum árangri. Og við eigum ekki að reyna að gera tilraun til þess. Hins vegar eigum við að hafa það skipulag á, að sem best nýtist það verk sem er unnið í rannsóknastofnunum byggingariðnaðarins, hvort sem það er á vegum ríkisins eða samtaka iðnaðarins, hvort sem það er á vegum ríkisins eða samtaka iðnaðarins. Með þetta í huga höfum við gert till. um verulegar breytingar á 67. gr. frv. Það er fljótast að lýsa þessu með því að lesa upp brtt. okkar, en hún er á þá leið að 67. gr. frv. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tæknideild skal starfa innan Húsnæðismálastofnunar.

Verkefni hennar eru þessi:

1. Að hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum þeirra aðila, sem njóta lána úr veðlánakerfinu, eftir því sem þörf er á til þess að settum skilyrðum sé fullnægt.

2. Að vera ráðgjafi Húsnæðismálastofnunar og stjórnar hennar um tæknileg málefni og annast samskipti við opinbera aðila, sem vinna að rannsóknum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála.

3. Að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta að íbúðarhúsum og kynna bestu lausnir, sem fást úr slíkri samkeppni hverju sinni.

4. Að vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning félagslegra íbúðabygginga.“

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir brtt. okkar, 35 að tölu, sem eru á þskj. 509. Þegar við vorum að vinna í þessum málum kom í huga okkar að það gæti verið ástæða til að gera fleiri brtt. og brtt. sem varða hin þýðingarmestu mál, en hér hefur verið gengið fram hjá. Ég nefni sem dæmi skyldusparnaðinn. Það eru mjög skiptar skoðanir um framkvæmd skyldusparnaðarins í ýmsum efnum, svo að ekki sé meira sagt, og það eru uppi ýmsar hugmyndir um hvernig á að bæta úr. Við erum ekki hér með ákveðnar till. í því efni, en mér hefði fundist að ekki hefði verið óskynsamlegt að koma með brtt. sem fæli í sér að því væri slegið föstu að skyldusparnaður skyldi vera og hverjir skyldu hlíta honum og hverjir gætu fengið undanþágu, en framkvæmdin að öðru leyti væri ákveðin með reglugerð. Þá gæfist tími til að athuga málin betur en gert hefur verið. En það var ekki samstaða um slíka till. og við sjálfstæðismenn sáum ekki ástæðu til að gera sérstaka till. sem hefði komið til greina að flytja.

Þessar brtt. okkar, sem ég hef hér lýst, eru ekki tæmandi um það sem við teljum að hefði mátt betur fara í frv. þessu. En ég er sannfærður um að frv. mundi batna mikið ef þær væru samþykktar.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til að þakka nefndarformanni fyrir sérstaklega gott starf. Hann hefur rekið þetta mál áfram af mikilli

hörku og vinnusemi og notið þar góðrar aðstoðar Guðmundar Bjarnasonar, sem var frsm. nefndarinnar.

Við erum hér að fjalla um frv. sem fyrir allnokkru var lagt fram. Það varð til á þann hátt að verkalýðssamtökin sömdu um að gert verði stórátak í húsnæðismálum. Það var fyrst árið 1974 — í samningunum þá — að húsnæðismálin, þ. e. það sem nú er ætlað að gera, urðu til þess að greiða fyrir lausn á vinnudeilu. Þá var því heitið að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að á árunum 1976—1980 yrðu byggðar íbúðir fyrir efnalítið fólk í stéttarfélögum innan ASÍ og hliðstæðra samtaka um land allt. Samkv. yfirlýsingunni skyldi að því stefnt að eigi minna en þriðjungur af áætlaðri íbúðaþörf landsmanna yrði byggður á þessum grundvelli. Jafnframt var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir á samningssviði Alþýðusambandsins tækju þátt í fjármögnun félagslegra íbúðabygginga með kaupum á skuldabréfum fyrir fjárhæð sem næmi 20% af ráðstöfunarfé þeirra. Þessi yfirlýsing var síðan áréttuð af ríkisstj. Geirs Hallgrímsssonar í febr. 1976 við undirritun kjarasamninganna þá. Og síðan heldur málið áfram. Um þetta mál var samið á ný árið 1977 og var það liður í lausn kjarasamninga. Þá var verkalýðshreyfingin búin að kaupa þennan pakka þrisvar sinnum. Nú er það svo, að þegar frv. er loks komið fram er það spurningin hvað sé í þessum pakka, hvers virði hann sé, hvernig honum hafi verið komið til skila.

Það er mitt mat, að það frv. sem Magnús H. Magnússon lagði fyrir Alþ. á sínum tíma, það frv. sem við erum nú að fjalla um, hafi verið býsna gott, enda var það samið af mönnum sem mjög gjörla vissu um þessi mál og er árangur af samkomulagi er varð í nefnd. Það er nokkrir þættir þar sem verkalýðshreyfingin gjarnan vildi breyta, en ég ítreka að það var um samkomulag að ræða.

Það frv., sem Magnús H. Magnússon lagði fyrir, var þannig byggt upp að fjármögnun yrði tryggð, að við gætum hafið nýja þróun í þessum málum, við gætum stefnt að því að byggja íbúðir fyrir láglaunafólk á sama hátt og frændur okkar á Norðurlöndum hafa gert, að lánahlutfallið yrði allt að 90%. Það var hugsun frv. að kerfið sjálft fjármagnaði sig er lengra liði frá, það yrði óháð duttlungum fjárveitingavaldsins að mestu leyti. Hugsunin var sú, að við gætum búið verkafólki betri framtíð í þessum efnum, búið þjóðina betur í húsnæðismálum en nokkru sinni fyrr.

Þegar þetta frv. var lagt fyrir fóru fram allítarlegar umr. um það. Þá kom ljóslega fram að menn misskildu ýmislegt sem í því er, og annað var rangtúlkað.

Nú hefur félmn. skilað áliti og eru allmargar brtt. við frv. Samtals munu þær nema nákvæmlega 100. Sýnist mér að margar hverjar þeirra séu gerðar einungis breytinganna vegna, þjóni engum tilgangi og séu einskis virði. Ég óttast að ef þær brtt., sem stjórnarliðar hafa lagt fram, verði samþykktar verði það kerfi, sem stefnt var að með þessu frv., skilið eftir í uppnámi, það verði ónýtt, vegna þess að það vantar tekjustofna fyrir kerfið og málum ekki þannig fyrir komið að lánahlutfallið geti sannanlega haldist.

Mig langar til að fara yfir nokkrar þær brtt. sem stjórnarliðar hafa lagt fram. Ég mun ekki verða langorður, en það eru nokkur atriði sem ég tel brýna nauðsyn að ræða sérstaklega.

Þá vil ég byrja fyrst á 1. gr. í brtt. stjórnarliða. Þar er bætt inn kafla sem ég tel vera allsendis óþarfan, — kafla sem skarar verkefni annarra stofnana, segir ekkert nýtt og er reyndar óþarfur, málalengingar einar.

Í breyt. við 2. gr. segir:

„Á vegum stofnunarinnar skal unnið að samræmingu og skipulagi opinberra afskipta af húsnæðismálum. Stofnunin skal hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum. Hún fer með stjórn hins opinbera veðlánakerfis til húsnæðismála."

Stofnunin er þarna að mínu mati sett yfir ýmsar aðrar stofnanir sem sinna sömu verkefnum og er ástæðulaust að samþykkja slíkt.

Við 3. gr. frv. er breyting gerð sem er mikils virði og ég mun samþykkja. Hún er um að Alþýðusambandið fái aðild að stjórn Húsnæðismálastofnunar. Það hefur gengið erfiðlega að vera við kröfum Alþýðusambandsins um hlutdeild í stjórn á þessari stofnun, en Alþýðusambandið eða verkalýðssamtökin hafa lagt mjög ríka áherslu á að þessari kröfu yrði fullnægt, enda er það ekki að furða því að verkalýðssamtökin koma til með að þurfa að fjármagna mikið af þessu kerfi. Það er réttara sagt svo, að í þeim samningagerðum, sem liðnar eru, hefur hvað eftir annað verið um það samið að slá af kaupkröfum til að tryggja að þeir fjármunir, sem fengjust á annað borð, færu í húsnæðislánakerfið. Það má minna á að 1974 var um það samið að launaskattur yrði hækkaður úr 1% í 2% og að hann gengi til húsnæðislánakerfisins. Síðan má minna á að kerfið sækir alltaf meir og meir til lífeyrissjóðanna sem vissulega eru eign verkafólks og því ekki undarlegt að launþegasamtökin geri kröfur til að hafa nokkur áhrif á stjórn húsnæðismálanna.

Mér er reyndar sagt að þegar félmrh. var að berjast fyrir því að fá þetta ákvæði inn hafi hann þurft að versla við framsóknarmenn um annað atriði, þ. e. um stjórn verkamannabústaða, um að í kaupstöðum með yfir 10 000 íbúa skipi félmrh. til viðgótar einn mann í stjórn verkamannabústaða án tilnefningar og skuli hann vera formaður stjórnarinnar. Þetta þýðir að í tveimur sveitarfélögum, Reykjavíkurborg og Akureyri, verða áhrif verkalýðshreyfingarinnar minnkuð nokkuð með fjölgun í stjórninni. Mér er kunnugt um að Magnús H. Magnússon félmrh. gerði ítrekaðar tilraunir í síðustu ríkisstj. til að leysa þetta vandamál með stjórnunina, fá samstarfsmenn sína til að samþykkja það. Þar stóð ekkert á núv. félmrh. og hans flokki, heldur stóð þar aðallega á fylgi framsóknarmanna, en sem betur fer hefur raunin orðið sú að tekist hefur að beygja þá. Það mætti ske oftar.

Það er ekki vafi á því að aðalgreinin um Byggingarsjóð er 8. gr. Hún fjallar um fjármögnunina. Þar segir í 2. tölul., með leyfi forseta:

„Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum."

Með þessum hætti skuli aflað fjár til Byggingarsjóðs. Þessi árlegu framlög af launaskatti hafa til þessa numið 2%, og þó er það svo, að á fjárlögum nú var þessi hluti launaskatts til Byggingarsjóðs skertur um upphæð sem nam 3.7 milljörðum. Byggingarsjóður býr því nú við mun rýrari fjárhag en nokkru sinni fyrr.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. er varðar þennan eina lið, og er tilefnið ekki aðeins að þetta er óljóst í grein frv., heldur að nú hefur félmrh. gefið út yfirlýsingu um að 1% af launaskatti fari til Byggingarsjóðs verkamanna, sem vissulega er jákvætt og mikils virði. En það er allsendis óljóst hvort ætlunin er að skerða þessi 2%, þ. e. skipta þeim. Reyndar trúi ég því ekki að ætlunin sé að gera svo.

Ég vildi því taka af öll tvímæli um, að svo verði gert, með því að flytja þá brtt. sem er hér á þskj. 510. Brtt. er þannig:

„Við 8. gr. 2. tölul. orðist svo:

Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemi tekjum hans af 2% launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum."

Ég á von á að þetta verði samþykkt, ég trúi ekki öðru, því að það verður til þess að bæta hag Byggingarsjóðs allverulega.

Það mætti bera víðar niður í frv., en mér finnst hryggilegt í umr. um þetta mál að menn virðast alveg misskilja hvað við er átt með því að stytta lánstímann nokkuð og hækka vextina aðeins, þ. e. frá 26 árum niður í 21 ár og nokkru hærri vexti. Það er gerð grein fyrir því í aths. með frv., hvernig þetta verkar, og vil ég benda mönnum á að lesa hvað þar er sagt um málið.

Þegar gerð er tillaga um að stytta lánstímann og hækka vextina þýðir það að fjárstreymið verður meira og líkindi verða meiri til þess að lántakendur fái þá fyrirgreiðslu sem þeim er lofað í þessu frv. Reyndar er alveg ljóst, að ef farið verður að tillögum stjórnarliða um að lengja lánin og lækka vextina verður sjóðnum gert ófært að standa við skuldbindingar sínar. Það dæmi mun líta þannig út, að ef um 21 árs lánstíma og 3.5% vexti er að ræða, þá bendir það eindregið til að greiðslubyrði sé ekki óhæfilega mikil, segir í aths. Nefna má að þegar greiðslubyrðin er mest, þ. e. 2.4 mánaðarlaun í þessu tilviki, svarar hún til um 67 þús. kr. meðalhúsaleigu á árinu 1978, miðað við þau laun sem greiðslurnar eru bornar saman við, og svarar því að um fimmtungur mánaðarlauna eftir skatt, þ. e, um ein vikulaun, gangi til greiðslu afborgana, vaxta og verðtryggingar. Við 26 ára lánstíma verður sambærileg tala 58 þús. kr. á mánuði að meðaltali. Það munar sem sagt einum vikulaunum efir skatt hvað greitt er hærra í afborganir og vexti af 21 árs láni en 26 ára láni.

Ég er alveg sannfærður um að ef fólk mætti velja um, hvort það fengi í staðinn 60% lánshlutfall eða 80% lánshlutfall, mundi fólk velja styttri lánstímann og hærri vextina, því það er lánshlutfallið sem skiptir mestu máli fyrir fólk sem er að byggja, en ekki endilega hvort lánstíminn er fimm árum skemmri eða lengri. Ef lánshlutfallið er miklu lægra en gert er ráð fyrir, fyrirsjáanlega verður ekki náð, lenda húsbyggjendur óhjákvæmilega í erfiðleikum, þurfa að slá sér skammtímavíxla með þeim okurkjörum sem þeir eru á. Í raun verður vafalaust dýrara að fara þá leið sem stjórnarliðar nú gera ráð fyrir. Ég vona að menn dragi þessa till., til baka, því það er hreinasti misskilningur að fara þessa leið.

Ég vil benda á brtt. við 10. gr. þar stendur svo hljóðandi:

„Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokka að fengu samþykki félmrh."

Ég verð að segja að mér þykir óþarflega mikið vald tekið af Alþ. með þessari grein og allsendis óeðlilegt að gera slíkt. Ég tel að eigi að ákveða nýja lánaflokka megi það gjarnan koma til skoðunar á Alþ. Það er alveg eins hægt að fela húsnæðismálastjórn að fara með þetta allt saman án nokkurs eftirlits Alþ. ef svo á að vera að hún eigi sjálf að ákveða hvaða lánaflokka hún tekur upp og hverja ekki. Reyndar sýnist mér að allnóg sé fyrir.

Í brtt. 11 frá stjórnarliðum segir:

„Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til þeirra umsækjenda sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar."

Þetta þýðir að ef maður á íbúð, sem hann hugsanlega ætlar sér að selja, er hægt að skerða eða hafna lánveitingu, en sami maður gæti átt þúsund fermetra skrifstofuhúsnæði eða jafnvel skuttogara og hann fengi lán. Ég tel óþarft að vera með svona ákvæði. Vissulega er ástæðulaust að leyfa mönnum að safna íbúðum. Mér er sagt að hliðstætt ákvæði við þetta hafi verið í lögum um húsnæðismálastjórn til ársins 1973, en þá var það fellt niður. Mætti gjarnan gera það aftur.

Það er einkennandi við þetta frv., þ. e. brtt., hvað gert er vel við sveitarfélögin. Þeim er alls staðar troðið inn í allar greinar. Og samkv. 14. gr., samkv. tillögum stjórnarliða, er sveitarfélögum gert kleift að fá lán til kaupa á íbúðum sem áður hafa verið í notkun. Hugsanlegt er, ef þessi till. verður samþ., að sveitarfélögin verði þarna samkeppnisaðili við einstaklinga um kaup á íbúðum. Slík samkeppni hlýtur að leiða til hækkunar á íbúðaverði. Ef sveitarfélögin vilja kaupa íbúðir til að leigja út geta þau gert það eftir félagslega kerfinu. Því er þetta ákvæði óþarft og reyndar stórskaðlegt, því að auðvitað er verið að taka fjármuni frá hinum, sem ekki njóta þess lánshlutfalls sem talað er um að ná hér.

Þá segir í brtt. stjórnarliða við 19. gr. svo hljóðandi:

„Lán samkv. 4. tölul. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum eða sveitarfélögum til meiri háttar endurnýjunar og endurbóta eða viðbygginga við eldra húsnæði, en ekki til almenns viðhalds."

Þetta er aflar víðfeðmt, ef svo mætti segja. Hér er verið að opna flóðgátt. Til þessa hefur tíðkast að sveitarfélögin gerðu ráð fyrir slíkum verkefnum á fjárhagsáætlun sinni. Ef þessi brtt. verður samþ. er fyrirsjáanlegt að sveitarfélög munu sækja eftir gífurlegu fjármagni, sem auðvitað verður til að þrengja kost annarra, eins og ég hefur áður getið um.

Þá er a-liður brtt. við 20. gr. svo hljóðandi:

„Heimilt er húsnæðismálastjórn að greiða fyrri hluta láns til slíkra framkvæmda meðan á framkvæmdum stendur í formi víxilláns, en síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrr en framkvæmdum er lokið og þær hafa verið teknar út af trúnaðarmanni tæknideildar stofnunarinnar."

Ég tel mjög óeðlilegt að blanda Byggingarsjóði í bráðabirgðafyrirgreiðslu. Af grundvallarástæðum er ég á móti þessari till. Það er skoðun mín að Húsnæðismálastofnun eigi að starfrækja veðlánakerfið. Hins vegar eiga bankar og sparisjóðir að sjá um bráðabirgðafyrirgreiðslu hverju sinni. Hætt er við að ef Húsnæðismálastofnun fær þetta verkefni sé hætta á mismunun. Þeir, sem þekkja kerfið geta með þrýstingi — helst pólitískum þrýstingi — náð þeirri fyrirgreiðslu sem unnt er að fá. Hins vegar er líklegt að almenningur, sem þekkir ekki völundarhús kerfisins, verði að sitja hjá án fyrirgreiðslu.

Svo er gerð till. um nýja grein í brtt. stjórnarliða. Greinin, sem á að verða 25. gr., er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi íbúðir sem hagkvæmt er talið að endurnýja, að mati byggingar fróðra manna sem tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og viðkomandi

sveitarstjórn tilnefnir.

Skulu matsmenn gera úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Lán þessi mega nema allt að 80% af viðgerðarkostnaði. Þó mega lán til endurbóta á heilsuspillandi íbúð aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af fullu láni til nýrrar íbúðar á því ári samkv. sama staðli."

Þessa till. tel ég og mjög varhugaverða. Till. gerir í raun ráð fyrir að allar hirslur Húsnæðismálastofnunar séu fullar af fjármunum. Till. opnar hrikalegar flóðgáttir sem erfitt verður að fylla upp í, enda er ljóst, eins og ég kom inn á áður, að tekjustofnar Húsnæðismálastofnunar eru gersamlega ófullnægjandi og því er vart hægt að sinna þessum verkefnum. Samkv. þessu væri ekki ólíklegt að hér í Reykjavík yrði sótt um lán til að endurbyggja á Bernhöftstorfunni eða eitthvað í þeim dúr. Þeir ættu samkv. þessu vafalaust að hafa rétt til þess. Það eru ýmis önnur tilvik sem mætti nefna og gera það að verkum að æ meir verður sótt í sjóðinn. Það verður sótt af miklu meiri þunga í hann en nokkru sinni áður, en vissulega verður til að lækka lánshlutfallið enn frekar.

Það er ástæða til að fara yfir mörg önnur atriði í þessum brtt., en ég held ég geri ekki miklu meira að því. Ég tel mig hafa sýnt fram á að kerfið hafi verið opnað óeðlilega mikið. Ef við ætlum að ná árangri í því að greiða úr fyrir fólki, ef við ætlum að gera eitthvert átak í húsnæðismálum, verðum við að afmarka verkefnið á þann veg að við ráðum við það. Frv. Magnúsar H. Magnússonar gerir ráð fyrir að kerfið geti á stuttum tíma leyst vanda húsbyggjenda, gert sjóðnum kleift að standa undir sér sjálfum án þess að eiga á hættu að sífellt verði af honum dregið. Ég hygg að ef þær brtt., sem stjórnarliðar hafa hér komið með, verða samþykktar verði ástandið í húsnæðismálum lítið betra en áður, — gæti orðið verra vegna þess að mönnum eru gefnar nýjar vonir og vonir sem mjög erfitt verður að uppfylla.

Ég minntist á það áðan, að ég tryði því ekki að skipta ætti launaskattinum, þessum tveimur prósetnum, milli Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins, það hlyti að vera æltunin að þriðja prósentið kæmi til viðbótar. Ef svo verður ekki verður Byggingarsjóður ríkisins skilinn eftir mjög illa staddur, miklu verr staddur en nokkru sinni fyrr.

Það er og athyglisvert ef maður fer aftur í greinarnar, — ég veit ekki hvað liggur til grundvallar því, — að í till. stjórnarliða er ætlað að lækka framlag sveitarfélaganna til Byggingarsjóðs verkamanna úr 20% í 10%. Sérstaklega finnst mér það undarlegt með tilliti til þess, að í umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga er þess getið sérstaklega að sambandið hafi ekkert við það að athuga þó að þessi 20% komi frá sveitarfélögunum.

Vafalaust gerir félmrh. á eftir grein fyrir því, hvernig hann ætlar að leggja til að Byggingarsjóður verði fjármagnaður, ef það reynist rétt að skipta eigi þessum tveimur prósentum. En það hefur komið hér fram í máli manna, og er reyndar fyrirsjáanlegt, að skortur á fjármagni er svo hrikalegur að líklegt er að við sitjum eftir með samþykkt frv. sem gerir sáralítið eða ekkert gagn.

Hræddur er ég um að verkalýðssamtökin muni meta ný lög um húsnæðismál afar lítils ef þau í reynd lofa öllum öllu, en ekkert séð fyrir um framkvæmd laganna. Þá er greinilegt að verið er að selja verkalýðssamtökunum tóman pakka, — pakka sem oft er búið að semja um, sem þau eru oft búin að kaupa, en fá nú að sjá hvað er innan í. Ég harma að brtt. stjórnarliða gera tilraun til að eyðileggja það frv. sem fyrir þinginu lá og liggur, brjóta það niður, opna allar flóðgáttir þannig að ekki verði hægt að sinna þeim þörfum sem því er þó ætlað að sinna.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það kom fram hjá frsm. félmn. áðan, hv. 5. þm. Norðurl. e., að n. hefði lagt mikla vinnu í umfjöllun frv. og að margir fundir og langir hefðu verið haldnir. Þetta er alveg rétt. T. d. vorum við s. l. laugardag á fundi frá kl. átta að morgni til kl. að verða sjö um kvöldið. Það mætti segja mér að störf nefnda þingsins brjóti um þessar mundir illilega í bága við frv. um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, sem hv. Ed. hefur afgreitt nýlega til hv. Nd. eftir svipaða umfjöllun í félmn. og húsnæðismálafrv. hefur fengið. Þau eru nefnilega svipuð að vöxtum þessi tvö frv., og ekki get ég neitað því, að mín tilfinning er sú, að tækist að stytta þetta frv. um Húsnæðismálastofnunina um t. d. helming og gera það aðgengilegra með þeim hætti væri það til mikilla bóta.

Margt í þessu frv. er þess eðlis, að það á frekar heima í reglugerð en lögum, og reyndi n. að lagfæra það nokkuð og einnig ganga brtt. í þá átt. Mín trú er sú, að því færri orð sem höfð eru þegar samin eru lög, því skýrari geti þau orðið og aðgengilegri. Ég held að gæði laga fari ekki alltaf eftir fjölda þeirra orða sem í þau er raðað.

Þar sem hv. 4. þm. Vestf. hefur í ræðu sinni hér á undan gert sjónarmiðum okkar sjálfstæðismanna í félmn. ítarleg skil ætla ég ekki að ræða frekar einstök atriði frv. eða brtt. okkar við það. Ég vil hins vegar árétta grundvallarstefnu okkar sjálfstæðismanna í þessum málum. Hún er skýr. Við viljum að sérhverri fjölskyldu verði gert kleift að eignast og búa í eigin húsnæði og með því að stuðla að frjálsu forræði eigin íbúða. Í þessu skyni viljum við leggja áherslu á að lán til íbúða verði það há prósenta af kostnaðarverði staðalíbúðar og lánstíminn það langur að viðráðanlegur sé fyrir sem flesta. Í þessu skyni höfum við lagt till. okkar um auknar tekjur til sjóðsins, þ. e. að launaskatturinn renni óskertur til þeirra verkefna sem honum voru ætluð í upphafi, og um lengingu lánstíma.

Hvort sem mönnum líkar betur eða verr er það staðreynd, að við Íslendingar erum fyrst og fremst einstaklingshyggjumenn og viljum fá að ráða sem mest lífi okkar, einnig í húsbyggingarmálum, án óþarfrar íhlutunar hins opinbera. Ég held að það sé mikill misskilningur að vilji almennings í landinu sé að t. d. þriðja hver íbúð skuli byggð af félagslegum ástæðum, eins og stefnt er nú að. Finnst mér sú hugsun stangast á við það að vilja tryggja sem flestum mannsæmandi kjör. Þetta segir aðeins að þriðja hver fjölskylda í landinu skuli búa við svo kröpp kjör, vera láglaunahópur, að hún þurfi aðstoðar hins opinbera við til að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Stefna okkar er að tryggja beri að þeir, sem vilja og geta eignast þak yfir höfuðið, hafi tækifæri til þess með hagstæðum lánum og lánakjörum. Hins vegar viljum við tryggja hinum húsnæði, sem ekki hafa til þess möguleika, t. d. af félagslegum ástæðum, sem geta verið margvíslegar, með því að stuðla að byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða. Við leggjum til að lánstími vegna þessara lána verði áfram 42 ár, en ekki stytt í 30 ár, eins og frv. gerir ráð fyrir. Það getur ekki komið heim og saman við markmiðið að létta sem mest undir með því fólki, sem þarf á þessari fyrirgreiðslu að halda, að stytta lánstím-

ann, þar sem hér er verið að fjalla um láglaunafólkið í þjóðfélaginu sem allir eru sammála um að hafi þörf fyrir þessa sérstöku fyrirgreiðslu.

Þannig er ástandið í þessum málum að fjölskyldur stefna oft heilsu sinni, bæði líkamlegri og andlegri, í voða vegna þess álags sem fylgir því að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Því miður er ekki sú stefna ríkjandi nú að auka rauntekjur manna miðað við þær auknu skattaálögur sem yfir þjóðina hafa dunið, en hér er þó tækifæri til að bæta úr í málum húsbyggjenda með því að bæta lánamöguleikana og lánakjörin.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég legg á það áherslu að með því frv. um húsnæðismál, sem nú er verið að afgreiða, er ríkisstj. í rauninni að freista þess að efna fyrirheit sem gefin hafa verið á undanförnum árum, jafnvel af fyrri ríkisstj., um þýðingarmikla þætti þessara mála, svokallaðar félagslegar íbúðabyggingar. Í því felst ekki að ríkisstj. hafi hug á að dæma þriðjung þeirra, sem vilja búa í húsnæði, til örbirgðar. Það er misskilningur. Við erum að freista þess að reyna að standa við þau fyrirheit sem gefin hafa verið um félagslegar íbúðabyggingar. Á þeim forsendum byggjast þær yfirlýsingar sem ríkisstj. hefur gefið, m. a. um verulega aukið fjármagn til verkamannabústaðanna. Hitt er aftur ljóst, að að því er varðar Byggingarsjóð ríkisins verður varðandi fjármögnun hans að gera sérstakar ráðstafanir til að ná því marki sem sett var í þeim efnum. Ég minni á að í brtt. stuðningsmanna ríkisstj. er gert ráð fyrir möguleikum til skuldabréfasölu á almennum markaði vegna Byggingarsjóðs ríkisins til að styrkja hann til að standa undir verkefni sínu.

En fyrst og fremst kvaddi ég mér hér hljóðs, herra forseti, til að þakka hv. félmn. d. fyrir framúrskarandi vel unnin störf á þeim knappa tíma sem hún hefur haft yfir að ráða. Auðvitað þekkjum við öll þetta mál allvel, það hefur verið hér á dagskrá lengi, og þó að brtt. séu margar eru þær flestar og raunar mjög margar þeirra um smærri leiðréttingaratriði. Aðrar eru efnislegar, sumar pólitískar. Þær pólitísku eru þekktar úr pólitískri umræðu liðinna ára.

Ég held þess vegna að ég hafi þessi orð ekki fleiri af minni hálfu að sinni, nema tækifæri og tilefni gefist til, en legg á það alveg sérstaka áherslu, að ég tel, að n. hafi unnið mjög gott starf að þessu erfiða verkefni, og undanskil ég þar ekki, nema síður væri, hv. form. félmn. Ed. sem hefur haldið marga fundi um þetta mál á undanförnum sólarhringum.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Örfá orð út af því sem fram hefur komið í ræðu hv. alþm. sem hafa fjallað um þetta frv. og brtt. við það, sem ég hef flutt ásamt öðrum þm. á þskj. 508.

Það kom fram hjá hv. 3. landsk. þm., Karli Steinari Guðnasyni, að hann teldi m. a. ástæðulaust að lengja lánstímann. Um þetta hafa verið töluvert miklar umr., bæði hér í d. og annars staðar. Í þjóðfélaginu almennt er mikið rætt um þann lánstíma sem eigi að gilda og sé eðlilegastur. Við framsóknarmenn höfum haldið því fram að lánstímann ætti að lengja, hann ætti að vera lengri en hann er, 26 ára lánstími á almennum lánum þyrfti að vera lengri til þess að greiðslubyrðin væri léttari. Jafnframt teljum við það rök með því að lánstíminn væri lengri að ekki er eðlilegt að lán til húsbygginga séu greidd niður, þegar við erum farin að lána 80% lán til húsbygginga séu þau greidd niður á 20 árum og í sumum tilfellum kannske á enn þá skemmri tíma. Öll bankalán eru til enn skemmri tíma. Þegar við byggjum húsnæði, sem á að standa í áratugi eða jafnvel aldir, er ekki óeðlilegt að lánin fylgi þeim fasteigum langan tíma. Þess vegna höfum við gert tillögur um að þessi lánstími yrði a. m. k. ekki styttri en hann er. Við höfum gert tillögur um, að breyting verði á frv. úr 21 ári í 26 ár, og við gerum till. um, að lánstími til bygginga verkamannabústaða sé ekki styttur, heldur sé hann látinn vera eins og hann er, 42 ár.

Hv. 3. landsk. þm. gerði nokkrar aths. líka við 22. brtt. okkar, sem mundi verða 25 gr. frv. ef till. okkar yrðu samþykktar. Hún hljóðar um að húsnæðismálastjórn sé heimilt að veita sveitarfélögunum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja. Ég held að hann geri of mikið úr þessari útþenslu, sem hann kallar, þegar sveitarfélögum eru opnaðar leiðir inn í þetta húsnæðiskerfi meira en verið hefur. Það er rétt hjá honum, að opnað er meira fyrir sveitarfélög. Ég held samt að hann geri meira úr þeirri hættu en ástæða er til. Þarna á að framkvæma úttekt á húsnæði og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur og meta hvort þarna er skynsamleg framkvæmd. Það geta verið tiltölulega góð hús, sem þó séu einhverra hluta vegna, vegna ónógs viðhalds eða einhverra annarra ástæðna eða aðstæðna, orðin heilsuspillandi. Væri alls ekki skynsamlegt að þessi hús grotnuðu hreinlega niður eða yrðu rifin, heldur væri hagkvæmara að endurnýja þau og byggja þau upp. Þess vegna teljum við ekki óeðlilegt að þessi möguleiki sé fyrir hendi. — Ég get ekki samþykkt að sveitarfélögin verði samkeppnisaðili við einstaklinga á húsnæðismarkaðnum. Ég tel ekki líklegt að svo fari.

Það hefur verið mikið rætt, bæði af hv. þm. Karli Steinari og hv. 4. þm. Vestf., um fjármögnun þessa húsnæðiskerfis og rætt um að í það vantaði fjármagn. Við gerum till. um að hluti af launaskattinum sé markaður Byggingarsjóði verkamanna. Ég lýsti því yfir í framsögu minni áðan, að ég væri því sammála að við aukum verkefni Húsnæðismálastofnunarinnar. Hún fær stóraukin verkefni með þessu frv. Það er ljóst að við tökum það ekki í einu skrefi allt saman. Við þurfum aðlögunartíma. Og við verðum að treysta á að stjórnvöld sjái sér fært að útvega fjármagn til þessara verkefna, sem nauðsynlegt verður eftir því sem við höfum möguleika á að koma þeim til framkvæmda. En það er dálítið hlálegt stundum að heyra annars vegar talað um fjármagnsskort í einstakar framkvæmdir og hins vegar talað um skattaálögur, því að þá er eins og málflutningur þeirra hv. stjórnarandstæðinga fari ekki ævinlega alveg saman. Það er mjög óæskilegt að auka skattana, en hins vegar er líka oft og tíðum þegar þeir fjalla um ýmsar framkvæmdir, m. a. fjármögnun húsbyggingarmálanna, Byggingarsjóðs ríkisins, að vantar samt peninga og fjármagn. Einhvers staðar þarf að sjálfsögðu að taka það.

Þá ræddi hv. 3. landsk. þm. einnig um að við værum að lækka framlag sveitarfélaganna úr 20% í 10% af fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna. Það er svolítill stigsmunur á þessu líka. Ef við lítum á þessa frv.-grein, sem er 34. gr. frv., segir þar, eins og það liggur fyrir, í c-lið:

„Með framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags sem skal

nema 20% af byggingarkostnaði þeirra íbúða sem hafin verður bygging á í verkamannabústöðum í sveitarfélaginu.“

Í brtt. okkar er þessu breytt að því leytinu til að hér stendur:

„Með framlagi sveitarfélaga sem nemi 10% af því fjármagni sem Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða í viðkomandi sveitarfélagi ár hvert.“

Þarna er nokkur skilsmunur á. Auk þess ætlumst við til þess, að þegar lækkað er framlag eða tillag sveitarfélaganna til verkamannabústaðasjóðsins er jafnframt gert ráð fyrir að sveitarfélögin taki á sig nokkra aukna ábyrgð með því að þau þurfi að fjármagna það sem hugsanlega vantar upp á framkvæmdirnar ef ekki tekst að koma framkvæmdunum undir þann staðal sem áætlað er. Við ætlumst til þess og þess er vænst, að þetta leiði til aukins aðhalds af hálfu sveitarfélagsins og meiri framkvæmdahraða við bygginguna og meiri nýtni og það verði ákveðnara stefnt að því að ekki verði farið fram úr þeim staðli sem íbúðastærðirnar og íbúðabyggingarnar gera ráð fyrir og eiga að vera.

Þá langar mig að lokum að líta yfir brtt. á þskj. 509, sem fluttar voru af Þorv. Garðari Kristjánssyni o. fl., og gera grein fyrir því, að sumar þessar brtt. eru orðréttar eins og okkar brtt. Sumt er nánast orðrétt og sumt alveg, eins og t. d. 3. brtt. Hún er orðrétt eins og gert er ráð fyrir í okkar brtt.

Í 11. brtt. hv. þm. í c-lið segir:

„Við 4. mgr. Síðasti málsliður orðist svo:

Gjalddaga lána samkv. 8. tölul. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.“

Þarna er fellt niður úr frv. að þar stóð 8. og 9. tölul. Það er eðlilegt að 9. tölul. falli niður þar sem í 9. tölul. greinarinnar er átt við framkvæmdalán, sem hafa yfirleitt ekki neina gjalddaga, heldur eru greidd upp af endanlegum lánum Byggingarsjóðsins. Er þetta því rétt og eðlileg brtt. sem þarna er flutt.

14. brtt. er einnig eins og í okkar brtt.

Í 50 gr. er samhljóða breyting, að lánstíminn verði 42 ár í staðinn fyrir 32 ár, sem lagt er til í frv. Þá erum við einnig sammála um vaxtaprósentu því að fram kemur í 30. brtt. hv. þm. að vextir verði 2% í staðinn fyrir 3.5%.

Aðrar brtt., sem fluttar eru á þessu þskj., ganga í bága við þær hugmyndir, sem við höfum gert okkur, og þær brtt., sem við höfum lagt fram við frv., og sé ég mér ekki fært að styðja þær.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil byrja með því að þakka þau viðurkenningarorð sem hæstv. félmrh. lét falla til félmn. fyrir störf við frv. sem hér er til umr.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., frsm. n., kom inn á nokkur atriði sem er ekki mikil ástæða fyrir mig að andmæla. Það er í hæsta lagi hægt að gera athugasemdir við sumt sem hv. þm. sagði.

Hv. þm. sagði, og virtist vera harla ánægður með það, að framsóknarmenn vildu lengja lánstímann. Færði hann því til sönnunar að þeir væru með brtt. sem fæli í sér lengingu lánstíma úr 21 ári í 26. Þetta kalla ég ekki sönnun fyrir því að framsóknarmenn vilji lengja lánstímann. Þeir eru aðeins að tala um að hafa sama lánstíma og er nú samkv. lögum. En þarna skilur á milli feigs og ófeigs. Við sjálfstæðismenn leggjum til að lánstíminn verði raunverulega lengdur frá því sem hann er núna samkv. gildandi lögum, úr 26 árum í 30 ár.

Þá sagði hv. þm. að hluti af launaskattinum væri nú markaður samkv. till. þeirra stjórnarliða og tekinn til Byggingarsjóðs verkamanna. Ég held að þetta segi lítið. Við þurfum að athuga þetta nokkru nánar. Ég kem að því í öðru sambandi.

Enn fremur sagði hv. þm. að það færi ekki saman að biðja um aukið fjármagn og vera á móti hækkun skatta. Þetta er nokkur einföldun. Þetta getur vel farið saman. Þegar beðið er um aukið fjármagn til einhverra hluta og þjóðþrifamála þarf það ekki að þýða að það fjármagn, sem til þeirra hluta fer, bætist ofan á allt annað sem fyrir er. Það er nú svo, að menn verða að velja og hafna. Þegar við sjálfstæðismenn gerum tillögur um að allur launaskatturinn gangi til þeirra þarfa, sem upphaflega var áætlað, eða til húsnæðismálanna, eigum við auðvitað við að það verður að taka til hendi í ríkisfjármálunum. Það mundum við sjálfstæðismenn hafa gert ef við værum við stjórnvölinn. En við viljum ekki vantreysta svo hæstv. ríkisstj. að við látum ekki okkur koma til hugar að gera tillögur í þjóðþrifamálum þó að það kosti einhver ný útgjöld.

Hv. frsm. n. vék að þeim till. sem ég ásamt félögum mínum, fulltrúum Sjálfstfl. í félmn., hef flutt. Hann sagði réttilega að sumt væri svipað og í till. stjórnarliða. Það er hægt að finna eitt eða tvö dæmi um að það séu alveg sömu till. Það er ekki óeðlilegt þegar þess er gætt að við erum búnir að starfa mikið saman í n. að þessu og ræða um þessi mál fram og aftur.

En ég vil víkja að nokkrum atriðum í till. stjórnarliða á þskj. 508.

Það er fyrst sú till. að setja inn ákvæði um markmið laganna, eins og það heitir. Hv. 3. landsk. þm. vék að þessu í máli sínu áðan. Ég er honum sammála um að það skipti harla litlu máli að vera að setja inn setningar eins og þeir leggja til um þessi efni. Það er vegna þess að löggjöfin sjálf og efnisatriði laganna eiga að vera á þann veg að þau stuðli að þeim markmiðum og að náð verði þeim markmiðum sem við setjum okkur, en að fara að tala um það sérstaklega er stundum ráð til að fela hið raunverulega ástand vegna þess að efnislega verður ekki náð markmiðunum.

Þá er það 4. brtt. á þskj. 508 sem ég vildi sérstaklega víkja að. Það er till. þeirra stjórnarliða um hvernig húsnæðismálastjórn skuli skipuð. Það hefur ekki verið mikið rætt um það. Ég vék ekki að því í fyrri ræðu minni, en þó er þessi till. þess eðlis að það er ekki hægt að láta hana fara þegjandi fram hjá sér vegna þess að með henni er tekin upp alveg ný stefna um hvernig á að haga skipan húsnæðismálastjórnar.

Nú er gert ráð fyrir að auk sjö þingkjörinna stjórnarmanna komi tveir til viðbótar sem eru tilnefndir af ASÍ. Ég sé engin rök fyrir því að horfið verði að þessu ráði. Meira að segja óttast ég að með þessu sé verið að skapa fordæmi sem við vitum ekki til hvers leiðir. Ef farið er að taka inn og skipa í stjórn Húsnæðismálastofnunar fulltrúa sumra aðila vinnumarkaðarins hljóta aðrir einnig að koma þar til. Það var ekki óeðlilegt sem einn gestur okkar sagði á fundi í félmn. þegar við vorum að ræða þetta: Hvers vegna ekki að lögleiða að húsnæðismálastjórn skipi í stjórn ASÍ?

Ég vil í þessu sambandi víkja að einni brtt. sem við sjálfstæðismenn flytjum á þskj. 509 og ég gerði ekki

sérstaklega að umtalsefni í ræðu minni fyrr. Það er till. okkar um hvernig við viljum að stjórnir verkamannabústaða séu skipaðar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. skipar stjórn verkamannabústaða þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, tveir eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og tveir eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formenn stjórnarinnar úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár."

Við teljum að það sé vel séð fyrir áhrifum verkalýðshreyfingarinnar í stjórn þessara mála með því að gera ráð fyrir að fulltrúar verkalýðsfélaganna í hverju sveitarfélagi séu aðilar að stjórn verkamannabústaðanna. Þetta er ekki nýtt. Í gildandi lögum er það svo, að sveitarstjórn tilnefnir þrjá, húsnæðismálastjórn þrjá og verkalýðsfélögin einn. Við göngum hér lengra og fjölgum fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar í þessum stjórnum. Við gerum okkur því ljóst hvaða þýðingu hinar félagslegu aðgerðir í húsnæðismálum hafa fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu. Við erum ekki með neinar sýndar- og ótímabærar tillögur um skipan sjálfrar húsnæðismálastjórnar, heldur viljum við skipa fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar til starfa á þeim vettvangi þar sem starfað er beint að þessum málum.

Ég vil þá aðeins víkja að 7. brtt. stjórnarliða og líka að gefnu tilefni. Hæstv. félmrh. sagði áðan að í till. stjórnarsinna væru skapaðir möguleikar til almennrar skuldabréfasölu til fjáröflunar fyrir veðlánakerfið. Þá á hann við sjálfsagt 7. brtt. þeirra stjórnarliða, þar sem talað er um að aflað sé fjármagns í Byggingarsjóð ríkisins með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða samkv. lögum nr. 57 frá 1973 og 82 frá 1977 og á almennum markaði samkv. nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. Hér er um að ræða algera sýndarmennsku. Þetta ákvæði hefur enga þýðingu. Það er vitnað í lög nr. 57 frá 1973, um atvinnuleysistryggingar, og það er vitnað í lög nr. 82 frá 1977, um erlendar lántökur og ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar. Ég fullyrði að þessi ákvæði hafa nákvæmlega sama að segja fyrir fjáröflun til húsnæðislánakerfisins hvort sem þessi brtt. þeirra stjórnarliða er samþ. eða ekki. Þessi ákvæði laganna, sem vitnað er til, hafa enga beina þýðingu haft í þessu efni. Það er furðulegt að slíkt skuli vera borið á borð í umr. sem þessum.

Ég vík aðeins að 9. brtt. þeirra stjórnarliða. Og hvað haldið þið að hún sé um? Frv. sjálft gerir ráð fyrir í 10. gr. að bætt sé við fjölda lánaflokka, mörgum lánaflokkum, og stórlega aukin viðfangsefni og verkefni húsnæðislánakerfisins. Við höfum séð að ekkert er gert til að afla aukins fjármagns til að mæta þessu nýja og aukna hlutverki sem lagt er á lánakerfið. En hvað haldið þið að brtt. stjórnarliða fjalli um? Hún fjallar um að bætt verði við 10. gr. frv. ákvæði sem heimili húsnæðismálastjórn til viðbótar að ákveða nýja lánaflokka að fengnu samþykki félmrh. Nei, það er ekki nóg. Það skal bæta við það sem er í frv. Það er ósköp einfalt. Bæði ég og hver annar þm. treystir sér til að bæta á óskalistann, ef ekki þarf að gera það mögulegt að af framkvæmdum verði með því að afla nýrra tekna í því skyni.

Mér þykir vafasöm sú brtt. sem stjórnarliðar gera og er 17. brtt. þeirra, um breytingu á 19. gr., en sú grein fjallar um að sveitarfélög skuli fá sérstök lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði. Í frv. er gert ráð fyrir að þetta sé þó einungis til einstaklinga. Að vísu er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni til að sinna þeim verkefnum. Samt gera stjórnarliðar ráð fyrir að útvíkka þetta og láta þetta ná til sveitarfélaga í landinu.

En það er meira en þetta. Í 31. brtt. stjórnarliða er lagt til að framlag sveitarsjóða til verkamannabústaða lækki úr 20%, sem frv. gerir ráð fyrir, niður í 10%. Þetta er gott fyrir sveitarfélögin. Og það er hægur vandi að leggja auknar byrðar á ríkissjóðinn til þess að mæta því. En annars er þetta mál, um framlög til verkamannabústaða frá ríki og sveitarfélögum, miklu stærra og ég kom sérstaklega inn á það í fyrri ræðu minni í dag. Ég vil aðeins núna leggja áherslu á að það hefur alltaf verið svo, frá því að verkamannabústaðakerfið var sett á stofn, að ríki og sveitarfélög hafa staðið undir fjármögnun þess með beinum framlögum. Það er eðlilegt vegna þess að þetta kerfi þolir ekki að það sé notað lánsfjármagn. Hvernig dettur nokkrum manni í hug að það sé hægt nú á tímum að taka lán á frjálsum lánamarkaði, með þeim lánskjörum sem nú eru, og ætla svo sjóðnum að lána það út með 0.5%? M. ö. o.: það verður ekki undan því vikist að við verðum að skipta þessum 90%, sem eiga að koma úr kerfinu, á milli ríkisins og sveitarfélaga. Ef sveitarfélögin eiga að leggja fram 10% og eigendurnir eiga að leggja fram 10% verður ríkið að leggja fram 80%. Þetta bið ég menn að hafa í huga. Ég ræddi þetta nánar fyrr í dag, en þá var ekki svo vel að ráðh. væri hér viðstaddur og ekki fjmrh., sem þetta er sagt við sérstaklega.

Ég vík að 34. brtt. stjórnarliðsins. Það er brtt. við 37. gr. frv. 37. gr. frv. fjallar um að í öllum kaupstöðum og kauptúnahreppum landsins skuli starfa framkvæmdastjórnir verkamannabústaða. Það er gert ráð fyrir að þessar stjórnir séu kosnar að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum í hverju sveitarfélagi. Samkv. brtt. stjórnarliða er búið að bæta við að þetta skuli einnig vera í öðrum sveitarfélögum, en kaupstöðum og kauptúnahreppum, þ. e. í öllum sveitarfélögum. En það er til bóta í brtt. stjórnarliða að þetta á þó ekki að gera nema sveitarstjórnirnar óski. En það á að gera þetta í byrjun hvers kjörtímabils. Ég tel að þetta sé ekki skynsamlegt, það sé réttara að hafa það svo, að sveitarfélögin geti kosið þessar stjórnir hvenær sem er, þegar þau ákveða að taka fyrir verkefni á þessu sviði, og þurfi ekki að binda það við byrjun kjörtímabils.

Þá vil ég víkja að 41. brtt. stjórnarliða. Það er brtt. við 45. gr. frv. Ég vék að þessari grein alveg sérstaklega í umr. fyrr í dag. Samkv. till. okkar sjálfstæðismanna leggjum við til að þrjár mgr. í þessari frvgr. séu felldar niður vegna þess að þær eigi ekki rétt á sér í lögum og ekki sé hægt að binda í lögum þau ákvæði sem þarna er um að ræða. Það sé ekki hægt t. d. að binda í lögum að miðað skuli vera við 1550 stundir árlega síðustu þrjú ár, þegar metin eru skilyrði þess hvort menn eru innan ákveðinna tekjumarka til að geta fengið lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Þannig eru allar þessar tölur. Ég nefni bara þessa einu, en það er fullt af slíkum tölum. Þær eru svo fljótandi að þær standa að sjálfsögðu ekki stundinni lengur. Hv. stjórnarliðar sjá þetta og brtt. þeirra eru um að setja inn nýjar tölur í þessu efni. Þetta eru að mínu viti furðuleg vinnubrögð. Það á eftir að sýna sig við framkvæmd laganna. Ég vitnaði nokkrum sinnum í dag í umsögn frá stjórn verkamannabústaða í Reykja-

vík um þetta frv. Ég ætla ekki að tefja tímann með því að gera það núna. En þeir menn, sem gleggst þekkja til þessara mála, sjá að það er að sjálfsögðu rétt sem við fulltrúar Sjálfstfl. leggjum til í þessu efni.

Nú skal ég ekki víkja að fleiri brtt. hv. stjórnarliða, nema einni eða tveimur. Þá tek ég 45. brtt. Hún er um hvað lán Byggingarsjóðs verkamanna eiga að vera há. Nú hefur það alltaf verið einkenni á Byggingarsjóði verkamanna og er samkv. núgildandi lögum að því er slegið föstu hvað lánið á að vera hátt. Í gildandi lögum er því slegið föstu að lánið eigi að vera 80% af byggingarkostnaði. Þetta er gagnstætt því sem hefur verið í sambandi við lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Þar hefur verið sagt að lánið megi nema allt að ákveðinni prósentu. Nú hef ég talið að það mætti ekki koma fyrir að breyta þeirri reglu sem hefur verið í þessum efnum um Byggingarsjóð verkamanna, þar yrði að vera fastákveðið hvað lánið ætti að vera hátt. En hvað sjáum við í 45. brtt. stjórnarliða á þskj. 508? Þar segir að lánið megi vera, eins og það er orðað, allt að 90%. Það er sama orðalagið og á öðrum stað í frv., að lán Byggingarsjóðs ríkisins megi vera allt að 80%. Hvað þýðir það í framkvæmd? Við vitum hvað það þýðir núna. Það er á milli 30 og 40%. En það má vera allt að 80%. Ég spyr nú stjórnarliða hvort eigi nú að fara að leika þann leik að láta standa á pappírnum að lán Byggingarsjóðs verkamanna megi vera allt að 90%, en lána kannske miklu lægra. Ef þetta er ekki meiningin, hvers vegna er þetta orðalag þá tekið upp?

Svo er að lokum ein brtt. þeirra stjórnarliða, þó að freistandi væri að víkja að ýmsu öðru. Ég læt nægja að víkja að einni til viðbótar. Hún er ekki stórkostleg eða þýðingarmikil í sjálfu sér. Hún er um að fyrirsögn frv. breytist, það standi ekki að frv. sé um Húsnæðismálastofnun ríkis, heldur Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég hef í rauninni ekkert á móti þessu, en ég vek athygli á því, að það er lítið samræmi í því að tala um Húsnæðisstofnun ríkisins, en tala um og lögfesta að stjórn Húsnæðisstofnunar skuli heita húsnæðismálastjórn.

En nú langar mig að spyrja spurningar. Ég vildi mjög gjarnan að hæstv. félmrh. væri viðstaddur og sérstök ánægja er mér að hæstv. fjmrh. doki við vegna þess að þetta mál, sem ég ætla að víkja að núna, hygg ég að snerti hann ekki minna en hæstv. félmrh. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. eftir atvikum varðandi eina brtt. stjórnarliðsins. Það er 31. brtt. þeirra á þskj. 508. Í þessari brtt. segir að ganga skuli til Byggingarsjóðs verkamanna 1% af launaskatti. Mín spurning er þessi: Er þetta eina prósent tekið úr ríkissjóði eða á að skerða tekjur Byggingarsjóðs ríkisins sem þessu nemur? *Mér sýnist að þetta sé grundvallarspurning sem við þurf*um að fá svar við. En í þessu sambandi langar mig að spyrja frekar og er það varðandi annað frv., þ. e. frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980. Í þessu frv. stendur í 19. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1980 eigi fara fram úr 432 millj. og 500 þús. kr.“

Ég vil í þessu sambandi geta þess að húsnæðismálastjórn áætlaði að 500 millj. þyrfti til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1980. Þessar 500 millj. hafa þegar verið skornar niður um 67.5 millj. kr. þess vegna standa hér 432.5 millj. kr. En ég hef hér í höndum upplýsingar í bréfi til Byggingarsjóðs verkamanna frá félmrn., sem er dagsett 7. maí 1980. Þar sjáum við að taka þarf með varúð þessa tölu í 19. gr., 432.5 millj., því þar er sagt að það hafi komið í ljós að Byggingarsjóði verkamanna hafi verið ofborgaðar á árinu 1979 298 millj. Ég skal ekki fara að ræða um hvernig á því stendur, svo furðulegt sem það er. Að mínu áliti getur ekki verið ofborgað vegna þess að ríkissjóður ber þessa skyldu samkv. lögum. Þegar tekið er tillit til þessa er talið að eins og málin standa núna semkv. þessu frv. og upplýsingum félmrn. verði ekki varið nema 134.5 millj. kr. til Byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári. Ég vil nú mega spyrja hæstv. ráðh. hvað þessi 19. gr. frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980 þýðir eins og málin standa, hvort hámark, sem sett er í þessari grein, eigi að gilda þrátt fyrir að það eigi að veita af 1% launaskattinum til verkamannabústaða á þessu ári? Þetta var um Byggingarsjóð verkamanna.

Ég spurði áðan hvort það eina prósent launaskattsins, sem samkv. till. stjórnarliðsins á að ganga til Byggingarsjóðs verkamanna, ætti að taka af Byggingarsjóði ríkisins. Í því sambandi er rétt að minnast þess, að þegar er búið að skerða fé Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1980 um 3.8 milljarða kr. af launaskattinum. Ég hef viljað ræða sérstaklega þessi mál við hæstv. ráðh., af því að þau varða grundvallaratriði varðandi það frv. sem hér er verið að ræða. Það varðar það, hvort hin auknu verkefni, sem húsbyggingarkerfinu eru fengin í hendur, hafa nokkra þýðingu eða ekki. Ef þau hafa enga þýðingu vegna þess að það kemur ekkert fjármagn til að standa *undir þessum auknu þörfum, þá er þetta frv., sem* við erum hér að ræða, harla lítils virði.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vil endurtaka það, að verði frv. samþ. með þeim brtt., sem stjórnarliður hafa lagt fram, er verið að eyðileggja frv. Þá er verið að gera að engu þá miklu vinnu, sem unnin hefur verið með það að markmiði að gera stórátak í húsnæðismálum, og það sem verra er: Það er verið að blekkja verkalýðshreyfinguna. Það er verið að segja fólki að það fái svo og svo mikinn rétt, lofa fólki, en jafnframt er fyrir séð að ekki verður við það staðið. Það var ekki þetta sem verkalýðshreyfingunni var heitið. Því er það sem félmrh. sagði áðan, að það væri verið að efna fyrirheit, ekki rétt að mínu mati vegna þess að verkalýðshreyfingin reiknaði með því, er hún gerði samninga um stórátak í húsnæðismálum, að það yrði gert í raun og veru, að við framkvæmdina yrði staðið.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. ræddi nokkuð um vaxtakjörin í seinni ræðu sinni. Í tilefni af því vil ég endurtaka að það er skoðun mín að sú leið, sem farin er hér varðandi *lánalengd og vaxtakjör, verði húsbyggjendum óhag*stæðari þegar upp verður staðið en þær tillögur sem voru í frv. Það er afskaplega fallegt að horfa á það að lánstími eigi að vera 26 ár í staðinn fyrir 21 ár og að vextir eigi að lækka úr 3.5% í 2%. En það segir ekki alla söguna þó að tölurnar og tíminn líti fallega út.

Það má setja þetta upp í mjög einfalt dæmi. Ef við höfum lánstímann 21 ár og vexti 3.5% náum við því marki að hafa lánshlutfallið 80%. Það er fyrir séð. Ef við höfum lánstímann 21 ár og vextina 2% náum við ekki þessu lánshlutfalli. Þá er fyrirsjáanlegt að lánshlutfallið fer aldrei hærra en upp að 60%. Sennilega verður það lægra. Ef verkamenn mættu velja um hvort þeir annars vegar hefðu 80% lánshlutfall og lánstíma 21 ár og

vextina 3.5% og þar með að greiða sem svarar einum vikulaunum utan skatts meira í afborgun á ári eða þá að hafa lánstímann 21 ár og vextina 2% og lánshlutfallið 60% er ég alveg sannfærður um að verkamenn mundu velja hærri vextina og lengri lánstíma, vegna þess að ef lánshlutfallið næst ekki — það lánshlutfall sem talað er um — kostar það húsbyggjandann aukna fjármuni vegna víxla og bráðabirgðafyrirgreiðslu sem húsbyggjendur þurfa að afla sér. Byggingartíminn verður þá lengri, fyrirhöfnin meiri og kostnaðurinn meiri. Þess vegna tel ég að það sé röng stefna, sem tekin er upp í brtt. stjórnarliða, að plata fólk með því, að nú eigi það að hafa lægri vexti og lengri lánstíma, og gefa í skyn, að það nái því lánshlutfalli sem talað er um í frv. Það er ekki raunveruleiki. Við náum því ekki. Það segir sagan okkur. Það eru ekki stjórnarandstæðingar sem eru að finna það upp. Sagan segir okkur að lánshlutfallið hefur ekki orðið það sem það þyrfti að vera vegna þess að kerfið hefur ekki fjármagnað sig sjálft.

Það er því miður svo, að brtt. stjórnarliða gera ráð fyrir að í framtíðinni þurfi húsnæðislánakerfið að standa á brauðfótum líkt og það hefur gert á undanförnum áratugum. Það er ekki slíkt sem verkalýðshreyfingin var að biðja um. Það er ekki slíkt sem launafólk var að biðja um. Það var að biðja um meira öryggi og betri skipan húsnæðismála.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason talaði og um framlag sveitarfélaga. Ég gagnrýndi að það var lækkað úr 20% í frv. niður í 10% án þess að sveitarfélögin hefðu beðið um það. Sveitarfélögin sáu sérstaka ástæðu til að geta þess í umsögn sinni að þau mundu una við þessi 20%. Hins vegar er á öðrum stað í frv. kveðið á um að vanti fjármagn til byggingarnna eigi sveitarfélögin að greiða það. Það er ekki vitað hversu mikið það verður. Þessi leið er einmitt eitt af því sem ég tel að verði til að skemma frv. það er fyrirsjáanlegt að ef þetta verður gert skapast deilur á milli sveitarstjórnanna og stjórna verkamannabústaðanna, sem auðvitað enda með því að minna verður byggt, minni fyrirgreiðsla verður veitt og eftir standa húsbyggjendur verr settir en ella.

Félmrh. gaf út yfirlýsingu 30. apríl s. l. Samkv. þessari yfirlýsingu mun ríkisstj. beita sér fyrir því að unnt verði að hefja byggingar á 400 íbúðum í verkamannabústöðum á árinu 1981 og síðan 500 íbúðum á árinu 1982 og 600 íbúðum á árinu 1983. M. a. verða framkvæmdir þessar fjármagnaðar þannig, að tekjur ríkissjóðs af 1% launaskatti renni frá næstu áramótum óskertar til Byggingarsjóðs verkamanna. Í tilefni af þessu langar mig til að spyrja félmrh. Ef við hugsum okkur að þessar 400 íbúðir verkamannabústaða yrðu byggðar á þessu ári er eðlilegt að spurt sé hvernig framkvæmdirnar verði fjármagnaðar. Áætlað verð á íbúð er 30 millj. kr., samtals framkvæmdir upp á 12 milljarða. 1% launaskattur gefur rúma 4.9 milljarða. Samkv. frv. um húsnæðislán eiga kaupendur að leggja fram 10% eða 1.2 milljarða. Samtals er þetta fjármagn 7.3 milljarðar. Þá vantar 4.7 milljarða aðeins á þessu ári. Það er e. t. v. hægt að svara því, að ekki verði íbúðirnar allar byggðar á þessu ári. En það er meiningin að byggja 100 fleiri íbúðir á næsta ári, ekki minnkar vandinn þá, og enn 100 fleiri íbúðir á þar næsta ári. Ekki verður þessu svarað með því að framkvæmdin dreifist á lengri tíma. Hugsanlegt er að afla þessa fjár með lántökum, en þá komum við svo aftur að því, að lán til Byggingarsjóðs verkamanna fást ekki nema með mjög óhagstæðum kjörum, sem enn verður til að rýra greiðslugetu kerfisins.

Það hnígur sem sagt allt að sama brunni. Það er verið að eyðileggja þetta frv. Það er verið að eyðileggja þá hugsun sem launþegasamtökin áttu von á að kæmist í samþykkt um húsnæðismál. Því segi ég: Það er ekki þetta sem var verið að biðja um. Það var beðið um átak í húsnæðismálum, ekki sama ástand. Það var verið að biðja um breytta tíma, meira öryggi, betra þjóðfélag.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða mjög um það frv. sem hér er til umr., þó að sjálfsagt væri ástæða til þess. Ég tel að ýmsar þær brtt., sem borist hafa frá stuðningsliði ríkisstj., séu tæpast til bóta og sumar séu hrein spjöll. Það hefur komið glögglega fram í ræðu hv. þm. Karls Steinars ýmislegt varðandi þetta efni, en ég vil bæta við fáeinum atriðum eða ítreka fáein atriði án þess að fara nánar í einstakar brtt. allar saman.

Þar er fyrst til að taka að í 11. lið er sett sérstakt skerðingarákvæði eða heimild til húsnæðismálastjórnar til að hafna eða skerða lánveitingu til þeirra aðila sem eiga íbúð sem getur talist fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar. Ég held að ákaflega varasamt sé að setja inn ákvæði af þessu tagi, þarna hlyti ævinlega að vera um einhvers konar geðþóttaákvörðun að ræða. Að vísu var á ferðinni strangara orðalag á þessari grein fyrr, og má segja að þetta sé þó skárri útgáfa en áður var. En ég held að hún sé mjög varasöm vegna þess að ýmislegt getur komið upp hjá fólki: það flyst búferlum, það skilur og þar fram eftir götunum, og kannske er það ekki reiðubúið á þeim tímum, sem við lifum, að losa sig við íbúðir og eiga þar með vissu um rétt á nýju láni þegar svona stendur á.

Mér finnst líka að því er varðar t. d. 17. liðinn í till. stjórnarliða, þar sem gert er ráð fyrir að það verði að liggja fyrir samþykki sveitarstjórna og þar fram eftir götunum til þess að eiga möguleika á láni vegna endurnýjunar og endurbóta, að það sé óþarfi að búa til skriffinnsku af þessu tagi. Sveitarstjórnirnar hafa sitt vald í gegnum byggingarsamþykktir og leggja þar mat á slíkt. Það á ekki að þurfa að auka erfiði fólks með því að fjölga vottorðum sem menn þurfa að afla sér til að koma til greina í sambandi við lánsúthlutanir.

Þetta kemur enn fremur fram t. d. í þeim lið sem er nr. 41, þar sem er sérstaklega tiltekið að fólk, sem búi við erfiðar aðstæður, hafi orðið fyrir áföllum, skuli afla sér tvíefldra umsagna, bæði félagsmálastofnunar og sveitarstjórnar, um að það búi við nægilega bág kjör til að koma til greina. Mér finnst að þarna sé verið að auka erfiði fólks, sem á mjög erfitt fyrir, og það sé gert að óþörfu.

En það er annað sem ekki er síður ástæða til að gera að umtalsefni. Það kemur fram í 13., 15. og 17. lið að talað er um hlutfall af föstu láni til nýbygginga; í 13. lið, að lán samkv. því, sem þar er verið að fjalla um, skuli vera visst hlutfall af fullu láni til nýbygginga, í 15. lið, að það skuli nema sama hlutfalli af byggingarkostnaði staðalíbúðar og því sem til er vitnað undir lið 13., og í 17. lið, að það skuli vera 50% af byggingarláni út á staðalíbúð samkv. 35. gr. Nú er það dálitið aumingjalegt að tala bara um „visst" hlutfall, en ekki tiltekið hlutfall, og má segja að 50% sé þá skárra en að hafa það alveg ótiltekið. En þetta leiðir hugann að því, sem er kannske kjarni þessa máls, nefnilega hlutfalli lána af

byggingarkostnaðinum sjálfum.

Ef við hugleiðum hvað það er, sem er fyrst og fremst til smánar í þjóðfélagi okkar í sambandi við húsbyggingarmálin, þá er það að þau lán, sem menn eiga kost á til almennra íbúðarbygginga, eru ekki nema rétt rúmlega 20% af byggingarkostnaðinum. Mönnum er ætlað að standa undir a. m. k. 70 — 75% af byggingarkostnaðinum með einhverjum öðrum hætti. Og hver er sá háttur? Sá háttur er að reyna að skapa sér víxillán eða einhver önnur skammtímalán, sem yfirleitt eru til 2—3 eða í almesta lagi 4 ára. Í annan stað að ganga á vit ættingja og reyna að sníkja þar peninga. Í þriðja lagi að slíta sjálfum sér út fyrir aldur fram, eins og allt of algengt er. Þetta er til smánar hjá okkur, að við skulum ætlast til þess af húsbyggjendum að þeir afli 3/4 hluta af því, sem það kostar þá að eignast íbúð, með snöpum hjá bankastjóra, með snöpum hjá ættingjum, með því að slíta sér út og náttúrlega með skattsvikum, eins og ég þykist vita að öllum hér sé ljóst að húsbyggjendur hafa neyðst út í með einum eða öðrum hætti í sambandi við vinnuskipti og því um líkt, sem er alls ekki í samræmi við það sem ætlast er til samkv. anda skattalaganna. Þetta, að láta fólk slíta sér út bæði líkamlega og andlega með því að hlaupa á milli lánastofnana eins og bónbjargamenn, ef það ætlar að komast yfir húsnæði, er smánarbletturinn á þjóðfélagi okkar.

Þetta rifja ég upp vegna þess að hér hefur farið fram umr. um hvort lánstíminn eigi að vera 21 eða 26 ár, hvort vextirnir eigi að vera 2% eða 3.5%. Auðvitað hljómar það ágætlega að tala um lægri vexti, eins og 2%, og auðvitað hljómar það ágætlega að vera með 5 árum lengri lánstíma. Það væri ekki nema sjálfsagt að fara út í það ef það væri enginn fjármagnsskortur hjá okkur og ef lánskerfið væri þannig að við gætum lánað 75 — 80% af íbúðarverðinu, en ekki öfugt, eins og það er í reyndinni. Það er út frá þessum forsendum sem Magnús H. Magnússon fyrrv. félmrh. lagði ríka áherslu á að við þær breytingar, sem nú væru gerðar á þessu frv., væri þó a. m. k. stefnt til réttrar áttar í þeim efnum að hækka lánshlutfallið, vegna þess að það er það sem er í raun og sannleika verkefni númer eitt, það er það, sem er mikilvægasta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir í þessu húsnæðislánakerfi, og það er eitt af okkar mikilvægustu félagslegu verkefnum ef við ætlum ekki að slíta út unga fólkinu í landinu og gera það útslitið líkamlega og sálarlega fyrir aldur fram.

Nú er það svo, að með því að lengja lánstímann frá þeim tillögum, sem Magnús H. Magnússon var með, og lækka vextina er auðvitað verið að skerða stórlega möguleikana til að hækka lánsfjárhlutfallið. Ég sagði að það væri rétt rúmlega 20%. Það liggur fyrir hér í opinberum gögnum. En með þessum hætti má gott heita ef það kæmist upp í 28% að 5 árum liðnum. Það er allt of lítið og það mundi ekkert vera að nálgast 50% árið 1990, eins og var þó útkoman úr því sem Magnús H. Magnússon var með. Það má heita gott ef það nálgast 40%.

Nú kann einhver að segja að þetta sé allt í lagi, það megi bara útvega aukið fé í þetta kerfi. En hvað eru það þá miklir peningar sem menn eru að skerða þetta útlánakerfi um? Hvað er það þá mikið aukalega sem þarf að bæta við kerfið bara fyrir þessa breytingu? Nú skulum við segja að við höfum það markmið að ganga lengra en fram gengur af þeim gögnum, sem Magnús H. Magnússon fyrrv. félmrh. lét saman taka, og við vildum bæta við einhverju fjármagni í þeim efnum, og það er sjálfsagt að stuðla að því. En hver er þá viðbótin sem við verðum að leggja á okkur bara fyrir þessa breytingu? Samkv. þeim töflum, sem fyrir liggja um þetta efni, er það á verðlagi ársins 1978 miðað við árið 1990 2.5 milljarðar kr. Það mundi á verðlagi 1980 vera einhvers staðar á bilinu 5 — 5.5 milljarðar kr. Bara þessi göfuga breyting um að lengja lánstímann í 26 ár og lækka vextina niður í 2% þýðir þarna að bæta þarf við milli 5 og 5.5 milljörðum til að standa í þeirri þróun sem sett var á blað og miðaðist við 50% eða tæp 50% árið 1990 og er alls ekki nóg.

Við getum tekið þessa 5 — 5.5 milljarða til samanburðar við það sem við erum að setja inn í þetta kerfi núna. Jú, framlagið til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1980 á að vera 7.1 milljarðar. Það gæti verið að þegar maður sér það í hlutfalli við þessa tölu væri þarna einhver mismunur sem skipti máli. Ef við lítum á lántökurnar árið 1979 voru þær 11.8 milljarðar kr. Ég er hér að tala um tölu sem er næstum því helmingurinn af því.

Ég held að það, sem skipti langmestu máli fyrir húsbyggjendur, sé að hækka þetta lánshlutfall, og þess vegna tel ég að það, sem Magnús H. Magnússon lagði til í þessum efnum, hafi verið í samræmi við það sem er í raun og sannleika mikilvægast í þessu kerfi. Hann var að leitast við að hækka lánshlutfallið. Með þessari breytingu, svo göfug sem hún getur talist, að fara upp í 26 ár og niður í 2% vexti, eru menn að draga þróttinn úr því að hægt sé að ná því markmiði sem mikilvægast er. Ég held þess vegna að þeir, sem hafa talað fyrir þessari breytingu, hafi misskilið í raun og sannleika hvað það er sem skiptir mestu máli og að þessar breytingar séu þess vegna, svo notuð séu töm orð hæstv. forsrh., algjör misskilningur.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þær ræður, sem hafa verið haldnar hér að undanförnu af hv. stjórnarandstæðingum, eru um margt ákaflega athyglisverðar og í rauninni kalla þær á mjög ítarlega umr. vegna þess að hér hefur verið haldið fram fullyrðingum sem krefjast þess að skoðaðar séu ögn nánar, en eru raunar í sumum tilvikum settar fram hér af meiri ósanngirni en oft og tíðum heyrist þegar menn eru að ræða um þau alvarlegu mál sem hér eru á ferðinni.

T. d. er því haldið fram af hv. stjórnarandstæðingum, að þær tillögur stjórnarliðsins, sem hér hafa verið lagðar fram, feli í sér í rauninni stórkostlega spillingu, stórkostleg „spjöll", eins og hv. 2. þm. Reykn. orðaði það, á því frv. sem Magnús H. Magnússon lagði fram. Í hverju eru svo þessi stórkostlegu „spjöll" fólgin sem hæstv. ríkisstj. leyfir sér að beita sér fyrir á þessu frv.? Spjöll ríkisstj. eru fólgin í því, að það er stóraukin áhersla á framkvæmdafé verkamannabústaðanna í landinu. Í stað þess, sem verið hefur á undanförnum árum, að byggðar hafa verið 90—100 íbúðir á ári fyrir láglaunafólk í verkamannabústaðakerfinu, — með þeim afleiðingum að umsækjendur eru 100—200 um 30 íbúðir, eins og er núna í Breiðholti þar sem Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hefur auglýst nokkrar íbúðir, — þá hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um að nota það fjármagn, sem til er innan þessa kerfis, til félagslega íbúðabyggingakerfisins til að reisa 500 íbúðir á ári.

Í því frv., sem hér lá fyrir og verið er að breyta, var ekki gert ráð fyrir þessari áherslu á verkamannabústaðakerfið. Auðvitað er ekki verið að pína niður kjör fólks. Auðvitað er ekki verið að leggja á það áherslu að fólk

þurfi endilega að hafa „nægilega bág kjör", eins og hv. 2. þm. Reykn. orðaði það áðan. Auðvitað þýðir aukinn fjöldi íbúða í verkamannabústöðunum að aukinn fjöldi fólks og þar með undir hærra tekjumarki kemst inn í þetta húsnæði en verið hefur. Þannig verða menn að skoða þetta af allri sanngirni.

Ég verð að segja eins og er, að út af fyrir sig kemur mér kannske ekki ýkjamikið á óvart margt af því sem hv. talsmenn Sjálfstfl. hafa sagt hér í kvöld. Hitt vekur athygli mína, að einn af leiðtogum verkalýðshreyfingarinnar í landinu skuli leyfa sér að halda því fram, enda þótt fyrir liggi að hér sé verið að koma til móts við sjónarmið hennar í verulegum mæli, að hér sé ríkisstj. í rauninni að eyðileggja frv. Ég vísa þessum ásökunum algjörlega á bug og ég gæti rökstutt það í löngu og ítarlegu máli, en til þess er ekki kostur við þær aðstæður sem nú eru hér og mjög áliðið kvölds.

Herra forseti. Ég hyggst næst svara þeim fsp. sem til mín var beint, einkum af hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Þær fsp. snertu í fyrsta lagi 31. brtt. stuðningsmanna ríkisstj. á því þskj. sem hefur að geyma till. þeirra. Þar er rætt um 1% launaskatt sem renni til Byggingarsjóðs verkamanna. Ég hygg að hv. þm. hafi viljað inna mig eftir því, hvaða launaskattsprósent hér væri um að ræða, hvort hérna væri um að ræða viðbót eða hvaða launaskattsprósent hér væri á ferðinni, hvort þetta yrði tekið af Bygginasjóði ríkisins o. s. frv. Þetta launaskattsprósent, sem hér er um að ræða, er hið sama launaskattsprósent og vitnað er til í yfirlýsingu ríkisstj. sem lögð var fram í viðræðum við Alþýðusambandið og dagsett er 30. apríl 1980, en í þeirri yfirlýsingu segir að frá næstu áramótum skuli tekjur ríkissjóðs af 1% launaskatti renna óskertar til Byggingarsjóðs verkamanna.

Hér er m. ö. o. verið að fjalla um þann launaskatt sem þegar er á lagður, enda felst ekki í þessu frv. ákvörðun um viðbótarskattlagningu. Það er alveg ljóst. Ákvörðun um viðbótartekjuöflun í þetta húsnæðislánakerfi verður að eiga sér stað síðar. En ég legg á það áherslu, að hérna er ríkisstj. að standa við það fyrirheit sem gefið var fyrir mörgum árum, að þetta eina prósent sé notað í félagslegu íbúðabyggingarnar. Hér erum við að standa við fyrirheit gagnvart verkalýðshreyfingunni í landinu. Ég hygg að allir sanngjarnir menn, einkum og sér í lagi þeir sem þekkja til þess ástands sem er í húsnæðismálum láglaunafólks, viðurkenni að hér sé stigið þýðingarmikið skref.

Í annan stað spurði hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, um Byggingarsjóð verkamanna, framlag til hans á árinu 1980 og frv. til lánsfjárlaga og líklega 19. gr. þess frv. Einnig las hann upp bréf sem hann hafði komist höndum yfir frá félmrn. og ég hygg að hafi verið dreift á fundi í fjh.- og viðskn. af starfsmönnum Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Því er til að svara, að á þessu ári verður greitt vegna Byggingarsjóðs verkamanna eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum, eða 432.5 millj. kr. Frá þessu var gengið milli starfsmanna fjmrn. og Byggingarsjóðs verkamanna í dag, þannig að ljóst er að þessi upphæð verður greidd vegna ársins 1980 og þannig ganga málin væntanlega upp.

Hvað því viðvíkur hvernig með þau mál verður farið, sem vitnað er til í bréfi félmrn. frá fyrri tíma, verður það málefni rætt á milli félmrn. og fjmrn. Það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um það nákvæmlega hvernig með það verður farið. En ég endurtek: Þessar upphæðir, 432.5 millj. kr., verða greiddar vegna ársins 1980 eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum.

Þá spyr hv. þm. væntanlega, því mér skildist að hann vildi inna mig eftir samhenginu á milli annars vegar ákvæðanna í brtt. stjórnarliðsins og hins vegar ákvæðanna í lánsfjárfrv. og fjárlögunum, hvernig það kæmi heim og saman. Þá er því til að svara, að gert er ráð fyrir að það launaskattsprósent, sem hér er um að ræða, renni óskert til Byggingarsjóðs verkamanna frá næstu áramótum. Það snertir því ekki fjárhag hans út af fyrir sig á árinu 1980, eins og þetta hefur verið sett upp. En með þessum hætti vek ég á því athygli, að framlög ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna yrðu á ársgrundvelli um 5000 millj. kr. í staðinn fyrir um 500 millj. kr. Hér eru sem sagt á ferðinni mjög veruleg fríðindi sem launafólkið í landinu hefur metið mikils á undanförnum árum.

Ég get ekki neitað því, að sumt af því, sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði áðan, er þess eðlis að ég vildi gjarnan eiga við hann orðastað lengur um þau mál. Ég vil þó ekki þreyta hv. Ed. með umr. um það frekar að sinni. Ég vænti þess að við, ég og hv. þm., fáum tækifæri til að ræða um þau mál síðar á öðrum vettvangi.

Vafalaust er margt í þessu frv. ríkisstj. og þeim brtt. stuðnigsmanna stjórnarinnar, sem hér hafa verið lagðar fram, sem mætti betur fara. Hér er um að ræða ákaflega viðtæka lagasetningu, en hér er um það að ræða að verið er að taka mjög þýðingarmiklar pólitískar ákvarðanir sem ríkisstj. leggur ákaflega þunga áherslu á. Og ég minni á að jafnvel þó að frv. sé samþykkt á Alþ. og mistök kunni að koma í ljós af einhverju tagi í minni háttar atriðum er hugsanlegt að laga slíkt þótt síðar verði. Alþingi Íslendinga stendur vafalaust lengur en eftir þann dag er við slítum því hugsanlega í næstu viku og við fengjum þá tækifæri til lagfæringa.

Hér er um að ræða þýðingarmiklar og viðtækar ákvarðanir, sem auðvitað kunna í einhverjum tilvikum að orka tvímælis. En við skulum viðurkenna það, hv. alþm., að ýmislegt af því, sem hér er verið að gera, hefur mjög verulega þýðingu til að gera húsnæðislánakerfið þannig að það komi til móts við það fólk sem mesta og knýjandi þörfina hefur fyrir stuðning. Það kemur ekki til móts við alla, það er alveg ljóst. Þeir, sem hafa besta heilsu og bestar tekjur, verða að reyna að klára sig sjálfir, eins og raunin hefur orðið á á undanförnum árum. En við erum að reyna að leggja á það áherslu að þeir, sem knappasta hafa stöðuna, fái sæmilega og betri afgreiðslu í þessu kerfi en verið hefur.

Ég vænti þess, að ég hafi svarað þeim fsp., sem til mín var beint af hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, svo og öðrum fsp. sem hér komu fram.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég má ekki gera nema örstutta athugasemd núna.

Hæstv. félmrh. svaraði fsp. þeim sem ég gerði til hans. Það var annars vegar um 1% af launaskattinum, sem ætlað er að renni í Byggingarsjóð verkamanna, og hins vegar um skilning á 19. gr. í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980. Það er varðandi upphæðina sem þar er fram tekið að framlag til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1980 megi ekki fara fram úr. Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði lesið upp bréf frá félmrn. sem ég hefði komist yfir. Þetta er hvort tveggja rangt. Ég las ekki upp bréfið. Ég sagði

frá efni þess og ég tel að ég hafi ekki komist yfir þetta bréf með neitt óeðlilegum hætti. (**Gripið fram í**: Það sagði ráðh. ekki). Nei, en hann notaði þetta orðalag. Bréfið var lagt fram í fjh.- og viðskn., en ekki að minni beiðni og vissi ég raunar ekkert um það fyrr en ég sá það þar.

Ég fagna því, að einmitt á þessum degi skuli það hafa skeð að ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um að það skuli standa sú tala, sem er í frv. til lánsfjárlaga, og 432.5 millj. kr. skuli fara, eða allt að því, á þessu ári til verkamannabústaða. Ég fagna því að þessi ákvörðun hafi verið tekin í dag. En eftir stendur að þessi upphæð er skert, því að húsnæðismálastjórn hafði áætlað og talið að það þyrfti 500 millj. kr.

En ég hef litlu að fagna í sambandi við svarið við hinni spurningunni, um 1% af launaskattinum. Hæstv. ráðh. sagði að þetta 1%, sem ég hefði verið að tala um, væri sama prósentið og talað hefði verið um í yfirlýsingu ríkisstj., eins og hann orðaði það. Það skiptir engu máli í þessu sambandi hvort hér er um að ræða sama prósentið eða ekki. Hæstv. ráðh. sagði líka að það væri um að ræða þann launaskatt sem hefði verið lagður á og hér væri ekki um að ræða neina nýja skattlagningu. Þetta skiptir engu máli í því sambandi sem ég spurði. Ég spyr um ákveðið málefni og óska eftir ákveðnu svari. Launaskatturinn er samkv. lögum 3.5%. Samkv. lögum núna fer 1.5% í ríkissjóð, en 2% eiga að fara í Byggingarsjóð ríkisins. Ég spyr um þetta eina prósent sem á núna að fara í Byggingarsjóð verkamanna. Verður það tekið af 2%, sem Byggingarsjóður ríkisins fær, eða verður það tekið af 1.5%, sem ríkissjóður fær? Þetta var mín spurning. Og ég ítreka þessa spurningu.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mig langar að spyrja að því, hvort hugmyndin sé að ganga hér til atkv. um 80 eða 100 brtt., sem rétt nýlega eru fram komnar, og jafnvel að leita afbrigða fyrir 3. umr. Slíkt fyndist mér algjör ósvinna. Ég er náttúrlega ekki sérlega duglegur þm., en ég hef ekki nokkra möguleika til að gera mér grein fyrir því hvað er á ferðinni í sambandi við allar þessar brtt. Og það væri fyrir neðan allar hellur að ætla nú að fara að ganga til atkv. án þess að gefa mönnum lengra ráðrúm og sérstaklega þó ef ætti að reyna að leita afbrigða. Að vísu er nú svo eins og áður, að sjálfstæðismenn hér í deildinni hafa það á valdi sínu hvort mál yfirleitt ganga fram, vegna þess að stjórnarsinnar mæta yfirleitt ekki svo vel að við verðum ekki alltaf að hjálpa til.

Þar að auki sé ég ekki annað en hér sé verið að byggja upp eitt nýtt ofboðslegt bákn í þessu þjóðfélagi, þar sem þeim peningum, sem á að verja til að byggja íbúðir fyrir fátækt fólk, eigi t. d. að verja að verulegu leyti í sukkið, í uppbyggingu á kerfinu, mörg hundruð manna bitlingalýð, í staðinn fyrir að láta einn eða tvo menn anna því starfi sem þarna er um að ræða. Það gætu vel gert einn eða tveir menn. Við sjáum það. En það er annað mál. Ég spyr að því: Á að halda þannig á málum að knýja fram atkvgr. í kvöld og jafnvel að leita afbrigða? Ég óska svars forseta áður en ég fer héðan úr stólnum. (**Forseti:** Það er rétt. Ég tilkynnti það í dag að við mundum freista þess að greiða atkv. við 2. umr. um frv. Ég hef jafnframt ákveðið að gefa núna stutt fundarhlé til þess að menn megi átta sig öllu betur á afgreiðslu málsins en þeir hafa þegar gert í dag, meðan þessar till. hafa legið á borðinu. En 3. umr. fer ekki fram í kvöld.) Þá óska ég eftir að fá að halda ræðu minni áfram eftir það hlé sem nú verður gefið. (**Forseti:** Ég vil mælast til þess við hv. þm. að hann ljúki nú máli sínu, vegna þess að hléið átti að gefa eftir umr. Beðið var um það sérstaklega að hléið yrði gefið eftir umr. Það var óskað sérstaklega eftir því, að þegar öllum umr. væri lokið og öllum fsp. svarað fengist hið umbeðna hlé. Það er sem sagt ósk mín að hv. þm. ljúki frekar máli sínu fyrir þetta hlé, sakir þess að um hitt var beðið alveg sérstaklega.

Ég hef ekki fengið fyrr en núna neina athugasemd við það út af fyrir sig að við tækjum brtt. til atkvæða. Ég vil taka það skýrt fram, að ég hef ekki fengið neina athugasemd við að við tækjum þessar brtt. til atkv. í lok þessa fundar. En af því ég lofaði hinu, að þegar allar athugasemdir væru komnar fram og það kann vel að kalla á nýjar umr. og frekari athugasemdir, óska ég eftir því hv. ræðumann að hann ljúki máli sínu fyrir þetta umbeðna hlé vegna þess að það var í því skyni um það beðið.) Eins og við vitum í þessari deild hefur verið hér betra samstarf en ég hef kynnst annars staðar — og var ég áður í Nd. — bæði í fyrravetur og í vetur. Það hefur verið fullkomlega gott samstarf á milli manna, og í stjórnarandstöðu hef ég einungis verið í þessari deild. Ég hygg að allir þeir, sem með mér hafa starfað, muni geta borið um það vitni að ég hafi fremur reynt að greiða fyrir málum stjórnarinnar en að hindra framkvæmd þeirra, og horfi ég þá sérstaklega á minn gamla formann í fjh.- og viðskn. í fyrra, en við störfuðum mikið saman og ég hygg að fáir stjórnarsinnar hafi lagt sig meira fram um að greiða fyrir málum en ég, stjórnarandstæðingurinn. Þess vegna finnst mér það ekki óeðlileg ósk af minni hálfu að ég fái tækifæri til þess og aðrir menn hér að kynna sér 80 eða 100 brtt. sem á að fara að greiða atkv. um. Finnst mér eðlilegt að við fáum tækifæri til að kynna okkur þær í nokkrar klst., þó ekki væri meira. Og ef ekki verður við þessari ósk orðið mun ég að sjálfsögðu tala hér svo lengi sem þörf krefur til þess að ekki verði af atkvgr. í kvöld. Það er ósköp einfalt mál. Ég skírskota til forseta enn og aftur: Er ekki eðlilegt að verða við sanngjarnri ósk um þetta? Ég spyr enn og aftur: Verður orðið við þeirri ósk að þessu máli verði ekki vísað til atkv. í kvöld? Ég spurði forseta að því síðdegis í dag, hvort atkvgr. yrði í kvöld. Hann sagðist halda að svo yrði ekki, a. m. k. alla vega ekki eftir miðnætti, en hugsanlega áður, og þess vegna mun ég tala fram yfir miðnætti núna úr þessum ræðustól ef á að knýja fram atkvgr. í kvöld.

Forseti (Helgi Seljan): Út af orðum hv. þm. held ég að rétt sé að við gerum örstutt hlé á fundinum, því að menn vilja kannske tjá sig enn frekar um þetta mál, ef svo er að menn vilja halda umr. áfram fram eftir nóttu. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því. Hins vegar skal ég taka það fram, að þessi ósk kemur alveg flatt upp á mig vegna þess að ég hef haft samband við þá þm., sem hér hafa verið í dag, ég held allflesta, og gert þeim grein fyrir atkvgr. og enginn gert þar athugasemd við. Þetta er alveg ný ósk borin fram um það leyti sem umr. er algjörlega að ljúka. Ég held að það sé rétt að við gerum 5 mínútna fundarhlé til þess að menn geti ráðgast um málið. Ég slít ekki umr., en gef 5 mínútna fundarhlé til þess að menn geti ráðgast um hvað menn vilja gera í þessu. Ég vil halda fullri sátt í deildinni, en hins vegar taldi ég mig hafa sinnt öllum forsetaskyldum við þm. í dag með því að gera þeim grein fyrir því, hvaða afgreiðsla yrði á þessu máli. Ég vil taka

það skýrt fram. Það er því ekki við mig að sakast í því efni að þessi ósk kemur fram núna rétt fyrir miðnætti. Þar hefur einhver annar ruglast, sennilega við lestur þessara mörgu brtt., úr því að þessi ósk kemur fram svo síðla. Satt er það, að brtt. eru margar, en ég verð að játa að einmitt vegna þess að brtt. eru margar — menn hafa haft þær hér á borðunum í dag — og atkvgr. um þær tekur nokkurn tíma, langaði mig hreinlega, og ég hélt að alla þm. langaði til þess að ljúka þessari leiðinlegu atkvgr. af því hún er löng og leiðinleg. — En við skulum gefa 5 mínútna fundarhlé til þess að ráðgast um hvaða aðferð skal hér hafa. Ég bið þingflokksmenn að ráðgast um þetta mál einn frá hverjum þingflokki til að ganga frá frekari afgreiðslu. — [Fundarhlé.]

Forseti (Helgi Seljan): Fundi er fram haldið í Ed. Alþingis. Ég vil, áður en ég segi nokkur orð, gefa hv. 5. landsk. þm. aftur orðið.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og lög og venja gera ráð fyrir eru menn sáttir í þessari deild og samvinnufúsir og reyna að koma málum þannig fyrir að þó þá greini á um efnisatriði vilji þeir starfa saman að framgangi mála. Hér hafa tekist sættir sem forseti mun gera grein fyrir. Ástæðulaust er að ég sé að því. Ég þakka samstarfsmönnum hér í deildinni fyrir að hafa tekið tillit til að ég tel sanngjarnra óska og við höfum hér eðlileg vinnubrögð, eins og við höfum haft þann tíma allan, sem *ég hef verið í þessari deild.*

Forseti (Helgi Seljan): Út af þessum orðum vil ég taka það fram, að samkv. samkomulagi sem gert hefur verið er umr. um dagskrármálið hér með lokið. Atkvgr. er hins vegar frestað, en sú atkvgr. fer fram kl. eitt á föstudag. Þá er það samkomulag milli aðila að 3. umr. um mál þetta verði lokið héðan frá Ed. kl. 9 næstkomandi föstudag.

Þá held ég að fullar sættir séu komnar í málið og allir eflaust fegnir því að þurfa ekki að fara í þessa atkvgr. En menn bera þá sinn kvíða fyrir því að þurfa að standa í þessu erfiði milli eitt og tvö n. k. föstudag. Vandanum er því frestað og umr. er lokið um dagskrármálið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 76. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að fá tækifæri til þess að ræða hér ákveðið mál utan dagskrár. Það hefur reyndar staðið til að gera það nú um nokkurt skeið og ég hafði orð á því að við þann hæstv. ráðh. sem ég átti vantalað við, ef svo má að orði komast, í síðustu viku, en þá gafst ekki færi til, og það er ekki fyrr en nú sem tækifæri er til þess að taka upp mál sem ég vil gjarnan gera hér að umtalsefni.

Eins og fram hefur komið í blöðum gerðist það fyrir stuttu að ákveðin var hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur og þrátt fyrir að beðið væri um 58% hækkun fékkst aðeins 10% hækkun, sem var tillaga gjaldskrárnefndar og kom þannig til ríkisstj. og ríkisstj. samþykkti tillögu gjaldskrárnefndar.

Það er ljóst, að allt frá árinu 1970 hefur verð á heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur lækkað stöðugt miðað við almennt verðlag í landinu, og nú er svo komið að það er um 57% af því sem það var fyrir 10 árum. Á sama tíma hefur Hitaveita Reykjavíkur staðið undir miklum framkvæmdum og stækkunum og þjónar nú fjórum nágrannasveitarfélögum. Til þess að ná þessum árangri í viðbót við stækkun á Reykjavíkursvæðinu var gripið til þess úrræðis að taka erlent lán til framkvæmda. En lántökur héldu áfram eftir að útvíkkun kerfisins til nágrannasveitarfélaganna átti sér stað eða allt til ársins 1978. Eftirstöðvar þessara lána eru nú um 5 — 6 milljarðar kr. og árlegar greiðslur afborgana og vaxta eru um 1200 millj. Ef eðlileg gjaldskrárhækkun hefði fengist á þessu framkvæmdatímabili, eins og óskað var eftir, væri búið að greiða þessi lán niður án þess að verð á heitu vatni væri hærra en það er í dag. Afborganir lána og vaxtagreiðslur eru nú nokkru lægri en fjárvöntun til framkvæmda. Þrátt fyrir erlend lán, sem tekin voru á síðasta áratug, hefur orðið að fresta ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum sem varða eðlilega þjónustu við viðskiptavinina.

Miðað við eðlilegan vöxt nemur stærð þeirra húsa, sem *árlega eru tengd Hitaveitu Reykjavíkur, um 900 þús.* rúmmetra. Þetta samsvarar allri byggð í Keflavík eða álíka og helmingi byggðar Akureyrar, svo að einhver samanburður sé nefndur. Þessi dæmi sýna glögglega hvað árlegar framkvæmdir eru umfangsmiklar hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Árlegur kostnaður við þessar framkvæmdir nemur um 3—4 millj. kr. og ber þar helst upp á síðkastið á framkvæmdum við Grafarholt, sem stefna að því að auka afl Hitaveitunnar til þess að mæta verstu kuldaköstum og auka þar með öryggi neytenda, svo og stækkun dreifikerfisins.

Á síðustu árum hefur orðið að skera niður nauðsynlegar framkvæmdir og er nú svo komið, að ekki má fresta lengur þeim verkum sem lagt er til að unnin verði, ef halda á því rekstraröryggi sem Hitaveitan hefur tryggt síðasta áratuginn. Það nálgast óðum sá tími sem Hitaveita Reykjavíkur getur ekki fullnægt hitunarþörf höfuðborgarsvæðisins. Að óbreyttu mun framboð á heitu vatni ekki fullnægja þörfum á komandi vetri. Það er þess vegna sem stjórn veitustofnana — en frá henni eru komnar þessar upplýsingar — telur að ekki komi til greina að taka erlend lán til að standa undir eðlilegri stækkun. Slíkt mun aðeins magna vandann á næstu árum, *eins og ég sagði í upphafi máls míns.*

Fyrst væri nú kannske rétt að átta sig á því, hvað hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hyggst gera í orkumálum og þá sérstaklega í þeim málum sem varða innlenda orkugjafa. Ég vil leyfa mér — ef leyfi forseta fæst — að lesa hérna örfáar setningar úr svokölluðum stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens, en þar segir í kaflanum um verðlagsmál:

„Fyrir mánaðamótin maí-júní 1980 skulu afgreiddar sérstaklega hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana, sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma, sem framangreind mörk setja.“

Það, sem hér er sagt, er að það eigi að renna úr svokölluðu uppistöðulóni, sem hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson kallaði svo, áður en til niðurtalningaraðferðarinnar verði gripið. Það verður þess vegna að skilja það svo — á meðan aðrar og betri skýringar fást ekki — að sú hækkun, sem Hitaveita Reykjavíkur fékk á dögunum í síðustu viku í meðhöndlun ríkisstj., hafi verið byggð á þessum ummælum í stjórnarsáttmálanum og á öðrum sem ég vil líka gera hér grein fyrir.

Í kaflanum um fjárfestingarmál segir í tölul. 3: „Áhersla skal lögð á framkvæmdir á sviði orkumála.“ Og í kaflanum um orkumál segir orðrétt í stjórnarsáttmálanum, með leyfi forseta:

„Sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir í orkumálum, m. a. með það að markmiði, að innlendir orkugjafar komi sem fyrst í stað innfluttrar orku og að unnt verði með viðunandi öryggi að tryggja afhendingu orkunnar til notenda.“

Þarna er það greinilega sagt, að orkumálin eigi að hafa forgang og það eigi að ná borði fyrir báru í þessum efnum. Og það verður ekki annað skilið en hæstv. ríkisstj. telji að með 10% hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur hafi þeim markmiðum, sem eru í þessum stjórnarsáttmála, verið náð, enda skal það upplýst hér, sem öllum má ljóst vera, að í erindisbréfi gjaldskrárnefndar segir að hún eigi að starfa eins og gjaldskrárnefndir hafa starfað áður — þær hafa starfað tvær áður, allt frá árinu 1977 — og það eigi að taka tillit til þeirrar stefnu sem kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstj. Gjaldskrárnefnd er trúnaðarnefnd ríkisstj. Hún er sú nefnd sem ríkisstj. lætur fara yfir mál og samræma málin, og hún vinnur að öllu leyti á ábyrgð ríkisstj.

Það hefur komið í ljós í blöðum, að Hitaveita Reykjavíkur bað um 58% hækkun Iðnrn., sem er það fagráðuneyti sem tekur við till. Hitaveitunnar, sendi frá sér till. um að hækkunin yrði 40%. Gjaldskrárnefnd skar niður hækkunina í 10%. Málið fór fyrir ríkisstj. Iðnrn. bauð þá 20%, en ríkisstj. hafnaði því með öllu og við 10% sat. Þetta er í stuttu máli saga málsins. (Gripið fram í.) Ég heyrði ekki hvað hv. þm. — (**Forseti:** Það gerir ekkert til, það er ekki leyfilegt samtal.) En hann er vanur að gefa merkilegar yfirlýsingar svo að það er ástæða til þess að fá þær í þingtíðindin. (Gripið fram í.) Já, ég get upplýst það áður en hv. þm. fer út. — Það kemur að því fyrr eða síðar, að þetta gjald verða Reykvíkingar að borga með einum eða öðrum hætti, og það er um það sem þetta mál snýst. Það er spurning hvort við eigum að gera það núna eða hvort við eigum að gera það einhvern tíma síðar. Um það snýst málið og að því kem ég síðar.

Í Morgunblaðinu var fjallað um þessi mál og þar svaraði Georg Ólafsson, formaður gjaldskrárnefndar, fyrir gjaldskrárnefnd og sagði þá orðrétt, með leyfi forseta:

„Gjaldskrárnefnd byggði tillögu sína á þeim gögnum sem fyrirtækið lagði fram, auk þess sem tekið var mið af stefnumörkun ríkisstj. í verðlagsmálum á þessu ári. Nefndin telur að þótt varlega hafi verið farið í tillögugerð muni fyrirtækið hafa mun meira fjármagn til ráðstöfunar á þessu ári en það gefur í skyn í fjölmiðlum, og því lagði nefndin til að beiðni þess yrði skorin niður. Að öðru leyti tel ég það ekki vera í verkahring gjaldskrárnefndar að ræða þessi mál opinberlega, þar sem endanlegt ákvörðunarvald í þeim er í höndum ríkisstj., sagði verðlagsstjórinn að lokum.“

Hér segir formaður gjaldskrárnefndar beinlínis að farið hafi verið eftir einhverjum gögnum sem hann hafi undir höndum og séu önnur en þau sem Hitaveitan hefur lagt til grundvallar sinni tillögubeiðni. Síðan vísar hann á ríkisstj., og það er þess vegna sem ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár.

Hitaveitustjórinn í Reykjavík var síðan beðinn um að segja nokkur orð af þessu tilefni. Þá kemur það fram, að hann hefur ekki hugmynd um til hvaða gagna er þarna vitnað eða hvaða upplýsingar verðlagsstjóri hefur, sem eru aðrar en þær sem Hitaveitan veit um. — Og loks segir í Morgunblaðinu að leitað hafi verið til ýmissa ráðh., þ. á m. hæstv. ráðh. Hjörleifs Guttormssonar og Gunnars Thoroddsens, og þeir hafi báðir vísað á formann gjaldskrárnefndar og hæstv. ráðh. Tómas Árnason, en ekki hafi tekist að ná í viðskrh. Þetta mál var síðan lagt fyrir oddvita meiri hl. og minni hl. borgarstjórnarinnar í Reykjavík og Sigurjón Pétursson, forseti borgarstjórnar, sagði orðrétt í Morgunblaðinu daginn eftir að þessi frétt, sem ég vitnaði til áðan, birtist, með leyfi forseta:

„Þetta er náttúrlega allt of lítil hækkun miðað við þær framkvæmdaþarfir sem Hitaveitan hefur kynnt og nauðsynlegt er að ráðast í. Óneitanlega finnst mér þetta mjög óeðlilegt. Á sama tíma og rætt er um hve lágt verð Hitaveitu Reykjavíkur er miðað við aðra staði á landinu, þá er þessu verði haldið niðri umfram það sem eðlilegt er. Manni finnst það óneitanlega skjóta nokkuð skökku við.“ Síðar segir sami Sigurjón: „Og óneitanlega hlýtur það að draga úr áhuga Hitaveitunnar að dreifa vatni til annarra aðila, ef hætta er á því að staðið verði frammi fyrir vatnsskorti.“

Í sömu frétt er síðan viðtal við Birgi Ísl. Gunnarsson um þetta efni þar sem hann gerir grein fyrir sínum sjónarmiðum.

Það er öllum ljóst, að Hitaveita Reykjavíkur býr við pólitískt verðlag. Vísitölufjölskyldan býr í Reykjavík og þess vegna er það svo, að ráðamenn í þessu þjóðfélagi reyna að draga úr hækkunum á Reykjavíkursvæðinu, en láta sig minna varða þær hækkanir sem verða á sams konar vöruverði eða þjónustu á öðrum svæðum á landinu. Það er óneitanlega einkennilegt að hlusta á hæstv. ráðh. ríkisstj. koma fram í opinberum fjölmiðli og afsaka það og réttlæta, að hækkun á framfærsluvísitölunni sé miklu meiri en ráð var fyrir gert, og nefna það eitt sem rök í málinu, að það sé aðallega hækkun á Hitaveitu Reykjavíkur sem hafi komið þarna til skjalanna. Af þessu tilefni er rétt að það komi fram, að hækkunin sem varð nú á heitu vatni í Reykjavík, er 0.18% af hækkun framfærsluvísitölunnar eða 1/70 hluti hækkunarinnar. Þetta var það sem um munaði.

Þá var það athyglisvert, að í hæstv. ríkisstj. situr hæstv. forsrh., sem því miður er ekki hér og ekki er sanngjarnt þess vegna að beina máli sínu mikið til hans, en hann er yfirlýstur andstæðingur vísitölubindingar og hefði verið gaman að heyra viðhorf hans til þessa máls, auk þess sem hann er fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík. En um það er ekki að ræða þar sem hann er ekki viðstaddur.

Nú má auðvitað spyrja sem svo, eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson gerði hér áðan, hvort ég sé að mælast til þess að hækka verðlag í Reykjavík. Um þetta vil ég segja — þar sem ég sé að hv. þm. er kominn í salinn aftur — að ef Hitaveita Reykjavíkur fær ekki staðið undir sér með því verði sem viðgengst á heitu vatni sem hún selur, þá verður það auðvitað til þess að bæjarfélagið verður að greiða með Hitaveitunni og sú niðurgreiðsla

verður gerð með útsvörum okkar, m. a. okkar hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar sem erum búsettir hér í Reykjavík. Það er auðvitað miklu léttari leið vegna þess að útsvörin mælast ekki í vísitölunni. Þetta veit hv. þm. jafnvel og ég. Og ég rifja það upp, að nýlega lét hæstv. ríkisstj. það út ganga og náði sér í þingmeirihluta fyrir því að leyfa bæjarfélögunum hér á landi að hækka útsvörin. Má vera að þar sé komin skýringin á þessari stefnu.

En það er annað sem er athyglisvert í þessu sambandi, og það er að Hitaveita Reykjavíkur fór fram á 58% hækkun ekki eingöngu á heitu vatni, heldur einnig á öðrum kostnaðarþáttum, og þar með var talið heimtaugagjald svokallað. Hvað gætum við nú haldið að hafi gerst í því sambandi? Var ekki heimtaugagjaldið hækkað um 10% eins og heita vatnið? Nei, það gerðist ekki. Heimtaugagjaldið fékkst hækkað um 58%, og sýnir sá tvískinnungur að einhver maðkur er í þessari mysu. Auðvitað er það rétt, sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hvíslaði að sessunaut sínum. Þetta stafar af því að heimtaugagjaldið er ekki í vísitölunni. Þar er skýringin.

Í þessu sambandi er ástæða til að minnast á það, að það eru fleiri hitaveitur í landinu en Hitaveita Reykjavíkur. Og það er ástæða til að spyrjast fyrir um það, hvort þær hitaveitur hafi farið fram á hækkun á sínum gjöldum og hve miklar þær hækkunarbeiðnir hafi verið og hvaða afgreiðslu þær hafi fengið á sínum hækkunarbeiðnum. Ástæðan fyrir því, að ég hef máls á þessum atriðum hér utan dagskrár, er að ég vil fá að vita og tel að alþm. eigi heimtingu á að vita, á hvaða forsendum ákvörðun gjaldskrárnefndar var tekin, og um leið, hvernig hæstv. ríkisstj. fór að því að finna það út að Hitaveita Reykjavíkur ætti að fá 10%, en ekki 20% eins og t. d. iðnrn. lagði til í síðara áliti sínu.

Mig langar til þess að minnast örlítið í lokin á það, hvað gerist ef ekki verður komið meira til móts við þarfir Hitaveitu Reykjavíkur. Það er í fyrsta lagi, að skera verður niður allar framkvæmdir aðrar en þær sem eru samningsbundnar, og samt vantar 500 millj. kr. á að Hitaveita Reykjavíkur geti staðið í skilum við verktaka þeirra framkvæmda sem þegar hafa verið gerðir samningar um. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að þetta er einsdæmi ef um ríkisrekstur væri að ræða, því að sem fjvn.-maður veit ég að þannig er alltaf hagað málum gagnvart opinberum framkvæmdum að fyrst er reynt að klára það sem þegar hafa verið gerðir samningar um við verktaka. Ef gert er ráð fyrir því að Hitaveitan framkvæmi það magn af framkvæmdum sem hún þarf að gera til að fylgja þeirri áætlun sem hún telur vera æskilega, þá er ljóst að hún þarf að taka 1500 millj. kr. lán. Þau lán fást í dag aðeins á 16—20% vöxtum auk þess sem þau eru í erlendum gjaldeyri. Dollaralán og afborganir og vextir af slíkum lánum munu nema um 350 millj. kr. á ári, en ef Hitaveitan fær ekki leiðréttingu á sinni gjaldskrá, þá kemur í ljós að söluaukningin gefur henni aðeins 270 millj. kr., þannig að það vantar nokkra tugi millj. upp á að þessar framkvæmdir standi undir sér eða séu arðsamar, miðað við það söluverð sem hún hefur í dag.

Mig langar til þess að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. viðskrh. í lokin:

Er hæstv. ríkisstj. tilbúin til þess að breyta niðurstöðum sínum, ef ný gögn koma fram sem sýna fram á að það hafi verið rangar forsendur sem lágu til grundvallar ákvörðun gjaldskrárnefndar og hæstv. ríkisstj.?

Í öðru lagi vil ég ítreka þá spurningu sem kom fram áður í mínu máli: Hvað hafa aðrar hitaveitur beðið um mikla hækkun og hvað hafa þær fengið mikla hækkun? Ég skal nefna tvær stórar hitaveitur í landinu: annars vegar Hitaveitu Suðurnesja og hins vegar Hitaveitu Akureyrar, en þær eru báðar á svæðum utan vísitölusvæðisins, ef ég má nefna Reykjavík það í þessu tilliti. Og af hverju var heimtaugagjaldið hækkað um 58%, en heita vatnið aðeins um 10%? Hver er skýringin á þessum mun? Það kemur í ljós, að heimtaugagjaldið í Reykjavík er orðið eitt alhæsta á landinu, ef ekki það hæsta, af því að það fæst yfirleitt alltaf hækkun á þessum lið. Ég vil fá haldbæra og góða skýringu hæstv. ráðh. á þeim mismun sem þarna kemur fram.

Og að síðustu: Munu forsendur gjaldskrárnefndar verða birtar, eins og óskað hefur verið eftir af forráðamönnum Hitaveitunnar og borgarstjórnarinnar í Reykjavík?

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa gefið mér tækifæri til þess að varpa fram þessum spurningum.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal fúslega verða við beiðni hv. 10. þm. Reykv. og svara spurningu hans um ákvörðun gjaldskrárnefndar og ríkisstj. varðandi gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur.

Ég vil fyrst taka það fram, að því er ekki að leyna að ríkisstj. hefur að sjálfsögðu í huga, þegar hún fjallar um þessi mál öll, að reyna að halda niðri verðlagi eins og frekast er kostur og taka ekki tillit til beiðna um verðlagshækkanir eða hækkanir á þjónustu nema þær séu vel rökstuddar.

Það hefur ekki verið venja að birta forsendur gjaldskrárnefndar. Ég skal gera undantekningu í þessu tilviki og skýra frá því, á hvaða forsendum gjaldskrárnefnd komst að sinni niðurstöðu og gerði sína tillögu, vegna þess að það hefur verið farið ákaft fram á það. Ég hef rætt þetta mál allítarlega við formann gjaldskrárnefndarinnar, og ýmsar þær upplýsingar, sem ég byggi hér á, eru frá honum komnar.

Hitaveita Reykjavíkur er, eins og öllum er kunnugt, gamalt, gróið og gott fyrirtæki sem hefur góða afkomu eins og kunnugt er. Þegar fjallað er um þessi mál gerir gjaldskrárnefnd tillögu til viðkomandi ráðuneytis um verðlag á þeirri þjónustu sem heyrir undir það rn. Í þessu tilviki gerði gjaldskrárnefnd till. til iðnrn. Tilhögunin er þannig: Ef rn. og gjaldskrárnefnd eru sammála gengur hækkunin fram og ríkisstj. blandar sér ekki í málið. Ef aftur á móti er ágreiningur í þessum efnum verður ríkisstj. að skera úr, og svo var í þessu máli. Ég ætla að lesa bréf gjaldskrárnefndarinnar til iðnrn. um þetta mál, en það er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Gjaldskrárnefnd hefur fjallað um erindi stjórnar veitustofnana í Reykjavík, dags. 4. mars s. l., um 58% hækkun gjaldskrár Hitaveitu Reykjavíkur og umsögn rn. yðar, dags. 19. apríl, þar sem mælt er með að heimila 42% hækkun. Verði farið að ósk stjórnar veitustofnana yrðu hækkanir á þessu ári samtals 113% miðað við niðurtalningu það sem eftir er ársins í samræmi við ákvæði stjórnarsamningsins um þau efni. En samkv. till. rn. mundu þær verða rúm 91%.

Beiðnin er studd þeim rökum, að þörf sé á að auka framkvæmdir Hitaveitu Reykjavíkur um 127% að krónutölu í því skyni að koma í veg fyrir vatnsskort í

framtíðinni.

Við athugun kemur í ljós að staða fyrirtækisins var mjög góð um s. l. áramót. Hagnaður á síðasta ári varð rúmar 1600 millj. kr. eða um 32% af veltu, og höfðu þá verið afskrifaðar rúmlega 1000 millj. kr. Gjaldskrárnefnd er þeirrar skoðunar, að fyrirtæki, sem er með jafnsterka fjárhagsstöðu og Hitaveita Reykjavíkur, þurfi að færa fram alveg sérstök rök fyrir slíkri stökkhækkun verðlagningar eins og farið er fram á, á sama tíma og ríkisstj. leggur allt kapp á að halda verðbólgunni í skefjum. Gjaldskrárnefnd telur, að þau rök liggi engan veginn fyrir, og bendir í því sambandi m. a. á eftirfarandi:

1. Í tekjuspá, sem umsókninni fylgdi, er selt vatnsmagn áætlað 39.1 millj. tonn á árinu 1980. Þessi áætlaða vatnssala er verulega lægri en vatnssalan reyndist vera á s. l. ári og skýtur skökku við fullyrðingar Hitaveitunnar um aukna vatnsþörf. Tekjur fyrirtækisins af vatnssölu teljast því vanmetnar.

2. Gjaldskrárnefnd telur að verðlagsforsendur þær, sem að baki rekstrar- og framkvæmdaáætlun liggja, séu of rúmar. Áætlaður rekstrar- og framkvæmdakostnaður fyrirtækisins telst því of hár.

3. Veltustaða fyrirtækisins var mjög góð um s. l. áramót og hafði batnað á árinu 1979 um 743 millj. kr. Að mati gjaldskrárnefndar má losa hér verulega fjármuni til framkvæmda, en í fjárhagsáætlun fyrirtækisins er þvert á móti gert ráð fyrir aukningu veltufjármuna.

Ýmislegt fleira mætti tilfæra sem bendir til að hækkunarbeiðni stjórnar veitustofnana sé óeðlilega há.

Í ljósi framanritaðs leggur gjaldskrárnefnd til að Hitaveitu Reykjavíkur verði hinn 1. maí n. k. heimiluð 10% gjaldskrárhækkun vatnssölu og mælaleigu og fallist verði á ósk fyrirtækisins um 58% hækkun heimæðagjalda. Nemur þetta um 12.4% meðalhækkun á gjaldskrá Hitaveitunnar. Nefndin telur að með þessari gjaldskrárhækkun geti fyrirtækið fylgt niðurtalningaráformum ríkisstj. á þessu ári."

Þetta er bréf eða erindi gjaldskrárnefndar til iðnrn., og þarna eru tilfærð þau rök sem gjaldskrárnefnd færir fyrir sinni tillögugerð. Það er auðvitað ljóst, að það, sem þarna er fyrst og fremst afgerandi, er að Hitaveita Reykjavíkur hefur haft ákaflega góða afkomu, eins og kom fram áður í máli mínu. Það er á þeirri forsendu sem þessi niðurstaða verður, að það sé hvorki skynsamlegt né æskilegt að hækka gjaldskrárnar meira en hér er gert ráð fyrir miðað við þessar niðurstöður.

Hv. þm. óskaði eftir því, að ég svaraði nokkrum spurningum. Ég skal reyna það eftir föngum.

Hann spurðist fyrir um það hvort ríkisstj. væri reiðubúin til að breyta niðurstöðu sinni vegna Hitaveitu Reykjavíkur ef ný gögn kæmu fram og sýndu að rangar forsendur hefðu verið notaðar við þessa ákvarðanatöku. Ég vil svara því, að að sjálfsögðu er ríkisstj. reiðubúin til þess að leiðrétta ákvarðanir sínar ef þær eru byggðar á röngum forsendum, það er alveg ljóst mál. Vitanlega verða menn að vinna þannig að þessum málum sem öðrum að byggja á ákveðnum forsendum. En slíkar forsendur hafa ekki breyst að mati ríkisstj. og gjaldskrárnefndar og þess vegna er ákaflega ólíklegt að það verði gerðar á þessu nokkrar breytingar.

Þá spurðist hv. þm. fyrir um það, hvaða hitaveitur hafi beðið um gjaldskrárhækkanir og hve miklar, aðrar en Hitaveita Reykjavíkur. Ég skal svara því. Hitaveita Seltjarnarness bað um 30% hækkun, Hitaveita Mosfellshrepps um sömu hækkun og Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja um 9.2%, Hitaveita Þorlákshafnar um 22.5%, Hitaveita Hveragerðis um 40%, Hitaveita Vestmannaeyja um 41.5%, Hitaveita Hvammstanga um 30%, Hitaveita Siglufjarðar um 34%, Hitaveita Ólafsfjarðar um 23.3%, Hitaveita Dalvíkur um 47.2%, Hitaveita Akureyrar um 53%, Hitaveita Reykjahlíðar um 20%, Hitaveita Selfoss um 12% og Hitaveita Orkubús Vestfjarða um 12.5%. Hv. þm. spurðist fyrir um það, hvernig hefði verið brugðist við þessum beiðnum. Þær komu ekki til kasta ríkisstj. vegna þess að það varð samkomulag um þær milli gjaldskrárnefndar og viðkomandi rn.

Nú er það mála sannast, að fjárhagur hitaveitnanna í landinu er ákaflega misjafn. Sérstaklega er hann erfiður hjá þeim hitaveitum sem hafa verið að fjárfesta mikið á allra seinustu árum, og þess vegna eru þessar beiðnir, eins og sést af því sem ég las upp áðan, ákaflega misjafnar og misháar. En gjaldskrárnefnd ákvað að fallast að mestu leyti á umbeðnar hækkunarbeiðnir sem ég gat um hér áður. Þessar beiðnir bárust gjaldskrárnefnd seint og þeim fylgdu almennt ekki nægilega fullkomin gögn, og þess vegna gat nefndin aðeins kannað lauslega fjárhagsstöðu fyrirtækjanna innan þeirra tímamarka sem henni voru sett um tillögugerð. Nefndinni varð þó ljóst af þeim gögnum sem fyrir lágu, að margar hitaveitnanna eiga við fjárhagsörðugleika að etja, og taldi því rétt að þessu sinni að leggja til að þeim yrðu að mestu heimilaðar umbeðnar gjaldskrárhækkanir eins og iðnrn. hafði lagt til. Jafnframt ítrekaði gjaldskrárnefnd fyrri óskir sínar um ítarlegri gögn frá fyrirtækjunum sem yrðu að liggja fyrir áður en frekari gjaldskrárhækkanir yrðu heimilaðar.

Hv. þm. spurði sérstaklega um af hverju heimtaugagjald hefði verið hækkað um 58% hér í Reykjavík. Gjaldskrárnefnd var þeirrar skoðunar, að gjaldskrársamsetning Hitaveitu Reykjavíkur með tilliti til vægis heimæða- og vatnsgjalda orkaði tvímælis um hækkun vegna rétt að verða við beiðni fyrirtækisins um hækkun heimæðagjalda.

Síðan fjallaði hv. þm. um það, hvort forsendur gjaldskrárnefndar yrðu yfirleitt birtar. Það hefur ekki verið venja að gera það. Gjaldskrárnefndin er starfsnefnd sem ríkisstj. setur á fót, eins og kunnugt er. Núv. formaður gjaldskrárnefndar er verðlagsstjórinn, Georg Ólafsson. Ég held að gjaldskrárnefndarmenn hafi unnið sín störf af mikilli kostgæfni. Það er mín skoðun. Sjálfsagt má deila um þeirra störf og þeirra niðurstöður eins og annarra, en í heild held ég að gjaldskrárnefndin hafi unnið sín störf af kostgæfni.

Í þessu sérstaka máli byggði gjaldskrárnefndin mat sitt á gögnum sem Hitaveita Reykjavíkur lagði fram, svo sem ársskýrslu Hitaveitu Reykjavíkur 1979, endurskoðuðum reikningum Hitaveitu Reykjavíkur 1978 og 1979, fjárhagsáætlun Hitaveitu Reykjavíkur fyrir 1980 og bréflegum rökstuðningi hitaveitustjóra og stjórnar hitaveitustofnana með verðhækkunarbeiðninni. Auk þessara gagna var einnig byggt á upplýsingum Hagstofu Íslands um framvindu verðlagsvísitölu.

Því er ekki að leyna, það er ekkert leyndarmál, að auðvitað hefur hin almenna þróun verðlags áhrif á þessar ráðstafanir, ekki aðeins í þessu tilviki, heldur í mörgum öðrum. Því er ekki að leyna. Og ég get auðvitað tekið undir það sem oft hefur verið um rætt, að það er fáránlegt fyrirkomulag að haga mælingum vísitölu á þann veg, að

ef upphitunarkostnaður hækkar í Reykjavík, þá hækka laun um allt land, en ef hann margfaldast úti á landi, þá gerist ekki neitt. Þetta er ekki gott kerfi. Skal ég ekki fara nánar út í vísitöluna, það mætti margt um hana segja. (**GS**: Af hverju er það ekki lagað?) Já, það er gott að hv. þm. Garðar Sigurðsson greip fram í. Ekki skal standa á mér að stuðla að því að lagfæra vísitöluna. Ég vil halda vísitölu til þess að tryggja kaupmátt launa, en ég tel ákaflega brýnt að það verði gerðar á henni breytingar. Og ég er ekki einn um það, það eru fjöldamargir. Ég held að allir stjórnmálaforingjar á Íslandi s. l. tvo áratugi hafi haldið hrókaræður hér á Alþ. um nauðsyn þess að gera vissar breytingar á vísitölunni. En ég er ánægður yfir því að það kemur hljóð úr þessari átt varðandi það atriði.

Ég hef nú rakið þær röksemdir, sem liggja til grundvallar tillögugerð gjaldskrárnefndarinnar í sambandi við Hitaveitu Reykjavíkur, og vil vekja athygli á því, að aukning veltufjár hjá Hitaveitunni var á síðasta ári 743 millj. kr., sem voru í sjóði um áramótin. Samkv. tillögugerð Hitaveitunnar átti þessi upphæð að hækka upp í 1729 millj. um n. k. áramót, þannig að veltufé átti að aukast rétt um milljarð.

Ég geri ráð fyrir því, að forráðamenn Hitaveitu Reykjavíkur hafi að ýmsu leyti góðar og gildar ástæður til þess að hækka sína taxta. En það er mikil spurning hvað á að ganga langt í þessum efnum á kostnað almennrar verðlagsþróunar í landinu. Það verður að sjálfsögðu að hafa hliðsjón af því og því kerfi sem við búum við, þegar svona ákvarðanir eru teknar.

Ég vil endurtaka það, að ég álít að gjaldskrárnefnd hafi lagt fram skynsamlegar till. og það hefði verið óráð að hækka þessa gjaldskrá meira eins og sakir standa, þó að ég skilji vel að forráðamenn Hitaveitu Reykjavíkur sem góðir búmenn um árabil vilji búa vel og vilji hafa rúman fjárhag. Ég skil það vel. En það verður að taka tillit til margs fleira þegar verið er að taka ákvarðanir í þessum málum öllum, sem hafa afdrifarík áhrif á framvindu efnahagsmála í landinu. Og það er ekki síst ástæða til þess um þessar mundir að fara með gát í sambandi við hækkanir á verðlagi. Nú standa yfir samningar um kaup og kjör á vinnumarkaðinum í öllu landinu, og það verður áreiðanlega tekið eftir því hvað stjórnvöld gera í sambandi við verðlagsmál. Um þessi mál má deila fram og til baka, það viðurkenni ég. En þær upplýsingar, sem ég hef nú gefið, eru, held ég, þær sem byggt var á í sambandi við rökstuðning gjaldskrárnefndar fyrir tillögugerð um gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur og rökstuðning fyrir samþykki og staðfestingu ríkisstj. á þeim tillögum.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki níðast á góðvild forseta og reyna að stytta mál mitt, en ég sá mig knúinn til að segja nokkur orð í tilefni af þeim svörum sem hæstv. viðskrh. gaf hér áðan. Ég hefði að vísu talið æskilegra að hann væri hér í salnum.

Ég efast ekkert um að sú gjaldskrárnefnd, sem hæstv. viðskrh. vitnaði til og hann las bréf hennar hér áðan, vinni störf sín af samviskusemi, en það hvarflar þó að manni, þegar maður hlýðir á það svar sem hún gaf og hann las upp, að þetta sé misvitur nefnd. Það kom m. a. fram hjá hæstv. ráðh., að nær allar og ég vil segja allar hitaveitur landsins hafa fengið sínar hækkanir samþykktar, jafnvel þótt gögn væru ófullkomin, eins og fram kom hjá ráðh. En Hitaveita Reykjavíkur fær 1/6 af sinni beiðni, og það er m. a. vegna þess að gögn hennar voru vefengd. En það kom fram hjá hæstv. ráðh., að gjaldskrárnefndin kallaði ekki forráðamenn Hitaveitunnar á sinn fund til að fá nánari skýringar. Hún kallaði ekki hitaveitustjóra á sinn fund, ekki formann stjórnar veitustofnana, borgarstjóra né aðra þá sem með málefni Hitaveitunnar hafa að gera. Hún lét sér nægja þau gögn sem hún fékk og hún vefengdi, en hækkaði hjá öðrum hitaveitum, jafnvel þótt gögn þeirra væru ófullkomin, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. Og bréf gjaldskrárnefndarinnar bar vissulega vott um það, að þessari ágætu nefnd hefði ekki veitt af að fá forráðamenn fyrirtækisins á sinn fund til þess að skýra sitt mál, svo miklar villur og svo mikill misskilningur sem fram kom í því bréfi gjaldskrárnefndar sem hæstv. ráðh. las upp áðan.

Hæstv. ráðh. gat þess t. d., að nefndin hefði talið að spár um vatnssölu á þessu ári væru vanmetnar miðað við vatnssölu s. l. ár og tekjur Hitaveitunnar af þeim sökum mundu verða meiri á þessu ári. Síðan bætti gjaldskrárnefndin við: Og skýtur það skökku við hugmyndir fyrirtækisins um aukna vatnsþörf. — Menn vita að sjálfsögðu að vatnssala sveiflast frá ári til árs, fer fyrst og fremst eftir veðráttu. Áætlun um aukningu vatnssölunnar miðast að sjálfsögðu við reynslutölur undanfarinna ára, en tölur um vatnsþörf eru að sjálfsögðu allt annað en tölur um vatnssölu, því að tölur um vatnsþörf byggjast á því að geta haft nægilegt vatn við verstu skilyrði. Er vatnsþörf að því leyti sambærileg við aflþörf raforkufyrirtækis sem miðar sitt raforkukerfi við það að geta selt rafmagn ótruflað jafnvel á hæstu toppum. En ég vildi sjá upplitið á gjaldskrárnefnd þegar kólnar hér í veðri ef þá væri hægt að draga úr vatnssölunni sem því næmi til notendanna og segja sem svo: Það var svo gott veður í fyrra að við reiknuðum ekki með að það þyrfti að selja svona mikið vatn í ár, og þess vegna verðið þið að sitja við það að búa í kulda í þessu veðri. — Hér er ruglað saman hugtökum á svo ótrúlegan hátt, að það ber ekki vott um neinn vilja gjaldskrárnefndar til að setja sig niður í málefni fyrirtækisins. Þetta ber ekki heldur vott um að hæstv. ríkisstj. eða hæstv. ráðh. hafi haft neinn áhuga á því að setja sig inn í það, hvað raunverulega er á bak við þær tölur sem nefndar eru. Tölur um hagnað á einstaka ári eða tölur um afkomu eða afskriftir segja auðvitað sáralítið um aðstöðu fyrirtækisins. Það verður að skoða hvað er á bak við þessar tölur, hvert þessi hagnaður hefur farið, í hvað hefur hann verið notaður, hvert er þjóðhagslegt gildi þeirra framkvæmda sem á að leggja í og hvað á að framkvæma. Við skulum huga örlítið að því. Það er að halda áfram djúpborunum til þess að auka heitt vatn. Það er að leggja leiðslur í ný hverfi þannig að hægt sé að sjá nýjum hverfum fyrir heitu vatni, ekki bara hér í Reykjavík, heldur á öllu höfuðborgarsvæðinu, jafnóðum og þessi hverfi byggjast upp. Og það ber ekki vott um mikill skilning hæstv. ríkisstj. eða mikinn vilja hennar raunverulega til þess að standa við þau fyrirheit, sem hún hefur gefið í orkumálum, að sauma þannig að þó þeim fáu orkuöflunarfyrirtækjum í landinu, sem standa á sæmilega styrkum fótum, að hætta sé á því að þau geti ekki sinnt sínu hlutverki.

Hitaveitustjóri hefur fært fyrir því rök og stjórn veitustofnana einnig, að það sé hætta á því að ekki verði hægt vegna þessa að leggja hitaveitu í öll ný hverfi sem tekin verða í notkun á þessu ári. Það er þegar búið að fresta borunum sem taldar voru nauðsynlegar og þar

fram eftir götum. Sannleikurinn er sá, að þó að það sé auðvitað aldrei vinsælt að óska eftir hækkunum eða samþykkja hækkanir, þá verða menn að líta á í hvaða skyni farið er fram á þær. Og ég held að miðað við bæði sögu Hitaveitu Reykjavíkur og miðað við hina þungu greiðslubyrði af erlendum lánum vegna fyrri framkvæmda hafi ríkisstj. borið skylda til að kynna sér þetta mál betur en raun ber vitni af þeirri ræðu sem hæstv. viðskrh. flutti hér áðan og að miklu leyti var byggð á svörum gjaldskrárnefndarinnar og — eins og ég sagði áðan — ber vitni um ótrúlega lítinn vilja til þess að setja sig raunverulega inn í þau vandamál sem þarna er við að glíma.

Ég skal ekki, þó að ég hefði gjarnan haft áhuga á því, ræða þetta mál frekar. Mætti þó m. a. benda á hvað gjaldskráin gæti verið lægri nú ef till. Hitaveitunnar fyrr á árum hefði verið fylgt um gjaldskrá. En ég spara mér það vegna þess hvernig á stendur hér í deildinni og læt því máli mínu lokið.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Það er fyllilega eðlilegt að þetta mál komi hér til umr. á Alþ., svo gífurlegt hagsmunamál sem hér er um að ræða fyrir alla Reykvíkinga. En eins og menn vita er Hitaveita Reykjavíkur eitthvert besta og mikilvægasta fyrirtæki í Reykjavík og þar með raunar á landinu öllu. Ég skal virða orð forseta um það að lengja ekki mikið þessar umr. utan dagskrár, en mig langar þó að fara um þetta mál nokkrum orðum.

Ég vil þá fyrst segja það, að ég styð fyllilega stefnu ríkisstj. í niðurtalningu verðbólgunnar, og ég tel raunar að vandfundin sé önnur leið til þess að ná tökum á verðbólgunni sem vænlegri sé. Ég held að þar sé um skynsamlega aðferð að ræða. En á því er auðvitað enginn vafi, að þar þarf að fara með sérstakri gætni, sérstaklega varðandi byrjunarpunktinn, eins og raunar kemur fram í stefnuyfirlýsingu eða sáttmála ríkisstj. Þar er auðvitað sérstaklega þess að gæta varðandi þennan byrjunarpunkt, hvernig fyrirtækin í Reykjavík standa, og þá sérstaklega með tilliti til þessa margumtalaða vísitölugrundvallar og þess, eins og allir hafa margoft gert að umræðuefni, að vísitölufjölskyldan býr hér í Reykjavík. Þetta hefur þau áhrif að fjölmörgum fyrirtækjum Reykjavíkur er haldið niðri og þau eru illa stödd fjárhagslega. Það er ekki bara Hitaveita Reykjavíkur, heldur Strætisvagnar Reykjavíkur, Rafmagnsveita Reykjavíkur o. s. frv., o. s. frv. Það er öllum ljóst, að það setur þessi fyrirtæki í algera spennitreyju, að hækkun á Hitaveitu Reykjavíkur skuli þurfa að þýða kauphækkun á Patreksfirði, að hækkun á gjaldskrá Strætisvagna Reykjavíkur skuli þurfa að þýða launahækkun á Fáskrúðsfirði o. s. frv., o. s. frv.

Nú skal ég fyrstur manna viðurkenna það, að vísitöluviðmiðun er launþegum nauðsynleg. En ég held að það sé alveg ljóst, að sá ágalli, sem þessi grundvöllur hefur í för með sér fyrir Reykvíkinga, krefst þess að þarna verði úr bætt og breyting á gerð. En menn verða að gera sér grein fyrir því, að þessi grundvöllur er samningsatriði og honum verður ekki einhliða breytt. Þessir ágallar, sem hér eru til umr., hljóta þó að opna enn frekar augu manna fyrir því, að þessum atriðum verður að breyta og það er engum til góðs að hafa þennan grundvöll á þennan veg.

Það hefur greinilega verið freisting fyrir allar ríkisstjórnir að halda niðri gjaldskrá þessara fyrirtækja hér í Reykjavík, og ég hygg að einmitt í þessu máli sé það augljóst, þegar hækkun heimæða er miklu meiri en gjaldskrárinnar sjálfrar og samanborið jafnframt við þær hækkanir sem aðrar hitaveitur hafa fengið. Hitaveita Reykjavíkur er eitthvert mesta þjóðþrifafyrirtæki Íslendinga og hefur getað séð Reykvíkingum fyrir hitun húsa með kostnaði sem hefur legið á bilinu 1/6 til 1/8 af kyndikostnaði með olíu. Það er því algerlega út í hött að fara að halda þessu fyrirtæki sem einhvers konar bónbjargafyrirtæki. Og menn verða að horfa til þeirrar framtíðar, eins og fram hefur komið hér, að ég hygg, í ræðu hv. 10. þm. Reykv., að bara viðbótin hjá Hitaveitu Reykjavíkur á hverju ári nemur sem svarar Keflavík allri.

Forráðamenn Hitaveitunnar hafa sagt það ljóst og leynt, að þeir telji ekki unnt að tengja fleiri hús við fyrirtækið nema meiri hækkanir fáist. Þetta er stórkostlega alvarlegt mál og verður að skoða sérstaklega í ljósi þess hversu alvarlegt það er.

Annað er það, sem menn verða að horfa til varðandi þetta mikla fyrirtæki, Hitaveitu Reykjavíkur, að þekking manna á því, sem fram fer niðri í jörðinni á þessum jarðhitasvæðum, er engan veginn nægjanleg, og það er alveg ljóst, að vatnsniðurdráttur á þessum borunarsvæðum Hitaveitunnar er orðinn það mikill að það er vafasamt að unnt sé að auka hann með þeim dælukosti og þeirri þekkingu sem menn búa yfir. Þess vegna telja forráðamenn Hitaveitunnar að þegar árið 1985 muni þurfa að tengja veituna jarðhitasvæðinu við Nesjavelli. Þar er um gífurlega fjárfestingu að ræða og ef áfram verður búið að Hitaveitu Reykjavíkur svo sem verið hefur, þá verður hún þess algerlega vanmegnug að takast á við það feiknalega verkefni sem þar er um að ræða. Það er gífurlegt atriði fyrir Reykvíkinga alla, að Hitaveitan hér í Reykjavík sé sterkt fyrirtæki, og það kallar á óeðlilegan samanburð við aðra landsmenn um kyndikostnað þegar hennar gjaldskrá er haldið svona niðri. Og ég vil taka undir það sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að þegar menn leggja megináherslu á orkuframkvæmdir vegna þeirrar gífurlegu óvissu sem er fram undan í orkumálum, þá skýtur það auðvitað skökku við að halda helstu innlendu orkuöflunarfyrirtækjunum í svelti að þessu leyti.

Um þetta væri hægt að fara mörgum orðum. Ég ætla ekki að gera það vegna tímaeklu. Ég vil hins vegar sérstaklega benda á það af hálfu okkar Reykvíkinga, að það er ekki bara það að helstu fyrirtækjum okkar er haldið niðri vegna þessa vísitöluspils, heldur er jafnframt ýmislegt annað sem stefnir í þá átt að hér þurfum við sérstakrar athugunar við. Það er ekki langt síðan það kom fram í útvarpsþætti, að ef skoðuð er fólksfjölgun hér í Reykjavík, þá kemur í ljós að fjölgun aldraðra er miklu, miklu meiri en fjölgun íbúa í heild, sem bendir til þess að sú þjónusta, sem Reykvíkingar hafa getað veitt öldruðum, dregur aldrað fólk hér að og eykur enn á kostnað Reykvíkinga við aðbúnað fyrir þá. Í skýrslu, sem nýlega var dreift hér í þinginu, ársskýrslu Framkvæmdastofnunar, kemur í ljós, að meðalbrúttótekjur í Reykjavík fara stöðugt lækkandi miðað við landsmeðaltal og stefnir nánast á að Reykjavík verði láglaunasvæði hér á landinu. Ég óttast að atvinnulíf í Reykjavík sé að verða veikara en á öðrum stöðum á landinu. Allt er þetta sérstakt umhugsunarefni. Það er teflt í tvísýnu ef Hitaveita Reykjavíkur, það ágæta fyrirtæki, þarf að taka erlend lán til þess

að komast í gegnum þennan vetur.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að mildur vetur þýðir minni vatnssölu hjá Hitaveitu Reykjavíkur, sem selur með mælum, og mér er tjáð að þessi mildi vetur muni þýða um einum milljarði minni tekjur hjá Hitaveitu Reykjavíkur á þessu ári vegna þess að vatnssalan er minni.

Ég tel alveg nauðsynlegt að ríkisstj. taki þetta mál, hækkun gjaldskrár Hitaveitu Reykjavíkur, til sérstakrar athugunar í ljósi þess sem hér hefur komið fram hjá þm. Reykjavíkur, og ég tel alveg nauðsynlegt að þm. Reykjavíkur sameinist í því að skoða þessi sameiginlegu hagsmunamál Reykvíkinga og þessar — ég vil segja: síendurteknu umræður einmitt um þessi atriði. Þær sýna það svart á hvítu, að nauðsynlegt er að menn sameinist um að breyta þeim vísitölugrundvelli, sem nú er búið við, þannig að hann miðist ekki sérstaklega við það að halda niðri gjaldskrám á fyrirtækjum Reykvíkinga.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal ekki misnota aðstöðu mína og flytja hér langa ræðu, en það er þó ástæða til þess að fara nokkrum orðum um málið vegna svars hæstv. ráðh.

Ég vil byrja á því að þakka honum fyrir þau svör og um leið samþm. mínum, þeim hv. 6. þm. Reykv. og 12. þm. Reykv., sem hafa lýst hér hvaða áhrif þessi stefna ríkisstj. og gjaldskrárnefndar getur haft fyrir Reykjavík og Hitaveitu Reykjavíkur.

Það kom fram í máli hæstv. ráðh., að staða fyrirtækisins eða afkoma væri óvenjulega góð, og það var meginforsenda þess að ekki fékkst meiri hækkun. Þessi staða, sagði hæstv. ráðh., var góð vegna þess að sala fyrirtækisins var mikil á síðasta ári. Nú er það svo, að þetta fyrirtæki leggur fram sínar áætlanir um sölu á hverju ári miðað við meðaltalsaukningu síðustu fimm ára, og er gert ráð fyrir að söluaukningin sé að meðaltali um 4% á ári. Vegna þess að síðasta ár var kaldasta ár um langt skeið hér á þessu svæði varð söluaukningin 6% og miklu meiri en gerist í meðalári, og það seldust 41.2 millj. tonna af heitu vatni samkv. áætlun fyrir 1979. Í áætlun Hitaveitunnar um sölu 1980 er gert ráð fyrir að salan verði 39.3 millj. tonna, og það er þessi tala sem hæstv. ráðh. vefengir, eins og fram kom í upplýsingum gjaldskrárnefndar.

Það skal tekið fram, að nú stendur yfir úttekt á sölu heits vatns frá Hitaveitu Reykjavíkur fyrstu mánuði þessa árs, og allt stefnir í þá átt að salan sé um það bil 4.1% minni en hún var á síðasta ári, þrátt fyrir að um 4% rúmmálsaukningu húsnæðis var að ræða hér í borginni. Þetta lá nokkurn veginn fyrir þegar beiðnin kom frá Hitaveitu Reykjavíkur og kemur fram í bréfaskriftum Hitaveitunnar til iðnrn. Það er þetta sem ég á við þegar talað er um breyttar forsendur, og ég er feginn að heyra það af munni hæstv. ráðh., að hann er tilbúinn að efna til breytinga á gjaldskrárákvörðuninni ef slíkar forsendur hafa breyst, sem allar líkur eru fyrir að gerast muni.

Varðandi veltufé kemur fram ákaflega mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh. Hann telur, að veltustaða fyrirtækisins sé góð, og nefnir í því sambandi að í sjóði fyrirtækisins hafi verið 743 millj. kr. um síðustu áramót. Þetta er rangt, þetta er alrangt. Veltufjármunir eru ekki bara sjóðir heldur líka efni. Og þetta efni er búið að reikna inn í þá áætlun sem var gerð fyrir yfirstandandi ár. Þess vegna er þarna um að ræða misskilning af hálfu gjaldskrárnefndar, sem hún gat auðvitað leiðrétt, ef hún hefði kært sig um. Hagnaður fyrirtækisins er auðvitað kominn ofan í jörðina, ef svo má að orði komast, það er búið að fjárfesta í þeim hagnaði sem kom fram á síðasta ári, og það er aðeins verið að tala um þann mun sem kemur fram þegar því hefur verið ráðstafað. Af þessu sést að það er um misskilning að ræða við þessa gjaldskrárákvörðun. Hún byggist á röngum forsendum og um það er að ræða að ríkisstj. taki málið upp þegar hið sanna kemur í ljós, sem væntanlega getur gerst innan tíðar.

Þá er það afar athyglisvert, og á það vil ég leggja áherslu, að ríkisstj. hikar ekki við að hækka heimtaugagjaldið um 58%, eins og beðið var um. Þá er engin fyrirstaða, enda er heimtaugagjaldið ekki í vísitölunni. Enn fremur er það athyglisvert, að ríkisstj. hefur ekki í hyggju að birta forsendur gjaldskrárnefndar í framtíðinni. Það segi ég vegna þess að það kemur fram í erindisbréfi til gjaldskrárnefndar, að hún eigi m. a. að byggja á þeirri stefnu sem kemur fram í stjórnarsáttmálanum, og allir vita að sú stefna er ekki í öllum atriðum mjög skýr.

Að lokum — og á það vil ég leggja sérstaka áherslu — gaf hæstv. ráðh. Alþingi upplýsingar um hækkunarbeiðnir sem hafa komið frá hinum og þessum hitaveitum á landinu, og þær voru frá 10 og upp í 40%. Það, sem vekur athygli, er að engin þessara beiðna, ekki ein einasta þessara beiðna fór til gjaldskrárnefndar, en gjaldskrárnefnd tekur aðeins við málum þegar um ágreining er að ræða milli þeirra, sem biðja um hækkun, og viðkomandi fagráðuneytis. Iðnrn. féllst á þessar hækkunarbeiðnir og við þeim var orðið. Gjaldskrárnefndin fékk málið ekki til sín og á ábyrgð ríkisstj. fékkst þessi hækkun fullkomlega út í verðlagið. Síðan kemur Hitaveita Reykjavíkur. Iðnrn. leggur fram till. um að hún hækki um 40% með sama hætti og aðrar hitaveitur landsins. Hún fær 10%, fjórðung af því sem fagrn. lagði til, sjöttung af því sem fyrirtækið telur sig þurfa að nota. Á þetta legg ég áherslu því að þarna kemur fram mismunurinn. Og þarna kemur fram í raun sú stefna sem hæstv. ríkisstj., sem hér ríkir, hefur í orkumálum.

Sjómannalög, frv. (þskj. 143, n. 467, 468, 496). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 496 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 468 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Barnalög, frv. (þskj. 154). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. til barnalaga hefur fjórum sinnum áður legið fyrir Alþ., en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Í tvö af þessum fjórum skiptum hefur frv. þó verið lagt fram í byrjun þings. Frv. var nú lagt fram skömmu fyrir stjórnarskiptin í febr. s. l. og þá í óbreyttri mynd frá því vorið 1979. Þá höfðu verið gerðar á því allmiklar breytingar við endurskoðun af hálfu nefndar þeirrar er frv. samdi.

Eins og þingstörfum hefur verið háttað á liðnum vetri mátti heita augljóst að frv. gæti ekki hlotið efnislega meðferð á þessu þingi. Ég tel augljóst að nauðsynlegt er að svo viðamikið mál sem hér er um að tefla sé lagt fyrir þingið þegar í upphafi þings svo að það geti fengið nægilega umfjöllun til þess að lögfesta megi. Mun verða lögð á það áhersla að frv. verði lagt fyrir næsta þing þegar í þingbyrjun, annaðhvort óbreytt eða með breytingum í samráði við sifjalaganefnd.

Svo sem áður hefur verið lýst í framsögu fyrir málinu hefur framþróun löggjafar á þessu réttarsviði verið mjög ör síðasta áratug og er reyndar svo enn, svo sem sjá má m. a. á því, að í Noregi er nú verið að leggja fram frv. að samfelldum barnalögum í fyrsta sinn þar í landi eftir margra ára undirbúning og að vísu við skiptar skoðanir í ýmsum efnum.

Um efni frv. vil ég að þessu sinni vera fáorður. Því hefur í aðalatriðum verið lýst áður. Ljóst er að um margar mikilsverðar breytingar á gildandi löggjöf er að ræða í frv., og það er vart að undra ef haft er í huga að núgildandi löggjöf er að verða 60 ára. Verður ekki annað sagt en hún hafi vel gagnast og furðanlega staðist tímans tönn, en nú er meira en tímabært að nútímalegum endurbótum verði komið á. Varða þær nánast alla þætti sifjalaga, ákvæði um ákvörðun faðernis, réttarfarsákvæði í því sambandi til styrktar stöðu móður óskilgetins barns, efnisákvæði um bætta réttarstöðu föður óskilgetins barns, bætta jafnstöðu við forsjá barna, bætta stöðu við framfærslu barna og svo mætti lengi telja.

Ég vil hvetja þingheim til þess að láta á næsta þingi hendur standa fram úr ermum, þannig að endurnýjuð löggjöf á þessu sviði hafi séð dagsins ljós áður en núgildandi löggjöf nær sextugsaldri á miðju næsta ári. Þessa er beðið með vaxandi óþreyju.

Ég vil óska þess, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að gagnrýna það harðlega, að nú fyrst nokkrum dögum fyrir þingslit hafi ríkisstj. uppburði í sér til þess að mæla fyrir þessu frv. til barnalaga. Eins og fram kemur á þskj. er þetta 103. mál þingsins og lagt fram í janúarmánuði, að ég hygg, af minnihlutastjórn Alþfl. Fjórir mánuðir eru því liðnir frá framlagningu frv. og nú tæpri viku fyrir þingslit mannar hæstv. dómsmrh. sig fyrst upp í það að mæla fyrir frv. Málið var þó á dagskrá fyrir tæpum mánuði, að ég hygg, en þá bar hæstv. dómsmrh. því við að hann vantaði upplýsingar til þess að mæla fyrir málinu. Það verður að kallast léleg afsökun þegar á það er litið að þetta er í fimmta sinn sem það er lagt fyrir hv. Alþ. og er því meðgöngutími þess orðinn æðilangur hér.

Frv. hefur tekið töluverðum breytingum síðan það var fyrst lagt fram vorið 1976. Tekið hefur verið verulegt tillit til ábendinga og aths. sem fram hafa komið við meðferð málsins á fyrri þingum. Gefur það tilefni til þess að ætla að frv. sé það vel úr garði gert að ekki ætti að þurfa að tefja málið lengi á hv. Alþingi.

Hæstv. dómsmrh. hefur haft nokkra mánuði til þess að afla sér upplýsinga um málið frá því að hann varð dómsmrh., og afsökun hans fyrir upplýsingaröntun fyrir mánuði er því harla léttvæg. Það krefst því skýringa nú frá hæstv. dómsmrh., hvað hann og sú ríkisstj., sem hann styður, hyggst fyrir með framlagningu frv. fyrst nú. Vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh., hver sé tilgangurinn nú með því að mæla fyrir frv., ef ekki er ætlunin að málið fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég lýsi eindregnum stuðningi mínum við þetta frv. og mun styðja ríkisstj. í því að málið fái afgreiðslu og að nauðsynlegur tími verði tekinn í það að afgreiða málið áður en þingi lýkur.

Frv. þetta byggist að verulegu leyti á því að tryggja betur en nú er réttarstöðu óskilgetinna jafnt sem skilgetinna barna. Athyglisvert er það sem kemur fram í töflu í aths. með frv., þar sem getið er um hlutfall óskilgetinna barna á Íslandi og hinum Norðurlöndunum. Kemur þar glöggt fram hve brýnt er orðið að setja slíka löggjöf sem þessa, þegar á það er litið hvað hlutfall óskilgetinna barna er hátt hér á landi. Fram kemur t. d. 1977, að hlutfall óskilgetinna barna sé 36% á Íslandi, næst komi Svíþjóð með 34.7%, þá Danmörk með 25.9 og loks Noregur og Finnland með rúm 11%.

Þó að mörg og merk nýmæli sé að finna í þessu frv., þá vil ég benda einkum á kaflann um framfærslu barna, en þar er að finna mjög brýn og veigamikil atriði varðandi réttarstöðu þeirra, sem ég fagna sérstaklega. Má þar benda á 17. gr., um að framlag til menntunar og starfsþjálfunar barna sé heimilt að ákveða allt til þess að barn nær 24 ára aldri. Þessu ákvæði ber sérstaklega að fagna, því að mjög erfitt hefur verið t. d. fyrir einstæða móður að sjá barni sínu fyrir áframhaldandi skólagöngu eftir að framfærslu föður lýkur við 17 ára aldurinn. Gefur það auga leið, að margir unglingar hafa orðið að hætta skólagöngu af þeim sökum, hversu gjarnan sem þeir annars vildu halda henni áfram. Að vísu finnst mér ekki nægjanlega tryggt hvernig innheimta eigi áframhaldandi framfærslueyri hjá barnsföður, ef skilningur minn er réttur á þessum kafla, þar sem skylda Tryggingastofnunarinnar til þess að greiða meðlag sem síðan er innheimt hjá barnsföður af Innheimtustofnun sveitarfélaga — en skv. 29. gr. þessara laga er það innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns sem almannatryggingalögin mæla fyrir um hverju sinni — nær nú til 17 ára aldurs. Getur reynst erfitt að innheimta slíkan framfærslueyri vegna skólagöngu, ef ekki er vel frá því gengið og á tryggilegan hátt, hvernig það framlag á að innheimta.

Fleiri merk nýmæli er að finna í kaflanum um framfærslu, eins og t. d. í 19. gr. og 25. gr., en þar er heimild til þess að úrskurða framfærsluskyldan aðila til að inna af hendi sérstakt framlag vegna mikilla útgjalda, vegna veikinda og fleiri atriða sem þar eru upp talin. Að vísu getur orðið erfitt í framkvæmd að meta slík sérstök útgjöld sem frá er greint í 19. gr., og því er nauðsynlegt að frá slíku sé vel gengið í reglugerð.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en legg áherslu á að þó að stuttur tími sé eftir af þingtímanum, þá verði reynt að afgreiða þetta brýna réttlætismál sem svo lengi hefur verið hér til umfjöllunar á hv. Alþ. Væri vissulega ánægjulegt að sjá þetta frv. verða að lögum nú.

Ég ítreka spurningu mína til ráðh., hver sé ætlun ríkisstj. og þá kannske fyrst og fremst hver sé tilgangurinn með því að mæla fyrir þessu frv. núna, ef ekki er ætlunin að afgreiða málið. Og ég ítreka það enn þá einu sinni, að ég gagnrýni harðlega hvernig meðferð þetta mál hefur fengið á þingi. Langt er síðan það var lagt hér fram þannig að það hefði vel verið auðvelt að afgreiða það og gera það að lögum á þessu þingi.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég sagði áðan að frv. þessa eða máls þessa mundi vera beðið með vaxandi óþreyju og hefur það nú glögglega komið á daginn. Hér tekur hv. 10. landsk. þm. til máls og kvartar yfir löngum meðgöngutíma þessa máls hér á þinginu.

Frv. var lagt fram að þessu sinni — það hefur áður verið lagt fram — rétt fyrir stjórnarskiptin í febr. s. l. og þá í óbreyttri mynd frá því vorið 1979. Ég sá strax að hér var um svo merkt mál að ræða og svo tímabært að því hlaut að verða fylgt eftir. En það er ör þróun í þessum málum og undirbúningsnefndin kom skömmu síðar — eða eftir að ég tók við ráðherraembætti — að máli við mig og óskaði eftir að fá að koma á framfæri aths. sem gjarnan mættu koma fram áður en framsöguræða um þetta mál yrði flutt á þingi. Ég varð að sjálfsögðu við þeim óskum og ætlaði mér að ræða ítarlega við aðalhöfunda frv. Á því hafa orðið tafir, m. a. vegna fjarveru þeirra erlendis um nokkurt skeið.

Nú um daginn var hér á hv. Alþ. kvartað yfir því, hvað nefndum gengi illa að skila af sér störfum. Þá var þetta mál á dagskrá. Ég hafði þá ekki fengið tækifæri til þess að ræða við höfunda frv. og gat þess, en jafnframt að ég mundi gera það eins fljótt og unnt væri. Mér er það fyllilega ljóst, að það er skammt nú til þingloka, en hér er hins vegar um stórmál að ræða sem ég hygg að fæstir hv. alþm. hafi krufið til mergjar. Ég hygg að sú n., sem fær mál þetta til meðferðar, þurfi að skjóta á ekki aðeins einum fundi, heldur nokkuð mörgum fundum áður en það hlýtur endanlega afgreiðslu frá n. Þess vegna er ég ekki bjartsýnni en svo, að ég geri mér engar háar vonir um að frv. verði afgreitt fyrir þinglok nú, en að þeim er stefnt 20. þ. m. Ég taldi þó rétt og skylt, bæði vegna hv. þm. og ekki síst vegna hæstv. fyrrv. dómsmrh., sem hafði lagt þetta frv. fram hér á þinginu, að tala fyrir því til nefndar. En ég get gjarnan beðist afsökunar á því, hvað það hefur dregist.

Nú hefur frv. legið frammi um nokkra hríð á þingi. Væntanlega hefur hv. alþm. gefist nokkurt tóm til að lesa það lið fyrir lið. Nefnd fær það til athugunar nú þegar frídagar eru fram undan, að ég tali nú ekki um þegar þingi lýkur. Þá er allt sumarið fram undan sem þeir, sem áhuga hafa á þessu máli, ættu að nota vel svo að málið verði sem best undirbúið undir haustþingið. Ég tel að úr því sem komið er sé tvímælalaust rétt að stefna að því að skoða málið enn einu sinni rækilega fyrir haustþing og leggja það síðan fram á þann veg að ný löggjöf á þessu sviði geti litið dagsins ljós áður en núgildandi löggjöf nær sextugsaldri á miðju næsta ári.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Mér þykir miður að hæstv. dómsmrh. skuli ekki vera í salnum. Þetta er mál sem undir hann heyrir. Ég skal ekki vera langorð um þetta mál. Ég get sagt að það gladdi mig og hryggði í senn að sjá á dagskránni 2. mál, barnalögin, sem lengi hefur verið beðið eftir að tekið yrði hér til umr.

Þetta mál er búið að vera lengi fyrir Alþingi, í heil fjögur ár. Illu heilli hefur það ekki náð fram að ganga sem lög. Það er þó búið að fá mjög vandlega athugun á þeim þingum sem það hefur verið lagt fram á, og mér er í rauninni alveg óskiljanlegt hvers vegna þessi töf þarf að verða á málinu nú. Samkv. bókum þingsins var það lagt hér fram 11. febr. Það hefur verið þrjá mánuði fyrir þinginu án þess að mælt hafi verið fyrir því. Ég hlýt að láta í ljós þá skoðun mína, að mér finnst illa hafa verið staðið að þessu og mér finnst rök þau, sem hæstv. ráðh. flutti hér áðan, heldur léttvæg til þess að þau geti réttlætt enn eina frestun málsins.

Það má segja sem svo, að þeir þm., sem áhuga hafa á framgangi þessa máls, hefðu haft tækifæri til þess að þrýsta á ráðh. með þetta. En ég vænti þess, að ekki hafi farið fram hjá hæstv. ráðh. áhugi almennings á því að fá þetta mál fram nú. M. a. hafa, að ég hygg, borist frá flestum kvennasamtökum landsins mjög ákveðnar áskoranir um að afgreiða málið nú. Í trausti þess hef ég fyrir mitt leyti ekki talið ástæðu til þess að þrýsta persónulega á málið.

Það er í sjálfu sér borin von að málið nái fram að ganga nú, ef fer sem horfir að þingi eigi að slíta í næstu viku. Mér heyrist þó á ýmsum þm. að litlar horfur séu á að staðið verði við þá ákvörðun að slíta þingi hinn 20. þ. m., og satt að segja eru þm. almennt undrandi og lítið eitt hneykslaðir á þeim vinnubrögðum sem tíðkast nú undir lok þingsins. Það er hvolft yfir þm. mikilvægustu málum, sem fela í sér ýmist meiri háttar breytingar á kerfinu eða stór fjárútlát, og það er ákaflega erfitt að átta sig á því, hvað verið er að afgreiða þessa dagana frá þingi. Ég geri ráð fyrir að margir vildu hafa svigrúm til að athuga betur sinn gang.

Ég vil — með tilvísun til þess hugboðs míns að þingi verði ekki slitið fyrr en e. t. v. undir mánaðarlokin — skora á hæstv. ráðh. að endurskoða þá ákvörðun, sem mér fannst koma fram í máli hans, og freista þess að ná málinu fram nú. Eins og ég gat um áður er þetta mál grandskoðað af þinginu, það er vandlega undirbúið í upphafi af sérstakri nefnd, sifjalaganefnd, sem eins og kunnugt er er fastanefnd á vegum dómsmrn. Athugunum og brtt., sem komu fram eftir að það var lagt fram fyrst, á þinginu 1976, hefur verið vísað til þessarar sömu nefndar. Það hafa verið gerðar á því vissar breytingar og ég hef satt að segja ekki trú á því, að málið sé ekki undir það búið nú að vera afgreitt. Það má líka segja, að reynist einhverjir agnúar á því í framkvæmd, sem ég tel síður líkur á, þá má alltaf breyta þessum lögum sem öðrum ef nauðsyn reynist.

Ég fer ekki út í þetta mál efnislega. Það felur vissulega í sér miklar úrbætur. Í umræðum um málefni barnsins hefur það gengið sem rauður þráður í gegnum umræðurnar að barnið skuli hljóta bætta réttarstöðu í samfélaginu frá því sem nú er. Og sérstaklega vil ég benda á að í þessu frv. koma fram tillögur um stórlega aukið öryggi og bætta réttarstöðu óskilgetinna barna, sem hingað til hefur verið mjög svo í lausu lofti. Það er ekki að ófyrirsynju að málefni óskilgetna barnsins eru tekin sérstaklega fyrir, því að Ísland á met í fjölda óskilgetinna barna, hvernig sem menn vilja leggja það út, Íslendingum til lofs eða lasts, hvort það er meira lauslæti, meira ábyrgðarleysi, meira frjálslyndi og meiri kjarkur sem gæti hugsanlega skýrt þessa staðreynd. En það er eitt land sem stendur okkur aftar, vil ég nú segja, það eru Grænlendingar. Og mér skilst á grg. með frv. að frændur okkar Svíar og Norðmenn fylgi fast á eftir, þannig að kannske slá þeir metið af okkur á næstu árum. En þetta er síður en svo gamanmál, og ég beini því hér með til fjarverandi hæstv. ráðh., sem ég vona þó að þessi ábending berist til eftir einhverjum leiðum, að þess verði freistað, ef við eigum eftir viku til 10 daga af þingi, að ná þessu máli í gegn. Ég hef þá trú, að það sé það vel undirbúið og það sé

búið að fá svo rækilega meðferð að á því ættu ekki að vera nein vandkvæði.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál. Hér er um mjög mikilvægt lagafrv. að ræða sem enginn dregur í efa. Það vildi svo til í vetur, að ég sat ráðstefnu Kvenréttindafélags Íslands að Hótel Borg sem fulltrúi okkar þingflokks. Eitt aðalmálið, sem þar var til umr., voru einmitt þessi lög, frv. til barnalaga með meiru, og ég verð að segja það eftir að hafa verið á þeim fundi, sem var mjög fróðlegur og bar þar margt á góma sem varðar þessi mál almennt og ekki síst málefni barna, að miðað við þær umsagnir og aths. og ábendingar, sem þar komu fram, hef ég tilhneigingu til þess að skilja þá hugmynd hæstv. dómsmrh., að þetta mál fái frekari skoðun og verði lagt fram að nýju í byrjun næsta þings. Ég tel það mjög þýðingarmikið að sú löggjöf, sem Alþ. sendir frá sér hvað þetta varðar, sé helst hnökralaus og að þeir aðilar, sem af mestum áhuga hafa fjallað um þetta mál, hafi þá a. m. k. haft möguleika á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þá sem kunna að endurskoða þessi lög. Ég er sannfærður um að það er vilji fyrir því að þetta verði að lögum, og mér finnst í alla staði eðlilegt að það fái þessa meðferð og verði eitt af fyrstu málum sem næsta reglulegt Alþingi tekur til meðferðar og afgreiðslu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil fyrst taka undir þá gagnrýni, sem fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum raunar, hversu fáránlega seint er mælt fyrir þessu máli hér á hinu háa Alþingi. En jafnframt vil ég segja það, að í allshn. Nd. hefur verið boðað til fundar á föstudagsmorgun. Þetta frv. hefur nú legið fyrir mörgum þingum. Það var lagt fram nú á miðjum þessum vetri, og ef því verður með nokkru móti við komið og ef þinghald lengist af einhverjum ástæðum, eins og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir taldi að verða mundi, þá þykir mér líklegt að a. m. k. þurfi ekki að standa á því að þetta mál verði afgreitt út úr þessari nefnd.

Það er rétt, sem fram hefur komið í gagnrýnum röddum hér, að það er orðið mjög brýnt að afgreiða þetta mál. Við búum við fáránlega gamla löggjöf í þessum efnum. Við vitum að það eru nánast harmsögur sem gerast af þessum ástæðum, og þá á ég einkum við atriði er varða umgengnisrétt foreldra, sem ekki eru í sambúð, við börn sín. M. a. af þessum ástæðum er mjög brýnt, að þetta frv. verði afgreitt sem allra fyrst. Ef mál fara svo sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði, þá gæti vel verið að möguleiki væri til að afgreiða þetta mál nú fyrir þinglok, en það heyrist mér vera vilji hv. þm.

Ég vil svo aðeins með örfáum orðum mótmæla gáleysislegum orðum sem féllu hjá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur um afar viðkvæm efni, þ. e. um óskilgetin börn og háar tölur sem hér á Íslandi birtast um þessi efni. Við þekkjum það, að víða í erlendum blöðum er þetta stundum haft að gamanmálum, þessar háu tölur, og á að bera vott skringilegum sambýlisháttum íslenskrar þjóðar. En staðreynd er að þetta er alrangt, þessar tölur eru mjög villandi. Ástæður fyrir þessu eru þær, að ungt fólk í sambúð eignast börn og í afar mörgum tilfellum verður þar um reglubundna sambúð að ræða. En þessar tölur eru þannig til komnar, að þær eru reiknaðar frá fæðingardegi barns, og ég vil frábiðja mér að mál sem þessi séu hér gerð að gamanmálum. Í kringum þetta eru oft afar viðkvæm efni. Hitt tel ég skylt að fram komi, að þessar tölur, þessar háu íslenskar tölur um þessi efni eru mjög villandi og gersamlega út í hött. Það breytir ekki því, hversu áríðandi þetta frv. er af öðrum ástæðum, og þá nefni ég enn og endurtek umgengnisrétt foreldra, sem ekki eru í sambúð, við börn sín. Það er afar brýnt, að þetta frv. verði afgreitt og helst nú fyrir þinglok.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 414). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 428). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Skráning lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 406). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. til l. um skráningu lífeyrisréttinda, sem ég mæli hér fyrir, er undirbúið og samið í fjmrn. í náinni samvinnu við svonefnda átta manna lífeyrisnefnd Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Tvö frv. tengd þessu liggja fyrir Ed., annað á þskj. 405, um starfskjör launþega, og hitt á þskj. 420, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Lífeyrissjóðir viðurkenndir af fjmrn. eða lögbundnir eru nú 95 talsins. Engin heildarskrá er til í landinu um, hverjir eiga aðild að sjóðum þessum, og því síður er til heildarskrá um réttindi aðila í þeim. Fjmrn. hefur að undanförnu unnið að því að safna saman efni í skrá um lífeyrisréttindi landsmanna. Þýðingarmesta framlagið til slíkrar skrár til þessa hefur komið frá Sambandi almennu lífeyrissjóðanna, en samband þetta hefur gert samnafnaskrár fyrir alla sjóði innan sambandsins. Bíðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda hefur og tengst þeirri skrá í samræmi við sérstakt samkomulag er gert var við Samband almennu lífeyrissjóðanna. Samnafnaskrá Sam-

bands almennu lífeyrissjóðanna hefur að geyma 97 þús. nöfn. Sérstaka athygli vekur að á skránni eru nöfn manna er greitt hafa til allt að sjö lífeyrissjóða. Algengt er að einn og sami maður eigi aðild að 2—3 sjóðum. Og þegar þess er gætt, að margir og mjög stórir lífeyrissjóðir eiga ekki aðild að Sambandi almennra lífeyrissjóða, er augljóst mál að aðild einstaklinga að mörgum sjóðum er mun flóknara viðfangsefni en fram kemur í samnafnaskrá Sambands almennu lífeyrissjóðanna.

Það hefur iðulega komið í ljós við umsóknir um lífeyri eða lán hjá lífeyrissjóðunum, að umsækjendum er ókunnugt um réttindi sín í öðrum sjóðum en þeim er þeir eru aðilar að þá stundina. Með skráningu lífeyrisréttinda er stefnt að því að koma á fót samræmdu upplýsingakerfi um lífeyrisréttindi og iðgjaldagreiðslur, sem orðið geti hvort tveggja í senn, stofn fyrir eftirlit með því, að lagaákvæðinu um skylduaðild að lífeyrissjóðum sé fullnægt, og grundvöllur heildarendurskoðunar á lífeyriskerfinu og samræmingar á lífeyrisréttindum og iðgjaldagreiðslum.

Eins og ég hef þegar tekið fram er frv. þetta samið í fjmrn. í náinni samvinnu við svonefnda átta manna lífeyrisnefnd aðila vinnumarkaðarins. Alger samstaða var í þessari nefnd um þessi þrjú frv. sem ég hef hér gert grein fyrir. Þegar frv. voru lögð fram til kynningar í svonefndri 17 manna nefnd, sem er víðtækari hópur þar sem m. a. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja á fulltrúa, kom í ljós að BSRB hafði nokkrar aths. að gera við frv. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda annars vegar og það frv. sem hér um ræðir. Aths., sem BSRB hafði að gera við frv. um skráningu lífeyrisréttinda, var sú, að eðlilegra væri að skráin væri unnin og varðveitt í fjmrn., þar sem þessi vinna hefur fram að þessu farið fram, og þar er sem sagt mjög verulegur vísir að skráningu af þessu tagi.

Með hliðsjón af því, að ágreiningur væri gerður um tvö af þessum þremur frv., var það niðurstaðan hjá 16 af 17 nefndarmönnum í svonefndri 17 manna nefnd að mælast til þess við Alþ., að það kannaði þessi frv. öll, en eitt þeirra yrði afgreitt og það er frv. um starfskjör launþega. Sextán manna nefndin leggur afar þunga áherslu á það, að a. m. k. verði það frv. afgreitt, enda ekki vitað um neinn ágreining um það frv., og með því að tefja það mál væri hætta á því að málið í heild tefðist um kannske hálft til heilt ár. Þess vegna er nú megináherslan lögð á það frv., en hins vegar skiptir kannske ekki eins miklu máli þó að afgreiðsla þessara tveggja frv. bíði til haustsins, þ. e. frv. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og frv. sem ég mæli nú fyrir, um skráningu lífeyrisréttinda. Það gefst þá aðstaða til þess fyrir þá n., sem fær þetta til umr., að senda málið til umsagnar og menn geta þá haft það til athugunar í sumar og verið reiðubúnir að afgreiða það, breytt eða óbreytt, á hausti komanda.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Að mínu mati er hér á ferðinni mjög mikilsvert og nauðsynlegt mál. Það er nauðsynlegt fyrir hvern og einn að geta gengið úr skugga um réttindi sín, og á þetta ekki síst við um gamalt fólk og aðstandendur þess. Það er nauðsynlegt að geta gengið úr skugga um að atvinnurekendur geri skyldu sína í þessum efnum, því að það er fullseint að uppgötva vanrækslur á þessu sviði þegar menn þurfa á lífeyrisgreiðslum að halda, en að því munu vera nokkur brögð. Þessi skráning er líka æskileg, allt að því nauðsynleg vegna framkvæmdar laga um eftirlaun aldraðra.

Ég hef oft rekið mig á það vegna starfa minna að sveitarstjórnarmálum, að gamalt fólk og aðstandendur þess vita ekki um rétt sinn á ýmsum sviðum. Sérstaklega verður þetta áberandi þegar ætlast er til að viðkomandi sendi inn umsókn til að ná rétti sínum í hinu eða þessu málinu. Að mínu mati má það ekki vera komið undir kunnugleika gamla fólksins eða aðstandenda þess, hvort það fær notið réttinda sem það á lögum eða reglum samkvæmt. Það verður einhver opinber aðili að grípa inn í ef blessað gamla fólkið eða öryrkjar missa af löglegum rétti sínum til eins eða annars. Það er heldur engin vissa fyrir því, að þeir, sem mest þurfa á fyrirgreiðslu á einhverjum sviðum að halda, viti hvort hún er til eða hvert þeir eigi að leita hennar.

Ef þær upplýsingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að safnað verði saman, eru settar í tölvuvinnslu, sem hlýtur að verða, ætti að verða auðvelt að finna hverjir fara á mis við lífeyrisréttindi sem þeir hugsanlega eiga tilkall til. Enn fremur hljóta þessar upplýsingar að verða mjög gagnlegar við undirbúning lagasetningar um samræmt verðtryggt lífeyrisréttindakerfi fyrir landsmenn alla, sem er eitt af stærstu sanngirnis- og réttindamálum sem að hlýtur að verða unnið næstu mánuðina.

Hæstv. fjmrh. kom inn á nauðsyn þess að samþykkja lög um skylduaðild að lífeyrissjóðum eða lög um starfskjör launþega, en í þeim er skylduaðildin fólgin. Ég er honum sammála. Það nær auðvitað engri átt að menn fái réttindi og áframhaldandi og vaxandi réttindi nema þeir fái þá kvaðir um leið. Það frv. verður að ná fram að ganga á þessu þingi. Ég held líka að það sé praktískt, að það frv., sem hér er til umr., nái fram að ganga, og ég endurtek það, herra forseti, að ég styð það eindregið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 427). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 526).

Lántaka Bjargráðasjóðs, frv. (þskj. 393, n. 487). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs sem er 5. mál þingsins og var flutt í Ed. Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem gerð var í Ed., en upphaf þessa máls er það, að sett voru brbl. um þetta mál 9. nóv. 1979 og samþykkt ábyrgðarheimild til handa Bjargráðasjóði, 850 millj., sem síðan var breytt í meðferð Ed. í 1500 millj.

Nefndin hafði einnig fjallað um annað mál Bjarg-

ráðasjóðs, en það mun verða tekið fyrir sérstaklega hér á eftir.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, 5. mál, en endurtek það, að n. leggur einróma til að frv. verði samþ.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Albert Guðmundsson og Matthías Á. Mathiesen.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 327, n. 491, 441). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur einnig fjallað, eins og ég sagði áðan, um 154. mál, sem er frv. til l. um breyt. á lögum um Bjargráðasjóð. Upphaf þess máls eru brbl. sem voru sett sama dag, 9. nóv. 1979.

Á fund n. komu þeir Hallgrímur Dalberg, formaður stjórnar Bjargráðasjóðs, og Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, og skýrðu okkur frá starfsemi þessa sjóðs. Það kom fram í þeirra máli, að mjög mikið hefði verið leitað til sjóðsins um þessar mundir vegna harðindanna á s. l. ári, en brbl. á sínum tíma fjölluðu eingöngu um að fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins skuli fólgin í veitingu styrkja og/eða lána eftir reglum sem sjóðsstjórn setur. Stjórn sjóðsins ákveður kjör á lánum, þar með talið lánstíma, vexti og hvort lán skuli bundin verðtryggingu.

Það hafði verið um nokkurn tíma í undirbúningi ein breyting enn á lögum um Bjargráðasjóð og var frv. um það tilbúið á s. l. ári, en fjmrh. flutti það mál, að vísu nokkuð breytt, sem brtt. fyrir hönd ríkisstj. á þskj. 441. Þar eru ákvæði um tekjur Bjargráðasjóðs sem eru ferns konar: í fyrsta lagi framlög sveitarfélaga, 300 kr. á íbúa, í öðru lagi 0.6% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febr. 1945, um stofnun Búnaðarmálasjóðs, í þriðja lagi framlag ríkissjóðs samkv. ákvörðun á fjárlögum ár hvert og í fjórða lagi vextir af fé sjóðsins. Gert er ráð fyrir því í þessari brtt., að þessi grein öðlist gildi frá og með 1. jan. 1981, enda hefur framlag til sjóðsins þegar verið ákveðið á fjárlögum og staðfestingar á því leitað í frv. til lánsfjárlaga. Einnig má geta þess, að sveitarfélög hafa að sjálfsögðu gengið frá sínum fjárhagsáætlunum fyrir árið 1980.

Ég vil aðeins að lokum taka það fram, að fjh.- og viðskn. leggur til einróma, að þessi brbl. verði staðfest með þeirri breytingu sem hæstv fjmrh. hefur lagt til.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Albert Guðmundsson og Matthías Á. Mathiesen.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Mér þykir miður að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér staddur, en ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum mínum með hans till., þ. e. um framlag ríkissjóðs samkv. þessari till. hans.

Í núgildandi lögum er það þannig, að ríkissjóður hefur lagt fram — eða á að gera það samkv. lögunum — jafnmikið og komið hefur frá öðrum aðilum, þ. e. framlög sveitarfélaga og framlög bændanna. Eins og allir hv. þm. vita er þetta slysa- og neyðarsjóður, og ég vil minna á það, að ég held að fulltrúar allra stjórnmálaflokka hafi rætt um það fyrir ári, þegar sýnt var hvernig árferðið mundi leika heila landshluta, að þeir mundu gera sitt til þess að hlaupa þarna undir bagga. Því miður hefur orðið mikil töf á að þetta yrði gert, af ýmsum ástæðum sem allir hv. þm. þekkja. Það var stjórnmálaástandið síðari hluta síðasta árs og raunar langt fram á vetur nú. En þarna er verið að breyta frá gildandi lögum og ástandið í þessum málum er þannig, að það veitir satt að segja ekki af því að þetta framlag haldist eins og núgildandi lög mæla fyrir um.

Annað atriði er í þessum lögum sem ég vil líka lýsa óánægju minni yfir og tel í raun og veru að sé út í hött að hafa í þessum lögum, og það er að stjórnin geti lánað fé með verðtryggingu úr þessum sjóði. Þetta er, eins og ég sagði áðan, slysa- og neyðarsjóður. Það er verið að hækka í raun og veru iðgjöld bændanna í þennan tryggingarsjóð. Þetta er veruleg upphæð. Þetta eru 0.6% af allri þeirra framleiðslu. Ég skal ekki segja hve mikið þetta er á annað prósent af þeirra raunverulegu tekjum. Af því að þetta er svona sjóður, þá er auðvitað út í hött að ætla sér að lána með þeim verstu lánskjörum sem þekkjast í þessu þjóðfélagi, þ. e. með verðtryggingu. Ég vona að vísu að stjórnin muni aldrei nota þessa heimild, en ég vil benda á það, að fjh.- og viðskn. hefur ekki gert till. um breytingar á þessu, og harma ég það, en ég vil ekki fara að koma hér með brtt., enda væri það þýðingarlítið. Ég vil þó benda á þessi tvö atriði. Ég man ekki betur en þegar Viðlagatrygging var lögfest hafi átt að taka mál Bjargráðasjóðs og þau verkefni, sem hann á að sinna, til athugunar, og ég vonast til að hæstv. ríkisstj. eða hæstv. félmrh. muni beita sér fyrir því að láta endurskoða lögin á næsta þingi þannig að það verði hægt að verða við því sem stendur í okkar stjórnarsáttmála, að fundnar verði leiðir til þess að þessi sjóður hafi þær tekjur að hann geti valdið því hlutverki sem honum er ætlað.

ATKVGR.

Brtt. 441,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 441,2 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 143, n. 490). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til umfjöllunar frv. til l. um skráningu og mat fasteigna, en á þinginu 1976 var samþ. hér mjög viðamikil löggjöf um fasteignamat sem var í mjög mörgum greinum og mikil vinna var lögð í hér í n. að gera ýmsar breytingar á. Voru fluttar mjög margar brtt. við það frv. áður en það varð að lögum. Það var hins vegar ljóst, að það þyrfti að koma ákveðin reynsla á þessi mál, og það hefur ýmislegt komið í ljós í sambandi við þá löggjöf eins og marga aðra löggjöf sem betur má fara.

Sú breyting, sem hér um ræðir, er fyrst og fremst þess

eðlis, að það er gert ráð fyrir því að rýmka heimildir til að fela einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra að annast tiltekin störf til undirbúnings mati fasteigna. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að Fasteignamat ríkisins hafi eftir sem áður samræmt heildarmat í þessu sambandi á vegum eins opinbers aðila. Hér er fyrst og fremst um að ræða mjög ákveðnar óskir frá Reykjavíkurborg. Hún vill hafa þessi mál meira í sínum höndum og sjálfsagt m. a. vegna þess, að menn sjá ýmis dæmi um að þess er ekki nægilega gætt að leiðrétta þetta fasteignamat. Það er afskaplega mikilvægt að matið sé sanngjarnt og eins rétt og nokkur kostur er, því að það er mjög margvísleg skattlagning í þjóðfélaginu sem byggist á þessu mati. Bæði er það varðandi ríkissjóð, þ. e. eignarskattur, og eins fasteignagjöld til sveitarfélaganna, þannig að sveitarfélögin sjálf eiga þarna mikilla hagsmuna að gæta og þess vegna eðlilegt að þau vilji koma nokkuð nálægt undirbúningi og framkvæmd þessara mála.

Mál þetta hefur áður fengið umfjöllun í Ed., en fjh.- og viðskn. leggur einróma til að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 8, n. 488 og 493, 489). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft um langa hríð til athugunar frv. til l. um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hér er um skatt að ræða sem var lögfestur 1979, held ég muni rétt vera, og lagður á á s. l. ári. Gert hefur verið ráð fyrir þessari skattlagningu í fjárlagaundirbúningi þriggja fjmrh., Tómasar Árnasonar, Sighvats Björgvinssonar og Ragnars Arnalds.

Það er hins vegar ljóst, að með breytingu á skattalögum nú á þessum vetri eru komin hér gerbreytt viðhorf, vegna þess að þar er gert ráð fyrir að eignarskatturinn komi til með að hækka mjög verulega. Hins vegar er ljóst að tekjuskattur félaga mun verða miklum mun minni en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Vegna óvissu þeirra mála allra treystum við okkur ekki, þeir nm. sem undirrita þetta nál., meiri hl. fjh.- og viðskn., annað en leggja til að þessi skattur verði lagður á í ár. Það er hins vegar ljóst, með tilliti til þess sem ég sagði áður um breytingu á eignarskattinum, að slíkt getur ekki haldið lengur áfram. Það verður að taka til endurskoðunar þegar fyrir liggur hvað kemur út úr nýju skattalögunum.

Við leggjum til að gerðar verði á frv. nokkrar breytingar sem eru ekki alvarlegs eðlis. Sú fyrsta er aðeins í þá átt, að gert er ráð fyrir að vitna þar ekki aðeins í lögin um tekjuskatt og eignarskatt frá 1978, heldur einnig með síðari breytingum, í öðru lagi að taka af öll tvímæli í sambandi við innheimtu þessa skatts og síðan í þriðja lagi að hann komi til frádráttar eins og hver önnur rekstrarútgjöld og dragist frá tekjum rekstrarársins 1980, þ. e. þessi skattur, sem nú er á lagður. En eins og ég hef áður getið um í sambandi við skattamál hér á Alþ. verða menn að gera sér það ljóst, að þegar lagður er á skattur sem þessi, sem kemur til frádráttar tekjum, þá leiðir hann náttúrlega til lækkunar á tekjuskatti félaga árið eftir. Þegar tekjuskattur félaga er 65% eru þetta í sjálfu sér ekki tekjur sem koma sem viðbótartekjur. Þessi skattur lækkar aðra skatta ríkisins og svo er einnig m. a. með aðstöðugjald sveitarfélaga, hækkun á því kemur til lækkunar á tekjuskatti þeim sem til ríkisins rennur.

Ég hef reynt að kanna það, hvort með einhverjum hætti mætti ákvarða betur þann stofn sem þessi skattur er á lagður. Það er alveg ljóst og borgar sig ekki að fara í neina launkofa með það, að það er ágreiningsefni hvernig skuli skilgreina það, hvað er verslunarhúsnæði, hvað er skrifstofuhúsnæði og hvað eru fasteignir sem nýttar eru til verslunarrekstrar og/eða til skrifstofuhalds. Sumir hafa jafnvel viljað segja að fasteign, sem nýtt er til verslunarrekstrar, sé m. a. olíutankur, vegna þess að inni í honum sé vara sem á að selja. Þetta er að sjálfsögðu alröng skilgreining að mínu mati. Hér er um verslunarhúsnæði að ræða og skrifstofuhúsnæði.

Það er einnig ljóst, að samkv. þessum lögum er þessi skattur ekki lagður á skipaafgreiðslur, t. d. hér við höfnina. Þessi skattur er ekki lagður á skipaafgreiðslur, sem eru hér og vörum er skipað upp í, og með sama hætti verður að telja, að hann sé ekki lagður á skipaafgreiðslur úti um land. Það skiptir að sjálfsögðu ekki máli hvort vörur koma inn í þessa afgreiðslu frá útlöndum eða hvort þær koma með bílum eða skipum. Þarna verður að gæta samræmis. Hitt er svo annað mál, að í einstökum tilvikum má vera að vörur séu afgreiddar beint til neytenda út úr þessum skipaafgreiðslum, sem ég hygg að sé sjaldgæft, en þarna verður að gæta samræmis.

Að öðru leyti vil ég ekki tjá mig um þann stofn sem þessi skattur er á lagður. En ég veit að um hann er ágreiningur, sem alltaf hlýtur að verða varðandi svona skatt, þá skilgreiningu hvað felst í verslunarhúsnæði og skrifstofuhúsnæði í þessu sambandi. Nú hafa verið tekin af nokkur tvímæli með þessu nýja frv., en lögin voru með dálítið öðrum hætti á s. l. ári.

Ég vil aðeins ítreka það, að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég fagna því, að hæstv. fjmrh. hefur gengið í salinn. Það er að mínum dómi lágmark að ráðh. séu viðstaddir, sér í lagi þegar verið er að fjalla um ný skattalög eða framlengd skattalög.

Auðvitað varð fjh.- og viðskn. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls, og skýringin á því, að ég er aðeins einn sem skila nál., er augljós, þar sem félagar mínir, hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, og hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, eru fjarstaddir. En ég hygg og veit raunar að þeir eru mér alveg sammála um afstöðu til þessa máls.

Hv. 3. þm. Austurl. þurfti ekki að taka fram hvaða ágerð þessi skattur var. Það þekkja víst allir þefinn af þessu. Auðvitað var þetta 1979 þegar menn uppgötvuðu flesta nýja skatta til að leggja á þjóðina. (**Gripið fram í:** 1978.) 1978 byrjuðu þeir, Tómas settist að völdum í sept. 1978, þetta er alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. Og ég vil aðeins víkja því að honum, ef hann yrði í vanda með skattstofna, hvort hann hefur athugað, hæstv. fjmrh., að skattleggja súrefnið í loftinu. Einhvers staðar heyrði ég

því fleygt, að sú hugmynd hefði komið upp í núv. hæstv. ríkisstj., og væri gaman að heyra meira af því. En þrír ráðh. hafa elt hver annan í þessu — það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði: hæstv. núv. viðskrh., Tómas Árnason, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og núv. hæstv. fjmrh., og við skulum vona að allt sé þegar þrennt er.

Það má greinilega heyra á máli frsm. meiri hl., að þessi skattur er hin mesta ómynd og öll skilgreining á honum, enda sjá þeir nú breytt skattalög og stórhækkaða eignarskatta. Hann á engan rétt á sér. Samt er það svo, að það er haldið áfram þótt þetta sé í alla staði óeðlilegur og óréttlátur skattur. Þeir þora engu að sleppa. Það var að vísu sagt — og var harmur í röddinni þegar hann benti á það — að þetta mætti ekki alveg teljast nettó þar sem þetta kæmi til skattfrádráttar síðar, á síðara ári. Og skilgreiningarnar, sem hann minntist á, þetta er auðvitað hlægilegt, að verslunarhúsnæði skuli teljast olíutankur o. s. frv.

Ég hef ekki mörgu við þetta að bæta, en ég rifja það aðeins enn einu sinni upp, að Sjálfstfl. lýsti því yfir, það var eitt af heilögum kosningaloforðum hans, að afnema hina 18 viðbótarskatta vinstri stjórnarinnar, 2. vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar. Það var ágreiningslaus ákvörðun í Sjálfstfl., þannig að hæstv. forsrh., hæstv. landbrh. og hæstv. dómsmrh. hafa lýst því yfir fyrir alþjóð og fengið kosningu út á það að fella m. a. þennan skatt niður. Reynir enn á það, hvernig menn standa við orð sín og gerðir.

Ég hef ekkert um brtt. að segja, ég skipti mér ekkert af þeim, því að ég legg til að þetta frv. verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:7 atkv.
Brtt. 489,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, GGÞ, HÁ, IGuðn, IGísl, JE, JS, KP, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, SV, SBó, GHall, VG, ÞS, AS, ÁG, EH, FÞ.

nei: GeirH, MÁM, ÓE, SteinG, BÍG, FrS, SvH.

10 þm. (GS, GHelg, HBl, SvJ, JÞ, MHM, SigurlB, PS, AG, BGr) fjarstaddir.

Brtt. 489,2 (ný 7. gr). samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 489,3 (ný 8. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 489,4 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Öryggi á vinnustöðum, frv. (þskj. 426 (sbr. 18), n. 540). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. Nd. hefur á fjórum fundum sínum haft til meðferðar frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 18. mál Alþingis. Eins og raunar kom fram við afgreiðslu frv. í Ed. var í félmn. þeirrar d. lögð mikil vinna í að kynna frv., fara yfir umsagnir og ræða við fulltrúa allra þeirra aðila, sem unnu að gerð frv., svo og aðila er höfðu hagsmuna að gæta í sambandi við setningu þessara laga.

Það kom fram í nál. félmn. Ed., að frv. þetta er samið í framhaldi af sameiginlegum tillögum, sem aðilar vinnumarkaðarins lögðu fram í kjarasamningum vorið 1977 um aðgerðir í vinnuverndarmálum og samþykktar voru af þeim og ríkisstj. 19. apríl 1977. Það kom einnig fram í nál. frá Ed., að skipuð var nefnd 1977, sem í áttu sæti þrír fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, tveir fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands, einn fulltrúi frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga og þrír fulltrúar skipaðir af félmrh. Nefnd þessi hafði samráð við fjölmargar stofnanir, sem lögum samkv. hafa eftirlit á vinnustöðum hér á landi, og vann nefndin samkv. því meginsjónarmiði, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum yrði sem allra mest innan vinnustaðanna sjálfra. Í frv. er í samræmi við samkomulagið frá 19. apríl 1977 lagt til að ein stofnun, Vinnueftirlit ríkisins, sjái um framkvæmd laganna og er með því lögð rík áhersla á nauðsyn náins samstarfs allra þeirra aðila sem hafa eftirlit á vinnustöðum til þess að komið verði í veg fyrir tvöfalt og margfalt eftirlit með sama hætti á vinnustað, eins og nú vill við brenna.

Félmn. Nd. var í meginatriðum samþykk þeim breytingum, sem gerðar voru á frv. í Ed., og álítur að þær hafi verið til bóta.

Fram kom við umr., þegar frv. var kynnt hér í Nd., nokkur gagnrýni á frv., og í framhaldi þess ákvað n. á fyrsta fundi sínum að kalla til viðræðna við n. nokkra aðila, þ. á m. Hallgrím Dalberg ráðuneytisstjóra, sem var formaður þeirrar nefndar er samdi frv., Ingimar Sigurðsson úr heilbrmrn., sem hefur unnið að frv.-gerð um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, Þóri Hilmarsson brunamálastjóra, Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, og kynnti n. sér viðhorf þessara aðila á einum fundi nefndarinnar.

Það var margt, sem kom fram í viðtölum við þessa aðila, sem skýrir þetta mál. Hallgrímur Dalberg, sem var formaður þeirrar nefndar sem vann að frv., tjáði félmn. m. a., að úttekt hefði verið gerð á 165 vinnustöðum í landinu og þar skoðað í hvernig ástandi þessi mál eru í raun og veru, sem undirstrikar nauðsyn þess að um þetta verði sett löggjöf. Ingimar Sigurðsson, sem er að ganga frá frv. til l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lét þá skoðun í ljós, að eðlilegra hefði verið að hans mati að þessi mál hefðu verið athuguð samtímis, en taldi þó að hann hefði gengið þannig frá hinu frv., sem væntanlega verður lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, að það ætti ekki að vera vandkvæðum bundið, að þetta frv., ef að lögum yrði, yrði sérlög, og ekki mundi vera um mikla skörun að ræða. Hins vegar kom fram í viðtölum við brunamálastjóra, að hann telur mjög óljóst, hvernig verður með þá stofnun eða þau lög sem sú stofnun starfar eftir, það væri að hans mati ekki ljóst, hvort sú stofnun yrði lögð niður eða ætti að starfa áfram að einhverju leyti.

Það kom einnig fram í þeim viðræðum, sem n. átti við formann mefndarinnar sem samdi frv., að það hafði verið haft samráð við fulltrúa í landbúnaði í sambandi við samningu frv. Það kom fram, að búnaðarmálastjóri og verkfræraráðunautur Búnaðarfélagsins ásamt yfirdýralækni hefðu verið á nokkrum fundum nefndarinnar og hefðu þeir fengið sérstaklega til meðferðar það, sem snertir öryggismál í landbúnaði, og tjáð sig við nefndina um viðhorf sitt í þeim málum. Í samtali við fulltrúa Stéttarsambandsins kom til umræðu sú breyting sem Ed. gerði á frv. í sambandi við bráðabirgðaákvæði, þar sem

segir að félmrh. skuli fyrir 1. júní 1981 setja reglugerð um þau ákvæði laga þessara sem snerta landbúnaðinn. Skal þar m. a. kveðið á um aðild Stéttarsambands bænda að ákvörðunin um þau ákvæði laganna er sérstaklega varða landbúnaðinn. Reglugerðin skal samin í samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands. Þetta er mjög afdráttarlaus tilvitnun í lögin, þannig að það mun vera ljóst samkv. þessu að þau atriði, sem helst er um að ræða að gætu valdið ágreiningi í sambandi við málefni landbúnaðarins, ættu að geta komist í því formi inn í þessi lög sem bændasamtökin gætu fellt sig við.

Það er vissulega galli á frv., að ekki er nógu greinilega tekið fram gildissvið og framkvæmd laganna, hvorki í frv. sjálfu né í aths. með frv. Það er m. a. óljóst hvernig eða hvort aðrar stofnanir verða lagðar niður eða starfsemi þeirra minnkuð. Enn fremur er það galli, að engin áætlun eða spá fylgir frv. um rekstrarkostnað Vinnueftirlitsins eða sparnað sem af sameiningu stofnana leiðir. Þess vegna varð félmn. sammála um að setja í nál. ákvæði um þetta atriði sem er þannig, að þrátt fyrir þau ákvæði til *bráðabirgða í frv., þar sem gert er ráð fyrir að endur*skoðun laganna skuli fara fram eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra, telur n. nauðsyn bera til, vegna ágreinings um túlkun ýmissa ákvæða í frv. svo og margra óljósra atriða, að stjórnvöld láti í sumar gera úttekt á gildissviði og framkvæmd laganna að því er varðar ýmsar *stofnanir, ný lagafrv. og eldri lög, sem frv. gerir ráð fyrir* að falli undir hin nýju lög að einhverju eða öllu leyti. Jafnframt verði lögð fram áætlun um rekstrarkostnað Vinnueftirlits og sparnað sem sameining stofnana leiðir til. Og enn fremur segir í nál.: „Nauðsynlegt er að þessi úttekt liggi fyrir áður en Alþ. kemur saman á ný næsta haust, svo að Alþ. geti gert viðeigandi lagabreytingar, ef ástæða þykir til, áður en lögin taka gildi 1. jan. 1981."

Það er sameiginlegt álit okkar í n., að við teljum þetta mjög mikilvægt framfaramál sem brýnt sé að verði að lögum, og það er eindreginn vilji þeirra, sem sömdu frv. að það nái fram að ganga. Það var mjög mikilvægt að n. næði samstöðu um málið og var sammála um að leggja til að frv. yrði samþ. óbreytt eins og það nú liggur fyrir, enda liggi fyrir að ríkisstj. fallist á álit n. samkv. framansögðu, eins og ég hef áður bent á. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja sérstökum brtt. sem fram kynnu að koma við málið.

Hæstv. félmrh. fékk að vita þetta viðhorf n. og varð fúslega við þeim ábendingum, að þegar málið kæmi hér til afgreiðslu yrði hann reiðubúinn að gefa þá yfirlýsingu sem n. hefur óskað eftir.

Ég vil svo vænta þess, að samstaða náist hér í hv. d. um að afgreiða þetta mál greiðlega fyrst okkur tókst að ná algerri samstöðu í félmn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. félmn. fyrir rösklega unnin störf að þessu flókna frv. sem hér er um að ræða. Og einnig af því að ég átti ekki kost á því að vera við afgreiðslu málsins í Ed. í síðustu viku, þá vildi ég koma á framfæri, þó að það *væri ekki nema fyrir þingtíðindin*, þakklæti til n. þar fyrir það hvernig hún hefur unnið að þessu máli.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. frsm. n., Alexander Stefánsson, sagði hér áðan, að það er ákaflega mikilsvert að samstaða hefur náðst í n. um þetta stóra mál, og ég tel að það sé ekki nema sjálfsagt að verða við þeirri ósk n., sem birtist í nál. á þskj. 504, en þar er lögð á það áhersla, að stjórnvöld láti í sumar „gera úttekt á gildissviði og framkvæmd laganna, að því er varðar ýmsar stofnanir, ný lagafrv. og eldri lög, sem frv. gerir ráð fyrir að falli undir hin nýju lög að einhverju eða öllu leyti. Jafnframt verði lögð fram áætlun um rekstrarkostnað Vinnueftirlits og sparnað sem sameining stofnana leiðir til."

Í nál. segir enn fremur: „Nauðsynlegt er að þessi úttekt liggi fyrir áður en Alþingi kemur saman á ný næsta haust, svo að Alþingi geti gert viðeigandi lagabreytingar, ef ástæða þykir til, áður en lögin taka gildi 1. jan. 1981."

Í framhaldi af þessu áliti n. vil ég láta það koma fram, að ég mun gera til þess ráðstafanir, strax og hv. Alþ. hefur afgreitt frv. þetta, að kalla saman þá nefnd sem undirbjó frv. Ég mun óska eftir því, að n. ræði við þá aðila sem einkum koma við sögu og þetta mál einkum snertir, m. a. þá aðila sem hreyft hafa gagnrýni hér á hv. Alþingi. Ég mun einnig óska eftir því við n., að hún skili til félmrh. skriflegri skýrslu um málið sem ég geti lagt fyrir Alþingi í haust, þannig að þm. geti gert það upp við sig sjálfir, ef ríkisstj. teldi ekki til þess ástæðu, hvort þeir telja nauðsynlegt að flytja frv. til l. um breytingu á hinum nýsamþykktu lögum sem tæki þá gildi frá og með 1. jan. 1981.

Ég vil einnig geta þess hér, að í athugun eru sérstaklega í tengslum við þetta frv. ákvæði sem í gildi eru í landinu um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Hefur verið unnið að samningu frv. sem nær til verksviðs laganna um heilbrigðiseftirlit, um geislavarnir og um eiturefni. Einnig hefur verið rætt um að í sama frv. verði ákvæði um samstarf þessara mikilvægu þátta heilbrigðiseftirlitsins við áfengisvarnir og reykingavarnir. Þetta frv. er í undirbúningi og ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. geti lagt það fyrir Alþ. á næsta hausti.

Þá vil ég og geta þess, að núv. ríkisstj. hefur sett af stað sérstaka athugun á málefnum Brunamálastofnunar ríkisins. Í skipunarbréfi nefndar, sem um þau mál fjallar, eru henni sett þau tímatakmörk að hún skili áliti, að mig minnir, síðsumars, í ágúst eða sept. Það ætti þá að vera unnt að taka mið af því nál. þegar athugað verður fyrir áramót, hvort nauðsynlegt verður þá talið af hv. Alþ. að lagfæra einhver ákvæði þess viðamikla frv. sem ég vænti að hv. Alþ. lögfesti nú þegar á næstu sólarhringum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. er félmn. þessarar hv. d. sammála um afgreiðslu þessa máls, og ég vil taka undir það, sem kom fram í ræðu hans um það, hvernig að afgreiðslu málsins var staðið. Frá mínum bæjardyrum séð var það algert skilyrði þess, að ég skrifaði undir nál., að í því væru þeir fyrirvarar sem hér hafa komið fram og verið lýst í ræðu hv. frsm. og eins hæstv. ráðh. Og ég legg á það áherslu, sem kom fram í máli hæstv. ráðh., að málið verði opnað, ef svo má segja, í hálfa gátt í sumar af stjórnvöldum og þeirri nefnd sem undirbjó lögin, svo að þeir aðilar, sem hafa sett fram ýmsar breytingarhugmyndir varðandi lagafrv., geti komið þeim á framfæri við þessa nefnd og í haust liggi fyrir úttekt sem þm. geta síðan skoðað og þá metið hvort ástæða sé til þess að efna til brtt. við þessi væntanlegu lög eða önnur lög sem þetta mál snertir.

Það mun hafa verið megintilgangur þessarar lagasmíðar að sameina ýmsar stofnanir sem sinna eftirlitsstörfum á vinnustöðum, vinna að hagræðingu, betri að-

búnaði, meira öryggi og betri hollustuháttum á vinnustöðum. Ræturnar liggja til samkomulags sem gert var milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. 1977, og þetta frv. er afsprengi þeirrar samvinnu sem þá skapaðist. Það er þó rétt að taka fram, að ekki er hægt að segja að í þessu frv. birtist endilega stefna þeirrar ríkisstj. sem þá sat að völdum, því að hún lofaði því á grundvelli ákveðinna viðhorfa að láta vinna þetta lagafrv. sem nú er verið að afgreiða úr hv. d. En eins og ætíð vill verða þegar um stórkostlegar breytingar er að ræða, þá koma upp ýmis vandamál og þetta frv. er engin undantekning hvað það varðar.

Mig langar til að benda í örfáum orðum á nokkur atriði, sem sýna þá erfiðleika sem um er að ræða, og vekja þannig athygli á nokkrum gagnrýnisatriðum, sem fram komu í meðförum málsins, bæði hjá hv. félmn. Ed. og eins n. sem starfaði í þessari hv. deild.

Í fyrsta lagi eru nokkur atriði sem tengjast gildissviði annarra laga og skara önnur lög og aðrar stofnanir en Vinnueftirlit ríkisins, sem gert er ráð fyrir að stofna samkv. þessu lagafrv. Hæstv. ráðh. nefndi það, að nú liggja fyrir frumvarpsdrög um endurskoðun á lögunum frá 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Þessi frumvarpsdrög eru tilbúin og formaður nefndarinnar, Ingimar Sigurðsson deildarstjóri í heilbrmrn., kom á fund félmn. og sagði þar, að vissulega væri mikil skörun á milli þessara tveggja lagabálka, en tók það jafnframt fram, að þeir í hans nefnd hefðu undirbúið sína lagasmíð með þeim hætti, að þau lög væru almenns eðlis, en það frv., sem hér er til umr., væri frv. til sérlaga sem giltu umfram hin almennu lög. Engu að síður er það vitað, að fjölmargir, sérstaklega þeir sem starfa á heilbrigðissviðinu, eru óánægðir með að hollustuhættir og ýmis heilbrigðismál, er snerta vinnustaði, heyri ekki lengur undir aðila í heilbrigðiskerfinu. Þetta snertir lög og lagafrv. sem nú liggur fyrir.

Næst vil ég víkja að stofnun, sem ekki er alveg ljóst hvort hverfa á, þegar þetta lagafrv. verður samþ., eða hvort hún kemur til með að lifa af, en það er Brunamálastofnunin. Forstjóri hennar kom á nefndarfund og sagði að hann teldi að þessi lög, sem hér er verið að setja, mundu á engan hátt skerða rétt hans og völd, ef ég má nota hugtakið völd í þessu sambandi, kýs þá að setja það innan gæsalappa. Hins vegar kemur það glögglega fram í áliti hagsýslustjóra, að hann telur að Brunamálastofnunin muni að langmestu leyti og jafnvel öllu leyti leggjast af, leggjast niður. Um þetta eru deildar meiningar og auðvitað þarf niðurstaða um þetta að liggja fyrir áður en Alþ. sleppir endanlega höndum af þessari lagagerð.

Í þriðja lagi vil ég nefna dæmi í þessu sambandi um gildissvið laganna og það snertir fiskiðnaðinn. Það kemur fram í bréfi frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, að þar er um skörun að ræða, því að Framleiðslueftirlit sjávarafurða hefur eftirlit með vissum þáttum fiskiðnaðarins, en það er gert ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir til samþykktar, að þessi nýja stofnun, Vinnueftirlit ríkisins, eigi að hafa með þau mál að gera. Engin svör hafa fengist um þetta atriði og það þarf að liggja klárt fyrir í haust, hvernig á þeim málum verður haldið. Ég vil nefna sérstaklega í þessu sambandi, að það hefur starfað nefnd til skamms tíma sem fjallar um Framleiðslueftirlit fiskiðnaðarins. Á einum stað í áfangaskýrslu þeirrar nefndar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stofnunin hefur vaxið langt umfram það sem eðlilegt er.“

Ég held að það sé full ástæða fyrir hv. Alþ. að átta sig á því, þegar efnt er til eða stofnað eða sett er á laggirnar stofnun á borð við Vinnueftirlit ríkisins, hvernig sú stofnun kemur til með að þróast. Ég nefni Framleiðslueftirlitið sem dæmi um stofnun sem nú er unnið að endurskoða, og vissulega væri fróðlegt að frétta af þeirri endurskoðun um þessar mundir, hvort við hana hafi verið hætt við stjórnarskipti eða hvort henni verður haldið áfram. Ég býst ekki við að það gefist tækifæri hér til þess að fara frekar út í þá sálma, en ég nefni þetta atriði þar sem ég tel að ýmsar stofnanir, sem settar eru á laggirnar og líta sakleysislega út í upphafi, hafi tilhneigingu til þess að þenjast út. Og komi upp óhappatilvik, sem má kannske að einhverju leyti rekja til mannfæðar, er reynt að efla viðkomandi eftirlitsstofnanir, sem auðvitað er vonlaust ef koma á í veg fyrir skaðann, því að ábyrgðin verður auðvitað fyrst og fremst að hvíla á þeim, sem vinna við framleiðsluna, og þeim, sem hafa með vinnustaðinn að gera, og að því leyti til er rétt stefna í því lagafrv. sem hér er til umr.

Annað, sem ég vil nefna og ekki er alveg skýrt og ljóst samkv. þessum frv., er það, hvernig fer með fyrirtæki þar sem starfsmannafjöldi er misjafnt frá einum tíma til annars, eins og t. d. gerist við saltfiskverkun, þar sem stundum — við skulum segja hálft árið — eru 4—5, 6—7 menn starfandi, en á vissum hluta ársins yfir 50 starfsmenn. Þá hefur verið bent á óvenjulega mikið vald, sem Vinnueftirliti ríkisins er fengið í hendur með 82. gr., sem er nokkurs konar lögregluvald og finnst varla í íslenskum rétti nema í tollalögum og lögum sem snerta lögreglulið ríkisins.

Næst hefur verið bent á IX. kafla frv., sem fjallar um vinnutímann, og spurt hvort ástæða sé til þess að hafa slík ákvæði í lögum, hvort þau eigi ekki fremur heima í samningum, enda sýnist á frv. að þessi ákvæði séu opnuð og það sagt, að slíkt tilheyri síðan samningum vinnuveitenda annars vegar og launþega hins vegar. Þetta hefur verið gagnrýnt frá tveimur mismunandi hliðum. Annars vegar frá þeim, sem segja að slíkt eigi ekki að setja í lög vegna þess að þetta séu kjaraatriði, og hins vegar frá mönnum úr heilbrigðiskerfinu, sem segja að hvíldartími manna geti aldrei orðið samningsatriði né heldur lagaatriði, heldur hljóti það að hvíla á læknisfræðilegum athugunum.

Og að lokum varðandi óljósar hugmyndir í þessu frv. vil ég minna á að ekkert segir í frv. um það, hvort starfsmenn beri sjálfir ábyrgð á sínum gerðum, ef þeir fara ekki eftir þeim öryggisreglum sem sem er verið að setja í þessari löggjöf.

Þá vík ég örlítið að kostnaðinum. Það er alveg ljóst, að engar hugmyndir liggja fyrir um það, hve mikið þetta muni kosta í framkvæmd, og í umsögn hagsýslustjóra er ekki hægt að lesa nokkuð um það, hvað ríkisvaldið þarf að greiða til þess að halda slíkri stofnun sem þessari gangandi. Þá kemur fram í áliti hagsýslustjóra, að hann talji að markaðir tekjustofnar séu óæskilegir. Það samræmist þeirri hugmynd sem fram hefur komið margoft í hv. Alþ. og í hv. fjvn. M. a. er þessa dagana einmitt verið að brjóta niður þessa mörkuðu tekjustofna með lánsfjárlögum, án þess þó að breyta lögum til frambúðar, heldur aðeins til stutts tíma í senn.

Þá er annar þáttur, sem snertir kostnaðinn sérstaklega, og það er iðgjaldamálið. Ekki sýnist glögglega frá því

gengið í frv. hvernig flokka á iðgjaldið á fyrirtæki og hvort taka eigi tillit til þess áhættumunar sem er á fyrirtækjum eftir því við hvaða störf er fengist. Þetta kemur ekki nægilega vel fram í 77. gr. frv.

Þá má benda á í sambandi við kostnaðinn að Vinnuveitendasambandið hefur sagt að ýmis tæki, sem nauðsynlegt er að eiga til þess að hægt sé að ná fram þeim atriðum sem frv. gerir ráð fyrir að náist fram, eru tæki sem á er lúxustollur. Og þeir benda á að ef ríkisvaldið vill ýta undir að fyrirtæki eignist slík öryggistæki og hollustutæki, ef ég má nota það orðalag, þurfi ríkisvaldið að koma til móts við fyrirtækin með því að lækka tolla eða með öðrum hætti.

Þá vil ég að lokum nefna að ýmsir hafa lýst sig óánægða með það, að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi, og telja að full ástæða hefði verið til að fresta málinu til hausts. Vil ég þar nefna Stéttarsamband bænda, heilbrigðisyfirvöld, landlækni og forstöðumann Heilbrigðiseftirlits og loks að einn aðilinn, sem stóð að samningu þessa frv., Vinnuveitendasamband Íslands, fór ákveðið fram á að málinu yrði frestað til haustsins.

Margt fleira mætti telja. Ég hef tínt hér upp nokkur atriði til þess að benda á að í raun og veru var félmn. Nd. sett í ákveðinn vanda þegar hún fékk þetta mál til meðferðar nú á lokadögum þingsins. Við tókum hins vegar þá stefnu í þessari n., enda mjög sáttfúsir menn, að láta frv. fara í gegn eða leggja til að það yrði samþ. í þeirri von að í sumar yrði unnið frekar að þessum málum. Allir nm. skrifuðu þess vegna undir nál. með þeim fyrirvara. Og nú hefur hæstv. félmrh. lýst að hann vilji vinna að málinu með þessum hætti. Ég er þakklátur honum fyrir þá yfirlýsingu og vænti þess, að þetta mál verði skoðað í sumar með tilliti til þeirra atriða, sem ég hef nefnt hér, og þeirra fjölmörgu atriða annarra, sem komið hafa fram við skoðun málsins í nefndum beggja deilda.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég legg mikla áherslu á að ljúka umr. um þetta mál fyrir kl. 7, ef hv. þdm. vilja veita aðstoð sína til þess að svo megi verða.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég mun verða stuttorður svo að ég mun ekki hindra það að forseti geti lokið umr. Ég ræddi þetta mál nokkuð ítarlega við 1. umr. og út af fyrir sig get ég verið sæmilega ánægður með þá niðurstöðu félmn., að þetta frv., eins og það liggur fyrir, hafi ekki verið svo vel skoðað að þeir vilji láta samþykkja það frá Alþingi óðru vísi en að tryggja það, að frv. fari strax í endurskoðun. Ég er búinn að vera nokkuð mörg ár hér á Alþ. og ég man ekki til að það hafi nokkurn tíma gerst, að n. hafi afgreitt mál þannig að negla það niður að lögin, sem er verið að afgreiða, fari í endurskoðun áður en þau taka gildi. Man ég ekki til þess að þetta hafi nokkurn tíma komið fyrir. (Gripið fram í.) Það hlýtur að vera.

Ég ræddi þetta mál ítarlega við 2. umr. og ætla ekki að fara að taka neitt upp af því sem ég sagði annað en það, að ég gat um það, að ég mundi ekki geta greitt atkv. með frv. ef landbúnaðurinn yrði ekki tekinn út úr þessu eða það yrði tryggt að hann yrði athugaður fyrir gildistökuna, sem ég tel að sé ekki með samþykkt þessa frv., því að bráðabirgðaákvæðið, sem samþykkt var í Ed. og stendur óhaggað, er á þá leið, að það verði komin reglugerð fimm eða sex mánuðum eftir að lögin hafa tekið gildi eða um mitt ár 1981, ef ég man rétt. Ég tel að það hefði verið réttast, eins og málið stendur, að afgreiða frv. ekki á þessu þingi, þar sem lögin eiga ekki að taka gildi fyrr en í ársbyrjun 1981.

Það er enginn vafi á því, að það er full þörf á því að reyna að koma í veg fyrir slys og auka eftirlit, en það er ekki sama hvernig að því er staðið. Hæstv. félmrh. gat um það, að t. d. væri nefnd að athuga málefni Brunamálastofnunar. Ég hef ekki séð það erindisbréf sem sú nefnd hefur fengið, en einhvern veginn hef ég fengið það á tilfinninguna, að nefndinni hafi ekki verið falið það í raun og veru að taka út verksvið Brunamálastofnunar og hvaða mannskap hún þyrfti til starfa. (Gripið fram í.) Ég bið þá afsökunar, enda tók ég það fram, að ég hef álitið að það væri á annan veg. En hæstv. félmrh. upplýsir að það sé misskilingur og er það vel. Hjá Brunamálastofnun eru sérfræðingar eða eiga að vera eftir anda laganna, og þeirra verkefni eiga að vera ráðleggingar og fyrirbyggjandi aðgerðir, en ekki annað, þannig að ég veit ekki og skal ekkert meta það — ég hef ekki þekkingu til þess — hvort þetta fer saman við þá stofnunin sem hér um ærðir. En það var auðvitað ekki tími til fyrir félmn. að fara ofan í þetta frv. eins og þyrfti. Þetta eru 100 greinar og þeir hafa fengið eina 3—4 daga til að starfa, enda er niðurstaða n. eins og ég hef lýst.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Örfá orð. Ég tek það fram í upphafi, að ég minnist ekki á málflutning síðasta ræðumanns.

Í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, má segja að vilji hafi verið í félmn. til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu og tryggja að þetta mál næði fram að ganga. Það þarf hins vegar ekki að þýða að menn séu nákvæmlega sömu skoðunar um einstakar greinar frv., eins og kom réttilega fram hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni. Ég skal ekki heldur vera að deila við hann í löngu máli, fjarri því. Ég vil aðeins ítreka það, sem kom fram hjá frsm. um eðli þessa frv., og lesa hér lítið eitt upp úr 5. gr.:

„Í fyrirtækjum, þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri skal atvinnurekandi tilnefna einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu tilnefna annan úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann. Þeir skulu í samvinnu fylgjast með því, að aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað séu í samræmi við lög þessi."

Og í 6. gr. segir:

„Í fyrirtækjum, þar sem eru 20 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti, o. s. frv. og hafa eftirlit á vinnustöðum."

Það, sem fyrst og fremst kemur þarna fram, er að það er verið að gera hinn almenna mann á vinnustaðnum virkan, að það séu ekki eingöngu launaðir embættismenn, heldur er verið að tryggja að á vinnustaðnum sjálfum séu sérstakir trúnaðarmenn frá báðum aðilum, þannig að það sé vakandi eftirlit og vinnumálaeftirlitið geti haft samband við þessa aðila. Í langsamlega flestum greinum frv. er það einmitt inntakið að tryggja þetta samband, fá fleiri virka á vinnustaðnum. Þetta er það, sem hefur reynst hjá þjóðum, sem eru tæknivæddari en við, það langsamlega virkasta.

Ég ætla ekki að fara að taka upp deilur við hv. þm. Friðrik Sophusson. Aðeins í sambandi við kostnaðinn af þessu frv. vil ég taka fram, að sú tillaga um greiðslufyr-

irkomulag, að það sé greitt eftir sömu reglum og segir í 77. gr., sömu reglum og sjúkratryggingagjöld, hún er komin frá fulltrúum Vinnuveitendasambandsins. Vinnuveitendur sjálfir vilja leggja á sig þennan kostnað, vegna þess að þeir eru ekki vissir um að þetta sé kostnaður þegar allt kemur til alls, heldur jafnvel sparnaður — og örugglega sparnaður.

Það er þessi tilgangur og það eru þessi efnisatriði sem skipta höfuðmáli. Vitanlega er tekið fram í 77. gr., og skal ég ekki vera með lagaskýringar við frv., enda ástæðulaust þar sem við erum búinir að ná samkomulagi um þetta, en vitanlega er gert ráð fyrir að Vinnueftirlitið skili sinni fjárhagsáætlun eins og önnur ríkisfyrirtæki. Í fjölmörgum tilfellum er þetta beinn sparnaður, og það er ekki minnsti vafi á því, að ef á að leggja niður stofnanir og, eins og hv. þm. Friðrik Sophusson benti á, ef verkefni stofnana skarast, þá var nú hugsunin með frv. að forstjórar viðkomandi fyrirtækja hefðu samstarf, hittust ársfjórðungslega, og reyndar er gert ráð fyrir þessu í frv. sjálfu. Í sambandi við það, sem hér hefur verið allt of mikið rætt að mínu mati, Brunaeftirlit ríkisins, segir í 73. gr., með leyfi forseta:

„Ráðh. skal skipta stofnuninni í deildir, svo sem rekstrardeild, eftirlitsdeild, fræðslu- og upplýsingadeild, brunamáladeild, atvinnusjúkdóma- og heilsugæsludeild o. fl., að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Ráðh. skal setja reglur um skiptingu landsins í eftirlitsumdæmi að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar.

Ráðh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd á lögum þessum."

Það er vissulega rétt, að því er ekki endanlega slegið föstu hvað verður um Brunamálastofnun, en það er alveg fullkomlega gert ráð fyrir því hér, að þarna sé hægt að færa saman stofnanir. Eins er náttúrlega verkefni þeirrar nefndar, sem skilar áliti í haust um nýja heilbrigðislöggjöf, að gæta þess að verkefni skarist þar ekki.

Ég held að þó freistandi væri að fara ítarlega í nokkrar fleiri greinar, þá sé það óþarfi eins og málum er komið. Ég ræði ekki orð hv. 2. þm. Norðurl. e., en hitt vil ég láta í ljós í sambandi við þetta frv. og samþykkt þess, að ég er ekkert smeykur við það að þarna séu athugaðar ýmsar greinar og jafnvel séu sett ákvæði þar sem stofnanir og verkefni þeirra skarast. Með þessu er stigið mjög merkt skref í öryggismálum á vinnustöðum og verður ábyggilega síðar talinn heilladrjúgur áfangi og ein besta heilsuvernd sem hægt er að skapa vinnandi fólki. Um þetta erum við nm. sammála, og ekki ætla ég að fara að deila hér við aðra nm. um túlkun á neinni grein. Að vísu er ekki alveg nákvæmlega sama túlkun okkar hv. þm. Friðriks Sophussonar, en það skiptir minnstu máli. Þetta fær sína meðferð og þetta verður skoðað betur í sumar og við getum þá kannske eitthvað deilt. Aðalatriðið er þetta, að þarna komi þáttaskil í íslenskri öryggislöggjöf. Þetta erum við sammála um. Það er atriði nr. eitt, tvö og þrjú í þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
4.—10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
12.—36. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
37.—40. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
41.—44. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
45.—49. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
50.—51. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
52.—58. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
59.—63. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
64.—72. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
73.—89. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
90.—98. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
99. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
100. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 77. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, að loknum 76. fundi.

Sjómannalög, frv. (þskj. 525, 496). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil endurtaka það sem ég sagði við 2. umr., að ég tel að samgn. þessarar d. hafi unnið mjög gott starf í þessu máli og skoðað það vandlega á stuttum tíma. Hins vegar, eins og ég sagði einnig, er málið ákaflega viðkvæmt og eins og mönnum hér er ljóst hafa komið fram við frv. ýmsar aths., ekki síst frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem getið var við 2. umr.

Ég vil því lýsa því hér yfir nú, að ég mun leggja á það áherslu við meðferð málsins í Ed., að samgn. þeirrar d. taki þær aths. til meðferðar og geri tilraun til að ná samkomulagi með útvegsmönnum og sjómönnum.

Ég legg á það ríka áherslu, að mál þetta fái afgreiðslu á þessu þingi, og leyfi mér að vona að þessi málsmeðferð geti sætt þá aðila sem kunna að vera á öndverðum meiði um einstök atriði þessa máls. Mér hefur heyrst á öllum að menn vilji að málið fái framgang, og ég vil því láta þetta koma fram að gefnu tilefni.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég gat þess við 2. umr. um þetta frv. í gær, að mér hefði ekki verið kunnugt um annað en að þeir aðilar, sem málið snerti, hefðu verið nokkurn veginn ásáttir með frv. eins og það var þegar ráðh. lagði það fyrir Alþ. í vetur. Með tilliti til þess svo og þess grundvallarsjónarmiðs, að ekki eigi með lagaboði að hrófla við samningum aðila nema í ítrustu neyð og í sérstökum undantekningartilfellum, flutti ég við 2. umr. brtt. við 3. mgr. frv. sem færði þann þátt þess til upphaflegs horfs.

Ég hafði hugsað mér að sýna þá till. aftur við 3. umr. og jafnvel bæta þar við annarri, eins og ég gat um í ræðu minni í gær. En nú þegar hæstv. samgrh. hefur gefið þá yfirlýsingu, sem menn hafa heyrt, mun ég, í trausti þess að ráðh. beiti sér fyrir því að leiðrétting verði gerð á frv. í Ed., ekki flytja brtt. að þessu sinni, tel það vænlegra heldur en fara að efna til umr. um það á þessu stigi hér í

deildinni.

ATKVGR.

Brtt. 496 tekin aftur.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lántaka Bjargráðasjóðs, frv. (þskj. 393). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 529).

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 527). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 143). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 530).

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 528). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:4 atkv. og afgr. til Ed.

Öryggi á vinnustöðum, frv. (þskj. 426 (sbr. 18)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbriðgi samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 531).

Sameinað þing, 14. maí.

Opinber gjöld af tónlistarvarningi.

Skriflegt svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Vilmundar Gylfasonar um opinber gjöld af tónlistarvarningi, á þskj. 337, afhent þm. 14. maí.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvað hafði ríkissjóður mikið fé, með tollum og með öðrum hætti, af seldum tónlistarvarningi á árinu 1979:
a) seldum hljómplötum,
b) seldum hljóðfærum,
c) seldum hljómflutningstækjum?

Óskað er eftir skriflegu svari.

Hér á eftir mun leitast við að svara framkominni fyrirspurn með hliðsjón af áætluðum tekjum ríkissjóðs á árinu 1979 með tilliti til upplýsinga sem aflað hefur verið frá Hagstofu Íslands um heildarinnflutningsverðmæti nefndra vöruflokka þar sem upplýsingar um sölu vara þessara innanlands á sama tíma eru ekki fyrir hendi. Innlend framleiðsla er annaðhvort mjög lítil eða engin á þessum vörum og er því ekki gerð hér grein fyrir tekjum ríkissjóðs af henni.

Sérstök grein er gerð fyrir söluskattstekjum í heild vegna vöruflokka þeirra sem fyrirspurnin varðar.

Hljómplötur. Engar tölulegar upplýsingar eru fyrirliggjandi um innflutning á hljómplötum sérstaklega. Hins vegar var heildarinnflutningsverðmæti (c. i. f.) á hljómplötum, böndum og miðlum með áteknu efni, íslensku og erlendu, 420 m.kr. Tolltekjur ríkissjóðs af vörum þessum eru taldar hafa numið 284 m.kr. Sérstakt tímabundið vörugjald var fellt niður af miðlum með íslensku efni með bráðabirgðalögum nr. 74/1979 um breyting á lögum nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald og er gjaldið nú eingöngu innheimt af miðlum með erlendu efni. Vörugjaldstekjur ríkissjóðs af vörum þessum, að teknu tilliti til ofangreindrar niðurfellingar á gjaldinu, eru áætlaðar um 200 m.kr.

Hljóðfæri. Hljóðfæri voru flutt inn fyrir um 407 m.kr. Tollur á vörum þessum er frá 0% til 50% og má gera ráð fyrir að tolltekjur hafi numið um 136 m.kr. Vörugjald var fellt niður af vörum þessum með fyrrnefndum lögum nr. 74/1979. Tekjur vegna innheimtu vörugjaldsins fram til þess tíma eru áætlaðar um 71 m.kr.

Hljómflutningstæki. Á árinu 1979 nam heildarinnflutningur hljómflutningstækja 1.250 m.kr. Gera má ráð fyrir að tolltekjur hafi numið um 763 m.kr. og vörugjaldstekjur um 575 m.kr.

Að því er varðar tekjur ríkissjóðs vegna innheimtu söluskatts af ofangreindum vöruflokkum skal tekið fram að erfitt er með stuttum fyrirvara að gefa upplýsingar í þeim efnum þar sem álagning er mjög breytileg, ýmist frjáls eins og á hljómplötum eða ákveðin af verðlagsyfirvöldum. Sé gengið út frá 30% meðaltalsálagningu má

frjáls eins og á hljómplötum eða ákveðin af verðlagsyfirvöldum. Sé gengið út frá 30% meðaltalsálagningu má ætla að söluskattsgjaldstofninn hafi numið um 5.468 m. kr. og söluskattstekjur numið um 1.203 m. kr.

Úthlutun úr Aldurslagasjóði fiskiskipa.

Skriflegt svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Stefáns Jónssonar um úthlutun úr aldurslagasjóði fiskiskipa, á þskj. 438, afhent þm. 14. maí.

Í tilefni af fyrirspurn Stefáns Jónssonar á þingskjali 438 til sjávarútvegsráðherra sneri ráðuneytið sér til Aldurslagasjóðs fiskiskipa með beiðni um umbeðnar upplýsingar, sem fylgja hér með í ljósriti.

Óskað var eftir skriflegu svari.

Steingrímur Hermannsson.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Reykjavík, 12. maí 1980.

Sjávarútvegsráðuneytið,
Reykjavík.

Fyrirspurn um úthlutun úr Aldurslagasjóði fiskiskipa:

Með vísan til bréfs ráðuneytisins, dags. 7. maí 1980, varðandi ofangreint upplýsist eftirfarandi:

Aldurslagasjóður fiskiskipa starfar skv. II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og tók til starfa 1. júlí 1978.

Meðfylgjandi skrár sýna bætur, er veittar hafa verið úr sjóðnum frá upphafi og til dagsins í dag, og ættu að fullnægja a- og b-lið spurningarinnar þar sem skv. 6. mgr. 9. gr. laganna um Aldurslagasjóð eru vélar og tæki úr skipi, sem eytt hefur verið, eign skipseiganda.

Virðingarfyllst,
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
Páll Sigurðsson.

Bætur úr Aldurslagasjóði fiskiskipa.

Útgerðaraðilar	Nöfn skipa	Stærð	Smíðaár	Smíðaár véla	Bætur
Björn & Einar s/f, Ólafsvík	495 — Garðar SH. 154	39	1954	1972	5 850 000
Halldór Lárusson, Keflavík	282 — Illugi VE. 101	50	1946	1959	7 500 000
Þórólfur Sveinsson, Grindavík	440 — Völsungur GK. 363	52	1954	1970	7 800 000
Sigurpáll Einarsson, Grindavík	101 — Símon GK. 350	141	1958	1974	21 150 000
Samúel Samúelsson, Húsavík	339 — Unnur ÁR. 180	10	1915	1972	1 500 000
Magnús Ásgeirsson o. fl., Grindavík	66 — Guðm. Þórðars. RE. 70	161	1957	1957	24 150 000
Þráinn Sigurðsson, Vestmannaeyjum	270 — Björgvin VE. 72	39	1949	1970	5 850 000
Hörður Sigurvinsson, Ólafsvík	621 — Sigurvin SH. 107	62	1947	1962	9 300 000
Björgvin h/f, Stykkishólmi	341 — Björgvin SH. 21	69	1947	1960	10 350 000
Jakob Jónatansson, Þorlákshöfn	373 — Trausti ÁR. 71	52	1943	1973	7 800 000
Kristbjörn Eydal o. fl., Ísafirði	935 — Þristur ÍS. 168	15	1926	1967	2 250 000
Þór Vilhjálmsson, Vestmannaeyjum	668 — Burstafell VE. 35	48	1944	1960	7 200 000
Steindór Sighvatsson, Stykkishólmi	550 — Gunnar Ingi GK. 250	20	1934	1958	3 000 000
Guðmundur Rósmundsson, Bolungarvík	580 — Hrímnir ÍS. 140	26	1935	1953	3 900 000
Reynir Gunnarsson, Reyðarfirði	445 — Sunna SU. 222	47	1944	1974	7 050 000
Ísak Valdimarsson, Neskaupstað	800 — Suðurey NK. 37	83	1946	1957	12 450 000
Björgvin Magnússon, Vestmannaeyjum	822 — Reynir VE. 120	45	1954	1975	6 750 000
Austfirðingur h/f, Eskifirði	276 — Votaberg SU. 14	70	1960	1972	10 500 000
Steinunn h/f, Reykjavík	50 — Steinunn RE. 32	144	1956	1956	21 600 000
Sverrir Björnsson, Siglufirði	884 — Viggó SI. 32	7	1943	1949	1 050 000
Ómar Sigurðsson, Blönduósi	414 — Þröstur HU. 130	49	1955	1970	7 350 000
Kjartan M. Sigurðsson, Vestm.	746 — Faldur VE. 138	46	1943	1973	6 900 000
Sigurður Benjamínss. o. fl., Rvík.	611 — Jódís GK. 59	15	1943	1943	2 250 000
Erling Pétursson, Vestmannaeyjum	594 — Bugur VE. 111	65	1947	1968	9 750 000
Gísli Sigmarsson, Vestmannaeyjum	556 — Elliðaey VE. 45	86	1951	1957	12 900 000
					Kr. 216 150 000

Bætur úr Aldurslagasjóði fiskiskipa vegna viðgerða á fúaskemmdum.

Útgerðaraðilar	Nöfn skipa	Stærð	Smíðaár	Bætur
Bjarni Jóhannsson o. fl. Eyrarbakka	575 — Jóhann Þorkelss. ÁR. 24	56	1957	690 000
Skagavík s/f Keflavík	762 — Skagaröst KE. 34	69	1958	453 016
Guðbjartur Einarsson o. fl. Reykjavík	262 — Aðalbjörg HU. 25	30	1935	1 138 830
Jakob Ragnarsson o. fl. Bolungarvík	939 — Öðlingur ÍS. 99	51	1957	5 314 000
Einar Dagbjartsson o. fl. Grindavík	434 — Ólafur GK. 33	36	1945	1 064 000
Haukur Jóhannsson Vestmannaeyjum	759 — Sjöfn VE. 37	50	1935	1 262 600
Einarshöfn h/f Eyrarbakka	922 — Þorlákur helgi ÁR. 11	62	1957	1 300 000
				Kr. 1 222 446

Efri deild, 89. fundur.

Föstudaginn 16. maí, kl. 1 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 17, n. 506, 91, 149, 507, 508, 509, 510). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 508, (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, JH, ÓRG, HÓ, StJ, TÁ, DA, GeirG, GB, HS.

GK, KSG, KJ, LJ, SalÞ, ÞK, EgJ, EG, EKJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (StefG) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég tel óþarfa að samþ. þessa brtt. um markmið laganna, enda ekki alls kostar samþykkur sumu sem þar stendur. Það er aðalsmerki góðrar lagagerðar að það komi fram í efnisatriðum laganna hvert markmið þeirra er, en sé ekki sett fram í málskrúði sem er hrein sýndarmennska. Því greiði ég ekki atkvæði.

Brtt. 598,2 samþ. með 10:3 atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.

Brtt. 509,1 felld með 11:6 atkv.

Brtt. 91 tekin aftur.

Brtt. 508,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 508,4.a samþ. með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJ, ÓRG, HÓ, StJ, TÁ, DA, EG, GeirG, GB, GTh, JH, KSG, HS.

nei: LJ, SalÞ, ÞK, EgJ, EKJ, GK.

1 þm. (StefG) fjarstaddur.

Brtt. 508,4.b samþ. með 16:3 atkv.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 13:6 atkv.

Brtt. 509,2 felld með 13:6 atkv.

Brtt. 508,5 samþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 507,1 (ný 5. gr., verður 6. gr.), samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 508,6 samþ. með 16:3 atkv.

Brtt. 509,3 kom ekki til atkv.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 507,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 509,4.a felld með 10:6 atkv.

Brtt. 509,4.b felld með 11:6 atkv.

Brtt. 510 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EgJ, EG, EKJ, GK, KSG, KJ, LJ, SalÞ, ÞK.

nei: DA, GeirG, GB, GTh, JH, ÓRG, HÓ, StJ, TÁ, HS.

1 þm. (StefG) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karl Steinar Guðnason: Vegna þess að ekki hafa komið fram skýr svör frá stjórnarliðum um, hvort það eina prósent, sem ætlað er til byggingar félagslegra íbúða, verði tekið af tekjum Byggingarsjóðs ríkisins, er nauðsynlegt að fá úr því skorið með flutningi þessarar till. Ég vek athygli á því, að verði till. felld er þar með staðfest að ætlunin sé að setja Byggingarsjóð ríkisins í fjárhagslegt svelti, sem hlýtur að hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir húsbyggjendur. Ég hef hins vegar talið að skilyrði þess, að frv. þetta næði tilgangi sínum, væri það, að Byggingarsjóður ríkisins hefði tekjustofna sína tryggða jafnframt því að Byggingarsjóður verkamanna fengi auknar tekjur. Því segi ég já.

Brtt. 509,4.c felld með 10:6 atkv.

Brtt. 508,7 samþ. með 13 shlj. atkv.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 508,8 samþ. með 10:1 atkv.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 508,9 samþ. með 10:8 atkv.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 508,10 samþ. með 10:3 atkv.

11. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 12:2 atkv.

Brtt. 509,5 felld með 13:6 atkv.

Brtt. 508,11 samþ. með 10:8 atkv.

12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 11:4 atkv.

Brtt. 509,6 felld með 13:6 atkv.

Brtt. 508,12 samþ. með 14:3 atkv.

13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 508,13 (ný 14. gr., verður 15. gr.), samþ. með 10:6 atkv.

Brtt. 509,7 felld með 13:6 atkv.

Brtt. 508,14 samþ. með 18 shlj. atkv.

15. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 508,15 (ný 16. gr., verður 17. gr.) samþ. með 10:1 atkv.

17. gr.(verður 18. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 509,8 felld með 13:6 atkv.

Brtt. 508,16 samþ. með 15 shlj. atkv.

18. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 508,17 (ný 19. gr., verður 20. gr.) samþ. með 10:5 atkv.

Brtt. 508,18 samþ. með 10:3 atkv.

Brtt. 507,3 samþ. með 19 shlj. atkv.

20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 508,19 samþ. með 14 shlj. atkv.

21. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 508,20 samþ. með 13 shlj. atkv.

22. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 508,21 (ný gr., verður 24. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 508,22 (ný gr., verður 25. gr.) samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 508,23 samþ. með 10:1 atkv.
23. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 508,24 samþ. með 14 shlj. atkv.
24. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 509,9 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 508,25 samþ. með 13 shlj. atkv.
25. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 507,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 508,26 samþ. með 18 shlj. atkv.
26. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 507,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
27. gr. (verður 30. gr.), samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 508,27 samþ. með 18 shlj. atkv.
28. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 509,10 felld með 12:6 atkv.
Brtt. 508,28 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 507,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
29. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 508,29 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 509,11.a kom ekki til atkv.
Brtt. 509,11.b felld með 12:6 atkv.
Brtt. 509,11.c samþ. með 18 shlj. atkv.
30. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 508,30 samþ. með 13 shlj. atkv.
31. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 509,12 felld með 10:8 atkv.
Brtt. 507,7 samþ. með 18 shlj. atkv.
32. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 507,8 samþ. með 17 shlj. atkv.
33. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 509,13.b felld með 10:6 atkv.
Brtt. 509,13.a og c-d felld með 10:9 atkv.
Brtt. 508,31.a samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 508,31.b samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 508,31.c samþ. með 10:1 atkv.
34. gr. (verður 37. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 508,32 samþ. með 10:4 atkv.
35. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 508,33 (36. gr. falli niður) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 509,14 kom ekki til atkv.
Brtt. 509,15 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 509,16 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 508,34 (ný 37. gr., verður 39. gr.) samþ. með 13:6 atkv.
Brtt. 508,35 samþ. með 13 shlj. atkv.
38. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 508,36 samþ. með 13 shlj. atkv.
39. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 507,9 (ný 40. gr., verður 42. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 509,17 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 508,37 samþ. með 13 shlj. atkv.
41. gr. (verður 43. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 509,18 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 508,38 samþ. með 18 shlj. atkv.
42. gr. (verður 44. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 509,19 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 508,39 samþ. með 19 shlj. atkv.
43. gr. (verður 45. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 509,20 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 508,40 samþ. með 12 shlj. atkv.
44. gr. (verður 46. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 509,21 felld með 12:6 atkv.
Brtt. 508,41 samþ. með 10:6 atkv.
45. gr. (verður 47. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 509,22 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 508,42 samþ. með 14 shlj. atkv.
46. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 509,23 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 508,43 samþ. með 16 shlj. atkv.
47. gr. (verður 49. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 508,44 samþ. með 13:5 atkv.
Brtt. 509,24 kom ekki til atkv.
48. gr. (verður 50. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
49. gr. (verður 51. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 508,45 (ný 50. gr., verður 52. gr.) samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 509,25 kom ekki til atkv.
Brtt. 508,46 samþ. með 15 shlj. atkv.
51. gr. (verður 53. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 508,47 samþ. með 10:3 atkv.
52. gr. (verður 54. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 508,48 samþ. með 15 shlj. atkv.
53. gr. (verður 55. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 509,26 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 508,49 samþ. með 16 shlj. atkv.
54. gr. (verður 56. gr.), svo breytt, samþ. með 13. shlj. atkv.
Brtt. 509,27 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 508,50 samþ. með 19 shlj. atkv.
55. gr. (verður 57. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 509,28 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 508,51 samþ. með 19 shlj. atkv.
56. gr. (verður 58. gr.), svo breytt, samþ. með13 shlj. atkv.
Brtt. 509,29 felld með 12:6 atkv.
Brtt. 508,52 samþ. með 13 shlj. atkv.
57. gr. (verður 59. gr.), svo breytt, samþ. með 12:1

atkv.
Brtt. 508,53 samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 509,30 kom ekki til atkv.
58. gr. (verður 60. gr.), svo breytt, samþ. með11 shlj. atkv.
Brtt. 509,31 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 508,54 (ný 59. gr., verður 61. gr.) samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 509,32 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 508,55 samþ. með 19 shlj. atkv.
60. gr. (verður 62. gr.), svo breytt, samþ. með 13. shlj. atkv.
Brtt. 508,56.a samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 508,56.b samþ. með 10:3 atkv.
61. gr. (verður 63. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 508,57 samþ. með 9:3 atkv.
62. gr. (verður 64. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 508,58 samþ. með 13 shlj. atkv.
63. gr. (verður 65. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
64.—65. gr. (verða 66. — 67. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 508,59 samþ. með 19 shlj. atkv.
66. gr. (verður 68. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 509,33 felld með 10:8 atkv.
Brtt. 508,60 samþ. með 13 shlj. atkv.
67. gr. (verður 69. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
68. gr. (verður 70. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 508,61 samþ. með 19 shlj. atkv.
69. gr. (verður 71. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 508,62 (ný 70. gr., verður 72. gr.) samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 508,63 (71. gr. falli niður) samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 149 kom ekki til atkv.
Brtt. 508,64 samþ. með 13 shlj. atkv.
72. gr. (verður 73. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
73.—77. gr. (verða 74.—78. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 507,10 (ný 78. gr., verður 79. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 507,11 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 508,65 samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 508,66 samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Sjómannalög, frv. (þskj. 525). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka að mér er gefið tækifæri til að mæla fyrir þessu máli og koma því til nefndar. Lögð er á það mikil áhersla af fjölmörgum aðilum að það nái fram að ganga nú. Ég skal hins vegar verða mjög stuttorður, enda mikið sem fyrir liggur, og læt því nægja að stikla á stóru.

Frv. til breytinga á sjómannalögum er á þskj. 143, lagt fram í Nd. og var afgreitt frá Nd. til Ed. s. l. miðvikudag. Frv. þetta er liður í þeim félagsmálapakka sem margumræddur er og lofað var launþegum í des. og jan. 1978—1979. Sumum hefur þótt ganga nokkuð seint að efna þau loforð. Ég hygg þó, án þess að ég fari að rekja hinar ýmsu endurbætur sem gerðar hafa verið, að þar hafi töluverðu verið áorkað. Hitt er svo rétt, að þetta mál hefur tekið alllangan tíma, fyrst og fremst vegna þess að hér er um viðkvæmt mál að ræða og deilumál á milli útvegsmanna og sjómanna.

Með þessu máli er ætlunin að veita sjómönnum allmikil aukin réttindi í veikinda- og slysatilfellum og jafnframt að koma í veg fyrir það, sem því miður hefur tíðkast, að sjómenn hafa jafnvel verið afskráðir aftur í tímann og misst þannig af launum sínum, m. ö. o. að koma slíku í fastara horf.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að rekja efni frv., — ég treysti því, að menn hafi þegar sett sig nokkuð inn í það, og vil stytta mál mitt, — en ég vil geta þess, að hv. samgn. Nd. hafði málið til meðferðar og gerði á því nokkrar breytingar.

Sjómenn voru ákaflega óánægðir með frv., eins og það var lagt fram, og töldu þar alls ekki mætt ýmsu því sem þeim hafði verið lofað. Samgn. gerði á frv. allmargar breytingar í átt við óskir sjómanna, þó ekki allar. Aftur á móti gerðist það við 3. umr. í Nd., að Landssamband ísl. útvegsmanna kom á framfæri ýmsum aths. við þær breytingar sem nefndin og deildin gerðu við 2. umr. Ég hét því við 3. umr. þar að þær aths. yrðu teknar til athugunar af hv. n. í Ed. sem fær þetta mál til meðferðar. Ég legg á það áherslu að svo verði gert og þá rætt bæði við útvegsmenn og sjómenn.

Ég vil í þessum örfáu orðum geta þess, að í Nd. var gerð sú breyting á að í 2. mgr. voru felld niður orðin sem hljóða svo, með leyfi forseta: „Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabila, sem eru hefðbundin og þekkt fyrir fram.“ — Við þá breytingu hafa útvegsmenn gert aths. Þetta var fellt niður að ósk sjómanna. Komið hefur fram, að niðurfelling þessarar setningar getur leitt til þess að sjómenn verði ekki ráðnir nema fram að þeim tíma sem veiðitakmarkanir hefjast og verði þannig engin kjarabót fyrir sjómenn. Hins vegar vil ég láta það koma fram, að sjómenn segjast gera sér fulla grein fyrir þessu, en vilja heldur hafa þennan hátt á.

Í öðru lagi breytti Nd. svokallaðri staðgengisreglu þannig að sjómenn haldi fullum launum, hverjum sem þau eru greidd, í tvo mánuði, en í gildandi kjarasamningum halda sjómenn launum í einn mánuð, en yfirmenn í tvo mánuði. Hv. Nd. taldi rétt að þar byggju báðir við sömu kjör. M. a. var í framsöguræðu formanns n. vísað til þess, að slys eru tíðari á undirmönnum en yfirmönnum skipa og því ekki óeðlilegt að allir njóti þar sömu kjara. Undir þetta tek ég. En á hitt hefur verið bent, að þetta er breyting á kjarasamningum og var við 3. umr. lögð á það rík áhersla að það yrði skoðað að nýju. Ég kem því hér með á framfæri.

Sjómenn óskuðu eftir því að felld yrði niður setning sem hljóðar svo, með leyfi forseta, í upphaflegu frv.: „Sé skipverji í launalausu fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju.“ — Sjómenn vildu að hann kæmi strax inn á laun að nýju. Við þessu var ekki orðið í n. og ekki talið eðlilegt að maður, sem fer í launalaust frí, fái aftur laun

fyrr en að þeim tíma liðnum er hann skyldi hefja störf að nýju. Ég nefni þetta sem dæmi um að ekki er orðið við öllum tilmælum sjómanna.

Fleiri aths. eru í bréfi Landssambands ísl. útvegsmanna sem n. mun að sjálfsögðu fá til meðferðar, og ætla ég ekki að lengja umr. hér, þar sem tími er svo knappur, með því að fara nánar yfir það.

Ég vil segja það að lokum, að hér er að mínu mati um mjög mikilvægt hagsmunamál fyrir sjómenn að ræða og réttlætismál og ég legg á það ríka áherslu að mál þetta nái fram að ganga. Ég legg að sjálfsögðu engan dóm á það hér, hvort breyta eigi einhverjum ákvæðum þessa frv. í meðferð d., það gerir að sjálfsögðu hv. d. En þá er ekki síður nauðsynlegt að það geti gerst fljótt svo að málið megi fara í gegnum eina umr. í Nd., þ. e. ef Ed. telur einhverjar breytingar nauðsynlegar.

Ég vil hins vegar segja það að lokum um slysa- og veikindatryggingar, ekki aðeins sjómanna, heldur landverkamanna einnig, að nauðsynlegt er að mínu mati að skoða nýjar leiðir. Ætla ég ekki að ræða það hér, en tel að þar eigi almannatryggingar að koma miklu meira inn í en verið hefur.

Herra forseti. Að þessu mæltu — stuttri framsöguræðu sem ég hefði gjarnan viljað hafa ítarlegri um mjög mikilvægt mál — vil ég leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 528). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 90. fundur

Föstudaginn 16. maí, kl. 10.25 síðdegis.

Grunnskólar, frv. (þskj. 350, n. 537). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. þetta og er n. sammála um að mæla með samþykkt þess, en það var einnig samþ. ágreiningslaust í Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 471, n. 538). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. menntmn. Ed. hefur fjallað um þetta mál og er n. sammála um að leggja til að frv. verði samþ. eins og það kom frá Nd. Þar var gerð á því breyting, en einróma var það samþ. þar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 543). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir lítilli brtt. við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Hún er við núv. 69 gr., 2. tölul. a-liðar. Þar er gert ráð fyrir að tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins verði falið að ákveða stærð staðalíbúðar, en það er vitaskuld algerlega óeðlilegt og er fyrir mistök sem slíkt er komið þarna inn. Eðlilegra er að orða þetta svo, að tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins „geri tillögu um" stærð staðalíbúðar. Ég flyt till. um þessa orðalagsbreytingu og vænti þess að hv. d. fallist á þá till. Í atkvgr. var áður skipt á orðunum „hanna" og „ákveða", sem var einnig misskilningur.

Ég vænti þess að hv. Ed. fallist á þessa litlu till., sem má heita smá, við það stóra frv. sem hér er á dagskrá og d. fjallaði um á fundi sínum í dag í langri atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 547) samþ. með 16 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Í nál. hv. félmn. með frv. þessu er lagt til að frv. verði samþykkt. Fulltrúar Sjálfstfl. í n. gerðu fyrirvara um þessa afstöðu og áskildu sér rétt til að flytja brtt. við frv.

Við gerðum fyrirvara okkar vegna þess að við töldum að á frv. væru svo alvarlegir meinbugir að ekki væri hægt að samþykkja það nema á því yrðu gerðar veigamiklar breytingar. Til að freista þess, að svo mætti verða, bárum við fram 33 brtt. á þskj. 509. Í meðförum hv. d. hafa nú allar brtt. okkar verið felldar. — Það var víst ein, sem var um formsatriði, sem ekki hlaut þau örlög. — Jafnframt hefur mikill fjöldi brtt. frá stuðningsmönnum ríkisstj. verið samþykktur og hafa sumar þeirra stórlega spillt frv. Frv. er því í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, með öllu óaðgengilegt fyrir okkur. Til þess liggja margar ástæður. Skal ég þó nú aðeins tilgreina þrjár þær helstu.

Í fyrsta lagi er enginn fjárhagslegur grundvöllur fyrir frv. Þegar frv. var lagt fram var samkv. grg. þess gert ráð fyrir að um 10 milljarða kr. á verðlagi ársins 1978 þyrfti í auknu fjármagni til að standa undir auknum þörfum íbúðalánakerfisins vegna aukinnar og nýrra verkefna sem frv. fæli í sér þegar nýmæli þess yrðu komin til framkvæmda. Í meðförum hafa íbúðalánakerfunum ekki verið fengnir neinir nýir tekjustofnar. Jafnframt hafa breytingarnar, sem nú hafa verið samþykktar, aukið á þörfina á meira fjármagni. Við sjálfstæðismenn viljum ekki vera þátttakendur í þessum leik. Við viljum ekki gefa húsbyggjendum í landinu falskar vonir um aukinn stuðning. Við viljum ekki stofna veðlánakerfunum í fyrirsjáanlegan vanda og ringulreið með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Í öðru lagi erum við andvíg þeirri stefnumörkun, sem frv. kveður á um, að stefnt skuli að því að Byggingarsjóður verkamanna geti fjármagnað a. m. k. 1/3 hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna. Þvert á móti teljum við æskilegast að halda þeim þætti íbúðabygginga innan þeirra marka sem verið hefur. Hér koma þeir húsbyggjendur til sem verst eru settir fjárhagslega. Þeir þurfa mikillar aðstoðar við umfram aðra og sú aðstoð verður svo best veitt að hún sé takmörkuð við hina verst settu.

Þessi stefna okkar sjálfstæðismanna er byggð á þeirri forsendu að lán hins almenna veðlánakerfis, Byggingasjóðs ríkisins, séu með þeim lánskjörum að almenningur í landinu og launþegar almennt fái staðið undir af almennum launatekjum. Þess vegna leggjum við sjálfstæðismenn áherslu á að hin almennu íbúðalán séu sem hagstæðust, með sem lengstum lánstíma, með sem lægstum vöxtum og í sem hæstu hlutfalli af byggingarkostnaði. Við viljum efla Byggingarsjóð ríkisins með þessa stefnu að markmiði. Með þeim hætti verður helst styrkt framtak einstaklingsins, sem er grundvöllur þess Grettistaks sem lyft hefur verið með bættum híbýlakosti landsmanna á undanförnum áratugum.

Í þriðja lagi erum við andvíg því ákvæði, sem nú er komið inn í frv., að Alþýðusamband Íslands skuli tilnefna tvo menn í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Frá því að húsnæðismálastjórn kom til hefur hún alltaf verið kjörin af Alþingi. Það er sjálfsögð aðferð. Ekkert annað fær samrýmst lýðræðislegum venjum og réttarvitund þegar um er að ræða ríkisstofnun sem svo mjög varðar hag lands og þjóðar og hvern einstakan mann, hvar í stétt eða stöðu sem hann kann að vera. Engir aðilar eða félagasamtök í landinu eiga að breyta nokkru hér um, hversu góð og hversu voldug sem þau kunna að vera. Alþýðusamband Íslands getur enga sérstöðu haft í þessum efnum. Þvert á móti skapar aðild þess að húsnæðismálastjórn fordæmi. Hvers eiga þá aðrir aðilar vinnumarkaðarins að gjalda, svo sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Stéttarsamband bænda? Hætt er við að þéttsetinn geti orðið bekkurinn í húsnæðismálastjórn. En ekkert slíkt kemur til greina. Þess vegna teljum við sjálfstæðismenn fjarstæðu að láta Alþýðusamband Íslands fá aðild að húsnæðismálastjórn.

Það leiðir af því, sem ég nú hef sagt, að við sjálfstæðismenn munum greiða atkv. gegn þessu frv. Það er leitt til þess að vita að ekki hefur náðst samstaða í þessu máli. **(Gripið fram í:** Í Sjálfstæðisfl.?) Okkur sjálfstæðismönnum er málið skylt. Við minnumst þess, að upphaf þessa máls er hjá ríkisstj. Ólafs Thors, þegar lögin um húsnæðismálastjórn voru fyrst sett árið 1955. Við endurskoðun þessarar löggjafar áður hafa sjálfstæðismenn haft forustu um þær veigamestu breytingar sem gerðar hafa verið og mótað hafa þróun þessara mála fram til þessa dags. Okkur er ekki heldur sama um framvindu húsnæðismálanna nú. Það er því með nokkrum ugg sem við lítum til þess sem nú vill verða. Við óttumst afleiðingarnar af lögfestingu þess frv. sem við nú ræðum. Við teljum að það brjóti niður það sem hefur verið byggt upp. Við teljum að það stöðvi þróun sem leitt hefur til framfara. Við teljum að það skapi vandamál sem komast hefði mátt hjá.

Það er raunalegt að horfa upp á ef fljótræðislegar og vanhugsaðar ákvarðanir gera nú mikil spjöll á góðu málefni. En þeir tímar munu koma að úr mun rætast. Þá verður tekið á ný til óspilltra málanna og bætt úr því sem aflaga kann að hafa farið. Þá verður sótt fram á ný í húsnæðismálunum. Þannig verður haldið á loft merki þeirra fjölmörgu manna sem unnið hafa að uppbyggingu íbúðarlánakerfanna.

Herra forseti. Má ég slá á persónulega strengi? Það vill svo til að ég þekki dálítið til þessa. Ég átti sæti í fyrstu húsnæðismálastjórninni og hvarf ekki af þeim vettvangi fyrr en árið 1970. Ég þekki því til þeirra manna, lífs og liðinna, manna úr öllum stjórnmálaflokkum, sem hafa mikið lagt af mörkum í þessum efnum. Nú vill svo til að í dag er haldið upp á 25 ára afmæli þeirrar stofnunar, sem frv. þetta fjallar um, og ég kem nú frá þeim fagnaði til þessa fundar. Ég veit að á þessum tímamótum óskum við öll Húsnæðismálastofnun ríkisins góðs gengis, þótt okkur greini á um með hverjum hætti best verði stuðlað að því.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Við Alþfl.-menn teljum stjórnarliðið hafa unnið veruleg skemmdarverk á því frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem fyrrv. félmrh., Magnús H. Magnússon, lagði fyrir Alþ. á sínum tíma. Þau skemmdarverk eru einkum í því fólgin að opna allar gáttir til lánveitinga til aðila sem síður en láglaunafólk ættu að eiga fyllsta rétt til hámarksfyrirgreiðslu. Þá eru húsbyggjendur blekktir með fyrirheitum um betri lánakjör, en stjórnarliðar þegja um að lengri lánstími og lægri vextir þýða lægra lánshlutfall, sem í raun þýðir lakari kjör til handa húsbyggjendum, en einmitt hækkun lánshlutfallsins er mikilvægast fyrir þá sem verst eru settir. Versta skemmdarverkið er þó í því fólgið að skilja veðlánakerfið eftir í uppnámi án tekjustofna, án fjármagns.

Við Alþfl.-menn höfum í störfum á Alþ. og í ríkisstj. barist fyrir meira öryggi og betri kjörum í húsnæðismálum til handa láglaunafólki. Sú barátta náði hámarki með því frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem ráðh. Alþfl. lagði fram og verkalýðshreyfingin átti stóran þátt í að móta. Þrátt fyrir þau skemmdarverk, sem stjórnarliðið — afturhaldið í landinu — hefur unnið á frv., teljum við kaflann um félagslegar íbúðir enn þess virði að rétt sé að samþykkja frv. Við vísum til brtt. okkar hér í d. er stefnir að því að tryggja fjármagn fyrir félagslegar íbúðabyggingar. Við vísum til atkvgr. okkar um framlagðar brtt. samhliða því er við samþykkjum frv.

ATKVGR.

Brtt. 547 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12:5 atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 91. fundur.

Föstudaginn 16. maí, að loknum 90. fundi.

Grunnskólar, frv. (þskj. 350). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 553).

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 471). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 554).

Sameinað þing, 59. fundur.

Föstudaginn 16. maí, kl. 2 miðdegis.

Minning Jóhanns Hafsteins.

Forseti (Jón Helgason): Áður en gengið er til dagskrár vil ég leyfa mér að minnast Jóhanns Hafsteins fyrrv. alþm. og ráðh., sem andaðist aðfaranótt uppstigningardags, 15. maí, 64 ára að aldri.

Jóhann Hafstein var fæddur á Akureyri 19. sept. 1915. Foreldrar hans voru hjónin Júlíus Havsteen, síðar sýslumaður Þingeyinga, og Þórunn Jónsdóttir fræðslumálastjóra og alþingismanns Þórarinssonar. Æskustöðvar Jóhanns voru á Húsavík, en hann fór ungur til langskólanáms, lauk stúdentsprófi á Akureyri 1934 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands 1938. Veturinn 1938—1939 var hann í London við framhaldsnám í þjóðarétti.

Jóhann Hafstein hóf ungur afskipti af stjórnmálum og var lengi í sveit forustumanna. Hann var einn af stofnendum og fyrsti formaður Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta, árið 1935, var formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna 1939—1942 og formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna 1943—1952. Erindreki Sjálfstæðisflokksins var hann 1939—1942 og framkvæmdastjóri flokksins var hann 1942—1952. Hann átti lengi sæti í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, í stjórn Fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík og í stjórn Landsmálafélagsins Varðar. Hann var varaformaður Sjálfstæðisflokksins 1965—1970 og formaður flokksins og jafnframt þingflokksins 1970—1973.

Jóhann Hafstein var kennari í þjóðarétti og almennri lögfræði við Viðskiptaháskóla Íslands 1939—1942. Árið 1946 var hann kosinn alþm. Reykvíkinga og átti sæti á Alþingi til vors 1978, er hann dró sig í hlé sökum vanheilsu. Alls sat hann á 35 þingum. Hann var forseti Nd. Alþingis 1959—1961 og 1962—1963. Árið 1946 var hann einnig kosinn í bæjarstjórn Reykjavíkur og átti sæti í henni til 1958 og var jafnframt í bæjarráði 1946—1954. Bankastjóri Útvegsbanka Íslands var hann 1952—1963. Hann átti sæti í bankaráði Framkvæmdabanka Íslands 1953—1966, allan starfstíma bankans, og var tvívegis formaður bankaráðsins. Haustið 1961 varð hann dóms- og kirkjumálaráðherra, heilbrigðismála- og iðnaðarráðherra í forföllum og gegndi þeim störfum til loka þess árs. Síðla árs 1963 tók hann fast sæti í ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar og tók þá við sömu ráðherrastörfum og 1961. Í júlímánuði 1970 varð hann forsætisráðherra, en lét af ráðherrastörfum í júlí 1971. Auk alls þessa gegndi Jóhann Hafstein ýmsum nefndarstörfum, var í lýðveldishátíðarnefnd 1944 og síðar í stjórnarskrárnefnd, var fulltrúi á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, á þingi Evrópuráðsins og á fundum Þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsins.

Jóhann Hafstein helgaði flokki sínum starfskrafta sína vel og lengi. Hann barðist oft hart fyrir málstað sínum og samherja sinna í þjóðmálum, en honum var jafnframt lagið að miðla málum og leita sátta þegar þess þurfti við. Jafnan kvað mikið að honum í þjóðmálaumræðum meðan heilsa hans leyfði. Honum voru hugleikin landhelgismál Íslendinga, öryggismál og þátttaka í vestrænni samvinnu. Í ráðherradómi hans ber einna hæst margvíslegar umbætur í iðnaðarmálum, og hann beitti sér einarðlega fyrir stóriðju á Íslandi. Snögglega varð það hlutskipti hans að taka við forustu í ríkisstjórn og flokksformennsku. Að þremur árum liðnum varð hann að láta af formennsku flokks síns vegna bilaðrar heilsu. Hann hélt þó áfram að vinna flokknum það gagn sem hann mátti.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Jóhanns Hafsteins með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál, þáltill. (þskj. 503). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Samkomulag það, sem þessi þáltill. fjallar um, fylgir till. sem fskj. Er texti samkomulagsins birtur bæði á íslensku og norsku og báðir jafnréttháir, eftir því sem venjulegt er. Texti samkomulagsins skýrir sig sjálfur. Get ég því að mestu vísað til hans. Ég tel þó rétt að láta nokkrar aths. fylgja til frekari glöggvunar, ekki hvað síst vegna missagna sem fram hafa komið.

Samkomulagið hefst með inngangi þar sem upp eru taldar viðurkenndar staðreyndir sem samkomulagið byggir á, þ. á m. 200 mílna efnahagslögsaga okkar. Þar er um fyrirvaralausa viðurkenningu að ræða á þeirri staðreynd að við höfum ákveðið 200 sjómílna efnahagslögsögu. Þetta er glögg viðurkenning. En auk þess koma auðvitað til skýringar á þessu ákvæði, hvernig það er til komið, með hvaða hætti það komst inn í formálann og

viðræðurnar allar, sem taka af allan efa þessu efni. Mér þykir ólíklegt að Íslendingar vilji fara að vefengja þá viðurkenningu. Ég ætla a. m. k. ekki að gera því skóna að fyrra bragði.

1.—3. gr. samkomulagsins fjalla um stjórnun á fiskveiðum og um fiskvernd. Þar er í 1. gr. ákvæði um náið samstarf á milli þessara aðila um fiskveiðimál. Í 2. gr. er ákvæði um stofnun fiskveiðinefndar svokallaðrar. Og í 3. gr. er ákvæði um hvaða verkefni það eru sem fiskveiðinefndin á fyrst og fremst að fjalla um.

Eins og ég sagði áðan er ákvæði í 2. gr. um fiskveiðinefndina. Þar er líka ákveðið að hún geti kvatt sér til aðstoðar ráðgjafa og sérfræðinga og enn fremur að hún geti sett niður vinnuhópa sérfræðinga, sérkunnáttumanna, þar sem slíkt á við og hún telur ástæðu til.

Um verkefnin er svo kveðið á í 3. gr. eins og ég sagði. Það er reglan að þessi fiskveiðinefnd hafi aðeins tillögurétt í þeim málefnum sem hún á að fjalla um. Frá því er þó sú undantekning gerð í 3. gr., að ef um einróma samkomulag er að ræða í nefndinni og tillögur hennar byggjast á því skuli hún binda aðila meðan henni er ekki andmælt innan tveggja mánaða. Þetta ákvæði tel ég ekki hættulegt þar sem ég tel aðilum, hvorum sem væri, ekki ofætlun að mótmæla innan tveggja mánaða ef þeir ekki vilja fallast á samhljóða tillögur þessarar nefndar.

4. og raunar 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. hafa að geyma ákvæði sérstaklega varðandi loðnuveiðar.

4. gr. hefur að geyma ákvæði sem við teljum mjög mikilvæg að því er varðar loðnuna. Það skal reynt að ná samkomulagi um hámarksafla á loðnu, en takist það ekki ráða Íslendingar og ákveða einir hámarksaflamagnið.

Þetta er óvenjulegt ákvæði og vafasamt að fordæmi finnist um að ríki leyfi öðru ríki að ákveða hvað hið fyrrnefnda megi veiða innan sinnar lögsögu. Ég efast satt að segja um að hægt sé að benda á slíkt fordæmi. Þegar rætt var um þessi mál í fyrra ítarlega í landhelgisnefnd og settar fram hugmyndir kom þessi hugmynd ekki fram þar. Svo langt datt mönnum þá ekki í hug að ganga að Íslendingar ættu einir að ákveða hámarksaflann sem veiða mætti bæði á Íslandsmiðum og á Jan Mayenmiðum.

Það var mjög eðlilegt, þegar Norðmenn gengu inn á slíkt ákvæði sem þetta, að þeir teldu sér nauðsynlegt að hafa nokkur öryggisákvæði, nokkrar neyðarútgöngudyr. Þessa öryggisventla fyrir Norðmenn er að finna í 2. og 3. mgr. 4. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ef í ljós kemur, að leyfilegum hámarksafla loðnu á veiðitímabilinu hefur verið breytt með tilliti til þessa veiðimagns sem hlutdeild Noregs í aflanum var byggð á, skal sú hlutdeild breytast til samræmis við það á sama eða næsta veiðitímabili. M. ö. o.: Ef farið er fram úr því veiðimagni, sem ákveðið hafði verið í upphafi, eiga Norðmenn að fá uppbót á það. Þetta er sanngjarnt ákvæði. Það getur enginn verið á móti ákvæði sem þessu. Við getum ekki haldið því fram að við ætlum að snuða einn eða neinn í viðskiptum, en það værum við að gera ef við ætluðum að fara þá leið sem þarna er sett undir.

Íslendingar töldu 2. mgr. nægja og þess vegna þyrfti ekki á 3. mgr. að halda. En Norðmenn lögðu áherslu á 3. mgr. og töldu sér það nauðsynlegt til að fengist samþykki fyrir málinu í Noregi. Íslensku samninganefndarmennirnir hefðu viljað vera án þessarar mgr. Ég tel hana þó ekki hættulega. Hún kemur aðeins til greina ef ákvörðun Íslendinga er bersýnilega ósanngjörn. Mundu Norðmenn að sjálfsögðu ekki njóta hagræðis samkv. 2. mgr. ef þeir teldu sig af þessari ástæðu óbundna af samkomulaginu.

Ég tel ákaflega ólíklegt að til þess komi að 3. mgr. 4. gr. verði notuð. A. m. k. getum við ekki haldið því fram að við ætlum að taka ákvörðun í þessu efni sem er bersýnilega ósanngjörn. Það er útilokað fyrir okkur að halda því fram að við ætlum að haga okkur þannig. Það getur ekki verið ætlun okkar að fara að beita því valdi, sem okkur er falið í 1. mgr. 4. gr., á þann hátt að um misnotkun sé hægt að tala eða að því sé beitt á óheiðarlegan hátt.

5. gr. kveður á um að Norðmenn skuli fá 15% loðnunnar á Jan Mayen svæðinu. Það voru skiptar skoðanir um þetta ákvæði. Íslendingar töldu hlutfallið of hátt, en Norðmenn töldu það of lágt. Upphafleg krafa Norðmanna var 160 þús. tonn eða 25%, en Íslendingar vildu setja hámarkið við 10%. Mættust aðilar með því að ákveða það 15%. Ég bendi á í þessu sambandi að þegar rætt var um aflatölurnar í fyrra sumar — þá var raunar aðeins um að ræða það sumar og veiðar það sumar — var nálega orðið samkomulag um að Norðmenn fengju að veiða 90 þús. tonn af 600 þús. tonna heildarafla. Norðmenn viðurkenna að vísu ekki að hafa samþykkt 90 þús. tonn. En hvað um það. Íslendingar voru þá reiðubúnir að semja um 90 þús. tonn af 600 þús. og það er sama prósenttala og hér er um að tefla eða nákvæmlega 15%. Ég endurtek að þá var að vísu aðeins um þetta eina sumar að ræða.

Þá er það annað atriði í 5. gr. sem var ágreiningsefni, en það er hversu lengi þessi hlutfallsskipting skyldi standa án endurskoðunar. Hún er í samkomulaginu ákveðin fjögur ár. Norðmenn vildu aðeins binda þetta hlutfall við eitt eða tvö ár. Íslendingar vildu hins vegar halda sig við að það ætti að gilda í fimm ár. Niðurstaðan varð fjögur ár. Hlutfallið verður þá endurmetið, en tekið er fram í samkomulaginu við hvað þá skuli miða það endurmat, eins og nánar segir í 5. gr. og ég hirði ekki um að lesa upp. Það á sem sagt að reyna að ná samkomulagi um endurmat. En síðan segir:

„Náist ekki samkomulag, skulu ríkisstj. beggja landanna fjalla um stöðuna, með það markmið fyrir augum að ná fram lausn sem gætir þeirra sjónarmiða, sem báðir aðilar hafa lagt til grundvallar við gerð samkomulags þessa."

Menn spyrja hvað verði ef ekki næst samkomulag, þ. e. eftir hvaða hlutfallstölu verði þá farið. Sumir láta sér detta í hug að þá ákveði Norðmenn sjálfir sína hlutdeild, sinn hámarksafla. Ég tel slíkt misskilning. Ef svo færi að ekki næðist samkomulag og á meðan ekki næst samkomulag gilda reglur þjóðarréttarins um hvernig eigi að leita leiða til að finna lausn á slíkum ágreiningi. En það er mín skoðun að þangað til nýtt samkomulag hafi verið gert verði menn að halda sig við gömlu skiptaregluna. Þeir, sem vilja breytingu, verða að fara þær leiðir sem til boða standa eftir reglum þjóðaréttarins til að fá þar breytingar á.

Í fyrri mgr. 6. gr. er Íslendingum heimilað að taka samsvarandi magn loðnu og fellur í hlut Noregs af leyfilegum hámarksafla á Jan Mayen svæðinu.

Í 2. mgr. sömu greinar eru ákvæði um aðra flökkustofna en loðnu. Þar var sjónarmið Íslendinga það, að þeir vildu skipta aflanum jafnt. En sú er ekki niðurstaðan. Það verður að segjast eins og er að fiskifræðingar

okkar töldu vandkvæði á því að setja fram slíka helmingaskiptareglu fyrir fram. Það er að vísu ekki um margar fisktegundir þarna að ræða, einkanlega kolmunna og síld, en þeirra hættir eru þó talsvert aðrir en loðnunnar. Þar er gert ráð fyrir að koma þurfi til samninga um þessar fisktegundir og það muni þurfa að koma til samninga á milli fleiri ríkja. T. d. er það með kolmunnann, að hann kemur mikið frá Skotlandi, og síldin varðar fleiri ríki en þau tvö sem gera þetta samkomulag. Verði um að ræða kvótaskiptingu í þessum efnum verður það á milli landa, en ekki á svæði. Þá getum við fiskað það, sem í okkar hlut kemur, að vild, hvort sem við viljum á Jan Mayen svæðinu eða við Íslandsstrendur, sem oftast mundi þó vera betra og hagkvæmara.

Það fékkst sem sagt ekki helmingaskiptaregla né ákveðin skiptaregla fram í þessu samkomulagi að því er varðar aðra flökkustofna en loðnu. Að sjálfsögðu erum við óánæðgir með að ekki skyldu um þá sett nánari mörk, en þó er þess að gæta að í 2. mgr. 6. gr. segir: „skal tekið sanngjarnt tillit til þess, hve Ísland er almennt háð fiskveiðum, svo og fiskveiðihagsmuna Íslands á Jan Mayen svæðinu." Þetta er a. m. k. ákveðin stefnuyfirlýsing. Auðvitað væri það samningsrof ef ekki væri tekið neitt tillit til stefnumiða sem sett eru fram með svo skýrum hætti sem þarna er gert.

7. gr. skýrir sig sjálf og ég þarf ekki að hafa um hana nein orð.

Í 8. gr. segir að nauðsynlegt kunni að vera að ráðgast við önnur lönd um verndun og nýtingu flökkustofna og samræma fiskveiðiráðstafanir. Ég býst við að flestir taki undir að þetta sé út af fyrir sig nauðsynlegt. Eigi að síður hefðum við viljað hafa 8. gr. öðruvísi en hún er og hafa hana í öðru formi en hún er. Hinu er ekki að leyna, að niðurlagsákvæði 8. gr. eru afar þýðingarmikil fyrir okkur Íslendinga. 8. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aðilar viðurkenna að nauðsynlegt kunni að vera vegna raunhæfrar verndunar og skynsamlegrar nýtingar flökkustofna að ráðgast við önnur lönd og samræma fiskveiðiráðstafanir hlutaðeigandi landa, þ. á m. ákvörðun leyfilegs hámarksafla og skiptingu hans, í samræmi við 63. gr. texta hafréttarráðstefnunar og ákvæði samkomulags þessa."

Ég tel að með þessari viðbót, sem komst inn eftir nokkuð miklar þrengingar, sé hagsmunum okkar sæmilega borgið. — Reyndar kom það fram á elleftu stundu að einn samningamaður Norðmanna fékk nokkurn bakþanka af þessu orðalagi og taldi að jafnvel gæti í því falist að Norðmenn væru að fela Íslendingum umboð fyrir sína hönd til að semja við Efnahagsbandalagið og önnur ríki um þessi málefni. Ég svaraði því strax til, að Íslendingum hefði að sjálfsögðu aldrei komið í hug að þeir fengju umboð til að semja fyrir Noreg við Efnahagsbandalagið eða önnur ríki, þá yfirlýsingu gæti ég gefið þar og þá og hana mætti færa inn í fundargerð. Önnur yfirlýsing var ekki gefin og hefur ekki verið gefin og stendur greinin því algerlega óbreytt eins og frá henni var gengið og hafa ekki komið frekari andæfingar gegn henni af hálfu Norðmanna. Ég hef a. m. k. engar orðsendingar um það fengið, enda er náttúrlega ekki hægt að tala um andæfingu af hálfu Norðmanna þó að einn einstakur nm. setji fram sínar sérskoðanir, og mundum við varla vilja gangast undir það af Íslands hálfu að telja okkur bundna af því sem einn einstakur nm. kynni að setja fram sem sína skoðun, hvort heldur væri á viðræðufundi eða annars staðar.

Svo verða kaflaskipti í þessu samkomulagi. Í 9. gr. er farið að fjalla um landgrunnið. 9. gr. ákveður að fjalla skuli um afmörkun landgrunnsins á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen í framhaldsviðræðum. Við hefðum að sjálfsögðu kosið að skipta landgrunninu strax á þessum fundi. Við vorum þó — og það verður að játa — að sumu leyti ekki í stakk búnir til að fara að draga línur á kort hvar skilja skyldi á milli Íslands og Jan Mayen — auðvitað um 200 mílna efnahagslögsögu Íslands. Þess vegna varð að lokum samkomulag um að setja skyldi nefnd til að fjalla um þetta mál. Það, sem er að mínum dómi mikilvægasta atriðið um þessa sáttanefnd, er að henni eru settar vissar forskriftir. Í 3. mgr. 9. gr. segir:

„Hlutverk nefndarinnar skal vera að gera tillögur um skiptingu landgrunnssvæðisins milli Íslands og Jan Mayen. Við gerð slíkra tillagna skal nefndin hafa hliðsjón af hinum miklu efnahagslegu hagsmunum Íslands á þessum hafsvæðum, svo og landfræðilegum, jarðfræðilegum og öðrum sérstökum aðstæðum."

Undir þessa upptalningu tel ég að öll þau rök falli sem við höfðum á oddi í viðræðunum, sem sagt að það mætti ekki jafna Íslandi og Jan Mayen saman vegna þess hve Ísland væri háð fiskveiðum og efnahagslegir hagsmunir þess algjörlega ósambærilegir við hagsmuni þá sem Norðmenn hefðu í sambandi við Jan Mayen að þessu leyti. Þarna kemst einnig undir það sem við lögðum mikla áherslu á, að ólíku væri saman að jafna vegna þess að fjarlægðin á milli Íslands og Jan Mayen væri um helmingi minni en á milli Jan Mayen og Noregs. Enn fremur er stærðarmunurinn á Íslandi og Jan Mayen geysilega mikill. Jan Mayen er lítil eyja sem vafasamt væri að ætti að fá lögsögu utan sinnar 12 mílna lögsögu, a. m. k. mjög takmarkaða, og enn fremur er Jan Mayen, eins og ég sagði, lítil óbyggð eyja og óbyggileg undir öllum venjulegum kringumstæðum. Byggð þar getur því ekki byggst á sjálfstæðu efnahagslífi á eyjunni. Ég tel að þau ákvæði, sem eru sett í 9. gr., rúmi öll þau rök sem við höfum haft á oddi í þessu máli. Og vissulega væri það brot ef nefndin tæki ekki tillit til þessara sjónarmiða. Tillögur nefndarinnar eru ekki bindandi fyrir aðila, jafnvel þó að hún nái fullu samkomulagi, en nái nefndin samkomulagi tel ég allar líkur til þess að tillögur hennar yrðu samþ. af aðilum.

Miða skal að því að nefndin ljúki störfum og skili tillögum innan fimm mánaða frá því að hún var skipuð. Sá frestur er settur með það fyrir augum að hún geti skilað tillögum og málið verði þá hugsanlega leyst að fullu áður en til þess kemur að Norðmenn færa út efnahagslögsögu við Jan Mayen, en þeir ætla aðeins að færa út fiskveiðilögsögu nú. Verður lagt fram bréf frá utanrrh. Noregs ef og þegar þetta samkomulag verður staðfest, þar sem hann lýsir yfir að fiskveiðilögsögu við Jan Mayen verði ekki breytt í fulla efnahagslögsögu fyrr en eftir árslok 1980. Ekki er sagt með þessu að þeir breyti lögsögunni þarna strax eftir árslok 1980, en það er skuldbinding um, að þeir geri slíkt ekki fyrr, og þar með gefst ráðrúm til að koma sáttagerð í kring. Ef svo fer að aðilar fallast ekki á tillögur nefndarinnar heldur málið áfram og aðilar, ríkin tvö og ríkisstj. beggja landanna, halda áfram að fjalla um málið, en þá er þeim líka sett sú forskrift að taka sanngjarnt tillit til tillagna nefndarinnar og verða þá auðvitað að hafa hliðsjón af 2. mgr. 9. gr.

Þessi grein varðandi landgrunnið er ekki svo úr garði

gerð sem æskilegast hefði verið að mínum dómi. Það er sem sagt ekki beint ákvæði um hvernig og hvað eigi að koma til grein ef aðilar koma sér að lokum alls ekki saman um þessa skiptingu. Þá verðum við að fara inn á þær leiðir sem okkur standa til boða samkv. reglum þjóðaréttar. Þetta hefði að mínum dómi og sjálfsagt að dómi allra nm. verið æskilegt að hafa með ákveðnari hætti. Ég vil þó taka fram, að ég hafði sett á blað tillögur um að koma skyldi til kasta gerðardóms þegar svona væri komið eða ef svona skyldi fara. Sú tillaga hlaut ekki byr hjá íslensku nefndinni.

10. gr. hefur svo að geyma ákvæði um mengun og umhverfisvernd. Þessi grein er mjög mikilvæg. Hún er auðvitað miklu mikilvægari fyrir Ísland en Noreg, vegna þess að við eigum mikið undir því að lífríki hafsins sé ekki spillt, hvorki með tilraunaborunum né vinnslu. Vissulega hefðum við viljað hafa þetta ákveðnara en þarna er. Við hefðum viljað hafa það svo, að tilraunaboranir og vinnsla náttúruauðæfa úr landgrunninu gætu ekki átt sér stað nema báðir aðilar samþykktu og nægilegar mengunar- og umhverfisvarnarráðstafanir hefðu átt sér stað, þannig að hvor aðili um sig hefði neitunarvald. En lengra varð ekki komist en raun ber vitni. Norðmenn voru ófáanlegir til þess að fallast á að hvor aðili um sig hefði slíkt neitunarvald, en samþykktu hins vegar að náið samráð og samstarf skyldi eiga sér stað. Þetta er skuldbinding af Norðmanna hálfu. Ef ekki væri tekið tillit til hennar væri um samningsrof að tefla. Ég segi, að það sé ólíkt betra að hafa þetta ákvæði í 10. gr. um mengunarvarnir, þótt ófullkomið sé, það skal játað, en að hafa ekkert slíkt ákvæði.

Ég tel samkomulagið í heild miklu betri kost en ekkert samkomulag. Það hefur fengist mikið fram af því sem Íslendingar höfðu sett á oddinn, þ. á m. viðurkenning á fullri 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, skipting á loðnunni samkv. þeim kröfum, sem Íslendingar gerðu á s. l. ári, og loks það meginatriði, sem þá var ekki talað um svo ég viti til, að Íslendingar ákveða hámarksaflann á loðnunni einir. En þeir verða að gera það með heiðarlegum hætti. Og þó að ákvæðin um skiptingu landgrunnsins séu ekki fullkomin er ótvírætt að í ákvæðunum felst viðurkennig á því, að við eigum þó einhvern rétt á landgrunninu. Sá réttur byggist á þeim rökum sem tekin eru fram í 3. mgr. 9. gr., og það er ekki lítils virði að mínum dómi, þó að ég geti sagt að ég hefði viljað sjá þessa skiptingu áður en gengið væri frá samkomulagi. En segja má að með þessu ákvæði sé sjálfri skiptingunni, þó að rétturinn sé viðurkenndur, skotið á frest, þó um takmarkaðan tíma.

Síðast en ekki síst er í samningnum að finna mikilvægt ákvæði um mengunarvarnir, þótt ekki sé það eins fullkomið og æskilegt væri.

Í þessu samkomulagi eru engin uppsagnarákvæði. Um varanleik þess fer því eftir reglum þjóðaréttar um samninga án uppsagnarákvæðis. Þar með er auðvitað ekki sagt að slíkt samkomulag haldi gildi um alla framtíð án tillits til breyttra aðstæðna. En ekki verður betur séð en að fullnægt sé óskum, sem fram voru settar varðandi frambúðargildi, með því að það eru engin uppsagnarákvæði í samkomulaginu.

Gildistökuákvæði er svo í 11. gr. og þarf ekki að fjölyrða um það, en í samræmi við það er leitað samþykkis Alþingis á þessu samkomulagi.

Alþingi stendur hér andspænis tveimur valkostum. Annar er sá að samþykkja það samkomulag sem hér liggur fyrir, hinn aftur á móti sá að hafna því og vera þá án allra samninga og standa andspænis útfærslu Norðmanna í 200 mílur við Jan Mayen. Alþingi er í sjálfsvald sett hvorn kostinn það velur. Samkomulagið er óundirritað, engar skuldbindingar hafa verið gefnar sem bindi hendur Alþingis. Frá mínum bæjardyrum séð getur valið ekki verið vandasamt. Annars vegar er þetta samkomulag. Þar er mjög gengið til móts við óskir og viðhorf Íslendinga, þó að við hefðum að sjálfsögðu viljað hafa það á aðra lund í ýmsum greinum ef við hefðum einir mátt ráða. En það er einu sinni eðli samninga að hvorugur aðili fær sjaldnast allt sitt fram, heldur verða aðilar að sætta sig við málamiðlun. Hins vegar er svo það, að um ágreininginn séu engir samningar gerðir og að Norðmenn færi einhliða út efnahagslögsögu við Jan Mayen í 200 mílur. Þá hefðum við ekki viðurkenningu fyrir 200 mílna efnahagslögsögu okkar. Þá væri eftir sem áður ágreiningur um hið svokallaða „gráa svæði". Þá hefðum við ekki rétt til að ákveða hámarksafla á loðnu sem væri bindandi fyrir Norðmenn. Þá hefðum við ekki lagalegan rétt til að veiða á Jan Mayen svæðinu og Norðmenn gætu þá veitt það sem þeim sjálfum sýndist og aðstæður leyfðu. Þá höfum við heldur enga viðurkenningu fyrir því að eiga neitt tilkall til landgrunns utan efnahagslögsögu okkar. Þá höfum við ekkert ákvæði um mengunarvarnir og umhverfisvernd. Norðmenn geta þá farið sínu fram um olíuleit og olíuvinnslu, óbundnir af öðru en reglum þjóðaréttarins þar um, sem ég held að séu vægast sagt heldur ófullkomnar í því tilliti. Auðvitað mundum við þá mótmæla útfærslu Noregs. Af því mundi spretta mikil deila á milli landanna tveggja sem stæði skemmri eða lengri tíma. Ég skal engu spá um lyktir slíks ágreinings eða deilu. Ég vil ekki gera lítið úr þeim rétti sem við Íslendingar kynnum þar að eiga. Við Íslendingar yrðum þá að leita réttar okkar eftir þeim leiðum sem til boða kynnu að standa. En eitt er víst, að slík deila mundi eitra andrúmsloftið á milli landanna og spilla sambúð þessara nágranna- og frændþjóða um lengri eða skemmri tíma. Það er slæmur kostur að mínum dómi. Ég tel góða sambúð milli þeirra mikilsverða. — Þeir eru til sem tala af nokkurri lítilsvirðingu um Norðurlandasamvinnu. Ég er þeim mönnum mjög ósammála. Ég held að við höfum ekki efni á að tala af lítilsvirðingu um þá samvinnu. Það ætla ég ekki að rökræða hér nánar, en það er atriði sem ég tek tillit til þegar ég met þá valkosti sem fyrir hendi eru.

Ég vænti þess, að vel takist til um framkvæmd þessa samkomulags. Það skiptir að sjálfsögðu miklu máli og verður seint hægt að fullyrða um það fyrir fram. Dómur reynslunnar og sögunnar mun á sínum tíma skera úr um kosti og galla þessa samkomulags. Sá dómur verður ekki byggður á þeim orðum sem kunna að falla í þessum umræðum.

Ég leyfi mér að mæla með þessu samkomulagi og samþykkt þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir. Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað, þegar þeir hafa lokið máli sínu sem óska að taka til máls, og þáltill. verði vísað til utanrmn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á ræðu hæstv. utanrrh., þegar hann fylgir úr hlaði till. sinni til þál. um heimild fyrir ríkisstj. að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og land-

grunnsmál. Það vekur auðvitað athygli að þessi till. til þál. um svo mikilvægan millirík jasamning skuli vera flutt af utanrrh., en ekki af ríkisstj. í heild. Á borðum okkar þm. liggur í dag till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Þar er öðru máli að gegna. Ríkisstj. stendur öll að flutningi þeirrar till. Það er eðlilegt að menn staðnæmist við þetta mikilvæga atriði sem er meira en formsatriði — í raun efnisatriði.

Hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa opinberlega látið það eftir sér hafa í fjölmiðlum, að skýringin á þessu sé sú, að einn stuðningsflokka ríkisstj., Alþb. og þm. Alþb., treysti sér ekki að fylgja þessu samkomulagi og þess vegna sé þessi háttur hafður á varðandi flutning þáltill. Nú segir það sig sjálft, ef slíkur þverbrestur er í stjórnarsamstarfinu að ríkisstj. getur ekki komið sér saman um svo mikilvægt mál sem samning við Norðmenn um Jan Mayen, fiskveiðiréttindi og landgrunnsréttindi, að það er vitnisburður um að slík ríkisstj. er ekki til stórræðanna fallin, er ekki fær um að stjórna landinu. Sú reynsla, sem fengist hefur af starfi þessarar ríkisstj. síðustu þrjá mánuðina, staðfestir og þessa skoðun. (Gripið fram í.) Vill þm. gera svo vel að tala á eftir mér og grípa ekki fram í og hafa þingsköp í heiðri. Ég vænti þess að forseti sjái til þess. (**StJ:** Ef hv. þm. treystir sér ekki til þess að þola almennar reglur og hefðir við umr. í þinginu ætti hann að taka sér hvíld.) Ef hv. þm. treystir sér ekki til að koma í ræðustól og skýra málstað sinn ætti viðkomandi þm. að ganga út úr þingsal.

Varðandi flutning þessarar þáltill. vildi ég vekja athygli á því og láta þá skoðun mína í ljós, að ríkisstj. er í nokkrum vanda. Ef þessi þáltill. er samþykkt felur hún í sér heimild fyrir ríkisstj. í heild að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs. Nú hefur hæstv. forsrh. skýrt frá því, að það sé samkomulag milli stuðningsmanna ríkisstj. að afgreiðsla mála í ríkisstj. fari ekki fram með atkvgr. Af þessu leiðir að ráðh. Alþb. hafa neitunarvald varðandi nýtingu þeirrar heimildar sem hér er um að ræða ríkisstj. til handa. Ef ráðh. Alþb. notfæra sér þennan rétt og þetta neitunarvald er auðvitað spurningin hvað hæstv. utanrrh. gerir, hvort hann sættir sig við slíka meðferð á till. sinni eða aðrir ráðh. sem styðja þetta samkomulag. Vilja þeir halda slíku stjórnarsamstarfi áfram og láta kúga sig með þeim hætti? Það er þeirra að svara því þegar þar að kemur.

Við skulum taka hinn möguleikann, að ráðh. Alþb. lyppist niður og beiti ekki neitunarvaldinu, þrátt fyrir stóru orðin um hve hættulegt þetta samkomulag sé hagsmunum Íslands, og þá verði þessi heimild nýtt að fengnu samþykki Alþingis. Spurningin er þá: Sitja Alþb.-ráðh. áfram í ráðherrastólunum eftir sem áður og ómerkja gagnrýnisorð sín varðandi þessi samkomulagsdrög? Reynslan á eftir að sýna hvorn kostinn Alþb. velur, en það má geta nærri að ráðh. Alþb. meina ekkert það sem þeir segja þegar þeir gagnrýna þetta samkomulag. Þm. Alþb. munu væntanlega styðja ráðh. áfram í ráðherrastólunum og ómerkja þannig orð sín varðandi þennan samning. Það eru fordæmi fyrir því, að Alþb.-ráðh. hafi farið þannig að, að þeir hafa talið einhverja bókun nægja í fundargerð ríkisstj. og setið sem fastast á hverju sem gengur. Menn muna lengingu flugbrautarinnar í Keflavík, svo dæmi sé nefnt. Menn muna í raun afstöðu þeirra til varnarsamningsins við Bandaríkin í þeim ríkisstj. sem Alþb. hefur stutt og setið í. Því er yfir höfuð lítið hald í orðum þeirra Alþb.-manna og lítið að marka hvað þeir segja þegar möguleiki á valdastólum er annars vegar. Þeir meta meir ráðherrastólana en að fylgja eftir orðum þeim sem þeir telja tjá skoðanir sínar og hugsanir. Orðagjálfrið er eingöngu til að slá ryki í augu fylgismanna sem reyndar — spái ég — verða þreyttir á þessari tvöfeldni og tvískinnungi Alþb.-manna.

Það er alveg nauðsynlegt að vekja athygli á þessari tvöfeldni Alþb.-manna. Það er alveg nauðsynlegt að vekja athygli á þessum veikleika ríkisstj., ekki síst vegna þess að það skýrir líka að meðferð þessa máls, bæði af hálfu núv. ríkisstj. og þeirra ríkisstj. sem hafa setið frá hausti 1978, er gagnrýnisverð.

Ég vil þegar í upphafi máls míns lýsa því yfir, að þingflokkur sjálfstæðismanna mun standa að samþykkt þessarar þáltill. Þótt þm. Sjálfstfl. séu engan veginn alls kostar ánægðir með þessi samkomulagsdrög er það lokaályktun þeirra að þó sé betra að staðfesta þennan samning en hafa engan samning.

Eins og kunnugt er fluttu þm. Sjálfstfl. þrjár þáltill. í upphafi þings 1978. Það voru 1., 2. og 3. mál þess þings. Það var í fyrsta lagi till. til þál. um rannsókn landgrunns Íslands, sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að ráða nú þegar íslenska og erlenda sérfræðinga til að afla sem ítarlegastra upplýsinga um landgrunn Íslands og afstöðu til landgrunns nálægra ríkja.“

Það var í öðru lagi till. til þál. um samninga við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að taka nú þegar upp samninga við Norðmenn um fiskveiðiréttindi og hagnýtingu auðæfa landgrunnsins utan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands í Norðurhöfum, umhverfis Jan Mayen.“

Og í þriðja lagi var það till. til þál. um landgrunnsmörk Íslands til suðurs, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að mótmæla nú þegar öllum tilraunum Breta til að reyna að slá eignarhaldi á klettinn Rokk (Rockall).

Alþingi lýsir því jafnframt yfir, að ákvörðun ytri landgrunnsmarka Íslands til suðurs miðast við, að engri þjóð beri tilkall til Rokksins.“

Fyrsta till. var afgreidd sem ályktun Alþingis 22. des. 1979, annarri till. var vísað til ríkisstj. sama dag með meðmælum frsm. utanrmn. og þriðju till. var vísað til ríkisstj. nokkuð breyttri þennan sama dag einnig. Hins vegar er það gagnrýnisvert, að ríkisstj. þær, sem setið hafa síðan þessar þáltill. hlutu afgreiðslu Alþ., hafa ekki unnið að efnislegri meðferð þessara mála sem skyldi. Það kom t. d. fram í ræðu hæstv. utanrrh. áðan, að sendinefnd Íslands, viðræðunefndin sem fjallaði um samningana í Osló á dögunum, hefði verið vanbúin til að gera tillögur um afmörkun landgrunnsréttinda Íslendinga og Norðmanna á Jan Mayen svæðinu. Ég tel að ástæðan til þess hafi m. a. verið sú, að fyrsta till. okkar sjálfstæðismanna til þál., um rannsókn landgrunns Íslands, sem samþ. var sem ályktun Alþingis 22. des. 1979, hefur ekki verið framkvæmd sem skyldi. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. láti hendur standa fram úr ermum og hraði þessari rannsókn sem Alþ. hefur kveðið á um að fram skyldi fara.

Veturinn 1978—1979 komu þessi mál oft til umr. hér á þingi og vænti ég að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson,

sem var 1. flm. þeirra þáltill. sem ég hef hér getið um, mundi rekja þau mál nánar, þannig að ég mun ekki gera þau frekar að umtalsefni. En það var í raun og veru ekki fyrr en sumarið 1979 sem menn tóku við sér og fóru alvarlega að hugsa um þessi mál og gera eitthvað í þeim. Í raun og veru var frumkvæði Eyjólfs Konráðs og Matthíasar Bjarnasonar í upphafi þings 1978 talið vera að vissu leyti þýðingarlítill tillöguflutningur og menn úr öðrum flokkum tóku hann ekki alvarlegar en svo, að sumir höfðu þennan tillöguflutning í flimtingum þótt um væri að ræða mikilvæg hagsmunamál, eins og komið hefur á daginn. Það var sem sagt í raun og veru ekki fyrr en s. l. sumar, þegar loksins tókst að fá fram samningaviðræður við Norðmenn um Jan Mayen málið, að menn fóru að gera sér ljóst að hér var um alvarlegt mál að ræða sem sjálfstæðismenn áttu frumkvæði að að flytja inn í þingsalina. Og þá er það sem hv. þm. Matthías Bjarnason, fulltrúi okkar í landhelgisnefnd, lagði fram ákveðna punkta varðandi samningaviðræður við Norðmenn, drög sem fara skyldi eftir í þeim samningaviðræðum. Höfuðatriði þeirra punkta, sem Matthías Bjarnason lagði fram á fundi landhelgisnefndar 23. júlí 1979, voru fyrst og fremst að leitað yrði eftir við Norðmenn að Norðmenn og Íslendingar stæðu sameiginlega að útfærslu annaðhvort efnahagslögsögu við Jan Mayen eða fiskveiðilögsögu. Ef það næðist ekki fram fólst það í till. Matthíasar Bjarnasonar að Norðmenn færðu einir út efnahagslögsögu eða fiskveiðilögsögu við Jan Mayen, enda væru réttindi Íslendinga í fyrra tilvikinu, ef um útfærslu efnahagslögsögu væri að ræða, tryggð bæði hvað snertir landgrunnsréttindi og fiskveiðiréttindi og í seinna tilvikinu, ef eingöngu væri um útfærslu fiskveiðilögsögu að ræða, jafn réttur Íslendinga til fiskveiða.

Það hefur verið sagt að sjálfstæðismenn gætu ómögulega samþykkt þessi samkomulagsdrög vegna þess að þessum skilmálum væri ekki fullnægt. Ég tel að vísu að það vanti töluvert á að jafn réttur Íslendinga sé tryggður samkv. þessum samkomulagsdrögum, en tel þó engri loku fyrir það skotið að með áframhaldandi samningaviðræðum og viðleitni okkar Íslendinga til að ná árangri megi komast mjög nálægt því marki. Nú er gert ráð fyrir að um útfærslu fiskveiðilögsögu verði að ræða að svo stöddu af Norðmanna hálfu. Samkv. samkomulagsdrögunum er það svo, að jafn réttur okkar er tryggður hvað loðnuveiði snertir og það er á okkar valdi að ákveða hámarksafla loðnu. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að það er heldur ósennilegt að Norðmenn geti nokkru sinni borið fyrir sig, að um bersýnilega ósanngjarna ákvörðun Íslendinga verði að ræða hvað heildarafla loðnu snertir, þegar af þeirri ástæðu að við Íslendingar erum ekki kunnir að því að ákveða heildaraflamagn í lægra lagi og síst af öllu lægra en fiskifræðingar mæla með og almennt viljum við ekki vera ósanngjarnir. Að þessu leyti tel ég því þennan fyrirvara Norðmanna ekki hættulegan okkur Íslendingum, þótt ég á hinn bóginn taki fram að ég tel 15% aflahlutdeild Norðmanna í það hæsta sem viðunandi sé.

Þetta ákvæði vil ég líka túlka sem nokkurt fordæmi þegar út í þá sálma verður farið að ræða við Dani, Grænlendinga eða Efnahagsbandalagið varðandi loðnuveiðar á miðunum við Grænland, að í því felist það fordæmi að Íslendingar, sem mestra hagsmuna hafa að gæta varðandi nýtingu loðnustofnsins, hafi eðli málsins samkv. rétt til að ákveða hámarksafla loðnu. En sannleikurinn er sá, að oftar mun loðnan veiðast Grænlands megin, hvort heldur um er að ræða miðlínu á milli Grænlands og Jan Mayen eða miðlínu milli Íslands og Grænlands, en jafnvel á Jan Mayen svæðinu sjálfu.

Varðandi aðra fiskstofna en loðnu er því miður ekki í samkomulaginu tryggt að við höfum jafnan rétt á við Norðmenn, en þó er heldur ekkert sagt sem kemur í veg fyrir að svo geti farið og því marki verði náð í áframhaldandi samkomulagsviðræðum við Norðmenn og samskiptum sem þessi samningur kveður nánar á um. Varðandi aðra fiskstofna en loðnu er líka tillit til þess að taka, að þar eiga væntanlega fleiri þjóðir en Norðmenn og við um málið að fjalla og því e. t. v. erfiðara að ákveða skýr aflamörk eða hlutföll hvað þá fiskstofna snertir. En ég ítreka: ég skil samninginn svo, að hér sé ekki loku skotið fyrir að við Íslendingar höldum fast við þann skilning okkar að við eigum jafnan rétt á við Norðmenn varðandi nýtingu þeirra fiskstofna sem veiddir eru á Jan Mayen svæðinu.

Þar sem ekki er um það að ræða á þessu stigi málsins að færa efnahagslögsöguna út má segja að landgrunnsmálin séu ekki eins brýn og ella hefði verið. En ljóst er þó að Norðmenn hyggjast færa efnahagslögsöguna út í kjölfar útfærslu fiskveiðilögsögu, og þótt þeir hafi skuldbundið sig til að fresta því fram yfir næstu áramót a. m. k. er nauðsynlegt að hyggja að landgrunnsréttinum. Ákvæði þar um er í því samkomulagi sem við erum að ræða. Það fer auðvitað eftir niðurstöðu þeirrar nefndar og frekari umfjöllun málsins hvaða árangri við Íslendingar náum á þessu sviði, en ég sé ekki heldur að hvað þennan þátt málsins snertir sé neitt sem komi í veg fyrir eða hindri að við getum haldið fast á þeirri skoðun okkar og stefnu að landgrunnsréttindin séu a. m. k. að hálfu leyti okkar miðað við Norðmenn á þessu sævði.

Ég gat um að fáir hefðu gert sér ljósa grein fyrir mikilvægi Jan Mayen málsins þar til á s. l. sumri, og það er ástæðan til þess að stjórnvöld hafa því miður minna sinnt þessum málum en skyldi. En þegar Matthías Bjarnason lét bóka þau drög, sem ég hef lítillega gert hér að umræðuefni og leggja skyldi til grundvallar í viðræðunum við Norðmenn, tók fulltrúi Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, nokkurt viðbragð og skrifaði tillögur Matthíasar Bjarnasonar upp að nýju. Sumir sögðu að hann hefði notað nokkurs konar kalkipappír. Var ekkert nema gott um það að segja að hann notaði ráð sér reyndari manna og lærði af þeim, og ágætt var fyrir Matthías Bjarnason og aðra, sem hugsuðu um þessi mál, að fá liðsmann til framfylgdar þeim tillögum sem Matthías hafði borið fram í landhelgisnefndinni. En þá skeði það, að hæstv. þáv. forsrh., núv. hæstv. utanrrh., fannst eitthvað að sér þrengt, og það var ekki alveg laust við að hann færi í yfirboð við þá Matthías Bjarnason og Ólaf Ragnar Grímsson og taldi nú alls ekki viðunandi að taka í mál að sætta sig aðeins við svo sem helming af landgrunnsréttindum á Jan Mayen svæðinu, heldur ættum við Íslendingar langtum frekari rétt. Svipuð ummæli hef ég heyrt frá hæstv. núv. forsrh.

Gott er til þess að hugsa að þessir hæstv. ráðh. eru svo bjartsýnir á niðurstöðu varðandi framkvæmd samkomulagsdraganna um skiptingu landgrunnsréttinda, ella væru þeir sjálfsagt ekki meðmælendur þessara samkomulagsdraga, að þeir telja líklegt að við fáum mun meiri rétt á landgrunninu en Norðmenn. A. m. k. álykta ég svo af fyrri ummælum þessara hæstv. ráðh. og vona

einlæglega að skoðanir þeirra megi í reynd verða að veruleika.

En í öllu þessu máli hygg ég að við Íslendingar hljótum að gera okkur grein fyrir því, að við verðum í fyrsta lagi að gera upp við okkur, hvort Jan Mayen hefur sjálfstæð réttindi til útfærslu fiskveiðilögsögu og/eða efnahagslögsögu, og í öðru lagi, hver er handhafi þess réttar ef hann er fyrir hendi. Við Íslendingar höfum haldið því fram og vísað til framsýnna ummæla og fyrirvara Jóns heitins Þorlákssonar forsrh. á sínum tíma, og reyndar Jóns heitins Magnússonar forsrh. einnig, að Íslendingar áskildu sér sama rétt til nýtingar Jan Mayen og hver önnur þjóð. Á þeim grundvelli byggjum við ekki síst kröfu okkar og samningsstöðu í viðræðunum við Norðmenn að við eigum jafnan rétt til nýtingar fiskveiðiréttinda og landgrunnsréttinda. En hins vegar hef ég ekki heyrt þá kröfu borna fram í þessum sölum að við Íslendingar ættum að lýsa Jan Mayen sem eign okkar eða að því marki draga í efa eignarhald Norðmanna á eyjunni. Og spurningin er einmitt hvort staða okkar Íslendinga er ekki sterkust með því að viðurkenna eignarhald Norðmanna á Jan Mayen og rétt þess, er hefur yfirráð yfir eyjunni, til að færa út fiskveiðilögsögu og efnahagslögsögu að því tilskildu að við slíka útfærslu gæti Norðmenn þess að taka sanngjarnt tillit til þeirra réttinda sem við Íslendingar höfum á þessum slóðum.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að það hafi verið misskilningur, svo ekki sé sterkara að orði kveðið, hjá Norðmönnum og andstætt þeirra eigin hagsmunum að samþykkja ekki þá aðaltillögu sem við sjálfstæðismenn gerðum, nefnilega að Norðmenn og Íslendingar færðu út efnahagslögsöguna við Jan Mayen sameiginlega. En það var þegar ljóst eftir samningafundina í fyrra að um það var ekki að ræða, og þá vorum við sjálfstæðismenn á því að taka upp aðra þá valkosti sem getið var um í tillögum Matthíasar Bjarnasonar í landhelgisnefnd.

Ég ítreka, að ég tel að þessi samningsdrög séu ekki fullnægjandi vegna þess að þau tryggja ekki þau réttindi sem við Íslendingar teljum okkur hafa í þessum efnum á Jan Mayen svæðinu, en hins vegar skjóta samningsdrögin ekki loku fyrir að við getum með áframhaldandi viðræðum, með því að vinna áfram að framgangi réttinda okkar, náð viðunandi marki að þessu leyti.

Það er svo alvarlegur þáttur í þessum málum öllum, þær fregnir sem borist hafa um útfærslu Dana norðan 67. breiddarbaugs og ekki síst annars vegar þær fyrirætlanir að virða að engu sem grunnlínupunkt varðandi efnahagslögsögu okkar Íslendinga Kolbeinsey og hins vegar að ætla sér fullá 200 mílna útfærslu í átt til Jan Mayen. Ég hef þegar getið um að í þessu geti falist að Danir séu að slá eign Grænlendinga eða auka réttindi Efnahagsbandalagsins yfir mikilvægum loðnumiðum með þessum hætti. Okkur ber að bregðast við af fullri einurð og ákveðni og andmæla þessum fyrirætlunum Dana. Ég tel að við hljótum að snúast á sveif með Norðmönnum og mótmæla annarri skiptingu milli Jan Mayen og Grænlands en miðlínuskiptingunni. Hvað snertir vefengingu Kolbeinseyjar sem grunnlínupunkts hljótum við að vitna til þess, að mér vitanlega hafa ekki komið fram mótmæli gegn Kolbeinsey sem grunnlínupunkti af Dana hálfu sem ég tel þess eðlis að gild séu. En þar að auki er e. t. v. ástæða til að beita sanngirnisreglunni, þegar um skiptingu hafsvæða milli tveggja landa er að ræða þar sem minni fjarlægð er á milli en 400 mílur, frekar en miðlínunni. Það er ljóst að á austurströnd Grænlands er lítil sem engin byggð, gagnstætt því sem er hér á Íslandi, og hagsmunir þessara þjóða því ólíkir hvað snertir hagnýtingu hafsvæðisins á milli Grænlands og Íslands, að ég tali nú ekki um ef ekki á að nýta þessa auknu fiskveiðilögsögu Grænlendinga í þágu Grænlendinga sjálfra, heldur annarra þjóða sem fjær búa og fleiri kosta eiga völ.

Ég tel nauðsynlegt að taka þessi mál mjög ákveðið til meðferðar, og bar það raunar á góma á fundi sem haldinn var í utanrmn. á þriðjudagsmorgun er var.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða frekar að sinni um till. þá til þál. sem hér er til umr., enda mun það verða gert af öðrum af hálfu þingflokks sjálfstæðismanna, auk þess sem við munum í utanrmn. og í seinni umr. um till. fjalla, eftir því sem ástæða er til, um það sem máli skiptir og fram kemur í þessum umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar við metum kosti og galla þess samnings, sem meiri hl. samninganefndar Íslendinga í Osló ákvað að mæla með að Alþ. samþ., er nauðsynlegt að meta þann samning fyrst og fremst á grundvelli þeirrar stefnu sem íslensk stjórnvöld, stjórnmálaflokkar og ríkisstjórnir, hafa haft í þessu máli. Það er nauðsynlegt vegna þess að samkv. mínum skilningi er í þessum samningi að finna afneitun á flestum þeim grundvallaratriðum sem Íslendingar hafa byggt sókn sína í Jan Mayen málinu á. Sú saga er orðin nokkuð löng þótt hún hafi einkum verið viðburðarík á síðustu misserum.

Jón Þorláksson, forsrh. Íslands 1927, hafði framsýni og stórhug og djúpan skilning skömmu eftir fullveldi *þjóðarinnar til að setja fram, strax þegar Norðmenn* ætluðu að hasla sér völl á Jan Mayen, kröfu um að samkv. sögulegri hefð og almennum rétti áskildi íslensk þjóð sér jafnan rétt á Jan Mayen til nýtingar auðlinda þar á við hverja aðra. Þessi yfirlýsing Jóns Þorlákssonar forsrh. felur í raun og veru í sér vefengingu strax í upphafi á því, að Norðmenn hafi ótvíræðan eignarrétt yfir eyjunni. Þótt Noregur, sem þá var og enn er miklu öflugra land að öllum styrkleika en Ísland, gæti í rás sögunnar styrkt sig í sessi á Jan Mayen var samt sem áður ljóst að forsrh. Íslands, samstundis og norska veðurstofan ætlaði að festa sig í sessi og hefja landnám á Jan Mayen, setti fram fyrirvara um að slík aðgerð gæti leitt til þeirra réttinda sem að jafnaði fylgja ótvíræðum eignarétti á eyjunni. Grunntónninn í kröfugerð Íslendinga frá upphafi hefur þannig verið vefenging á því, að Norðmenn hefðu venjubundinn eignarrétt yfir þessari eyju, — eignarrétt sem fæli í sér að þeir gætu ákveðið einir út af fyrir sig hvernig farið væri með þær auðlindir sem eyjunni eru tengdar.

Það er einmitt þessi beina og óbeina vefenging eignarréttarins sem hefur verið grunntónninn í kröfugerð og stefnutillögum íslenskra stjórnvalda. Norðmenn hafa aftur á móti haldið þannig á þessu máli að tryggja að við lok samningsgerðar lægi fyrir texti sem tæki af allan vafa um að Íslendingar hefðu viðurkennt „sovereigniteet", alþjóðlegan eignarrétt, Noregs á Jan Mayen, ekki aðeins eyjunni, heldur einnig því gífurlega stóra hafsvæði sem til hennar megi teljast samkv. þróun hafréttarmála á undanförnum árum.

Ég vil því strax í upphafi, líkt og síðasti ræðumaður, þó ég vilji halda lengur áfram og hærra á lofti merki Jóns Þorlákssonar í þessu máli en mér fannst hann vilja gera, byrja mitt mál með því að minna enn á ný á og láta hér

standa sem grunntón málflutnings míns tilvísun í bréf forsrh. Íslands frá 1927.

Í ágætum og skýrum og greinargóðum upphafsorðum núv. utanrrh. í viðræðunum, sem fóru fram í Reykjavík í aprílmánuði s. l., er einmitt vitnað rækilega í þennan fyrirvara íslensku ríkisstj. frá 1927. Lok þessa fyrirvara eru á þessa leið:

„ ... að því marki sem hún telur nauðsynlegt, en að því leyti sem til greina gæti komið að nýta eyjuna í þágu annarra hagsmuna óskar ríkisstjórn Íslands að áskilja íslenskum ríkisborgurum jafnan rétt á við borgara hvaða annars ríkis sem vera skal."

Ég vil skjóta því inn hér, þótt ekki sé staður og stund til að rifja upp ítarlega þær röksemdir sem fóru á milli viðræðunefnda Norðmanna og Íslendinga í þeim samningum, að það er til marks um hvers konar hártogunum frændur vorir og vinir beittu í þessum viðræðum, að þegar þeir afneituðu gildi þessa texta var það m. a. á þeim grundvelli að þeir teldu að þarna væri átt við aðra en Norðmenn, þótt öllum megi vera ljóst að það voru Norðmenn og Íslendingar einir sem á þessu sögulega augnabliki voru að fást við þetta mál.

Aldagamall sögulegur réttur Íslendinga til auðlinda Jan Mayen svæðisins hefur mjög rækilega verið rakinn í riti sem utanrrn. gaf út fyrir skömmu og er eftir prófessor Sigurð Líndal og nokkra starfsmenn rn. og aðra einstaklinga og ber heitið „Island og det gamle Svalbard". Ég ætla ekki að rekja efni þessa rits hér, en eingöngu minna á og vitna í þær ítarlegu röksemdir sem þar koma fram.

Ég harma mjög að í viðræðum við Norðmenn hafa þeir aldrei verið fáanlegir til að viðurkenna þennan sögulega rétt Íslendinga til Jan Mayen svæðisins, heldur eingöngu viljað byggja viðræðurnar annars vegar á eigin yfirráðum óumdeilanlegum og hins vegar sanngirni þeirra í Íslands garð út frá almennum frændsemissjónarmiðum, almennum utanríkispólitískum sjónarmiðum og með nokkru tilliti til efnahagslegrar stöðu Íslands. Við verðum þess vegna að horfast í augu við það, að með því að samþ. þann samning, sem hér liggur fyrir, er hugsanlegt að verið sé að ógilda þann mikilvæga fyrirvara sem Jón Þorláksson forsrh. setti fram af mikilli framsýni. Og ég vil lýsa því yfir hér, að ég tel að sá fyrirvari gildi áfram. Ég tel að aðgerðir íslensku ríkisstj. 1927 séu enn í fullu gildi og okkar sögulegu röksemdir þótt Norðmenn hafi að sinni ekki viljað fallast á þær.

Ég sagði í upphafi að þennan samning bæri fyrst og fremst að meta á grundvelli þeirrar stefnu sem Íslendingar hafa haft í málinu. Kostir hans og gallar verða að mínum dómi dæmdir í ljósi þess, hvað við höfum sett fram. Ég er þeirrar skoðunar, að í meðferð utanríkismála sé það ríkari skylda en í meðferð innanríkismála að vanda mjög stefnugerð og tillöguflutning. Óhyggjuleg stefna og ábyrgðarlaus stefna á sviði utanríkismála getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðina og sjálfstæði hennar, efnahagslegt sjálfstæði og pólitískt sjálfstæði. Enn fremur er nauðsynlegt, að þegar þjóð setur fram við aðra þjóð kröfur telji hún sig bæði hafa rétt og einnig aðstöðu til að fylgja þeim kröfum eftir, vegna þess að það skapar lítt virðingu í rás tímans fyrir slíkri þjóð ef aðrar þjóðir reyna hvað eftir annað að þær tillögur, sem fram eru settar, reynast í viðræðum heldur marklitlar og hopað er frá þeim öllum á skömmum tíma. Það er hins vegar eðlilegt og að hætti hygginna samningamanna að setja fram í upphafi máls ítarlegri kröfur en þeir hafa e. t. v. von til að fram nái að ganga. Þess vegna er það rétt, sem komið hefur fram í máli þeirra tveggja — held ég — sem á undan mér hafa talað hér, að stefnumótun íslenskra stjórnmálaflokka og stjórnvalda í þessu máli hefur verið byggð á meginkröfum, aðalkröfum, grundvallarkröfum og síðan varakröfum sem við værum reiðubúnir að ræða ef Norðmenn sýndu okkur þá ósanngirni að vilja ekki taka tillit til aðalkröfugerðar okkar. Ef niðurstaða samninga er hins vegar á þann veg, að hvorki aðalkröfur né varakröfur hafa náð fram að ganga, er tvennt sem blasir við: annaðhvort hafa þær í upphafi verið settar fram á óhyggilegan hátt vegna þess, að að baki þeim hafi hvorki staðið réttindi né aðstaða þjóðarinnar til að fylgja þeim eftir, eða þá að menn hafi á síðasta sprettinum hvikað frá flestu eða öllu því sem þeir áður töldu grundvallaratriði.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að lítil þjóð eins og Íslendingar, sem á eðlilega undir högg að sækja í veröldinni, vandi svo vel stefnumótun sína á sviði utanríkismála að við hér á Alþingi og þeir, sem á eftir okkur koma, séu ekki að gera sér leik að því að setja fram ítarlegar tillögur sem kröfugerð gagnvart öðrum þjóðum — tillögur sem hæstv. utanrrh. sagði alveg réttilega fyrr í dag, að gætu hugsanlega leitt til átaka milli þjóðanna ef á þær verður ekki fallist, — að við gerum okkur ekki leik að því að setja fram tillögur sem við teljum okkur svo ekki getað staðið á. Ég held þess vegna, og segi það í fullri vinsemd og með virðingu gagnvart þeim sem ég hef átt samstöðu með á undanförnum misserum að móta tillögur í hinu svonefnda Jan Mayen máli, að ef það er dómur manna nú að réttur Íslendinga sé svo lítill og aðstaða Íslendinga hafi verið svo veik að þær kröfur hafi lítt eða ekki verið mögulegt að knýja fram, þá skulum við frekar í framtíðinni gæta hófs í tillögu- og kröfugerð gagnvart erlendum þjóðum en setja á oddinn slíkar kröfur að önnur ríki reyni það hvað eftir annað að Íslendingar tali stórkarlalega á löggjafarþinginu og í upphafi samningaviðræðna, en þegar kemur að viðræðum við þá á alþjóðlegum vettvangi séu þeir fljótir að hopa. Ég held að slík stefnumótun á sviði utanríkismála og slík framganga á sviði utanríkismála sé ekki farsæl leið fyrir litla þjóð í þeirri veröld sem við búum í nú.

Því miður verð ég að segja að ef sá texti, sem hér liggur fyrir, er dæmdur á þeim grundvelli sem lagður var í landhelgisnefnd á sínum tíma og ég mun aðeins gera að umræðuefni hér á eftir, þá sé ég ekki að neins staðar í þessum samningi fáist fullnaðarviðurkenning eða örugg viðurkenning á neinni af þeim grundvallarkröfum sem við höfum sett fram. En það er vissulega rétt, sem fram hefur komið hér, bæði hjá hæstv. utanrrh. og eins formanni Sjálfstfl., að í þessum samningstexta má finna ýmsar setningar sem þoka málinu í áttina að því sem við höfum kosið. Vandinn er hins vegar sá að mínum dómi, að í þessu er hvergi það traustatak að við getum beitt því ef reynslan yrði sú, að Norðmenn túlkuðu þennan texta í reynd á hinn óhagstæða hátt fyrir okkur. Ef svo yrði stæðum við frammi fyrir því að meta hvort efna ætti til nýrra deilna, nýrra átaka við Norðmenn eða þá líta í eigin barm og skoða uppgjöf málsins í gráum hversdagsleikanum eins og hún mundi þá blasa við. En ég mun víkja nánar að því undir lok ræðu minnar.

Ég tel, — eins og kom reyndar fram hjá hæstv. utanrrh., mér fannst hann leggja þetta mál að mörgu leyti

hreinskilnislega fyrir hvað það snertir, gat þess hvað eftir annað, — að í þessum texta séu á fleiri en einum stað og fleiri en tveimur og fleiri en þremur möguleikar á alvarlegum samningsrofum ef Norðmenn túlka hann fyrst og fremst í þágu þröngra norskra hagsmuna. Þá blasir við íslenskum stjórnvöldum sú spurning, hvað skuli þá gera. Spurningin er nefnilega sú, hvort þessi samningur leysir yfir höfuð nokkurn vanda, hvort hann sé ekki svo almennt orðaður, svo óljós í alla staði að við stöndum eftir sem áður í víðtækum deilum við Norðmenn ef við viljum halda áfram að fylgja fram okkar fyllsta rétti bæði í fiskveiða- og landgrunnsmálum.

Að því hefur verið vikið hér, og formaður Sjálfstfl. reyndi að gera það að nokkrum gamanmálum, en ég tel það þó hafa verið mjög jákvæðan þátt í þessu máli, að í júlí- og ágústmánuði 1979 náðu Sjálfstfl. og Alþb. saman um ákveðna stefnu í þessum málum. Upphaf þess máls var að Matthías Bjarnason lagði fram í landhelgisnefnd 23. júlí 1979 hugmyndir að viðræðugrundvelli Íslendinga og Norðmanna. Í þessum hugmyndum voru sex meginefnisatriði, sem hann raðaði að vísu ekki í forgangsröð, en augljóslega textanum samkvæmt fólu í sér aðalkröfur og varakröfur Íslendinga gagnvart Norðmönnum. Þar var krafist sameiginlegra yfirráða — hvorki meira né minna — Norðmanna og Íslendinga bæði hvað snertir nýtingu hafs og hafsbotns. Þessi krafa gekk að mínum dómi lengst. Þetta var krafa sem fól í sér efasemd um afdráttarlausan yfirráðarétt Norðmanna á eyjunni Jan Mayen — krafa sem gaf til kynna að Íslendingar hefðu ekki fallist í eitt skipti fyrir öll á „sovereignitet" Norðmanna á eyjunni og teldu sig eiga kröfu til sameiginlegra yfirráða, m. a. með tilvísun til þeirra sögulegu og lagalegu raka sem hefur áður verið vikið að í þessari umr. Önnur krafan fól í sér sameiginlega fiskveiðilögsögu umhverfis Jan Mayen, þar sem báðar þjóðirnar færu með stjórn á lögsögunni og nýtingu þeirra auðlinda sem innan hennar væru. Þriðja krafan fól í sér, að þótt Norðmenn lýstu yfir efnahagslögsögu á Jan Mayen svæðinu ættu báðar þjóðirnar rétt til að nýta að jöfnu auðlindir hafs og hafsbotns utan 12 sjómílna. Og fjórða krafan byggðist á því, að eingöngu væri um fiskveiðiútfærslu að ræða og þær ættu þá báðar rétt til að nýta að jöfnu auðlindir hafs og hafsbotns utan 12 sjómílna. Og fjórða krafan byggðist á því, að eingöngu væri um fiskveiðiútfærslu að ræða og þær ættu þá báðar rétt til að nýta að jöfnu allan þann afla sem á svæðinu fengist og þá ekki bara loðnu, heldur einnig alla aðra fiskstofna sem þar væri að finna. Til viðbótar þessum aðal- og varakröfum voru einnig settar fram tillögur um að Norðmenn og Íslendingar gerðu með sér samning um að útiloka veiðar annarra þjóða, nema samþykki beggja kæmi til, og jafnframt yrði tilgreint í samningnum það hlutfall sem Færeyingar ættu að hljóta í heildarveiðinni.

Það þarf ekki að eyða löngu máli í að útskýra að bókstaflega ekkert af þessum efnisatriðum er í þessum samningi að finna. Hér er ekkert um sameiginleg yfirráð, hér er ekkert um sameiginlega fiskveiðilögsögu, hér er ekkert um jafna nýtingu auðlinda hafs og hafsbotns, hér er ekkert um jafnar veiðar á afla og hér er ekki um útilokun annarra þjóða að ræða. Ég vil segja það í fullri vinsemd við formann Sjálfstfl., sem var að reyna að lesa inn í þann texta samkomulagsins, sem hér liggur fyrir, að hann væri þeirrar skoðunar að þarna væri um jafnan rétt að ræða og hann ætti áfram að liggja til grundvallar í þeim texta sem okkur er ætlað hér að samþykkja, að þeirri kröfu er gagngert neitað af hálfu Norðmanna. Það verður því miður að horfast í augu við það, að þótt Norðmenn viðurkenni, að Íslendingar hafi af almennum sanngirnisástæðum einhver ítök í öðrum stofnum en loðnu á Jan Mayen svæðinu, og geri við þá samkomulag um loðnuveiðar til skamms tíma og setji af stað ákveðna aðferð til að ákveða landgrunnið, þá verður Sjálfstfl. að horfast í augu við að engin krafa, hvorki aðalkrafa né varakrafa, af þeim sem Sjálfstfl. setti fram og hældi sér síðan fyrir — og að nokkru leyti með réttu — að hann hefði haft forustu um stefnumótun Íslendinga í þessum málum, — engin af þessum kröfum hefur náð fram að ganga.

Það er rétt að á grundvelli þessara tillagna, þótt ekki væri þar um kalkipappírsaðferð að ræða, lagði ég fram í landhelgisnefnd 10. ágúst 1979 tillögur frá Alþb. Þar voru annars vegar þrjár megintillögur sem fólu í sér: sameiginlega fiskveiðilögsögu umhverfis Jan Mayen, í öðru lagi jafna nýtingu á auðlindum hafs og hafsbotns og í þriðja lagi jafnmikinn afla. Var þá annar og þriðji liður miðaður við efnahagslögsögu eða fiskveiðilögsögu. Til viðbótar hinum þremur meginþáttum, sem leggja átti til grundvallar í viðræðum, voru fimm atriði sem fólu í sér samning um sameiginlegar fiskverndaraðgerðir sem útilokuðu veiðar annarra þjóða, að tiltekið væri hlutfall Færeyinga, að samið væri m. a. með tilliti til norsk-íslenska síldarstofnsins, og að íslenska landhelgisgæslan fengi aðgang að Jan Mayen svæðinu til að tryggja að við hefðum eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða. Einnig verður að segjast að því miður hefur ekkert af þessu fengist fram í samningnum.

Þegar þriðju viðræðurnar blöstu við eftir aprílviðræðurnar hér í Reykjavík var ljóst, að Norðmenn höfðu fyrir sitt leyti neitað sögulegum rétti Íslendinga til Jan Mayen svæðisins eins og hann var grundvallaður á yfirlýsingu ríkisstj. Jóns Þorlákssonar. Það var ljóst, að Norðmenn höfðu neitað sameiginlegum yfirráðum landanna yfir svæðinu, þeir höfðu neitað sameiginlegri lögsögu, þeir höfðu neitað sameiginlegri nýtingu og þeir höfðu einnig neitað að gera samkomulag um heildarlausn sem fæli í sér, eins og hæstv. utanrrh. gerði grein fyrir áðan, að gengið væri fullkomlega frá skiptingu landgrunnsins um leið og samið var um önnur atriði. Við höfðum sett kröfur okkar fram af fullum þunga, af fullri alvöru og af fullri samstöðu allra íslenskra þingflokka. Ég vil einnig segja það hér, að málið var flutt af mikilli einurð af þeim báðum utanrrh., hv. þm. Benedikt Gröndal og núv. hæstv. utanrrh. Ólafi Jóhannessyni, bæði í fyrri og síðari viðræðunum í Reykjavík. Þar hafði kröfugerð Íslendinga verið sett fram bæði í ítarlegum inngangsorðum og eins í ítarlegum rökstuðningi þar sem þeir ásamt sjútvrh. Kjartani Jóhannssyni, hv. þm., og núv. hæstv. sjútvrh. höfðu haft meginorð fyrir Íslendingum. Þessar meginkröfur höfðu verið fluttar af ráðherrum okkar fyrir hönd nefndanna við bæði tækifærin af fullri einurð og mikilli festu og með ítarlegri tilvísun til þeirra marghátturðu raka sem við höfum sett fram. Ég tel það mikla ósanngirni af hálfu Norðmanna og skapar ekki vonir um að þeir muni í framtíðinni sýna okkur þá sanngirni sem orðið er í þessum texta, að engin af þessum kröfum okkar, ekkert af þessum sjónarmiðum okkar fékk hljómgrunn í þeirra eyrum. Og þá stóðum við frammi fyrir því að reyna að finna millileið sem hægt væri að fá Norðmenn til þess að

fallast á og tryggði höfuðatriði sem við legðum mesta áherslu á þótt okkur væri ljóst að þeir hefðu neitað aðalkröfum okkar. Og mér finnst það sýna þann vilja, sem minn flokkur, Alþb., hafði til að reyna að ná samningum í þessari deilu, að við værum reiðubúnir að leggja fram drög að slíkri millileið áður en síðasta samningalota hófst í Osló. Það gerðum við með tillögum sem lagðar voru fram á fundi viðræðunefndarinnar 5. maí s. l. Þar voru að meginhluta fimm efnisatriði:

1) Óskertar 200 mílur af landhelgi Íslands. Norðmenn hverfi algerlega frá fyrri kröfum sínum.

2) Að veiðar á loðnu, kolmunna, rækju og öðrum tegundum, sem veiddar eru á Jan Mayen svæðinu, verði að jafnaði byggðar á helmingaskiptareglu þjóðanna.

3) Að réttindi Íslendinga til auðlinda hafsbotnsins á Jan Mayen svæðinu verði tryggð með afdráttarlausri skiptingu, sem tilgreind verði í samningi, og Norðmenn fallist á að færa ekki út efnahagslögsögu við Jan Mayen fyrr en slíkur samningur hefur verið staðfestur af báðum aðilum.

4) Að olíuboranir á Jan Mayen svæðinu verði háðar samkomulagi beggja þjóðanna.

5) Að samningarnir verði ótímabundnir og óuppsegjanlegir.

Það er e. t. v. til marks um það, hve lítill samkomulagsvilji Norðmanna var í þessu máli, að þegar þessar tillögur voru birtar í Noregi og um það fréttist í norska utanríkisráðuneytinu, þá hefur komið fram að norska viðræðunefndin hugleiddi alvarlega að aflýsa viðræðunum. Svo fráleitar fundust þeim þessar hugmyndir um millileið sem hæstv. utanrrh. hefur þó tekið fram með réttu að bæði á Íslandi og eins í Noregi voru ekkert nýjar og eru ekkert nýjar, heldur fólu í sér þann lágmarksgrundvöll sem íslenska samninganefndin öll taldi að hægt væri að byggja samkomulag á. En jafnvel þessar millikröfur, sem settar voru fram í kjölfar af röð af aðalkröfum sem allir íslensku flokkarnir höfðu haft samstöðu um, náðu ekki fram að ganga í viðræðunum í Osló, nema e. t. v. sú fyrsta þeirra, sem ég mun koma að á eftir.

Fyrsta dag viðræðnanna í Osló kom greinilega fram að Norðmenn voru fyrir alvöru farnir að hugleiða samninga við Efnahagsbandalagið um veiðar á þessu svæði og vildu koma óbundnir til þeirra samninga af samningum við Íslendinga. Þessi afstaða þeirra var svo fráleit að okkar dómi að við hugleiddum í alvöru að hverfa við svo búið frá Osló. Þegar norska ríkisstjórnin sá fram á það breytti hún um stíl í viðræðunum og fór að ræða ýmis þau atriði sem þarna voru tilgreind, en þó með þeim hætti að þar var hvergi hægt að festa hönd á þannig að við gætum sagt að íslenska samninganefndin hefði með tvímælalausum hætti tryggt um aldur og ævi eða ákveðinn tíma viss grundvallarréttindi.

Norska viðræðunefndin kappkostaði að hafa orðalagið alls staðar og alltaf með þeim hætti að Norðmenn gætu túlkað það sér í hag ef þeim þætti nauðsynlegt að beita Íslendinga í framtíðinni hörku. Texti samkomulagsins, sem okkur var sýndur hvað eftir annað, fól þannig sífellt í sér skort á þeim tryggingarákvæðum sem að mínum dómi ein duga í samningum við Norðmenn. Nú er það vissulega rétt, að Norðmenn eru miklir frændur vorir og vinir, en Norðmenn hafa líka sýnt, að þeir eru harðir samningamenn, og þeir hafa sýnt það með veiðum á síldarstofninum, að þeir eru harðir veiðimenn. Þeir hafa sýnt það með kröfugerð sinni nú í loðnustofninn, að þeir ætla sér stóran hlut, miklu stærri hlut en hingað til, í veiðum á Norður-Atlantshafi. Þeir taka í því sambandi lítið tillit til þess, þótt Íslendingar eigi fyrst og fremst afkomu sína undir fiskveiðum.

Í framtíðarviðskiptum við svo harða nágranna hefði ég talið grundvallaratriði að Íslendingar hefðu í höndum afdráttarlaus tryggingarákvæði, einkum og sér í lagi vegna þeirrar reynslu sem þessi samningalota í Jan Mayen málinu hefur kennt okkur. Við höfum sett fram hvert sjónarmiðið á fætur öðru, sem að okkar dómi væri rétt og sanngjarnt, en Norðmenn hafa ekki fallist á þau. Við höfum komið með hugmyndir um veiðar sem þeim hafa fundist fráleitar. Við höfum fundið að sterkur þrýstingur er í Noregi hjá ýmsum samtökum og hagsmunaaðilum á að knýja norsk stjórnvöld nú og í framtíðinni til að taka stærri hlut af veiðunum en þeir hafa haft. Við fundum greinilega undirtóninn í þeirri kröfu, að þar sem Jan Mayen væri að þeirra dómi algerlega norsk, jafnríkulegur hluti af konungsríki Noregs og trén í garði kóngsins, ætti hún að hafa fulla 200 mílna efnahagslögsögu í kringum sig. Þegar horft er til þeirra aðstæðna hjá Norðmönnum sjálfum efast ég um að jafnvel þótt ríkisstj. í framtíðinni í Noregi hefði í sjálfu sér góðan vilja til að túlka þau sanngirnisákvæði, sem kveðið er á um í þessum samningi, á hinn besta veg eða hinn betri veg a. m. k. fyrir Íslendinga, þá séu aðstæður allar þannig heima fyrir að henni yrði það kleift. Ég tala nú ekki um ef sú ríkisstj. byggði fylgi sitt að verulegu leyti á stuðningi þeirra héraða sem telja sig frá byggðasjónarmiði hafa mestra hagsmuna að gæta gagnvart veiðum í Norður-Atlantshafi.

Ég ætla ekki hér, enda tel ég það þjóna litlum tilgangi, að rifja upp þau ítarlegu blaðaskrif sem orðið hafa um þetta mál hér á landi á undanförnum misserum. Ég vil þó minna á það, líkt og síðasti ræðumaður gerði, geri það í fullri vinsemd, en tel þó að nauðsynlegt sé að fram komi, að þegar við Matthías Bjarnason höfðum myndað samstöðu í landhelgisnefnd á sínum tíma sagði hæstv. þáv. forsrh. að sú hugmynd okkar Matthíasar, að Íslendingar ættu að krefjast helmingaskipta á hafsbotninum, væri alger barnaskapur, vegna þess að við ættum miklu meiri rétt á hafsbotninum þar, ekki aðeins landgrunninu, heldur öllum hafsbotninum í kringum Jan Mayen. Bæði í viðtali við Vísi 22. ágúst og einnig í viðtali við Tímann 16. ágúst koma þessi sjónarmið skýrt og greinilega fram. Tíminn hefur eftir þáv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta: „Fellst ekki á helmingaskipti botnsins, segir forsrh."

Enn fremur finnst mér rétt, fyrst talsmenn Sjálfstfl. leggja svo mikið upp úr því, bæði hér og einnig utan þings, að í þessum samningi felist viðurkenning á 200 mílunum íslensku, að benda á að það hefur verið þeirra skoðun þangað til síðustu daga að slíkt atriði væri ekki einu sinni til umræðu við Norðmenn, hvað þá heldur að fyrir það ætti að gefa eitthvað í samningum. Það hefur verið samdóma álit íslensku samninganefndarmannanna yfirleitt, að 200 mílurnar okkar fullar í átt að Jan Mayen væru svo sjálfsagðar að það kæmi ekki til greina að skoða þær sem einhvers konar skiptimynt í samningum. Í leiðara Morgunblaðsins 10. ágúst 1979 er þessi stefna orðuð á þennan hátt m. a.:

„200 mílna lögsaga Íslands á Jan Mayen svæðinu er óumdeilanleg og ekki til umræðu við Norðmenn. Þar er hvorki um að ræða grátt svæði né umdeilt svæði, eins og

sumir íslenskir fjölmiðlar hafa sagt, bersýnilega af þekkingarleysi."

Hér er í örfáum orðum, í leiðara Morgunblaðsins 10. ágúst 1979, lýst þeirri grundvallarafstöðu sem Sjálfstfl. og aðrir flokkar hafa jafnan haft, að þessi réttur væri svo sjálfsagður að hann væri ekki umræðuatriði gagnvart Norðmönnum. Það kemur m. a. fram í grein hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem hann skrifaði í Morgunblaðið á sínum tíma, þar sem hann réttilega hælir þáv. utanrrh. Benedikt Gröndal fyrir að hafa algerlega „snúið niður" — held ég að sé orðalag greinarinnar — allt tal Norðmanna um að draga í efa 200 mílurnar íslensku gagnvart Jan Mayen.

Það má vera rétt, þó ég dragi það nokkuð í efa, en skal ekki ræða það ítarlega hér, að í þessum texta hafi Norðmenn horfið frá fyrri afstöðu sinni til íslensku 200 mílnanna. En ég vil minna á tvennt í þessu sambandi. Það fyrra er, að það var ávallt afstaða allra íslensku samninganefndarmannanna að fyrir slíkt bæri ekki að gefa eitt einasta atriði í samningum við Norðmenn, vegna þess að það væri réttur sem ekki væri til umræðu, eins og sagt er í fyrrgreindri grein.

Hitt atriðið, sem ég vil minna á, er að Norðmenn höfðu áður í reynd eða „de facto" viðurkennt 200 mílurnar íslensku, bæði með því að gefa skipun um það í fyrra að sigla ekki inn á svæðið og eins með annarri almennri umfjöllun um málið. Það var alveg ljóst, að það voru fyrst og fremst samningahagsmunir Norðmanna í Barentshafi sem gerðu það að verkum að þeir vildu ekki skrifa lögformlega upp á afnám miðlínukenningarinnar, en alls ekki að þeir teldu að þeim héldist það uppi til lengdar að ætla að tileinka sér eitthvert „grátt svæði" milli Íslands og Jan Mayen.

Ég hef hér minnt á nokkur meginatriði í þeim stefnugrundvelli sem Íslendingar, bæði þingflokkarnir og stjórnvöld, hafa haft í þessu máli. Þessi stefnuatriði koma mjög vel fram í þeirri ágætu inngangsræðu núv. hæstv. utanrrh., sem ég vitnaði í áðan og hann flutti við upphaf seinni viðræðnanna í Reykjavík, eins og í þeim drögum að ræðu sem fyrrv. hæstv. utanrrh. Benedikt Gröndal hafði ætlað sér að flytja þegar viðræðurnar stóðu fyrir dyrum s. l. haust, en voru síðan afturkallaðar, og hann birti í Alþýðublaðinu 10. maí 1980. Lokaorð þeirrar inngangsræðu hv. þm. Benedikts Gröndals eru að mínum dómi ágætur kjarni í þeirri meginhugsun og þeirri meginafstöðu sem við höfum haft í þessum málum. Þau eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af framansögðu og fleiri atriðum er íslenska þjóðin þeirrar skoðunar, að hún eigi a. m. k. helmingsrétt til stjórnunar og nýtingar auðlinda Jan Mayen svæðisins utan 12 mílna landhelgi, í sumum tilvikum meiri."

Mér finnst þarna í fáum orðum orðuð vel sú meginhugsun sem kröfugerð okkar hafði verið byggð á. Ég vil einnig benda á, þó að ég telji ástæðulaust að rekja það hér, þann ítarlega rökstuðning fyrir þessari niðurstöðu sem fram kemur í þeirri ræðu sem hv. þm. Benedikt Gröndal hafði ætlað sér að flytja þegar viðræðurnar stóðu fyrir dyrum s. l. haust. Ég vil enn fremur minna hv. þingheim á atriði í inngangsræðu núv. hæstv. utanrrh., þar sem hann segir 14. apríl s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu sambandi ber að geta þess, að það er matsatriði hvort Jan Mayen á að fá nema 12 mílna lögsögu á sjó að viðbættu mjög takmörkuðu landgrunnssvæði. Dæmi eru til þess, að slík eyja hafi aðeins fengið viðurkennt 1 mílu landgrunn. Af Íslands hálfu er lögð áhersla á það, að ef ekki væri um að ræða kröfugerð vegna Jan Mayen fengi Ísland yfirráð yfir öllu landgrunnssvæði sínu."

Þetta eru stór orð. Þetta er afdráttarlaus yfirlýsing um hvað utanrrh. Íslands telur Jan Mayen hafa lítinn rétt þegar til samninga eigi að ganga um skiptingu auðlinda hafs og hafsbotns á þessu svæði. Þessi skoðun er studd mörgum öðrum rökum í þessum inngangsorðum. Þar er vikið að lífshagsmunum Íslendinga, þar er vikið að því að Jan Mayen sé lítil og óbyggð og án sjálfstæðs atvinnulífs, og þar er vikið að fyrirvörum íslensku ríkisstj. frá 1927.

Það er þess vegna miður að mínum dómi, að nú skuli hafa verið lagður fyrir Alþ. texti að samkomulagi sem hefur þá grunnhugsun innbyggða að Jan Mayen sé eiginlega jafngilt ríki á við Ísland hvað öll réttindi snertir. Út á þetta sker, þennan klett, sem við köllum eyju og er algerlega óbyggð, hefur aldrei haft neina byggð og við höfum haldið fram að væri á íslensku landgrunni, ætla Norðmenn sér nú slík yfirráð á Norður-Atlantshafi að þegar þau bætast við þeirra fyrri yfirráð hafa þeir meiri yfirráð yfir hafi en allt Efnahagsbandalagið til samans. Við erum með þessum samningi að gera Noreg að stórveldi í hafsdrottnun á Norður-Atlantshafi, og við gerum það aðeins nokkrum vikum eftir að utanrrh. Íslands hefur dregið í efa að Jan Mayen ætti rétt á nema kannske 1 mílu landgrunni og ekki nema 12 sjómílna lögsögu. Sú grunnhugsun gengur í gegnum þetta samkomulag, að Jan Mayen sé jafnríkulegur hluti af Noregi og trén í skógum landsins og þær aðulindir aðrar sem á meginlandi Noregs eru. Í þessum texta er yfirráðaréttur Norðmanna með beinum eða óbeinum hætti viðurkenndur. Það tel ég að samrýmist ekki grundvallarsjónarmiðum okkar Íslendinga í þessu máli. Við hljótum til frambúðar að halda fram þeirri skoðun, að hvað sem framtíðin kunni annars að bera í skauti sér sé það óeðlilegt ástand að þessi litla mannlausa eyja eigi að skerða svo framtíðarréttindi Íslendinga sem gert er með þessu samkomulagi — réttindi sem við höfum haldið fram og ég hef hér verið að rekja í stefnumótun þingflokka, í yfirlýsingum utanrrh. tveggja ríkisstjórna, að við hefðum ótvíræðan rétt til.

Ef litið er á þann samning, sem hér liggur fyrir, vil ég ítreka það sem ég sagði í upphafi, að hann ber að mínum dómi fyrst og fremst að dæma á grundvelli þeirrar stefnumótunar sem Íslendingar hafa sett fram áður. Það ber ekki að dæma hann eins og hann detti niður úr skýjunum úr einhverju sögulegu tómarúmi og sjá kost og löst eingöngu í textanum sjálfum eins og hann kemur fyrir, heldur með tilliti til þess, hvers við höfum vænst og hvers við höfum krafist. Ég hef áður gert tvíþættar aths. við þau meginrök, að samningurinn feli í sér stóran feng hvað snertir 200 mílna efnahagslögsögu Íslendinga. Bæði hefur það verið stefna okkar, að slíkt væri ekki skiptimynt í samningum við Norðmenn, og hins vegar lá slík „de facto" viðurkenning í reynd fyrir áður.

Ég hef þegar vikið að því, að ekkert af þeim grundvallarstefnumiðum, sem Íslendingar hafa sett fram, næst í þessum samningi. Ég sagði það í íslensku samninganefndinni og skal segja það hér, að ef einhver þeirra hefðu náðst, þó ekki öll, hefði ég verið tilbúinn að hugleiða í fullri alvöru að standa að slíkum samningi, vegna þess að þá hefði náðst að mínum dómi viðspyrna gegn hugsanlegri ósanngirni, hugsanlegum óréttí Norðmanna

í framtíðinni. En það, sem fyrst og fremst tekur af skarið gagnvart minni afstöðu hér og nú, er það, að við höfum ekki náð slíkum tryggingum. Ég orðaði það í sjónvarpi í viðræðum við utanrrh. kvöldið sem við komum heim, að það væru engir stálvírar í þessum samningi sem bæru uppi réttindi Íslendinga. Hann viðurkenndi að það væri alveg rétt. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að í heiðarlegri greinargerð fyrir þessum samningi í upphafi þessarar umr. hafi komið mjög rækilega fram hve miklum vafa undirorpin nánast öll veigamestu ákvæði þessa texta eru. Og mat manna, sem mæla með samningnum, hvílir fyrst og fremst á þeirri skoðun, að það sé betra að hafa þetta en ekkert. Það er röksemd sem ég mun víkja að undir lok máls míns.

Það hefur þegar komið fram á opinberum vettvangi, hvernig ýmsar greinar þessa samnings hafa opnað útgöngudyr fyrir Norðmenn og skortir tryggingarákvæði fyrir okkur. Ég vil aðeins hlaupa á þeim hér vegna þess að ég reikna með, enda kom það fram í ræðum þeirra tveggja sem hér töluðu áðan, að þessir gallar samningsins séu flestum allljósir.

Sú nefnd, sem fjallað er um í 2. gr. að setja á fót og kveðið er á um starfsvettvang og starfsaðferðir í 3. gr., á ekki að vera nefnd fiskifræðinga, eins og ég les þennan texta, heldur fyrst og fremst nefnd embættismanna eða stjórnmálalegra fulltrúa sem eiga síðan að koma á fót starfshópi fiskifræðinga í tengslum við nefndina. Ég tel því að sá möguleiki sé fyrir hendi, að önnur þjóðin eða báðar setji í nefndina starfsmenn sem telja sig á einhvern hátt vera skuldbundna þeirri ríkjandi stjórnmálastefnu sem gildir gagnvart fiskveiðum í viðkomandi landi og það sé ekki trygging fyrir því að nefndin starfi fyrst og fremst á faglegum grundvelli.

Þar að auki er á 3. gr. sá vankantur, að það eru eingöngu samhljóða tillögur nefndarinnar sem eru bindandi. Ef annar aðilinn gerir ágreining, og ég bendi aftur á hvernig nefndin gæti verið saman sett af embættismönnum eða pólitískum fulltrúum, eru tillögur ekki bindandi. Þarna er um að ræða möguleika á neitunarvaldi Norðmanna, sem ekki hefur mikið verið vikið að í þessum umræðum, en ég tel þó að standi í þessum texta.

Í 4. gr., um ákvörðun heildaraflamagnsins, er ákvæði sem mjög ítarlega hefur verið rætt um í tengslum við þessa samninga. Þótt Íslendingar eigi að ákveða heildarmagnið eru Norðmenn óbundnir af því. Ég vil hins vegar lýsa þeirri skoðun minni, að ég óttast þá yfirlýsingu, sem flutt var á lokamínútum viðræðnanna af Jens Evensen, einum af þremur aðalsamninganefndarmönnum Noregs í þessum viðræðum frá upphafi og jafnframt þeim sem reyndist okkur erfiðastur í þessari glímu, og reikna ég ekki með að neinn trúnaður sé brotinn þó það sé sagt hér. Hann lýsti þeirri skoðun samkv. minni bókun fyrir hönd norsku samninganefndarinnar, — ekki sem sinni einkaskoðun, heldur fyrir hönd norsku samninganefndarinnar, — að lokaorðin í 8. gr., þar sem kveðið er á um að samningur þessi skuli vera bindandi í viðræðum við Efnahagsbandalagið, gildi ekki um 4. gr. Vonandi er þessi skilningur minn rangur. Vonandi verður það þannig, að í viðræðum við Efnahagsbandalagið reynist Norðmenn bundnir af þessum texta. En ég tel þó að reynsla okkar af samningaviðræðunum fyrsta daginn og þessi yfirlýsing, sem þarna var flutt, og samræður við norsku fulltrúana gefi fyllilega tilefni til þess, að íslensk stjórnvöld — þeir sem styðja þennan samning — fari strax að íhuga hvað skuli til bragðs taka ef kemur í ljós að þessi yfirlýsing Jens Evensens hefur ekki bara verið nokkur orð mælt af einum manni í samninganefnd, eins og talað var um áðan, heldur raunverulegur boðskapur um hvað Norðmenn ætluðu sér að gera í reynd. Ef þau reynast raunverulegur boðskapur erum við hér að gera loðnuveiðisamning til þriggja vikna, þá erum við að láta Norðmönnum í té viðurkenningu á 200 mílna fiskveiðilögsögu við Jan Mayen gegn loðnusamningum til þriggja vikna, sem þurfi að taka upp frá grunni þegar Efnahagsbandalagið er komið inn í myndina, sem Norðmenn töluðu um allan fyrsta dag viðræðnanna. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að í þeim samningum hafa Norðmenn miklu meiri möguleika til að skipta við Efnahagsbandalagið á öðrum fisktegundum, eins og t. d. makríl, eða gera við þá olíusamninga gegn því að fá í staðinn viðbótarloðnuveiði við Austur-Grænland, þannig að hlutur Norðmanna af loðnuveiðinni verði ekki eingöngu þau 15%, sem kveðið er á um í 5. gr. og Norðmenn eru ófáanlegir til að takmarka við svæðið utan efnahagslögsögu Íslands, heldur geti þeir bætt við þessi 15% jafnvel öðrum 15%, kannske minna, kannske meira, við Austur-Grænland. Kannske stöndum við frammi fyrir því í sumar eða næsta sumar að Norðmenn séu farnir að taka 30% eða jafnvel meira úr loðnustofni sem við höfum alltaf talið íslenskan loðnustofn fyrst og fremst og byggt okkar efnahagslíf að verulegu leyti á og þeir veiddu ekki neitt af fyrir nokkrum árum og hafa aldrei veitt nema örfá prósent af. Það yrði verulegt efnahagslegt áfall fyrir Íslendinga ef 30% eða jafnvel meira af loðnustofninum væru komin í hendur Norðmanna eftir slíka baktjaaldasamninga við Efnahagsbandalagið.

Það eru þess vegna í þessum samningi verulegar hættur. Og ég tel að það sé nauðsynlegt, þótt okkur greini á um þennan samningstexta, að við séum þó sammála því mati að ekki megi útiloka að slík verði reyndin, það megi ekki útiloka að Jens Evensen, sem Knut Frydenlynd gaf orðið sérstaklega á síðustu mínútum viðræðnanna, hafi ætlað sér einhvern sérstakan tilgang með yfirlýsingu sinni annan en þann að koma sjálfum sér á framfæri.

5. gr. hefur þar að auki þann galla, að eftir fjögur ár er ekki samkomulag um neitt hlutfall. Menn greinir á um hvernig túlka eigi hvað taki þá við. Þeir, sem bjartsýnastir eru fyrir Íslands hönd, telja að Norðmenn verði þá af siðferðilegum eða almennum lögfræðilegum — óljósum þó — ástæðum bundnir við þessi 15% ef samningar takast ekki. Þeir sem svartsýnastir eru, og ég er í þeirra hópi, telja að þessi texti feli ekki í sér neinar slíkar tryggingar og að Norðmenn muni telja sig hafa algerlega óbundnar hendur af þessu hlutfalli að fjórum árum liðnum. Mér er kunnugt um að túlkun sérfræðinga norsku stjórnvaldanna var á þann veg einnig.

Hvað 6. gr. snertir ber að hafa í huga að íslenska samninganefndin hefur ávallt og allt til síðasta dags gert kröfur um að ekki yrði eingöngu viðurkenndur réttur okkar á loðnuveiðunum, heldur yrði einnig viðurkenndur tvíþættur annar réttur sem við ættum til veiða á Jan Mayen svæðinu: í fyrsta lagi réttur til veiða á öðrum flökkustofnum, eins og kolmunna og síld, og ákveðið yrði um það hlutfall þar sem við héldum helmingaskiptareglunni til streitu, og í öðru lagi að viðurkenndur yrði réttur okkar til staðbundinna fiskstofna við Jan Mayen. Hvorugt af þessu næst fram í þessum texta, heldur er

eingöngu með óljósu orðalagi talað um að „sanngjarnt tillit skuli taka til" og við megum svo veiða sanngjarnan huta í þessu sanngjarna tilliti á Jan Mayen svæðinu, — almennt orðalag sem góðviljug norsk ríkisstjórn gæti kannske túlkað okkur í hag, en ríkisstjórn, sem bundin væri af stjórnmálalegum hagsmunum norskra fiskimanna og íbúanna í þeim héruðum Noregs þar sem veiðarnar eru mikilvægastar, mundi auðvitað túlka á þann veg að Íslendingar fengju lítið sem ekkert af þessum stofni. Og þó að það sé út af fyrir sig rétt, sem hæstv. utanrrh. sagði áðan, að þegar úthlutað verður kvótum af stofnum eins og kolmunna verði það fyrst og fremst gert til þjóða eða landa, hygg ég þó að í þeirri úthlutun verði ekki eingöngu tekið tillit til þess, hvað þjóðirnar hafi veitt áður af slíkum stofnum, enda yrði þá hlutur okkar í kolmunnanum frekar lítill, heldur yrði einnig tekið tillit til þess, hver er yfirráðaréttur þjóðanna á þeim svæðum sem flökkustofninn fer um. Það er einmitt á þessum grundvelli sem við höfum talið mikilvægt að fá viðurkenningu fyrir því, að við ættum helmingsrétt í öðrum flökkustofnum sem fara um Jan Mayen svæðið, til þess að þegar til skiptingar kæmi á þessum stofnum í framtíðinni væri hlutur Íslands byggður bæði á þeim hluta, sem fer um núverandi íslenska efnahagslögsögu, og einnig þeim hluta, sem fer um Jan Mayen svæðið.

Í 7. og 8. gr. er skýrt tekið fram að önnur lönd eiga að koma inn í þessa samninga, gagnstætt því sem var upphaflega stefna okkar í þessum efnum. Ég hef áður vikið að þeim fyrirvara sem Jens Evensen hafði fyrir hönd norsku samninganefndarinnar varðandi lokaorðin í 8. gr.

Þegar komið er að 9. gr., um landgrunnsskiptinguna, ber að hafa fjögur atriði í huga:

Í fyrsta lagi er þarna fjallað um svæðið milli Íslands og Jan Mayen, þ. e. svæðið frá fjörðum Norðaustur-Íslands og ströndum þess til Jan Mayen, en ekki fjallað um svæðið frá efnahagslögsögu Íslands til Jan Mayen. Þess vegna liggur það að mínum dómi í orðanna hljóðan hér, að líkur séu á að norskir hagsmunir túlki þetta samkomulag þannig að það eigi að reikna inn í hlut Íslands við þessa skiptingu allt það sem nú þegar er innan fullrar 200 mílna efnahagslögsögu Íslendinga. Það er atriði sem mjög mikilvægt er að hafa í huga. Það á ekki að skipta svæðinu frá íslensku 200 mílunum til Jan Mayen, heldur frá ströndum Íslands.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að nefndin skili samhljóða tillögum, norski fulltrúinn í henni, íslenski fulltrúinn og þriðji fulltrúinn, en þó hefur norski fulltrúinn í þessari umræðu möguleika á neitunarvaldi ef skiptingin er ekki samkvæmt hans vilja. Og mér þykir það líklegt, ef dæma má af reynslu og eðli slíks starfs, að þeir fulltrúar, sem verða fyrir hönd Íslands og Noregs, muni hafa náið samstarf við ríkisstjórnir beggja landanna. Mér er til efs að fulltrúi Noregs í slíkri nefnd mundi samþykkja tillögur að skiptingu sem norsk ríkisstjórn teldi sér ekki stjórnmálalega óhætt að samþykkja. Þá skulum við hafa það í huga, sem við fundum greinilega fyrir, samninganefndarmennirnir í Osló, að kosningar eru í nánd í Noregi. Þessi ferill skiptingarinnar mun eiga sér stað með kosningarnar yfirvofandi og þá almennu kröfu, a. m. k. einhvers hluta norsks kjósendahóps, þegar komin er full viðurkenning Íslendinga á 200 mílna fiskveiðilögsögunni við Jan Mayen, að Íslendingar viðurkenni þá einnig eða Norðmenn knýi Íslendinga einnig til að viðurkenna fulla 200 mílna efnahagslögsögu við Jan Mayen og við stöndum upp, eins og og hæstv. utanrrh. réttilega sagði að möguleiki væri á, án þess að nokkurt slíkt samkomulag væri á borðinu og við þyrftum að stefna í nýja deilu við Norðmenn með því að færa hafsbotnsréttindin út fyrir 200 mílur.

Í þriðja lagi kemur það fram, að tillögurnar eru ekki skuldbindandi. Það urðu mér mikil vonbrigði, að það bréf, sem talað var um að norski utanrrh. ritaði hinum íslenska, fólk ekki í sér yfirlýsingu um að útfærsla 200 mílna efnahagslögsögu við Jan Mayen væri bundin því að samkomulag hefði tekist milli Íslendinga og Norðmanna, heldur er það eingöngu, eins og hæstv. utanrrh. gerði grein fyrir áðan, bundið við tímabilið til áramóta.

Til viðbótar öllu þessu verðum við svo að trúa því, að Norðmenn vilji taka sanngjarnt tillit enn á ný til skoðana okkar hvað snertir olíuboranir og aðrar aðgerðir á Jan Mayen svæðinu sem kunna að valda röskun á lífríki svæðisins, ef illa fer, og stofna fiskveiðum okkar í hættu. En ég held að það sé rétt að minnast þess, þegar menn vega og meta hvert hald er í slíku ákvæði, að norsk stjórnvöld höfðu ákveðið olíuboranir úti fyrir ströndum Norður-Noregs gegn mótmælum íbúa Noregs sjálfs, gegn hörðum mótmælum byggðasamtakanna og íbúasamtakanna í Norður-Noregi. Er líklegt að ríkisstj., sem hlítir ekki samhljóða mótmælum eigin byggðarlaga, komi til með að hlíta mótmælum okkar þegar ákvæðin eru jafnóljóst orðuð og hér er? Við skulum hafa þá reynslu í huga þegar við vegum og metum hvert hald kann að vera í þeirri grein textans sem fjallar um mengunarvarnir.

Ég held því að sé nokkuð ljóst, að í þessum samningi hafi ekki náðst fram neinar af þeim meginkröfum sem Íslendingar hafa sett á oddinn. Það er einnig ljóst, að í þessum samningi felast margir möguleikar á óhagstæðri túlkun Norðmanna á honum, eins og hæstv. utanrrh. vék að hvað eftir annað í máli sínu þar sem hann við umfjöllun sína um hverja greinina á eftir annarri reifaði ýmsa möguleika og benti á að ef það gerðist væri um samningsrof að ræða og þá væri ekki staðið við þau ákvæði sem hér væri að finna, enda held ég að það sé rétt mat — a. m. k. hef ég ekki heyrt neinn mann lýsa sig ánægðan með þennan samning. Þeir, sem hér hafa talað, og þeir, sem um hafa fjallað á opinberum vettvangi, hafa flestir á einn eða annan hátt viðurkennt að hér væri um slæman samning að ræða. Lokaröksemd stuðningsmanna samningsins felst hins vegar í því, að það sé betra að hafa þennan samning en ekkert. Ég vil að lokum gera það að umtalsefni.

Sú röksemd að segja, að samningurinn sé betri en ekkert, felur í sér þá innbyggðu forsendu að hann sé í eðli sínu slæmur, enda hefur það komið fram hvað eftir annað. En við skulum þá hugleiða hvað hefði tekið við ef meiri hl. íslensku samninganefndarinnar hefði ekki ákveðið að leggja þennan samning í núverandi formi fyrir Alþingi.

Mín tillaga var sú, og það er enn mín tillaga, að Íslendingar héldu áfram samningum við Norðmenn. Við skulum hugleiða að þessi texti verður til á tæpum einum og hálfum sólarhring frá því að Norðmenn fóru á annað borð að hreyfa sig. Það er mat, þar sem enginn getur sannað af eða á hver hafi rétti fyrir sér, hvort þessi eini og hálfi sólarhringur hafi dugað okkur eða enginn annar möguleiki hafi verið fyrir hendi. Ég benti á það úti í Osló

og ég bendi á það hér, að enn er nægur tími til stefnu til að halda áfram þessum viðræðum og til að knýja á um að við fáum inn í þennan samning þau tryggingarákvæði sem ég held — a. m. k. vona — að við séum allir sammála um að þyrftu helst að vera í honum. Þess vegna var það tillaga mín í Osló að við færum heim, boðaður yrði svo nýr viðræðufundur eða haldið áfram að skiptast á tillögum.

Ég met stöðu Íslendinga sterka í þessu máli hvað snertir réttindi okkar. Báðir utanrrh. okkar — núv. og fyrrv. — hafa lýst hvað eftir annað og ítarlega rökstutt í viðræðum um málið að aðstaða okkar væri mjög sterk hvað snertir nauðsyn Norðmanna á að semja við okkur og koma í veg fyrir átök milli Íslendinga og Norðmanna, — aðstaða okkar væri sterk, vegna þess að ef við mótmælum útfærslu Norðmanna við Jan Mayen og virðum hana ekki verður lítið hald í þeirri útfærslu og í slíkri atburðarás mundum við ná fram sterkari samningi, traustari samningi, og Norðmönnum, ef þeir þyrftu að horfast í augu við það kalt og rólega í ljósi sögunnar, í ljósi röksemda Íslendinga, í ljósi þeirra grundvallarþátta sem einkenna samskipti þjóðanna, væri ekki stætt á því að standa upp frá samningaborðinu og stefna kannske í óleysanleg átök milli þjóðanna. Ég held þess vegna að það sé vanmat á aðstöðu okkar að halda að við hefðum staðið veikir eftir ef við hefðum sagt við Norðmenn og ef við segjum enn við Norðmenn, því að enn er ekki öll nótt úti í þessu máli: Við viljum halda áfram og knýja á um að inn í þennan texta, sem að vísu er í áttina, en dugir þó ekki, þurfa að koma traustari ákvæði. — Jafnvel þótt þeir færðu út í millitíðinni held ég að það skipti litlu máli, vegna þess að við mundum tilkynna þeim að við munum ekki virða það, Danir munu ekki virða það og aðrar þjóðir á þessu svæði munu ekki virða það. Það mun bókstaflega enginn virða þá útfærslu Norðmanna, enda vil ég minna á að Knut Frydenlund, utanrrh. Norðmanna, hefur sagt hvað eftir annað að forsenda þess, að Norðmenn gætu fært út við Jan Mayen, væri að Íslendingar mótmæltu því ekki og helst viðurkenndu það. Ef við þeim blöstu mótmæli Íslendinga við slíkri útfærslu væri staða Norðmanna veik. Það var okkar stóra tromp í þessum samningi. Það var það tromp sem við gátum að mínum dómi haldið á lengur og traustar til að fá í okkar hendur þær tryggingar sem gæfu okkur rétt til varanlegra loðnusamninga á þessu svæði, ákveðinn og skýran rétt til veiða á öðrum tegundum á þessu svæði, afdráttarlausari viðurkenningu fyrir skiptingu landgrunnsins og afdráttarlausara tryggingarákvæði um að olíuboranir og aðrar aðgerðir í þessu umhverfi, sem gætu stofnað lífríki þess í hættu, væru háðar samþykki okkar.

Ég tel koma til greina, og mun reifa það í utanrmn., að fluttar verði hér á Alþingi tillögur um að samningum við Norðmenn verði haldið áfram og þar verði ákveðnar meginkröfur Íslendinga lagðar til grundvallar og við óskum eftir nýjum viðræðufundi og áframhaldandi viðræðum við Norðmenn eða óskum eftir ákveðnum tilteknum breytingum á þessu fyrirkomulagi. Í þriðja lagi tel ég rétt að við hugleiðum það öll, sem hér erum, hver svo sem afstaða okkar er til þessa samnings, hvað við ætlum að gera ef í ljós kemur í fyrsta lagi, að í samningum við Efnahagsbandalagið reynast Norðmenn haga sér þannig að þeir séu algjörlega óbundnir af þessum texta, og í öðru lagi, að landgrunnsskiptingin verður okkur bersýnilega svo í óhag að við verðum til að efna til nýrra átaka við Norðmenn. Því miður er það þannig að mínum dómi, að þessi samningur, þótt samþykktur yrði hér, felur ekki í sér neina tryggingu fyrir því að átök þjóðanna um þetta mál séu þar með úr sögunni. Ég held þvert á móti að hann sé svo opinn að það séu miklu meiri líkur á því, að átök þjóðanna um þetta mál haldi áfram, en staða okkar í þeim átökum verði veikari vegna þess að við séum búin að spila út okkar stærsta trompi, þ. e. viðurkenningunni á 200 mílna efnahagslögsögu Norðmanna við Jan Mayen. Ef það er réttur spádómur, það er að vísu spádómur, en ef hann reynist réttur, að efnisgrundvöllur málsins og samningsins sé sá, að deilur muni halda áfram um fiskveiðarnar og deilur muni halda áfram um landgrunnið, þá er það mitt mat að þessi samningstexti, sem í inngangsorðum felur í sér viðurkenningu á 200 mílna fiskveiðilögsögu Norðmanna við Jan Mayen og væntanlegri efnahagslögsögu þar einnig, veiki málstað Íslendinga í því áframhaldi.

Ég vil að lokum, herra forseti, ítreka það sem ég sagði í inngangsorðum mínum, að þeir, sem hafa flutt djarfar tillögur, réttar tillögur í þessu máli á undanförnum misserum, þeir sem hafa sett fram ítarlegar og stórhuga kröfur fyrir Íslands hönd, en ætla nú að hlaupa frá þeim öllum, ættu að hugleiða að það getur verið hættuspil fyrir litla þjóð að gera svo stórar kröfur á alþjóðavettvangi sem hún hvorki hefur svo þegar á reynir rétt eða aðstöðu til að standa við, en lyppast niður og skrifar undir texta sem felur í sér afneitun á öllu því sem hún áður sagði. Ef þannig verður fram haldið með utanríkismál íslenskrar þjóðar í framtíðinni missum við smátt og smátt þá virðingu sem við höfum þó áunnið okkur í samfélagi þjóðanna.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og hæstv. utanrrh. hefur raunar lýst í ræðu sinni og verið ítrekað af hv. þm. Geir Hallgrímssyni og hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni er ýmislegt í þessum samkomulagstexta sem við Íslendingar hefðum kosið með öðru orðalagi og ákveðnara en þar er. Hins vegar er það einnig ljóst, sem hæstv. utanrrh. sagði, að nú stöndum við á þeim tímamótum, að annaðhvort verðum við að samþykkja það samkomulag, sem fyrir liggur, ellegar afgreiða málið án samkomulags, þannig að útfærsla Norðmanna við Jan Mayen komi til framkvæmda án þess að samningar hafi verið gerðir milli Íslendinga og Norðmanna.

Þingflokkur Alþfl. er þeirrar skoðunar, að hann hefði kosið margt í þessum samningstexta með öðrum hætti en þar er, einkum og sér í lagi varðandi fiskveiðarnar. Hann telur hins vegar að það sé okkur mun hagstæðara, þegar útfærslan við Jan Mayen kemur til framkvæmda, að hafa náð samningum við Norðmenn, eins og í textanum er lýst, og því hefur þingflokkur Alþfl. tekið þá ákvörðun að styðja þetta samkomulag hér á Alþ., þó svo að það sé rétt sem hefur komið fram í máli manna hér, að ýmis atriði í þessu samkomulagi hefðu gjarnan mátt vera með öðrum hætti.

Ég ætla ekki að eyða ýkjalöngu máli í að ræða efnisatriði samningstextans, því það hefur þegar verið gert. Samningurinn hefur verið birtur í öllum blöðum. Hann hefur verið vandlega skýrður, m. a. af hæstv. utanrrh. og öðrum sem hér hafa talað, og verið sagðir á honum bæði kostir og lestir.

Það er að sjálfsögðu rétt, að ýmislegt í þessum samningi er ekki ótvírætt, enda verður seint hægt að gera samning sem er ótvíræður í öllum efnum. Hitt er hins

vegar ljóst, og vildi ég láta koma fram að það lá ljóst fyrir úti í Noregi, hver væri skilningur okkar Íslendinga á þeim atriðum sem eru tvíræðust í þessum samningi. Norðmönnum gafst kostur á að bera fram kröfu um breytingar á texta samningsins þegar skoðun Íslendinga á túlkun hans lá fyrir með yfirlýsingum hæstv. utanrrh. Þeir hurfu frá því að krefjast slíkrar breytingar. Þeir hurfu frá því að krefjast, eins og þeir upphaflega höfðu ráðgert, að Íslendingar gæfu skriflegar yfirlýyingar sem gengju þvert á túlkun íslensku samninganefndarinnar. Þessa afstöðu Norðmanna tel ég vera ákaflega þýðingarmikla fyrir okkur Íslendinga. Við getum þá haldið því fram, að þeim hafi verið ljóst, áður en viðræðunum var lokið, hver var túlkun okkar á ýmsum atriðum samningsins, sem m. a. hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur gagnrýnt. Þeim gafst tækifæri til þess að krefjast breytinga á samningstextanum og hætta við samkomulagið ef slíkar breytingar yrðu ekki gerðar. Þeir gerðu það ekki og með því tel ég að við höfum mjög sterk rök til að halda því fram, ef ágreiningur verður síðar um þessi atriði, að Norðmönnum hafi verið skilningur Íslendinga ljós frá upphafi og þeir hafi ekki þegar á átti að herða krafist breytinga á samkomulaginu og með þeim hætti raunverulega tekið undir og staðfest skilning Íslendinga sem réttan.

Þetta vil ég láta koma fram, því það hefur auðvitað mikið að segja í þessu sambandi. Staða okkar er miklu sterkari vitandi það og hafandi í höndunum að þessi ólíki skilningur á ákveðnum atriðum sáttmálans kom fram í dagsljósið áður en viðræðunum lauk. Öllum tilraunum af hálfu Norðmanna til að gera breytingar á samkomulaginu til að staðfesta skilning þeirra var vísað á bug og ekki haldið til streitu af Norðmönnum. Tilraunir Norðmanna til þess að fá utanrrh. Íslanda til að gefa skriflegar yfirlýsingar gagnstæðar túlkun Íslendinga á samkomulaginu runnu út í sandinn. Að Norðmenn skyldu ekki fylgja þeirri afstöðu sinni eftir er tvímælalaust styrkur fyrir okkur og við getum tvímælalasut túlkað það þannig, að þeim hafi verið ljóst hver afstaða Íslendinga var til þessara umdeildu atriða, þeim hafi gefist tækifæri til að mótmæla þeirri túlkun með því að hætta við samkomulagið ef breyting yrði ekki gerð á textanum, þeir hafi ekki tekið það ráð og því fallist á að túlkun Íslendinga á þessum umdeildu atriðum væri rétt.

Ég vil fara í nokkrum orðum út í þær aðstæður sem við blöstu þegar samningaviðræðurnar fóru fram í Osló.

Lengi vel var það skoðun íslensku samninganefndarinnar, og menn höfðu talsverð rök fyrir sínu máli, að Norðmenn mundu ekki grípa til útfærslu við Jan Mayen í andstöðu við Íslendinga, m. ö. o.: Íslendingar þyrftu ekki að flýta sér í gerð neins samkomulags við Norðmenn, við værum þar ekki í neinu tímahraki þar sem Norðmenn mundu ekki færa út lögsögu við Jan Mayen nema að gerðu samkomulagi við Ísland. Þessar aðstæður breyttust mjög mikið þegar Danir tóku þá ákvörðun að færa út landhelgi við Austur-Grænland.

Okkur var tilkynnt ákvörðun Dana nú í vetur, síðla vetrar, og jafnframt var okkur tilkynnt, að útfærslan við Austur-Grænland mundi koma til framkvæmda 1. júní n. k. Ýmsir í íslensku samninganefndinni sögðu þá, eins og menn muna, að það væri ekkert að marka ráðagerðir Dana, þetta væru aðeins hótanir sem ekki mundu verða framkvæmdar og við þyrftum engar áhyggjur af þeim að hafa. Ég held að ferð íslenskra embættismanna nýlega til viðræðna við Dani úti í Kaupmannahöfn, þar sem Danir raunverulega hafna því með öllu að ræða sérstaklega við Íslendinga um þessi mál, hafi sannfært menn um að hér var ekki um að ræða neina innantóma yfirlýsingu af Dana hálfu, þeir ætluðu sér og væru staðráðnir í því að láta útfærsluna við Austur-Grænland koma til framkvæmda eftir nokkra daga.

Þessi staðreynd breytti allri stöðu málsins, því að norska ríkisstj. tjáði þeirri íslensku að hún væri nauðbeygð til að framkvæma útfærslu við Jan Mayen ekki síðar en Danir færðu út við Austur-Grænland til að geta haldið fram kröfu sinni um skiptingu á fiskveiðalandhelgi og efnahagslandhelgi milli Jan Mayen svæðisins og Austur-Grænlands svæðisins.

Það voru ýmsir menn, sem gjarnan þola ekki að heyra óþægilegar staðreyndir, sem héldur því statt og stöðugt fram að þetta væri ekkert að marka, sem vildu stinga höfðinu í sandinn eins og strúturinn og láta eins og þessar yfirlýsingar Norðmanna og Dana væru marklaust hjóm, við þyrftum ekki að taka þær alvarlega, þegar á reyndi mundi slík útfærsla ekki koma til framkvæmda. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir eftir þær könnunarviðræður sem nú hafa farið fram, að þessi skoðun er út í hött. Það er órökrétt að búast alltaf við því að þær ákvarðanir erlendra ríkja, sem koma Íslendingum illa, séu aðeins innantómar hótanir. Það er aðferð strútsins að stinga höfðinu í sandinn, en sams konar aðferð er að loka ávallt eyrunum fyrir illum tíðindum. Það hefur ekki verið háttur okkar Íslendinga að gera slíkt, enda mundum við ekki hafa náð þeim árangri, sem við höfum þó náð í landhelgismálum og í öðrum málum í samskiptum við erlendar þjóðir, ef við hefðum ekki ávallt reynt að meta atburði á alþjóðavettvangi af raunsæi og stöðu okkar í samræmi við afstöðu annarra ríkja og þá atburði sem uppi eru og við vitum að eru í vændum.

Þess vegna var það, að eftir að tilkynningin barst frá dönsku ríkisstj. um útfærslu við Austur-Grænland mátti okkur ljóst vera — öllum skynsömum mönnum — að Norðmenn mundu grípa til þess ráðs að færa út við Jan Mayen ekki síðar en útfærsla Dana við Austur-Grænland kæmi til framkvæmda. Auðvitað verða Íslendingar sem skynsamir menn að taka tilliti til nýrra aðstæðna, hvort sem þær nýju aðstæður eru þeim að skapi eða ekki. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir atburðum sem mönnum eru ekki að skapi.

Það er satt og rétt, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði áðan, að fyrsta dag viðræðnanna í Osló fyrir nokkrum dögum, sem mun hafa verið fimmtudagur, stóð allt fast, m. a. vegna þess að þeir, sem þá tóku aðallega þátt í viðræðunum af hálfu Norðmanna, voru þjóðréttarfræðingar þeirra, sérfræðingar í þjónustu utanrrn. og ýmsir hagsmunaaðilar. Það er ekkert leyndarmál, ég held að ekki sé verið að rjúfa neinn trúnað þó að það sé látið koma fram, að þessir aðilar, þ. e. sérfræðingar Norðmanna og ráðunautar í hafréttarmálum annars vegar og hagsmunaaðilar hins vegar, voru á móti því að samið yrði við Íslendinga á svipuðum grundvelli og gert hefur verið. Vil ég í því sambandi leyfa mér að benda á þær fregnir, sem m. a. hafa komið í íslenskum blöðum, að fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna í Noregi, sem klufu sig út úr norsku samninganefndinni og tóku afstöðu gegn gerðum ráðh. sinna, lýsa því nú yfir í viðtölum við blöð í Noregi að þeirra helsta von stefni nú hingað til Alþingis Íslendinga, nú treysti þeir, hagsmunaaðilarnir í Noregi, norskir sjómenn og

útvegsmenn, sem tóku afstöðu gegn þessum samningum, á að Alþingi Íslendinga taki þá afstöðu, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var að lýsa áðan, og felli þetta samkomulag. Sú furðulega staða er sem sé komin upp, að það er orðið sameiginlegt kappsmál hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og þeirra aðila í Noregi sem vilja sýna okkur Íslendingum mesta ósanngirni, að Alþingi Íslendinga neiti að staðfesta þennan samning. Ég er ekki að gera hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og flokki hans upp neinar illar hvatir í þessu sambandi, síður en svo. En þessi staðreynd sýnir okkur að sjálfsögðu svart á hvítu hvaða augum þeir aðilar í Noregi, sem eru ósanngjarnastir í garð okkar, líta þetta samkomulag. Þeirra von er sú, að Íslendingar felli það.

Það er rétt, eins og ég sagði áðan, að fyrsta dag viðræðnanna í Osló var allt strandað vegna þess að það voru sérfræðingar og hagsmunaaðilar sem fyrst og fremst réðu ferðinni í þeim samningaviðræðum sem þá stóðu yfir. Það var fyrst og fremst rætt við um fiskiveiðimál milli undirnefnda sem í sátu fulltrúar hagsmunaaðila og þjóðréttarfræðingar beggja landa. Og það er líka rétt sem hefur komið fram hér, að við í íslensku viðræðunefndinni ræddum þá í fullri alvöru um að þessar viðræður væru tilgangslausar og rétt væri af okkur að halda heim að óbreyttu. Ég vil einnig geta þess, sem raunar hefur komið fram annars staðar, að á sama tíma og þetta var voru viðræður um launamál og launasamninga á milli fulltrúa Alþýðusambands Íslands annars vegar og norska alþýðusambandsins hins vegar og í þessum viðræðum bar Jan Mayen málin m. a. á góma. Ég vil einnig láta það koma fram, að hjá hinum norsku og íslensku fulltrúum alþýðusambandanna, sem ræddust þar við, en það voru æðstu menn þessara sambanda hvorra um sig, forseti Alþýðusambands Íslands og forseti norska alþýðusambandsins, ásamt ýmsum helstu forustumönnum beggja sambandanna, var mikill áhugi á því og gagnkvæmur að Jan Mayen deilan yrði leyst með samningum. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að áhrif íslensku verkalýðsleiðtoganna og þeirra norsku, þegar málin stóðu svona að loknum fyrsta degi viðræðnanna, áhrif þessara aðila á afstöðu norsku ríkisstj. höfðu talsvert að segja um þá breyttu afstöðu sem kom fram hjá norsku ríkisstj. og norsku viðræðunefndinni þegar daginn eftir. Þetta er mér mætavel kunnugt um og þetta veit ég t. d. að þeir fjórir aðilar frá Alþýðusambandi Íslands, sem voru staddir úti í Osló og tóku þátt í þessum viðræðum, væru fúsir til að staðfesta ef eftir því væri leitað. Það var þannig fyrst eftir þennan dag og eftir að hæstv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson hafði látið afstöðu íslensku samninganefndarinnar koma fram við kollega sinn í Noregi að breyting varð á afstöðu norsku viðræðunefndarinnar, sem leiddi síðan til þess að sá samningur var gerður sem hér greinir frá.

Ég vil að lokum í þessu sambandi rifja það upp, að meginatriði málsins, eins og það er nú vaxið og eins og það var lagt fyrir okkur og eins og það er lagt fyrir Alþ., er ekki hvort eigi að halda áfram viðræðum í þeim tilgangi að reyna að ná samningum fyrir útfærslu Norðmanna við Jan Mayen, sem verður ekki síðar en 1. júní n. k. Meginatriði málsins er að um miðjan dag á laugardag, síðasta daginn sem viðræður fóru fram í Osló milli íslensku og norsku nefndanna, komu utanrrh. Íslands og utanrrh. Noregs að máli hvor við sína sendinefnd með texta þess samkomulags sem hér liggur fyrir. Báðir ráðh. lögðu málið þannig fyrir, hvor í sinni sendinefnd og sameiginlega á fundum nefndanna, að þeir sögðu: Við teljum að þetta sé það samkomulag sem fáanlegt er, sem hér liggur á borðinu fyrir framan okkur. Okkar álit er að tilgangslaust sé að reyna að halda samningaviðræðum áfram ef samningar verða ekki gerðir á þessum grundvelli, og við óskum eftir viðbrögðum viðræðunefndarmanna við því, hvort þeir eru þess fýsandi að veita þessu samkomulagi, eins og það stendur nú, atfylgi sitt eða hvort þeir telja réttara að hætta viðræðunum og þá verði ekki samningar gerðir áður en útfærslan kemur til framkvæmda. — Þannig var málið lagt fyrir af hæstv. utanrrh. Ólafi Jóhannessyni og af norska utanrrh. Það var álit þeirra, að málið væri komið á það stig að samningur lægi fyrir sem menn yrðu að taka afstöðu til játandi eða neitandi.

Ég vil taka það fram, að ég er sammála hæstv. utanrrh. Ólafi Jóhannessyni í þessu mati hans. Ég tel að eins og málin stóðu um miðjan dag á laugardag hafi ekki verið von til þess að frekari viðræður skiluðu árangri, m. a. vegna þeirrar staðreyndar, sem var þá orðin augljós, að norska samninganefndin hafði þá þegar klofnað og fulltrúar hagsmunaaðila í norsku samninganefndinni, fulltrúar Norges fiskerlag, voru komnir í andstöðu við sína eigin ráðh. um þann texta sem fyrir lá. Við vissum það líka, þó að það færi ekki hátt, að helstu ráðgjafar norsku ríkisstj. í þjóðréttarmálum, a. m. k. annar af tveimur sem í viðræðunefndinni sat, voru vægast sagt neikvæðir í garð þessa samkomulags. Þess vegna tel ég að það hafi verið rétt mat hjá hæstv. utanrrh. Ólafi Jóhannessyni, sem var staðfest af starfsbróður hans, norska utanrrh., að málin væru komin á það stig sem mál komast ávallt á fyrr eða síðar í samningaviðræðum, að menn yrðu að taka afstöðu til þeirra samningsdraga sem fyrir liggja. Annaðhvort fallast menn á að gera þá samninga, sem fyrir liggja, eða til samninga kemur ekki. Þetta kemur ávallt upp í öllum samningum, hvað svo sem samningarnir eru kallaðir, hvort það eru samningar á milli ríkja, samningar á milli einstaklinga, samningar á vinnumarkaði eða aðrir slíkir samningar. Það kemur ávallt sú stund að menn verða að taka afstöðu til eða frá, með eða móti. Það kemur ávallt sú stund sem frekari viðræður eru ekki taldar skila árangri. Þannig lagði hæstv. utanrrh. málið fyrir okkur. Það var hans skoðun að sú stund væri upp runnin. Ég tek það fram, að ég tel að sú skoðun hans sé rétt.

Þetta finnst mér vera meginkjarni málsins í sambandi við þessa samningagerð. Meginkjarninn er ekki sá, hvort eitthvað í samningnum sé þess eðlis að við Íslendingar hefðum kosið að hafa það öðruvísi. Meginkjarninn er sá, að forustumenn beggja viðræðunefndanna voru sammála um að nú væri komið á það stig í samningaviðræðunum að menn yrðu að taka afstöðu og frekari tilraunir væru tilgangslausar. Þetta vil ég biðja þm. að hafa sérstaklega í huga. Málið er lagt með þessum hætti fyrir okkur, ekki bara af hæstv. utanrrh., ekki bara af meiri hl. íslensku viðræðunefndarinnar, heldur er þessi skoðun studd af yfirlýsingu Norðmanna, bæði í viðræðunefnd og á hinum sameiginlegu fundum.

Við töluðum um það í upphafi samningaviðræðnanna, að einkum bæri að hafa þrjú meginatriði í huga í sambandi við viðræðurnar við Norðmenn. Fyrst af þessum meginatriðum var að það yrði að fást skilyrðislaus viðurkenning af hálfu Norðmanna á óskertri 200 mílna efnahagslögsögu Íslands í átt til Jan Mayen. Það er ekk-

ert launungarmál að norsku þjóðréttarfræðingarnir töldu að þeir hefðu lagaleg rök fyrir því að krefjast þess að miðlína milli landanna yrði látin ráða. Við Íslendingar kröfðumst þess hins vegar, að ef Norðmenn teldu sig hafa slík lagaleg rök legðu þeir þau til hliðar og viðurkenndu að fullu 200 mílna útfærsluna í átt til Jan Mayen. Þetta gera Norðmenn í aðfaraorðum samningsins sjálfs.

Í öðru lagi lögðum við Íslendingar mikla áherslu á að Norðmenn féllust á að við fengjum réttindi til yfirráða og umsvifa á landgrunninu milli 200 mílnanna íslensku og Jan Mayen. Við lögðum mikla áherslu á að þetta mál yrði leyst í þessari samningalotu og fundin sú regla sem nota ætti til að framkvæma þessa skiptingu. Það tókst ekki, en hins vegar liggur það fyrir í þessu samkomulagi að Norðmenn viðurkenna, og það er okkur mikils virði, að við eigum rétt til þess að krefjast íslenskra yfirráða á þessu landgrunnssvæði. Þetta er viðurkennt í samningunum af hálfu Norðmanna. Réttur Íslendinga í þessum efnum er viðurkenndur. Það er hins vegar eftir að ákveða hann nákvæmlega með samningum á milli ríkjanna. Í textanum eru til þess ætlaðir fimm mánuðir og norski utanrrh. skuldbindur sig til að færa ekki út efnahagslögsögu við Jan Mayen, a. m. k. ekki á árinu 1980. Nægur tími ætti því að gefast til að ganga frá þessu samkomulagi. En meginatriði málsins er þó að í samkomulaginu er tvímælalaust viðurkenndur réttur Íslendinga til að gera kröfu til yfirráða á landgrunninu utan 200 mílna marka Íslands. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt atriði og í raun réttri lykilatriði í þessu sambandi að fá viðurkenningu með þessum hætti afdráttarlaust.

Þriðja atriðið, sem einkum og sér í lagi hefur verið rætt um og er í þessu samkomulagi, er varðandi fiskveiðarnar. Ég skal fúslega viðurkenna að sá þáttur samkomulagsins er sá þáttur sem við Íslendingar megum vera minnst ánægðir með. En ég vil þó ekki líkja því saman að hafa í samkomulagi þau atriði, sem í þessu samkomulagi eru, t. d. um loðnuveiðarnar, eða hafa enga samninga þegar að því kemur að útfærslan kemur til framkvæmda við Jan Mayen og síðar við Grænland. Ég líki því ekki saman hvað aðstaða okkar í væntanlegum viðræðum við Efnahagsbandalag Evrópu og Dani — eða ég ætti öllu heldur að segja við Dani og Efnahagsbandalag Evrópu — er miklu sterkari, hafandi það í höndunum í fyrsta lagi, að Norðmenn viðurkenna í samningi að sanngjarnt sé að Íslendingar ákveði heildarmagnið á loðnu. Við getum sagt við Efnahagsbandalag Evrópu: Hér er þjóð sem hefur yfirráðarétt á þessu hafssvæði og hefur mikilla hagsmuna að gæta, Norðmenn. Hún hefur viðurkennt í samningum við okkur að Íslendingar eigi að ákveða heildaraflamagnið á loðnu. Hún telur það vera sanngjarnt. — Telja menn slíka stöðu ekki miklu sterkari fyrir okkur Íslendinga í viðræðum við Efnahagsbandalag Evrópu en ef við hefðum ekki slíka viðurkenningu? Og svo er annað. Menn gera mikið veður út af því, að við séum að viðurkenna að Norðmenn eigi 15% af heildarafla loðnu eins og hann verður ákveðinn hverju sinni, — en gleyma menn því ekki þá, að við höfum það líka í höndunum gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu í væntanlegum viðræðum við þá, að Norðmenn viðurkenna í þessu samkomulagi að sanngjarnt sé að Íslendingar hafi 85% af heildaraflanum? Það skiptir okkur hreint ekki litlu máli að hafa slíka viðurkenningu í höndunum í væntanlegum samningaviðræðum okkar við Efnahagsbandalag Evrópu og Dani, að hafa viðurkenningu í höndunum frá þjóð sem á gríðarlega mikilla hagsmuna að gæta og hefur þarna tiltekin yfirráð. Þessi þjóð hefur, þegar við göngum til samningaviðræðna við Efnahagsbandalag Evrópu, í fyrsta lagi viðurkennt, að sanngjarnt sé að Íslendingar eigi að ákveða heildaraflamagn loðnu, og í öðru lagi viðurkennt, að sanngjarnt sé að Íslendingar eigi kröfu á allt að 85% af heildaraflamagninu sem tekið er á þessu hafsvæði.

Við skulum gæta mjög vel að því í þeim umræðum, sem fara fram um þetta mál á Íslandi, að hamra ekki svo á hinum veiku atriðum í þessu samkomulagi að við gleymum þeim sem okkur skipta mestu máli og okkur eru hagfelldastir. Það er ekki jákvætt fyrir okkur Íslendinga í væntanlegum viðræðum við Efnahagsbandalag Evrópu og í hugsanlegum deilum við Norðmenn út af atriðum sem við fáum ekki enn þá séð í þessu samkomulagi, en kunna að orka tvímælis. Það er ekki hentugt fyrir okkur í slíkri stöðu, að flestar þær fréttir, sem berast af umræðum héðan, séu fréttir af umræðum um neikvæð atriði. Það er ekkert síður okkar styrkur að hafa viðurkenningu í höndunum frá Norðmönnum um að sanngjarnt sé að Íslendingar veiði 85% af heildaraflamagni loðnunnar sem tekin er af þessu svæði. Það er ekki síður styrkur fyrir okkur að hafa slíkt í höndunum en fyrir Norðmenn, þegar þeir fara að tala við þessa sömu aðila, að hafa í höndunum viðurkenningu frá okkur um að við teljum sanngjarnt að Norðmenn geti tekið allt að 15% af aflamagninu — vel að merkja: ef þeir geta tekið það utan fiskveiðilögsögu Íslands, því að þeir fá ekki leyfi til að sækja svo mikið sem eina loðnu inn fyrir fiskveiðilögsögu Íslands þó að við fáum leyfi til að veiða jafnmikið af loðnu og þeir innan fiskveiðilögsögu Jan Mayen.

Ég vil í þessu sambandi leiðrétta tvennt sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. áðan þegar hann rakti aðdraganda að þessum samningum.

Í fyrsta lagi mátti marka af máli hans, að í viðræðum, sem fram fóru s. l. vor, þar sem rætt var við Norðmenn um að þeim væri heimilað að veiða á því ári 90 þús. lestir af loðnu við Jan Mayen, hafi verið gefin skuldbindandi yfirlýsing af Íslands hálfu um að heildaraflamagnið yrði ekki yfir 600 þús. lestir. Það var ítrekað farið fram á það af hálfu Norðmanna, að Íslendingar gæfu slíka yfirlýsingu, en slík yfirlýsing var aldrei gefin af hálfu Íslendinga. Þetta vildi ég láta koma fram því að það mátti leggja annan skilning í orð hæstv. utanrrh. áðan.

Í öðru lagi lét hæstv. utanrrh. svo um mælt, að sú krafa hafi aldrei verið sett fram af opinberri hálfu á Íslandi, að Íslendingar ættu að hafa í sínum höndum alfarið ákvörðunarréttinn um heildaraflamagn loðnu. Þetta er ekki rétt heldur, því að fyrrv. sjútvrh. Kjartan Jóhannsson setti þessa kröfu hvað eftir annað fram, m. a. í viðtölum við norsk blöð.

Herra forseti. Það er út af fyrir sig alveg rétt, að íslensku stjórnmálaflokkarnir og fulltrúar þeirra, bæði í ríkisstj. og í landhelgisnefnd, hafa á umliðnum mánuðum iðulega sett fram hugmyndir sínar á prenti í tillögubúningi, eins og hv. síðasti ræðumaður Ólafur Ragnar Grímsson gat um. Þetta gerði hv. þm. Matthías Bjarnason á sínum tíma í nafni síns flokks, þetta gerði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson líka, og hæstv. núv. utanrrh., þáv. forsrh., gaf ýmsar yfirlýsingar í blöðum í þessu sambandi. Hv. þm., þáv. hæstv. utanrrh., Benedikt Gröndal gerði þetta líka. Hann lagði einnig fram skrif-

legar hugmyndir á fundi landhelgisnefndar. En þessum hugmyndum og skriflegu tillögum mega menn ekki alfarið jafna saman. Það er ekki mitt hlutverk að skýra afstöðu Sjálfstfl., síður en svo, sjálfstæðismenn geta gert það sjálfir, en menn skulu hafa í huga hvað verið var að gera með þessum tillöguflutningi.

Tillögur hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, sem hann lagði fram á fundi landhelgisnefndar á sínum tíma, voru ekki um hvernig hugsanlegur samningur ætti að líta út. Tillögur Matthíasar Bjarnasonar voru um hvaða mál við ættum að taka upp í fyrstu lotu við Norðmenn. Hann rakti það í einstökum efnisatriðum og raðaði því upp, hvaða tillögur og hvaða lausnir við ættum upphaflega að fara fram á á fyrsta viðræðufundi við Norðmenn að fengist afstaða til. Við ættum að gera tilraun til þess að fá þeim framgengt, taldi hann, hverju atriðinu á eftir öðru, leggja þau fyrir Norðmenn og fá afstöðu til þeirra. Þetta voru tillögur Matthíasar Bjarnasonar. Tillögur Matthíasar Bjarnasonar voru um það, hvað íslenska samninganefndin ætti að leggja fram í upphafi viðræðnanna. Um það var aldrei neinn ágreiningur. Það var aldrei og hefur aldrei verið neinn ágreiningur um það. Það er illt verk að gera meira úr ágreiningi milli Íslendinga í þessu máli en efni standa til. Um þessar upphaflegu hugmyndir um kröfur okkar Íslendinga í upphafi viðræðna hefur aldrei verið ágreiningur. Það, sem hæstv. þáv. utanrrh., Benedikt Gröndal, var hins vegar að gera, var að hann var að reyna að setja á blað, ekki upphaflegu kröfurnar sem við ættum að leggja fram, það lá ljóst fyrir hverjar þær ættu að vera, heldur var hann að reyna að setja á blað það sem hann hélt að væri raunhæf hugmynd um það, til hvaða niðurstöðu samningaviðræðurnar gætu hugsanlega leitt. Síðan lagði hann það álit sitt fyrir fulltrúa flokkanna í landhelgisnefndinni og spurði:

Ef viðræðurnar enda hugsanlega svona, gætuð þið þá átt hlut að því að gera slíkan samning?

Hv. þm. Matthías Bjarnason var að vinna að upphaflegri kröfugerð okkar Íslendinga á hendur Norðmönnum og tók sérstaklega fram að hann vildi að við legðum þessar kröfur fram, hvert atriðið á eftir öðru, og fengjum viðbrögð við hverju atriði um sig hjá Norðmönnum. Hv. þm. Benedikt Gröndal, hæstv. þáv. utanrrh., var hins vegar að reyna að fá fram mat manna á því, hver væri líkleg niðurstaða í þessum viðræðum og hvort íslensku fulltrúarnir í landhelgisnefndinni gætu sæst á þá niðurstöðu sem hann taldi vera líklega miðað við þá þekkingu, sem hann hafði yfir að ráða, og þær upplýsingar, sem hann hafði í höndunum.

Öll þau gögn, sem fram voru lögð á fundum landhelgisnefndar, eru trúnaðarmál. Þannig tel ég mig ekki þess umkominn að lesa upp úr plöggum, sem aðrir hafa lagt fram og áritað voru trúnaðarmál, nema með þeirra leyfi eða leyfi viðkomandi ráðh. Hins vegar hef ég fengið leyfi hv. þm. Benedikts Gröndals til að gera grein fyrir þeim hugmyndum sem hann lagði fram í landhelgisnefndinni 6. ágúst í haust. Og ég minni enn á að þetta var mat hæstv. þáv. utanrrh. Benedikts Gröndals á því, hvaða niðurstaða gæti e. t. v. orðið líkleg af viðræðum Íslendinga og Norðmanna í þessu sambandi. — Ég hef fengið leyfi hv. þm. til að skýra frá inntaki þessa plaggs. Og hvert er inntak þess? Því er lýst í fimm töluliðum.

Í fyrsta lagi veiði Norðmenn ekki meira en 90 þús. lestir af loðnu utan íslenskrar lögsögu til áramóta 1979 — 1980. Þetta var mat hæstv. þáv. utanrrh. á líklegri niðurstöðu af ströngum samningaviðræðum. Og hvað þýðir þetta, ekki fyrir árin 1979 — 1980, heldur fyrir loðnuveiðarnar í heild? Þetta þýðir, miðað við þær forsendur sem menn þá voru að ræða um, að það var mat hæstv. utanrrh. að það kynni að vera endanleg niðurstaða að loðnukvóti til Norðmanna yrði eitthvað nálægt 15%, eins og samið var um síðar.

Í öðru lagi var það niðurstaða hæstv. utanrrh. Benedikts Gröndals þá, að e. t. v. gætu viðræðurnar endað á ákvæði um að fiskveiðihagsmunir Íslendinga á Jan Mayen svæðinu yrðu tryggðir til frambúðar með viðurkenningu á helmingsrétti þeirra til veiða á flökkustofnum. Þetta er niðurstaðan, hæstv. forseti. Niðurstaðan er sú, að það var samið um helmingsrétt Íslendinga til veiða á loðnu. Að vísu ekkihelmingsrétt til veiða á öðrum flökkustofnum, en eins og segir í samkomulaginu, að Íslendingar geti tekið á Jan Mayen svæðinu sanngjarnan hluta af veiðum þeirra flökkustofna, auk loðnu, sem um semst að Íslendingar hafi á þessu svæði.

Þriðja hugmynd þáv. hæstv. utanrrh. var að e. t. v. yrði sett í samning að stofnuð yrði íslensk-norsk fiskveiðinefnd er gerði tillögur til ríkisstj. um aflamagn, kvóta fisktegunda svo og annað er við kemur fiskveiðum á svæðinu. Um þetta var samið.

Fjórða hugmynd hæstv. þáv. utanrrh. var að Norðmenn fengjust til að fallast á núverandi efnahagslögsögu Íslands andspænis Jan Mayen af sanngirnisástæðum. Þetta er í samkomulaginu.

Fimmta atriðið í hugmyndum hæstv. þáv. utanrrh., þegar hann var að reyna að leggja raunsætt mat á það sem hann taldi að gæti orðið niðurstaða af samningaviðræðum, var að samið yrði um að Íslendingar áskildu sér allan rétt varðandi hafsbotn á Jan Mayen svæðinu, enda yrði um það samið í samræmi við niðurstöðu hafréttarráðstefnu um þau mál o. s. frv. Þetta var svo samið um. Það er jafnvel gengið heldur lengra í samkomulaginu en þarna er hreyft, vegna þess að umfram það, sem þarna segir, viðurkenna Norðmenn í samkomulagsuppkastinu að Íslendingar eigi þarna kröfu.

Ég vil leyfa mér að skýra frá þessu til að varpa nokkru ljósi á að það, sem hæstv. þáv. utanrrh., Benedikt Gröndal, var að gera 6. ágúst í haust, var að reyna að leggja fyrir fulltrúa í landhelgisnefnd — ekki hugmyndir sínar um þær kröfur sem Íslendingar ættu að leggja fram eða um hvaða stefnu Íslendingar ættu að hafa í þessum málum, heldur hugmyndir sínar byggðar á hans mati um hvað væri líklegt að endanlegur texti mundi líta út, svo að menn hefðu það í huga frá upphafi. Hæstv. þáv. utanrrh. vildi fá að vita hver væri afstaða fulltrúa Íslands í landhelgisnefnd til þessara óskuldbindandi hugmynda sinna. Fyrir þetta var hæstv. utanrrh. legið mjög á hálsi í blöðum og málflutningur hans og hugmyndir mjög rangtúlkaðar. Ég segi núna, nokkrum mánuðum síðar: Leyfum atburðarásinni að dæma. Niðurstaðan hefur orðið sú, að sá samningur, sem lagður er hér fram af hæstv. utanrrh. Ólafi Jóhannessyni, fyrrum form. Framsfl., og studdur er af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, fulltrúa Sjálfstfl. og Sjálfstfl. væntanlega öllum, er samningur sem er byggður á þeim hugmyndum sem lýst er í skjali Benedikts Gröndals frá 6. ágúst 1979. Það hefur sýnt sig að mat hæstv. þáv. utanrrh., sem hann lagði fyrir landhelgisnefnd 6. ágúst s. l. var raunhæft. Og þegar menn voru búnir að kynna sér málið, eins og þáv. hæstv. utanrrh. hafði gert,

búnir að skoða það frá öllum hliðum, búnir að taka þátt í mörgum viðræðum um málið o. s. frv. reyndust menn reiðubúnir til að ganga að samkomulagi sem byggist að öllu leyti á því mati sem hæstv. þáv. utanrrh. Benedikt Gröndal lagði fram óskuldbindandi af sinni hálfu 6. ágúst í haust, — enda var það nú svo, að minn ágæti vinur, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem hefur þetta mat í plöggum sínum, þóttist ekki þurfa að ræða ýkjamikið við okkur Alþfl.-menn í þessu sambandi. Hann gerir það e. t. v. síðar.

Um afstöðu Alþb. til þessara samninga þarf ekki að hafa mörg orð. Við skulum gera okkur það fyllilega ljóst, sem flestöllum þm. a. m. k. er orðið ljóst, að Alþb. hefur aldrei viljað fallast á neinar samkomulagslausnir í landhelgismálum eða í viðkvæum deilumálum við nálæg ríki. Alþb. hefur aldrei, allt frá því að þessar deilur uppvöktust, viljað samþykkja neina samkomulagslausn á þeim. Alþb. hefur þá sérstöðu meðal íslenskra stjórnmálaflokka, að það hefur alltaf verið á móti öllum samningum sem gerðir hafa verið í landhelgismálunum. Nú eru samningar misgóðir. Enginn maður með fullu viti mundi halda því fram núna að allir samningar, sem Íslendingar hafi gert frá upphafi í landhelgismálum, séu vondir. Einhverjir af þeim samningum hljóta þó að hafa verið a. m. k. skikkanlegir. En Alþb. hefur alltaf verið á móti. Sérstaða Alþb. er sú, að það er flokkur sem getur ekki undir neinum kringumstæðum fallist á það sjónarmið að menn semji til sigurs í viðkvæmum deilumálum við nálæg ríki. Alþb. hefur alltaf verið á móti slíku samkomulagi, alltaf verið á móti slíkum samningum, ávallt þegar þeir hafa verið gerðir, og það verður alltaf að vera á móti slíkum samningum, hvenær svo sem þeir verða gerðir, og mun verða það. A. m. k. verð ég þeirrar skoðunar þangað til ég sannreyni annað.

En það er líka annað sem er alveg ljóst. Þó svo að Alþb. hafi þessa afstöðu er í rauninni ekkert að marka hana vegna þess að Alþb. lætur þessa afstöðu sína aldrei hafa áhrif á afstöðu til þjóðmála. Alþb. hefur verið í ríkisstj. þegar gerðir hafa verið svokallaðir landráðasamningar í landhelgismálinu. Alþb.-menn hafa flutt langar ræður á Alþ. um landsölur o. fl. Þetta var óvanalega hógvær ræða hjá hv. þm. Ólafi Ragnar Grímssyni, en þeir hafa sagt þeim mun meira í blöðum. En þeir hafa alltaf tekið það fram, ef þeir hafa setið í ríkisstj., að jafnvel þó að þeir séu þessarar skoðunar og allir samstarfsmenn þeirra í ríkisstj. séu hinir verstu menn muni skoðun Alþb. að sjálfsögðu ekki hafa nein áhrif á afstöðu þeirra til samstarfsflokka sinna í ríkisstj. eða til setu Alþb. í ríkisstj. Þess vegna má segja að það sé þegjandi samkomulag milli flokka þingsins um að ganga út frá því, ávallt þegar samkomulag er gert um svona mál, að Alþb. sé á móti og það verði að gefa góðan tíma í sambandi við skipulagningu þingsins í umræðum um þessi mál svo að Alþb. geti fengið nógan tíma til að blása út. En það er líka þegjandi samkomulag allra flokka þingsins um það, að þó svo að hvessi svona hjá þeim Alþb.-mönnum og bylji svona hátt í þeim verði að virða leikreglurnar. Samt er ekkert að marka þetta, vegna þess að það hefur engin áhrif á afstöðu Alþb. til samstarfsflokka sinna eða ríkisstj. ef þeir sitja í ríkisstj., enda þurfa menn ekki nema líta upp í ráðherrastólana. Skoðið þið einhvern tíma, hv. alþm., Hjörleif Guttormsson þar sem hann situr þarna í sæti sínu. Láta menn sér detta í hug að Hjörleifur Guttormsson fari að hlaupa úr ríkisstj. fyrir eitthvað svona? Ekki aldeilis! Ég sé á hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni að hann er mér hjartanlega sammála. Auðvitað vitum við þetta allir saman. Hann Hjörleifur á eftir að virkja Bessastaðaá, hann á eftir að byggja sykurverksmiðju, hann á eftir að byggja saltverksmiðju, hann á eftir að byggja aðra sykurverksmiðju. Haldið þið að hann Hjörleifur Guttormsson fari að hlaupa úr ríkisstj. vegna þessa máls? Nei, það gerir ekki Hjörleifur Guttormsson. Hann tekur fram, eins og Alþb. gerir, að auðvitað séu þeir menn, sem Alþb. er í samstarfi við, hinir verstu menn á allan hátt: þeir hafi fórnað hagsmunum Íslands, þeir hafi selt land, þeir hafi brugðist sjálfum sér, þeir hafi svikið stjórnarsáttmálann að sjálfsögðu, þeir hafi svikið kjósendur sína og landið. Þetta er afdráttarlaus skoðun Alþb. En auðvitað taka þeir það jafnframt fram, að þó svo að þeir séu þessarar skoðunar um samstarfsmenn sína og ríkisstj. hafi það að sjálfsögðu ekki nokkur áhrif á afstöðu þeirra til samvinnu við þessa sömu landsölumenn eða á afstöðu til setu Alþb. í ríkisstj.

Mér datt í hug áðan mönnum til gamans, því að menn verða að létta sér þessar umr. svolítið, því að það er eitt af því slæma sem verður yfir okkur að ganga á Alþingi Íslendinga þegar svona mál eru til umr. að þurfa að hlusta mikið á Alþb.-menn, — mér datt í hug ein lítil vísa. Það er orðinn siður hér á Alþ. upp á síðkastið að hafa yfir vísur þegar svona umr. standa yfir. Ein lítil vísa getur lýst afstöðu Alþb. til samstarfsmanna sinna í þessu máli. Alþb. hefur þessa afstöðu til samstarfsmanna sinna, sbr. yfirlýsingar þeirra fyrr og síðar. Vísan er svona:

Þeir hafa sem hrukkur og blettir
á heiður vors þings verið settir.
Þessir landráðamenn
stunda landsölu enn,
og við elskum þá heitar á eftir.

Þetta er dæmigerð afstaða þeirra Alþb.-manna í svona málum. Þeir taka skýrt og skorinort fram að auðvitað séu samstarfsmenn þeirra svikarar við land og þjóð, stjórnarsáttmálann, kjósendur sína, fortíð og framtíð sína, en að sjálfsögðu muni sú staðreynd engin áhrif hafa á sambúðina í ríkisstj.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þessi orð ekki miklu fleiri. Ég tel að það sé ákaflega mikilsvert fyrir okkur þrátt fyrir allt að geta gert þennan samning við þessar aðstæður, ekki bara til þess að binda Norðmenn í sambandi við útfærslu þeirra á Jan Mayen slóðinni, til að fá viðurkenningu á okkar rétti í sambandi við landgrunn og fiskveiðar við Jan Mayen, heldur jafnvel miklu fremur vegna þess að slíkar viðurkenningar af hálfu Norðmanna, eins og ótvírætt eru í þeim samningi, eru ómetanlegt vopn fyrir okkur í þeim viðræðum sem fram undan eru við Efnahagsbandalag Evrópu vegna útfærslunnar við Austur-Grænland, en það útfærslumál er okkur miklu stærra og þýðingarmeira hagsmunamál en þetta Jan Mayen mál. Og það er mikið atriði fyrir okkur og getur ráðið algjörum úrslitum að geta í þeim viðræðum bent á ýmis lykilatriði í þessu samkomulagi, svo sem að Norðmenn telja sanngjarnt og viðurkenna að sanngjarnt sé að Íslendingar ákveði heildarkvóta loðnuveiðanna. Norðmenn viðurkenna að sanngjarnt sé að taka sérstakt tillit til séraðstæðna Íslendinga þannig að Íslendingar fái meiri rétt til yfirráða, bæði á auð-

lindum hafs og hafsbotns á þessu svæði, en nokkur önnur þjóð.

Ég tel að þær yfirlýsingar, sem þó voru fólgnar þrátt fyrir allt af hálfu Norðmanna í þessu plaggi, séu okkur Íslendingum mjög þýðingarmikið og mikilvægt vopn í þeim viðræðum sem fyrir dyrum standa við Efnahagsbandalag Evrópu um útfærslu við Austur-Grænland, vegna þess að þó svo að norskir stjórnmálamenn hafi verið okkur erfiðir í þessum viðræðum held ég að íslensku nefndarmennirnir séu allir sammála um að þakka sínum sæla fyrir að hafa ekki þurft að semja um þessi mál við norsku embættismennina og fulltrúa hagsmunaaðilanna í Noregi. Þeir menn, sem við eigum eftir að mæta hjá Efnahagsbandalagi Evrópu, verða ekki fyrst og fremst stjórnmálamenn. Það verða ekki menn sem láta sig einhverju skipta, hvar Ísland skipar sér í félagi þjóða, eða taka sanngjarnt tillit til íslenskra hagsmuna. Þeir menn, sem koma til með að mæta okkur ef við förum til Brüssel, eru menn eins og Evensen og Amlie. Það eru menn sem hugsa ekki, eins og stjórnmálamenn, um sanngirni og pólitík. Það eru menn sem hugsa í beinhörðum peningum. Og þá er okkur styrkur að því að hafa þær viðurkenningar sem ótvírætt felast í þessum samningi. Þess vegna, e. t. v. framar öðru, mun ég greiða samningnum atkvæði mitt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að ég lýsi í örfáum orðum afstöðu minni til þessa samnings, sérstaklega með tilliti til sjávarútvegsins. Ég vil taka það fram, að ég hefði vitanlega viljað að samningurinn væri ákveðnari og meira okkur í hag en hann er, og vil segja og undirstrika: meira okkur í hag, því ég tel að ýmis atriði þessa samnings séu mjög okkur í hag. Mun ég koma að þeim síðar.

Ég get hins vegar ekki sagt að ég hafi orðið fyrir verulegum vonbrigðum með þennan samning. Ég tel að eftir ítarlegt og raunsætt mat á hinum ýmsu aðstæðum, sem ég mun nefna, hafi þess varla verið að vænta að við gætum fengið miklu betri samninga en hér liggja fyrir.

Ég tek undir þær ýtrustu kröfur sem gerðar hafa verið af okkar hálfu til Jan Mayen svæðisins. Ég tek undir það, að siðferðislega ætti Jan Mayen vitanlega að tilheyra þessu landi. Jan Mayen liggur langsamlega næst Íslandi af byggðum löndum og Jan Mayen er mjög tengd okkur í gegnum fiskveiðar og nokkra nýtingu, þó hún sé ekki mikil. Við eigum þarna að þessu leyti stórra hagsmuna að gæta, eins og greinilega kemur fram í þessum samningi. Við eigum einnig mjög mikilla hagsmuna að gæta á Jan Mayen svæðinu í sambandi við hugsanlegar boranir eftir olíu. Mengun þaðan getur valdið gífurlegu tjóni á grundvallaratvinnuvegi okkar, fiskveiðum. Af þessum ástæðum öllum væri það sannarlega réttlætismál að Jan Mayen tilheyrði Íslandi.

En ég verð að segja það, að þegar ég les hin ýmsu gögn, sem fyrir liggja og við styðjumst við í þessu sambandi, hef ég orðið fyrir vonbrigðum. Ég verð að segja t. d. að 121. gr. í drögum að hafréttarsáttmálanum veldur mér vonbrigðum. Sú grein segir alveg skýlaust að eyja skuli hafa rétt til efnahagslögsögu. Eina undantekningin, sem þar er gert, er sú, að klettar, sem ekki geta borið mannlegt líf, skuli ekki hafa rétt til slíkrar lögsögu. Við höfum sagt, og hæstv. utanrrh. flutti það mál með miklum ágætum í upphafi viðræðnanna hér í Reykjavík, að Jan Mayen ætti e. t. v. ekki rétt til efnahagslögsögu. En Jan Mayen er þó 500 ferkílómetra stórt svæði og ég hygg að þar megi viðhalda mannlegu lífi, að vísu með nokkrum aðflutningi.

Ég varð einnig fyrir vonbrigðum með 63. gr. hafréttarsáttmálans, sem segir alveg tvímælalaust að þegar um flökkustofna er að ræða skuli þjóðir, sem eiga fiskveiðisvæði sem slíkur stofn gengur um, koma sér saman um veiðar á þeim flökkustofni. Það er ekkert í hafréttarsáttmálanum sem veitir einu ríki rétt umfram annað, þannig að ef ekki tekst samkomulag geta ríkin veitt eins og þeim sýnist. Ég tek undir það, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði áðan, að Norðmenn eru harðir veiðimenn og virðast ekki fara mikið eftir þeim nauðsynlegu friðunarreglum sem fylgja ber og við Íslendingar a. m. k. höfum sýnt viðleitni til að fylgja.

Ég kynnti mér að sjálfsögðu eins og aðrir þm. þau rit sem út hafa verið gefin um sögulegan rétt okkar. Þau eru fróðleg, á því er enginn vafi. En ég verð þó að segja það, að mér þykir það, sem fram er dregið, heldur magurt. Satt að segja hafa Hollendingar haft meiri afnot af Jan Mayen en e. t. v. við, t. d. ráku þeir hvalveiðistöð þar um árabil. Ég held að okkur sé nauðsynlegt að viðurkenna þessi rök, þó að ég undirstriki það sem ég sagði áðan, að af öðrum ástæðum, — legu eyjarinnar o. s. frv., — eigum við, að því er mér finnst, mjög sterkan siðferðilegan rétt.

Menn hafa einnig sagt hér að Jan Mayen væri á hinu íslenska landgrunni. Er Jan Mayen á hinu íslenska landgrunni? Síðustu kenningar vísindamanna segja að hryggurinn suður af Jan Mayen sé brot af landgrunni Grænlands, hann sé rek frá Grænlandi í austurátt og það séu önnur jarðlög þar en á hinu íslenska landgrunni og hryggnum þar norður af.

Þetta hljómar e. t. v. eins og ég sé hér að verja rétt Norðmanna til eyjarinnar. Það er ég ekki að gera, því ég undirstrika enn einu sinni að af öðrum ástæðum eigum við þarna að mínu mati tvímælalaust mikinn rétt. En þetta eru þó allt ástæður sem nauðsynlegt er að viðurkenna ef við lítum raunsætt á þetta mál. Mér sýndist þess vegna ljóst, þegar við gengum til þessara viðræðna, að þær yrðu erfiðar og mér sýnist af því, sem hér var lesið áðan upp úr því sem hæstv. fyrrv. utanrrh. hafði lagt fram í landhelgisnefnd, að hann hafi haft eitthvað svipað mat.

Um einstaka liði, sem fram koma í þessum samningi gagnvart fiskveiðum, vil ég fara örfáum orðum um og skal þó stytta mál mitt.

Það kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að í 3. gr. er ákveðið að fiskveiðinefnd sú, sem setja á á fót, skuli vera sammála til þess að tillögur hennar hafi gildi. Hann talar um neitunarvald Norðmanna. En við höfum líka neitunarvald. Á það legg ég mikla áherslu. Þegar kemur að því að endurskoða það, sem Norðmenn mega veiða á svæðinu, vitum við t. d. að Norðmenn munu sækja mjög fast, eins og þeir hafa gert, að fá meira en 15%. Þeir gerðu það nú og þeir munu halda því áfram. Ég tel þess vegna mikilvægt að við höfum neitunarvald í slíku tilfelli. Einnig á þessi nefnd að fjalla um ýmis önnur atriði sem varða fiskveiðar. Í því sambandi getur verið mikilvægt að við höfum einnig neitunarvald. Ég vek athygli á því, að verði nefndin ekki sammála er málunum vísað til ríkisstj., sem eiga að halda áfram samkomulagsumleitunum. Ég fæ satt að segja ekki séð hvernig á annan máta er betur frá málunum gengið með fiskveiðinefndina. Ég held að við hefðum ekki getað fallist á, að meiri hl. fengi að ákveða, og því hafi þetta verið eina

raunhæfa lausnin. Ég hef ekki fyrr heyrt aths. við þetta atriði.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram og harma að í þessum samningi eru í 4. gr. það sem kallaðar hafa verið útgöngudyr fyrir Norðmenn, þ. e. sé bersýnilega um ósanngjarna ákvörðun að ræða geti þeir verið lausir mála. En ég vil vísa sterklega til þess sem hæstv. utanrrh. sagði um það mál. Ég get einnig sagt það hér, kannske meira til gamans en í alvöru, að þegar ég spurði sjútvrh. Norðmanna að því, í hvaða tilfellum gæti orðið um slíkar ákvarðanir að ræða, sérstaklega með tilliti til þess að í 2. mgr. fá Norðmenn uppbót ef við veiðum meira en í upphafi var ákveðið, þannig að þeir eru að þessu leyti varðir. Eina, sem hann gat bent mér á, var það, að við gætum t. d. ákveðið minni veiðar en vísindamenn leggja til. Menn geta allir séð í huga sér hvenær það verður. Það var niðurstaða mín, eftir að mikið hafði verið um þetta þjarkað, að þetta væri nánast formsatriði sem Norðmenn yrðu að hafa til að geta komið þessum samningi í gegnum norska þingið eða utanríkisnefnd norska þingsins. Ég tel að sú viðurkenning, sem er í 4. gr. á því að við megum ákveða heildarkvóta náist ekki samkomulag, og viðurkenning, sem er í öðrum greinum, m. a. í inngangi þessa samnings, á yfirgnæfandi mikilvægi fiskveiðanna fyrir okkur Íslendinga séu svo mikilvægar að það sé satt að segja litlu verði keypt þó að þessar svokölluðu útgöngudyr séu þarna.

Ég get tekið undir það, sem hér hefur komið fram, að 15% heildarmagnsins eru of mikið fyrir Norðmenn miðað við þær veiðar sem þeir hafa stundað hér undanfarin ár, t. d. á fimm ára tímabili. Við töldum að 10% væri hóflegt. Þeir kröfðust 25%. Samkomulag varð um 15%, fyrst og fremst á þeirri forsendu að þau 90 þús. tonn, sem ákveðin voru í fyrra, voru 15% af því sem upphaflega var gert ráð fyrir að veiða. Ég tel það mikilvægt í þessari grein að þetta hlutfall er ákveðið til fjögurra ára. Fiskifræðingar okkar og sérfræðingar, sem um þessi mál fjölluðu, lögðu á það ríka áherslu að þessi hundraðshluti fengist ákveðinn til allmargra ára þannig að á hann kæmist hefð. Ég tel það vera mikilvægt, þegar málið er vakið upp að nýju, að svo hefur verið um þetta mörg ár. Ég tel einnig mikilvægt í þessari grein, sem segir í lokaorðum hennar, að við ákvörðun um veiði eftir fjögur ár skuli höfð í huga sjónarmið sem báðir aðilar hafa lagt til grundvallar við gerð samkomulags þessa. Við gerð þessa samkomulags eru lagðir til grundvallar yfirgnæfandi hagsmunir okkar Islendinga í fiskveiðum, m. a. á Jan Mayen svæðinu, svo ég tel þarna allvel frá málum gengið. En þar er þó atriði — það skal ég fúslega viðurkenna — sem ég hefði viljað hafa á nokkuð annan veg. Við vildum allir hafa þarna inni ákvæði sem segði: Náist ekki samkomulag skal hundraðshlutinn verða óbreyttur. Það náðist ekki, en ég tel sæmilega um hnútana búið eins og greinin er nú orðuð.

Gerð hefur verið við það aths., að sá hluti, sem Norðmenn mega veiða, er á Jan Mayen svæðinu einu og menn hafa sagt: Það opnar þeim leið til að semja um viðbótarveiði, t. d. á svæði Efnahagsbandalagsins. — Við skulum aðeins líta á þetta mál. Nú er líklegt að Efnahagsbandalagið fái einhverja hlutdeild í loðnuaflanum, því miður. Vonandi tekst okkur að gera hana sem allra minnsta af því að þeir hafa ekki stundað slíkar veiðar, en það tel ég vera okkar sterkustu rök gagnvart Efnahagsbandalaginu. En ef þeir fá einhvern hluta er okkur að sjálfsögðu nokkuð sama hvort Þjóðverjar veiða hann eða Norðmenn. Ef Norðmenn semja við Efnahagsbandalagið um að fá þann hluta, sem Efnahagsbandalagið kann að fá, skiptir ekki máli að mínu mati hver veiðir hann. En ég legg töluvert upp úr hinu, að þessi 15%, sem Norðmenn hafa leyfi til að veiða, eru á Jan Mayen svæðinu. Þau er mörg árin sem engin loðna gengur á Jan Mayen svæðið, eftir því sem fiskifræðingar segja okkur, og þau ár, sem loðna gengur ekki á Jan Mayen svæðið, hafa Norðmenn ekki leyfi til að veiða þessi 15%, það er alveg ljóst. Að mínu mati var því betra að binda hlutfallið við Jan Mayen svæðið en svæðið allt. Ef það hefði verið bundið við svæðið allt hefði orðið að brjóta samninginn upp í viðræðum við Efnahagsbandalagið. Það hefði krafist þess að sjálfsögðu að fá aðild að samkomulagi um heildarveiðina utan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Ég geri mér því vonir um að þau verði mörg árin sem ekkert verði veitt á Jan Mayen svæðinu og þá vonandi sem allra minnst á Efnahagsbandalagssvæðinu, eftir því hvernig okkur tekst að semja um það.

Um aðra fiskstofna vil ég segja, að ég hélt því stíft fram fyrir mitt leyti, eins og aðrir í nefndinni, að við ættum að fá helmingaskipti, og hefði fagnað því. En mér virðist þó rétt að hlusta á það sem sérfræðingar okkar á þessu sviði segja um aðra stofna sem þarna er um að ræða. Þarna er um tvo stofna að ræða, þ. e. síldina og kolmunnann. Þessir stofnar ganga í gegnum fiskveiðilögsögu margra þjóða. Samkv. þeim drögum, sem fyrir liggja að hafréttarsáttmála, ber þessum þjóðum öllum að koma sér saman um hve mikið eigi að veiða af þessum fiskstofnum og hvernig eigi að skipta. Við Íslendingar fáum þar ekki það vald sem við fáum með samningum yfir loðnustofninum, því miður, getum við sagt. Okkur verður eflaust úthlutað einhverjum kvóta. Til dæmis hafa menn sagt að eðlilegt hlutskipti Íslands í kolmunnaveiðinni væri 200 þús. lestir. Við erum þar að vísu í stórhættu, því við veiðum ekki nema 10—20 þús. lestir. Það er að vísu allt annað mál, en slæmt að okkur skuli ekki hafa tekist að festa fætur betur í þeirri veiði. — En ef við fáum úthlutað 200 þús. lestum af kolmunna munum við vitanlega leggja áherslu á veiðar hans sem næst okkar strönd, en ekki fara norður í Jan Mayen eftir þessum kolmunna. Ég held því að það hafi ekki eins mikla þýðingu, þó að ég taki undir að það hefur þýðingu sem viðurkenning á okkar rétti, að fá helmingarétt til veiða á Jan Mayen svæðinu.

Ég vil segja um 8. gr., að það var e. t. v. ekki síst ég sem stóð í því allan tímann að reyna að fá það viðurkennt að þessi samningur yrði lagður fram í viðræðum við aðrar þjóðir. Vitanlega verðum við að viðurkenna að það verða viðræður við aðrar þjóðir. Þær eru að hefjast við Efnahagsbandalagið. Mér sýnist það ákaflega mikilvægt og tek undir það sem hæstv. utanrrh. sagði, að það fékkst viðurkennt að þennan samning skuli leggja fram ekki síður en hafréttardrögin. Það er mjög mikilvægt. Ef þessi samningur verður samþykktur verður hann vitanlega lagður fram í viðræðum við Dani sem hefjast í næstu viku. Það er ekki lítils virði að geta sagt að þjóð eins og Norðmenn, sem á slíkra hagsmuna að gæta, hafi viðurkennt þann rétt sem við eigum, — meiri rétt til fiskveiða, meiri hagsmuna að gæta og rétt til að ákveða heildarmagn á loðnu, eins og hv. síðari ræðumaður tók fram. Þetta tel ég ákaflega mikils virði.

Það er rétt, að einn embættismaður, sem var okkur erfiður, hljóp upp á síðustu mínútu. En ég verð að segja

það, að ég lít það þó miklu alvarlegri augum að einn af okkar ágætu nefndarmönnum gerði það sama. Ég hef satt að segja ekki áhyggjur út af einum norskum embættismanni, en ég hefði heldur viljað að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefði fylgt okkur einhuga í gegnum þennan samning allan. Það var ekki tekið undir athugasemdir Evensens á nokkrun máta t. d. af utanrrh. Noregs. Utanrrh. Noregs hefur fullvissað okkur um að hann muni styðja þennan samning af alefli og kynna hann fyrir Efnahagsbandalaginu. Ég efast ekki um að hann muni gera það. Mér sýnist að hann hafi komið þannig fram í þessum viðræðum öllum að ég treysti honum fyllilega til þess. Ég held því að menn geri allt of mikið úr aths. embættismannsins.

Ég ætla ekki að hafa um samning þennan langt mál, enda komið matarhlé. Ég vil segja að lokum að samstarfið í nefndinni í Osló var gott og mér þótti gott að vinna að þessu máli með þeim mönnum sem til þess völdust. Íslensku nm. unnu einhuga að því að skoða þau drög sem komu hverju sinni frá Norðmönnunum. Við gerðum sameiginlegar aths. við þau og bárum þau til baka, áttum sameiginlega fundi með ráðh. sem fulltrúar stjórnmálaflokkanna tóku annað slagið þátt í. Ég held að slík vinnubrögð hafi verið til fyrirmyndar.

Ég held að við höfum allir gert okkur grein fyrir því meðan á viðræðunum stóð, að við mundum ekki ná fram öllum okkar ítrustu kröfum. Það var alveg ljóst. Ég mat það hins vegar svo, að við hefðum náð fram verulegum hluta þeirra og mörgum mikilvægum atriðum. Mér heyrðist aðrir nm. meta það svo einnig, eins og hér hefur komið fram. Ég verð því að segja að það veldur mér vonbrigðum að við gátum ekki orðið alla leiðina sammála um að standa að þessu samkomulagi. Það er vitanlega veikleiki hjá okkur að gera það ekki. En ég held að menn hljóti þó allir að viðurkenna, hvar sem þeir eru í flokki, að það er ólíkt betra að hafa þennan samning en engan samning.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði áðan að Norðmenn væru miklir veiðimenn. Með þessum samningi höfum við þó nokkra stjórn á veiði þeirra. Við hefðum enga stjórn ef við hefðum ekki þennan samning. Ég held í öðru lagi að menn hljóti að viðurkenna að það er verulegur styrkur fyrir okkur að hafa þennan samning í væntanlegum viðræðum við Efnahagsbandalagið. Þær viðræður um fiskveiðiréttindi verða miklu erfiðari en þær sem við höfum nú tekið þátt í. Það er von mín að við getum orðið samstiga í þeim.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það er eðlilegt að inn í umr. um samkomulag við Norðmenn hafi dregist öll forsaga málsins og skal ég síst ásaka þá Alþb.-menn fyrir að rifja aðdragandann upp og meta niðurstöður með hliðsjón af þeirri forustu sem Sjálfstfl. hefur haft í þessu máli. Ég skal fúslega taka þátt í þeirri umr., bæði vegna þess að almenningur á heimtingu á að fá að vita, hvernig á málum hefur verið haldið, og ekki síður af hinu, að mat það, sem við nú leggjum á samningsdrögin, hlýtur að verða að byggjast á því, hvort við teljum að hagsmuna okkar verði betur gætt með því að hafna þeim en samþ. þau. Það mat verður m. a. að byggjast á þeim grunni sem lagður hefur verið við meðferð málsins frá upphafi.

Upphaf málsins er það, eins og alþjóð veit, að á fyrsta degi þingsins, hinn 10. okt. 1978, fluttu nokkrir sjálfstæðisþingmenn þrjár þáltill. um hafréttarmálið. Var hin fyrsta um samninga við Norðmenn um réttindi á Jan Mayen svæðinu utan okkar 200 mílna, önnur um rannsókn landgrunns Íslands og hin þriðja um landgrunnsmörk Íslands til suðurs og samvinnu við Færeyinga til að gæta sameiginlegra réttinda landanna. Ekki minnist ég þess að neinn hafi þá hreyft því opinberlega að við þyrftum að hefja baráttu til að tryggja þau réttindi sem þarna var um að ræða. Má því kannske segja að skiljanlegt hafi verið að till. þessar kæmu ýmsum spánskt fyrir sjónir og jafnvel að þær væru hafðar í flimtingum, eins og raunin varð á. Hitt er aftur á móti óskiljanlegt og ófyrirgefanlegt, að það skyldi taka stjórnvöld landsins heilan meðgöngutíma að byrja að skilja hvað hér var í húfi. Og það verður mönnum áreiðanlega enn þá óskiljanlegra þegar fram í dagsljósið verða dregin þau átök sem áttu sér stað bak við tjöldin til að knýja ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, núv. hæstv. utanrrh., til einhverra aðgerða í málinu.

Mun ég nú drepa á örfáa þætti þeirra átaka sem þarna áttu sér stað, en það bíður þó seinni tímans að skrifa þá ljótu sögu sinnuleysis, skilningsleysis og vesaldóms sem einkenndi afskipti eða öllu heldur afskiptaleysi þessarar vinstri stjórar af íslenskum hagsmunamálum á sviði hafréttarmála.

Eins og kunnugt er gildir sú regla um umr. í utanrmn., að mönnum er heimilt að greina frá því sem þeir þar hafa sagt, en hins vegar ekki frá sjónarmiðum annarra. Við sjálfstæðismenn ákváðum í þingflokksfundi í gær að greina í nokkrum dráttum frá nokkrum af þeim sjónarmiðum sem við höfum sett fram í utanríkismálunum, og þar sem það kom oftast í minn hlut að flytja þar sjónarmið flokksins var mér falið að lesa ýmislegt það upp sem ég þar hef sagt, og það mun ég gera eftir því sem bókað hefur verið af orðum mínum á níu mánaða meðgöngutíma málsins, þ. e. frá því í októberbyrjun 1978 og til júníloka 1979. Fulltrúar annarra flokka hafa að sjálfsögðu rétt til að greina frá sínum sjónarmiðum, því sem þeir þar sögðu eða sögðu ekki, og mundi ég raunar skora á þá að gera það ef ég óttaðist ekki að það kynni að skaða hinn íslenska málstað. En raunar ætti menn að renna grun í það, hvernig þessar umræður fóru tíðum fram, af því einu sem eftir mér var bókað. Rétt er þó að geta þess, að það eru einstaklega kurteisir menn úr utanrrn. sem skrifa fundargerðirnar, og skal ég játa að hið diplómatíska orðalag var ekki alltaf nákvæmlega þau orð sem féllu, því að tíðum var mér heitt í hamsi og lái mér það hver sem vill. En nú fá menn sem sagt að heyra nokkrar þessara bókana í utanrrn.

Vík ég þá fyrst að 507. fundi nefndarinnar, sem haldinn var 30. okt. 1978. Þar stendur bókað:

„Eyjólfur Konráð Jónsson sagði að till. varðandi Jan Mayen væri mjög mikilvæg og tímans vegna yrði að taka afstöðu til hennar strax. Óskaði hann að eftirfarandi væri bókað:

Áríðandi er að ríkisstj. óski þegar í stað eftir samningsviðræðum við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi á Jan Mayen svæðinu. Legði hann til að helst enginn dagur liði áður en ósk um formlegar viðræður við Norðmenn yrði fram borin. Væri það honum þá ekkert kappsmál að þáltill. um þetta mál væri samþykkt. Hins vegar væri mikilvægt að Alþingi samþ. ályktun um ytri landgrunnsmörk Íslands í suðri, þar sem miðað væri við að Rokkurinn tilheyrði engri þjóð."

Síðar í þessari sömu fundargerð — miklu síðar, þetta

er löng fundargerð, — er bókað:

„Eyjólfur K. Jónsson sagðist vilja snúa aftur að þáltill. varðandi Jan Mayen og vildi hann spyrja hvort það væri ekki styrkur fyrir utanrrh. gagnvart Norðmönnum ef nefndin sendi nú ráðh. samhljóða áskorun um formlegar samningaviðræður."

Og enn síðar:

„Eyjólfur K. Jónsson sagði að það væri rétt að ríki ættu að leysa sjálf deilur sínar og notast við sanngirnissjónarmið og væri Jan Mayen og svæðið kringum Jan Mayen glöggt dæmi um það að Norðmenn og Íslendingar ættu að semja. Hann sagðist álíta að deila Rússa og Norðmanna væri ekki sambærileg við kröfu okkar um samninga á Jan Mayen svæðinu. Hann sagði að að sínu áliti væri ekki lengur nokkur vafi á því, að strandríki hefðu rétt á svæðinu utan 200 mílna.

Eyjólfur K. Jónsson bætti við í lokin, að þar til fyrir lægju yfirlýsingar frá utanrrh., að hann gæti tryggt að Norðmenn færðu ekki út í 200 mílur við Jan Mayen, yrði hann að krefjast þess að fjallað yrði hér um þáltill."

Og enn síðar í þessari sömu fundargerð:

„Eyjólfur K. Jónsson sagðist vilja endurtaka að nauðsynlegt væri að semja um öll réttindi á Jan Mayen svæðinu."

Menn getur rennt grun í hvað hafi verið rætt þarna inn á milli. (Gripið fram í.) A. m. k. hv. þm. Stefán Jónsson rennir grun í það.

Þá er það mánudagur 20. nóv. Og þá stendur bókað:

„Eyjólfur K. Jónsson sagði í sambandi við till. þrjár, að Norðmenn gætu upp á eindæmi sitt fært út í 200 mílur við Jan Mayen." Þetta er bókað svona, en áframhaldið er á þessa leið: „Jan Mayen væri á landgrunni Íslands og Norðmenn gætu ekki krafist fullra réttinda við eyjuna. Nágrannaþjóðir ættu að semja á sanngirnisgrundvelli.

Um Rokkinn sagði hann að það væri ekki síður mál Íslendinga en Færeyinga, Íra og Breta. Að mati Guðmundar Pálmasonar væri svæðið ekki „natural prolongation" Skotlands og Írlands, heldur rekið frá Grænlandi. Við yrðum að gæta hagsmuna okkar í þessu máli."

Og síðar í sömu fundargerð:

„Eyjólfur Konráð Jónsson ítrekaði nauðsyn þess að ræða þessi mál sem fyrst og sem ítarlegast."

Og enn í sömu fundargerð:

„Eyjólfur Konráð Jónsson sagðist vilja láta eitthvað gerast í málinu, þar sem það væri mikilvægt að Norðmenn gætu ákveðið að krefjast 200 mílnanna við Jan Mayen hvenær sem er."

Og enn síðar:

„Eyjólfur Konráð Jónsson kvaðst vilja leggja áherslu á það, að nauðsynlegt væri að samkomulag yrði í nefndinni um afgreiðslu þeirra."

Og loks:

„Eyjólfur Konráð Jónsson sagði að það væri ekkert höfuðatriði hvernig þessar till. yrðu afgreiddar, svo fremi að eitthvað verði gert sem allra fyrst til að hefja samninga við Norðmenn þannig að þeir flytji ekki út í 200 mílur nú strax."

Þá er komið að fundargerð frá 7. maí og skal ég ekki vera að þreyta menn miklu meir með lestrinum. Mér láðist víst að biðja forseta leyfis, en ég skal stytta þennan lestur. — 7. maí 1979, um það leyti sem þingi var þá að ljúka, stendur bókað:

„Eyjólfur Konráð Jónsson sagði að hann hefði nú heyrt hin alvarlegustu tíðindi, sem væru að Norðmenn ætli að taka sér lögsögu við Jan Mayen, þeir ætli að gerast svo djarfir að seilast inn á íslensk landsréttindi algerlega ólöglega. Hann sagðist gera það að tillögu sinni að utanrmn. sendi ályktun þess efnis að slík framkoma þýði fullkominn fjandskap í garð Íslendinga. Hann bætti við að hann teldi það algerlega óafsakanlegt að láta Norðmenn sölsa undir sig íslenskt svæði."

Og síðar í þessari sömu fundargerð:

„Eyjólfur K. Jónsson sagðist leggja til að Norðmönnum yrði sýndur alger samhugur Íslendinga í þessu máli. Hann sagði að Alþ. ætti að gera ályktun, þar sem stæði að það teldi fullkominn fjandskap við Íslendinga ef Norðmenn tækju sér lögsögu við Jan Mayen þar sem þeir hefðu engan rétt, hvorki á hafsvæði né hafsbotni. Hann sagði að Alþingi og nefndin ættu að leggja niður öll önnur störf og leggja nótt við dag til að ná fram fullkominni samstöðu í þessu máli og undirbúa ferð ráðh. á fund Norðmanna. Honum yrði að fá í hendur öll þau vopn er við hefðum yfir að ráða. Alþingi, utanrmn. og formenn allra stjórnmálaflokkanna ættu þegar í stað að koma saman til þess að undirbúa viðræðurnar við Norðmenn."

Þetta mun hafa verið á mánudegi 7. maí, en páv. utanrrh. átti að hitta Frydenlund fimmtudaginn í þeirri sömu viku.

Menn minnast kannske hvaða framhald varð af þessu máli, að ekkert heyrðist frá utanrmn., en þingflokkarnir tóku þá til sinna ráða og gerðu þennan sama dag eða daginn eftir samþykktir í málinu. — En síðar í þessari sömu fundargerð er bókað:

„Eyjólfur K. Jónsson sagðist enn einu sinni vilja taka það fram, að Norðmenn hefðu engan rétt til að taka sér lögsögu. Þeir hefðu engan lagalegan rétt í þessu máli."

Eins og ég sagði skal ég ekki víkja að fleiri fundargerðum, þótt þær séu fleiri til sem síðar verður áreiðanlega talið fróðlegt að skoða.

Á því tímabili, sem hér um ræðir, þ. e. meðgöngutímanum sem ég svo nefni, urðu tvívegis harkaleg átök um málið hér í þingsölunum. Í fyrra skiptið var það hinn 21. des. 1978, á tímabilinu frá kl. 10—12, en spurðist þó ekki — ekki mikið — út fyrir þingsali. Þannig var mál með vexti, að daginn áður hafði náðst um það samkomulag — eða a. m. k. taldi ég svo vera — að á utanríkismálanefndarfundi morguninn eftir yrðu till. þær, sem ég ræddi um í upphafi máls míns, afgreiddar og síðan mundi Alþ. afgreiða þær á síðasta degi fyrir jólafrí eða hinn 22. des. Þetta samkomulag var svikið og þegar þingfundir hófust kl. 10 tilkynnti ég forsrh. að ég og fleiri þm. mundum halda uppi málþófi í öllum málum og hindra m. a. afgreiðslu fjárlaga ef slíkum vinnubrögðum yrði haldið áfram, — en ég skal geta þess, að löngu áður hafði verið lofað að þessar till. yrðu afgreiddar fyrir jól. Um ellefuleytið tilkynnti páv. forsrh. mér, núv. hæstv. utanrrh., að hann teldi að utanrmn. ætti að afgreiða málin, og skömmu fyrir hádegið var gert samkomulag við páv. utanrrh., hv. þm. Benedikt Gröndal, og páv. formann utanrmn., Einar Ágústsson, um afgreiðslu málsins. Þannig tókst að forðast stórhneyksli.

Næst urðu harðar umr. um þessi mál utan dagskrár í Ed. Alþingis 5. febr. 1979 í tilefni af ummælum páv. utanrrh. í norska sjónvarpinu, sem menn minnast, og daginn eftir, 6. febr., í Sþ. En einmitt í þeim umr. vekur hv. þm. Stefán Jónsson að gefnu tilefni máls á atburðinum 21. des. 1978 og segir þá orðrétt, með leyfi forseta:

„Fallist var á það af hálfu 1. flm. að vísa þessum till. til ríkisstj. Það var sátt af hans hálfu. Það var komið að lokadegi í afgreiðslu fjárlaga. Hann hótaði því þá, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, og hafði raunar stuðning þm. úr fleiri flokkum á bak við þá hótun, að ef þessar þáltill. þeirra sjálfstæðismanna hlytu ekki afgreiðslu fyrir jól, vegna þess hversu brýnt væri að afgreiða þær, þá skyldi verða haldið uppi þess háttar umr. um einstaka liði fjárlaga að fjárlagaafgreiðslan drægist fram yfir jól af þeim sökum. Reyndar var þá viðbúið að fjárlagaafgreiðslan drægist fram yfir jól af öðrum sökum. En forustumenn stjórnarflokkanna sömdu um það við 1. flm. þessara þáltill., að þær yrðu afgr. með þessum hætti. Það var það sem kallast á enska tungu „gentlemen's agreement", sem var á vitorði ég vil segja allra þm. og hann féllst á í því trausti að með till. yrði farið eins og þær hefðu hlotið þinglega meðferð. Þetta vissi hver maður sem var hér í þingsölunum þá."

Þessar umr. í Sþ. voru um fiskveiðiheimildir Færeyinga, en inn í þær blönduðust landhelgismálin öll og tóku margir til máls. Skylt er að geta þess, að auk hv. þm. Stefáns Jónssonar tóku bæði þm. Jónas Árnason og Gils Guðmundsson fremur jákvæða afstöðu í þessu máli. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafði í alllangri ræðu sinni aðeins þetta um málið að segja, — hann eyddi sínum ræðutíma í annað og ómerkilegra að mínum dómi, — en hann sagði orðrétt, með leyfi forseta, aðeins þetta: „Mér finnst, án þess að ég ætli að lengja hér umr. um hið svokallaða Jan Mayen mál, að þar séu aftur á ferðinni hin lausu tök, þar hefði ég kosið að fá skýrar og afdráttarlausar fram afstöðu ríkisstj. Íslands, eins og óskað var eftir í Ed. í gær, en komið hefur fram í umr. hér í dag. Ég vil hins vegar taka undir með hv. þm. Stefáni Jónssyni, að þar til annað kemur fram er ég reiðubúinn að túlka þau ummæli, sem hér voru höfð, á þann veg að þetta liggi ljóst fyrir. En formsins vegna og í milliríkjaviðskiptum er formið oft það sem máli skiptir, formsins vegna þyrfti það að liggja miklu skýrar fyrir."

Hv. þm., sem sæti átti í Ed., tók þar ekki til máls daginn áður. Er því alveg ljóst að þegar hér var komið, í byrjun febr. 1979, hafði enginn áhugi vaknað hjá honum á þessu máli. Hitt vil ég strax taka alveg skýrt fram, að hann var fyrsti maðurinn úr herbúðum stjórnarliða á þessum tíma sem mér fannst skilja hvað í húfi væri, að hv. þm. Stefáni Jónssyni einum undanskildum, en það gerðist hins vegar ekki fyrr en í lok júnímánaðar.

Þannig vildi til að við tveir — við hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson — vorum þá valdir af flokkum okkar til að taka þátt í viðræðum við Norðmenn í ráðherrabústaðnum nær fyrirvaralaust. Daginn áður en Norðmenn komu ræddum við hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson saman í síma um málið, og ég hygg að það hafi ekki tekið lengri tíma en 20 mínútur eða svo að gera honum grein fyrir helstu atriðum málsins. — Og segi menn mig bara monta ef ég orða þetta svona, en það var á þennan veg. — Síðan hefur samstarfið við hann í einu og öllu verið hið ánægjulegasta og er skylt að þakka honum það, þótt svo hafi æxlast að hann telji — gagnstætt mínum skoðunum — að hafna beri samkomulaginu við Norðmenn nú.

Ekki þarf að taka það fram, að í umr. þeim, sem áður var getið um, heyrðist engin rödd frá Alþfl.-manni til stuðnings hinum íslenska málstað og því síður frá Framsfl., enda minnist ég þess ekki að neinn þm. þessara flokka hafi á meðgöngutímanum opinberlega lagt málinu lið. Ég minnist þess ekki, og það verður þá dregið fram í dagsljósið ef svo hefur verið. Einu afskiptin, sem mér er kunnugt um að þáv. forsrh., hæstv. núv. utanrrh., hafi af málinu haft, eru þau sem ég gat um fyrr, hinn 21. des. 1979, og er ég honum raunar ævinlega þakklátur fyrir hlutdeild hans í því samkomulagi sem þá var gert, þótt það virðist fremur hafa verið sprottið af því að halda saman ríkisstj. en af áhuga á málinu. — Í sambandi við umr. 5. og 6. febr. upplýstist raunar líka að ríkisstj. hafði aldrei rætt málið á tæplega hálfs árs starfsferli.

Ljóst er að mikið vandaverk var að marka stefnu Íslendinga í Jan Mayen málinu og hefði sannarlega ekki veitt af samstöðu stjórnmálaflokkanna til að ná þar árangri. Upplýsingar voru líka af skornum skammti. T. d. hefði ekki verið ónýtt að hafa bréf Jóns Þorlákssonar í höndum 10 mánuðum áður en raun varð á, en það merka skjal hefði e. t. v. valdið því að fastar hefði verið staðið í ístaðinu og málatilbúnaður að einhverju leyti kannske orðið annar og heppilegri.

Næst gerist það á þingi að Matthías Bjarnason, fulltrúi Sjálfstfl. í landhelgisnefnd, gerði grein fyrir helstu röksemdum Íslendinga í ræðu 7. maí. Var þá fyrir skömmu lokið fundi Hafréttarráðstefnunnar í Genf og ég hafði í samráði við hann afhent páv. utanrrh., Benedikt Gröndal, grg. um Jan Mayen málið strax daginn eftir að ég kom heim og boðið öðrum fulltrúum stjórnmálaflokkanna að undirrita það skjal. Finnur Torfi Stefánsson neitaði að undirrita það, og úr hömlu dróst að þeir Lúðvík Jósepsson og Þórarinn Þórarinsson skrifuðu undir skjalið, hvað sem kann að hafa valdið.

Mun ég nú lesa þetta skjal upp og geta þá allir menn séð, sem sjá vilja, að stefna Sjálfstfl. í málinu hefur verið samfelld allt frá því að till. var flutt um að hefja samninga við Norðmenn, haustið 1978, og til þessa dags. Skjal þetta hefur ekki áður verið opinberlega til umræðu hér í þinginu og rétt að ég fái leyfi forseta til að lesa það upp svo að þm. kynnist því og það verði í Alþingistíðindum sem grundvallarskjal í þeirri stefnumörkun sem varð síðan stefna Íslendinga allra og þar sem taldar eru upp, að ég hygg, allar röksemdir sem við höfum síðan notað, að einni undanskilinni vegna þess að mér var um hana ókunnugt, þ. e. hið merka bréf Jóns Þorlákssonar. En skjal þetta heitir: „Punktar til utanrrh." Það var sem sagt afhent 30. apríl 1979:

„Fulltrúar stjórnmálaflokkanna á Hafréttarráðstefnunni ræddu Jan Mayen málið mikið í sínum hóp og vilja beina eftirfarandi til utanrrh., ef það gæti orðið honum að einhverju liði í viðræðum við Norðmenn." — Ég skrifa þetta í fleirtölu eins og menn heyra, þar sem ég reiknaði með að þetta yrði sameiginlegt álit fjögurra fulltrúa stjórnmálaflokkanna sem mikið höfðu rætt þetta mál í sínum hópi í Genf.

„Allt er enn óráðið um réttindi eyja eins og Jan Mayen, þó að ákvæði 121. gr. uppkastsins að hafréttarsáttmála sé Norðmönnum vissulega styrkur í þeirri baráttu sem þeir heyja. Yfirlýsing Norðmanna um að þeir hyggist taka sér 200 mílna efnahagslögsögu er þess eðlis, að við verðum að standa vel á verði og tína saman öll þau rök sem styrkt geta hinn íslenska málstað. Við ýmsu hafa þeir auðvitað gagnrök, en samt er rétt að benda á eftirfarandi:

1) Jan Mayen er á okkar landgrunni.

2) Svæðið heitir á öllum jarðfræðikortum í íslenska

hásléttan, „Icelandic plateau", og dýpi yfirleitt 1—2 þús. m þar sem það er ekki enn þá minna.

3) Úthafssjór er á milli Noregs og Jan Mayen u. þ. b. 3500 m á dýpt.

4) Jan Mayen var fyrst annexía Noregs 1921 og ekki innlimuð fyrr en 1930. Fram að þeim tíma var hún allt eins talin íslensk eins og norsk.

5) Íslendingar sóttu til Jan Mayen rekavið og töldu sér fullheimilt á undan Norðmönnum og hafa ætíð litið svo á að þeim væri heimil hagnýting þessa hafsvæðis.

6) Hafréttarreglur eiga að byggjast á sanngirnissjónarmiðum fyrst og fremst og óbyggð smáeyja, sem fyrir tilviljun var norsk, en ekki íslensk, getur ekki haft sambærilegan rétt við þjóðland.

7) Engar alþjóðareglur hafa myndast um óbyggðar smáeyjar á landgrunni annars ríkis. Fulltrúar Norðmanna hafa verið beðnir um að benda á dæmi um slíka eignatöku, en ekki getað fram til þessa.

8) Efnahagslögsaga Norðmanna við Jan Mayen mundi skerða hafsbotnsréttindi okkar, jafnvel þótt þeir viðurkenndu óskoraða 200 mílna efnahagslögsögu okkar, því að efnahagslögsagan tekur bæði til hafsins og hafsbotnsins.

9) Réttur til efnahagslögsögu einskorðast við þjóðlönd og hefur verið að myndast „de facto" þar sem ríki hafa tekið sér hann. Engin slík lög hafa myndast um óbyggðar smáeyjar á landgrunni annarrar. Sjálft orðið „efnahagslögsaga" sýnir að tilvist þessarar nýju þjóðréttarreglu byggist á því að tryggja þurfi hag fólksins sem strandríki byggir, en þessi nýskipan er ekki tekin upp vegna fjarlægra eyja.

10) 121. gr. uppkastsins að hafréttarsáttmála er ekki alþjóðalög fremur en annað sem í uppkastinu stendur. Ekkert af því hefur verið samþ., er því ekki alþjóðareglur að lögum (de jure) og aðeins það sem almennt hefur komið til framkvæmda er réttur í raun (de facto).

11) Norðmenn yrðu fyrstir þjóða til að ryðjast inn á landgrunn annars ríkis vegna óbyggðrar smáeyjar með þeim hætti sem þeir nú hafa tilkynnt að þeir hugsi sér.

Að öllu þessu athuguðu hljótum við að standa fast á okkar rétti. Í fyrsta lagi verðum við að halda til streitu óskertri 200 mílna efnahagslögsögu okkar og í öðru lagi að krefjast jafnréttis við Norðmenn að því er varðar réttindi á Jan Mayen svæðinu. Mikilvægt er þess vegna í þeim samningaviðræðunum, sem fram undan eru, að ræða ekki um íslenska efnahagslögsögu og lögsögu við Jan Mayen í einu og sama orðinu áu þess þó að norsk efnahagslögsaga sé meðtalin. Líklegast til árangurs er að ræða um hafsvæðið allt, verndun fiskstofna á öllu Norður-Atlantshafi innan norskra efnahagslögsögu, íslenskrar efnahagslögsögu og á Jan Mayen svæðinu sem aðskilið er frá efnahagslögsögu þessara ríkja.

Norðmenn vilja aðeins tala um íslenska efnahagslögsögu og þá lögsögu sem þeir telja sér heimila við Jan Mayen. Það má ekki gera, heldur að ræða um aðstöðu Norðmanna annars vegar og Íslendinga hins vegar á Jan Mayen svæðinu, sem við teljum vera sameiginlegt hagsmunasvæði Íslendinga og Norðmanna. Ef einhver bókun eða samþykkt verður gerð um þetta efni verður að gæta þess rækilega að Íslendingar og íslensk hagsmunasvæði séu annars vegar og Norðmenn og norsk hagsmunasvæði hins vegar, en Jan Mayen sé þar mitt á milli og Íslendingar séu því aðeins til viðtals um einhver afskipti Norðmanna af íslenskri efnahagslögsögu að þeir hafi afskipti af fiskveiðimálum innan efnahagslögsögu Noregs. Eðlilegt er að bera þessar kröfur fram, þar sem síldarstofninn er ekki síður mikilvægur en loðnustofninn og við eigum að hafa ítök eða áhrif að því er varðar síldveiðar Norðmanna.

Ef Norðmenn fallast ekki á viðræður á þessum grundvelli hljótum við að grípa til harkalegra aðgerða. Rétt er þó að benda á að hugsanleg er bráðabirgðalausn á þeim grundvelli, að Íslendingar og Norðmenn lýsi sameiginlega yfir fiskverndaráðstöfunum á öllu Jan Mayen svæðinu, og jafnvel að fallast á að Norðmenn lýsi formlega yfir útfærslu fiskveiðitakmarka á svæðinu, ef Íslendingar hafa a. m. k. helmingsrétt á móti þeim með bindandi samningum. Þar væri um að ræða svipaðar aðgerðir og Bretar hafa kunngert að því er svæðið út frá Rockall varðar. En aðförum Breta þar um slóðir þarf raunar að mótmæla bæði í orði og verki, t. d. með því að íslensk fiskiskip fari inn á það svæði til fiskveiða, því að aðgerðir Breta þar eru með öllu ólögmætar.

Jan Mayen málið er svo erfitt viðureignar og viðkvæmt að ekki kemur til greina að fiskifræðingar einir fjalli um það, heldur hlýtur það að verða málefni stjórnmálamannanna ekki síður en vísindamannanna. Þess vegna leggjum við til, að málin verði ítarlega rædd í utanrmn. og landhelgisnefndinni, og bjóðum fram okkar aðstoð, ef hún gæti orðið að einhverju liði.

En niðurstaðan er sú, að Norðmenn munu taka allt það sem þeir geta fengið og við munum glata rétti ef við ekki verðum fastir fyrir og sameinaðir í okkar réttargæslu. Hins vegar er ljóst að Jan Mayen svæðið þarf að vernda fyrir rányrkju utanaðkomandi þjóða og það ættu ekki síður að vera hagsmunir Norðmenna en Íslendinga." — Og hér lýkur þessum lestri.

Ég get getið þess að það var einmitt þetta skjal, sem ég las upp í símann fyrir hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson m. a., og við spjölluðum um málið. Mér fannst hann skilja málið til fullnustu um leið og hann hafði heyrt þetta skjal, sem þá var ekki á vitorði nema örfárra manna.

Ég hygg, eins og ég sagði áðan, að öll okkar rök, sem síðan hafa verið notuð, hafi þarna komið fram. Þau voru fyrst afhent utanrrh., að sjálfsögðu sem trúnaðarmál, og öðrum þeim sem sérstakan áhuga höfðu. Öll rökin, sem þá var hægt að koma fram með, voru þarna, því að við höfðum ekki hugmynd um bréf Jóns Þorlákssonar, og ég vil undirstrika, að þótt svo færi að þeir Lúðvík Jósepsson og Þórarinn Þórarinsson, sem voru fyrir sína flokka þarna úti, hefðu ekki undirskrifað þetta skjal, þá hygg ég að þeir hafi meira og minna verið sammála því, svo mikið ræddum við um þetta. A. m. k. minnist ég þess, að Lúðvík var mjög ánægður með þetta skjal þegar ég afhenti honum það 30. apríl, en eins og ég sagði dróst úr hömlu að það yrði undirritað, og einn af fulltrúum flokkanna neitaði að skrifa undir, eins og áður er getið.

Næst er þar til að taka að norsk stórmenni tilkynna með litlum fyrirvara að Norðmenn séu reiðubúnir að hefja viðræður við Íslendinga og vilji koma til Reykjavíkur, og 29. og 30. júní var hinn sögulegi fundur haldinn í ráðherrabústaðnum. Þessi fundur endaði, eins og kunnugt er, með því að Norðmennirnir lentu í hári saman og deildu innbyrðis allan síðari daginn, þannig að samninganefndirnar naumast hittust. Hins vegar áttu ráðherrar beggja landanna alloft einkaviðræður.

Í upphafi þessa fundar var ljóst að Norðmennirnir voru hingað komnir til að fá Íslendinga til að fallast á, að

Norðmenn ættu Jan Mayen svæðið, gegn því að við fengjum að veiða eitthvað smávegis á því svæði og Norðmenn takmörkuðu loðnuveiðar sínar þar eitthvað. En það var þó aðeins um að ræða eitt ár sem átti að semja um eða kannske bara einn mánuð eða jafnvel eina viku, því að svo öflugur er loðnufloti þeirra að hann hefði kannske getað aflað þetta mikið á einni viku. Það átti sem sagt að fá okkur til þess, beint eða óbeint, með einhverjum hætti að fórna rétti okkar fyrir nokkrar loðnur í eitt ár.

Þegar Íslendingar voru ófáanlegir til að gefa neina yfirlýsingu í þessa átt óskuðu Norðmenn eftir að bóka að þeir mundu grípa til einhliða fiskverndarráðstafana á svæðinu ef þriðja ríki virtist ætla að spilla þeim árangri sem með samkomulagi um loðnuveiðar Norðmanna og Íslendinga átti að nást. Íslendingar neituðu að taka við þessari bókun nema gera samhljóða bókun af sinni hálfu. Raunar komu þrjár tillögur frá norsku samninganefndarmönnunum og við gátum fallist á orðalag þeirra allra út af fyrir sig, en við sögðum alltaf: Við höfum sambærilegt orðalag af okkar hálfu. — Þá og þá fyrst varð Norðmönnum ljóst að Íslendingar hugðust ekki gefa eftir réttindi sín á Jan Mayen svæðinu, heldur standa þar jafnfætis við Norðmenn og hindra að þeir sölsuðu þessi réttindi undir sig. Út af því var allt fjaðrafokið í norsku samninganefndinni, sem að lokum kvaddi og neitaði meira að segja í lokin að einskorða samningana við loðnuveiðar, þar sem tvö ríki veiddu á svæði sem umdeilt væri, þ. e. Jan Mayen svæðinu, utan íslenskra 200 mílna. Þeir vildu ekki undirrita eitt eða neitt nema þeir gætu í leiðinni styrkt rétt sinn til frambúðar og þá liggur mér við að segja: snúið á okkur.

Á þessum fundi urðu sem sagt þáttaskil í Jan Mayen málinu, og í framhaldi af þeim atburðum lagði Matthías Bjarnason fram þau drög að umræðugrundvelli við Norðmenn sem mjög hefur borið á góma og voru lögð fram í landhelgisnefndinni hinn 23. júlí eða rúmum þremur vikum eftir að Norðmennirnir fóru. En í framhaldi af þessum tillögum hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar fóru hjólin loks að snúast og ríkisstj. sá að hún gat ekki lengur stungið höfðinu í sandinn. Hinn 7. ágúst, hygg ég að hafi verið, 1979 dreifði páv. utanrrh., hv. þm. Benedikt Gröndal, tillögum að umræðugrundvelli í ríkisstj., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lagði fram sínar hugmyndir í landhelgisnefnd 10. ágúst og ríkisstj. gerði samþykkt um málið hinn 14. ágúst.

Ég mun nú, með leyfi forseta, lesa upp „Drög til að leggja fram við framhald samningaviðræðna við Norðmenn" frá Matthíasi Bjarnasyni, dagsett 23. júlí, eða þessa fimm punkta sem svo mjög hafa verið hér til umr. í dag og í blöðum að undanförnu, því að þeir hafa verið undirstaða aðgerða af okkar hálfu, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson o. fl. hafa á bent, en hann undirstrikar að sínar tillögur hafi verið í samræmi við hugmyndir Sjálfstfl. og er það rétt. Í Morgunblaðinu í gær talar hann um þá „ítarlegu og afdráttarlausu kröfugerð sem Sjálfstfl. setti fram á sínum tíma og Alþb. tók undir og síðar varð uppistaðan í stefnumótun þriggja ríkisstj.", eins og hann kemst að orði. Nú les ég þessa fimm punkta, — sá sjötti fjallar um heimild til handa Færeyingum og kemur ekki að öðru leyti beint við þetta mál. Fyrirsögn þessa plaggs er: „Drög til að leggja fram við framhald samningaviðræðna við Norðmenn," og það hljóðar svo:

„Þess verði óskað að framhald samningaviðræðna á milli Íslendinga og Norðmanna verði sem allra fyrst. Íslendingar bjóði að viðræðurnar fari fram í Osló. Þátttakendur frá Íslands hálfu verði undir forustu ríkisstj. og stjórnarandstaðan eigi aðild að viðræðunum. Íslendingar bjóði nokkra kosti til lausnar málsins.:

1) Norðmenn og Íslendingar lýsi yfir að þeir hafi komið sér saman um sameiginlega fiskveiðilögsögu umhverfis Jan Mayen utan 12 sjómílna landhelgi Jan Mayen.

2) Norðmenn lýsi yfir fiskveiðilögsögu á Jan Mayen svæðinu utan 200 sjómílna fiskveiðilögsögu Íslands. Ísland viðurkenni þessa útfærslu, enda verði jafnhliða gerður samningur um að Norðmenn og Íslendingar veiði að jöfnu þann afla sem veiddur er utan 12 sjómílna fiskveiðilögsögu Jan Mayen.

3) Samningur verði gerður á milli Norðmanna og Íslendinga um útfærslu efnahagslögsögu á Jan Mayen svæðinu, sem nær til sameiginlegra yfirráða Norðmanna og Íslendinga bæði hvað snertir nýtingu hafs og hafsbotns.

4) Norðmenn lýsi yfir efnahagslögsögu á Jan Mayen svæðinu utan 200 sjómílna fiskveiðilögsögu Íslands. Ísland viðurkenni þessa útfærslu, enda verði jafnhliða gerðir samningar um að Norðmenn og Íslendingar eigi rétt til að nýta að jöfnu auðlindir hafs og hafsbotns utan 12 sjómílna efnahagslögsögu Jan Mayen.

5) Norðmenn og Íslendingar lýsi yfir sameiginlegum fiskverndaraðgerðum á Jan Mayen svæðinu og verði um það gerður sérstakur samningur sem þar með útiloki veiðar annarra þjóða nema samþykki beggja þessara þjóða komi til."

Þetta eru sem sagt þessir punktar. Að þessu máli hefur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vikið í ræðu sinni í dag, en þó enn þá greinilegar kannske í greininni, sem ég minntist á, í Morgunblaðinu í gær, en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Vissulega á það rétt á sér að telja að í samningum náist ekki allar kröfur fram. Hinu verður þó ekki trúað, að Sjálfstfl. hafi á sínum tíma gert sér leik að því að setja fram röð af tillögum, aðaltillögum og varatillögum, sem engan möguleika hefðu á að hljóta framgang og viðurkenningu Norðmanna" o. s. frv.

Menn heyrðu hér — þeir sem hlustuðu í dag — þessi rök eða rökleysur. En þessi röksemdafærsla hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar er raunar með því furðulegasta sem ég hef lesið eða heyrt og var undrandi á að hann skyldi setja hana fram.

Sjálfstæðismenn afhenda í landhelgisnefnd drög til að leggja fram við framhald samningaviðræðna við Norðmenn, þ. e. að sýna Norðmönnum og bjóða þeim ýmsa kosti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lýsir fyllsta stuðningi við þessa stefnu og þessi drög. En þegar Norðmenn fallast ekki umyrðalaust á einn þeirra kosta, sem Íslendingar þannig sameinast um að setja fram, því að Framsfl. og Alþfl. dröttuðust að lokum með, byrjar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson að tala um aðaltillögur og varatillögur, uppgjöf og svik. Auðvitað er alveg ljóst að enga för þurfti að fara til Noregs ef Norðmenn hefðu getað fallist á einhverja þeirra fimm punkta sem hv. þm. Matthías Bjarnason lagði fram, og auðvitað er og var ljóst að hvorki sjálfstæðismönnum né Alþb.-mönnum gat dottið í hug að Norðmenn mundu möglunarlaust samþ. og fyrirvaralaust eitthvert þessara útspila af Ís-

lendinga hálfu, fremur en að okkur hefði nokkurn tíma dottið í hug að láta ekki á það reyna hve langt væri hægt að teygja Norðmenn þegar þeir sjálfir spiluðu út sínum kortum.

Þessi meginvörn Alþb. fyrir þeirri afstöðu sinni að snúast gegn samkomulaginu er auðvitað alveg haldlaus og gegnsæ. En afstaða Alþb.-manna hefur þó það gildi, að hún sannar að þeir eiga erfitt með að gagnrýna samkomulagið efnislega. Er það vissulega ánægjulegt, því að það sýnir þó að margt er gott í því samkomulagi. Tilraunir hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar í dag til að koma með lögskýringar voru mjög bágbornar. Ég hefði e. t. v. getað hjálpað honum m. a. s. til að benda á eitthvað sem kynni að vera veikara í þessum samningsuppkasti en það sem hann var að reyna með alröngum lögskýringum að túlka Íslendingum í sem mestan óhag og Norðmönnum í sem mestan hag, sem gæti auðvitað verið mjög alvarlegt mál, hvort heldur væri í áframhaldandi samningum, sáttanefnd eða gerðardómi. Við skulum láta það liggja á milli hluta, en lögskýringar hans voru auðvitað svo fáránlegar að engu tali tekur.

Nú skal ég fúslega játa, að þegar ég sá þessi samningsuppköst á laugardaginn var þótti mér hart við það að búa að við skyldum ekki ná fram ákveðnari og skilmerkilegri samningi og gremja og sárindi blossuðu upp yfir því að dýrmætum tíma skyldi hafa verið sóað, eins og hér að framan hefur verið rakið. Síðan hef ég að sjálfsögðu marglesið samkomulagið á báðum tungumálum og borið saman við margvísleg ákvæði og orðalag í uppkasti að hafréttarsáttmála, auk þess sem ég hef rætt við suma þá sem voru í viðræðunum. Ég hef sannfærst um að þetta samkomulag eigi að staðfesta og í því felist raunar miklu meira en menn gera sér grein fyrir við fyrstu sýn.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson og fleiri ræðumenn hér í dag hafa gert þessu máli góð skil. Ég þarf ekki miklu við það að bæta, sem formaður Sjálfstfl. hér sagði og vil ekki eyða tímanum í að endurtaka það sem hefur komið hér fram, kannske oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. En ég vil undirstrika að þetta er í fyrsta skipti sem Norðmenn viðurkenna formlega og afdráttarlaust að við Íslendingar eigum óafturkallanleg réttindi bæði til fiskveiða og hafsbotnsins á Jan Mayen svæðinu utan okkar 200 mílna. Það hafa þeir aldrei fengist til að gera áður. Sumir segja að vísu að hér sé aðeins um að ræða samning um að semja. En sannleikurinn er sá, að í heilan áratug hafa þjóðir heimsins verið að semja um að semja. Á hafréttarráðstefnu hafa aldrei verið atkvæðagreiðslur, heldur gengur allt starfið út á það að ná samkomulagi og þróa málin í samkomulagsátt. Finnst sumum seint ganga, en þó hefur ótrúlega mikið áunnist.

Þótt ekki væri hér um annað að ræða en samning milli Norðmanna og Íslendinga um að semja um réttindi þjóðanna á Jan Mayen svæðinu væri sá samningur ekki lítils virði, því að í honum felst full viðurkenning á því, að við eigum réttindi á þessu umdeilda svæði, — viðurkenning sem aldrei áður hefur fengist eins og ég gat um áðan. En í samkomulaginu felst auðvitað miklu meira en bara þetta, eins og áður hefur komið fram hér í umr. og ummælum manna og ég skal ekki endurtaka.

En önnur haldlaus rök andstæðinga þessa samkomulags eru á þann veg, að við ákvörðun hafsbotnsréttindanna og skiptingu þeirra á milli Norðmanna og Íslendinga eigi líka að fjalla um hafsbotninn innan 200 mílna efnahagslögsögu okkar. Þessi falsrök eru út í bláinn, því að það er alveg skýrt tekið fram í drögum að hafréttarsáttmála, í 56. gr., að efnahagslögsagan taki jafnt til hafsbotnsins og hafsins yfir honum. Þess vegna kemur auðvitað hafsbotn okkar innan 200 mílna ekki til álita í þessu sambandi. (**StJ:** Það var nákvæmlega míla, þm., á milli 200 mílna okkar og ...) Já, Jan Mayen. (Gripið fram í.) Ég skildi ekki alveg. (Gripið fram í.) Þetta er á milli 200 mílna marka okkar og eyjarinnar Jan Mayen. (**StJ:** Og efnahagslögsögu Jan Mayen.) Og eyjarinnar sjálfrar Jan Mayen. Það er einmitt tilefni til þess misskilnings sem hefur komið upp að þetta er orðað „svæðið á milli Íslands og Jan Mayen" í samningsdrögunum: „Fjallað verður um afmörkun landgrunnsins á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen í framhaldsviðræðum." Þetta orðalag hefur valdið þessum misskilningi sem upp hefur komið, að það eigi líka að fjalla um hafsbotninn innan okkar 200 mílna, en þegar viðurkennd er efnahagslögsaga okkar út í 200 mílur tekur hún alveg jafnt til hafsbotnsins og hafsins yfir honum samkv. 56. gr. hafréttarsáttmála. Og þá skiljum við hvor annan.

Það er því auðvitað ekki til neins annars fallið að halda þessum skoðunum fram en að skaða íslenskan málstað í þeim samningaviðræðum eða hugsanlegum úrskurðum sem fram undan eru. Að vísu kannske ekki í úrskurðum, þetta er svo augljóst, en í samningaviðræðum gæti það auðvitað eitthvað veikt málstað okkar þegar slíkum skoðunum er haldið fram hér uppi á Íslandi. Og ég vil mega bera þá ósk fram til hv. þm. allra, að hvað sem afstöðu þeirra kann að líða reyni þeir að forðast ummæli sem nota mætti gegn okkur í hugsanlegum gerðardómi. Eins og ég sagði áðan er því miður orðinn nokkur misbrestur á því. Menn skilja það að vísu, að þegar svona átök verða í þjóðþingum segja menn kannske meira en þeir beint meina, og ég á von á því að það þurfi ekki að skaða okkur þó að slíkt hafi hent hér í dag. En ég vil sérstaklega taka fram, að mér líkaði vel við ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar fram eftir lengi vel, en svo fannst mér nokkur galsi hlaupa í hann í lokin. Ég held þó að við fyrirgefum það nú.

Okkur ber miklu frekar að undirstrika þá þýðingu sem hin ýmsu ákvæði samkomulagsins hafa einmitt lögfræðilega í hugsanlegum dómi og eins raunar í samningum okkur í hag. Þar er t. d. einhliða ákvörðunarréttur okkar um hámarksafla á loðnu m. a. á þessu umdeilda svæði mikilvægur lögfræðilega, lögfræðilegur styrkur. Ég legg miklu minna upp úr því en ýmsir aðrir, hvaða þýðingu það hafi nákvæmlega varðandi loðnuveiðarnar að við höfum þennan einkarétt. Ég held að það skipti ekki öllu máli um framkvæmdina hvort við höfum hann eða ekki. En lögfræðilega hefur þetta gífurlega mikla þýðingu, vegna þess að með því er viðurkennt jafnrétti okkar við Norðmenn á Jan Mayen svæðinu og meira að segja meira en það, því að við getum tekið allan aflann innan okkar 200 mílna ef loðnan fer ekki norður fyrir, en jafnt og Norðmenn ef hún fer norður. Okkar lagalegi réttur er því meiri. Þetta gæti haft mikla þýðingu fyrir gerðardómi vegna þess að þarna er helmingaskiptaregla algerlega viðurkennd og meiri hagsmunir okkar en Norðmanna virtir.

Það má einnig benda á að þar sem talað er um „sérstakar aðstæður", sem þarna um ræði, er alveg ljóst að með því orðalagi er átt við þá sérstöðu sem Íslendingar hafa bent á og upphaflega kom fram í „Punktum til utanrrh." sem ég las hér áðan.

Af öllu þessu verður sáttanefnd eða dómur að hafa hliðsjón. Um það er beinlínis samið og það felst í þessu samkomulagi og raunar mörgu fleira sem okkur er til styrktar, — t. d. í orðalagi 6. gr., þar sem segir að það skuli tekið sanngjarnt tillit til þess, hve Ísland er almennt háð fiskveiðum, svo og fiskveiðihagsmuna Íslands á Jan Mayen svæðinu. Þegar þessi grein er lesin með hliðsjón af 5. gr. þar sem um helmingareglu er að ræða, er auðvitað stoð í 5. gr. fyrir því að tekið sé sanngjarnt tillit til þess, hve Ísland sé almennt háð fiskveiðunum. Svo er einnig vitnað til 71. gr. í hafréttarsáttmála í inngangi samkomulagsins. Það er auðvitað mikil stoð líka vegna þess að sú grein er, held ég, nánast algjört einsdæmi í uppkastinu að hafréttarsáttmála. Það vita allir að hún er sett inn fyrir eitt land í veröldinni og hún heitir „íslenska greinin" á allra manna máli, þ. e. greinin um lönd sem byggja afkomu sína mestmegnis á fiskveiðum.

Þegar vitnað er í þetta tvennt sýnist mér að sérhver dómari mundi hafa mikla tilhneigingu til þess að meta þessi réttindi okkur svo hagstætt að við ættum líka að hafa þar a. m. k. helmingsrétt á við Norðmenn.

Þetta kemur auðvitað allt til álita og mér miklu færari menn munu túlka þetta þegar samningar hefjast og samkomulagsumleitanir og sáttastarf — eða þá ef til dómsmáls kemur.

Þá er látinn í ljós ótti um að Norðmenn kunni eftir 1. jan. n. k. að lýsa yfir einhliða efnahagslögsögu, þar sem bréf Frydenlunds gildir aðeins — eða loforð hans í bréfi — til 1. jan. En við því höfum við auðvitað mjög áhrifamikið svar og ég er ekkert hræddur við þetta. Ef það gerist lýsum við samstundis yfir eignarrétti á öllum hafsbotninum. Þá er að vísu komin upp alvarleg deila á milli þessara tveggja ríkja því að þetta væri ósamrýmanlegt, en þá höfum við stoð í samkomulaginu sem hér er til umræðu. Þegar til úrskurðar kæmi eða sáttastarfs hlytu auðvitað að verða miklir árekstrar, en með einhverjum hætti yrði það að leysast.

Við höfum sem sagt þarna mjög verðugt svar og áhrifaríkt svar ef til þess kæmi, sem mér dettur ekki í hug að geti gerst, að Norðmenn mundu með þeim hætti stofna til ófriðar. Það væri enn þá verri aðferð en nokkurn tíma það sem ég hef óttast fram að þessu að þeir gerðu vegna skeytingarleysis hér uppi á Íslandi, að þeir flýttu sér og tækju 200 mílurnar. Ég vil segja að það er mikil mildi að þeir skyldu ekki hafa gert það, vegna þess að þá hefðum við auðvitað staðið meira og minna varnarlaus.

Það veit enginn á þessari stundu hver muni verða afdrif 121. gr. uppkastsins að hafréttarsáttmálanum í Genf, þar sem jafnvel er gert ráð fyrir atkvæðagreiðslum og þá þurfi ekki nema 2/3 til að samþykkja greinar. En ef svo færi að greinin yrði samþ. óbreytt styrkir það auðvitað málstað okkar að hafa þegar samning um réttindi okkar þarna, því að slíkt ákvæði tæki þá ekki til þessa svæðis sem þegar væri búið að semja um.

Það er vafalaust að það hefði verið hagstæðast fyrir báðar þjóðirnar að semja um sameiginleg yfirráð um aldur og ævi. Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Og ég held að Norðmenn séu í stöðugt ríkari mæli að gera sér grein fyrir því, að þetta hefði verið hyggilegast. Ég vil benda á að ekkert í þessum drögum útilokar að það geti orðið. Hægt er að framkvæma 9. gr. þannig að ekki verði landfræðileg skipting, heldur t. d. skipt yfirráðunum til helminga, sameiginleg yfirráð eins og við höfum keppt að. Ef við vinnum vel að þessu máli næstu mánuðina má vel vera að það verði hægt að vinna þeirri skoðun fylgi. Þær hugmyndir, sem komu fram í Noregi um sameiginlegt fyrirtæki sem hugsanlega gerði rannsóknir á svæðinu öllu og ynni jarðefni — ef samkomulag yrði um slíkt — eða olíu, gætu vel þróast í það að styðja að því að niðurstaðan yrði þrátt fyrir allt endanlega sú sem við höfum að keppt.

Þótt ég sé auðvitað ekki ánægður með samningsdrögin í einu og öllu tel ég engan vafa leika á því, að þau eigi að samþykkja. Auðvitað hefðum við náð lengra ef málið hefði verið tekið föstum tökum strax haustið 1978 í stað þess að láta allt reka á reiðanum og glata dýrmætum tíma. Ég skal ekki eyða frekari orðum að því sem misfarist hefur í fortíðinni, en vil hins vegar undirstrika að mjög margir hafa lagt hönd á plóginn síðustu mánuðina til að vinna málstað okkar fylgi. Í utanrrn. hefur Ólafur Egilsson t. d. unnið mjög gott verk, og sama er að segja um aðra vísindamenn eins og Sigurð Líndal, Pál Imsland og Guðmund Pálmason. Þá hefur að sjálfsögðu verið lagður pólitískur þrýstingur á norsk stjórnvöld og hafa þar margir látið til sín taka. En eitt nafn verð ég sérstaklega að nefna, nafn Björns Bjarnasonar, sem í norskt tímarit um alþjóðamál ritaði merka grein um Jan Mayen deiluna og benti Norðmönnum á, svo að þeir hlutu að skilja, hvaða afleiðingar það gæti haft ef þeir sýndu ekki meiri samningalipurð en þá voru horfur á.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann frekar en orðið er. Mín skoðun er eindregið sú, að samþykkja beri þetta samkomulag. Vona ég að sem allra flestir hv. þm. geri það. En að lokum þetta: Með samþykkt þessa samkomulags er að sjálfsögðu ekki lokið baráttu okkar fyrir eðlilegum réttindum á Jan Mayen svæðinu. Þvert á móti er einungis um að ræða áfanga í baráttunni. Við sjálfstæðismenn höfum ákveðið að gera við lokaafgreiðslu málsins ljósa grein fyrir þessum sjónarmiðum okkar, þeim að þetta sé aðeins áfangi og við hyggjumst ganga lengra. Æskilegast væri að í utanrmn. verði reynt að ná samstöðu um að gefa slíka yfirlýsingu, helst á þann veg að allir þm. gætu sæmilega við unað og jafnvel yrði reynt á það til þrautar að allir 60 þm. gætu staðið að afgreiðslu málsins. Á þessu stigi er líklega ekki æskilegt að fara lengra út í þessa sálma því að það kynni að spilla tilraunum til samstöðu um áframhaldandi réttargæslu. En málið verður tekið upp í utanrmn. og það strax í fyrramálið.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal ekki gerast mjög langorður um þau samkomulagsdrög sem hér liggja fyrir. En ég vil í upphafi fara nokkrum orðum um tvö atriði sem komu fram í málflutningi fyrr í dag og mér þykir rétt að fram komi í réttu ljósi.

Hæstv. utanrrh. sagði við upphaf umr., að í fyrra hefði nálega orðið samkomulag um 90 þús. tonna afla Norðmanna við Jan Mayen af 600 þús. tonna heildarafla, og gat þess í leiðinni, að þessi 90 þús. tonn svöruðu einmitt til 15% af nefndum 600 þús. tonnum. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. utanrrh., að Norðmenn höfðu samþykkt 90 þús. tonna markið á sig í viðræðunum í fyrra áður en upp úr slitnaði þá og þá af öðrum ástæðum. Hitt er ekki eðlilegt, að tengja þessi 90 þús. tonn við 600 þús. tonna heildarafla, eins og mér fannst hæstv. utanrrh. gera ótvírætt. Það er ekki rétt vegna þess að engar yfirlýsingar voru gefnar af okkar hálfu um að afli yrði í heild einungis

600 þús. tonn. Þvert á móti leituðu fulltrúar Norðmanna þá mjög fast eftir því að fá vitneskju um hve mikinn loðnuafla við Íslendingar mundum taka og þá hvaða heildarafla mundi verða um að ræða. En einmitt um þetta atriði neituðum við staðfastlega að gefa nokkrar yfirlýsingar. Um það sögðumst við fulltrúar Íslands ekki vilja gefa neina yfirlýsingu og engin slík yfirlýsing var gefin. Eru aðrir nm. til vitnis um það.

Í þessu sambandi bentum við á að við mundum meta ástand loðnustofnsins síðar á veiðitímabilinu og taka ákvarðanir samkv. því, sem við og gerðum eins og kunnugt er. Þetta er mikilvægt vegna þess að þegar Norðmenn samþykktu 90 þús. tonna markið á sig var þeim þannig ljóst að það var ekki bundið við 600 þús. tonna heildaraflamagn þótt fiskifræðingar hefðu stungið upp á því.

Ég vil að þetta komi skýrt fram, nefnilega það, að þegar Norðmenn samþykktu 90 þús. tonnin gerðu þeir það án nokkurra yfirlýsinga af okkar hálfu um 600 þús. tonna heildarafla. Þvert á móti var þeim neitað um staðfestingu á þessu og það beinlínis látið koma fram af okkar hálfu, að heildaraflamagn mundum við ákveða sjálfir síðar, eins og við gerðum. Þeim var því ljóst að þessi 90 þús. tonn yrðu engin 15% af heildaraflamagninu. Þess vegna er auðvitað ekki eðlilegt né heldur rétt að nota þennan samanburð núna. Norðmönnum var ljóst þá að þeir mundu ekki ná 15%, og þess vegna eigum við ekki heldur að tala um það núna sem einhvern sannleika eða eitthvað sem megi halda fram.

En í þessu sambandi er rétt að benda á hvað í rauninni fólst í því af okkar hálfu að neita að gefa yfirlýsingu við þessar aðstæður um fyrirhugað heildaraflamagn. Þessi neitun okkar var ekki síst út frá því og á grundvelli þess, að við höfðum sagt og haldið fast á því að Íslendingar ættu einir að ákveða heildaraflamagnið og að þess vegna mundum við ekki gera það mál að neinu samningamáli og ekki ræða það við aðra aðila og þá auðvitað ekki heldur við Norðmenn. Þetta var grundvallarafstaðan sem við tókum, og á þessari grundvallarafstöðu byggðist það að því var þverneitað að gefa neinar yfirlýsingar um hvert heildaraflamagnið mundi verða.

Með því að við héldum á málum með þessum hætti var Norðmönnum beinlínis sýnt fram á að það væri afdráttarlaus stefna okkar Íslendinga að við ákvæðum heildaraflamagnið einir og sjálfir. Og ég vek athygli á því, að einmitt við þessar aðstæður, þegar Norðmönnum var beinlínis sýnt fram á það og haldið var þannig á málum að við einir ákvæðum heildaraflamagnið, samþykktu Norðmenn 90 þús. tonna aflahámarkið á sínar veiðar áður en upp úr slitnaði af öðrum orsökum. Þeir samþykktu því þennan 90 þús. tonna afla sér til handa við þær aðstæður að við einir mundum ákveða okkar afla og þá um leið heildaraflann.

Talað var um það hér fyrr, og hæstv. utanrrh. gerði það, að ekki hefðu komið fram hugmyndir um það í landhelgisnefnd í fyrra að Íslendingar ákvæðu sjálfir heildaraflann. Ég skal að vísu ekki fullyrða nákvæmlega um hvað fram hafi komið í landhelgisnefnd, en ég tel að það sé ljóst af þessari málsmeðferð, að sá grundvallarpunktur hafi verið sérstaklega uppi hafður í samningaviðræðunum við Norðmenn. Ég get reyndar bætt því við, að leynt og ljóst og aftur og aftur hef ég og fleiri talsmenn Íslands beinlínis sagt það við norska embættismenn, við norska stjórnmálamenn, norska blaðamenn og fréttamenn, að það væri grundvallaratriði í sambandi við alla samninga að Íslendingar ákvæðu einir heildarafla loðnu. Ég minnist þess sérstaklega að hafa ítrekað sagt ýmsum norskum aðilum, að ef Íslandar hefðu ekki þetta úrslitaorð um heildaraflann væri að mínum dómi ekki samninga að vænta við Íslendinga. Ég tel að þessu hafi verið haldið jafnafdráttarlaust fram og því, að ekki kæmi til greina nein skerðing á 200 mílna efnahagslögsögu okkar í átt til Jan Mayen.

Í sambandi við það mál, þ. e. 200 mílna mörk okkar efnahagslögsögu í átt til Jan Mayen, vil ég minna á að þeirri stefnu var fast fram fylgt í reynd af fyrrv. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar þegar upp komu vangaveltur um svokallað „grátt svæði" eða umdeilt svæði í þessu samhengi, að þegar í stað var með samþykki allrar ríkisstj. gefin út reglugerðarbreyting af hálfu sjútvrn. sem tók af allan vafa í þessu sambandi og því fylgt eftir með yfirlýsingu um að þar giltu sömu reglur og annars staðar í íslenskri efnahagslögsögu, þ. á m. að því er varðaði landhelgisgæslu.

Ég hef með þessum orðum viljað benda á þessar tvær grundvallarforsendur og um leið að þær hafa verið Norðmönnum ljósar frá því í fyrra, — nefnilega að hugsanlegur grundvöllur samninga væri í fyrsta lagi, að 200 mílna efnahagslögsögu okkar í átt til Jan Mayen yrði á engan hátt breytt, og í öðru lagi, að Íslendingar hefðu úrslitaorð um heildarafla loðnu úr íslenska loðnustofninum — þeim loðnustofni sem heldur sig fyrst og fremst innan íslenskrar efnahagslögsögu. Þessari stefnu hefur verið haldið uppi bæði í málflutningi og í athöfnum allt frá því að þetta mál komst á dagskrá.

Í þeim samningsdrögum, sem hér liggja fyrir, má segja að þessi grundvallaratriði hafi náðst fram þótt nokkur fyrirvari sé hafður á um annað atriði, — nefnilega ákvörðun Íslands um heildaraflamagn, að það sé ekki bindandi ef slík ákvörðun teljist bersýnilega ósanngjörn. Ég tek undir þau sjónarmið, sem hæstv. utanrrh. bar fram í upphafsorðum varðandi það atriði, því slíkt atriði óttast ég ekki. Þetta er auðvitað ánægjulegt, til réttrar áttar og ber að virða réttilega þótt ýmislegt í formi og innihaldi samningsins sé mér ekki með sama hætti að skapi. Ég get t. d. dagt að ég tel að 15% sé of hátt hlutfall og reyndar að það hefði verið á margan hátt æskilegra að semja um tiltekna tonnatölu frekar en hundraðshluta til handa Norðmönnum. Það eru auðvitað líka vonbrigði að ekki skuli hafa náðst fram skýrara ákvæði um flökkustofna, svo sem kolmunna, og að því er síldveiðar varðar. Á sama hátt eru landgrunnsréttindi okkar samkv. þessum drögum takmarkaðari en maður hefði kosið, og það sama má að sjálfsögðu segja um ákvæðin um mengunarvarnir. Engu að síður er kjarni málsins sá, að samningur samkv. fyrirliggjandi drögum er mun betri kostur en enginn samningur.

Það er að vísu svo, að vandséð er hvort þessi samningsdrög eru að ráði betri en það sem kostur var í rauninni á á fyrra ári. Í sambandi við loðnuveiðar virðist svo sem það, sem var innan seilingar í fyrra, verði tæpast talið verra og að sumu leyti betra en það sem þessi samningsdrög gera ráð fyrir. En á hinn bóginn má segja um landgrunnsmálin og mengunarmálin, að þau voru þá ekki komin á blað, voru lítið rædd, en nú hafa náðst inn ákveðin ákvæði um þau efni sem eru nokkurs virði. Þegar litið er til baka sé ég þannig tæpast neinn sérlegan árangur af þeim hvelli sem gerður var út af þessu máli á s. l. ári af hálfu ýmissa aðila, og þá hafa mörg stóru orðin,

sem féllu, orðið til lítils. Og ömurlegt er náttúrlega að hugsa til þess að þá voru jafnvel höfð uppi landráðabrigsl af sumum þm. í garð fyrrv. utanrrh., á sama tíma og það hefur sannast að hann mat allar aðstæður rétt og hélt á málunum af festu, sanngirni og skilningi. Mér sýnist það tæpast neitt stórkostlegt atriði þó að menn hafi getað sett fram ýtrustu kröfur sem hæstv. þáv. utanrrh. var reiðubúinn til að fylgja fram, en gera það að stórmáli á sama tíma og menn lýsa því nú yfir að það verði að hafa það að ekki hafi verið á þær hlustað og að grundvöllur, sem hér liggur fyrir, sé ágætur, — grundvöllur sem er í fullkomnu samræmi við þau sjónarmið sem hæstv. fyrrv. utanrrh. lagði fram og mat stöðuna eftir.

En hvort heldur hvellurinn hefur skilað árangri eða ekki og þrátt fyrir að við getum verið óánægð með ýmislegt í þessum samningsdrögum er augljóst að betra er að gera þennan samning en að láta það ógert. Það hefur nefnilega með þessum samningsdrögum verið gengið til móts við sjónarmið okkar í ýmsum greinum. Við stöndum betur í landgrunnsmálum og mengunarmálum með samninginn en án hans, en höfum jafnframt engum rétti afsalað í þeim efnum, eins og glögglega má sjá af samningsdrögunum. Í þessu sambandi get ég ekki stillt mig um að mótmæla eindregið þeim ummælum, sem hæstv. sjútvrh. viðhafði áðan, að við eigum engan landgrunnsrétt á þessu svæði. Ég fullyrði að hann túlki þar ekki sjónarmið íslensku þjóðarinnar né heldur nokkurs annars stjórnmálaflokks — og ég hélt reyndar ekki einu sinni eigin flokks. Þessum ummælum hans get ég ekki látið ómótmælt.

Í loðnuveiðimálum höfum við tryggt að Norðmenn geti ekki gengið í þennan fiskstofn og eytt honum, og við höfum í reynd fengið viðurkenningu Norðmanna á því að loðnan, sem veiðist hér um slóðir og allt til Jan Mayen, sé íslenskur fiskstofn, — fiskstofn sem Íslendingar eigi að hafa úrslitaorð um hvernig sé nýttur, og reyndar þá um leið að þessi loðnustofn sé ekki eiginlegur flökkustofn. Í þessum samningsákvæðum tel ég að felist viðurkennig norðmanna á því að sá loðnustofn, sem við höfum gert okkur hér svo tíðrætt um, sé ekki eiginlegur flökkustofn, heldur tilheyri fyrst og fremst Íslendingum, sé íslenskur fiskstofn.

Í þessu sambandi get ég reyndar ekki stillt mig um að fara nokkrum orðum um ummæli sem hæstv. sjútvrh. viðhafði í sjónvarpi nýlega, þar sem hann tók svo til orða, að ef loðnan væri íslensk væri síldin væntanlega norsk og kolmunninn breskur. Ég tel að þarna gæti mikils misskilnings. Loðnan er íslenskur stofn og hefur nú verið viðurkennd sem slíkur vegna þess að hún heldur sig nær eingöngu innan íslenskrar efnahagslögsögu þó hún fari stöku sinnum út fyrir á stöku stað. Um síldina gegnir allt öðru máli. Þó hún alist upp í norskum fjörðum er vitað um hana að hún flakkar úr einni efnahagslögsögunni í aðra, eða gerði a. m. k. hér fyrrum, og við væntum þess að hún muni gera það aftur. Hún er þannig sameign a. m. k. tveggja eða þriggja ríkja. Kolmunninn er enn frábrugðinn að því leytinu, að hann fer um efnahagslögsögu margra ríkja og reyndar um svæði þar sem engin efnahagslögsaga er. Um þessa þrjá fiskstofna gildir því sitt hvað. Þeim verður ekki jafnað saman og síst af öllu verður það fullyrt, eins og hæstv. sjútvrh. gaf í skyn og sagði í sjónvarpsviðtalinu, að þeir séu sinn af hverju þjóðerninu. Einn er nefnilega íslenskur. Aðrir hafa þá blandað þjóðerni sinn með hvorum hætti.

Einmitt þetta atriði, að Norðmenn skuli hafa viðurkennt loðnuna í reynd sem íslenskan fiskstofn sem Íslendingar ráði yfir, er auðvitað sérlega mikilvægt sem fordæmi gagnvart öðrum þjóðum og þjóðlöndum þegar fjallað verður um t. d. loðnuveiðarnar við aðrar þjóðir. Þetta fordæmi er okkur mjög mikilvægt í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar, sem boðuð hefur verið við Grænland, og ég minni á að á því svæði eigum við meiri hagsmuna að gæta en á Jan Mayen svæðinu eins og sakir standa. Og ég vil ítreka að nú þegar verði þrýst á um formlegar viðræður við Dani um þessi mál, eins og þingflokkur Alþfl. gerði sérstaka samþykkt um fyrir 10 dögum.

Í heild er ávinningur að gera samning samkv. þessum drögum. Mikilvægustu þættirnir eru þessir að mínum dómi: Í fyrsta lagi viðurkenning á 200 mílna efnahagslögsögu Íslands í átt til Jan Mayen. Í öðru lagi ákvæði um landgrunn og mengun, sem eru ávinningur, en jafnframt er engum rétti fórnað. Í þriðja lagi: Í samningsdrögunum felst í reynd viðurkenning Norðmanna á því að loðnan sem hér um ræðir, sé íslenskur fiskstofn, en ekki sameiginlegur loðnustofn. Þetta skiptir miklu máli í sambandi við samskipti við önnur ríki sem gera tilkall í þennan fiskstofn. Í fjórða lagi: Með samningum samkv. þessum drögum er dregið úr óvissu og komist hjá langvarandi togstreitu sem ekki yrði séð fyrir endann á. Í fimmta lagi: Samningur samkv. þessum drögum er mikilvægur sem fordæmi gagnvart þeim samningum sem fram undan eru við aðrar þjóðir, t. d. um loðnuveiðar og um aðrar fiskveiðar utan efnahagslögsögu okkar, og um veiðar úr öðrum stofnum, sem fara milli efnahagslögsögu okkar og annarra hafsvæða, hvort heldur það er inn í efnahagslögsögu annarra ríkja eða á opnu hafi. Viðurkenning Norðmanna í þessum samningsdrögum á 200 mílum okkar í átt að Jan Mayen getur líka verið gagnleg vegna t. d. yfirlýsingar Dana um útfærslu við Grænland, að ég ekki spyrji að tilburðum þeirra til að viðurkenna ekki grunnlínupunkta okkar, þ. e. Kolbeinsey, og þar með viðurkenna ekki mörk efnahagslögsögu okkar. Þetta atriði, þ. e. viðurkenning á 200 mílum okkar, getur haft þýðingu fyrir okkur í samskiptum okkar við Dani og til að haldi uppi okkar málstað.

Eftir því sem ég veit best erum við í raun og veru með þessum samningsdrögum að veita visst fordæmi um það, hvernig útfærsla getur verið á svonefndum sanngirnissjónarmiðum. Mér er ekki kunnugt um að nokkrir samningar hafi fyrr verið gerðir þar sem þau sjónarmið eru í rauninni lögð til grundvallar að einhverju eða öllu leyti.

Að lokum þetta: Í landhelgisstríðum okkar fyrrum snerist málið um að reka úr túninu án þess að nokkurt annað ríki gæti með nokkru móti haldið því fram að við værum að seilast inn fyrir túngarðinn hjá þeim. Það kom aldrei til álita í þessum tilvikum, þegar við vorum að færa út landhelgina, að útfærsla okkar næði inn í efnahagslögsögu annars ríkis. En nú eru tímarnir nýir að því leytinu, að við erum komin inn í tímabil þar sem við verðum að tryggja rétt okkar og hagsmuni ýmist á opnu hafi eða á svæðum sem aðrar þjóðir telja innan sinnar lögsögu eða gera á annan hátt tilkall.til. Landhelgisstríð okkar voru ströng stríð. Þau unnust með þrautseigju. Nú eru í rauninni fram undan samningastríð sem krefjast ekki síðri þrautseigju. En þau krefjast líka hugkvæmni og árvekni. Ég vona og treysti að við stöndum okkur ekki

síður í slíku samningskarpi en í landhelgisstríðunum forðum. Í þeim efnum er mikið í húfi fyrir okkur og að þessum verkefnum hljótum við að snúa okkur af fullri alvöru.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég þakka samninganefndarmönnum fyrir störf þeirra, embættismönnum og þeim fulltrúum Alþýðusambandsins sem lögðu lóð á vogarskálarnar í sambandi við þessi samningsdrög. Og ég vil láta í ljós þá von, að fyrirliggjandi samkomulag megi reynast okkur til heilla. Hvað sem ágöllum líður eru yfirgnæfandi rök fyrir því að samþykkja fyrirliggjandi drög að samningi.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að lýsa furðu minni á þeim orðum hv. síðasta ræðumanns, að ég hafi lýst því yfir að Ísland ætti engan rétt til landgrunnsins á Jan Mayen svæðinu, og ég bið hann að lesa ræðu mína, meira að segja áður en hún er leiðrétt að nokkru leyti, og sannfærast um að þetta sagði ég ekki. Ég sagði þvert á móti — ég sagði það þrisvar sinnum a. m. k. — að ég styddi ýtrustu kröfur um rétt á Jan Mayen svæðinu. En ég sagði að það yrði að byggjast á sanngirnis- og siðferðisrökum að mínu mati vegna nálægðar Jan Mayen við Ísland, sem væri það land næst Jan Mayen sem byggt er, vegna mikilla hagsmuna okkar í sjávarútvegi, fiskveiðum og vegna þeirrar áhættu sem í því væri fólgin fyrir okkur ef þarna hæfust olíuboranir. Ég lýsti hins vegar vonbrigðum mínum með þá þróun, sem hefur orðið í alþjóðasamningsgerð að þessu leyti, og nefndi 121. gr. hafréttarsáttmálans, sem ég vona að hv. þm. geti tekið undir með mér að hlýtur að valda okkur Íslendingum vonbrigðum, þar sem eyju, jafnvel þó að hún sé óbyggð út af fyrir sig, eru veitt réttindi til fullrar efnahagslögsögu. Ég verð að segja það — og ég sagði — að ég tel erfitt að halda því fram að Jan Mayen sé klettur.

Þetta voru nokkurn veginn mín orð og ég vona að hv. þm. leiðrétti orð sín. Ég skal sjá til þess að hann fái ræðu mína alveg eins og hún var hér flutt. (**Gripið fram í:** Þú talaðir gáleysislega.) Stundum má tala af raunsæi og segja sannleikann. Þetta er sannleikurinn. Mér þætti undarlegt ef hv. þm. er ánægður með 121. gr. hafréttarsáttmálans. Er hann það? Er hann ánægður með 121. gr. hafréttarsáttmálans? (**Gripið fram í:** Aldeilis ekki.) Aldeilis ekki! Það er ég aldeilis ekki heldur. Ég er aldeilis ekki ánægður með 121. gr. hafréttarsáttmálans. Og ég veit að okkar ágætu menn, sem hafa sótt hafréttarráðstefnurnar, hafa beitt sér mjög fyrir því að fá á henni breytingar. Þeir eru aldeilis ekki heldur ánægðir með 121. gr. hafréttarsáttmálans. Ég tel 121. gr. ósanngjarna, m. a. þegar litið er á Jan Mayen. Við skulum viðurkenna það. Það er engin ástæða til að leyna því.

Við getum eflaust deilt um hvort síldin er norskur eða íslenskur stofn. En við höfum fært þau rök fyrir því, að loðnan væri íslenskur stofn, að hún hrygnir við strendur landsins, hún elst upp við strendur landsins. Og við höfum sagt að hún sé íslenskur stofn að þessu leyti þótt hún leiti út fyrir. Hún leitar árlega, árvisst upp með ströndum Grænlands þó hún fari ekki ætíð á Jan Mayen svæðið. Síldin hrygnir við Noregsstrendur, elst þar einnig upp og hefur t. d. ekki leitað út fyrir síðustu árin. Hún leitar út fyrir í ætisleit á ákveðnu tímabili síns æviskeiðs. Ég hugsa því að samlíkingin sé töluvert meiri en hv. síðasti ræðumaður lét í veðri vaka. — Annars er aðalatriðið það með síldina, að þar koma fleiri þjóðir inn í, t. d. Rússar með mjög sterka kröfu. Kom það greinilega fram hjá Norðmönnum að þeir teldu ekki fært að fjalla um síldina nema ræða við Rússa. Þeir telja sig eiga mikla kröfu til síldveiða, og Norðmenn virðast viðurkenna það.

Ég vildi aðeins leiðrétta þessi tvö atriði. Annars verð ég að lýsa ánægju minni með þá viðurkenningu sem kom fram í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar á þessum samningsdrögum og undir þau orð hans tek ég að við stöndum sem best saman um það framhald sem verður og er áreiðanlega erfiðara en þessi áfangi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Hafsbotnsréttindi Íslands og samvinna við Færeyinga, þáltill. (þskj. 434). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann nú á síðkvöldi til að ræða þetta mál mikið. Menn þekkja það.

Þessi till. er í fimm liðum. Í fyrsta lagi að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að fylgja eftir kröfum samkv. ályktun Alþ. frá 22. des. 1978. Í öðru lagi að mótmælt sé öllum tilraunum Breta og Íra til að teygja hafsbotnsréttindi sín til vesturs út fyrir 200 mílur.

Mönnum finnst kannske skrýtið að Írar og Bretar megi ekki fara út fyrir 200 mílur þegar við ætlum okkur það. En það er álit margra jarðfræðinga — kannske flestra — að þarna sé ekki um eðlilega framlengingu að ræða. Eins og áður hefur margsinns komið fram, bæði hér og annars staðar, er hin upphaflega klofnun við myndun Atlantshafsins einmitt á milli Rockall-hásléttunnar og Írlands og Bretlands, en það land, sem nú er sokkið, var áður áfast Grænlandi og er þess vegna miklu frekar jarðfræðilega á okkar svæði en þeirra og þá líka á Færeyjasvæðinu.

Síðan er getið um að lýsa því yfir, að við teljum engin vandkvæði á að leysa mál okkar með samningum við Færeyinga, og er ríkisstj. heimilað að ákveða að setja gerðardóm til að skipta þessu svæði milli Færeyinga og Íslendinga ef Færeyingar vildu það frekar, en reynt verði áður að tala við Íra og Breta og leitast við að ná allsherjarsamkomulagi þessara fjögurra þjóða um málið.

Ég vil geta þess, að á fundum, sem haldnir voru í New York, bæði með breskum samningamönnum og írskum, voru þeir, — eins og við var að búast, ekki reiðubúnir að ræða málið efnislega, en ég hygg að þegar slík samþykkt liggur fyrir frá Alþingi muni komast hreyfing á þetta mál.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 78. fundur.

Föstudaginn 16. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 396, n. 515). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. á tveimur fundum. Á fyrri fundinum komu Jón Ingimarsson formaður stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, og Eyjólfur Jónsson framkvæmdastjóri sjóðsins. Þeir lýstu sig báðir samþykka lagabreytingunni, sem frv. gerir ráð fyrir, og töldu hana ekki valda hækkun iðgjalda til sjóðsins. Ekki þótti þurfa að leita umsagnar verkalýðssamtakanna þar sem lagabreyting þessi er eitt af baráttumálum þeirra í komandi kjarasamningum.

Ágreiningur varð í n. um frv. Nokkrir nm. töldu að miða ætti við eitthvert hámark tekna maka, en töldu ekki eðlilegt að sérhver launþegi ætti rétt til atvinnuleysisbóta án tillits til þeirra. Stangast þar á skoðanir nm. á því, hvort hér sé um að ræða framfærslumál eða tryggingamál, eins og fram kemur í grg. með frv.

Með tilliti til þess, að ekki er gert ráð fyrir í frv. að lagabreytingin taki gildi fyrr en 1. jan. 1981, og jafnframt þess, að mál þetta verður meðal baráttumála verkalýðssamtakanna í komandi kjarasamningum, leggur n. til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Pétur Sigurðsson og Guðmundur G. Þórarinsson, en Sigurlaug Bjarnadóttir sat fundinn fyrir Matthías Bjarnason.

ATKVGR.

Till. á þskj. 515 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 146, n. 520). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, sem fjallar um fæðingarorlof, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa nál. það sem fram kemur á þskj. 520:

„Frv. um breyt. á lögum um almannatryggingar, sem fjallar um fæðingarorlof, kom til n. 28. mars og var þá þegar sent til umsagnar eftirtalinna aðila: ASÍ, BSRB, Tryggingastofnunar ríkisins, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. En frá Jafnréttisráði og Kvenréttindafélagi Íslands höfðu þá borist umsagnir.

Mjög margar aths. hafa komið fram við frv. og tillögur um breytingar.

Sú veigamesta er mikil gagnrýni á greiðslutilhögun, sem nokkrir umsagnaraðila telja að muni skerða atvinnumöguleika foreldra, ef framkvæmd verður á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem verulegur hluti greiðslna í fæðingarorlofi er greiddur af atvinnurekendum samkv. frv.

ASÍ hefur sett fram mjög umfangsmiklar brtt., sem byggjast á því að foreldri skuli eftir 10 mánuði í starfi halda fullum launum í fæðingarorlofi og skuli þau reiknuð út frá meðaltalstekjum síðustu sex mánaða að teknu tilliti til kaupbreytinga á tímabilinu. Auk þess sem Tryggingastofnuninni ber samkv. tillögum ASÍ að endurgreiða þennan launakostnað, þá endurgreiði hún atvinnurekendum 6% lífeyrissjóðsiðgjalda og 8⅓% af beinum launakostnaði vegna orlofs.

Erfitt er að sjá, hvað útgjöld lífeyristrygginga mundu aukast mikið ef farið yrði að tillögum ASÍ, þar sem ekki er um staðlaðar greiðslur að ræða, heldur fæðingarorlof látið ráðast af meðaltalstekjum síðustu sex mánuði hjá hverjum bótaþega. Ljóst er einnig, að ef farið yrði inn á þessa braut mundi það kalla á verulega aukningu starfsfólks hjá Tryggingastofnunni, en sá kostnaðarþáttur liggur ekki heldur fyrir enn.

Í tillögum ASÍ koma ekki fram neinar tillögur um kostnaðarskiptingu að öðru leyti en því er að framan greinir, en útgjöld lífeyristrygginganna eru nú fjármögnuð á þann hátt, að ríkissjóður greiðir 86% og atvinnurekendur 14%. — Nefndin hefur ekki fengið neinar tillögur um kostnaðarskiptingu frá ríkisstj. í því efni, ef fallist yrði á tillögur ASÍ, og því er óljóst hve stóran hluta þessara greiðslna er ætlað að Tryggingastofnunin greiði. Einnig hefur n. borist ósk félmrh. um að n. haldi að sér höndum meðan verið sé að kanna útreikninga og ræða þessi mál við aðila vinnumarkaðarins.

N. telur að margar skynsamlegar ábendingar, sem horfi til bóta, hafi komið fram hjá umsagnaraðilum og gagnrýnin á greiðslutilhögun hafi við viss rök að styðjast. N. telur þó varhugavert að fara inn á þá braut, að greiðslur í fæðingarorlofi verði að verulegum hluta greiddar af Tryggingastofnun og framkvæmdin hvíli að mestu eða öllu leyti á henni, án þess að sett verði ákveðið hámark eða að einhverju leyti staðlaðar greiðslur í fæðingarorlofi.

Benda má einnig á, að í tillögum ASÍ hefur komið fram sú ósk, að inn í frv. um fæðingarorlof verði tekið leyfi foreldra frá störfum í allt að 15 daga vegna veikinda barna yngri en 10 ára og annarra þeirra tilvika sem fram koma í umsögn ASÍ.

Í ljósi alls þessa og einkum að útreikningar um kostnað vegna tillagna ASÍ liggja ekki fyrir — og kostnaðarskipting vegna fæðingarorlofs er ekki ráðin, auk þess sem nauðsyn ber til að kanna ítarlega framkvæmdahlið tillagnanna sem að Tryggingastofnun ríkisins snýr, þá telur n., með tilliti til þess, hve stuttur tími sé til þingslita, að rétt sé að endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga, sem samdi frv., verði fengið málið aftur og henni falið að samræma þær tillögur og umsagnir sem fram hafa komið í þessu máli.

Leggur n. áherslu á, að endurskoðunarnefndinni verði falið að hraða afgreiðslu þessa máls eins og kostur er og fullt samráð verði haft við aðila vinnumarkaðarins um lausn málsins, — einnig að lögin taki gildi eigi síðar en 1. jan. 1981, eins og ráðgert er í frv.

Í trausti þessa leggur n. til að málinu verði vísað til ríkisstj."

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta nál., nema tilefni gefist til, og tel að nál. skýri vel afstöðu hv. heilbr.- og trn. til þessa máls.

ATKVGR.

Till. á þskj. 520 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 23 shlj. atkv.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 482). — 1. umr.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni á þskj. 524, en brtt. þessi er við frv. til l. um breyt. á lögum um aðstoð við þroskahefta, 194. mál þingsins.

Sú lagabreyting, sem að er stefnt með frv. á þskj. 482, get ég fallist á að eigi rétt á sér vegna þess að annars stæðu sjálfseignarstofnanir og vistheimili þroskaheftra uppi þetta árið án nokkurs fjármagns. En hvers vegna standa þessi heimili uppi án fjármagns nema til komi þessi lagabreyting? Það er vegna þess að við afgreiðslu fjárlaga stóðu stjórnarsinnar að því að fella niður Styrktarsjóð vangefinna, sem veitt hefur fé til þessara heimila, en brtt., sem ég, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og Karvel Pálmason fluttum í þá veru að þessir sjóðir fengju áfram fjármagn á fjárlögum, var felld af ríkisstj. og stjórnarsinnum við afgreiðslu fjárlaga. Nú kemur fram frv. sem bætir verkefnum Styrktarsjóðs vangefinna á Framkvæmdasjóð öryrkja án þess að gert sé ráð fyrir auknu fjármagni til sjóðsins til þess að hann geti staðið undir auknum verkefnum. Þessu mótmæli ég harðlega og því er fram komin þessi brtt. til að tryggja að á næsta ári renni örugglega viðbótarfjármagn til sjóðsins. Að öðrum kosti er borin von að hann geti bætt á sig þessum verkefnum, miðað við það fjármagn sem honum er nú ætlað.

Brtt. á þskj. 524 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

Við a-lið 25. gr. laganna bætist:

Til viðbótar framlagi samkv. 1. málslið skal ríkissjóður leggja sjóðnum til a. m. k. 225 millj. kr., í fyrsta sinn á árinu 1981. Skal sú fjárhæð hækka í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar miðað við árið 1980 að grunni."

Fyrir þessari brtt. er mælt nú til þess að félmn. gefist tækifæri til að skoða brtt. samhliða frv.

Ég rökstuddi ítarlega við fjárlagaafgreiðslu þá nauðsyn sem á því er að Styrktarsjóður vangefinna starfi áfram eða Framkvæmdasjóðurinn fái aukið fjármagn ef hann á að yfirtaka verkefni Styrktarsjóðsins og tel ég því ekki þurfa að endurtaka það nú. Talað er um í grg. að þau verkefni, sem Styrktarsjóður hafði, séu meðal forgangsverkefna sem veita þarf fjármagn til. Í þessu sambandi vil ég benda á að nú þegar hafa borist beiðnir um úthlutun úr Framkvæmdasjóði að upphæð 2.3 milljarðar, en sjóðurinn hefur úr að spila 1060 millj. Allt eru þetta forgangsverkefni vegna þess hve lengi málefni vangefinna hafa verið í fjársvelti. Auk þessa hefur Framkvæmdasjóður öryrkja verið skertur um tæpar 400 millj. frá því Alþ. samþykkti lög um hann s. l. vor og sú tilhneiging ansi ofarlega í hugum fjárveitingavaldsins og fjárlaga- og hagsýslustofnunar að ýta öllum verkefnum, sem að öryrkjum og þroskaheftum snúa, yfir á sjóðinn á sama tíma og fjármagn hans er skert.

Ég skora á hv. þm. að fylgja þessari brtt., sem tryggir að Framkvæmdasjóður öryrkja geti staðið undir þeim verkefnum sem honum eru ætluð með því frv. á þskj. 482 sem hér er til umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 321, n. 513). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65 frá 1974, en frv. þetta gerir ráð fyrir að hækka sektarrammann í 5. gr. laganna úr 1 millj. kr. í 6 millj. kr. til samræmis við verðlagsbreytingar í landinu frá því að lögin voru sett. N. er sammála um að mæla með því að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 60. fundur.

Laugardaginn 17. maí, kl. 2 miðdegis.

Skýrsla um utanríkismál, þskj. 366.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það hefur verið venja undanfarinn áratug, að utanrrh. legði fyrir Alþingi almenna skýrslu um utanríkismál. Ég hef talið rétt að fylgja í þessu fordæmi fyrirrennara minna, þótt ég hafi aðeins setið í embætti utanrrh. frá því í febr. s. l.

Skýrslan til Alþingis er að venju í tvennu lagi. Annars vegar er heildarskýrsla, sem er á þskj. 366, og hins vegar sérstök skýrsla um 34. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og þáttöku Íslands í starfsemi samtakanna á liðnu ári. Ég mun ekki eyða dýrmætum tíma þingsins á síðustu dögum þess fyrir sumarleyfi til að lesa upp þessa skýrslu, heldur geta um nokkur höfuðatriði hennar og víkja jafnframt að þróun einstakra mála frá því skýrslan var samin. Vil ég þá strax taka fram að ég mun ekki koma inn á Jan Mayen málið hér, þar sem þingið hefur þegar fjallað sérstaklega um það á öðrum fundi.

Undanfarinn áratugur einkenndist mjög af bættum samskiptum milli austurs og vesturs og slökun á þeirri spennu sem ríkt hafði milli risaveldanna allt frá því skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Mátti m. a. þakka það fjórveldasamkomulaginu um Berlín og „ostpolitik" vestur-þýsku stjórnvaldanna. Þessi bætta sambúð endurspeglaðist síðan í ráðstefnunni um öryggi og samstarf í Evrópu og lokaákvörðun þeirrar ráðstefnu sem leiðtogar ríkja Evrópu og Norður-Ameríku undirrituðu í Helsinki fyrir fimm árum. Þótt hægt hafi gengið að byggja brýr skilnings og samvinnu milli ólíkra þjóðskipulaga og milli þeirra einstaklinga sem þessi ríki byggja má segja að nokkuð hafi miðað áleiðis á flestum sviðum fram undir lok síðasta árs.

Eins og rakið er í skýrslunni má væntanlega segja að ýmsar ástæður hafi legið til þess, að sambúð austurs og vesturs fór kólnandi þegar á leið árið 1979. Atburðirnir í Afganistan eru á hinn bóginn tvímælalaust meginorsök

þeirrar spennu sem nú ríkir í heimsmálunum. Áhrifa þeirra gætir langt út fyrir hin hefðbundnu samskipti austurs og vesturs, eins og m. a. má sjá af samþykktum á hinu sérstaka Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í janúar. Áskorun Allsherjarþingsins um heimköllun erlendra herja frá Afganistan hefur því miður engan árangur borið til þessa. Þvert á móti benda fregnir til þess, að sovésku herliði þar hafi verið fjölgað upp í allt að 120 þús. manns og íbúum landsins sé sýnd aukin harka. Er eitt sorglegasta dæmið, sem heyrst hefur, að ungar skólastúlkur hafi verið skotnar niður fyrir það eitt að láta í ljós andúð sína á hernámi landsins. Meðan þetta ástand varir sýnast því miður litlar líkur til þess að sambúð austurs og vesturs fari batnandi á ný. Samt sem áður má ekki gefast upp í því efni og verður að vinna að því og vona að takist fyrr eða síðar að finna lausn á þessum málum með samningum. Það verður að halda áfram viðleitni til að bæta sambúð austurs og vesturs.

Ísland hlýtur að veita slökunarstefnunni þann stuðning sem það má. Það hlýtur að vinna að undirbúningi og taka þátt í hinni svokölluðu Madrid-ráðstefnu sem ráðgert er að komi saman í nóvember n. k.

Í kaflanum um þróun alþjóðamála er einnig fjallað um gíslatökuna í Teheran. Eftir fregnum frá Íran að dæma mun ætlunin að ríkisstjórn sú, sem skipuð verður í vikunni, fjalli um mál gíslanna, og verður að vona í lengstu lög að hún taki þá ákvörðun að leysa gíslana úr haldi svo bundin verði endir á það stórhættulega ástand sem þarna hefur skapast. En um það þarf ekki að fjölyrða, hver hætta er samfara því ástandi, sem þarna hefur skapast, og hver ógn öryggi sendiráða stendur af þvílíkum atburðum og hvernig slíkir atburðir hljóta að kippa stoðum undan öryggi sendiráða og þar með undan diplómatískum samskiptum á milli ríkja.

Í þessari skýrslu hef ég tekið til sérstakrar meðferðar þann málaflokk sem lýtur að samskiptum ríkra þjóða og snauðra, þróaðra og vanþróaðra. Veruleg hreyfing hefur verið á þessum málum á undanförnum árum og má telja tvímælalaust að öll þróun þessara mála muni hafa víðtæk áhrif á heimsbyggðina, þótt hægt virðist miða á flestum sviðum. Við Íslendingar verðum að fylgjast sem best með og leggja okkar litla lóð á vogarskálina til að tryggja öllum þjóðum heims sanngjarnan hlut í gæðum jarðar og vinna þannig bug á fylgifiskum fátæktarinnar: hungri, sjúkdómum og þjáningum.

Í IV. kafla skýrslunnar er fjallað um Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands. Í ljósi þess ástands, sem nú hefur skapast í heiminum, hef ég talið rétt að undirstrika mikilvægi sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsríkjanna og jafnframt það veigamikla hlutverk bandalagsins að stuðla að samningagerð um afvopnunarmál Evrópu.

Í V. kafla skýrslunnar er stuttlega fjallað um Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og önnur hafréttarmálefni. Nokkur bjartsýni ríkir nú um að ljúka megi gerð hafréttarsáttmála á næsta ári og er þar vitaskuld um að ræða mjög stórt skref á sviði þjóðaréttar.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns ætla ég ekki að fjalla hér um samkomulagið við Norðmenn um Jan Mayen eða Jan Mayen svæðið. Hins vegar vil ég minna á að efnahagslögsagan norðan 67. breiddarbaugs við Austur-Grænland verður færð út um næstu mánaðamót. Við eigum mikilla hagsmuna að gæta á þessum slóðum og því ríður á miklu að vel verði á málum haldið. Þegar hafa farið fram óformlegar viðræður við Dani til að fá fram sjónarmið þeirra og greina þeim frá hagsmunum okkar. En nú hefur verið ákveðið að teknar verði upp formlegar viðræður við Dani og hefur viðræðunefnd af okkar hálfu verið skipuð og hefur verið gefin út um það fréttatilkynning. Ég endurtek ekki það sem þar var sagt, en fundur með Dönum er ákveðinn á fimmtudag í næstu viku. Verður það að sjálfsögðu fyrsti fundur, því að allt eins má gera ráð fyrir að þetta verði langar viðræður og e. t. v. erfiðar á ýmsa lund og verður að ætla að framhaldsviðræður hljóti að fara fram við Efnahagsbandalagið.

Næstu kaflar skýrslu minnar fjalla um flugmál, þróunaraðstoð og utanríkisviðskipti. Þar hefur lítið nýtt gerst frá því að skýrslan var samin og mun ég því ekki fjölyrða um þá kafla.

Í lok skýrslunnar er fjallað um utanríkisþjónustuna almennt, verksvið og starfsemi sendiráða okkar og staðsetningu þeirra. Þar er aðeins stiklað á stóru, enda yrði nákvæm grg. um störf hvers sendiráðs of langt mál í skýrslu sem þessa. Miðað við þann þrönga stakk, sem íslenskri utanríkisþjónustu er skorinn vegna fámennis þjóðarinnar, tel ég að síst sé of sterkt til orða tekið þar sem ég í niðurlagi skýrslu minnar bendi á að þegar litið sé yfir farinn veg á 40 ára afmæli íslenskrar utanríkisþjónustu hljóti það að vera sanngjarnra manna dómur að vel megi við una.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. utanrrh. skýrslu hans um utanríkismál, sem hann nú hefur gert grein fyrir. Ég fagna því raunsæja mati á þróun heimsmálanna sem fram kemur í skýrslu ráðh. Þar er réttilega lögð höfuðáhersla á nauðsyn samstöðu Atlantshafsbandalagsríkjanna og mikilvægi Íslands í þeirri mynd. Ég hlýt sérstaklega að ítreka og undirstrika þau orð í skýrslu hæstv. utanrrh., sem fram koma á bls. 13 í IV. kafla undir yfirskriftinni: Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Atlantshafsbandalagið eru samtök þjóða með svipaða menningu og lífsskoðanir. Þær hafa komið sér upp varnarkerfi til að tryggja sig fyrir utanaðkomandi árás og í því skyni leggja þær allar eitthvað af mörkum. Framlag okkar Íslendinga hefur aðallega verið og er aðstaðan á Keflavíkurflugvelli. Óslitin varnarkeðja var öruggasta leiðin til að tryggja að aldrei þurfi að grípa til vopna. Ef við Íslendingar skerumst úr leik höfum við veikt þessa keðju og þar með dregið úr öryggi allra þeirra þjóða, sem setja traust sitt á bandalagið, einnig okkar sjálfra."

Og enn fremur segir:

„Hlutverk þess varnarbandalags, sem við erum aðilar að, og þess hlekks, sem við erum í keðjunni, er að sjá til þess með traustum vörnum að ekki komi til styrjaldar, og jafnframt er það hlutverk þessa bandalags og hlutverk, sem ég legg mikla áherslu á, að vinna að afvopnun, sem framkvæma verður stig af stigi með vönduðum samningum og raunhæfu eftirliti, sem tryggi heiðarlega og undanbragðalausa framkvæmd slíkra samninga. Undir árangri í þessum málum er það komið, hversu fljótt aðstæður í heiminum verða þannig, að unnt reynist að láta varnarliðið fara frá Íslandi."

Ég hef greint sérstaklega frá þessum tilvitnuðu köflum í skýrslu utanrrh. vegna þess að ég tel að þeir gefi ljósan vitnisburð um þá samstöðu sem ríkir með yfirgnæfandi meiri hl. þings og yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar í

varnar- og öryggismálum. Að vísu hefur það komið fram, bæði af hálfu hæstv. utanrrh. og af hálfu formælenda Alþb., að þessi skýrsla um utanríkismál og þær skoðanir, sem í henni felast, sé skýrsla utanrrh. persónulega, að vísu í embættisnafni, og greini ekki frá stefnu allra stjórnarflokkanna. Þetta er dæmi um hve ósamstæð ríkisstj. er, þetta er dæmi um hve óstarfhæf núv. ríkisstj. er, því að hún getur ekki sameinast í jafnmikilvægum málaflokki og meðferð og stefnumótun í utanríkismálum, öryggis- og varnarmálum landsins, í sjálfstæðismálum Íslands.

Það verður þó að segjast, að Alþb. hefur ákveðið með setu sinni í ríkisstj. að halda ekki fram stefnu sinni í utanríkismálum, öryggis- og varnarmálum landsins. Þótt Alþb. sé endrum og sinnum að hafa á orði að það sé andstæðingur varnarsamningsins við Bandaríkin og andstæðingur þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu er því það þó ekki í bili meira hjartans mál en svo, að það vill heldur verma ráðherrastólana en að fylgja eftir þessari sannfæringu sinni.

Það verður og að hafa sérstaklega orð á því í þessu sambandi að það er fagnaðarefni hve hæstv. utanrrh. tekur af skarið í þessum málum, þegar stefnuleysi og reikul stefnumótun framsóknarmanna í utanríkis- og varnarmálum er höfð í huga. Eins og kunnugt er hafa framsóknarmenn oft og tíðum ekki vitað í hvorn fótinn þeir ættu að stíga þegar um stefnumótun í utanríkismálum hefur verið að ræða. Þeir hafa stundum talað um að það væri nauðsynlegt að flytja varnarliðið af landi brott í áföngum, en nú tekur hæstv. utanrrh. af skarið og segir að varnarliðið fari ekki af landi brott fyrr en sá árangur hafi náðst í afvopnunarmálum að óhætt sé að láta varnarliðið fara af landi brott. Ég er hæstv. utanrrh. alveg sammála að þessu leyti og fagna yfirlýsingu hans, sem ég skoða sem yfirlýsingu Framsfl. og staðfestingu á því, að Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. eru sammála og einhuga um þá stefnu sem nú er ráðandi í öryggis- og varnarmálum landsins, þ. e. að efla og styrkja þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og framkvæma varnarsamninginn við Bandaríkin í samræmi við öryggishagsmuni landsins meðan svo stendur á í utanríkismálum sem nú er.

Það verður ekki litið fram hjá því að Ísland tengist inn í þróun alþjóðamála með margvíslegum hætti, en nefna má sérstaklega þrjú höfuðatriði:

Í fyrsta lagi eru það varnir Atlantshafssvæðisins, sem eru auðvitað lykillinn að vörnum og öryggi Íslands. Til þess að varnir Atlantshafssvæðisins séu traustar er nauðsynlegt að halda uppi eftirliti með umferð í lofti og á legi og til þess er enginn staður ákjósanlegri en Ísland. Þessi starfsemi er einnig nauðsynleg vegna hagsmuna Íslands sjálfs. Það er skylda landsins sem sjálfstæðs ríkis að vita hverjir fara um næsta nágrenni þess og hvað er að gerast í næsta nágrenni þess og hafa nokkuð tök á því að stemma stigu við þróun mála sem gætu skert yfirráðarétt þjóðarinnar á landi sínu. Komi til átaka er alveg ljóst að aðstaða á Íslandi skiptir sköpum fyrir þann sem vill ráða yfir Atlantshafi, og það munu auðvitað stríðsaðilar vilja gera ef svo hörmulega tækist til að til styrjaldar drægi.

Annar þátturinn, sem ég vildi nefna í sambandi við öryggismál Íslands, er hið norræna jafnvægi, sem byggist á þeirri stefnu sem Norðurlöndin hafa mótað hvert um sig og myndar í raun eina heild sem skapað hefur stöðugleika í þessum heimshluta. Það er að vísu svo, sem öllum er kunnugt, að Norðurlöndin hafa með mismunandi hætti séð sér farborða í öryggis- og utanríkismálum. Skapast sá mismunur ekki síst af mismunandi landfræðilegri stöðu hvers Norðurlandanna fyrir sig.

Ég skal ekki rekja með hvaða hætti hvert Norðurlandanna hefur talið sér best borgið að tryggja öryggi sitt. Það er okkur öllum kunnugt, en ég vil fullyrða að verði breyting á öryggis- og utanríkisstefnu Íslands yrði það til þess að veikja öryggi annarra Norðurlanda. Það yrði ekki eingöngu til þess fallið að veikja öryggi Íslands, sem við hugsum auðvitað fyrst og fremst um eins og skylda okkar bíður, heldur mundi breyting á stefnu okkar í öryggis- og varnarmálum verða til þess að veikja öryggi annarra Norðurlandaþjóða, hvort heldur það eru Finnar, Svíar, Norðmenn, Danir, Færeyingar eða Grænlendingar.

Þriðji þátturinn sem ég vildi nefna er, að hvort sem okkur líkar betur eða verr eru samskipti stórveldanna í austri og vestri með þeim hætti að það er eins og í raun sé ógnarjafnvægið eins og á stendur trygging, og að vissu leyti veik trygging, fyrir því að ekki dragi til átaka. Í þeim efnum skiptir Ísland höfuðmáli sökum legu sinnar á því hafsvæði sem hefur mikið hernaðarlegt gildi.

Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að við Íslendingar eigum að leggja lóð okkar á þá vogarskál að unnt sé að endurvekja slökunarstefnuna svo að friðvænlegra megi verða í heiminum. Það voru miklar vonir bundnar við Helsinki-sáttmálann. Því miður hafa þær vonir ekki ræst. Við þær háleitu yfirlýsingar, sem ríkin undirrituðu þá, hefur ekki verið staðið. Mætti því miður nefna mörg dæmi þess, hvernig Sovétríkin hafa svikið þau fyrirheit og þær skuldbindingar sem þau undirgengust ásamt öðrum ríkjum með þeim sáttmála, en ég læt hér og nú nægja að nefna innrásina í Afganistan sem hefur einkum og sér í lagi breytt heimsmyndinni í snöggri svipan meira en flestir aðrir nýlegir atburðir. Af öllum þessum ástæðum er ljóst að það er skylda okkar að treysta þá stefnu í öryggis- og varnarmálum sem við Íslendingar höfum fylgt nú um áratugaskeið eða allt frá því að við gerðumst stofnaðilar að Atlantshafsbandalaginu.

Það hefur borið á því núna undanfarið, og ekki síst í sambandi við að 30 ár eru liðin frá því að Bretar settu her á land hér á Íslandi í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar, að svokallaðir herstöðvaandstæðingar hafa með fundahöldum og ræðuhöldum gefið í skyn að hér á Íslandi væru geymd kjarnorkuvopn, og Alþb. hefur gert þá herferð að hluta til að sinni og með þeim hætti gert tilraun til að fá syndaaflausn fyrir aðgerðaleysi í framkvæmd þeirrar utanríkisstefnu sem það þykist hafa. Ég vil í þessu *sambandi ítreka og leggja áherslu á að það liggur fyrir að* fullt samkomulag er milli Íslands og Bandaríkjanna og áskilnaður af hendi íslenskra stjórnvalda að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn. Það er engin ástæða til að draga í efa að það samkomulag eða skilyrði af Íslands hálfu sé haldið.

Í ræðu, sem Kosygin flutti þegar ég sem forsrh. var í heimsókn í Sovétríkjunum 1977, lét hann þess sérstaklega getið, að það væri til fyrirmyndar í utanríkisstefnu *Íslands að hér væru ekki geymd kjarnorkuvopn.* (**StJ:** Og ræðumaður trúði honum.) Ég ætlast til að Stefán Jónsson trúi honum, af því að hann hefur gjarnan haft Kosygin að átrúnaðargoði. Ég vitna einkum í Kosygin til að leiða hv. þm. Stefáni Jónssyni fyrir sjónir að það sé ástæðulaust að halda að skilyrði Íslendinga að þessu leyti sé ekki haldið. (Gripið fram í.) Og ég hugsa að Kosygin hafi allgóðar

upplýsingar um viðbúnað hér á landi. En ef Stefán Jónsson gæti upplýst mig um hvernig fréttaleið Kosygins er held ég að það væri mjög fróðlegt. (**StJ:** Ég skal upplýsa það á eftir.) Ég vil líka vitna í annan merkan stjórnmálamann, sem nýverið lýsti því yfir á þingi Norðurlandaráðs að á Norðurlöndum væru engin kjarnorkuvopn, en það var Olof Palme.

Það er furðulegt að herstöðvaandstæðingar hafi áhuga á því að gera því skóna að vekja upp grunsemdir um að hér skuli geymd kjarnorkuvopn, um leið og þeir segja að það sé til þess fallið að Ísland yrði fyrir árás ef styrjöld brytist út. Það eru ekki skemmtileg vinnubrögð, síður en svo. Með slíkum áróðri eru þeir einmitt að skapa þá hættu sem þeir sjálfir segja sér ljósa. Þótt fram hafi komið í tímaritum erlendis, að hér séu flugvélar sem geti flutt kjarnorkuvopn, er það allt annað en að hér séu geymd kjarnorkuvopn. Og það er ekki vænlegt í umræðum um öryggis- og varnarmál að byggja þær á slíkum hugarburði sem hugleiðingar manna eða getsakir um kjarnorkuvopn á Íslandi eru.

Því miður hafa síðustu atburðir orðið til þess að menn leiða nú getum að því og líkja þróuninni við upphaf fyrri heimsstyrjaldarinnar 1914, þegar menn leiddust stig af stigi til átaka sem enginn vildi í raun. Hættan er vissulega fyrir hendi og okkur ber skylda til, þótt smáþjóð séum, að leggja allt af mörkum til að koma í veg fyrir að til átaka komi. Og þá hljótum við að læra af reynslunni, þróuninni sem leiddi til þess að seinni heimsstyrjöldin braust út 1939, en sennilega hefði verið hægt að koma í veg fyrir þá heimsstyrjöld hefðu lýðræðisríkin verið á verði og haft viðbúnað, því miður nauðsynlegan vígbúnað til að sýna árásar- og einræðisríkjum að það þýddi ekki að efna til heimsátaka til að ná fram áformum sínum.

Ég skal ekki, herra forseti, ræða Jan Mayen málið, við ræddum það í gær. Utanrmn. hefur fjallað um það á fundi sínum í morgun og mun væntanlega skila áliti strax eftir helgi. Seinni hluti umr. um þáltill. um samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnsréttindi og fiskveiðiréttindi fer þá og fram.

En ég vil leyfa mér að drepa á einn þátt í skýrslu um utanríkismál og það eru utanríkisviðskiptin og þá einkum olíuviðskiptin. Ég rifja það upp, að í febrúarmánuði 1979 beindi ég þeirri áskorun til háv. hæstv. viðskrh. og hæstv. ríkisstj. að taka olíuviðskiptin til gagngerðrar endurskoðunar, ekki síst með það fyrir augum að ná hagkvæmari olíuinnkaupum þannig að þau væru ekki bundin við markaðsverð eins og það væri skráð hverju sinni á Rotterdammarkaði. Þrátt fyrir góðar undirtektir í byrjun höfðust háv. hæstv. viðskrh. og hæstv. ríkisstj. lítið að í þeim efnum. Ég skrifaði því fyrir hönd Sjálfstfl. ríkisstj. bréf í júnímánuði á s. l. ári og gerði það að tillögu minni að skipuð yrði olíuviðskiptanefnd, sem skipuð væri fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna, er leitaðist við að ná betri samningum um olíuinnkaup en verið hafði í gildi þá um nokkurt skeið. Hæstv. háv. ríkisstj. tók þessari málaleitun okkar sjálfstæðismanna mjög vel og skipaði þessa olíuviðskiptanefnd. Og hún hefur síðan starfað með töluverðum árangri. Minni ég á að nýverið hefur verið gengið frá samningum við Breta um kaup á gasolíu er mun nema tæpum helmingi af ársþörf okkar fyrir gasolíu og er það út af fyrir sig vel. En ég tel að áfram þurfi að halda til að tryggja viðskiptasambönd okkar og sem hagkvæmust olíuinnkaup og dreifa þeim einnig til fleiri landa, þannig að við eigum í fleiri hús að venda hvað olíuinnkaup snertir.

Ég vil gjarnan beina þeirri fsp. til hæstv. utanrrh. eða hæstv. viðskrh., hvaða fyrirætlanir séu uppi um áframhaldandi starf olíuviðskiptanefndar og hvaða útlit sé fyrir möguleikum okkar á t. d. olíuinnkaupum í Noregi og Saudi-Arabíu. Í blöðum hefur komið fram, að það væri nauðsynleg forsenda fyrir olíuviðskiptum við Saudi-Arabíu að koma á stjórnmálasambandi við það land. Ég fæ reyndar ekki skilið að það sé nauðsynleg forsenda fyrir viðskiptum að stjórnmálasambandi sé komið á, en tel hins vegar heldur ekkert í vegi fyrir því að leitast við að koma slíku stjórnmálasambandi á ef það skyldi verða til að bæta möguleikann á því að hefja olíuviðskipti við Saudi-Arabíu. Mér hefur skilist, og hæstv. utanrrh. leiðréttir mig, ef það er ekki rétt, að þegar hafi verið gerðar ráðstafanir að þessu leyti. — Ég vil leggja áherslu á að olíuviðskiptanefndin haldi áfram störfum sínum, sem hingað til hafa gefið svo góða raun sem reynslan sýnir.

Ég skal svo stytta mál mitt. En raunar, áður en ég vík frá olíuviðskiptum, þykir mér rétt að spyrja frekar um það sem segir á bls. 20 í skýrslu um utanríkismál, sem er, með leyfi hæstv. forseta, svo hljóðandi:

„Snemma á árinu 1980 var skipuð nefnd á vegum viðskrn. til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar, sem er sjálfstæð stofnun innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar, og var efnt til könnunarviðræðna við forráðamenn stofnunarinnar í París í febrúarlok. Unnið er að skýrslugerð í málinu."

Fyrirspurn mín er varðandi það, hver stefna ríkisstj. sé um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni og hvenær vænta megi ákvörðunar í þeim efnum.

Herra forseti. Ég vil svo taka undir lokaorð í skýrslu um utanríkismál, þar sem það er sagt vera sanngjarnra manna dómur að vel megi við una árangur af starfi íslenskrar utanríkisþjónustu um 40 ára skeið. Ég tel að starfsmenn utanríkisþjónustunnar hafi um 40 ára skeið verið landi okkar bæði til gagns og sóma.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég tek undir þakkir til hæstv. utanrrh. fyrir þá ítarlegu skýrslu sem hann hefur lagt fyrir Alþingi, þrátt fyrir skamman aðdraganda er hann gat að henni haft vegna þess hve stutt er síðan hann tók við embætti. Ég tel það vel farið að halda þeirri hefð, sem skapaðist fyrir einum til tveimur áratugum, að flytja slíkar skýrslur. En ég tel að hlutur Alþingis hafi hingað til — ég skal ekki segja hvað nú verður — setið eftir að því leyti, að umr. um þessar skýrslur hafa orðið miklu minni en tíðkast í nálægum löndum, sem við berum okkur oft saman við.

Hvað efni þessarar skýrslu snertir er ég í stórum dráttum sammála hæstv. utanrrh., en verð þó að gera undantekningu á sjálfum inngangi skýrslunnar. Þar gerir hæstv. ráðh. þá skyldu sína að tíunda hver hin formlega stefna ríkisstj. í utanríkismálum sé. Verð ég að segja að þótt ekki sé yfirlýsingin löng er hún sú furðulegasta af öllum slíkum yfirlýsingum um stefnu í utanríkismálum sem íslenskar ríkisstj. hafa haft, og er þá langt til jafnað. Það vekur undrun manna að í fyrsta skipti í 30 ár skuli ekki vera minnst á öryggis- og varnarmál. Það vekur undrun manna að flokkum stjórnarinnar er öllum veitt neitunarvald um eina tiltekna byggingu og sitthvað fleira. Svo kemur atriði, sem er afbragðsgott mál, en á

e. t. v. ekki heima í kafla um utanríkismál, að gera skuli átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Ekki þarf að lesa lengra en í næstu línu á eftir þessari yfirlýsingu til að finna annan tón. Þar tekur hæstv. ráðh. einn til máls, af því að þetta er hans skýrsla, en ekki ríkisstjórnarinnar, og hann lætur sig hafa það, hversu svo sem stefnuyfirlýsingin er, að segja, með leyfi hæstv. forseta: „Í þessum ákvæðum felast engin meiri háttar nýmæli og verður því fylgt í meginatriðum sömu utanríkisstefnu og farið hefur verið eftir á undanförnum árum."

Það er mikil bót að þessum tveimur línum sem hæstv. ráðh. setur strax á eftir stefnuyfirlýsingunni. Var raunar gott til þess að vita að svo reyndur og traustur maður skyldi fá þessa furðulegu yfirlýsingu til framkvæmda og að hann skuli gera það svo afdráttarlaust sem þessi orð sýna sem og gerðir hans í embætti. Við það vil ég lýsa trausti mínu um leið og ég lýsi undrun á stefnuyfirlýsingunni. Hún er sýnilega marklaust plagg, til þess eins gert að gefa Alþb.-mönnum eitthvert tilefni til að hæla sér af því að þeir hafi náð árangri í utanríkismálum. Þeir hafa reynt að gorta af því í útvarpsumr., þrátt fyrir að í hvert skipti sem þeim hefur gefist tækifæri til hafa þeir þegið ráðherrastóla þó þeir yrðu að svíkja öll sín orð og alla stefnu í meginatriðum utanríkismála.

Hæstv. utanrrh. fjallar í II. kafla um alþjóðamál og kemur víða við. Mun ég ekki eyða tíma þingsins í að ræða þá kafla. Þeir koma þar hver af öðrum, Afganistan fyrst. Íslendingar brugðust hart við þeim tíðindum sem þar gerðust. En þrátt fyrir það er ég sammála því sem hæstv. ráðh. sagði, að ekki dugi að gefa slökunarstefnuna upp á bátinn eða láta ótíðindin austur þar verða til að eyðileggja hana. Þarna er kafli um afvopnunarmál, sem því miður gæti raunar alveg eins heitið um vopnakapphlaup, svo lítill sem árangur er á alþjóðavettvangi á því sviði. Þá er fjallað um Austurlönd nær og Austur-Asíu og önnur atriði sem hæst hefur borið í utanríkismálum undanfarin tvö misseri.

III. kafli skýrslunnar fjallar um alþjóðastofnanir og svæðasamtök. Þar er byrjað á kafla um Sameinuðu þjóðirnar, og sé ég ekki að þessu sinni ástæðu til að ræða það frekar, enda hefur starf Íslands þar verið með hefðbundnum hætti.

Næsti kafli fjallar um Norðurlandasamvinnu, en um það mál langar mig til þess að segja örfá orð. Í skýrslunni segir:

„Hin nánu tengsl Norðurlandanna innbyrðis eiga eflaust sinn þátt í því, að þeim hefur tekist að standa vörð um frelsi sitt og hugsjónir."

Þessu erum við vafalaust öll sammála. En næsta setning er á þessa leið:

„Allt eru þetta sjálfstæð og fullvalda ríki."

Þetta er rétt um þau ríki sem sitja í Norðurlandaráði með fullum rétti. En ég held að við Íslendingar megum ekki gleyma því, að á svæði Norðurlandanna og raunar meðal þeirra eru þjóðir sem enn hafa takmarkað eða lítið sem ekkert frelsi. Þar á ég við Grænlendinga, sem rétt hafa náð því marki að fá heimastjórn. Þar á ég við Færeyinga, sem ekki eru fullkomlega sjálfstæð þjóð, þó að þeir hafi allmikla stjórn á eigin málum. Þar á ég líka við Álendinga og Sama.

Ef litið er á Norðurlöndin landfræðilega er afar nærtækt að skipta þeim í tvennt. Annars vegar eru gömlu konungsríkin og Finnland sem öll eru áföst við meginland Evrópu og mætti kalla Norðurlönd hin eystri. Hins vegar eru Færeyjar, Ísland og Grænland, þrjú lönd sem eru fyrrverandi nýlendur hinna og búa við mismunandi mikið frelsi. Þessi lönd mætti gjarnan kalla Norðurlönd hin vestri. Þau ná yfir gífurlegt landssvæði, en eru ekki byggilegri en svo, að íbúatalan í þeim öllum er aðeins um 300 þús. Þrátt fyrir það hafa þau mikla þýðingu, ekki aðeins fyrir hin Norðurlöndin, heldur fyrir nágranna sína í austri og vestri, þó lengra sé leitað en til Norðurlandanna. Þýðing Norðurlanda vestri verður seint fullmetin, hvorki á efnahagslegum né öryggisvettvangi.

Þessar þrjár þjóðir, Færeyingar, Íslendingar og Grænlendingar, hafa það sameiginlegt, að þær byggja afkomu sína að langmestu leyti á auðæfum hafsins. Okkur er þetta að sjálfsöðu mjög hugstætt einmitt nú, þegar við eigum í viðskiptum við Norðmenn annars vegar um svæðið fyrir norðaustan okkur og við Dani hins vegar, og sennilega fleiri áður en langt um líður, um svæðin fyrir norðan og norðvestan okkur. Þar að auki eigum við ólokið málum við Dani eða Færeyinga við Suðausturland, þar sem umdeilt svæði er vegna Hvalbaks, tæplega 4 þús. ferkílómetrar. Eins og sakir standa eigum við ólokið málum við Bretaveldi, sem hefur tekið sér 200 mílna landhelgi og notað Rockall sem grunnlínupunkt, sem við getum ekki með neinu móti viðurkennt. Sé miðað við Rockall sem grunnlínupunkt ganga landhelgissvæði Breta og Íslendinga hvort yfir annað. Þetta eru óleyst vandamál.

Ég tel að Norðurlöndin vestri, þessi þrjú lönd sem ég hef nefnt, þurfi að taka upp samband sín á milli miklu betra og meira en verið hefur. Við höfum haft uppi nokkra viðleitni varðandi samband við Grænland af hendi utanrrn. og verður því vonandi haldið áfram. Samband við Færeyjar hefur verið mikið um langt skeið, en þó er varla hægt að segja að á allra síðustu árum hafi það blómgast eða aukist sérstaklega. Nú er það svo stjórnarfarslega, að ef við vildum setjast á ráðstefnu með íbúum þessara landa ættum við að fara til Kaupmannahafnar og ganga þar í utanrrn. Sú leið er lagalega ekki fullnægjandi fyrir okkur, þó hún standi opin um það sem þar á við. Ég held því að Alþ. sé sá vettvangur sem auðveldast verði að nota til fyrstu tengsla á milli þessara þjóða þriggja. Alþ. hefur þegar boðið þm. frá Grænlandi hingað til lands í heimsókn og ég hygg að það standi einnig boð til færeyskra þm. Það væri vel af sér vikið ef forráðamenn þingsins gætu hagað því svo, að af tilviljun væru þm. þessara tveggja ríkja staddir hér samtímis. Við gætum þá byrjað að tala um hvernig við gætum unnið að því að tryggja afkomu og frelsi þeirra þjóða sem búa á Norðurlöndum vestri. Við verðum að gera okkur grein fyrir að það er heldur óskemmtileg tilhugsun að við höfum í 25 ára baráttu rekið úr túninu, fært út landhelgina og komið stórveldum eins og Bretum og Þjóðverjum út úr henni, en þeir ætla að ná sér niðri á okkur með því að koma að baki okkar, því að þeir hafa innlimað Grænland í Efnahagsbandalagið og þegar Danir færa út fær Efnahagsbandalagið yfirráð yfir geysilegu hafsvæði sem vefur sig um norðanvert og vestanvert svæðið rétt utan við landhelgi okkar, hafsvæðið sem við, Grænlendingar og að einhverju leyti Færeyingar ættum að hafa til að geta lifað sambærilegu lífi við hinar Norðurlandaþjóðirnar. Þetta, sem fram undan virðist vera, er eins og endurvakning heimsveldisstefnunnar gömlu þegar danska landhelgisgæslan, nú að nokkru leyti kostuð af Efna-

hagsbandalaginu í Brüssel, tekur upp varðstöðu eftir línunni. Ég er hræddur um að margur íslenskur sjómaðurinn mundi finna fyrir þeirri breytingu.

Þetta eru viðhorf varðandi norrænt samstarf sem ég vil koma á framfæri og biðja menn að íhuga. Ég tel að Norðurlönd hin vestri séu svæði sem á saman og þau verði að skapa tengsl sín í milli og gera sig gildandi í Norðurlandaráði. Ef hin eldri Norðurlöndin þekkja sinn vitjunardag munu þau gera það sem þau geta til að greiða fyrir þessum þremur þjóðum í lífsbaráttu þeirra.

Landfræðilega lít ég svo á, að Jan Mayen heyri þessu svæði til. En ég nefni það ekki af því Norðmenn eiga þar ekki erindi. Þeir eru útþensluþjóð Norður-Atlantshafsins. Þeir ætluðu að sölsa undir sig Austur-Grænland og voru háð um það mikil málaferli í Haag, sem lauk árið 1933 með sigri Dana. Þeir reyndu að ná undir sig Svalbarða, tókst það að nokkru leyti en ekki öllu, því að tugir þjóða eru aðilar að samningi og eiga þar rétt á móti þeim. Eldfjallið Jan Mayen fyrir norðaustan okkur er það eina sem þeim hefur þó tekist að leggja algerlega undir sig.

Að öðru leyti get ég tekið undir það sem segir í skýrslunni um Norðurlandasamstarfið og að þátttaka í því sé okkur Íslendingum tvímælalaus ávinningur að mörgu leyti.

Evrópuráðið eru næstu samtök sem nefnd eru og get ég lítið um það sagt. Mér skilst að ýmsar sérdeildir þess vinni gagnlegt starf, sem sé þess virði að kosta nokkru til og taka þátt í. En ég fékk tækifæri til þess einu sinni að fara þangað á ráðherrafund og er það með ómerkilegri samkomum sem ég hef setið. Ég hygg að Evrópuþingið muni víkja fyrir þingi Efnahagsbandalagsins, en það þing mun, þegar fram líða stundir, hafa peninga og vald á bak við sig. Evrópuráðið virðist vera að þróast í þá átt að verða tengiliður á milli þeirra þjóða í Vestur-Evrópu og Suður-Evrópu, sem ekki eru í Efnahagsbandalaginu, og bandalagsþjóðanna.

Í IV. kafla fjallar hæstv. utanrrh. um Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands. Eins og ég áður sagði fagna ég því, að þetta er honum ekkert feimnismál, þó að það hafi ekki verið nefnt í hinni hátíðlegu stjórnaryfirlýsingu, þeim verslunarsamningi sem gerður var á milli stjórnaraðila.

Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. ráðh. tekur af skarið hvað stefnuna í varnarmálunum snertir. Það, sem hann segir um framlag okkar Íslendinga til varnarsamstarfs nágrannaríkja okkar og um eðli þess samstarfs, er hverju orði sannara.

Undirkafli er hér sem heitir varnarmáladeild. Það er að vísu stjórnunarlegt framkvæmdaratriði fyrir okkur. Þó verð ég að geta þess, að það er með ólíkindum að við skulum hafa getað stýrt varnarmálunum með 3 eða 4 starfsmönnum öll þessi ár. Kynni mín af þessum málum eru þau, að málefni Keflavíkurflugvallar eru ótrúlega umfangsmikil, og fyrstu mánuðina sem ég starfaði í utanrrn. hafði ég það stundum á orði, að það mætti ætla eftir setunni þar að veröldin skiptist í tvo hluta: 90% Keflavíkurflugvöll og 10% allt hitt. En það merkilega er, að viðskiptin við varnarliðið eru ekki verulega fyrirferðarmikil. Þetta er herlið og það er undir aga, þar eru tilteknir stjórnendur og það er tiltölulega auðvelt að gera sér grein fyrir því, hvaða viðhorf þeir hafa til ýmissa vandamála og hvernig viðbrögð þeirra verða.

En það umfangsmikla í kringum Keflavíkurflugvöll er allt íslenska dótið. Langmestur hluti af þeim aragrúa fólks, sem ég spái að hafi nú sótt um viðtöl hjá hæstv. ráðh. þessar fyrstu vikur eða mánuði, sem hann hefur setið í þessum stól, er að sækjast eftir peningum og peningagróða. Það er sorglegt og skammarlegt að þurfa að segja þetta, en þetta er rétt. Ég býst við að skýrsla yfir þá, sem hafa viðskipti við varnarliðið, mundi taka einar 3 — 4 þéttritaðar síður í því broti sem þessi skýrsla er.

En nóg um það að sinni. Ýmislegt hefur gerst sem er gagnlegt. Samstarf um byggingu sorpeyðingarstöðvar er lofsvert. Bygging nýrrar flugstöðvar er ákaflega viðkvæmt mál. Ég ætla ekki að verja tíma í umr. um það hér, en vísa til þess, að s. l. haust lagði ég fyrir þingið, sem þá sat, ítarlega skýrslu um það mál. Ég hygg að hún sé enn fáanleg, annars er hún í þingtíðindum, og þar er saga þessa máls rakin. Þann stutta tíma, sem ég hafði afskipti af þessu máli, var unnið að því að endurhanna stöðina þriðjungi minni en hún hafði verið áætluð. Síðan hafa gerst þau tíðindi í flugmálum að það er næsta eðlilegt að hæstv. utanrrh. taki þá stefnu að láta enn skoða þetta mál og athuga hvers konar stöð muni henta okkur best.

Þá er hér getið um annað mál sem er einnig umfangsmikið. Það snertir olíugeyma og allt sem þeim viðvíkur, það landrými, sem þeir taka og þá mengun, sem hefur verið frá þeim allt síðan flugvöllurinn var fyrst gerður á Miðnesheiði. Það mál var á s. l. ári tekið upp við varnarliðið á þeim grundvelli að varnarliðið yrði að kosta það, að tankarnir, sem allir kannast við og eru í útjaðri Njarðvíkur og Keflavíkur, verði lagðir niður. Meðan flugvöllurinn er starfræktur verði olíukerfi vallarins algjörlega endurbyggt á þann hátt sem viðunandi er samkv. tæknikröfum nútímans og alveg sérstaklega hvað umhverfi og mengun snertir.

Eitt af þeim nýmælum, sem hafa komið til sögunnar á flugvellinum, er skipun íslenskrar heilbrigðis- og mengunarnefndar og eru í henni, ef ég man rétt, bæði maður, sem þá var starfandi í Heilbrigðiseftirlitinu, og heilbrigðisfulltrúi byggðanna suður frá, og veit ég ekki betur en þessi nefnd hafi starfað af árvekni og dugnaði.

Margt fleira mætti segja um mál suður þarna, en ég læt þetta duga að sinni. Ég mun fara að dæmi hæstv. ráðh. og hv. formanns Sjálfstfl., sem talaði hér síðast, og sleppa hafréttarmálum alveg, enda eru þau til sérstakrar umræðu.

Ég vek athygli á IV. kafla, en þar er í annað skipti sérstakur kafli um flugmál. Margvísleg vinna í sambandi við alþjóðlegt flug er orðin veigamikill þáttur í starfi utanrrn. og þýðingarmikill fyrir íslenska hagsmuni og er rétt að það komi fram.

Kafli er um þróunaraðstoð. Það er einn af sorgarköflunum, e. t. v. þó ekki svo mjög í skýrslu sem utanrrh. gefur, vegna þess að það er fyrst og fremst Alþ. sem ber sök á því að Íslendingar hafa ekki lagt eins mikið til þróunaraðstoðar og fátækra þjóða og okkur ber siðferðileg skylda til miðað við þann auð, sem við búum við, og þau lífskjör.

Kaflann um utanríkisviðskipti mun ég einnig láta kyrran liggja. Venja er í þessum skýrslum, að viðskrn. leggur þennan kafla eða efni í hann til, af því að við höfum þá sérkennilegu skiptingu að utanrrn. staðfestir samninga um viðskipti við aðrar þjóðir, en öll framkvæmd þeirra og raunar gerð samninganna er á vegum viðskrn. Þetta hefur blessast ótrúlega vel, en þessi skipting getur valdið vandræðum í framtíðinni og fyrr eða

síðar hygg ég að koma muni að því að á henni verði gerðar breytingar.

Síðasti kaflinn er að vanda um utanríkisþjónustuna almennt. Þar kemur fram, að þessi þjónusta, sem er sjálfstæðu ríki gífurlega mikilvæg, er rekin á þann hátt að hún er þjóðarbúinu ekki kostnaðarsöm, tekur aðeins hálfan hundraðshluta af ríkisútgjöldum. Hefur sú prósenta farið minnkandi með auknum ríkisumsvifum af því að utanrrn. hefur ekki lært á þá þrýstihópatækni, sem hér tíðkast mjög, að halda því fram að einhver ákveðin útgjöld eigi alltaf að vera tiltekin prósenta af heildartölu fjárlaga, hvort sem umsvif ríkisins eru meiri eða minni.

Ég hygg að hjá því verði ekki komist, áður en langur tími líður, að Alþ. taki ákvörðun um að verja meira fé til utanríkisþjónustunnar og bæta hana. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að það sé aðkallandi að fjölga sendiráðum. Það hefur verið rætt um einstaka möguleika hvað það snertir, en ég tel það ekki mestu skipta, heldur hitt, að þau sendiráð, sem mest hafa verkefni, eru allt of mannfá. Yfirleitt er sendiherra, með honum einn fulltrúi og einn eða tveir ritarar.

Ég skal nefna eitt dæmi. Sendiherra Íslands í Washington er einnig sendiherra hjá öllum ríkjum í Vesturálfu sem við höfum stjórnmálasamband við, og það er meiri hluti ríkja sem þar eru. Það er nokkurt starf að stunda það svæði allt, enda eru á því markaðsmöguleikar, menningartengsl við Kanada og margt fleira. Þar að auki hefur þessi sendiherra verið aðalfulltrúi á Hafréttarráðstefnu sem tekur 2—3 mánuði á ári. Að hann eigi einn með einum fulltrúa og ritara að geta sinnt öllu þessu sér hver heilvita maður að er honum algjörlega ofviða. Ég tel að við ættum að stefna að því að styrkja utanríkisþjónustuna á þann hátt að það verði örlítið meiri starfskraftar og að sendiráðin verði það vel mönnuð að þau geti annast verkefni sín á viðunandi hátt árið um kring.

Ég vil ljúka máli mínu á því að taka undir lokaorð skýrslunnar í tilefni af því, að utanríkisþjónustan er nýlega fertug eða rétt um það. Hún kom til eftir 10. apríl 1940, þegar Íslendingar tóku meðferð utanríkismála í eigin hendur af því að samband slitnaði við Danmörku. Ég er sammála því, að utanríkisþjónustan hefur unnið og vinnur með afbrigðum gott starf. Það er með ólíkindum að svo fátt fólk skuli geta annast svo mikil verkefni jafnvel og raun ber vitni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar skýrsla utanrrh. kom til umræðu í fyrra vakti ég máls á því, að hér væri í raun blandað saman erindum tveggja ráðuneyta, viðskrn. og utanrrn. Ég lýsti þeirri skoðun, að nauðsyn bæri til að Alþingi tæki almenn utanríkismál, en ekki síður viðskipta- og markaðsmál okkar erlendis til miklu ítarlegri umræðu en það hefur gert á undanförnum árum. Ég varpaði fram þeirri hugmynd, sem þáv. hæstv. utanrrh., sem nú var rétt að ljúka máli sínu, Benedikt Gröndal, tók að mig minnir vel í og einnig þáv. viðskrh., að fluttar væru á Alþ. tvær skýrslur: Önnur væri skýrsla um utanríkismál í þeim skilningi sem starfsskipting utanrrn. og annarra rn. felur í sér. Hin væri ítarleg skýrsla og yfirlit um markaðsmál og alþjóðleg viðskipti okkar Íslendinga ásamt lýsingu á störfum þeirra alþjóðlegu fjármála- og viðskiptastofnana og bandalaga sem við erum aðilar að. Tækifæri gæfist þá til þess að ræða þau mál hér ítarlega og réttur ráðh. væri fyrir svörum. Það kom greinilega fram hér áðan, þegar hv. þm. Geir Hallgrímsson fór að gera aths. um olíuviðskiptin, að það átti í rauninni erindi meir til viðskrh. og fyrirrennara hans en utanrrh.

Ég ætla ekki að rökstyðja þessa ábendingu nánar. Ég gerði það nokkuð ítarlega hér á Alþ. fyrir ári eða svo þegar skýrsla utanrrh. kom til umfjöllunar. En ég vil ítreka hér aftur þessa hugmynd: Það verði um tvær skýrslur að ræða, fluttar af viðskrh. og utanrrh., og það verði gefinn rækilegur tími á Alþ. til að ræða hvort tveggja.

Ég held að hvað markaðsmálin snertir standi Íslendingar frammi fyrir margvíslegum vanda og mikil nauðsyn sé á því að gera markaði okkar á meginlandi Evrópu öflugri og sterkari og þess vegna þurfi að skapa tækifæri í dagskrá þingsins til að það sé rætt. Ég vil til viðbótar taka eindregið undir það, sem hv. þm. Benedikt Gröndal var að segja hér áðan, að það þarf að flytja þessar skýrslur til þingsins það tímanlega að umræðan um þær blandist ekki ár eftir ár inn í þær miklu lokaannir sem hér fara fram. Skýrslurnar þyrftu að koma fram í síðasta lagi í febrúarlok eða marsbyrjun, ef vel ætti að vera, og þingið að gefa sér þannig góðan tíma, áður en lokalotan hefst, til að ræða þessi mál, bæði hin hefðbundnu utanríkismál og markaðs- og viðskiptamálin. Ég beini þessum hugmyndum einnig til núv. utanrrh. og núv. viðskrh. Ég fékk boð um það í ræðustólinn fyrir nokkrum mínútum að fráfarandi viðskrh. og núv. félmrh. hefði einmitt lagt drög að því í sinni ráðherratíð að slík skýrsla yrði undirbúin af hálfu viðskrn.

Í þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir, er vikið að æðimörgu, fjölmörgum þáttum alþjóðamála sem vissulega væri tilefni til að fjalla ítarlega um og gera aths. við, en til slíks er varla tími nú. En ég vil þó, áður en ég kem að meginmáli mínu varðandi þessa skýrslu, vekja athygli á tvennu. Mér finnst að í því mati, sem kemur fram í skýrslunni hvað snertir slökunarstefnuna og örlög hennar á síðustu mánuðum, gæti allt of einhliða ásakana eða söguskýringa, þar sem öll sök er lögð á hendur Sovétríkjanna fyrir það sem gerst hefur. (**HBl:** Er það að ástæðulausu?) Alls ekki að ástæðulausu. Það er ekki mín ætlan. En ég vil hins vegar vekja ríkulega athygli á því, að í Vestur-Evrópu hefur farið fram á undanförnum vikum og mánuðum mjög gagnrýnin umræða á framgöngu Bandaríkjastjórnar gagnvart slökunarstefnunni. Ég vil aðeins minna hv. þingheim á að það eru ekki liðnir nema nokkrir dagar síðan sá einstæði atburður gerðist, að utanrrh. Bandaríkjanna sá sig neyddan til að segja af sér vegna ágreinings við forseta Bandaríkjanna einmitt um aðgerðir sem gætu haft veruleg áhrif á örlög slökunarstefnunnar. Þessi sami utanrrh., Cyrus Vance, hafði óskað eftir því að fá að eiga fundi með utanrrh. Sovétríkjanna, en verið neitað um það af hálfu forseta Bandaríkjanna. Hann hafði lagst gegn hernaðaraðgerðum til lausnar Íransmálsins og fjölmörgum öðrum stefnuatriðum sem hinn herskái ráðgjafi forsetans í öryggismálum, Brezinsky, hafði lagt til og greinilega orðið ofan á í Hvíta húsinu.

Við, sem teljum okkur til vesturheims, getum ekki litið fram hjá því, að það fer fram mjög gagnrýnin umræða í Evrópu, á Norðurlöndum, í Bretlandi og á meginlandi Evrópu á þann þátt sem stjórnvöld Bandaríkjanna hafa átt í því að skerða framþróunarmöguleika slökunarstefnunnar á undanförnum misserum. Þau hafa gert

þetta bæði með mjög breytilegum aðgerðum í utanríkismálum, sveiflukenndri afstöðu þar sem hún hefur færst frá skyndilegri hörku til skyndilegrar eftirgjafar, þar sem fer fram löng umræða um beitingu efnahagslegra refsiaðgerða, en fáeinum dögum síðar er beitt hernaðarlegum gagnaðgerðum, og fjölmörgu öðru. Ég sakna þess, að í gagnrýnu mati á þróun heimsmála skuli utanrrh. Íslands ekki víkja að þessari umræðu sem forráðamenn annarra vestrænna ríkja í Evrópu hafa verið mjög uppteknir af á síðustu vikum og mánuðum. Ég sé ekki að það þjóni almennum utanríkishagsmunum Íslendinga að endurtaka þær einföldu söguskýringar sem túlkendur utanríkisstefnu Bandaríkjanna á síðustu misserum hafa haft varðandi örlög slökunarstefnunnar.

Vissulega er það rétt, að innrásin í Afganistan og atburðirnir í Íran hafa haft alvarleg áhrif á þessa þróun. Það höfum við margir gagnrýnt. En veröldin er að þessu leyti ekki bara svört á annan veg. Hún er það einnig á hinn veginn.

Þetta var fyrra dæmið sem ég vildi nefna um þá einhæfu sýn sem mér finnst vera á gang heimsmála í þeim köflum skýrslunnar þar sem um þá þætti er fjallað. Seinna dæmið, sem ég vildi nefna, er þar sem fjallað er um framkvæmd samninga Ísraels og Egyptalands og stöðu Palestínumanna í þeim deilum sem háðar hafa verið á þessum svæðum. Hér er einnig að finna allt of einhæfa túlkun sem gengur að mínum dómi út frá skýringum sem ekki taka mið af aukinni viðurkenningu sem réttindi Palestínumanna hafa hlotið í Evrópu á síðustu misserum. Vegna þess að hv. þm. Benedikt Gröndal vék aðeins að Evrópuráðinu áðan og ég hafði tækifæri til þess að kynnast þeirri stofnun, þ. e. þingmannafundi þess fyrir nokkrum vikum, vil ég aðeins vekja athygli á að mínum dómi mjög merkri samþykkt sem þar var gerð að loknu þriggja ára starfi þingmannanefndar Evrópuráðsins og rannsóknum á átökunum í Mið-Austurlöndum. Þar kemur fram allt önnur sýn á þessi deilumál en fram kemur í þessari skýrslu, veruleg gagnrýni á hvernig aðgerðir Ísraels hafa torveldað lausn þessara mála, miklu afdráttarlausari viðurkenning á réttindum Palestínumanna en er að finna í þessari skýrslu. Þessi ályktun þingmannafundar Evrópuráðsins var samþykkt með öllum atkvæðum nema þingmanna afturhaldssömustu íhaldsflokka í Evrópu sem þarna áttu fulltrúa. Fulltrúar allra annarra flokka, sem þarna sátu, greiddu þessari ályktun atkvæði. Mér finnst ekki rétt að í skýrslu utanrrh. Íslands varðandi þessi miklu og örlagaríku deilumál sé tekið í strengi sem eru e. t. v. skyldari hægrisinnuðustu sjónarmiðunum í Evrópu en þeirri meginskoðun sem þar er nú að ryðja sér braut. Ég bendi þess vegna á þessa samþykkt sem nánari skýringar á því hvaða tökum þessi efniviður hefur verið tekinn af fulltrúum fjölmargra stjórnmálaflokka í Evrópu á allra síðustu vikum.

Áður en ég kem að þeim kafla skýrslunnar, sem fjallar um Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands, sem ég ætla að gera aðalathugasemdir við, vil ég eindregið taka undir þau orð sem hv. þm. Benedikt Gröndal mælti áðan um nauðsyn samskipta Grænlands, Færeyja og Íslands. Ég tel að sú söguskoðun, sú stefnumótun, sem kom fram í orðum hans varðandi skiptingu Norðurlanda í eystri og vestri, og sá boðskapur, sem hann flutti þar um samtengingu hagsmuna þessara þriggja litlu eyríkja sem hér búa, sé hárrétt. Ég lýsi heils hugar stuðningi við þau sjónarmið sem þar komu fram. Það væri vissulega fagnaðarefni ef Alþingi Íslendinga gæti haft frumkvæði að auknum samskiptum þessara þjóða, sem eru þannig í sveit settar — tvær þeirra — að utanrrn. Danmerkur fer þar með formlega hlutdeild. Ég vil eindregið hvetja hæstv. núv. utanrrh. til að halda áfram því starfi sem fyrirrennari hans hóf varðandi eflingu aukinna samskipta þessara ríkja og þjóða.

Það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, að með eignarhaldi sínu á Jan Mayen er Noregur að gerast boðflenna, yfirráðaríki, útþensluríki, eins og hann orðaði það, á þessu hafsvæði. Það verður alltaf óeðlilegt að yfirráðaréttur Norðmanna yfir stóru hafsvæði kringum Jan Mayen geri þeim kleift að vera með puttana í samskiptum Norðurlandanna vestri, Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga, á þessu svæði. — Jan Mayen málið er að öðru leyti ekki til umræðu hér og skal ekki að því vikið, en ég tók mjög vel eftir þessum orðum hjá Benedikt Gröndal.

Hér hefur mjög verið gerður að umtalsefni sá kafli þessarar skýrslu sem ber heitið „Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands," einkum og sér í lagi sú niðurstaða eða skoðun sem fram er sett í nokkrum mgr. í inngangi þessa kafla, þar sem fjallað er um herstöðina í Keflavík og eðli hennar og þeirrar varnarkeðju sem hún er talin vera hluti af. Þar segir m. a.:

„Atlantshafsbandalagið eru samtök þjóða með svipaða menningu og lífsskoðanir. Þær hafa komið sér upp varnarkeðju til að tryggja sig fyrir utanaðkomandi árás og í því skyni leggja þær allar eitthvað af mörkum. Framlag okkar Íslendinga hefur aðallega verið og er aðstaðan á Keflavíkurflugvelli. Óslitin varnarkeðja er öruggasta leiðin til að tryggja að aldrei þurfi að grípa til vopna."

Þar segir enn fremur:

„Aðalhlutverk varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli er kafbátaleit og kafbátaeftirlit auk þess sem hún fylgist með ferðum hernaðarflugvéla. Mætti því e. t. v. allt eins vel nefna hana eftirlitsstöð eins og varnarstöð."

Hér er komið að miklum kjarna máls — mjög alvarlegum kjarna máls. Ég er algjörlega ósammála þessari greiningu, þeirri niðurstöðu sem þarna er sett fram. Ég er ósammála henni án tillits til þess að ég er andstæðingur herstöðva hér á landinu, vegna þess að ég tel að þessi eðlisgreining á herstöðinni sé í efnisatriðum röng, í mjög veigamiklum efnisatriðum röng. Ég tel að það sé mjög alvarleg blekking ef þjóðþing Íslendinga og íslensk stjórnvöld hafa ekki áttað sig á þeirri eðlisbreytingu sem tæknibreytingar í vopnabúnaði og herafla hafa gert á herstöðinni í Keflavík, — eðlisbreytingu sem að mínum dómi, og ég tek það aftur fram að það mat er algjörlega óháð því að ég er andstæðingur herstöðvarinnar, fela það í sér að frá hertæknilegu sjónarmiði sé þessi herstöð orðin grundvallarþáttur í því árásarkerfi sem Bandaríkin hafa verið að þróa á Norður-Atlantshafi sem grundvallarþátt í því ógnarjafnvægi stórveldanna sem hv. alþm. Geir Hallgrímsson gerði að umræðuefni áðan.

Eðli þessa ógnarjafnvægis og tenging herstöðvarinnar við það er með þeim hætti, að hvað svo sem líður veisluglöðum yfirlýsingum Kosygins við hv. þm. Geir Hallgrímsson, sem er sá eini okkar sem er vinargestur þeirra Kremlverja, hvað svo sem líður yfirlýsingum Olof Palme um það að ekki séu kjarnorkuvopn á Skandin-

avíu, sem allir vita að í munni þeirra Svía tekur til annars svæðis en Norðurlandanna í okkar merkingu, þá eru öll innri rök eðlis þess vopnabúnaðar, sem þróast hefur í tengslum við Keflavíkurstöðina, og þess ógnarjafnvægis, sem stórveldin hafa byggt upp, hvort með sínum hætti, á þann veg að það eru yfirgnæfandi tæknilegar líkur til þess að herstöðin á Keflavík sé að verulegu leyti tengd kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna, jafnvel svo að þar séu einhvern tíma um sinn eða jafnvel að staðaldri vopn sem væri hægt að nota til kjarnorkuárása. (**HBl:** Talarðu nú þvert um hug þinn?) Nei. (**HBl:** Þú gerir það víst.) Nei, því miður, hv. þm. Halldór Blöndal. (**HBl:** Það er ekki rétt Það verður gaman að ræða það á eftir hérna.) Já, við skulum gera það. — Ég vil taka það skýrt fram, að ég er mér þess fyllilega meðvitandi, að það, sem ég hef verið að segja, eru mjög alvarleg orð. Ég tek það skýrt fram vegna þessarar ásökunar hv. þm., að ég tala ekki þvert um hug mér. Ég vek einmitt athygli á þessum þáttum vegna þess að ég hef grun um að e. t. v. þorri þm., jafnt þeir sem eru stuðningsmenn og andstæðingar Atlantshafsbandalagsins, hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvers eðlis þær tæknibreytingar eru sem hafa orðið á vígbúnaðarkapphlaupi stórveldanna og þeirri herstöð sem hér hefur verið á undanförnum 10—15 árum. Orð eins og „eftirlitsstöð," orð eins og „varnarkeðja" dylja þá miklu ógn vopnabúnaðarins sem felst í hlutverki þessarar stöðvar. Við skulum fara um það nokkrum orðum til að skýra nákvæmar hvað ég á við.

Frá því upp úr 1960 hefur meginþátturinn í vígbúnaðarkapphlaupi stórveldanna tengst því ógnarjafnvægi sem hv. þm. Geir Hallgrímsson gerði að umtalsefni alveg réttilega fyrr í dag. En hvað felst í þessu ógnarjafnvægi? Jú, í því felst að stórveldin hafi vopnabúnað sem getur tortímt mannvirkjum, tækjabúnaði og mannlífi hvert hjá öðru með sem stórvirkustum hætti á sem skemmstum tíma. Til þess að þetta geti gerst þurfa aðilar að búa yfir mjög háþróuðum upplýsingakerfum og mjög háþróuðum vopnabúnaði. Á síðasta áratug snerist þróun þessa ógnarjafnvægis nær alfarið upp í þá mynd, að það beindist fyrst og fremst að því að skipuleggja gagnkvæma eyðingu á vopnabúnaði hvers annars, þannig að hvert ríkið fyrir sig, sem hæfi árásina fyrst, gæti við fyrstu atlögu grandað sem mestu af þeim gjöreyðingarvopnum og hergögnum sem flyttu slík gereyðingarvopn hjá hinu ríkinu. Með öðrum orðum: Það var tækniþróun þessa gereyðingarkerfis sem varð meginþáttur uppbyggingar þess sem með réttu hefur verið kallað á íslensku ógnarjafnvægi, vegna þess að eðli þess er svo himinhrópandi að ef það væri sett í gang mundi það tortíma meginþorra lífs á jörðinni.

Henry Kissinger varð frægur fyrir það á sínum tíma að greina hver væri munur á eðli atómstyrjaldar og atómvopna og annarra styrjalda og annarra vopna, hvers konar grundvallarmunur væri falinn í því mati og þeim dómum sem yrði að leggja á það þegar samskipti ríkja færu fyrst og fremst að byggjast á slíkum vopnabúnaði. Það var einmitt sá kenningargrundvöllur sem fyrst gerði Kissinger þekktan meðal fræðimanna á þessum sviðum. Við Íslendingar höfum hins vegar ekki kynnt okkur mikið þessi fræði. Og við höfum e. t. v. vanrækt um of að kynna okkur hvaða eðlisbreytingar hafa orðið á herstöðinni hér í samræmi við þá uppbyggingu ógnarjafnvægisins sem bæði Bandaríkin og Sovétríkin hafa kappkostað hér í norðurhöfum.

Hvað Norður-Atlantshafið snertir er þetta ógnarjafnvægi fyrst og fremst byggt á þremur þáttum. Það er í fyrsta lagi byggt á mjög öflugu upplýsingakerfi, sem er ætlað að flytja boð um ferðir kjarnorkukafbáta um höfin hér í kring. Það er í öðru lagi byggt á flugvélum, sem eiga að geta þjónað þessu hlustunarkerfi og flutt sprengjur með kjarnaoddum ef til hættuástands kemur. Og það er í þriðja lagi byggt upp á kjarnorkukafbátum, sem er ætlað að vera árásartæki ef til átaka kemur milli þessara ríkja. Ógnarjafnvægið á Norður-Atlantshafi er byggt upp af þessum þremur þáttum: hlustunarkerfi, flugvélum og kjarnorkukafbátum. Og hvert er hlutverk stöðvarinnar í Keflavík? Jú, hlutverk stöðvarinnar í Keflavík er að vera lykilþáttur í þessu ógnarjafnvægi á Norður-Atlantshafi. Og með hvaða hætti? Jú, með eftirfarandi hætti:

Út frá Snæfellsnesi og Hornafirði og Keflavík liggja kaplar út í sjó, sem eru tengdir við flókið duflakerfi. Þau dufl eru búin þúsundum hljóðnema sem flytja hljóðmerki um ferðir kafbáta um höfin. Þessir kaplar koma hér í land og héðan eru svo send boð í hina stóru Norfolk-tölvu herafla vesturveldanna, sem er aðalmiðstýringartæki Bandaríkjanna í skipulagningu ógnarjafnvægisins. Án þess kapla- og hlustunarkerfis, sem hér kemur á land, væri ógerlegt fyrir Bandaríkin að reka grundvallarþátt sinn í upplýsingaundirstöðum ógnarjafnvægishernaðarins hér á þessu svæði.

Þessu til viðbótar flytja svo flugvélarnar, sem hér eru staðsettar, hljóðnemabaujur út á hafið með reglulegu millibili, þar sem þeim er varpað niður.

Annar þátturinn, flugvélaþátturinn, er einkum og sér í lagi byggður upp af tveimur megintegundum: Orion-flugvélunum, sem hér hafa verið um nokkurn tíma, og svo hinum nýju AWACS-flugvélum, sem hér eru staðsettar, en á engum öðrum stað á Norður-Atlantshafi. AWACS-flugvélarnar eru fljúgandi stýritæki, sem þar að auki eru búnar þeim kostum að þær geta truflað allt hlustunarkerfi Sovétríkjanna þegar hugsanlegur árásarflugfloti stefnir að Sovétríkjunum. Ég tel að það hafi fáar breytingar skapað jafnmikla árásarhættu fyrir Ísland á síðari árum og staðsetning AWACS-flugvélanna hér. Það er alveg ljóst, að það er enginn þáttur sem hugsanlega kann að ógna eins mikið því sem Sovétmenn kalla sitt öryggi eða sem Sovétmenn, ef til árásar kæmi, hefðu hvað mestan áhuga á að eyðileggja. (**HBl:** Þú berð þau nú fyrir brjósti.) Ég ber þau ekkert fyrir brjósti, en ég ber líf íslensku þjóðarinnar fyrir brjósti, ég ber sjálfstæði íslensku þjóðarinnar fyrir brjósti, og ég tel nauðsynlegt fyrir þjóðþing Íslendinga að gera sér grein fyrir því, hvort hér eru staðsett tæki sem skapa íslenskri þjóð gjöreyðingarhættu ef til átaka kemur. (**HBl:** Það er ekki að heyra að þú berir þjóðina fyrir brjósti.) Það yrðu ill örlög fyrir Engeyjarættina ef hún ætti að tortímast í kjarnorkuátökum eingöngu vegna AWACS-flugvélanna hér.

Þetta eru ekki gamanmál, hv. þm. Það má vel vera að við séum á ólíkri skoðun. Af minni hálfu eru þetta ekki gamanmál. Ég tel nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga, kannske ekki nú en — (Gripið fram í.) Þá fáum við hinn ábyrga málflutning byggðan á hinni miklu þekkingu hv. þm. væntanlega síðar í þessari umræðu.

Orion-flugvélarnar eru þess eðlis að þær geta hæglega og með lítilli fyrirhöfn borið sprengjur með kjarnaoddum. Það er ein af þeim spurningum sem hefur aldrei verið svarað, þrátt fyrir það sem hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði fyrr í þessari umr., hvort Bandaríkja-

menn eru hér tímabundið eða að staðaldri með þær sprengjur, eins og t. d. B-57 sprengjuna, sem Orion-flugvélin er byggð til að flytja og henni er ætlað að flytja þar sem hún er annars staðar staðsett, ef það hlustunarkerfi, sem slíkar stöðvar eins og herstöðin hér eru tengdar við, gefur til kynna að um árásarhættu sé að ræða.

Við skulum ekki gleyma því, að stjórnvöld Bandaríkjanna hafa aldrei viljað játa því eða neita hvort á Íslandi séu staðsettar kjarnorkusprengjur, hvað svo sem íslensk stjórnvöld hafa sagt í þeim efnum. Þeir, sem til þekkja, vita að slík yfirlýsing stjórnvalda Bandaríkjanna, að hvorki játa né neita, er gerð til þess að hlífa stjórnvöldum þar sem slík vopn eru staðsett. (**ÁG:** Þetta er í lögum Bandaríkjahers, Ólafur. — **Gripið fram í:** Kosygin segir að hér séu ekki kjarnorkuvopn.) Það er ekki í lögum Bandaríkjahers, vegna þess að Bandaríkin hafa gefið út margvíslegar yfirlýsingar og margvísleg kort yfir svæði þar sem kjarnorkuvopn eru ekki geymd.

Í þriðja lagi er ógnarjafnvægið hér á Norður-Atlantshafi byggt upp af kjarnorkukafbátum sem bæði af hálfu Bandaríkjanna og Sovétríkjanna eru árásarkafbátar búnir kjarnorkuvopnum. Það er eitt af því sem skort hefur nánari umræðu um hér á Íslandi, hver sé tæknibúnaður og tæknilegt eðli þeirra kjarnorkukafbáta sem hér eru aðallega í höfunum í kringum okkur. Þeir eru mjög mismunandi, búnir mismunandi eiginleikum og gegna mismunandi hlutverki í undanfara árásar eða til varnar ef til árásar kemur.

Um þetta mætti hafa mörg fleiri orð. Í þessari umræðu hér, — en samið hefur verið um það að hún yrði frekar stutt svo þingstörf gætu haldið áfram hér á síðustu dögum, — væri vissulega tilefni til að fara miklu ítarlegar í þessa þætti. Það má vel vera að einstakir þm., eins og sá sem hér hefur verið að grípa fram í fyrir mér, Halldór Blöndal, telji sig hafa yfir slíkri þekkingu að ráða í þessum efnum að hann geti án nokkurs vafa neitað fullyrðingu minni um að herstöðin í Keflavík sé grundvallarþáttur í því kjarnorkuvopnaógnarjafnvægi sem stórveldin hafa verið að þróa á síðustu 20 árum á Norður-Atlantshafi. Það má vel vera að hann geti neitað því án nokkurs efa í hjarta. En ég segi það hins vegar, og ég tek aftur fram, að það er algjörlega án tillits til þess að ég er andstæðingur herstöðvarinnar í Keflavík, heldur eingöngu með því að líta á gögn málsins, með því að líta á eðli þess ógnarjafnvægis sem þróast hefur á Norður-Atlantshafi, með því að líta á hlustunarkerfið, með því að líta á flugvélabúnaðinn og með því að líta á kaplakerfið, með því að líta á tengslin við Norfolk-tölvuna og með því að líta á eðli kjarnorkuvopnakafbátanna, að ég get ekki annað en komist að þeirri niðurstöðu að það séu yfirgnæfandi líkur til þess, að herstöðin í Keflavík sé lykilþáttur í kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna sem þróast hefur á síðustu 20 árum sem einn meginþáttur ógnarjafnvægisins í Norður-Atlantshafi. (**HBl:** Dreymir þig Afganistan?)

Örlög afgönsku þjóðarinnar eru ömurleg, og við skulum ekki reyna að hugga okkur við það, að það sé einhver afsökun fyrir vanrækslu okkar á þjóðþingi Íslendinga þótt aðrar þjóðir þurfi að búa við innrásarheri í sínu landi. (**Gripið fram í:** Það er miklu sjálfsagðara.) Jú, við getum haldið áfram að telja upp þær þjóðir, sem glatað hafa frelsi sínu, og telja upp þá atburði, hv. þm. Halldór Blöndal, sem gerst hafa í veraldarsögunni á síðustu áratugum. (**HBl:** Og læra ekkert af því?) Jú, en í þeirri sögu er líka nefndur einn staður sem heitir Hírósíma, tákn um það, vitnisburður um það, hvað gerist þegar kjarnorkuvopnum er beitt. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er hvergi í heiminum stöð sem er jafnmikilvæg í tæknilegu tilliti fyrir vígbúnað stórveldis, í jafnmikilli nálægð við íbúamiðstöð og stöðin í Keflavík er. Með því að staðsetja herstöðina þar sem hún er erum við að stofna lífsöryggi meir en helmings íslensku þjóðarinnar í hættu. (Gripið fram í.) Hv. þm. er greinilega í „galgenhúmör" Engeyjarættarinnar í dag, en ég tel þessi mál það alvarleg að ég ætla ekki að eiga við hann frekari orðaskipti hér úr ræðustólnum og tefja tíma þingsins í þeim efnum. (**VG:** Ekki skensa Engeyjarættina.) Nei, það er rétt, ég var búinn að gleyma því að hún var viðkvæmt mál fyrir fleiri hér í salnum. Það er alveg rétt, og má kannske skjóta því inn sem gamanmáli, að hv. þm. Vilmundur Gylfason mun vera orðinn prókúruhafi Engeyjarættarinnar, aðaltalsmaður hennar hér á þingi, og ég bið hann afsökunar að hafa ekki áttað mig á þeirri breytingu sem orðið hefur á valdahlutföllum innan Engeyjarættarinnar á undanförnum árum.

En svo vikið sé aftur að alvöru málsins tel ég það vera eitt af því sem Íslendingar þurfi að gera upp við sig, þjóðþing Íslendinga þurfi að gera upp við sig, hvort niðurstaða hæstv. utanrrh. í þessari skýrslu, að öryggi landsins hafi vaxið við þær breytingar sem orðið hafa á stöðinni á undanförnum árum, sé ekki röng, hvort þvert á móti sá tæknibúnaður, þær tæknibreytingar sem þar hafa orðið, sú tenging stöðvarinnar inn í ógnarjafnvægi stórveldanna, hafi ekki einmitt gert það að verkum að árásarhættan, tortímingarhættan, sem blasir við íslenskri þjóð, sé miklu meiri.

Ég vil að lokum segja það, hæstv. forseti: Það hafa verið háðar miklar deilur um áratugi um herstöðina hér. Fyrri ræðumenn hafa verið að hnýta í Alþb. Ég ætla ekki að nota þennan tíma til að svara því. En það er þó ýmislegt sem Alþb. hefur orðið ágengt í sinni baráttu, þótt hv. þm. Benedikt Gröndal teldi það vera lítið. Okkur tókst t. d. á s. l. ári í samvinnu við aðra góða menn að koma í veg fyrir að þáv. utanrrh. hleypti hermönnum út um allt þjóðlíf á nýjan leik. En ég ætla ekki að fara í þau orðaskipti hér, heldur aðeins hvetja til umræðna og skoðunar hjá stjórnvöldum innan þings og utan á næstu mánuðum og misserum á eðli þeirrar herstöðvar sem á of einfaldan og að mínum dómi alrangan hátt er afgreitt í orðum þeirrar skýrslu sem aðallega hafa verið gerð að umræðuefni bæði utan þings og innan.

Það hefur stundum verið sagt af talsmönnum herliðsins hér, að það væri landfræðileg lega Íslands sem skapaði árásarhættu. Ég tel þvert á móti að það sé eitt af megineinkennum vígbúnaðarkapphlaupsins á síðustu 20 árum, að það sé ekki landfræðileg lega, sem fyrst og fremst skapi slíka árásarhættu hér í Norður-Atlantshafi, heldur staðsetning þess tækjabúnaðar sem skiptir meginmáli í að úrskurða sigur eða ósigur ef til átaka kemur til stórveldanna. Það er að mínum dómi tækjabúnaður stöðvarinnar sjálfrar og tengsl hennar við annan tækjabúnað í ógnarjafnvægishluta Bandaríkjanna sem gerir það að verkum að herstöðin hér er öruggt skotmark, eitt mikilvægasta skotmarkið ef til átaka kemur í þessum heimshluta. (**Gripið fram í:** Skotmark hvað?) Þróun tækjabúnaðarins felur það í sér að landið býr við árásarhættu. Það er ekki landfræðilega legan, sem hefur

verið meginstoðin í kenningum stuðningsmanna herliðsins hér, sem skapar hættuna, heldur eðli tækjabúnaðarins. (**HBl:** Hver ætlar að skjóta á okkur?) Það geta ýmsir skotið á okkur. Okkur getur stafað hætta úr ýmsum áttum. Ef hv. þm. liti yfir söguna ætti hann að minnast þess, að það eru nú ekki liðin nema 40 ár síðan hingað kom herlið til að vernda okkur gegn Þjóðverjum.

Í öðru lagi hefur það verið meginröksemd stuðningsmanna herstöðvarinnar hér, að hér væri um varðstöð að ræða. Ég tel þvert á móti að þær tæknibreytingar, sem orðið hafa á vopnabúnaðinum, geri það að verkum að í besta falli er ekki lengur hægt að greina á milli hvað eru varnartæki og hvað eru árásartæki í þessum efnum. Ýmsir þekktir alþjóðlegir sérfræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu, að það sé í raun og veru ekki hægt að nota hugtök eins og varnarstöð eða árásarstöð þegar um háþróaðan tæknibúnað í ógnarjafnvæginu er að ræða. Þess vegna má alveg eins færa að því sterk rök, að stöðin hér sé lykilþáttur í árásarkerfi því sem beint er að Sovétríkjunum eða öðrum ríkjum í þessum heimshluta.

Og í þriðja og síðasta lagi bendir að mínum dómi greining á þessum breytingum eindregið til þess að a. m. k. sé herstöðin á Íslandi orðin lykilþjónustuaðili við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna hvað upplýsingaöflun og eftirlit snertir og í versta falli geymslustaður, varanlegur eða tímabundinn, fyrir þær sprengjur sem flugvélar geta flutt og búnar eru kjarnaoddum.

Það er rétt, sem hv. þm. og fyrrv. hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson sagði hér fyrr í dag: Íslensk stjórnvöld hafa aldrei veitt Bandaríkjunum leyfi til að vera hér með slík tæki. Það hefur verið sameiginleg stefna allra íslenskra flokka að hér væru ekki kjarnorkuvopn. En dæmi sögunnar eru nægilega mörg til að sýna okkur að stórveldin, jafnvel Bandaríkin, hirða ekki um að segja smáríki frá öllu því sem það aðhefst. Víetnam, Kampútsea og fleiri lönd frá tíma þess ágæta manns Henry Kissingers, sem ég gat um hér áðan, eru einmitt ágætt dæmi um það, hvernig stórveldi fer fram sínum hagsmunum hjá smáu ríki án þess að vera endilega að spyrja um eða segja frá því. Það er skylda Íslendinga allra, bæði þings og stjórnvalda, að ganga úr skugga um það með öruggum hætti að við getum sagt hér öll efalaust að Ísland sé á engan hátt tengt því kjarnorkuvopna-ógnarjafnvægi sem tortímt getur öllu lífi í veröldinni ef til átaka kemur milli stórveldanna.

Sameinað þing, 17. maí.

Símamál.

Skriflegt svar samgönguráðherra við fyrispurn Birgis Ísl. Gunnarssonar um símamál, á þskj. 371, sent þm. 17. maí.

Með tilvísun til fyrirspurnar frá Birgi Ísl. Gunnarssyni á þingskjali 371 fer hér á eftir svar það sem forstjóri Pósts og síma hefur látið samgönguráðuneytinu í té:

Með tilvísun til skrifa varðandi fyrispurn um símamál á þskj. 371, tölul. I, skal eftirfarandi upplýst:

Samkvæmt bréfi samgönguráðuneytisins, dags. 1979-02-16, hefur stofnunin pantað efni til svonefndrar Karlsontalningar á innanbæjarskrefum, en verklegar framkvæmdir að þessu leyti eru ekki enn þa hafnar.

Svör við einstökum spurningum:

1. a) Innkaupsverð er 40 millj. kr.
   Aðflutningsgjöld eru 55 millj. kr.
   b) Gert er ráð fyrir að framkvæmdum hér að lútandi ljúki í byrjun næsta árs.
   c) Sá hinn sami og fram kemur í þingsályktun 28. mars 1974, sem samþykkt var af þingmönnum úr öllum flokkum.
   d) Réttlátast er að sama gjaldtaka verði tekin upp alls staðar á landinu samtímis.
   e) Það hlýtur að verða stjórnmálaleg ákvörðun hversu margir áfangar verða hafðir á leiðinni til fullrar jöfnunar símagjalda.
   Hæstvirtur samgönguráðherra mun að sjálfsögðu velja réttláta lengd innanbæjarskrefa og skrefagjald.
   f) Meðallengd innanbæjarsímtala í Reykjavík er samkvæmt mælingum 2.6 mín. og mælingar á undanförnum árum hafa gefið svipaða niðurstöðu.
   g) Tekjur af innanbæjarsímtölum aukast, en tekjur af langlínusímtölum í sjálfvirka símakerfinu verða lækkaðar að sama skapi.
   h) Gjaldtökunni má stýra hliðstætt næturtaxtanum.
2. Í sambandi við fyrirspurnina undir lið 2 skal upplýst að tiltölulega nýlega eru komin á markað erlendis tæki sem leysa vandann sem hér um ræðir. Hver stjórnsýslustofnun þarf þá að fá settan upp búnað eða sérstakt tæki með 2 númerum á hverri sjálfvirkri símstöð landsins, en þær eru 87 talsins. En hugsanlega mætti komast af með að setja þennan búnað eingöngu á hnútstöðvarnar sem eru 20. Þá losnuðu menn við dýrustu langlínutaxtana (8, 10 og 12 sek.) og verulegur sparnaður næðist í tækjabúnaði og númerum í sjálfvirka símakerfinu.

Jón A. Skúlason.

Efri deild, 92. fundur.

Laugardaginn 17. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Efri deild, 93. fundur.

Laugardaginn 17. maí að loknum 92. fundi.

Tilbúningur og verslun með smjörlíki, frv. (þskj. 474, n. 555). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl. Þetta mál er búið að fara í gegnum Nd. og leggur n. til að það verði samþ. óbreytt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þeir Þorv. Garðar Kristjánsson og Eyjólfur Konráð Jónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 394, n. 556). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um eyðingu refa og minka. Þetta frv. er einnig komið frá Nd. og landbn. leggur til að það verði samþ. eins og það kom þaðan. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Þorv. Garðar Kristjánsson og Eyjólfur Konráð Jónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, frv. (þskj. 102, n. 557). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Félmn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44 frá 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum. N. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Karl Steinar Guðnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér er að vísu á döfinni mál sem ég er andvígur. Ég er alinn upp í sjávarþorpi og kynntist þegar í æsku þessu dýrlega afbrigði íslensku sauðkindarinnar, garðrollunni, sem var kölluð stökkrolla á Austfjörðum, þar sem ég ólst upp, eða klifurrolla, því að sum afbrigði hennar hafa lært að klifra upp girðingarstaura. Það mun vera um þessi sérstöku afbrigði sauðkindarinnar líkt og um forustuféð að þeim afbrigðum er ekki til að dreifa í öðrum löndum. Ég er því mótfallinn að stuggað sé við þessu fé eða gerðar ráðstafanir til að útrýma því. Ég mun þó ekki gera það að úrslitaatriði nú á síðustu þingdögum. En hin tvö fyrri málin eru þess háttar, sem hér eru á dagskrá, að ég fylgi þeim eindregið. Ég er þeirrar skoðunar, að smjörlíki, þó vont sé, sé þess háttar að við komumst ekki hjá því að framleiða það og megi gera þær breytingar sem um er rætt. Ég tel einnig að við eigum að stuðla að fækkun refa og minka. Ég vík því til hæstv. forseta að við afgreiddum öll þessi mál í breyttri röð við 3. umr. ef það mætti koma því þannig til leiðar að refirnir yrðu þá látnir annast útrýmingu garðrollunnar og við gætum eitrað að svo búnu fyrir þá með smjörlíki.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 94. fundur.

Laugardaginn 17. maí, að loknum 93. fundi.

Búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, frv. (þskj. 102). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 569).

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 394). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 570).

Tilbúningur og verslun með smjörlíki, frv. (þskj. 474). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 571).

Neðri deild, 79. fundur.

Laugardaginn 17. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Afgreiðsla þingmála.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Eins og hv. þdm. er ljóst bíða hér mörg mál afgreiðslu, og ég vil nú í allri vinsemd fara fram á það að njóta góðrar aðstoðar hv. þdm. svo að málin nái fram að ganga. Ég vek sérstaka athygli á tveimur málum, 3. dagskrármálinu, lánsfjárlögum, og eins lögum um jöfnun hitunarkostnaðar. Ég nefni þau sem dæmi um mál sem nauðsyn ber til að nái fullnaðarafgreiðslu í þessari hv. d. í dag. Mér er kunnugt um að ýmsir veigra sér mjög við að mæta til fundar í kvöld, en þó kann það að vera nauðsyn til þess að okkur skili nægjanlega fram í vinnu, þar sem við það er miðað að þinglausnir fari fram á þriðjudaginn kemur.

Lántaka vegna framkvæmda á sviði orkumála, frv. (þskj. 3, n. 545). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðhöndlunar 3. mál þingsins, sem er komið frá Ed. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. frá því á árinu 1979, settum 16. okt. 1979, og mælir meiri hl. n. með því að frv. verð samþ.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um mál þetta að þessu sinni. Ég mun koma inn á þessi mál nokkuð er við fylgjum úr hlaði frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980. Hér er um að ræða fjármagn sem þegar hefur verið notað og varið, eins og fram kemur í frv., og er um að ræða staðfestingu á þeim gerðum.

Ég vil ítreka að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj.. 82, n. 523). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940, sbr. lög nr. 101 frá 1976. Frv. þetta gerir ráð fyrir að sektarramminn í 50. gr. laganna sé hækkaður upp í 30 millj. kr., en hann er í lögunum eins og þau eru 5 millj. kr. Það má geta þess til fróðleiks, að þegar almennu hegningarlögin voru sett árið 1940 þótti við hæfi að þessi sektarrammi væri 30 þús. kr. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið og þykir hæfilegt að sektarramminn sé 30 millj. kr.

N. er sammála um að mæla með því við hv. Nd. að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 83, n. 540). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940, sbr. lög nr. 41 frá 1973 og lög nr. 24 frá 1976. Frv. þetta gerir ráð fyrir að við 6. gr. laganna verði bætt því nýmæli að gera háttsemi, sem greinir frá í 1. gr. Evrópusamnings frá 27. jan. 1977 um varnir gegn hryðjuverkum, refsiverða að íslenskum hegningarlögum. Þessi breyting er nauðsynleg til þess að hægt sé að staðfesta fyrir Íslands hönd þennan Evrópusamning um varnir gegn hryðjuverkum.

N. er sammála um að mæla með þessari breytingu á hinum almennu hegningarlögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 414, n. 532). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti iðnn. um Iðnþróunarsjóð. Þetta er 181. mál og nál. á þskj. 532. N. athugaði þetta frv. og hún leggur til að það verði samþ. óbreytt. Birgir Ísl. Gunnarsson var ekki á þessum fundi, en aðrir nm. skirfuðu undir athugasemdalaust.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 428, n. 533, 539). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Iðnn. hafði til meðferðar frv. til l., 184. mál, um Iðnrekstarsjóð. Hún skilar nál. á þskj. 533. Hún athugaði frv. og leggur til að það verði samþ. Einn nm., Friðrik Sophusson, skrifaði undir með fyrirvara og flytur við frv. brtt.

Til frekari áréttingar, vegna þess að sumir nm. töldu nokkra hættu á því að ósamræmis gætti í frv.-texta og í skýringum, viljum við leggja á það áherslu, að það er skilningur okkar að í 3. tölul. 6. gr. sé átt við það að sjóðnum sé bæði heimilt að ábyrgjast lán sem veitt eru vegna fjárfestingar og vegna framleiðslu.

Birgir Ísl. Gunnarsson var fjarstaddur við afgreiðslu

málsins og tveir nm. skrifuðu undir nál. með fyrirvara, Jósef Þorgeirsson og Friðrik Sophusson, en fyrirvaralaust skrifuðu aðrir nm. undir.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt ásamt Sighvati Björgvinssyni við frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð og er á þskj. 567. Þetta eru raunar tvær brtt. Í fyrsta lagi er brtt. við 5. gr., a-lið 2. mgr., að hún orðist svo:

„Viðbótarframlag ríkissjóð með hliðsjón af vinnsluvirði iðnaðar undanfarin ár, samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar, eins og ákveðið kann að vera af Alþingi hverju sinni."

Þetta skýrir sig sjálft.

Í öðru lagi er ekki alveg ljóst af textanum með hvaða hætti vaxtaákvarðanir eigi að vera. Þó má gera ráð fyrir að ætlað sé að vaxtaákvarðanir verði í samræmi við lög nr. 13 frá 1979. En til þess að taka af öll tvímæli um þetta leggjum við til að við 7. gr., þar sem fjallað er um vexti og vaxtaákvarðanir hins væntanlega sjóðs, bætist: „enda verði fyrir árslok 1980 komið á fullri verðtryggingu útlána."

Hér er um raunvaxtaaðferðina að ræða og eins og hún hefur verið samþ. sem lög frá Alþingi, í lögum nr. 13 frá árinu 1979.

Ég held, herra forseti, að það þurfi að leita afbrigða til að fá þessa till. rædda.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 567, sem var of seint fram komin, samþ. með 21 shlj. atkv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Á þskj. 539 hef ég leyft mér að flytja brtt. við það frv. sem hér er til umr., frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð, sem er 184. mál. Ed. Þessi brtt. er við 2. mgr. 6. gr., sem er jafnframt lokamgr. 6. gr., en hún orðast svo samkv. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Í því sambandi skal höfð hliðsjón af svæðisbundnum áætlunum er hlotið hafa staðfestingu stjórnvalda."

Það er sem sé sagt í 6. gr. að það eigi að hafa hliðsjón af svæðisbundnum áætlunum við starfsemi sjóðsins. Nú er mér kunnugt um að það þykir ekki ákveðið orðalag „að hafa hliðsjón af einhverju". Það þýðir nánast ekki annað en að menn, sem ákvarðanir taka, viti af ákveðnum upplýsingum. Ég freistast stundum til að álykta sem svo, að það eigi að skilja þessa mgr. með þeim hætti. En vegna þess að við höfum í þjóðfélaginu aðra stofnun en Iðnrekstrarsjóð, Byggðasjóð og heila Framkvæmdastofnun, sem fjallar sérstaklega um svæðisbundnar áætlanir og gerir tillögur þar að lútandi, finnst mér óeðlilegt að þetta ákvæði sé sérstaklega sett í almenn lög um almenna sjóði á borð við þennan og gæti orðið til þess að sett væri slíkt ákvæði í öll lög er lúta að lánasjóðum. Væri þá í reynd verið að segja í slíkum lögum að það ætti að láta fjármuni renna fremur til ákveðinna svæða, þar sem unnið hefur verið að áætlunum, frekar en í önnur landssvæði. Ég tel þetta ákvæði vera óþarft. Ég skil ekki að það þjóni nokkrum tilgangi og tel aðeins til bóta að þetta ákvæði hverfi úr lögunum. Um það geri ég till. á þskj. 539, eins og ég sagði áður.

Ég hefði vitaskuld freistast til þess að flytja aðra brtt. við 3. gr. þessa frv., sem fjallar um stjórn sjóðsins, en þar segir að ýmis samtök eigi að skipa menn í stjórn, en svo er nefnt eitt fyrirtæki, sem er Samband ísl. samvinnufélaga, og ákveðið að það fyrirtæki eigi að skipa mann í sjóðsstjórnina. Þetta finnst mér óheppilegt, þar sem þessi sjóðsstjórn kemur til með að fjalla um ýmsar nýjungar í iðnrekstri hér á landi, um ýmsa nýsköpun sem auðvitað verður að ætlast til að farið sé með sem trúnaðarmál af hálfu stjórnar. Það er því í fyllsta máta óeðlilegt, að mínu áliti, að eitt ákveðið fyrirtæki hafi mann í sjóðsstjórn eins og þessari. Því miður tel ég tilgangslaust að flytja slíka till., enda féll hún í hv. Ed. þar sem kom fram till. um að í stað Sambands ísl. samvinnufélaga kæmi Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Ég sé að vísu ekki að Vinnumálasambandið eigi þarna erindi, en það hefði þó verið ólíkt skárra en að eitt fyrirtæki eigi þarna aðild að.

Nú er mér kunnugt um að þegar Sambandi ísl. samvinnufélaga hentar kallar Sambandið sig samtök fólksins í landinu, en svo þegar því hentar við önnur tilefni er það einstakt fyrirtæki. Það má eiginlega skipta þessum viðhorfum í tvennt eftir því, hvort Sambandið á að fá eitthvað í sinn hlut eða hvort það á eitthvað að láta af hendi rakna er venjan sú, að þeir bera fyrir sig að þeir séu aðeins eitt fyrirtæki og að það sé óeðlilegt að þeir borgi meira en aðrir. En eigi það hins vegar að fá eitthvað í sinn hlut er Sambandið samtök fólksins í landinu og á þá að njóta þess að fá mun meira í sinn hlut. — Þetta er almennt sagt um þetta fyrirtæki, þetta samband, þessi samtök eða hvað menn vilja nefna það. Ég tek það samt fram að ég mun ekki flytja þessa till., en vildi samt kynna þessi viðhorf hér í hv. deild.

Að lokum langar mig til að segja örfá orð um fram komna till., sem hv. 9. þm. Reykv. lýsti hér áðan og ég hafði reyndar ekki séð fyrr, en fjallar um breytingu annars vegar á 5. gr. frv. og hins vegar á 7. gr. þess.

Brtt. við 7. gr. gerir ráð fyrir að lán Iðnrekstrarsjóðs verði með fullri verðtryggingu. Það er stefna sem Alþ. hefur þegar tekið ákvörðun um. Ég ætla ekki að gera þessa till. að umræðuefni að sinni, en ef svo kynni að fara að einhver hæstv. ráðh. stæði hér upp og gerði einhverja grein fyrir þessu máli hér vil ég gjarnan spyrja hann í leiðinni, því að hæstv. ráðh. eru fágætir í ræðustól um þessar mundir, um almenn málefni þjóðarinnar, hvernig standi á því að frá þeirri áætlun hefur verið vikið sem gerði ráð fyrir að full verðtrygging næðist fyrir árslok. Hvernig stendur á því að Seðlabankinn hefur ekki fengið að reikna út lánskjör með þeim hætti sem gert var ráð fyrir, ef það er rétt, sem fram hefur komið í blöðum að undanförnu, að vænta megi stefnubreytingar? Eða þurfa sparifjáreigendur enn um sinn að hlíta því, að ríkisstj. Íslands geti eftir geðþóttaákvörðunum unnið gegn lögum, sem meginhluti sömu ríkisstj. hefur sett, og skapað þannig ærinn vanda fyrir fjölmarga borgara þessa þjóðfélags, sem hafa lagt það á sig í góðri trú að leggja fé í banka og fest þannig fjármagn sitt til þess annars vegar, að atvinnuvegir þjóðarinnar geti gengið, og til þess hins vegar, að ríkisstj., jafnvel misvitur ríkisstj., geti haft úr einhverju að moða? Ef einhver hæstv. ráðh. kemur hér og ræðir um iðnað vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið um Iðnrekstrarsjóð, og vegna þeirrar till., sem lögð er fram af tveimur hv. Alþfl.-þm., vil ég gjarnan, þar sem senn líður að þinglausnum, fá skýrt og skorinort frá viðkomandi hæstv. ráðh. hvenær sú stefnubreyting kemur til með að eiga sér stað hjá hæstv. ríkisstj., að hún fari að fara að þeim lögum sem hún sjálf hefur tekið þátt í að setja hér í landinu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. iðnn. þessarar d. — og raunar einnig hv. Ed. — fyrir skjóta og góða afgreiðslu á frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð, og ég vil raunar einnig bæta við varðandi það mál, sem var hér næst á undan á dagskránni, varðandi Iðnþróunarsjóð, sem þessar nefndir fjölluðu um og hafa mælt með að samþykkt verði án breytinga, ef frá er talin sú brtt. sem einn nm., hv. þm. Friðrik Sophusson, stendur hér fyrir og hefur kynnt varðandi 6. gr. frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð. En það er út af fyrir sig ekki stórvægilegt atriði, sem þar er gerð till. um, og skiptir ekki sköpum. Ég tel þó að sú till. sé ekki til bóta.

Ég hygg að það gæti nokkurs misskilnings hjá hv. flm. að því leyti, að þarna sé verið að leggja til að stuðningur verði veittur til þróunaraðgerða sem tengjast byggðaviðhorfum sérstaklega. Það er talað um að í sambandi við viðbótarlán vegna fjárfestinga og áhættulán í því sambandi skuli höfð hliðsjón af svæðisbundnum áætlunum er hlotið hafa staðfestingu stjórnvalda. Þessar svæðisbundnu áætlanir um iðnþróun geta að sjálfsögðu varðað alla landshluta, þ. á m. það kjördæmi sem við erum staddir í, og þetta er aðeins til áherðingar á að það verði tekið mið af þeirri áætlunargerð sem að er unnið í landinu varðandi iðnþróun og mikill áhugi ríkir á hér á hv. Alþ., eins og till., sem fluttar hafa verið þar að lútandi á liðnum vetri, bera ljósan vott um. Ég held því að það þurfi ekki að meta þetta eins og mér fannst koma fram hjá hv. flm. þessarar brtt.

Varðandi brtt., sem fluttar eru á þskj. 567 við það frv. sem hér liggur fyrir, vil ég geta þess, að ég tel að það skipti miklu máli að það verði ekki hróflað við frv. eins og það liggur fyrir og hv. iðnn. hefur mælt með varðandi stofnfé sjóðsins. Ég vil skýra það aðeins nánar, því að ég mælti ekki sérstaklega fyrir þessu frv. hér í hv. d., en ég var ekki á þinginu þegar þetta mál kom til 1. umr. í hv. deild.

Við undirbúning þessa frv. var við það miðað að Iðnrekstrarsjóður yrði efldur. Það tengist stefnumiðum núv. ríkisstj. að svo verði, og það tengist þeim áformum sem uppi eru um að styðja við þróunarstarf í iðnaði hér á næstu árum. Ég held að flestir ef ekki allir hv. þm. séu því samþykkir og þeirrar skoðunar að það þurfi að efla iðnað í landinu og styðja við undirstöðustarfsemi þar að lútandi. Með þeim till., sem varða tekjuöflun til Iðnrekstrarsjóðs, sem eru gerðar till. um samkv. frv., er verið að tryggja tímabundið að um nokkurra ára bil verði varið ákveðinni lágmarksupphæð frá ríkissjóði til þessa sjóðs þannig að öruggt sé að staðið verði við að vissu lágmarki þau markmið sem sjóðnum er ætlað að vinna að og tryggja. Það er hins vegar ekki um að ræða, eins og virðast má af lestri frv., að það sé verið að auka við framlög til sjóða iðnaðarins sem þessu nemur, því að gert er ráð fyrir að frá árinu 1982, sem á mundi reyna þá viðmiðun sem felst í a-lið 2. mgr. 5. gr., falli ríkisframlög til Iðnlánasjóðs niður, en þau framlög nema samkv. gildandi fjárlögum 300 millj. kr. Þeir aðilar, sem að þessum málum hafa unnið, meta það meira að fá þarna tímabundna tryggingu um lágmarksframlag til þessa þróunarsjóðs iðnaðarins en að viðhalda beinum framlögum úr ríkissjóði til Iðnlánasjóðs. Um þetta er getið í aths. með þessari grein og um þetta var rætt við fjmrn. við undirbúning frv., og raunar má segja að þetta hafi verið forsenda fyrir því að samþykki þess fékkst við þeirri tillögu sem hér er um tekjur til sjóðsins. Ég vek athygli á því, að það er ekki binding nema til nokkurra ára, áranna 1982—1985, sem hér er um að ræða, og sett fram sem viðmiðun um lágmarksframlag til þessa sjóðs.

Ég þarf ekki að eyða orðum að því hér, að þessi sjóður er nokkuð sérstaks eðlis. Honum er ætlað að styðja við undirstöðustarfsemi í iðnaði, vera eins konar fjörefnisgjafi iðnþróunar í landinu, og hann er ekki hugsaður sem stofnlánasjóður í þeim skilningi. Þar höfum við Iðnlánasjóð sem hefur sérstaka tekjustofna og sérstök lög, sem hann byggir á, og er aðalstofnlánasjóður iðnaðarins. Ég treysti því, að það sé skilningur á nauðsyn þessa máls og að þarna verði tryggt tímabundið lágmarksframlag til þessa sjóðs iðnaðarins, sem er m. a. til komið vegna þess að gert er ráð fyrir að ríkisframlag til Iðnlánasjóðs falli niður frá sama tíma, þó að ekki sé verið að lögfesta það.

Í sambandi við verðtryggingarákvæði eða vaxtakjör sjóðsins er gert ráð fyrir að hann geti veitt áhættulán og í vissum tilvikum, að mati sjóðsstjórnar, geti þau lán breyst í styrki ef viðkomandi þróunarverkefni skila ekki þeim árangri sem um er að ræða. Að þessu leyti hefur sjóðurinn að vissu marki örvunarhlutverk, eins og felst í markmiðum sem fram eru tekin í þessu lagafrv. Ég vil vekja athygli hv. flm., sem flytja brtt. við 7. gr., á því, að ekki er sérstakur akkur í því með núgildandi skattalögum að njóta hagstæðra lánskjara eða vaxtakjara, ef ég hef skilið ákvæði nýsettra skattalaga rétt, heldur er það fyrst og fremst í gegnum lánstíma sem hægt er að hafa einhvern teljandi hagnað af því að njóta lána. Þarna hefur orðið veruleg breyting á frá því sem áður var. En þó að vaxtakjör Iðnrekstrarsjóðs væru hagstæðari en annarra sjóða væri það aðeins í samræmi við þetta örvunarhlutverk sjóðsins til iðnþróunar, þannig að ég tel að það sé engin ástæða til að vera að hrófla við þeim ákvæðum sem að þessu lúta.

Ég vil svo ítreka þakkir til hv. iðnn. fyrir afgreiðslu á þessu máli og stuðning við þetta mál og treysti því, að það fái framgang hér á þinginu fyrir þinglausnir.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er vissulega jafnan tilefni til að taka málefni iðnaðarins sérstaklega til umr. hér á hinu háa Alþingi. Ég hef raunar nokkrum sinnum í vetur gert tilraun til að koma þessum málefnum hér á dagskrá og varpað fsp. fram til ríkisstj. í þeim efnum, en orðið hefur heldur fátt um svör, sem reyndar er við að búast.

Það getur að sjálfsögðu verið gott og nauðsynlegt að setja á stofn nýtt og nýtt kerfi með nýjum lánaheimildum, nýjum möguleikum til styrkja og framlaga, það getur verið gott að tala um áhættulán og ábyrgðir, viðbótarlán og hvað eina. En auðvitað er kjarni málsins sá, að sá iðnaður, sem fyrir er í landinu, og sá iðnaður, sem vissulega hefur náð góðum árangri, hafi rekstrarskilyrði til að geta starfað áfram. Ég held að í þessu sambandi sé t. d. afskaplega fróðlegt að horfa til ullar- og skinnaiðnaðar. Eins og ég veit að hæstv. iðnrh. er mjög vel kunnugt var þróunin þannig á s. l. ári, að kostnaðarhækkanir við reksturinn voru einhvers staðar á milli 50 og 60% á sama tíma og tekjuaukningin var ekki nema í kringum 26 eða jafnvel 28%, eitthvað á því bili. Það þarf enginn maður að vera í neinum vafa um að þegar þannig er staðið að útflutningsframleiðslunni hlýtur eitthvað að láta undan

fyrr eða síðar.

Það, sem veldur því að ég geri þetta mál að sérstöku umræðuefni núna, voru ummæli hæstv. iðnrh. þegar hann fór áðan að tala um sérstakar svæðisbundnar áætlanir um iðnþróun. Ég minnist þess m. a. frá s. l. sumri, þegar hæstv. iðnrh. var staddur á Akureyri, að hann gaf út fréttatilkynningu um það, eftir að hafa kynnt sér stöðu ullar- og skinnaiðnaðarins þá, að þessi heimsókn hefði orðið mjög gagnleg. Ég skildi hana þannig, að vegna sérstakra vandamála, sem þessi tegund útflutningsframleiðslunnar átti þá við að búa, mætti vænta þess, að með einhverjum hætti yrði komið til móts við eða reynt að finna lausn á þeim rekstrarerfiðleikum sem þessi framleiðsla átti við að stríða.

Ég sé ástæðu til þess í þessu sambandi að minna á að bæði samtök iðnverkafólks á Akureyri og Sambandsverksmiðjur SÍS á Akureyri, sem eru langsamlega stærstu aðilarnir af þessum iðnaði, kölluðu þm. Norðurl. e. norður til sérstaks fundar til að ræða þessi mál. Því miður verður að segjast eins og er, að fram að þessu hefur næsta lítið komið út úr þeim fundi. Að vísu hefur gengið sigið nokkuð, það hefur komið til gengisfellingar og verulegs gengissigs síðan, þannig að tapið á ullar- og skinnaiðnaðinum er ekki jafngeigvænlegt og myndin ekki jafnsvört af þeim sökum og hún virtist vera í byrjun marsmánaðar og í febrúarmánuði s. l. Samt er fjarri því að endar náist saman. Þrátt fyrir hið mikla gengissig, sem verið hefur, sígur áfram á ógæfuhliðina.

Nú skulum við ekki vera að reyna að blekkja okkur með því eða svæfa samviskuna með því að þeir menn, sem standa að þessum iðnaði, og það iðnverkafólk, sem þarna er um að ræða, sé ekki hæft fólk í sinni starfsgrein. Þvert á móti er hér um mjög þrautþjálfað fólk að ræða, sem sumt hefur svo áratugum skiptir unnið að þessari framleiðslu. Þarna hefur verið unnið gífurlegt markaðsstarf í öðrum löndum fyrir þessa vöru og jafnan byggt á því, að við Íslendingar yrðum að haga útflutningsframleiðslu okkar á þann veg að við gætum framleitt dýra vöru og góða vöru, sannkallaða gæðavöru, sem yrði eftirsótt á hinum dýrustu mörkuðum. Við vitum það líka fyrir að frá framleiðslu, sem hér um ræðir, hefur fengist hærra verð erlendis en vöru frá sambærilegum erlendum aðilum, bæði á Norðurlöndum og Írlandi. Þetta er mjög eftirsótt vara og pantanirnar koma inn í stríðum straumum. M. ö. o.: það er nóg verk að vinna og hið þrautþjálfaða fólk, sem þarna vinnur, hefur þess vegna uppfyllt það sem hægt var að ætlast til af því. Það framleiðir vöru sem er eftirsótt erlendis og menn eru reiðubúnir að greiða hærra verði en vöru frá öðrum löndum sem rétt er að bera sig saman við í þessum efnum. Samt sem áður hefur það gerst, jafnvel nú í vetur, að lokað hefur verið iðnfyrirtækjum, sem hafa byggt á þessum rekstri, og framleiðslan er öll í mikilli óvissu.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hvílíkt tjón það yrði fyrir okkur ef þessir markaðir, sem búið er að vinna þannig upp, glötuðust, ef við stæðum ekki við okkar skuldbindingar í sambandi við vörur á þá, ef nafn okkar gleymdist, ef þeim aðilum, sem senda pantanirnar núna í stríðum straumum til landsins, yrði ekki sinnt með eðlilegum hætti. Það er þess vegna gífurlega mikið hér í húfi og þetta mál mjög alvarlegt fyrir byggðarlag eins og Akureyri. Ætli það megi ekki gera ráð fyrir að þeir, sem hafa afkomu sína af þessum rekstri, skipti þúsundum þar? Það er ekki aðeins að þetta hafi þannig mjög afgerandi og mjög bein áhrif á alla byggðaþróun í þessum stærsta iðnaðarbæ landsins í útflutningsiðnaðinum, heldur er þetta einnig mjög þýðingarmikið, a. m. k. að mati hæstv. landbrh., í sambandi við stefnu okkar í þeim málum að landbúnaðurinn geti stuðst við sterkan iðnað í landinu sem byggi afkomu sína á úrvinnslu úr innlendu hráefni.

Ég vil nú spyrjast fyrir um það, að gefnu því tilefni að hæstv. iðnrh. ræddi hér áðan um svæðisbundnar áætlanir um iðnþróun, hvaða fréttir hann hafi að segja í sambandi við eðlilegar óskir þessa útflutningsiðnaðar í sambandi við hans kröfur, að hvaða leyti ríkisstj. hefur orðið við þessum óskum og hvernig hæstv. ríkisstj. býst við því að mæta þeim á næstunni, við skulum segja í sambandi við þessar hugmyndir um iðnþróunina. Ég spyr sérstaklega að því, hvaða hugmyndir hæstv. iðnrh. geri sér um það uppsafnaða óhagræði iðnaðarins, sem oft hefur komið á dagskrá, og einnig uppsafnaðan söluskatt, og óska upplýsinga um hvernig þau mál standi nú. En á sama hátt og þessi þrjú síðustu misseri, síðan hæstv. iðnrh. tók við völdum, á sama hátt og æ síðan, hefur staða útflutningsiðnaðarins veikst mjög verulega vegna miklu verri rekstrarskilyrða en áður, vegna þess að kostnaðarhækkanirnar hafa orðið meiri en mögulegar tekjuhækkanir og auðvitað fyrst og fremst hjá þeim iðnaði sem verður að ákveða vöruverð sitt með löngum fyrirvara, eins og hér um ræðir, þar sem vöruverðinu er slegið föstu í byrjun hvers árs og þessi iðnaður er því mjög veikur fyrir öllum hækkunum á rekstrarkostnaði sem yfir dynja á árinu. — Ég geri ráð fyrir að enginn geti á þessari stundu svarað því, hvernig þessi iðnaður á að mæta þeim gífurlegu kostnaðarhækkunum sem fyrirsjáanlegt er að yfir dynja á næsta sumri.

Lítum yfir þessa sögu og veltum því sérstaklega fyrir okkur, hversu atvinnuöryggi þessa fólks er orðið lítið þrátt fyrir að kaup þess hefur sannarlega ekki orðið neinar drápsklyfjar á einu eða neinu. Það er ekki kaup þessa fólks sem er að sliga niður þennan atvinnurekstur á þeim tíma, sem núv. hæstv. iðnrh. hefur setið að völdum í ríkisstj., og á þeim tíma, sem þessi vinstri stjórn og sú síðasta, sem á undan henni var, hafa smátt og smátt verið að brjóta niður efnahagslíf landsins og þann grundvöll sem búið var þó að laga fyrir atvinnulífið í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar. Það er ekki þetta lágt launaða fólk sem er að sliga þennan atvinnurekstur. Það eru ýmsar aðrar hækkanir, það er ýmis annar kostnaður sem þarna hleðst á og eyðileggur afkomuna. Þetta er kjarni málsins.

En við skulum líka rifja það upp, að iðjufólk á Akureyri var heldur ekkert sérlega hrifið eða upp með sér af formanni Verkamannasambands Íslands, Guðmundi J. Guðmundssyni, sem þá var ekki háttvirtur, en er orðinn það núna, þegar hann var á þessum tíma að efna til stórpólitískra átaka á vinnumarkaðinum og lofa upp í ermina sína „samningunum í gildi", sem hann hefur ekki einu sinni verið maður fyrir að segja eitt einasta orð um eftir að hann var kosinn á Alþingi. Þetta fólk sá í gegnum svikin og vissi að framkoma af þessu tagi mundi ekki vera vænleg fyrir svo viðkvæman rekstur sem ullar- og skinnaiðnaðurinn var. Það var af þeim sökum sem fulltrúar þessa lágt launaða fólks vildu ekki taka þátt í þeirri pólitísku skemmdarstarfsemi sem formaður Verkamannasambandsins og stjórnarmaður í BSRB, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, beittu sér svo mjög fyrir á

þessum árum. Það var eftirtektarvert á þeim tíma að starfa með Jóni Ingimarssyni formanni iðnverkafólks á Akureyri í þeirri nefnd, sem fjallaði um þessar aðgerðir fyrir launþega á öllu Norðurlandi, og heyra þau rök formanns iðnverkafólks á Akureyri að hann tæki ekki þátt í skemmdarstarfsemi af þessu tagi. Það er líka komið á daginn núna að þróunin hefur orðið eins og þetta fólk óttaðist. S. l. ár var gífurlega vont í þessum rekstri og allar horfur eru á að þetta ár verði verra.

En það er ekki aðeins að útflutningsiðnaðurinn sé þannig verr settur en áður, og er skemmtilegt að heyra hæstv. iðnrh. vera alltaf að tala um iðnþróun úti um landið og víkja aldrei að sjálfum rekstrargrundvellinum. Hvaða máli skiptiar hvað er teiknað uppi í iðnrn.? Hvaða máli skiptir þótt hæstv. iðnrh. fari til Akureyrar, Egilsstaða og hvert sem hann vill, ef ekki er hægt að reka eitt einasta fyrirtæki af því að kostnaðurinn hleðst svo upp? Hvaða máli skiptir það? Og hvaða bull er þetta um iðnþróun þegar búið er að drepa allt niður? Hvernig er staðan t. d. í samkeppnisiðnaðinum? Hvað er að gerast þar? Það væri gaman að gera úttekt á því. — Ég sé að nú kemur fyrrv. iðnrh. inn. Það væri gaman að gera úttekt á því, hvernig staðan er núna t. d. í sælgætisiðnaðinum eða þegar hann stjórnaði í skjóli sjálfstæðismanna þeim málum. Það væri skemmtilegt að sjá það. Ég minnist þess að vísu, að hæstv. félmrh. hafði afskaplega mörg orð um það á þeim tíma að hæstv. forsrh. fylgdi rangri stefnu í húsnæðismálum, taldi að hann hefði lítið gert í þeim efnum. Hins vegar var þá nóg atvinna í sælgætisiðnaðinum, en þar eru menn að missa atvinnuna núna. Og hvernig er það í kexinu? Hvernig er t. d. byggingariðnaðurinn?

Komum kannske að einu atriði þessa máls, sem ekki er síður skemmtilegt að athuga: Á hverju byggir t. d. Þjóðhagsstofnun tölur sínar um stöðu iðnaðarins? Hvað skyldu það vera gamlar tölur? Ætli þær séu frá árinu 1977 eða 1978? Það eru ekki tölur um stöðuna eins og hún er í dag, svo mikið er víst, og þess vegna kemur sú bága mynd, sem launafólkið sjálft, sem öryggi sitt á undir þessum rekstri, veit um, ekki fram í þeim fínu pappírum sem þar eru búnir til, en veldur því m. a. hversu þetta fólk, sem er lægst launað í þjóðfélaginu, er rólegt núna. Það veit að búið er að fara þannig með efnahag landsins að ekki einu sinni hið minnsta svigrúm fyrir lægst launaða manninn er til. Hæstv. forsrh. lýsir því yfir að 1% launahækkun sé sama og 1% hækkun á verðbólgunni og náttúrlega ekki hin minnstu mótmæli frá formanni Verkamannasambands Íslands við þeim ummælum. Allt er þetta nú orðið satt og rétt. Og þá langar mig að spyrja: Hvernig heldur formaður Verkamannasambands Íslands að hægt sé að lifa af 250—300 þús. kr. launum á mánuði? Það væri gaman að heyra hann búa til kostnaðarreikning fyrir það heimili sem gæti gert það. (Gripið fram í.) Hvernig skyldi það vera hægt? Nei, sannleikurinn er að sjálfsögðu sá, að eins og á þessum málum hefur verið haldið er búið að eyðileggja svo gersamlega, ekki aðeins rekstrargrundvöllinn fyrir heimilunum, heldur um leið búið að fara þannig með rekstrargrundvöll atvinnufyrirtækjanna að það er ekki einu sinni gerð tilraun til þess hér á Alþ. að fara orðum um það á hverju hann skuli byggjast.

Við gætum haldið áfram að velta þessum málum fyrir okkur. Nú er svo komið, á sama tíma og peningakreppa er mikil í landinu, lánsfjárkreppa, peningarnir streyma út úr bönkunum, það ræðst ekki neitt við neitt, þar með vantar þann grundvöll sem bankarnir hljóta að vera, ekki síst í svo mikilli verðbólgu, til þess að geta séð atvinnuvegunum fyrir nauðsynlegu rekstrarfé, þ. e. að ná einhverjum peningum inn, að þá er búið að búa svo í haginn að enginn má lengur eiga bankabók, ekki einn einasti maður, án þess að hið opinbera þurfi ofan í það að fara. Svo er verið að tala um það í þessu ágæta frv., að Iðnrekstrarsjóður eigi að leggja fram fé til hlutafjársöfnunar til að byggja upp eigið fé í fyrirtækjum.

Nú er þetta dálítið merkilegt. Ef eigið fé í fyrirtæki skipti svo miklu máli, að ástæða væri til að skattleggja menn til þess að ríkissjóður gæti lagt fram fé til hlutafjárkaupa, hvernig stendur þá á því, að í skattalögunum má ekki halda þannig á að menn séu örvaðir til að leggja fé sitt í atvinnurekstur? Hvers vegna skyldi það ekki vera gert í einhverjum mæli og með öðrum hætti reynt að stuðla á jákvæðan hátt að því, að fólk vildi koma nálægt atvinnurekstri? Vanaviðkvæðið upp á síðkastið er einmitt á hinn bóginn, að þeir eru fleiri og fleiri sem segja við mann að ekki sé hægt að standa fyrir fyrirtæki lengur vegna þess að það viti bókstaflega enginn maður hvernig rekstrargrundvöllurinn verði í næsta mánuði. Þeir segja mér t. d. norður á Raufarhöfn að ef þeir fljúgi til Reykjavíkur sé flugfarið orðið hálfu dýrara þegar þeir komi norður aftur. Þannig dynja hækkanirnar yfir, ekki ræðst neitt við neitt og engin tilraun er gerð til að stjórna nokkrum sköpuðum hlut.

Herra forseti. Ég sé sérstaka ástæðu til að fagna því, að hæstv. iðnrh. skuli vilja beita sér fyrir þróunaraðgerðum sem tengjast byggðaviðhorfum, held ég að hann hafi sagt, og vona að í þessu felist þá að hann muni beita sér fyrir því, að einhver rekstrargrundvöllur verði undir þeim iðnaði sem keppir við hinn erlenda iðnað, bæði útflutningsiðnaði og ekki síður samkeppnisiðnaði, því að hann er bókstaflega allur að grotna niður og það er ekki að sjá að hæstv. ríkisstj. geri minnstu tilraun til að hamla þar á móti. Mundi þó, ef eitthvað væri um þessi mál hugsað, sýnast nærtækt að í sjónvarpinu yrði nú gert almennilegt átak til að hvetja fólk til að kaupa íslenskan varning og tryggja þannig íslenska atvinnustarfsemi, þannig að menn hugsi ekki fyrst og fremst um það, með hvaða ráðum og hvernig þeir geti auðveldast komist úr landi og er þá sama þó þeir eigi ekki fyrir ferðinni til baka eins og ástandið er að verða í þessu landi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að taka þátt í almennum eldhúsdegi um iðnaðarmál, til þess höfum við ekki tíma nú alveg í þinglok. En ég vil taka fram, að það mun vera rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þær upplýsingar, sem þær stofnanir, sem eru okkur alþm. til ráðuneytis um ástandið í atvinnuvegunum, hafa, eru auðvitað eins til eins og hálfs árs gamlar. Svo er einnig um þær upplýsingar sem þessar stofnanir hafa um málefni iðnaðarins.

Ég held að það fari hins vegar ekki á milli mála hjá okkur, sem reynum að fylgjast með í hinu daglega lífi án þess að meta allt eftir tölum á pappír, að á s. l. ári hafa verið að gerast heldur uggvænlegir atburðir í sambandi við atvinnumálin og þá ekki hvað síst iðnaðinn, því að ég held að flestir þm. geti borið vitni um að upp á síðkastið og þá einkum og sér í lagi síðustu mánuðina hefur mjög verið að færast í vöxt að yngri menn, iðnlærðir, hafa verið að flytjast frá Íslandi til annarra landa. Það er nú orðið

svo, að heita má að í svo til hverri einustu stórbyggingu í Reykjavík, sem hefur 50—60 íbúðir eða fleiri, sé einn maður sem er að fara, annað hvort einn eða með fjölskyldu sína, til nálægra landa í atvinnuleit. Flest af þessu unga fólki er iðnlært. Þetta sýnir auðvitað og sannar að þarna eru á ferðinni atvinnuerfiðleikar eða erfiðleikar í þessari atvinnugrein sem gjarnan byrja fyrst hér á Reykjavíkursvæðinu. Það gefur líka auga leið að ef menn, sem stjórna landinu, taka þá ákvörðun að nýta ekki aðra af þeim tveimur auðlindum, sem helst geta staðið undir lífsafkomu þjóðarinnar, nema að takmörkuðu leyti, verða samfélagsborgararnir að sjálfsögðu að fórna talsverðu af kjörum sínum.

Ég man eftir því, án þess að ég ætli að hefja neina umr. um það, að ég var áhorfandi og áheyrandi uppi á þingpöllum þegar umr. fóru fram á sínum tíma um vísi að stóriðju á Íslandi. Þá var því gjarnan haldið fram af þeim, sem voru andvígir því að reynt yrði að fara út á þá braut, að með stofnun álvers við Straum væri verið að leggja grundvöllinn að því að Ísland yrði varanlegt láglaunasvæði, hér væri verið að búa til láglaunahópa sem mundu sæta kjörum langt neðan við það sem gerðist í öðrum atvinnuvegum. Nú er ekki lengur um þetta rætt, því ég held að það sé almennt viðurkennt að þeir, sem starfa við þessa verksmiðju, njóti talsvert betri kjara en aðrir sem eru í sambærilegum störfum víðast hvar annars staðar í landinu. Ég held að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson o. fl., sem hafa fylgst með kjaramálum í tengslum við álverið, geti staðfest að þetta er rétt.

Við skulum ekki fara frekar út í þessa sálma. Stóriðja hefur bæði sína kosti og galla, — þar verða menn að fara varlega, — en hitt er auðvitað alveg fráleitt, eins og núv. ríkisstj. hefur gert, að lýsa því yfir að við það árferði, sem íslenska þjóðin býr nú, þegar Íslendingar þurfa á öllu sínu að halda til að geta haldið til jafns við aðrar þjóðir, sé stefna hennar að nýta ekki nema að mjög takmörkuðu leyti aðra af mikilvægustu auðlindum landsins — aðra af þeim auðlindum sem einar geta tryggt almenningi á Íslandi sambærileg kjör við aðra.

Ég ætla fyrst og fremst að fara örfáum orðum um till. þá, sem við Vilmundur Gylfason flytjum á þskj. 567, til viðbótar við það sem hv. fyrri flm. þeirrar till., Vilmundur Gylfason, sagði áðan, vegna þess að hæstv. iðnrh. hefur talið ástæðu til að fara nokkrum orðum um þessa tillögu.

Í fyrsta lagi vil ég minna á, að frá því við Alþfl.-menn fórum fyrst að berjast fyrir jákvæðum raunvöxtum og benda á að slík vaxtastefna væri mikið atriði í baráttunni við verðbólgu hefur þeirri skoðun stöðugt vaxið fylgi, þó svo hún sé síður en svo óumdeild. Í þeirri afstöðu okkar, að lán eigi að veita þannig að menn endurgreiði þau til baka í jafnvermætum krónum, felst að sjálfsögðu ekki að við Alþfl.-menn séum andvígir því að einstaklingum, atvinnufyrirtækjum eða atvinnuvegum í landinu verði veittir styrkir af almannafé. Það, sem hins vegar felst í þessari skoðun okkar, er það einfalda atriði að menn skilji á milli styrkja og framlaga annars vegar og lána hins vegar, lán séu lán, þau séu tekin til að endurgreiða, styrkir og framlög séu hins vegar það sem á Íslandi hefur oft verið kallað „lán" á þessum verðbólgutímum.

Það frv., sem hér er til umr., frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð, gerir ráð fyrir að sjóður þessi geti veitt styrki og framlög til iðnaðar, iðnfyrirtækja og atvinnuvegarins væntanlega í heild, til sérstakra verkefna. Það er gert ráð fyrir að fjármagni sjóðsins sé hægt að veita til atvinnufyrirtækja og einstaklinga án þess að viðkomandi aðilar þurfi að endurgreiða þetta fé í jafnmiklum verðmætum og nemur þeim verðmætum sem þeir fengu afhent. Þetta kemur fram í 8. gr., en þar segir, með leyfi forseta, að stjórn sjóðsins sé heimilt að veita styrki eða framlög sem nemi allt að 1/3 af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins o. s. frv. M. ö. o.: það liggur alveg ljóst fyrir að þessi sjóður, sem stofnsettur er, eins og hæstv. iðnrh. segir, til að veita atvinnulífinu — í þessu tilviki iðnaðinum — nokkra vítamínsprautu samkv. orðanna hljóðan í 8. gr. frv., getur notað hluta af fé sínu til beinna styrkjagreiðslna. M. ö. o. þarf ekki að koma endurgjald fyrir fjármagnsútvegunina í jafnmiklum mæli og nemur þeim fjármunum sem til viðkomandi fyrirtækis var varið.

Þegar hins vegar er rætt um í 7. gr. hver lánskjör eigi að vera er verið að ræða um það sem við köllum lán, en hvorki styrki né framlög. Alþ. hefur markað ákveðna stefnu um að þegar rætt er um lán úr fjárfestingarlánasjóðum og öðrum slíkum sjóðum og stofnunum skuli stefnt að jákvæðum raunvöxtum í áföngum. Þetta var ákveðið í svokölluðum Ólafslögum sem lögleidd voru hér á Alþ. fyrir um það bil einu ári. Þetta mál, sem hér er á ferðinni, á hins vegar að afgreiða eftir samþykkt þeirra laga. Þess vegna teljum við flm. þessarar till. nauðsynlegt að Alþ. kveði ótvírætt á um að það eigi að fara með lánsfjármál þessa sjóðs með sama hætti og lánsfjármál allra annarra sjóða atvinnuveganna. Mér finnst ekkert réttlæti í því, að þegar búið er að ganga út frá því í lagatexta að viðkomandi sjóður geti veitt óafturkræf framlög og styrki eins og þörf er á að hann geti veitt sé jafnframt verið að gefa í skyn að þau lán, sem hann kunni að veita, eigi að vera með hagstæðari kjörum en lán lánasjóða annarra atvinnuvega. Mér finnst ekki samræmi í því. Því finnst okkur eðlilegt að setja inn í lagatextann um lánakjör og vexti sambærilegt ákvæði og þegar er búið að samþykkja í svokölluðum Ólafslögum um alla aðra sjóði allra annarra atvinnuvega, þannig að það liggi ljóst fyrir að það sé ekki tilgangur Alþingis, að sé um lánveitingar úr Iðnrekstrarsjóði að ræða séu þær lánveitingar með einhverjum öðrum kjörum og hagstæðari en t. d. lánveitingar eru úr lánasjóðum fiskiðnaðar, fiskveiða eða landbúnaðar, heldur sé þarna um að ræða sambærileg lánskjör og sjóðir annarra atvinnugreina bjóða. En ég vek enn athygli á því, að sjóðnum er mögulegt og auðið samkv. lagatextanum að veita við hliðina á lánunum styrki og óafturkræf framlög. Því höfum við ekki hugsað okkur að breyta. Við viljum aðeins að frá því verði gengið kvitt og klárt í þessum lögum eins og öðrum að lán séu lán og styrkir styrkir. Okkur finnst óeðlilegt að aðrar reglur eigi að gilda um útlán — þá er ég að tala um lán, raunveruleg lán, ekki styrki og framlög — og lánskjör Iðnrekstrarsjóðs en gilda um lánskjör annarra lánasjóða.

Sé skilningur á því á Alþ. að ávöxtunarkjör hafi eitthvað með verðbólgumál að gera, er enn ríkari skilningur á því, að það er orðið mjög varhugavert hversu ýmis framlög úr ríkissjóði eru bundin sjálfvirkt með öðrum lögum. Það er skilningur fyrir þessu sjónarmiði, að ég hygg, í öllum flokkum þingsins. Þess vegna var samþykkt í Ólafslögum svokölluðum á s. l. vori svo hljóðandi ákvæði, í 8. gr. þeirra laga, með leyfi forseta:

„Fyrir árslok 1979 skulu ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og ein-

stakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar, og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verði framvegis ákveðin með fjárlögum ár hvert, og í áætlun með fjárlagafrv. næstu þrjú árin eftir lok hvers fjárhagsárs, sbr. 7. gr. Við endurskoðun þessa skal höfð sérstök hliðsjón af stöðu og verkefnum einstakra sjóða, m. a. með tilliti til félagslegra markmiða."

Þessi endurskoðun á hinum sjálfvirku framlögum úr ríkissjóði er þegar hafin fyrir nokkru undir forustu fyrrv. hæstv. fjmrh., Halldórs E. Sigurðssonar. Nefndin sem með þessa endurskoðun fer, er mjög langt komin í starfsemi sinni og allir nm., án tillits til þess í hvaða flokki þeir eru, eru sammála um að mjög brýna nauðsyn beri til að endurskoða þessa sjálfvirkni framlaga og afnema þau að mjög verulegu leyti, ekki vegna þess að menn hafi endilega í hyggju að lækka þau framlög úr ríkissjóði, sem varið hefur verið til tiltækra þarfa samkv. sjálfvirkum ákvæðum annarra laga, heldur vegna þess að menn viðurkenna að til að geta náð stjórn á ríkisfjármálunum, til að geta beitt þeim sem tæki í verðbólguástandi verði fjárveitingavaldið, Alþ. og ríkisstj., að geta vegið og metið aðstæður í hverju tilviki hvað varðar fjárveitingar til einstakra þarfa atvinnuvega eða stofnana með tilliti til aðstæðna á hverjum tíma, en ekki með tilliti til einhverra laga sem sett voru kannske fyrir 10, 15 eða 20 árum og bundu þessi framlög við ákveðnar prósentutölur sem eru gersamlega úreltar og í engu samhengi við allt annað sem verið er að gera. Vegna þessa skilnings, sem kom fram í þessari lagasetningu, og þeirrar endurskoðunar, sem fram fer nú og er á lokastigi, skýtur meira en lítið skökku við ef Alþ. ætlar nú allt í einu að fara að afgreiða lög eins og hér um ræðir um Iðnrekstrarsjóð, þar sem í 5. gr. er ákveðið að meðal þess, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar, sé framlag úr ríkissjóði sem miðist að lágmarki við 0.6% af vinnsluvirði iðnaðar árið á undan. Þetta er nákvæmlega sú formúla sem allir þingflokkar eru að reyna að afnema, eru að reyna að ná samkomulagi um hvernig eigi að snúa ofan af í áföngum, án þess þó að það hafi mjög illvænlegar afleiðingar í för með sér fyrir viðkomandi atvinnuvegi. Og það er meira en lítið undarlegt ef Alþ. ætlar í miðjum klíðum allt í einu að fara að ákveða að einn af mörgum sjóðum, Iðnrekstrarsjóður, fái bundið framlag úr ríkissjóði sem ekki á einu sinni að miðast við umsvif ríkisins hverju sinni, sem ekki á einu sinni að miðast við hvað til ráðstöfunar er af skattfé almennings, heldur við gersamlega óskylt mál, þ. e. vinnsluvirði iðnaðarins eins og það er metið af Þjóðhagsstofnun árið áður.

M. ö. o.: Þarna er Alþ. með öllu að afsala sér öllum möguleikum til að meta aðstæður iðnaðarins eftir árferði hverju sinni. Það má vel vera að þetta árið sé nauðsynlegt vegna ástæðna í iðnaðinum að hafa viðbótarframlagið úr ríkissjóði meira en nemur 0.6% af vinnsluvirði iðnaðarins árið áður. Það getur líka vel verið að ástandið í iðnaðinum sé þannig eða breytist þannig, að ekki sé ástæða til að verja viðbótarframlagi úr ríkissjóði sem nemi allri þessari viðmiðun. Og hvaða vit er í því, að ef menn eru hér með aðild allra þingflokka og talsverðum erfiðleikum að reyna að vinda ofan af því sjálfvirka kerfi, sem búið hefur verið til á undanvörnum árum og áratugum, þá skuli þeir gera sér leik að því í miðjum klíðum og gersamlega að þarflausu að vera að bæta enn einum nýjum bagganum þarna ofan á? Einmitt þess vegna leggjum við hv. þm. Vilmundur Gylfason til að 2. mgr. 7. gr. sé umorðuð.

Við teljum að það sé sjálfsagt, þegar tekin er ákvörðun um viðbótarframlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs eða til sjóða hverra annarra atvinnugreina sem er og til hvaða annars máls sem er, að hafa hliðsjón af aðstæðum í viðkomandi atvinnugrein. Við teljum að það sé sjálfsagt að hafa hliðsjón af vinnsluvirði iðnaðarframleiðslunnar árið áður. En við teljum ekki að það eigi endilega að binda hendur alþm. þannig að þeim sé skylt, hvernig svo sem allt veltist og skipast, að verja nákvæmlega ákveðinni prósentutölu af hinu metna vinnsluvirði til þessa sjóðs á hverju einasta ári sem reglurnar ná til. M. ö. o.: Það er verið að afhenda Þjóðhagsstofnun ákvörðunarvaldið. Fjárveitingarnar úr ríkissjóði fara eftir uppgjöri Þjóðhagsstofnunar á þessu vinnsluvirði, og þó svo Þjóðhagsstofnun sé til margra hluta nytsamleg og sé í miklu uppáhaldi, sérstaklega hjá ákveðnum þm., held ég að þm. vildu ekki almennt afhenda stofnunum í þjóðfélaginu allt það vald sem þeim er fengið í hendur og varðar útgjöld úr ríkissjóði og aðrar slíkar fjármálaákvarðanir.

Ég vil í lokin taka það skýrt fram, að með því að leggja til að þessi fasta prósenta sé felld niður úr lagasetningunni erum við alls ekki að segja að prósentan sé of há, að Iðnrekstrarsjóður þurfi ekki svona hátt framlag. Það má vel vera að Iðnrekstrarsjóður þurfi á næsta ári hærra framlag. En Alþ. verður að fá frelsi til að geta metið það miðað við aðstæður hverju sinni, en ekki láta binda sig langt fram í tímann við ákvörðun sem á að taka núna. Ég vil ekki binda hendur þeirra manna, sem eiga eftir að sitja á Alþ. árið 1985 t. d. eða 1984, við þær ákvarðanir sem verið er að taka með svona vitleysu. Þó að yfirlýsing sé gefin um að hugmyndin sé að þegar þetta kemur í fyrsta sinn til framkvæmda 1981 verði ríkisframlag fellt niður til Iðnlánasjóðs, þá er það ekki ríkisstj. sem ræður því, það er Alþ. sem ákveður það, og enginn er kominn til með að segja að árið 1982 verði aðstæður þannig í þessum atvinnuvegi að Alþ. telji rétt að fella þetta framlag niður. Þess vegna á slík yfirlýsing ekkert skylt við þá ákvörðun sem við erum að taka hér nú.

Það verður að líta á málið eins og það liggur fyrir. Málið liggur þannig fyrir, að verið er að fara þess á leit við alþm. að þeir bindi hendur, ekki bara sjálfra sín, heldur þeirra alþm., sem kunna að sitja hér á Alþ. allt til loka þess tíma sem við er miðað, um framlag til þessa sjóðs, miðað við einhverja hundraðshlutatölu sem reikna skal út af Þjóðhagsstofnun og hafa viðmiðun af atburðarás og öðru slíku sem alþm. og Alþ. og ríkisstj. geta ekkert við ráðið. Og það er fráleitt, á sama tíma og flokkar þingsins hafa tekið höndum saman um það undir forustu Halldórs E. Sigurðssonar fyrrv. fjmrh. að reyna að ná samkomulagi sín á milli um skynsamlegar aðgerðir til að snúa ofan af þeirri sjálfvirkni sem allir þingflokkar hafa meira og minna gert sig seka um að binda fjárl. í, þá er meira en lítið vafasamt að ákveða, eins og hér er lagt til, að binda framlag til þessa sjóðs eins og um er rætt í 5. gr. þessa frv., svo ég tali nú ekki um hvað það þýðir þegar Alþ. er nýlega búið að afgreiða eða stendur til að Alþ. afgreiði að lækka og afnema að nokkrum hluta allar þessar bindingar, eins og ákvæði eru um í frv. sem hæstv. fjmrh. hefur nýlega lagt fyrir, fylgifrv. með lánsfjáráætlun, og ætlun er að taka fyrir á eftir. Á sama tíma og hæstv. ríkisstj. með skilningi allra þingflokka leggur fyrir þingið að afnema í áföngum með þessum hætti umræddar

bindingar nær ekki nokkurri átt að vera að samþykkja nýja bindingu af þessu tagi.

Hér er ekki um að ræða mál sem skiptir neinum sköpum fyrir Iðnrekstrarsjóð eða iðnaðinn í landinu, því að ég ætla að það verði jafnmikill og ekkert minni skilningur á málefnum iðnaðarins og þessa sjóðs á næstu árum og núna. En þetta er mál sem skiptir sköpum um þau vinnubrögð, sem við tileinkum okkur á Alþ., og eru í algerri andstöðu við þá niðurstöðu um breytingu á slíkum vinnubrögðum sem allir flokkar þingsins hafa komið sér saman um. Hér er ekki um að ræða ágreiningsmál á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, hér er ekki um að ræða ágreiningsmál milli ríkisstj. og þm., hér er um það eitt að ræða að menn reyni að vera samkvæmir sjálfum sér.

Ég legg mjög þunga áherslu á að hæstv. ráðh. og þm. allir skoði þetta mál hleypidómalaust og taki síðan ákvörðun í samræmi við þær ákvarðanir sem Alþ. hefur þegar tekið eða er að taka eða er verið að undirbúa að það taki í umræddri nefnd undir forustu Halldórs E. Sigurðssonar í nákvæmlega hliðstæðum málum og hér um ræðir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 567,1 felld með 18:5 atkv.
5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 539 tekin aftur til 3. umr.
6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 567,2 felld með 19:4 atkv.
7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 389, n. 518, 521, 548). — 2. umr.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur farið yfir frv. til l., eins og það kom frá Ed., um veitingu ríkisborgararéttar. Við þennan nafnalista var síðan bætt fimm nöfnum á þskj. 521 og einu nafni á þskj. 548. N. er sammála um að afgreiða frv. svofellt héðan úr d. og leggur það til.

ATKVGR.

Brtt. 521 og 548 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 238, n. 544). —2. umr.

Frsm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Samgn. Nd. hefur fjallað um það frv. sem hér er til umr. og hafa allir nm. samþykkt að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það hefur komið frá Ed., að höfðu samráði við formann Ferðamálaráðs.

Nefndin leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1980, frv. (þskj. 409, n. 534 og 541, 535, 542). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til umfjöllunar um nokkurt skeið frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980. Frv. hefði mátt koma fram fyrr, en ég vil sérstaklega þakka meðnm. mínum fyrir gott samstarf í þessu máli, en þeir reyndu á allan hátt að greiða fyrir því að málinu yrði lokið á þeim stutta tíma sem n. hafði til umráða.

Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, sem væri ástæða til að hafa um nokkurt mál, en ég ætla, með tilliti til aðstæðna og þess, hvað menn hafa talað lengi dags um ýmis mál, að reyna að stytta mitt mál.

N. starfaði sameiginlega með fjh.- og viðskn. Ed. og var það gert til þess að málið hefði fengið sem besta umfjöllun af nm. beggja deilda áður en það kæmi þangað. Ég vænti þess, að nefndarstörf þar taki því mun skemmri tíma en ella hefði orðið.

Ég vil geta þess í upphafi, að það kemur fram í lögum nr. 13 frá 1979 að lánsfjárlög og fjárlög skuli afgreiða samhliða. Ég held að það hafi verið mjög slæmt að ekki reyndist unnt að þessu sinni að gera það. Viljum við í l. minni hl. fjh.- og viðskn. leggja á það ríka áherslu að svo verði gert héðan í frá, þótt það verði að skilja að að þessu sinni voru aðstæður mjög óvenjulegar. Ég vil einnig geta þess, að það þarf að skýra betur skil milli verkefna, sem eru á lánsfjáráætlun, og þeirra verkefna, sem eru á fjárlögum. Það er út af fyrir sig orðið nokkuð tilgangslaust markmið að vera að setja sér ákveðin mörk varðandi afkomu ríkissjóðs þegar verkefnum, sem ættu samkv. eðli máls að vera á fjárlögum, er skotið inn á lánsfjáráætlun. Með þessu missa menn meira og minna yfirsýn yfir það markmið sem greiðsluhallalaus ríkisbúskapur er annars. Þetta á ekki endilega við í sambandi við afgreiðslu þessarar lánsfjáráætlunar. Þessi skil hafa verið óskýr á undanförnum árum og þar þarf að skilja betur í milli, en það kemur náttúrlega minna að sök ef mál þessi eru til umfjöllunar samhliða.

Þeir aðilar, sem við ræddum við varðandi þetta mál, eins og fram kemur í nál. okkar, voru í fyrsta lagi aðilar frá lífeyrissjóðum: fulltrúar Sambands almennra lífeyrissjóða og Landssambands lífeyrissjóða. Þeir mótmæltu ákvæðum 3. gr. frv. um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna, en áttu þá samhliða í viðræðum við fjmrn. um þau mál. Því máli lauk þannig, að það var ákveðið af aðilum máls að flytja brtt. sem við í 1. minni hl. flytjum og okkur barst í hendur eftir að þessi mál höfðu hlotið meðhöndlun fjmrn. og þeirra lífeyrissjóðamanna. Við undirritaðir nm. teljum að það sé nauðsynlegt að eiga

sem best samstarf við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup, og ég hygg að svo sé með alla, að menn vilji hafa þarna gott samstarf sem byggist á samkomulagi og einnig skilningi lífeyrissjóðanna á nauðsyn þess að draga úr erlendum lántökum eftir því sem kostur er. Fulltrúar þeir, sem komu á okkar fund, lýstu því, að þeir væru fúsir til að gera hvað þeir gætu til að stuðla að þeim markmiðum sem sett eru fram í lánsfjáráætlun um innlenda fjáröflun. Með tilliti til þessa og þess, sem ég áður sagði um þær viðræður sem fóru fram milli lífeyrissjóðanna og fjmrn., leggjum við til að það verði í þessum efnum óbreyttar reglur frá fyrra ári, eins og fram kemur í brtt. á þskj. 535, að því undanskildu að verðtryggð skuldabréfakaup frá sjóðfélögum lífeyrissjóðanna eru ekki talin rúmast innan hinnar svokölluðu 40% reglu sem mun hafa verið sett 1977. Þá var þessi 40% regla sett, en síðan hefur ráðstöfun innan þess ramma verið þrengd nokkuð.

Í öðru lagi komu aðilar frá Byggingarsjóði ríkisins á okkar fund. Kom fram í máli þeirra að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins er 22.3 milljarðar á árinu 1980. Við leggjum til að það verði gerð breyting á 18. gr., er snertir Byggingarsjóð ríkisins. Þar er fyrst og fremst um leiðréttingu að ræða, eins og fram kemur í okkar nál., og sé ég ekki ástæðu til að rekja það frekar.

Í þriðja lagi komu aðilar frá Byggingarsjóði verkamanna á okkar fund og lýstu fulltrúar frá þeim sjóði áhyggjum varðandi hvernig skilja bæri 19. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir að framlag ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna sé 432.5 millj. Það er rétt að geta þess, að á árinu 1979 fékk þessi sjóður 390 millj. kr. aukaframlag, en í ársbyrjun 1980 var framlag ríkisins til sjóðsins 595 millj. á móti framlagi sveitarfélaganna á árinu 1979. Við viljum taka það skýrt fram, eins og fram kemur í nál., að framlagið sem um getur í þessu frv., þ. e. 432.5 millj., er framlag vegna ársins 1980 og hvenær það framlag verður greitt er að sjálfsögðu samningsatriði aðila, eins og ávallt hefur verið bæði varðandi Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. En aðalatriðið er að það liggi ljóst fyrir á móti hvaða framlagi sveitarfélögin eru að greiða á árinu 1980.

Þá komu fulltrúar Erfðafjársjóðs eða réttara sagt fulltrúar Endurhæfingarráðs á okkar fund, en þeir hefðu sent n. bréf um málefni sín. Við fengum ítarlegar upplýsingar um málefni Endurhæfingarráðs, hvernig það hefur ráðstafað því fjármagni sem það hefur fengið á undanförnum árum. Þrátt fyrir að alltaf megi betur gera í góðum málum kemur þar glöggt fram að það hefur haft stöðugt meira fjármagn til ráðstöfunar til þeirra ágætu mála sem það annast.

Það kemur fram í þessu frv. að gert er ráð fyrir að framlag til Endurhæfingarráðs eða Erfðafjársjóðs verði 327 millj. 300 þús., en sú upphæð er þannig fengin, að á s. l. sumri var við undirbúning fjárlaga, í ráðherratíð Tómasar Árnasonar, gert ráð fyrir að tekjur af erfðafjárskatti yrðu 385 millj. Þetta framlag til Erfðafjársjóðs var síðan skert um 15% frá þeirri upphæð eða lækkað í 323 millj. og 300 þús.

Við undirbúning fjárlaga í vetur kom ný áætlun um tekjur Erfðafjársjóðs, um að tekjur hans yrðu 700 millj. kr. Var það byggt á einföldum prósentureikningi ofan á tekjur ársins 1979 sem taldar hafa verið óvenjmiklar vegna þess að mikið átak var gert í innheimtumálum sjóðsins, svo sem ráðuneytisstjóri fjmrn. skýrði okkur frá. Því miður verður að segja að það er mjög ólíklegt að sú áætlunartala fjárlaganna fái staðist. Það er út af fyrir sig mjög slæmt að fjárlög skuli byggja á þessari tölu sem lítil von eða engin er til að muni standast. En við teljum í okkar nál., að þótt framlagið hækki frá fyrra ári um 81.7% megi alls ekki skerða þessi framlög umfram önnur lögákveðin framlög vegna þeirra miklu viðfangsefna er hér bíða. En fulltrúar Endurhæfingarráðs lögðu einmitt á það ríka áherslu, bæði í viðtölum við okkur og einnig í bréfi til okkar, að tekjur þeirra væru ekki skertar umfram annarra samkv. þeirri stefnumörkun er fram kemur í fjárlagafrv. og fjárlögum.

Síðan segjum við: „Óvissan er mikil um tekjur af erfðafjárskatti.“ Ég vil í því sambandi geta þess, að innheimta fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins er aðeins 61.5 millj. Við undirritaðir nm. teljum að taka beri mál Erfðafjársjóðs upp í haust, þegar ljósara er hverjar tekjurnar verða af erfðafjárskatti, og taka framlagið til endurskoðunar með tilliti til þess og þeirra sjónarmiða sem áður hafa komið fram í þessu nál., og vil ég vitna til þess. Með hvaða hætti þetta verður gert skal ég ekki segja neitt um hér. Það má bæði gera með sérstökum lögum eða með aukafjárveitingu, ef tekjur sjóðsins reynast þess eðlis að svigrúm verði eitthvert til þess.

Auk þess komu fulltrúar frá fjmrn. og fjárlaga- og hagsýslustofnuninni og skýrðu ýmis atriði þessa frv. fyrir okkur nm. Þeir fóru þess á leit við n. að flytja brtt., vegna þess að það eru nokkur fjárframlög eða lántökur sem samþ. voru samkv. fjárlögum sem gert er ráð fyrir að lækki nokkuð eftir endanlega afgreiðslu lánsfjáráætlunar, samtals um 2612 millj., og létu þeir okkur í té yfirlit yfir þessa lækkun frá fjárlögum. Talið var nauðsynlegt að þetta yrði staðfest í lögum og er flutt um það brtt. á þskj. 535,3 sem hljóðar þannig:

„Fjmrh. er heimilt að lækka áformuð lánsfjármögnuð útgjöld fyrirtækja og stofnana í B-hluta fjárlaga um 2612 millj. á árinu 1980.“

Einnig bárust n. ýmis erindi eða komu fram margvísleg ummæli og óskir um að víða væri lítið fjármagn til ráðstöfunar. Ég vil geta þess, að mér barst í hendur bréf frá lítilli hitaveitu, Hitaveitu Svalbarðsstrandar, sem taldi sig þurfa 20 millj. til að hefja framkvæmdir. Ég vænti þess, að það verði litið með velvilja á þetta litla mál. Við töldum okkur að vísu ekki fært að víkka þann ramma sem frv. til lánsfjárlaga byggir á, en ég vænti þess, að vinsamlega verði tekið á málefnum þessarar litlu hitaveitu ef svigrúm er til þess innan ramma lánsfjárlaganna. — Þetta vildi ég sérstaklega taka fram.

Í sambandi við málið að öðru leyti er ljóst að það er hið mikilvægasta. Það gerir kleift að hefja ýmsar mjög mikilvægar framkvæmdir í landinu, þótt því sé ekki að neita að mikið af þeim framkvæmdum hafi þegar farið fram og séu þegar komnar í gang þannig að hér sé í mörgum tilfellum um staðfestingu að ræða á þeim lántökum og þeim framkvæmdum. En ég vil einnig taka það fram, eins og fram kemur í okkar nál., að málið er mikilvægt af ýmsum efnahagslegum ástæðum og varðar því mjög miklu að vel sé á haldið. Tökum við fram ákveðna þætti í tveimur liðum í því sambandi, sem ég kem að síðar.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að það er ekki minna um vert, hvernig lánsfjáráætlun og þær heimildir, sem Alþ. gefur hér, eru notaðar, en að veita þessar heimildir. Ég vil í því sambandi minna á framkvæmd lánsfjáráætlunar á s. l. ári, en þar var upphaflega gert ráð fyrir 15.7

milljarða lántöku samkv. upplýsingum ríkisendurskoðunar, en frávik urðu 6.7 milljarðar, þar af innlend lán 2.9 og erlendar lántökur 3.8 Nú er það langt liðið á árið að menn ættu að sjá betur fyrir hvernig þessi mál öll standa.

Í þessari lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir aukinni sölu á verðtryggðum skuldabréfum til innlánsstofnana. Það er gert ráð fyrir að ríkissjóður selji eða gangist fyrir útgáfu spariskírteina ríkissjóðs. Því til viðbótar kemur til ráðstöfunar innheimtufé spariskírteinalána, samtals 13.7 milljarðar. Þá er gert ráð fyrir að gert verði nýtt samkomulag við viðskiptabankana um framlag eða lán til Framkvæmdasjóðs. Það var svo, að lengst af ráðstöfuðu viðskiptabankarnir 10% af innlánsaukningu til Framkvæmdasjóðs, en síðustu tvö árin hefur þetta hlutfall verið 5% og 4%. Nú er leitað samkomulags við viðskiptabanka og sparisjóði um að hlutfall þetta verði hækkað í 7%. Er áætlað að verðbréfakaup samkv. þessu geti numið 6.7 milljörðum. Þá er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf til að þjóna þeim framkvæmdum, sem fram koma í lánsfjáráætlun, upp á 21.5 milljarða af 50 milljarða ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Undirritaðir nm. eru þeirrar skoðunar, að halda verði erlendum lántökum innan þeirra marka er fram koma í frv., og ekki megi stofna til frekari erlendra lána. Í þessu sambandi viljum við vísa til meðfylgjandi áætlunar um greiðslubyrði langra erlendra lána á árinu 1981, en þar er gert ráð fyrir að áætluð greiðslubyrði sem hlutfall af útflutningstekjum sé um 18%. Hitt er svo annað mál, að það gefur kannske betri mynd að miða löng erlend lán samtals við verga þjóðarframleiðslu, en löng erlend lán í árslok 1979 voru 35% af vergri þjóðarframleiðslu. Það hefur orðið veruleg hækkun á vöxtum og fjármagnskostnaði á erlendum fjármagnsmörkuðum og einnig hefur lánstími verið styttur. Slíkar ráðstafanir og ákvarðanir, eða þróun á erlendum peningamörkuðum, hafa því orðið til þess að greiðslubyrði þyngist sem því nemur.

Hér kemur fram í áliti Seðlabankans, að ef miðað væri hins vegar við vaxtakjör á árinu 1979 mundi greiðslubyrði á árinu 1981 vera rétt innan við 17% af útflutningstekjum eða eins og segir í nýjustu Hagtölum mánaðarins, frá maí 1980: „Í ár er hins vegar gert ráð fyrir að greiðslubyrðin hækki í 16—17%, bæði vegna vaxandi skulda og versnandi vaxtakjara.“ — Þetta rímar ekki alveg saman og hafa þessar tölur því miður verið allmikið á reiki á undanförnum mánuðum vegna breyttra aðstæðna á erlendum fjármagnsmörkuðum. En vonandi verður þess skemmst að bíða að nokkur festa verði í þessum tölum. En eins og ég segi er allt eins gott að miða við heildarskuldir í þessu sambandi sem hlutfall af vergum þjóðartekjum.

Það er því alveg ljóst að framkvæmd þessarar lánsfjáráætlunar er mjög háð sparifjármyndun í landinu og sparnaði. Við viljum þess vegna leggja sérstaka áherslu á þennan þátt mála, ef á að tryggja farsæla framkvæmd lánsfjáráætlunar. Ef þess er ekki gætt er fyrirsjáanlegt að nægilegt fjármagn verði ekki fyrir hendi til að standa við framkvæmdaáform og þess vegna er einnig mikilvægt að allir sjóðir og allir aðilar, sem fá fjármagn til ráðstöfunar samkv. þessari lánsfjáráætlun, fari með gát. Það er út af fyrir sig alls ekki fullvíst að þeir fái allt það fjármagn sem í áætluninni er gert ráð fyrir, nema áform standist með innlendan sparnað, þannig að ég vil ráðleggja viðkomandi sjóðum, ef ég á að ráða þeim heilt, að ráðstafa sínu fé með bærilegri gætni.

Það mætti margt segja um þróun sparnaðar í landinu og sparifjármyndun og heildarfjárfestingu. Heildarfjárfestingin á s. l. ári lækkaði um tæplega 2%, en í lánsfjáráætlun var stefnt að því að lækkunin yrði 7%. Það hefur hins vegar verið veruleg lækkun á fjárfestingu frá árinu 1975, en þá komst fjárfestingin hæst í 33% af vergum þjóðartekjum, en fór niður í 25.3% á s. l. ári. Það er út af fyrir sig matsatriði á hverjum tíma, hversu mikil fjárfestingin skuli vera og í hvað miklar framkvæmdir skuli ráðist. Hitt er svo annað mál, að það liggur fyrir að á þessum árum, frá því að fjárfestingin var 33%, hefur myndast svigrúm til að bæta stöðuna út á við, lækka viðskiptahalla okkar og auka einkaneyslu í þjóðfélaginu.

Ég vil geta þess, að í þessari lánsfjáráætlun, sem hér er lögð til grundvallar, er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 1.5%, samneysla aukist um 2% og fjármunamyndun aukist um 6.8%. Ef einkaneysla á að dragast saman um 1.5% á árinu 1980 byggist það fyrst og fremst á því, að sparifjármyndun verði með sæmilegu móti. Ef einkaneysla á að dragast saman á annan hátt hlýtur það að gerast með rýrnun kaupmáttar. Þannig er algert lykilatriði varðandi þessa fjárfestingar- og lánsfjáráætlun að sparifjármyndun verði með bærilegum hætti. Þar þarf að snúa verulega til hins betra ef vel á að fara í þessum efnum. Því miður hefur þróunin fyrstu þrjá mánuði ársins verið okkur fremur óhagstæð og mikil ástæða til að hafa áhyggjur af sparnaði landsmanna. En á s. l. ári var sparnaðurinn samtals 24.8% af þjóðarframleiðslu eða lítið eitt minni en heildarfjárfesting í landinu, sem verður að teljast sæmilega viðunandi. Það er gert ráð fyrir í þessari þjóðhagsspá að viðskiptahalli verði um 16 milljarðar, og ef ráðist verður í frekari erlend lán en hér er gert ráð fyrir hlýtur það að koma fram í auknum viðskiptahalla.

Það er oft sagt að það sé ekkert mál að auka erlendar lántökur ef þeim fjármunum sé vel varið til framkvæmda sem skili okkur gjaldeyristekjum eða spari okkur gjaldeyri. Þetta er ekki alveg rétt vegna þess að höfuðatriðið er náttúrlega að raða framkvæmdunum í forgangsröð og leggja mesta áherslu á það sem skilar okkur tekjum til þess að við getum byggt upp aðra þætti í þjóðfélagi okkar og þjóðlífi. Það er ekki rétt að hægt sé að leggja í mjög verulegar erlendar lántökur í þessu sambandi. Það er miklu frekar að raða málaflokkunum í rétta forgangsröð, því að vissulega eru takmörk fyrir því, í hvað er hægt að ráðast í sambandi við þessa málaflokka, hversu vel sem við viljum í þessum efnum.

Herra forseti. Ég gat þess í upphafi máls míns, að ég mundi leitast við að vera stuttorður, og ég ætla að leitast við að standa við þann ásetning minn. En ég vildi aðeins undirstrika það sem fram kemur í lok nál. okkar:

„Mikilvægt er að þess sé gætt í hvívetna að fjármagni því, sem ráðstafað er samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sé vel varið. Í því sambandi má geta þess, að ef spenna verður á vinnumarkaði er hætt við að tilboð verði hærri en kostnaðaráætlanir. Fari hagstæðasta tilboð í verk í heild — eða einstaka verkhluta — fram úr þeim kostnaðaráætlunum, sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun miðast við, er nauðsynlegt að endurmeta heimildir áður en ráðist er í viðkomandi verk.“

Með þessu erum við ekki að segja að það eigi endilega að stöðva þær framkvæmdir sem ráðist er í. Við erum aðeins að leggja áherslu á að hér er sniðinn tiltölulega þröngur rammi og innan hans verða menn að gera allt

það sem ætlunin er að ráðast í. Mér þykir eðlilegt, að með þessu sé fylgst eftir því sem kostur er, og vil í því sambandi vísa til 13. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. En þar segir m. a.:

„Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna."

Mér þykir sérstök ástæða til að leggja áherslu á þetta hlutverk fjárlaga- og hagsýslustofnunar í þessu sambandi. Við treystum því, að hún reyni sem best að fylgjast með framkvæmd mála og þeim ríkisábyrgðum sem veittar eru samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Með því erum við á engan hátt að gera lítið úr þeim málum sem hér er um að tefla. En hins vegar er það svo mikilvægt mál að vel sé farið með þessa fjármuni og þess sé gætt í hvívetna að vel sé staðið að málum, að við hljótum sem nm. í fjh.- og viðskn. að leggja á það brýna áherslu að svo verði gert, þótt í sjálfu sér höfum við ekki ástæðu til að ætla að svo verði ekki, en viljum undirstrika þennan vilja okkar.

Með tilliti til þess, sem segir í þessu nál. sem mér hefur orðið tíðrætt um og ég hef oft vitnað til, leggjum við til að frv. verði samþ. með þeim þremur breyt. sem fram koma á þskj. 535, en undir þetta nál. rita ég, hv. þm. Ingólfur Guðnason og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég skal reyna, eins og síðasti ræðumaður, að eyða ekki mjög löngum tíma. Það væri að sjálfsögðu freistandi að gefa sér góðan tíma til að ræða í fyrsta lagi hin fögru loforð og fyrirheit, sem núv. hæstv. ríkisstj. gaf við valdatöku sína, og í framhaldi af því hvaða efndir hafa þar orðið á og þar með innifalið það sem birtist í því frv. sem hér er nú til umr., en menn verða sjálfsagt að stilla sig um það nú að taka upp umr. um það mál. Við 2. umr. um lánsfjárlagafrv. er þó augljóst að koma verður inn á nokkur atriði þessa máls.

Ég hygg að það hljóti að vera orðið svo, jafnvel með dyggustu stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj., hvað þá aðra, að mönnum sé orðið ljóst að framkvæmdir þær, sem orðið hafa eftir að hún tók við völdum, eru ekki í neinu samræmi við þau fyrirheit sem hún gaf og birtast í hinum margumtalaða stjórnarsáttmála sem almennt gengur nú undir nafninu „brandarakverið."

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að allmargir hæstv. ráðh. lofuðu skattalækkun. Hverjum dettur nú í hug að halda því fram í alvöru að við það loforð hafi verið staðið? Hverjum kemur til hugar nú að halda því fram, eftir að búið er að afgreiða hvert skattahækkunarfrv. hér á fætur öðru, að hæstv. ráðh. hafi ætlað sér að standa við þessi gefnu fyrirheit? Auðvitað engum. Meira að segja dyggustu stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. er svo mikið um annað slagið að þeir fara í annan landsfjórðung til að vera ekki við þegar hin hörðustu skattpíningarmál eru hér til umr. og afgreiðslu í þinginu. Þeir eira ekki í þeim landshluta þar sem löggjafinn, Alþingi, situr. Þeir verða að fara í aðra landsfjórðunga til að finna að einhverju leyti ró eða eirð í sínum beinum undir því oki skattpíningar sem hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir í verki. (Gripið fram í.) Já, að vísu lofaði ég því, en þetta er eitt af því nauðsynlegasta sem fram þarf að koma, þegar einhverjir dyggustu stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. treysta sér ekki einu sinni til að vera í sama landsfjórðungnum — **(ÓÞÞ:** Hvaða landsfjórðungur er þetta, Karvel?) og Alþ. er þó starfandi í. — Það er eðlilegt að hv. skrifari og þm. Ólafur Þórðarson spyrji í hvaða landsfjórðungi Alþingi situr. Ég held að menn, sem bjóða sig fram til Alþingis, ættu að huga að því fyrst og fremst og gera sér grein fyrir því, hvar vettvangur löggjafarvaldsins er fyrst og fremst og hvar það starfar. (Gripið fram í.) Og mér þykir það undrun sæta, þó að ég hafi ýmsu kynnst af þessum hv. þm., að hann skuli ekki enn hafa uppgötvað í hvaða landsfjórðungi Alþingi starfar og hvar Alþingishúsið er. **(Gripið fram í:** Hvaða landsfjórðungur er þetta, Karvel?) Ég held ég nenni ekki að elta ólar við hv. þm. um þetta atriði. Ég læt aðra hv. þm. dæma um dómgreindina sem inni fyrir býr að baki svona spurningar.

Þegar við lítum yfir það lánsfjárlagafrv. sem hér er nú til 2. umr. koma ótalmargar spurningar upp í hugann. Maður kemst alltaf í vandræði þegar tala á um stjórnarflokkana, en í þessu tilfelli stingur það mest í augu að tveir af stjórnarflokkunum virðast hafa það sammerkt að þeir hafa kastað fyrir róða mörgum af þeim meginatriðum sem þeir hafa grundvallað starfsemi sína á um langt árabil.

Í því frv., sem hér er nú til umr., vil ég fyrst staldra við 3. gr. Það er öllum kunnugt að sú grein, eins og hún er nú og hefur raunar verið oft og tíðum af hálfu löggjafarvaldsins, hefur verið hinn mesti þyrnir í augum lífeyrissjóða í landinu. Það var fyrst árið 1977 sem ríkisvaldið, þáv. ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl., seildist með krumlu sinni í sjóði lífeyrissjóðanna í landinu. Þá var því harðlega mótmælt af öllum lífeyrissjóðum í landinu og ekki bara það, því var þá einnig harðlega mótmælt af þeim stjórnmálaflokki sem Alþb. heitir. Hver postulinn úr þeim flokki á fætur öðrum talaði hér á Alþ. harkalega gegn þessari ásælni ríkisvaldsins í almannasjóði.

Hæstv. ríkisstj. ætlar ekki einvörðungu að eiga það sem minnisvarða að vera einhver mesta skattpíningarstjórn sem um getur um langan aldur á einstaklinginn, heldur ætlar hún líka að eiga þann minnisvarða að seilast með hvað mestri græðgi í þá sjóði launafólks í landinu sem ótvírætt eru lífeyrissjóðirnir og enginn vefengir að eru í eigu þeirra aðila sem hafa lagt þar til fjármagnið.

Í nál. á þskj. 541 hef ég leyft mér að vekja athygli á og draga fram í dagsljósið ýmis ummæli forustumanna Alþb. árið 1977, þegar þessi mál voru hér fyrst til umr. í þinginu og þegar þáv. ríkisstj., sem vissulega var íhaldsstjórn, var fyrst að seilast eftir fjármunum úr sjóðum launþega. En nú er önnur íhaldsstjórn í landinu. Alþb. var þá undir forustu hæstv. fjmrh., formanns Alþb. um tíma, formanns þingflokks þess um tíma, sem nú ryður brautina og berst manna harðast fyrir því að fram sé haldið þeirri stefnu sem stjórn Geirs Hallgrímssonar og Ólafs Jóhannessonar tók upp 1977 með það fyrir augum að taka traustataki stóran hluta af lífeyrissjóðum landsmanna til ráðstöfunar, ekki bara í hina ýmsu framkvæmdasjóði, heldur og í ríkissjóð. Það er ástæða til að rifja þetta upp þegar flokkur á borð við Alþb. fer slíkum hamförum í því að skipta um skoðun eftir því hvort flokkurinn er aðili að ríkisstj. eða í stjórnarandstöðu. Það virðist skipta meginmáli í þeim herbúðum.

Ég held að það sé afskaplega óhyggilegt af ríkisvaldinu, burtséð frá hvaða ríkisstj. á í hlut, að ætla að setja fram lögþvingun eins og gert er í þessu frv. Það hefur sýnt sig að lífeyrissjóðirnir almennt, ekki hvað síst lífeyrissjóðir sem flokka má innan Alþýðusambandsins

eða þeirra félaga sem þar eiga hlut að máli, hafa í langflestum tilfellum staðið við það samkomulag sem gert var á sínum tíma, og þeir hafa sýnt í verki að þeir eru mjög hlynntir því af frjálsum vilja að ráðstafa því fjármagni sem þeir mögulega geta til verkefna eins og samkomulagið um að kaupa ákveðinn hluta til uppbyggingar Byggingarsjóði ríkisins hefur stefnt að. Það er því ástæðulaust og óhyggilegt í alla staði af ríkisvaldinu að setja fram lögþvingun eins og hér er gert. Auk þess er það auðvitað augljóst mál, að mjög margir lífeyrissjóðir eiga sér vart viðreisnar von ef svo er á málum haldið að þvinga þá til að leggja 40% af ráðstöfunarfé sínu til þessara kaupa, því að ört vaxandi kvöð og skylda hvílir á lífeyrissjóðunum vegna bótagreiðslna. Það er augljóst mál, ef halda á svona á málum, að það verður til þess að fjöldi lífeyrissjóða í landinu getur ekki sinnt þeirri frumskyldu sinni að standa undir greiðslu á bótum til sjóðfélaga sinna. Auðvitað er óæskilegt að þannig sé á málum haldið.

Ég sé að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hristir höfuðið yfir þessu. Hann ætti að kynna sér ýmsa sjóði félaga innan Verkamannasambandsins t. d. og auk þess marga hina minni sjóði sem eru þann veg settir að það er allt sem bendir til þess að þeir geti ekki sinnt þeim skyldum sem fyrst og fremst á þeim hvíla, að sinna þörfum sjóðfélaganna sjálfra. (Gripið fram í.) Mér er alveg sama hvað hv. þm. Guðrún Helgadóttir segir um að sameina. Menn verða að horfast í augu við þá staðreynd sem er. Menn geta ekki alltaf litið undan. Þeir verða að hafa kjark til þess að horfast í augu við staðreyndir. Og ég spyr: Var þetta bara prívat og persónuleg skoðun þeirra þm., t. d. Eðvarðs Sigurðssonar, Lúðvíks Jósepssonar og hæstv. núv. fjmrh., — var það þeirra prívatskoðun, hin hörðu mótmæli og gagnrýni á gjörðir íhaldsstjórnarinnar 1977? Var það ekki stefna Alþb.? Hafi svo verið, að hér sé um stefnu Alþb. að ræða, hefur sú stefna breyst frá þeim tíma frá því að vera vörn í þessu máli fyrir lífeyrissjóðina og verkalýðshreyfinguna í það að sækja hvað harðast í að stór hluti af þessum sjóðum launafólks fari í ríkishítina. En auðvitað — auðvitað segi ég — er við því að búast að hér hafi Alþb. kúvent í þessu sem mörgu öðru. Auðvitað verður að skilja það svo.

Það eru einkum í framhaldi af þessu kannske fjögur atriði sem ég vildi gera að umræðuefni við 2. umr.

Alþfl. hefur lengi verið gagnrýndur fyrir að sýna ekki byggðastefnu í landinu mikla vinsemd. Nú skal ég ekki taka upp hanskann í þessu efni fyrir stefnu Alþfl. á undanförnum árum. Þeir, sem hafa sótt hvað harðast að Alþfl. í þessum efnum, eru Framsfl. og Alþb. Þess vegna verður mönnum á að spyrja, þegar þeir lesa lánsfjárlagafrv. hæstv. ríkisstj., sem einn af höfuðpaurum Alþb., hæstv. fjmrh., ber höfuðábyrgð á: Hvert er nú innlegg þessara flokka í hina margumtöluðu byggðastefnu? Jú, í 13. gr. þessa frv. er lagt til af sjálfum hæstv. fjmrh. og framsóknarmönnum öllum að skerða tekjur Byggðasjóðs um 50% frá því sem lög gera ráð fyrir. Og mér kemur í hug hvað hv. þm. Alþb. og Framsfl. hefðu sagt, ef þeir hefðu séð slíka tillögu frá þm. Alþfl., og hvaða orð þeir hefðu haft um hversu velviljaður Alþfl. væri byggðastefnunni í landinu. En þeir leyfa sér að leggja til 50% niðurskurð á tekjum Byggðasjóðs eins og þær eiga að vera samkv. lögum. Ég er ekki að segja að þetta sé af illgirni þessara hv. þm., eða a. m. k. vænti ég að svo sé ekki. En það er augljóst mál að hér er allt annað lagt til en þessir hv. þm. og flokkar hafa látið í veðri vaka á undanförnum árum og áratugum. Þeir framsóknarmenn, sem sjálfir telja sig guðfeður byggðastefnu í landinu, leyfa sér nú að leggja til 50% niðurskurð á tekjum Byggðasjóðs eins og þær eiga að vera. Ég held að þeir þm. hv. þessara tveggja flokka, sem slíkt leggja til, geti a. m. k. hér eftir sparað sér öll gífuryrðin í garð Alþfl. um að hann sé andvígur byggðastefnu í landinu. Þeir hafa sýnt það og sannað með þeim gjörðum, sem þeir leggja hér blessun sína yfir, að þeir eru margfalt verri en Alþfl. hefur verið. (**EH:** Og var þó langt til jafnað.) Og var þó langt til jafnað, segir hv. þm. Eggert Haukdal, en hann hefur lagt blessun sína yfir að ganga miklu lengra þó honum hafi fundist nóg um Alþfl. En það eru auðvitað sérstakar ástæður sem liggja því til grundvallar að hv. þm. telur sig nauðbeygðan til að ganga lengra en nokkur hefur gert hingað til, enda utan flokka á sínum tíma.

Til viðbótar þessu stendur í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj., á bls. 14, að sérstök áhersla skuli lögð á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á félagslegum grundvelli og draga þannig úr húsnæðiskostnaði. Er nú ekki þetta lágkúrulega frv., sem hér er til umr., einmitt í anda þessarar stefnu? Maður skyldi ætla það.

Í 18. gr. frv. er lagt til að skerða tekjur Húsnæðismálastofnunar og þar með Byggingarsjóðs um tæpa 4 milljarða frá því sem þær eiga að vera samkv. gildandi lögum. Þetta er auðvitað í samræmi við það að auka stórkostlega félagslega uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, a. m. k. hlýtur það að vera í munni hæstv. fjmrh. Og ekki nóg með það, heldur er í frv. einnig að finna ákvæði þess efnis, ef fram verður fylgt, að kippt er gjörsamlega undan allri starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna nú þegar, ef þetta frv. verður samþykkt eins og það var lagt fram. Og eins og hæstv. félmrh. Alþb., Svavar Gestsson, hefur krafist með bréfi, dags., að mig minnir 7. maí, um endurgreiðslu af hálfu Byggingarsjóðs verkamanna til ríkisins, þá er með þessu frv. hæstv. fjmrh. plús kröfu Svavars Gestssonar, hæstv. félmrh., um endurgreiðslu verið að kippa grundvellinum undan starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna nú þegar. Auðvitað er þetta í samræmi við fyrirheitin í stjórnarsáttmálanum. Það á að auka byggingu íbúðarhúsnæðis á félagslegum grundvelli með því að stöðva strax allar framkvæmdir á vegum Byggingarsjóðs verkamanna!

Svona mætti halda áfram að telja upp grein fyrir grein í þessu frv. Margar greinarnar í frv. eru þess eðlis, að þar sem sveitarfélögin og ríkið eiga að fjármagna viðkomandi málaflokka er ríkið að skjóta sér undan að fjármagna þann hluta sem því ber samkv. gildandi lögum, en krefst þess jafnframt að sveitarsjóðirnir og sveitarfélögin standi að fullu við sína fjármögnun. Þetta á við í sambandi við verkamannabústaðina, það á líka við í sambandi við Erfðafjársjóðinn og svo mætti lengi telja: Bjargráðasjóðinn og fleiri og fleiri.

Hér er núv. hæstv. ríkisstj., sem gaf hin mörgu fyrirheit og fögru, að ganga á það lagið að undanskilja ríkissjóð þeim kvöðum sem honum ber skylda til að sinna samkv. gildandi lögum, en heldur jafnframt áfram að halda stíft við að aðrir standi í fullum skilum í ríkishítina, eins og lög gera ráð fyrir. Verður að teljast merkilegt að þetta skuli gerast undir forustu hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds. En þetta er eigi að síður staðreynd.

Það stendur líka í stjórnarsáttmálanum á bls. 14 að það eigi að vinna sérstaklega að úrbótum í atvinnumál-

um aldraðra og öryrkja og bæta aðstöðu þeirra sem eru líkamlega eða andlega fatlaðir. Hvað ætlar hæstv. fjmrh. að gera í framhaldi af þessu loforði? Jú, við skulum líta á það. Það er í 21. gr. frv. ákvæði um Erfðafjársjóðinn. Samkv. áætlun, sem fyrir liggur og gerð er af Þjóðhagsstofnun, er gert ráð fyrir að tekjur Erfðafjársjóðs á árinu 1980 muni nema um 700 millj. kr. og samkv. gildandi lögum þessu aðlútandi á þetta fjármagn að fara til uppbyggingar hans. En hvað ætlar Alþb.-ráðh. Ragnar Arnalds að gera? Hann ætlar ekki að skila þessum 700 millj. Hann ætlar að skila 327 millj. Hitt ætlar hann að hirða í ríkissjóð á kostnað öryrkja og annarra, en fögur fyrirheit voru gefin í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. um að rétta þeim kannske hvað frekast höndina.

Svona eru efndir hæstv. ráðh. á hinum fögru fyrirheitum. Og það er furðulegt til þess að vita — það er verst að hæstv. félmrh. er ekki hér viðstaddur — og furðuleg óskammfeilni af ráðh. að vera að gefa fjálglegar yfirlýsingar um stórkostlegar úrbætur á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á félagslegum grundvelli, sem ekkert eru nema sýndarorð, ef horft er til þeirra verka og gjörða sem þessir sömu ráðh. ætla sér samkv. því frv. sem hér er. En auðvitað þarf engum að koma þetta á óvart. Það þarf engum að koma þetta á óvart þegar í hlut eiga þeir sem nú ráða ferðinni í Alþb., en það vita allir hverjir eru. Það eru auðvitað gáfumannabroddarnir í flokknum sem hafa yfirtekið öll völd í þeim flokki og stefna í þveröfuga átt við það sem það launafólk í landinu, sem hefur veitt þeim traust og stuðning, ætlast til. Þetta kemur auðvitað engum á óvart. Satt að segja held ég að það geti í raun og veru ekkert gerst, úr því sem komið er, sem kemur mönnum á óvart úr þeirri átt.

En hvað þá með garminn hann Ketil, Framsfl.? Er hann eitthvað betri í þessum efnum? Það er lítinn mun að sjá. Ég hefði a. m. k. aldrei trúað því, og ég hygg að það hefði aldrei gerst, að undir forustu þeirra manna, sem Framsfl. stýrðu og voru í raun og veru byggðastefnumenn, hefðu sést hér á Alþ. tillögur þess efnis, studdar af þm. Framsfl., að skera tekjur Byggðasjóðs niður um 50% frá því sem þær eiga að vera. Það er a. m. k. öruggt mál, að úr því sem komið er verður ekki mark á því takandi sem núv. framsóknarmenn segja í þessum efnum.

Það mætti margt fleira um þetta segja og tína til grein eftir grein í þessu frv. sem stangast gjörsamlega á við það sem ríkisstj. hefur lofað.

Ég sagði áðan að ég teldi það hreint hneyksli hvernig ríkisstj. ætlar sér að seilast í lífeyrissjóði landsmanna. Í meðförum málsins í fjh.- og viðskn. fengum við ýmsar upplýsingar í hendur, m. a. hversu mikið lífeyrissjóðirnir í landinu hafa keypt af þessum margumtöluðu verðtryggðu skuldabréfum. Og það er auðvitað furðulegt að sjá, að þeir lífeyrissjóðir, sem ríkið sjálft hefur ítök í, eins og Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður BSRB, skuli nánast vera „stikkfrí“ í þessum efnum, en ríkið sjálft seilist í hina sjóðina og virðist, að því er best verður séð, beita þar fyllstu hörku. Þeir sjóðir, sem það hefur sjálft ítök í, eru látnir um að ákveða kaup sín sjálfir, þó að þeir kaupi aðeins fyrir brot af þeirri upphæð sem þeir eiga að kaupa fyrir samkv. gildandi lögum. Ég veit ekki betur en að einn af ráðuneytisstjórunum, núv. ráðuneytisstjóri í fjmrn., sitji í sjóðsstjórn BSRB-sjóðsins, þannig að heimatökin væru hæg. Eigi að síður er þetta staðreynd sem blasir við.

Það er svo alveg sérstakur kapítuli þegar menn tala um Lífeyrissjóð opinberra sarfsmanna, að að ég held tæpum 7 milljörðum, ég man ekki nákvæmlega töluna, tæpum 7 milljörðum kr. af skattpeningum skattþegna þessa lands er á fjárlögum ársins í ár varið til að verðtryggja þennan sjóð, — tæpum 7 milljörðum kr., á sama tíma og sú ákvörðun hefur verið tekin að hann er sjálfur farinn að verðtryggja öll útlán. Sem sagt: tvöföld verðtrygging er í gangi að því er þennan lífeyrissjóð varðar. Er furðulegt að slíkt skuli vera látið líðast. Og það er ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hyggst viðhalda óbreyttu ástandi, að svo milljörðum skipti sé varið af skattpeningum launafólks til að verðtryggja þennan sjóð tvöfalt miðað við alla aðra.

En hæstv. fjmrh. ætlar ekki að láta við þetta sitja í sambandi við lífeyrissjóðina. Hann ætlar líka að seilast til aukinna áhrifa hjá sparisjóðum landsins. Þar skal líka ríkiskrumlunni beitt til að heimta meira en verið hefur í sameiginlegu hítina. Ef menn skoða þetta mál af raunsæi bendir allt til þess, að núv. hæstv. ríkisstj. undir forustu Alþb.-ráðh. Ragnars Arnalds ætli sér á öllum sviðum að teygja ríkiskrumluna alls staðar þar sem við verður komið, kannske miklu lengra en það, til að hrifsa til sín miklu meira en eðlilegt getur talist. Það er ekki á einu sviði, það er á öllum.

Ég skal nú, herra forseti, fara að stytta mál mitt, en ég vil undir lokin víkja örfáum orðum að tveimur til þremur atriðum.

Það er í fyrsta lagi í sambandi við Orkubú Vestfjarða. Samkv. því lánsfjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er augljóst mál að Orkubú Vestfjarða verður allharkalega fyrir barðinu á gerðum núv. hæstv. ríkisstj. (Gripið fram í.) Og það er til marks um það og það er hryggilegast í þessu máli, að einmitt vegna svika stjórnvalda er málefnum Orkubúsins komið eins og raun ber vitni. Vegna svika þriggja ríkisstj. stendur Orkubúið frammi fyrir þeim vanda sem það nú er í. Þar á hæstv. forsrh. ekki hvað minnst í og núv. hæstv. iðnrh. og fyrrv. hæstv. iðnrh. Meginhluti þess vanda, sem Orkubúið nú stendur frammi fyrir, er vegna svika á því sem lofað var statt og stöðugt, en svikið, að Vesturlínan kæmist í gagnið haustið 1979. Þessi svik kosta íbúa á þessu svæði, sem þarna er um að ræða, svo hundruðum milljóna skiptir. Muni ég rétt er það á annan milljarð á þessu ári sem þessi svik hæstv. iðnrh. og hæstv. núv. forsrh. kosta íbúa á Vestfjörðum. (**Forsrh.:** Er þetta nú sanngjarnt, Karvel.) Já, það er sanngjarnt.

Því var lofað, og það veit núv. hæstv. forsrh. hvað best því hann var iðnaðar- og orkuráðherra þegar Orkubúið tók til starfa, að Vesturlína skyldi komast í gagnið haustið 1979. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. mæli ekki á móti þessu, en það fer eftir hvort hann vill skella skuldinni að hluta til eða alfarið á þann sem á eftir kom. Það má vera. En þetta var loforðið sem gefið var og hæstv. núv. forsrh. gaf. Það kemur því úr hörðustu átt þegar þessir aðilar geta ráðið því að skellurinn verði ekki eins mikill og hann bersýnilega verður haldi svo fram sem horfir, að menn skuli ekki taka meira af þessum skelli en raun ber vitni að eigi að gera.

Í framhaldi af þessu er ástæða til að spyrja. Það kom fram í Morgunblaðinu 10. maí s. l. og er haft eftir Kristjáni Jónssyni rafmagnsstjóra, að bersýnilega vanti meira fjármagn, ef eigi að vera hægt að ljúka Vesturlínu, en lánsfjárlagafrv. gerir ráð fyrir og lánsfjáráætlunin. Ég

vil spyrja hæstv. forsrh., því það má hann eiga, þó að ég hafi sagt þetta áðan, að ég ber meira traust til hans en sumra hverra annarra hæstv. ráðh., ekki síst með hliðsjón af því að honum er málið skylt og hann getur bætt hér úr. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort ekki megi treysta því, að það verði séð fyrir nægu fjármagni til þess að tenging Vesturlínu verði á komandi hausti. Ef það á enn einu sinni að bregðast og tenging á sér ekki stað fyrr en 1981 er að ég hygg, þó að ekki hafi verið á bætandi, miklu verr með Vestfirðinga farið en nokkur dæmi eru til í sambandi við rafmagnsmálin. Ég vænti þess meira að segja af hæstv. forsrh. að hann beiti áhrifum sínum til þess að Orkubúið geti haldið áfram og farið út í lágmarksframkvæmdir sem það þarf til að standa straum af þeim verkefnum sem nú eru og til að tryggja að ef Vesturlínan kemst í gagnið að hausti sé hægt að taka við því rafmagni sem eftir þeirri línu á að fara.

Ég held að það sé nauðsynlegt að núv. ráðamenn þjóðfélagsins geri sér ljóst að hér er stórmál á ferðinni. Hér er stóralvarlegt mál á ferðinni ef það á að halda áfram eins og það virðist stefna í nú. Auk þess er auðvitað ýmislegt annað sem er þess valdandi að hagur Orkubúsins er ekki sem skyldi, m. a. að þetta fyrirtæki býr við verstu lánskjör sem til eru á lánamarkaðnum.

Ég vil sem sagt ítreka það, að ég vænti þess, að hæstv. forsrh. beiti áhrifum sínum til þess, að í fyrsta lagi verði svo fyrir séð og tryggt, að Vesturlína komist í gagnið á komandi hausti, og í öðru lagi, að hann beiti áhrifum sínum til að létta þær geysilegu byrðar og þann vanda, sem Orkubúið stendur frammi fyrir vegna vanefnda á gefnum loforðum, og að hann sjái sér fært að beita sér fyrir rýmkun að því er varðar lántökuheimildir Orkubúinu til handa.

Herra forseti. Út af þeim brtt., sem eru á þskj. 535 og fluttar eru af 1. minni hl. fjh.- og viðskn., vil ég aðeins segja það, að sú breyting sem gerð er á 3. gr. frv. fullnægir ekki viðhorfum mínum til þessara mála. Ég hef lýst því hér, hver þau eru, og ég tel alfarið rangt af ríkisvaldinu að seilast með lögþvingan í þessa sjóði. (**Fjmrh.:** En hver er afstaða Alþfl.?) Ég tala hér sem fulltrúi Alþfl. Ef hæstv. ráðh. hefur ekki gert sér það ljóst er tími til þess kominn að hann fari að gera það. En það virðist með það eins og fleira sem ekki kemst inn fyrir hans hörðu skel, að honum er ekki ljóst hvað er um að vera hér í þinginu eða hvað er um að ræða hverju sinni. (**Fjmrh.:** Hver var afstaða Alþfl. í fyrra?) Veit hæstv. ráðh. það ekki sjálfur? (**Fjmrh.:** Jú.) Þá þarf hann ekki að spyrja. Það er ástæðulaust. (**Fjmrh.:** En veit þm. það?) Já, þm. veit það svo sannarlega.

Í öðru lagi vil ég segja um brtt. frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. við 18. gr. að hún tryggir það ekki að hæstv. félmrh. gangi ekki ríkt eftir þeirri fyrirskipan, sem hann hefur gefið sínu ráðuneyti, að Byggingarsjóður verkamanna endurgreiði 298 millj. sem hann telur að honum hafi verið ofgreitt á árinu 1979. (**Forseti:** Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?) Nei, hann er alveg að ljúka máli sínu, herra forseti. — Þessi brtt. tryggir það ekki að hæstv. félmrh. gangi ekki ríkt eftir þessari endurgreiðslu samkv. því bréfi sem hann hefur látið skrifa í ráðuneyti sínu til Byggingarsjóðs verkamanna. Þess vegna er ég andvígur þessu. Ég tel að það verði að sjá svo um að hæstv. félmrh. komist ekki upp með að standa þannig að málum að kippa fótunum undan starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári. Það virðist vera hans ætlan og verður að koma í veg fyrir það.

Að síðustu — herra forseti, nú er ég alveg að ljúka — flyt ég brtt. við 3. gr. frv. á þskj. 542, þess eðlis að 3. gr., þ. e. greinin um lífeyrissjóðina, skyldu þeirra til skuldabréfakaupa, verði felld út úr frv. Ég tel hana óþarfa. Reynslan sýnir að lífeyrissjóðirnir eru þannig þenkjandi að þeir kaupa fyrir það fé sem þeir mögulega geta ráðstafað til þessa, og það er ástæðulaust af löggjafanum að vera með þvingunaraðgerðir í þessa átt.

Vissulega hefði verið ástæða til að segja hér miklu fleira um þessi mál, frammistaða og framkoma hæstv. ríkisstj. hefur gefið tilefni til þess, en ég skal láta máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 553, (sbr. 543)) — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mun, vegna þess hvernig aðstæður eru á hv. Alþ., í örstuttu máli gera grein fyrir því frv., sem hér liggur fyrir, til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frv. hefur verið prentað eftir þær breytingar sem hafa átt sér stað á því á síðustu dögum.

Ég vil varðandi þetta frv. leggja áherslu á eftirfarandi sex meginatriði:

Í fyrsta lagi er í frv. gert ráð fyrir stórfelldu átaki í byggingu verkamannabústaða, þannig að unnt verði að hefja byggingu á 400 íbúðum árið 1981, 500 íbúðum árið 1982 og 600 árið 1983, en á undanförnum 10 árum hefur að jafnaði hafist bygging á um 90—100 íbúðum af þessu tagi á ári. Fjármögnun þessa er tryggð með ákvæðum frv. um að upphæð sem samsvarar 1% launaskatts renni til Byggingarsjóðs verkamanna, en það jafngildir um 5000 millj. kr. á verðlagi ársins 1980.

Í öðru lagi er í frv. gert ráð fyrir sérstöku átaki til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði og má ætla að miðað við verðlagsforsendur og þær hugmyndir, sem uppi hafa verið í húsnæðismálastjórn um þau efni, gætu þær greinar frv. tekið til sín um 200—300 millj. kr. á ári eins og þær líta út nú.

Í þriðja lagi er í frv., eins og það lítur út núna, dregið mjög verulega úr því framkvæmdastjóra- og forstjórakerfi sem gert var ráð fyrir í upphaflegu frv. sem lagt var fram af hæstv. ríkisstj. Alþfl. og birtist sem 17. mál þingsins.

Í fjórða lagi er í frv. gert ráð fyrir sérstöku átaki á vegum sveitarfélaganna og aðild þeirra að byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða léttari en verið hefur.

Í fimmta lagi er lánstími lengdur og vextir lækkaðir frá því sem var í öndverðu í frv. Alþfl.

Í sjötta lagi er aðild verkalýðshreyfingarinnar að húsnæðislánakerfinu styrkt mjög verulega með beinni aðild hennar, þ. e. Alþýðusambands Íslands, að húsnæðismálastjórn og með helmingsaðild að stjórnum verkamannabústaðanna í landinu.

Þetta tel ég að séu meginatriðin varðandi frv. það sem hér liggur fyrir.

Á þskj. 508 fluttu stjórnarsinnar í félmn. Ed. allmargar brtt. við frv. þetta. Ég tel að í rauninni sé hér um að ræða einar 15 meginefnisbreytingar, að öðru leyti séu þessar brtt. mest til lagfæringar og samræmingar við aðrar brtt., þannig að þó að fjöldi brtt. hafi verið allmikill mega menn ekki láta þann fjölda vaxa sér í augum.

Ég legg á það áherslu að lokum, herra forseti, að þetta frv. fái afgreiðslu á yfirstandandi Alþingi. Hér er um það að ræða að komið verði í búning og til ákvörðunar í hv. Nd. málefni — frv. — sem hefur verið árum saman í undirbúningi hjá mörgum ríkisstj. Hér er í raun og veru verið að halda áfram verki sem gefin voru fyrirheit um fyrir allmörgum árum og má rekja þau fyrirheit allt til ársins 1974.

Ég tel því að allir flokkar hafi átt nokkra aðild að því máli sem hér er til meðferðar.

Ég legg til herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta frv. efnislega. Þar sem ég á sæti í hv. félmn. Nd. gefst mér tækifæri þar til að kynna mér þetta mál. Ég vil aðeins segja það fyrir hönd sjálfstæðisþingmanna, að við teljum að þetta mál sé þannig vaxið að það hafi tekið þeim breytingum í Ed. að það þurfi að fara fram ítarleg skoðun í þingnefnd hér í Nd. og síðan að sjálfsögðu ítarlegar umr. í framhaldi af því. Við munum beita okkur fyrir slíkri könnun, vinna að málinu eins hratt og örugglega og okkur þykir nauðsynlegt og munum síðan gera grein fyrir okkar sjónarmiðum þegar málið verður tekið til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 61. fundur.

Mánudaginn 19. maí, kl. 2 miðdegis.

Rafknúin járnbraut, þáltill. (þskj. 522). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Alþjóðasamþykkt varðandi samstarf á sviði vinnumála, þáltill. (þskj. 536). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Launasjóður rithöfunda, þáltill. (þskj. 551). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál, þáltill. (þskj. 503, n. 565 og 576, 577). — Síðari umr.

Frsm. meiri hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um samkomulagið milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál á tveim fundum sínum. Á þriðjudag í fyrri viku fjallaði n. um drög að samkomulagi sem hæstv. utanrrh. skýrði í einstökum atriðum á nefndarfundi, og fóru þá nokkrar umr. fram meðal nm. um efni þessara samkomulagsdraga. Eins og kunnugt er voru samkomulagsdrögin lögð fram í raun sem þáltill. um heimild til handa ríkisstj. að gera það samkomulag sem í drögunum fólst. Umr. um þessa þáltill. voru allítarlegar hér á fundi Sþ. á föstudaginn var og till. síðan vísað til utanrmn. eins og vera ber, en n. hélt fund á laugardagsmorgni um þessa þáltill. Það kom í ljós í umr. í n. að allir nm. mundu vilja leggja til að samkomulagsdrögin yrðu samþykkt og þar með þáltill. um heimild til handa ríkisstj. að gera það samkomulag sem í drögunum fólst, nema hvað einn nm., Ólafur Ragnar Grímsson, kvaðst vera andvígur þeirri heimild til ríkisstj., sem í þáltill. fælist, og kvaðst mundu skila séráliti sem nú er fram komið. Með tilvísun til ítarlegra umr. um þetta mál á föstudaginn og raunar áður hér í Sþ. taldi meiri hl. utanrmn., allir nm. nema Ólafur Ragnar Grímsson, fullnægjandi að skila því nál. sem er á þskj. 565 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur rætt tillöguna og leggja undirritaðir nefndarmenn til að tillagan verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Ólafur Ragnar Grímsson, mun skila séráliti.“

Fyrir hönd þeirra nm., sem standa að þessu nál., vil ég aðeins þessu til viðbótar láta það koma fram, að það var samdóma álit okkar allra, að á grundvelli þessa samkomulags væri auðvitað nauðsynlegt að vinna áfram að því að tryggja réttindi Íslendinga bæði til fiskveiða og landgrunns. Sjálft samkomulagið gerir ráð fyrir því, að svo sé gert hvað fiskveiðar snertir. Þótt allákveðin ákvæði séu varðandi loðnuveiðar í þessum efnum, þá er einnig ljóst að hvað þær snertir þurfa margvísleg samskipti á milli þjóðanna að eiga sér stað og tryggja þarf niðurstöðu sem sé í samræmi við þá kröfu sem við Íslendingar höfum gert um jafnrétti þjóðanna til loðnuveiða á því svæði sem um er að ræða. Það er enn frekar ljóst af ákvæðum samkomulagsins, að áfram þarf að vinna að því að tryggja rétt Íslendinga til ákveðinna fiskveiða annarra fiskstofna. Og loks er í samkomulaginu gert ráð fyrir ákveðinni málsmeðferð varðandi skiptingu landsgrunnsréttinda. Af öllu þessu leiðir, að á grundvelli samkomulagsins þarf að vinna áfram að því að tryggja réttindi Íslendinga. Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um það, svo augljóst sem það er af ákvæðum samkomulagsins sjálfs.

Ég vil svo aðeins þessu til viðbótar fyrir hönd okkar þm. Sjálfstfl. ítreka það, að strax á árinu 1978 var af hálfu Sjálfstfl., sem þá eins og nú var í stjórnarandstöðu, lagt til, að teknar væru upp viðræður um réttindi Íslendinga á Jan Mayen svæðinu, og haft frumkvæði að því, að málið var tekið upp á Alþingi og í landhelgisnefnd, þar sem lagðar voru til aðgerðir og ákveðin stefnumótun til að tryggja sem best íslenska hagsmuni. Sjálfstfl. telur að till. hans hafi verið tekið af fálæti og seinlæti sem hefur leitt af sér afdrifaríkan drátt í málinu. Þetta forustuleysi stjórnvalda jafnframt sundurþykkju í stjórnarherbúðunum hefur óneitanlega veikt stöðu Íslendinga í samningunum við Norðmenn. Því er ekki náð þeim árangri í samkomulaginu sem gengið var frá í Osló 10. þ. m. sem við höfðum gert okkur vonir um og efni stóðu til, bæði hvað snertir fiskveiðiréttindi og landgrunnsréttindi. En á hinn bóginn er það skoðun Sjálfstfl., að það verði til að stefna hagsmunum Íslendinga í meiri tvísýnu, ef samkomulaginu yrði hafnað og við viljum ekki taka slíka áhættu.

Við sjálfstæðismenn ítrekum að við teljum nauðsynlegt að vinna áfram á grundvelli samkomulagsins að því að ná fullum rétti Íslendinga, því jafnræði á við Norðmenn sem áskilið var í yfirlýsingu Jóns Þorlákssonar, þáv. forsrh., 27. júlí 1927.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um mál þetta á þessu stigi og ítreka till. utanrmn., að till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál hljóti samþykkt sameinaðs Alþingis.

Frsm. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og fram kom í umr. um þetta mál fyrir nokkrum dögum og einnig birtist í því nál., sem ég hef skilað sem minni hl. utanrmn., tel ég að það samkomulag, sem nú er lagt til að verði staðfest, sé hvorki í samræmi við grundvallarstefnu Íslendinga í málinu né veiti Íslendingum tryggingar fyrir því, að lágmarkshagsmuna þeirra á svæðinu sé gætt í framtíðinni. Íslendingar hafa sýnt Norðmönnum fyllstu sanngirni í þessu máli. Við höfum lagt fram ítarlegar aðalkröfur, sem hafa falið í sér hugmyndir og tillögur um sameiginleg yfirráð, sameiginlega fiskveiðilögsögu, sameiginlega stjórnun á nýtingu auðlinda hafs og hafsbotns og helmingsrétt okkar til veiða á öllum fiskstofnum svæðisins. En Norðmenn hafa neitað þessum kröfum öllum. Þeir hafa til viðbótar neitað öllum höfuðatriðum þeirrar millileiðar sem íslenska samninganefndin í Osló var einhuga um að bjóða þeim. Í staðinn liggur hér fyrir samkomulag sem felur í sér fulla viðurkenningu á yfirráðarétti Norðmanna án þess að veita Íslendingum neinar þær tryggingar sem

nauðsynlegar eru.

Ég tel að það sé ekki hægt að una því, að slík séu endalok þeirrar deilu sem verið hefur milli Íslands og Noregs um Jan Mayen, nánast allt frá því að ríkisstj. Jóns Þorlákssonar 1927 grundvallaði stefnu Íslendinga af mikilli framsýni. Ég hef þess vegna flutt á sérstöku þskj., nr. 577, brtt. við þessa þáltill. sem felur það í sér, líkt og ég gerði tillögu um strax í Osló, að óskað verði eftir áframhaldandi viðræðum við ríkisstj. Noregs um réttindi þjóðanna til stjórnunar og nýtingar á auðlindum hafs og hafsbotns á Jan Mayen svæðinu. Þessar viðræður hafi það að markmiði, að Íslendingar öðlist lágmarkstryggingar varðandi fimm þætti:

Í fyrsta lagi rétt til ákvörðunar um hámarksafla loðnu, afdráttarlausan rétt, og Norðmenn viðurkenni hann í viðræðum við þriðja aðila, og verði þá einkum haft í huga Efnahagsbandalag Evrópu eftir útfærsluna við Austur-Grænland.

Í öðru lagi, að hlutfall Norðmanna af heildarafla loðnu verði bundið við svæðið utan efnahagslögsögu Íslands og taki ekki breytingum nema með samþykki íslenskra stjórnvalda.

Í þriðja lagi, að Norðmenn viðurkenni jafnaðarrétt Íslendinga til veiða á öðrum flökkustofnum en loðnu, svo sem á kolmunna og síld og á staðbundnum fiskstofnum á Jan Mayen svæðinu.

Í fjórða lagi, að samningar við Íslendinga um skiptingu landgrunnsins á svæðinu frá efnahagslögsögu Íslands og til Jan Mayen séu forsenda þess, að Norðmenn geti lýst yfir 200 mílna efnahagslögsögu við Jan Mayen.

Í fimmta lagi, að allar rannsóknir og vinnsla, einkum á olíu á landgrunni Jan Mayen svæðisins, verði háðar samþykki Íslendinga eða óháðs úrskurðaraðila til að tryggja að lífríki hafsins verði ekki stefnt í hættu.

Jafnframt er því lýst yfir í þessari till., að Alþingi treysti því, að með tilliti til sögulegs réttar Íslendinga á Jan Mayen svæðinu, efnahagslegs mikilvægis þess fyrir þjóðina og vináttu Noregs og Íslands muni norsk stjórnvöld sýna Íslendingum þá sanngirni að fallast á áframhaldandi viðræður um framangreint tryggingarákvæði.

Í raun þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa tillögu. Í henni eru tilgreind mikilvægustu tryggingarákvæðin sem ég lýsti við upphafsumr. málsins að skorti í þetta samkomulag. Eg tel það vanmat á samningastyrkleika Íslendinga, vanmat á því, sem ætla má að sé raunverulegur sáttavilji Noregs í málinu, að telja það nú til lykta leitt með því að samþykkja það samkomulag sem gerð er till. um að hér verði samþykkt.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að ég hef enga trú á að þótt það samkomulag, sem hér er lagt til að verði staðfest, hljóti staðfestingu Alþingis og hliðstæðra stjórnvalda í Noregi sé þar með lokið deilum Íslendinga og Norðmanna um fiskveiðar á Jan Mayen svæðinu og um landgrunnið á Jan Mayen svæðinu. Ég held þvert á móti, án þess að það sé tími hér til að rökstyðja það ítarlega, að efnisatriði málsins séu þau, að strax við útfærsluna við Austur-Grænland og af ýmsum öðrum ástæðum muni Íslendingar þurfa þegar á næstu mánuðum og misserum að eiga áfram í deilum við Norðmenn um skiptingu fiskstofna á þessu svæði og um skiptingu landgrunnsins. Í þeim deilum höfum við hins vegar, ef þetta samkomulag verður samþ., spilað út okkar sterkasta trompi, þ. e. að veita Norðmönnum viðurkenningu á 200 mílna lögsögu í kringum Jan Mayen, og þar með samþykkt þá útþenslustefnu Norðmanna á hafsvæðinu kringum Ísland og Grænland sem fyrrv. utanrrh. Benedikt Gröndal gerði réttilega að umræðuefni hér um skýrslu utanrrh. s. l. laugardag.

Ég fæ satt að segja ekki skilið hvernig sömu menn, sem lýsa hér stórum orðum — ég tek það fram, stærri orðum en ég hef nokkurn tíma notað — útþenslustefnu Norðmanna á hafsvæðinu hér norður af Íslandi, geta samþykkt það samkomulag sem hér liggur fyrir. Ég tel þess vegna nauðslynlegt að af þessu tilefni komi fram skýr og afdráttarlaus yfirlýsing um það, eins og er í áliti minni hl. utanrmn., að kröfugerð Íslendinga allt frá yfirlýsingu ríkisstj. Jóns Þorlákssonar 1927 og til síðustu daga viðræðnanna í Osló standi áfram óhögguð til þess að íslensk stjórnvöld hafi í framtíðinni fulla aðstöðu til að taka málið upp að nýju ef það reynist rétt, sem ég tel að muni vera, að þetta samkomulag leysi á engan hátt þær deilur sem hafa staðið á milli landanna. Ég ítreka þess vegna þá skoðun mína, að ég tel fyrri kröfur þjóðarinnar í málinu enn þá í fullum rétti, þar með þá yfirráðaréttarkröfu sem fólst í yfirlýsingu Jóns Þorlákssonar 1927 hvað snertir ráðstöfun auðlinda eyjarinnar og hafsvæðisins þar í kring.

Ég vil enn fremur vekja athygli þingheims á því, að fyrir nokkrum vikum komu fram upplýsingar um það, að innan tíðar, jafnvel örfárra ára, eins eða tveggja ára, muni vera tæknilega framkvæmanlegt að bora eftir olíu á hafdýpi líku því sem er á landgrunni Jan Mayen svæðisins. Innan íslensku samninganefndarinnar hefur hingað til verið talið að slíkt yrði ekki mögulegt fyrr en eftir nokkra áratugi. Þó kom fram í Osló vitneskja frá einum íslenskum embættismanni um það, að hann hefði heyrt þess getið af hálfu Norðmanna, að innan eins eða tveggja ára yrði tæknilega mögulegt að framkvæma olíuboranir á Jan Mayen svæðinu. Þær upplýsingar, sem birtast í alþjóðlegu tímariti og hafðar eru eftir þekktum rannsóknaraðilum á þessu sviði, fela það í sér, að tæknilega væri framkvæmanlegt að hefja olíuboranir á Jan Mayen landgrunninu innan eins, tveggja eða þriggja ára eða á kjörtímabili núv. Alþingis. Enn fremur kemur þar fram, að við þær aðstæður, þegar borað er á slíku dýpi, muni reynast nánast ógerlegt að stöðva olíuleka sem fram kæmi. Í þessari grein er því líkt við martröð að slíkt óhapp ætti sér stað við olíuboranir á hafsvæði líku því sem er á landgrunni Jan Mayen svæðisins. Allir þeir, sem þekkja til mikilvægis fiskstofnanna fyrir Íslendinga og það svæði, sem þessir fiskstofnar fara um, geta gert sér í hugarlund hvers konar ógnaróhapp það yrði fyrir íslenska þjóð ef slíkt ætti sér stað á Jan Mayen svæðinu. Þessar nýju tæknilegu upplýsingar gera enn mikilvægara en áður að Íslendingar öðlist í samningum við Norðmenn fullar tryggingar fyrir því, að þeir aðhafist ekkert það á þessu svæði, sem stofnað geti lífríki svæðisins í hættu, nema með samþykki Íslendinga, eða eins og orðað er í þeirri brtt. sem ég flyt á þskj. 577: óháðs úrskurðaraðila, sem við mundum fyllilega treysta og gæfi úrskurð um að engar slíkar hættur væru fyrir hendi.

Þetta mál hefur mjög verið rætt utan þings og innan, og ég tel ekki ástæðu til að lengja þær umr. hér þótt margt mætti um þetta málefni segja. Ég verð þó að segja það að lokum, að mér fannst frekar ósmekklegt hjá frsm. meiri hl. utanrmn., þótt það sé út af fyrir sig ekki mitt mál, að hann skyldi nota tíma sinn hér sem samnefnari þessa

meiri hl. Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. til þess í senn að hæla Sjálfstfl. af hinni svokölluðu forustu hans í þessu máli og um leið ásaka samherja sína nú í málinu fyrir aumingjaskap þeirra. Það sýndi ansi skemmtilega þverbrestina í því samstöðiliði sem hér hefur myndast í þessu máli, að hv. þm. Geir Hallgrímsson skyldi sjá sig til knúinn, um leið og hann mælir fyrir sameiginlegu áliti fulltrúa þessara þriggja flokka, að reyna að afsaka uppgjöf Sjálfstfl. í málinu með því að koma einhverju aumingjaskaparorði á fyrrv. og núv. utanrrh. Mér fannst þetta ósmekklegt, og ég vil segja það hér og sagði það við 1. umr. þessa máls, að í öllum þeim viðræðum, sem ég tók þátt í, héldu báðir utanrrh. Íslands, Benedikt Gröndal og Ólafur Jóhannesson, af fullri djörfung og vel og rækilega á þeim grundvallaratriðum sem Íslendingar hafa sett fram í þessu máli, þótt okkur greindi á að lokum, á síðustu stundum málsins, hvernig með það skyldi fara, og þótt okkur greini á um mat á því, hvort nú eigi að hætta samningum eða halda áfram. Lítilfjörlegar ásakanir formanns Sjálfstfl. um aumingjaskap þessara manna og annarra í þessu máli duga Sjálfstfl. á engan hátt til þess að afsaka það, að það er hann umfram alla aðra sem hefur hlaupist frá skýrari og afdráttarlausari stefnu en Sjálfstfl. hefur mér vitanlega haft í nokkru einasta máli öðru á undanförnum misserum.

Sú málsmeðferð, sem utanrrh. landsins tveir hafa haft á þessu máli síðan samkomulag var í landhelgisnefnd í júlí og ágústmánuði 1978, er þvert á móti alveg gagnstæð því sem hv. alþm. Geir Hallgrímsson var að láta liggja að hér áðan. Þótt mig greini á hér á lokastigi við núv. hæstv. utanrrh. og fyrrv. hæstv. utanrrh., þá vil ég þó frábiðja þingheimi svo lítilfjörlegan málflutning sem kom fram áðan í framsöguræðu fulltrúa meiri hl. utanrmn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það hafði ekki verið ætlun mín að eyða þingtíma í frekari umr. um þetta mál, svo lengi og ítarlega sem um það hefur þegar verið fjallað. En sú framsöguræða, sem flutt var af hálfu meiri hl. utanrmn., gerir mér ókleift annað en að standa upp og flytja harðorð mótmæli. Það er fyrir neðan allar hellur og langt fyrir utan venjur og kurteisisskyldur á Alþingi. Þegar menn eru frsm. fyrir fleiri en einn flokk tala þeir um það sem flokkarnir hafa sameiginlegt í málinu, en flytja ekki illkynjaðan áróður frá eigin flokki.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði hér sem frsm. fyrir hönd síns flokks, Framsfl. og Alþfl. í utanrmn. En hann gat ekki staðist það í miðri ræðu sinni að kúvenda og byrja að tala eins og áróðursmaður Sjálfstfl. og flytja þann boðskap sem hann raunar hafði sjálfur komið að í fyrri umr. Boðskapurinn er í stuttu máli á þá lund, að Sjálfstfl. hafi haft alla forustu í þessu máli. Það er eins og venjulega, aðalatriðið er að þeir geti stolið ærunni af öllum öðrum, enginn hafi komið nálægt málinu nema þeir. Af þessu tilefni verð ég að rekja hér örfá atriði í sambandi við gang málsins.

Stjórn Ólafs Jóhannessonar kom til valda í sept. 1978, rétt eftir að loðnuveiðunum við Jan Mayen lauk það sumar. Augljóst var þá þegar að þetta mál mundi eiga nokkurt framhald og rétt væri að taka vel eftir því og athuga hvert það framhald gæti orðið. Ég hafði ekki verið nema örfáar vikur í starfi utanrrh. þegar „diplómatísk" sambönd voru fyrst sett í gang, sem er eðlileg byrjun, og þegar byrjað var að skrifa greinargerðir um þetta mál í Fiskifélaginu, sjútvrn. og víðar þar sem sérkunnáttu er að fá. Fyrir utan það, sem sendiherrann í Osló kannaði með viðræðum, bæði við utanrrh. og sjútvrh. Noregs, gafst tækifæri til þess nokkru seinna um haustið að ég hitti Frydenlund á fundi erlendis og ræddi við hann. Það fyrsta, sem ég sóttist eftir, var að tryggja að Norðmenn færðu ekki út án þess að hafa rætt Jan Mayen málið ítarlega við okkur Íslendinga fyrst. Það vill svo til, að nokkrum vikum áður en þessar umræddu og ágætu tillögur Sjálfstfl. voru afgreiddar hér á Alþingi hafði ég fengið loforð utanrrh. Noregs fyrir því, að Noregur mundi ekki færa út án þess að hafa rætt við okkur fyrst. Það vill einnig svo til, að ég á þetta loforð skriflegt ef Sjálfstfl. er tregur til að trúa því.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, — ég man ekki hvort það var í ræðunni áðan eða fyrir helgina, — að það hefði ekki verið fyrr en á miðju sumri 1979 sem einhver áhugi vaknaði á málinu. Ég vil benda honum á að málið var rætt í ríkisstj. og samþ. þar að endurreisa landhelgisnefnd, sem ekki hafði starfað um nokkurt skeið eftir að við færðum út í 200 mílur. Þetta gerðist, að ég hygg, í janúarmánuði 1979, rétt um áramótin. (**Gripið fram í:** Það var seinna.) Með þessu skrefi sýndi ríkisstj. ekki aðeins að hún liti þetta mál alvarlegum augum, heldur teldi hún rétt að setja nefnd sem gæti orðið til þess að pólitískt samband skapaðist við stjórnarandstöðuna og raunar milli allra flokka um þetta mál. Hefur landhelgisnefnd starfað síðan.

Síðan var unnið áfram að málinu á hverjum þeim vettvangi þar sem tækifæri gafst og alveg sérstaklega af ýmsum starfsmönnum og stjórnmálamönnum hér heima. Fyrsti fundurinn, sem hægt er að kalla fund um þetta mál, var síðan haldinn í Kaupmannahöfn í aprílmánuði 1979, þá þegar um vorið. Þar voru utanrrh. Íslands og Noregs og þar komu líka formenn sendinefnda Íslands og Noregs á Hafréttarráðstefnunni, en fundur þeirrar ráðstefnu stóð einmitt yfir í Genf þá daga. Í júní var síðan haldinn fundur Norðmanna og Íslendinga hér í Reykjavík sem allir muna, þegar ekki náðist árangur og Norðmenn flugu heim án þess að hafa meðferðis það sem þeir höfðu ætlað sér að fá frá okkur.

Málið komst síðan í hámæli þá um sumarið og komu fram ýmsar till. frá ýmsum aðilum, bæði í landhelgisnefnd og í ríkisstj. Norðmenn höfðu fengist til þess, að því er við höldum fram, að fallast á 90 þús. tonna markið á loðnuveiðum þeirra, en þar sem heildarsamkomulag náðist ekki héldu þeir því fram, að þessi tala væri ekki bindandi. Við sendum mjög hörð mótmæli, þegar þeir fóru yfir það mark, nálguðust 100 þús. tonn. Það fór svo, að þeir veiddu um 125 þús. tonn áður en norsk yfirvöld stöðvuðu veiðarnar. Það er enginn kominn til með að segja að þeir hefðu ekki getað veitt 200 eða 300 þús. tonn, ef ekkert samband hefði verið við þá haft, ef engar samningaviðræður hefðu farið fram og ef sá aðdragandi, sem ég hef getið, hefði ekki átt sér stað.

Ég tel því eins og hv. síðasti ræðumaður, — og telst sjálfsagt til tíðinda þegar við erum sammála, — að ummæli hv. 1. þm. Reykv. í sambandi við málið og árás hans á hina flokkana og alveg sérstaklega þá sem stóðu að þeirri ríkisstj., sem mynduð var í sept. 1978, sé ódrengileg og algerlega tilefnislaus. Þótt ég vilji á engan hátt gera lítið úr hlut Sjálfstfl. í landhelgismálum fyrr og síðar og líklega var hann meiri fyrr en síðar, þá vil ég mótmæla þessum tilraunum til þess að útbreiða það, að hinir flokkarnir og stjórn Ólafs Jóhannessonar hafi á nokkurn

hátt sýnt þessu máli fálæti eða seinlæti, hvað þá þeirri ásökun, að við höfum dregið úr þeim árangri sem nú hefur náðst. Ég mótmæli þessu algerlega og lýsi undrun minni yfir því, að slíkur málflutningur heyrist frá þeim manni sem flutti hann hér. Hann á sennilega rætur sínar einhvers staðar annars staðar.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég þakka hv. utanrmn. fyrir afgreiðslu hennar á málinu. Hún hefur afgreitt það fljótt og meiri hl. með því að leggja til að samkomulagið verði samþykkt. Ég tel mjög mikilvægt að þetta mál nái nú fram að ganga og það tefjist ekki. Þess vegna vil ég ekki vekja neinar deilur um það, þó að orð hafi fallið sem gætu gefið tilefni til þess.

Hér er um að ræða anga af landhelgismáli. Við Íslendingar höfum unnið mikla sigra í landhelgismálum. Af því er mikil saga. Það hefur verið okkur styrkur í öllum þeim átökum, að það hefur myndast samstaða: samstaða á Alþingi, samstaða meðal þjóðarinnar. Við hefðum ekki náð þeim árangri sem við höfum náð ef svo hefði ekki verið. Þess vegna er það að mínum dómi þrátt fyrir allt mjög mikilvægt að sem víðtækust samstaða verði hér á Alþingi um afgreiðslu þessa máls, þó að það liggi fyrir að einn nm. í utanrmn. hefur skilað sérstöku áliti þar sem hann mælir gegn samþykkt þessa samkomulags.

Enn þá sér ekki fyrir endann á landhelgismálum Íslendinga og eru fram undan vandasöm mál á því sviði. Það er von mín, að í því geti áfram haldist að Íslendingar, bæði þing og þjóð, standi sem mest saman, en fari ekki að pexa um aukaatriði. Ég held að það væri kominn tími til að Alþingi gerði ályktun um það, að samin skyldi á hlutlægan hátt saga landhelgismála Íslendinga. Það er mín bjargföst sannfæring, að enginn verði stór af því að ætla að eigna sér þar eitthvað sérstaklega. Við höfum sem betur fer allir staðið saman í þessari miklu baráttu.

Þetta vildi ég segja og hvetja enn til samstöðu um afgreiðslu þessa máls.

Vegna viðhorfa, sem komið hafa fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, bæði í nál. og ræðuhöldum hér á þinginu, verð ég til öryggis að taka það fram, að ég mótmæli í einu og öllu túlkun hans. Ég ætla ekki að fara að tefja tímann á því að fara að rekja það eða fara nánar út í það, en ég geri þetta til öryggis vegna þess að túlkun hans og sjónarmið gætu orðið skaðleg vopn í hendi andstæðings ef til kæmi.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. eða kannske grg. að gefnu tilefni og nokkurri nauðsyn.

Ég vil segja í fyrsta lagi, að ég sætti mig illa við þá málsmeðferð að Alþ. sé aðeins gefinn kostur á að segja já eða nei við svo gott sem gerðum hlut. Það er vond aðferð. Eðlilegra og raunar sjálfsagt hefði verið að fresta samningaviðræðunum, leggja útkomuna fyrir þing og ganga síðan frá samkomulagi.

Í öðru lagi vil ég segja það, að ég sætti mig ekki við meðferð málsins í okkar flokki. Ég mun hins vegar ekki gera grein fyrir því á þessum stað nema eftir því verði leitað af ábyrgum aðilum í flokknum. Ég mun ekki ræða málið efnislega. Ég vil þó segja, að þrátt fyrir galla í samkomulaginu eru þar mjög sterk atriði fyrir okkur Íslendinga og ég tel háskalegt, ef margir málsmetandi menn leggja sig í framkróka að túlka samningsgreinarnar okkur í óhag á opinberum vettvangi.

Að lokum vil ég taka það fram, að þessar aths. mínar og væntanleg afstaða í málinu eru alls ekki vantraust á störf fulltrúa Alþb. í samningaviðræðunum við Norðmenn.

Frsm. meiri hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð að gefnu tilefni.

Ég greindi hér frá nál. og afgreiðslu n. á þeirri þáltill., sem hér er til umr., sem frsm. meiri hl. utanrmn. Ég gerði grein fyrir þeim almennu viðhorfum, sem allir meirihlutamennirnir stóðu að, og ég gerði skýran greinarmun á því, sem ég sagði í því hlutverki, og svo aftur þegar ég gerði grein fyrir afstöðu og viðhorfum þm. Sjálfstfl. Ég gerði það til þess að spara tíma. Mér hefur skilist að það væri áhugamál ríkisstj. og stjórnarliða að ljúka Alþingi sem fyrst, og það var samkomulag í þingflokki sjálfstæðismanna að ég reyndi að gera almenna grein fyrir viðhorfum þeirra til málsins til þess að þeir hefðu síður ástæðu til þess að kveðja sér hljóðs í þessu máli. En ég tek það fram, að þessi orð mín ber ekki að skilja svo að þm. Sjálfstfl. séu ekki frjálsir að því að taka hér til máls og gera grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli. Það liggur í hlutarins eðli. Við sjálfstæðismenn erum fylgismenn málfrelsis. Og það er út af fyrir sig ánægjulegt og gleðilegt, að einu sinni kemur þó fram að Alþb., sem ekki er þekkt að því að vera málsvari lýðræðis og skoðanafrelsis í öllum tilvikum, sýnir í þessum umr. að einn þm. þess hefur þó dug og kjark til að mótmæla málflutningi og ég vil segja ósmekklegum og ástæðulausum getsökum formanns þingflokks Alþb. Við gagnrýnum formann þingflokks Alþb. áreiðanlega á mismunandi forsendum, hv. þm. Garðar Sigurðsson og ég, en engu að síður erum við jafnóánægðir með málflutning formanns þingflokks Alþb.

Ég skal svo láta stjórnarliðana um það að deila sín á milli um svo mikilvægt mál sem landhelgismálið er. En það hefur ekki staðið á Sjálfstfl. að fylkja liði um sameiginlega hagsmuni landsmanna í landhelgismálum. Sjálfstfl. er ekkert feiminn við að segja, að hann hafi haft forustu í þeim efnum, og telur það ekki á neinn hátt til þess fallið að varpa skugga á aðra flokka eða stofna til missættis eða ósamkomulags. Ég hlýt að gera þá kröfu til allra þingflokka og þm., og við gerum þá kröfu gagnkvæmt hver til annars, að menn skoði málin á hlutlægan hátt og taki efnislega afstöðu, en ekki á grundvelli þess, hver hafi frumkvæði í málum hverju sinni. Í þeim anda höfum við sjálfstæðismenn tekið afstöðu í þessu máli. Okkur hefur ekki dottið í hug að nota þetta mál til þess að sýna sérstaklega fram á sundrung ríkisstjórnarflokkana eða torvelda framgang samkomulagsins eða stuðla að falli ríkisstj. vegna þessa máls út af fyrir sig. Hins vegar hef ég nefnt það í ræðu minni á föstudaginn var og get ítrekað það enn, að væri samkomulagið ekki samþykkt, þá ættu auðvitað stuðningsmenn samkomulagsins innan ríkisstj. að segja af sér. Ef samkomulagið verður samþykkt, þá ættu auðvitað andstæðingar samkomulagsins meðal stuðningsmanna stjórnarliðsins að segja af sér, vegna þess að hér er um mikilvægt mál að ræða sem í hugum manna ætti að varða slit á stjórnarsamstarfi ef nokkur alvara fylgdi þeim orðum sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lét sér um munn fara áðan. En honum er kannske engin alvara frekar en Alþb.-mönnum er alvara þegar þeir eru að fjölyrða um utan-

ríkis- og varnarmál landsins, en fylgja því, sem þeir segja, ekki fram innan ríkisstj. í stjórnarathöfnum.

Ég held svo að það sé ekki nokkur ástæða að eyða einu orði til að svara hv. þm. Benedikt Gröndal umfram það sem ég hef þegar gert og hann getur tekið til sín.

ATKVGR.

Brtt. 577 felld með 44:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, RA, SkA, StJ, SvG, GS, GJG, GHelg, HS, HG.

nei: MÁM, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, SalÞ, SighB, StefG, SV, SBó, SteinG, SvH, TÁ, VG, ÞK, ÞS, AS, ÁG, BGr, BÍG, DA, EH, EG, EKJ, FÞ, FrS, GeirH, GB, GK, GTh, HÁ, HBl, IGuðn, IGísl, JE, JS, JÞ, KP, KJ, LJ, MHM, SigurlB, JH.

6 þm. (ÓE, AG, EgJ, GeirG, GGÞ, KSG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Sigurðsson: Það efni till. að óska eftir áframhaldandi viðræðum er í fullu samræmi við þá grg. sem ég gaf áðan. Ég segi því já.

Tillgr. samþ. með 45:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, ÞS, AS, ÁG, BGr, BÍG, DA, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GH, GB, GK, GTh, HÁ, HBl, IGuðn, IGísl, JE, JS, JÞ, KP, KJ, LJ, MHM, SigurlB, MÁM, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, SalÞ, SighB, StefG, SV, SBó, SteinG, SvH, TÁ, VG, JH.

nei: GeirG, GJG, GHelg, HS, HG, ÓRG, RA, SkA, StJ, SvG.

GS greiddi ekki atkv.

4 þm. (AG, GGÞ, KSG, ÓE) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Í nafni þingflokks sjálfstæðismanna vil ég gera eftirfarandi grein fyrir atkv.

Eins og kunnugt er hafa sjálfstæðismenn haft forustu um að tryggja réttindi Íslands á Jan Mayen svæðinu. Telur flokkurinn samkomulagið, sem gert var við Norðmenn í Osló, áfanga á leiðinni til þess jafnræðis Íslendinga og Norðmanna á svæðinu sem Jón Þorláksson, þáv. forsrh., áskildi Íslendingum 27. júlí 1927. Sjálfstfl. harmar viðbrögð stjórnvalda við tillögum hans, sem lýst hafa sér í fálæti og seinlæti sem leiddu af sér afdrifaríkan drátt í málinu. Þetta forustuleysi stjórnvalda jafnframt sundurþykkju í stjórnarherbúðunum hefur veikt stöðu Íslendinga í samningunum við Norðmenn. Í þeirri stöðu, sem mál þetta er nú komið, er það samt álit Sjálfstfl. að það stefni hagsmunum Íslendinga í tvísýnu ef samkomulaginu yrði hafnað. Því styðja sjálfstæðismenn samkomulagið og lýsa jafnframt yfir, að þeir munu á grundvelli þess halda fast á rétti Íslands og berjast áfram fyrir sanngjarnri og réttlátri lausn mála á Jan Mayen svæðinu. Ég segi já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að hér erum við að taka afstöðu til samkomulags, sem er niðurstaða af löngum undirbúningi og miklum viðræðum sem fram hafa farið. Ég tel það með eindæmum ósmekklegt, eins og Sjálfstfl. hefur gert, að halda við það tækifæri upp ásökunum á hendur öðrum um vilja- og áhugaleysi, ekki síst þegar þær ásakanir eiga ekki við rök að styðjast. Ég tel slíkan málflutning ekki auka virðingu eða reisn Sjálfstfl. og var þó ærin ástæða til þess að auka þar eitthvað við. Ég segi já.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Með vísun til grg. hv. 1. þm. Reykv., sem bæði var sönn og smekkleg, segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44:10 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 586).

Skýrsla forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Samkv. 9. gr. laga um Framkvæmdastofnun ríkisins skal ríkisstj. gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi hennar. Ársskýrslu fyrir árið 1979 hafa þm. þegar fengið í hendur.

Starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur verið með sama hætti og undanfarin ár. Framangreind skýrsla er hin áttunda í röðinni og er þar að finna grg. um þá málaflokka sem stofnunin hefur haft með höndum, upptalningu allra lánveitinga og töflur til glöggvunar. Á vegum áætlanadeildar eru nú í vinnslu ýmsar skýrslur varðandi einstaka atvinnuvegi, orkumál, samgöngumál, húsnæðismál o. fl. Safnað hefur verið upplýsingum um fjármunamyndun frystihúsanna og áfram er unnið að fiskiskipaáætlun. Þá var settur á fót starfshópur um skipasmíðaiðnað á s. l. ári. Stofnunin annast aðild Íslands í norrænni nefnd um hagrænar samgöngurannsóknir. Athugun á samgöngumálum Suðurlands var samstarfsverkefni samgrn., Vegagerðar ríkisins og áætlanadeildar. Á vegum byggðadeildar var aðaláhersla lögð á gerð iðnþróunaráætlana.

Framkvæmdasjóður Íslands og Byggðasjóður eru starfræktir innan lánadeildar. Lánadeild tekur við umsóknum um lán úr sjóðunum, annast athugun þeirra og úrvinnslu og sér um afgreiðslu þeirra lána sem samþykkt eru af stjórn stofnunarinnar. Deildin hefur með höndum bókhald sjóðanna og skýrslugerð vegna þeirra, innheimtu lána og gætir hagsmuna sjóðanna í lánamálum. Lánadeild veitir ýmsum fyrirtækjum aðstoð og ráðgjöf varðandi framkvæmdir og fjármögnun og fjallað er um ýmis vandamál fyrirtækja, sem að nýframkvæmdum standa, og annarra, sem þarfnast endurskipulagningar og leita til framkvæmdastofnunar um aðstoð.

Í Byggðasjóði voru samþykkt 502 lán, samtals að fjárhæð 5959 millj. Af þeim voru tvö lán sérstaks eðlis: 1480 millj. kr. lán til Orkusjóðs til greiðslu skulda vegna byggðalína og 200 millj. kr. lán til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands vegna lausaskulda bænda. Heildarútlán Framkvæmdasjóðs voru 14 477 millj. kr. Auk þess var á vegum sjóðsins sérstök lánveiting, 1250 millj. kr. vegna verkefna í skipasmíðaiðnaði.

Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins segir, að það sé hlutverk Framkvæmdasjóðs að beina fjármagni til aðkallandi framkvæmda sem æskilegar eru taldar fyrir þjóðarbúið að dómi stjórnar Framkvæmdastofnunar. Þessu hlutverki gegnir sjóðurinn fyrst og fremst með því að veita fé til helstu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem síðan veita lán til einstakra framkvæmda. Lán-

veitingar Framkvæmdasjóðs til fjárfestingarlánasjóða árið 1979 námu 13 654 millj. kr.

Að öðru leyti vil ég vísa til hinnar prentuðu ársskýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Skýrsla dómsmálaráðherra um meðferð dómsmála (þskj. 511).

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég tel samkv. venju rétt að láta örfá orð fylgja skýrslu þeirri um meðferð dómsmála sem lögð var á borð hv. alþm. fyrir skömmu. Skýrsla þessi, sem hér liggur frammi, tekur aðeins til einkamála og sakamála. Hún tekur hins vegar ekki til skipta, fógetagerða og uppboðsmála. Þá tekur hún ekki til meðferðar mála fyrir Hæstarétti.

Með bréfi, dags. 30. jan. s. l., óskaði dómsmrn. eftir upplýsingum um þessa málaflokka sem kynnu að vera til meðferðar hjá dómstólum landsins. Spurt var um í fyrsta lagi einkamál, sem þingfest hefðu verið fyrir 1. jan. 1978 og ólokið var 1. jan. 1980, og í öðru lagi um sakamál, sem ákært hafði verið í fyrir 1. jan. 1979 og ólokið var 1. jan. 1980. Mál eru talin upp eftir umdæmum, fyrst einkamál, og er þar getið þingfestingardags, númers máls og aðila, og síðan sakamál, og er þar getið dagsetningar ákæru, auðkennis máls og tegundar brots. Skýrslan byggir á upplýsingum frá viðkomandi embættum.

Á síðari árum hefur færst í vöxt að starfsmenn dómsmrn. hafa farið í eftirlitsferðir með embættum landsins. Hefur þetta veitt embættunum aukið aðhald við afgreiðslu mála og er nú að því stefnt að slíkar eftirlitsferðir verði farnar til hvers embættis a. m. k. annað hvert ár og í sum embætti árlega.

Þá á skýrsla sem þessi, sem lögð er fyrir Alþingi, sinn þátt í auknu aðhaldi. Ber þessi skýrsla og þess merki, sé hún borin saman við fyrri skýrslur, að óloknum málum virðist fækka. Tilgangur með skýrslu sem þessari er fyrst og fremst að kanna hvort einhvers staðar eigi sér stað óeðlilegur dráttur á afgreiðslu mála, auk þess aðhalds sem hún veitir og áður er getið. Rétt þykir að geta hér nokkurra mála.

Hjá embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum eru til meðferðar 8 sakamál frá árinu 1972 og eldri. Skýringin á drætti þessara mála er sú, að mikil röskun varð á starfsemi embættisins í kjölfar eldgossins í Heimaey 1973, og munu a. m. k. sum þessara mála hafa glatast þá. Þá er elsta einkamálið frá árinu 1969 við embætti yfirborgardómarans í Reykjavík, þingfest 4. des. 1969. Í því máli gekk dómur 13. des. 1971, en með dómi Hæstaréttar 12. nóv. 1973 var málinu vísað til héraðsdómara að nýju. Eftir var að leita úrskurðar matsnefndar sbr. lög nr. 11 frá 1973, og gekk úrskurður nefndarinnar, 1. maí 1976 og var málinu þá frestað til frekari gagnaöflunar. Munnlegur málflutningur fór fram 30. nóv. 1979 og var málinu þá enn frestað til frekari gagnaöflunar. Dómur var síðan kveðinn upp 21. mars s. l.

Ekki þykir ástæða til að fjölyrða frekar um einstök mál, en yfirleitt má segja að gangur þeirra hafi verið með eðlilegum hætti. Má segja, að meðferð mála fyrir dómstólum hér á landi sé á réttri braut ef litið er til þess tíma sem meðferðin tekur, því að heldur virðist meðferðartíminn styttast en lengjast.

Umræður utan dagskrár.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að tilkynna hér, eins og oft hefur áður verið gert í þinglok, að ríkisreikningur, A-hluti, fyrir árið 1979 er nú fullgerður af hálfu ríkisbókhalds og verður dreift hér til þm. innan skamms tíma, síðar í dag a. m. k. Jafnframt verður hann fenginn yfirskoðunarmönnum til meðferðar.

Eins og kunnugt er eru gjöld og tekjur ríkisreiknings gerð upp á grundvelli áfallinna gjaldaskuldbindinga og álagðra tekna, sem mjög oft fer ekki saman við greiðslur á þessum liðum, en fjárlög eru hins vegar í aðalatriðum byggð á greiðsluhreyfingum. Jafnframt skal minnt á að stofnkostnaður er færður til gjalda á rekstrarreikning strax við kaup eða framkvæmd, en fjárfesting er ekki færð til bókar á efnahagsreikning og síðan afskriftir færðar þaðan á gjöld á endingartíma eignarinnar.

Helstu niðurstöðutölur A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1979 eru þessar:

Gjöld urðu 249 146 millj. kr. og tekjur 248 036 millj. kr. Gjöld umfram tekjur urðu því 1 110 millj. kr., sem er 7774 millj. kr. óhagstæðari niðurstaða en gert er ráð fyrir í fjárl. Árið áður var hallinn lítið eitt hærri eða 1609 millj. kr.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs við bankakerfið, fyrst og fremst Seðlabankann, var hagstæð um 2250 millj. kr., en í fjárl. var gert ráð fyrir 7595 millj. kr. greiðslubata. Árið 1978 var hins vegar um halla að ræða að fjárhæð 3795 millj. Að teknu tilliti til gengismunar og verðbóta á lánum við Seðlabankann hækkaði skuld ríkissjóðs við bankann um 2332 millj. kr. á árinu.

Með hliðsjón af þeim breytingum, sem urðu á síðasta ári á verðtryggingu lána, og tilkomu lánskjaravísitölu um mitt ár 1979 var ákveðið að bókfæra öll vísitölubundin lán í árslok 1979 samkv. þágildandi vísitölum. Áður höfðu lán A-hluta ríkisins verið tilgreind á nafnverði. Hækkun skulda af þessum ástæðum nam 26 267 millj. kr. Í þessari fjárhæð er hækkun margra ára aftur í tímann. Gengisbundin lán hafa ávallt verið færð upp í árslok miðað við gildandi gengi og var svo einnig gert nú. Endurmatsjöfnuður varð því á árinu mjög há fjárhæð, eða 29 052 millj. kr. miðað við 11 307 millj. kr. á árinu 1979. Skuldir umfram eignir A-hluta ríkisins námu í árslok 1979 60 931 millj. kr. og höfðu hækkað á árinu um 30 162 millj. kr. og þar af, eins og áður sagði, um 26 267 millj. vegna uppfærslu vísitölubundinna lána vegna margra ára. Í þessu sambandi er þess að geta, að efnislegir fjármunir A-hlutans, eins og fasteignir, vélar og áhöld teljast ekki með eignum í þessu uppgjöri.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að gera grein fyrir efni ríkisreiknings sem dreift verður á borð þm. síðar í dag. Ég tel hins vegar ástæðu til að fara hér örfáum orðum til viðbótar um stöðu ríkissjóðs að loknum 4 fyrstu mánuðum þessa árs.

Upplýsingar um gjöld og tekjur ríkissjóðs í lok aprílmánaðar liggja nú fyrir. Samkv. þeim var rekstrarjöfnuður neikvæður um 6.6 milljarða kr. á fyrstu 4 mánuðum ársins. Rekstrarjöfnuðurinn var þó heldur hagstæðari en á sama tíma undanfarin ár. Það eru einkum tvö atriði, sem öðrum fremur eru þessu valdandi. Í fyrsta lagi sköpuðust mjög sérstakar aðstæður á fyrstu mánuðum þessa árs, þar sem fjárlög voru ekki samþ. fyrr en komið var

fram að páskum. Ýmis þau fjárframlög, sem venja er að inna af hendi á fyrstu mánuðum ársins, komu ekki til útborgunar fyrr en eftir samþykkt fjárlaga, þar sem þau rúmuðust ekki innan þeirrar greiðsluheimildar sem Alþingi hafði samþykkt. Var hér fyrst og fremst um að ræða framlög til stofnkostnaðar ásamt framlögum til ýmissa sjóða og styrkja. Í öðru lagi má rekja þessa bættu útkomu til þess, að markvisst hefur verið unnið að því í fjmrn. að draga úr árstíðabundnum halla ríkissjóðs, en hann hefur á undanförnum árum verið mestur fyrstu mánuði ársins. Hefur þessi viðleitni borið nokkurn árangur.

Gjöld ríkissjóðs á fyrstu 4 mánuðum ársins urðu 102.3 milljarðar kr., en tekjur námu 95.7 milljörðum kr. á sama tíma. Rekstrarjöfnuður frá áramótum til apríloka varð því, eins og ég hef áður greint frá, neikvæður um 6.6 milljarða kr. Til samanburðar má geta þess, að á sama tíma á s. l. ári varð rekstrarjöfnuður neikvæður um 13 milljarða kr.

Skuldaaukning ríkissjóðs við Seðlabankann varð nokkru meiri en nemur mismun gjalda og tekna þar sem halli varð á lánahreyfingum á tímabilinu. Skuld ríkissjóðs við bankann jókst um 7.6 milljarða kr. En til samanburðar má geta þess, að á fyrstu 4 mánuðum ársins 1979 jukust skuldir ríkissjóðs við bankann um 11.4 milljarða kr. Greiðsluáætlun hefur verið gerð í fjmrn. og byggist hún á niðurstöðum fjárl. Samkv. henni er að því stefnt, að í lok nóv. verði skuldastaðan við Seðlabankann orðin svipuð og hún var um s. l. áramót.

Ég taldi rétt að þessar upplýsingar kæmu hér fram áður en þing lýkur störfum sínum nú á næstu dögum.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. þá grein sem hann gerði fyrir niðurstöðum ríkisreiknings og að það hefur tekist nú að halda þeirri reglu, sem á var komin, að ríkisreikningurinn yrði lagður fram áður en þingi lyki.

Eins og fram kom í því, sem hæstv. fjmrh. sagði, er útkoman neikvæð um 1 milljarð 110 millj. kr. eða 1110 millj. kr. 1979, en var hins vegar gert ráð fyrir jákvæðri útkomu upp á 6 milljarða 664 þús. millj. kr. Er hér um að ræða verri útkomu upp á 7.7 milljarða. Þessu til viðbótar upplýsti ráðh., sem kemur heim og saman við það sem fram kemur í skýrslu Seðlabankans, að skuld við Seðlabankann hækkaði á árinu um 2.5—2.6 milljarða kr. Það er verri staða um áramótin sem nemur yfir 10 milljörðum kr. heldur en fjárlög ársins 1979 gerðu ráð fyrir. Hér er um að ræða nákvæmlega þá útkomu sem við stjórnarandstæðingar gerðum ráð fyrir með tilliti til þeirra fjárlaga sem samþ. voru og að vísu var talið af þáv. ríkisstj. og ríkisstjórnarmeirihluta að um hrakspár okkar væri að ræða. En hér er í ljós komin sú staðreynd sem við töldum blasa við, ef þannig væri frá fjárl. gengið.

Þá er enn fremur í þessu staðfest það sem okkur hæstv. fyrrv. fjmrh. Sighvat Björgvinsson greindi á rétt um áramótin. Það voru bókfærsluatriði. Hann svaraði mér þá og sagði að væri til skoðunar með hvaða hætti ætti að færa upp í sambandi við áramótin verðbótaþátt lána. En ég hélt því fram, að hér væri ekki um að ræða neitt sem menn gætu komið sér saman um eftir á, hér væri um að ræða eina reglu og að verðbótaþáttur þessara lána skyldi færður upp um áramót nákvæmlega eins og gengisbreytingar á genigstryggðum lánum. Og það hefur auðvitað orðið staðreyndin, svo sem bæði kemur fram í skýrslu Seðlabankans og í ríkisreikningi fyrir árið 1979.

Ég vil enn fremur þakka ráðhh. fyrir upplýsingar um stöðu ríkissjóðs fyrstu 4 mánuði ársins. Eins og hann réttilega gat um er hér um að ræða óvenjulegt ástand og ég held að útkoman sé að því leyti til kannske ekki nákvæmlega eins og hún annars hefði orðið. En þess er líka að geta, að fyrri hluti árs er ævinlega erfiður hjá ríkissjóði og ég held að hjá því verði aldrei komist. Ef hins vegar verður hægt að ná því marki sem hann vék að varðandi stöðu ríkissjóðs við Seðlabankann í nóv., þá væri vel. En ég held því miður að eins og um hnútana er búið og hefur verið búið náist það ekki, en við verðum að sjálfsögðu að vona það besta. Staðreyndin kemur svo til með að sýna hver útkoman verður.

Ég endurtek að það er gott að sú regla hefur verið haldin, að ríkisreikningurinn hefur verið lagður á borð alþm. áður en þingi lýkur.

Sameinað þing, 62. fundur.

Mánudaginn 19. maí, að loknum 61. fundi.

Hafsbotnsréttindi Íslands og samvinna við Færeyinga, þáltill. (þskj. 578). — Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Að till. forsta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 63. fundur.

Mánudaginn 19. maí, að loknum 62. fundi.

Hafsbotnsréttindi Íslands og samvinna við Færeyinga, þáltill. (þskj. 578). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Til utanrmn. var vísað till. Eyjólfs Konráðs Jónssonar o. fl. um sama efni. Utanrmn. taldi eðlilegt að flytja sjálfstæða till. um þessi mál og varð samstaða í utanrmn. um þá till. til þál. sem er á þskj. 578.

Ég tel ekki þörf á að skýra þessa till. sérstaklega eða fylgja henni úr hlaði þar sem öllum þm. er mjög vel kunnugt um efni málsins og nýlega hefur verið höfð framsaga um till. sem gekk í svipaða átt.

Með tilvísun til þess, að hér er um till. að ræða sem utanrmn. flytur öll, teljum við ekki þörf á því að vísa till. til n. og leggjum til að hún verði samþ. þegar við þessa umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 588).

Efri deild 95 fundur.

Mánudaginn 19. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kvikmyndasafn Íslands, frv. (þskj. 130, n. 564). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. menntmn. hefur rætt mál þetta allmikið á nokkrum fundum og m. a. fengið til skrafs og ráðagerða bæði kvikmyndahúsaeigendur og eins kvikmyndagerðarmenn, sem fræddu okkur mjög um þessi málefni og þá sérstaklega um vandræði Kvikmyndasjóðs, sem er fjárvana. En sem betur fer hefur íslenskri kvikmyndagerð nú að undanförnu vaxið mjög fiskur um hrygg og menn hafa mikinn áhuga á að gera enn þá betur en hingað til hefur verið gert.

Nm. voru allir ásáttir um að brýna nauðsyn bæri til að styrkja Kvikmyndasjóð og það mætti ekki lengi dragast að honum yrði útvegað verulegt aukið fjármagn. Hins vegar náðist ekki samkomulag um að íþyngja Kvikmyndahúsum eða öllu heldur að auka gjöld sem þau innheimtu, en þau eru nú, að því er okkur er tjáð, allt upp í 42%. Mun það vera einsdæmi í vestrænum löndum að slík gjöld séu lögð á kvikmyndasýningar. Jafnframt komu fram upplýsingar um að öll gjöld á Norðurlöndum, sem á kvikmyndasýningar eru lögð, rynnu til kvikmyndagerðar í þeim löndum. En hér eru þetta gjöld sem fara til annarra þarfa þjóðfélagsins eða sveitarfélaga, og þá sérstaklega svonefnt sætagjald hér í Reykjavík sem mun nema nú allt upp í 50 millj. yfir árið. En þetta 50 kr. gjald sem ráð er fyrir gert í frv., yrði þar að auki ekki mikil stoð við Kvikmyndasjóð þegar verðbólgan æðir áfram eins og nú er. Að vísu hefði mátt hugsa sér að hækka þá upphæð í krónutölu, en um það var því síður samstaða að hækka hana heldur en hitt, að fara að leggja þetta gjald til viðbótar öllum þeim gjöldum sem fyrir eru.

Við ræddum mjög þá hugmynd að hluti af söluskatti rynni í Kvikmyndasjóð, t. d. ¼ hluti, en söluskattur af öllum kvikmyndum á síðasta ári var talsvert á fjórða hundrað millj. Það hefði mátt gera ráð fyrir að þetta gjald gæti verið 100 millj. eða meira á yfirstandandi ári, ef það hefði verið fjórðungur af öllum söluskatti af kvikmyndasýningum. Ekki þótti þó unnt að mæla með því að svo komnu máli þar sem fjárlög eru nú nýafgreidd og ósýnt um fjárhag ríkissjóðs. Þó óx þessari hugmynd nokkuð fiskur um hrygg þegar ákveðið var að fella niður söluskatt annars vegar af leikhúsmiðum og eins af tónleikahaldi. Þá hefði kannske mátt segja að til samræmis hefði átt að flytja til Kvikmyndasjóðs frá ríkissjóði.

En bæði var tímaþröng og eins þetta, eins og ég sagði, að fjármál eru óviss í því ástandi sem nú ríkir. En við lögðum á það meginkapp í n. að ná fullri samstöðu, því að allir stefndu að einu og sama markinu: að reyna að tryggja hag Kvikmyndasjóðs til frambúðar með samstöðu hér í þingi.

Niðurstaðan varð þess vegna sú, að við snerum okkur til hæstv. fjmrh., ræddum málið við hann og raunar margsinnis. Hann lýsti því yfir, að hugmyndin væri að allur söluskattur af innlendum kvikmyndum á þessu ári rynni til Kvikmyndasjóðs. Það verða talsverðar upphæðir, einmitt vegna þess að nú eru til sýninga og væntanlegar íslenskar myndir sem mikil aðsókn hefur verið og verður væntanlega að. Þess vegna er þetta umtalsverð upphæð sem nú í ár rennur til sjóðsins. Þetta er þó skilyrt því, þetta álit okkar, að þegar á haustþingi verði málið tekið upp til að finna á því frambúðarlausn.

Með hliðsjón af framansögðu og í trausti þess, að þetta verði gert, varð n. sammála um að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. frá fjh.- og viðskn. á þskj. 564 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 15 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 527). — Ein umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Þegar málefni Bjargráðasjóðs voru til umr. hér í þessari d. gat ég um það, að á nefndarfundi fjh.- og viðskn. hefði verið óskað eftir því, að fram kæmi yfirlýsing frá stjórnvöldum þar sem nánar væri kveðið á um hvernig leysa ætti þann vanda sem Bjargráðasjóður á nú við að etja, annaðhvort með því, að gerð yrði nánari grein fyrir tekjuöflun til sjóðsins, eða með lagabreytingum eða með einhverjum yfirlýsingum, sem hv. nm. gætu sætt sig við og vissu þá eitthvað frekar um það, hvernig unnt yrði að leysa þann vanda sem Bjargráðasjóður stendur nú frammi fyrir.

Við umr. í Nd. lagði hæstv. fjmrh. fram brtt. við 154. mál, sem er frv. til l. um breyt. á l. nr. 52/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. l. nr. 110/1976 og l. nr. 41/1977. Þar var gerð breyting varðandi tekjuöflun sjóðsins sem gerir ráð fyrir að framlag sveitarfélaganna sé hækkað úr 150 kr. í 300 kr. á hvern íbúa sveitarfélags, að framlag af söluvörum landbúnaðarins sé hækkað úr 0.35% í 0.6%, síðan að framlag ríkissjóðs sé samkv. ákvörðun í fjárlögum ár hvert og að lokum að ráðstöfunarfé sé vextir af fé sjóðsins.

E-liður í þessari brtt., sem fjallar um framlag ríkissjóðs samkv. ákvörðun í fjárlögum ár hvert, þótti ýmsum ekki fullnægjandi, því þarna væri verið að leggja kvaðir á sveitarfélögin svo og bændur eða landbúnaðinn, en nokkuð haldið opnu um það, hvert framlag ríkissjóðs ætti að vera, en viðmiðunin ekki eins og áður, að hún skyldi vera til jafns við hina tvo þættina. Því hef ég leyft mér ásamt þeim hv. þm. Agli Jónssyni og Helga Seljan að leggja fram brtt. á þskj. 587 sem kveður öllu nánar á um þetta. Geta má þess, að um þetta er samstaða við ráðherrana sem um þessi mál fjalla, bæði fjmrh. og landbrh. Brtt. hljóðar svo:

„E-liður 1. gr. orðist svo:

Framlag ríkissjóðs samkv. ákvörðun í fjárlögum ár hvert, þó eigi lægra en sameiginlegar tekjur samkv. a-lið og sem svarar 0.35% af söluvörum landbúnaðarins samkv. b-lið."

Hér er hert aðeins á ákvæðinu um framlag ríkissjóðs, að það sé þó eigi lægra en sem svarar framlagi sveitarfélaganna og framlagi af söluvörum landbúnaðarins eins og þær eru nú, fyrir gildistöku þessara nýju laga.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 587, sem var of seint fram komin, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 587 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Efri deild, 96. fundur.

Mánudaginn 19. maí, að loknum 95. fundi.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 93, n. 583). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, sbr. l. nr. 23 6. maí 1976. Frv. þetta fjallar um sektarheimild lögreglustjóra og sektarheimild lögreglumanna. Með frv. er verið að hækka sektarmörk vegna verðlagsbreytinga þannig að þær fylgi verðlagsþróun, en sektarfjárhæðir þessar hafa verið óbreyttar frá árinu 1976.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Verðlag, frv. (þskj. 183, n. 581 og 582). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir meirihlutaáliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 o. s. frv., um verðlag og samkeppnishömlur, sem menn þekkja. Það urðu talsverðar umr. um málið við 1. umr. þess 12. mars s. l., og um þessi mál hafa verið bæði deilur og miklar umr. árum saman og nærri því áratugum saman. Undirbúningur að þeirri lagasetningu, sem fór fram með lögum nr. 56 frá 1978, var mjög langur. Málið hafði reyndar komið til atkv. í þessari hv. d. árið 1969, mjög svipað frv., og féll þá á jöfnum atkv., svo sem sögulegt varð. En síðan hafa menn heldið áfram að vinna að þessum málum og hér náðist allvíðtæk samstaða um að koma þessum lögum á árið 1978 og gildistöku þeirra 1979. Síðan gerðist það, sem einnig er alkunna, að ný ríkisstj. var mynduð og hún breytti veigamestu ákvæðum frv. og setti síðan á verðstöðvun og það oftar en einu sinni með alkunnum glæsibrag og stöðvaði þannig verðbólguþróunina tvisvar eða svo. Að vísu eru nú ýmsir sem spá því að hún geti orðið 50—55% á þessu ári. En ég er dálítið hræddur um að það geti orðið enn þá meiri hraði á henni þegar á árið líður, ef engin breyting verður á stefnu stjórnvalda og þá ekki síst í verðlagsmálunum, því að það er ekki nokkur minnsti vafi á að ein meginmeinsemdin í okkar efnahagslífi eru einmitt þau kolvitlausu verðlagsákvæði sem hér hafa verið.

Nú vill svo vel til að á Alþingi Íslendinga munu vera u. þ. b. 4/5 hlutar þm. samþykkir þeirri stefnu sem felst í þessu frv. okkar nú, að breyta þessu í fyrra form. meiri hl. n. mynda sjálfstæðismenn og Alþfl.-maðurinn. Í einum flokki er, held ég, full andstaða við málið, en í öllum öðrum stuðningur. Og svo vel vill til að einn aðaltalsmaður frjálsræðis í viðskiptamálum í marga áratugi er nú hæstv. forsrh., sem án alls efa mun gleðjast mjög yfir því, að þessi stefna Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. muni nú geta sigrað með e. t. v. 4/5 atkv. hér í hv. Alþingi og það kannske við atkvgr. strax í dag, en þó það yrði kannske ekki endanleg atkvgr., þá hugsanlega á morgun. Mér er það auðvitað mikið gleðiefni að njóta stuðnings hans við þetta mál. En þar að auki er viðskrh. algerlega sammála okkur flm. þessa frv. og meiri hl. n. og hefur látið það koma fram við mörg tækifæri. Auðvitað viljum við styrkja hann í hans erfiðu stöðu og hjálpa honum til að koma málinu í það horf sem hann sjálfur hefur óskað eftir. Því til sanninda ætla ég aðeins að lesa hér örfá orð — með leyfi forseta — úr ræðu sem hæstv. viðskrh. flutti nýlega. Hann segir þar — og ég er sammála hverju einasta orði í því sem hann þar segir, — þetta er langt mál, en ég les bara tvær eða þrjár mgr., — hann segir:

„Eins og kunnugt er voru hin nýju verðlagslög samþ. á Alþ. í maí 1978, en tóku gildi í nóv. 1979. Þegar lögin voru fyrst samþ. var hugmyndin með þeim, að stefna að meira frjálsræði í verðlagsmálum. En með þeim breytingum, sem gerðar voru á lögunum árið 1979, var anda þeirra því miður breytt í verulegum atriðum. Ég hef ekki farið leynt með þá skoðun mína, að frjálsari stefna í verðlagsmálum sé miklu líklegri leið til þess að lækka vöruverð í landinu heldur en aðhaldssöm prósentuálagningaraðferð. Ég þarf raunar ekki að gera grein þessari skoðun á þessum fundi, hún er augljós. Aðalástæðan er sú, að með prósentuálagningunni er kippt í burtu hvatningunni til þess að leggja aðaláhersluna á ódýr og hagkvæm innkaup. Auk þess stuðlar þessi prósenturegla að því að slæva verðskyn neytenda, þar sem treyst er á einhverja forsjá opinberra aðila, sem því miður er ekkert nema misskilin trúgirni."

Þetta er allt hverju orði sannara. Og þess vegna er mjög ánægjulegt að svona víðtækur stuðningur skuli vera í Alþingi Íslendinga við framgang þessa máls. Ég treysti því þess vegna, að það eigi greiða leið í gegnum hv. d. og fái svo til öll atkv. hér núna.

Frsm. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og kom fram hjá talsmanni meiri hl. n. og fyrsta flm. þessa frv. er nú forsrh. í þessu landi sá maður sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lýsti hér áðan sem einhverjum glæsilegasta talsmanni þeirra hugmynda sem í þessu frv. eru. (**EkJ:** Í áratugi.) Í áratugi. Og enn fremur hefur komið fram áður, að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur lýst því yfir, að hann treysti núv. viðskrh. betur til þess að gæta þessara mála heldur en eigin mönnum. (**EKJ:** Sagði ég það?) Já, það kom fram hér við 1. umr. málsins. Með sérstöku tilliti til þess, að svo ágætir menn eru nú í stóli forsrh. og viðskrh. í núv. ríkisstj., hefur minni hl. n. lagt til að þessu frv. verði vísað til þessarar sömu ríkisstj. Má þá segja út frá þeim grundvelli, sem Eyjólfur Konráð Jónsson sjálfur hefur lagt, að sé ekki í kot vísað.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra

forseti. Það er aðeins ein setning. Við skulum segja það, að ég treysti þessum einstaklingum ágætlega, en ríkisstj. í heild treysti ég illa. En jafnvel þó ég treysti henni vel, þá verðum við að koma til liðs við hana vegna þess að það þarf lagabreytingu til að hún geti framkvæmt skynsamlega stefnu í þessu tilliti. Þess vegna ættum við að sameinast um það — og ég treysti því þá, að þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur gert sér grein fyrir því, að ekki er nægilegt að vísa frv. til ríkisstj., heldur þurfi lagabreytingu, þá muni hann greiða atkv. með þessum breytingum.

Frsm. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það kann vel að vera satt sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur sagt. En það má þó ekki útiloka það að hæstv. ríkisstj. geti gert enn betur en segir í þessu frv.

ATKVGR.

Till frá minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 582 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 10:8 atkv.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 582, n. 579 og 580). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Meiri hl. hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breyt. sem á því voru gerðar í Nd. í samræmi við hin nýju lög um tekju- og eignarskatt.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Minni hl. fjh.- og viðskn. hefur skilað séráliti í þessu máli á þskj. 580 og leggur til að frv. verði fellt. Í nál. segir:

„Þessi skattur var lagður á upphaflega í tíð vinstri stjórnar fyrir áramótin 1978—1979. Allir þm. Sjálfstfl. hafa lýst andstöðu sinni við þetta mál frá upphafi. Við undirritaðir nm. leggjum til að frv. verði fellt."

Ég þarf í rauninni ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég get getið þess, að þessi skattur er mjög sérstaks eðlis, og ég held að ég fari rétt með það, að hliðstæð skattlagning muni ekki vera til annars staðar á byggðu bóli, svo að mér sé kunnugt um, að það sé lagður sérstakur eignarskattur á ákveðnar eignir einhverrar ákveðinnar atvinnugreinar. Það hefur verið rökstutt af hálfu þeirra, sem greiða þennan skatt, að eignarskattur á þessi atvinnufyrirtæki í heild sé það hár, að allar eignir þeirra, sem nota þetta húsnæði, greiðist til ríkis og bæja á 25 árum. Þetta er eitt dæmi um það, hvað við Íslendingar erum frumstæð þjóð að mörgu leyti að því er varðar aðbúnað, sem við bjóðum okkar atvinnuvegum, sem er langt frá því að vera í átt við það, sem gerist með öðrum þjóðum, og gerir okkar atvinnulíf ósamkeppnishæfara á frjálsum grundvelli en ella væri.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, að þessi skattur er talsvert óvenjulegur. Hann var lagður á fyrst haustið 1978, þá sem brbl. í tengslum við efnahagsráðstafanir sem þá voru gerðar. Hann var síðan tímabundinn við árið 1979. Og enn er gert ráð fyrir að hann sé bundinn við árið í ár, þ. e. árið 1980, og falli niður ef hann verður ekki framlengdur með sérstökum lögum.

Ég fylgi því að leggja þennan skatt á á þessu ári vegna þess að hann er liður í tekjuöflun í sambandi við fjárlagagerð. En ég er þeirrar skoðunar, að þetta mál þurfi að taka til endurskoðunar á næsta þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:6 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 12:6 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 97. fundur.

Mánudaginn 19. maí, að loknum 96. fundi.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 93). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 596).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 572). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3 umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 597).

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 420, n. 589, 590). — 2. umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og trn. fékk til meðferðar frv. til laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í framsöguræðu félmrh. fyrir þessu frv. kom fram hver tilgangur þess var, en í athugasemdum segir svo, með leyfi forseta:

„Með frv. þessu um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er stefnt að því að koma á almennri aðild allra starfandi manna að lífeyrissjóðum. Frv. felur þannig í sér öll efnisatriði laganna um starfskjör launþega, en gerir ráð fyrir að við þau verði aukið

ákvæði um rétt og skyldur fyrir alla starfandi menn að eiga aðild að lífeyrissjóðum og greiða iðgjöld til þeirra. Með þessum hætti er verið að árétta og skilgreina nánar lífeyrisákvæði laganna nr. 9/1974, en þau munu ekki hafa verið mótuð til fulls né hefur verið unnt að framkvæma þau með fullnægjandi hætti. Jafnframt þykir rétt að athygli sé vakin á skylduaðild að málinu með sjálfstæðri löggjöf fremur en með breyt. á einstökum greinum laganna um starfskjör launþega, enda er hér verið að gæða lögin fyllri tilgangi en þau hafa haft til þessa."

Heilbr.- og trn. Ed. Alþingis fékk bréf frá endurskoðunarnefnd lífeyriskerfisins. 17 manna nefnd hefur unnið að þessum málum og um þetta mál var þar fullt samkomulag nema eins og í bréfinu stendur. Hins vegar eru allir nefndarmenn nema fulltrúi BSRB á því, að frv. um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé þannig, að æskilegt sé að það verði afgreitt af Alþ. nú fyrir þinglok, þar sem það sé nauðsynlegt framhald af setningu laga nr. 97/1979, um eftirlaun aldraðra.

Í bréfi þessu er því aðeins lögð áhersla á að eitt af þremur frv. verði endanlega afgreitt frá Alþ. nú í vor, þ. e. það frv. sem við erum nú með til meðferðar, en einnig voru lögð fram frv. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og frv. um skráningu lífeyrisréttinda, en þá þyrfti að breyta eilítið lagafrv. um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda vegna tengsla þess frv. við hin tvö. Till. um þessar breyt. fylgir með bréfi þessu.

Fulltrúi BSRB gerði hins vegar sérstaka bókun á síðasta fundi 17 manna nefndar og mun ég víkja að henni á eftir. Hins vegar segir svo í lok þessa bréfs, með leyfi forseta:

„Niðurstaða þessa máls er því sú, að allir nefndarmenn 17 manna nefndarinnar að undanskildum fulltrúa BSRB leggja eindregið til að frv. um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda verði afgreitt fyrir þinglok nú í vor með þeim breytingum sem fram koma á meðfylgjandi blaði.

Fyrir hönd endurskoðunarnefndar
lífeyriskerfisins,
Jóhannes Nordal, formaður."

Í sambandi við athugasemdir BSRB vil ég aðeins taka það fram, að þeir gera að vísu fyrst og fremst athugasemdir við hin frv., en þeir vilja nú koma á framfæri athugasemdum af því tagi, að stjórn BSRB telur rétt — með leyfi forseta: „að allir landsmenn eigi þess kost að vera sjóðfélagar í lífeyrissjóði. Bandalagsstjórnin bendir um leið á, að svo verður ekki þótt frv. 8 manna nefndarinnar yrði að lögum. Er sérstaklega vakin athygli á að allur sá fjöldi húsmæðra, sem ekki vinnur utan heimilis, yrði áfram án annars lífeyrisréttar en réttar til makalífeyris. Að dómi stjórnar bandalagsins þarf að athuga rækilega hvernig best verði fyrir komið sambærilegri lífeyristryggingu húsmæðra vegna eigin starfs og öðrum starfshópum er gert kleift að kaupa sér." Síðan er vakin athygli á því, — og úr því er bætt með brtt. okkar, sem við höfum tekið upp beint frá lífeyrisnefndinni, — að ekki er fullnægjandi ákvæði 2. gr. frv. um starfskjör launþega um umsögn vegna úrskurðar varðandi ágreining, þar sem lögin eiga að taka til fjölmargra annarra en félagsmanna í Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands.

Hins vegar tóku þeir, sem voru í 8 manna nefndinni, fram í ákveðinni bókun, sem ég vil einnig að hér komi fram, undirskrifað: Jón Sigurðsson, Eðvarð Sigurðsson, Guðmundur H. Garðarsson, Jóhannes Siggeirsson, Ingólfur S. Ingólfsson, Gunnar J. Friðriksson, Páll Sigurjónsson og Skúli J. Pálmason, — þá vilja þeir taka fram, með leyfi forseta: „Brýnt er að frv. til laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda verði afgreitt sem lög frá Alþingi á þessu vori. Vegna þess, sem fram hefur komið frá stjórn BSRB, að með samþykkt frv. til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, eins og það er nú, sé hlutast til um samningamál BSRB og ríkisins, sem nú séu á viðkvæmu stigi, getum við fallist á að frv. um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda verði breytt á þann veg sem lagt er til í áliti meiri hl. 17 manna nefndar, enda verði tíminn til hausts notaður til að sætta þau ólíku sjónarmið sem uppi eru um frv. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og frv. um skráningu lífeyrisréttinda. Hvað snertir lífeyristryggingu húsmæðra, sem vikið er að í framlagðri samþykkt stjórnar BSRB, vill 8 manna nefndin taka fram, að sá áfangi í lífeyrismálum, sem hér er til umr., felur fyrst og fremst í sér skylduaðild að lífeyrissjóðum fyrir alla launamenn og þá sem stunda atvinnurekstur, þ. e. sömu aðila og laun um eftirlaun til aldraðra eiga að tryggja lífeyrisgreiðslur.

Verkefni nefndarinnar að þessu sinni var ekki að fjalla um aðild húsmæðra að lífeyrissjóðunum, og teljum við óheppilegt að umr. um það efni tefji nú framgang málsins, en í samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, sem að er stefnt, verður að taka á því máli."

Þetta var bókun þeirra fulltrúa sem ég las upp áðan og allir þeir eru sammála um. Í samræmi við þetta hefur heilbr.- og trn. orðið einróma sammála um að leggja til að síðasti málsl. 2. gr. um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda breytist þannig, að þar verði bætt við mgr.: „Og/eða þeirra aðila annarra, sem hlut eiga að máli" í staðinn fyrir, að aðeins verði fengin umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands.

2. brtt. skýrir sig sjálf að því leyti til, að þar er beinlínis vísað til þess, að lögin um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda verða ekki í framkvæmd. Þau ná ekki fram að ganga og þar af leiðandi þarf að breyta orðalagi á þann hátt sem þar er: „Sé tryggingarskyldu ekki fullnægt með þessum hætti skal henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs, er úrskurðaraðili samkv. 2. gr. vísar til, og með samkomulagi við viðkomandi lífeyrissjóð." En áður var gert ráð fyrir Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda í þessum efnum.

Síðan eru orðalagsbreytingar í sambandi við 4. gr. sem stafa fyrst og fremst af því, að gert er ráð fyrir að þetta frv. eitt verði lögfest vegna ágreiningsins sem er mikill varðandi hin atriðin. Þar er önnur breyting einnig. Þar eru felld niður í setningunni: „sé ekki greitt iðgjald vegna einhvers starfandi manns í samningsbundinn eða lögbundinn lífeyrissjóð" — orðin „samningsbundinn" og „lögbundinn," en segir aðeins: „einhvers starfandi manns í lífeyrissjóð sem viðurkenndur er af fjmrn."

Við í heilbr.- og trn. höfum sem sagt farið yfir þetta frv. Við fengum á sínum tíma á okkar fund Jón Sigurðsson þjóðhagsstjóra, sem útskýrði þær brtt. sem nefndin hefur tekið upp sem sínar og flytur á sérstöku þskj. og ég hef þegar gert grein fyrir. Nefndin hefur sem sagt orðið einróma sammála um að mæla með samþykkt

frv. með þeim breytingum sem á því þskj. eru.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 590,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 590,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 593 samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 528). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TÁ, DA, EG, GeirG, GB, GTh, JH, KJ, ÓRG, HÓ, StefG, StJ, HS.
nei: ÞK, EgJ, GK, LJ, SalÞ.
1 þm. (KSG) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi að endurskoða þennan skatt síðar á þessu ári, en þar sem tekjuöflun fjárlaga byggist m. a. á fjáröflun samkv. þessum skatti segi ég nú já.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar voru það Alþfl. og Alþb. sem áttu hugmyndina að því að skattleggja sérstaklega þá miklu fjárfestingu sem orðið hefur í skrifstofu- og verslunarhúsnæði á undanförnum árum og áratugum. Það tókst að koma þessum skatti á fyrir góða samvinnu þessara flokka. Ég vona að hann megi lengi standa til vitnis um það, að þrátt fyrir ýmiss konar ágreining hafi þó Alþfl. og Alþb. tekist í sameiningu að gera þessa atlögu gegn verslunarauðvaldinu í landinu, og vonast til þess, að við getum áfram átt dyggilegt liðsinni Tómasar Árnasonar og annarra til að viðhalda þessum minnisvarða um einn sigurinn gegn verslunarauðvaldinu í landinu, og segi ég því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 598).

Efri deild, 98. fundur.

Mánudaginn 19. maí, að loknum 97. fundi.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 599 (sbr. 420)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 80. fundur.

Mánudaginn 19. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 572). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lántaka vegna framkvæmda á sviði orkumála, frv. (þskj. 3). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 591).

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 82). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 592).

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 83). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 593).

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 238). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá

Alþingi (þskj. 594). — [Fundarhlé.]

Afgreiðsla þingmála.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Menn hafa komið að máli við mig og kvartað undan því að fundarhald væri strangt. Rétt er það, að fundarhöld hafa staðið lungann úr deginum og nú rétt í þessu var að ljúka eldhúsdagsumr. En að því er gætandi, að þeirri ætlan hefur enn ekki verið formlega breytt, að þinglausnir fari fram á morgun, og verði haldið fast við þá ákvörðun er nauðsynlegt að þau mál, 12 að tölu, en nú eftir 7 á dagskrá þessa fundar, nái afgreiðslu í hv. deild, — ef, eins og ég segi, við þau áform verður haldið.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það fer nú ekki fram hjá neinum að fundarhöld í þessari stofnun eru orðin á mjög afbrigðilegum tíma. Nú er efnt til fundar klukkan að ganga ellefu að kvöldi til eftir útvarpsumræður. Ströng fundarhöld hafa verið í allan dag og ekki liggur einu sinni fyrir eða fæst úr því skorið hver sé stefna ríkisstj. í sambandi við þinghaldið, hvað hún hyggist fyrir í þeim efnum. Það fæst ekki svar við því. Á sama tíma og þetta gerist, er legið á ýmsum málum í þingnefndum og fást ekki afgr. þaðan.

Ég vil nefna t. d. mál eins og frv. um Sinfóníuhljómsveit Íslands, en samkomulag var um það milli allra nm. þegar málið var tekið fyrir á fundi menntmn. á öndverðu þessu þingi, að frv. skyldi afgr. áður en afmæli Sinfóníuhljómsveitarinnar yrði og þetta þing tæki nú einu sinni almennilega afstöðu til menningarmálanna, eins og alltaf er verið að tala um að gera.

Í þessu sambandi vil ég einnig minna á það, að þó að hæstv. fjmrh. hafi rausnast til þess að gefa nokkuð eftir í sambandi við söluskatt af atvinnuleikhúsum og tónleikahaldi, þá liggur hér fyrir frv. um að taka á þeim bráða vanda sem atvinnuleikhúsin standa frammi fyrir, og jafnframt er innlend kvikmyndagerð tekin inn í það mál, og væri skemmtilegt ef Alþ. tæki nú afstöðu til þess.

Ég vil minna á að í Sþ. bíða ýmis mál. Utanríkismál hafa ekki fengist rædd. Fsp. um hin mikilvægustu mál er ósvarað.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að það frv., sem mest er talað um núna, húsnæðismálafrv., gerir ráð fyrir því, að enn eigi að fela Alþýðusambandi Íslands aukin völd og áhrif í þjóðfélaginu. Hins vegar er útilokað að fá það út úr félmn., hvaða álit þingið hefur á því frv. sem fyrir liggur um stéttarfélög og vinnudeilur og flutt var af Pétri Sigurðssyni og fleiri mönnum, þar sem talað er um að skylt sé að hafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga með 300 félagsmenn eða fleiri til stjórnar eða trúnaðarstarfa, *við kosningu fulltrúa til landssambandsþinga og* þinga heildarsamtaka, ef fimmtungur félagsmanna krefst þess. Virðist manni þó, eins og mál hafa atvikast og eins og ýmsir af forustumönnum launþega hafa haldið á þeim málum upp á síðkastið, að það mundi ekki veita af því að *auka heldur lýðræðisleg vinnubrögð innan þeirra* heildarsamtaka, þannig að nokkurn veginn yrði tryggt að svo sem helmingur þeirra, sem fara með þessi mál, eða svo væri kosinn af þeim launþegum sem ætlast til þess að launþegaforingjarnir hafi sömu skoðun á kjaramálum hvort sem flokksbræður þeirra eru í ríkisstj. eða ekki.

Ég vil einnig að gefnu tilefni minna á að það frv., sem ég ræði um nú, um stéttarfélög og vinnudeilur, var þvílíkt áhugamál hæstv. forsrh. meðan hann enn sótti þingflokksfundi í Sjálfstfl., að hann tók sig sérstaklega fram um það fyrir einu ári eða svo að færa þetta mál hér inn í Alþingi. Mætti nú á það minna. Ég veit að hann er málafylgjumaður mikill, og ef hann beitir sér hefur hann sýnt að hann getur þráast við og komið málum áleiðis — nema hann sé fallinn frá því sem hann hugsaði þá um þessi mál.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að í þeim útvarpsumr., sem fram fóru í dag, var spurt um afstöðu ríkisstj. til þess vanda sem við blasir 1. júní n. k., þar sem m. a. var varpað fram fsp. til einstakra ráðh. um það, hvort þeir hefðu þegar ákveðið eða hvort þeir hefðu í hyggju, að ríkisstj. hlypi til, strax og búið væri að senda þingið heim, og setti brbl. sem fælu í sér enn meira kauprán á verkalýðnum en orðið er og er það þó allnokkuð. Er fróðlegt fyrir þá menn, sem mest beittu sér fyrir „samningunum í gildi," eins og hæstv. félmrh., að skoða þá súlu sem kemur fram hjá kauplagsnefnd núna, að öll kaupmáttarskerðingin, sem orðið hefur nú síðustu misserin, hefur orðið eftir að hann kom í ríkisstj. Það breytti um þegar Geir Hallgrímsson fór frá ráðherrastörfum. (**Fjmrh.:** Er þetta um fundarsköp?) Þetta er um fundarsköp, herra fjmrh. Það, sem ég er að spyrja um, er sem sagt þetta: Að hverju stefnir hæstv. ríkisstj. í sambandi við þinghaldið áfram? Að hverju er stefnt í sambandi við einstök mál stjórnarandstæðinga? Og hvers er að vænta um framhaldið? Og um leið og ég spyr að þessu mótmæli ég þeim vinnubrögðum sem hér eru höfð, að við skulum hér hvað eftir annað standa frammi fyrir kvöldfundum, jafnvel um helgar, jafnvel á helgum dögum, svo að helgidagalöggjöfin er þverbrotin, jafnvel í dymbilviku. Og nú á sem sé að fara eina ferðina enn og misbjóða starfsfólki Alþingis svo, að þess eru varla nokkur dæmi, þvert ofan í þá löggjöf sem nýbúið er að setja um heilbrigði og hollustuhætti á vinnustöðum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem fram kom hjá hv. 7. landsk. þm. um það, að sá æðibunugangur, sem verið hefur í þingstörfum og þingafgreiðslu nú undanfarna daga, er auðvitað með öllu óþolandi. Það er einnig ljóst, að annað af tvennu gerist, að þingið mun starfa lengur þrátt fyrir alla kvöld- og næturfundi og helgarfundi, sem hafa verið haldnir, eða stór frv., eins og frv. um húsnæðismál, munu daga uppi. Það er auðvitað svo, að sú gamla aðferð er orðin úrelt með öllu að *nota þessa framsóknarviðmiðun, að miða* þingstörf við annars vegar sauðburð og hins vegar seinni göngur, eins og hér er gert. Vitaskuld er það svo, að þm. verða að vera tilbúnir til þess að vinna lengur og starfa lengur, ef þörf krefur.

Í vetur hefur Alþfl. iðulega verið kennt um að þingstörf hafi verið með óeðlilegum hætti vegna þess að að sönnu bar hann ábyrgð á þingrofi sem var um miðjan vetur, vegna þess að honum fannst hann ekki lengur geta borið ábyrgð á þeirri stjórnarstefnu sem þá var. Engu að síður verða þeir, sem á slíku bera ábyrgð, auðvitað að vera tilbúnir til þess að vinna lengur en að sauðburði ef á þarf að halda. Og vitaskuld á það að vera svo, að þingið á að sitja svo lengi áfram sem þurfa þykir og án þessara helgar- og kvöldfunda, á meðan við erum að afgr. þau mál sem nauðsynleg kunna að teljast.

Það hefur oft verið sagt hér af andstæðingum Alþfl., að

það sé Alþfl. að kenna að þingstörf séu með öðrum hætti í vetur en kannske á reglulegri þingum en nú hefur verið. Við eigum auðvitað að vera tilbúnir til þess að sitja svo lengi hér og vinna og starfa svo lengi sem nauðsyn krefur, til þess að þau mál, sem fyrir þinginu liggja, hvort sem um er að ræða stjfrv. eða frv. almennra þm. í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Ég tel það vera hárrétt og mjög vel skiljanlegt að hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, hefji þessa gagnrýni hér. Það er auðvitað óþolandi með öllu að vera að reyna að rubba þinginu af með þeim hætti sem hér er verið að gera, að ekki sé talað um ef til stendur að fara að setja síðan brbl. nú fyrir mánaðamót.

Herra forseti. Þessi gagnrýni hv. þm. Halldórs Blöndals á hinn fyllsta rétt á sér.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ef miða á þinghald við sauðburð, þá kynni svo að fara að það skærist aftan af því enn meir.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 428, 539). — 3. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mun hvorki tala um sauðburð né hrúta, heldur snúa mér að því að ræða það mál sem hér er til umr. Þannig var, að á fundi, sem haldinn var á laugardaginn síðasta, þegar reyndar var komið langt fram á dag og komið fram yfir kvöldmat, þá fór fram 2. umr. um frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð, sem er 184. mál Alþingis. Ég leyfði mér þá við umr. að geta þess, að ég flutti brtt. við þetta mál, sem ég dró til baka til 3. umr. meðfram vegna þess að mér fannst hæstv. forseti það kvöld vera nokkuð fljótur til að stöðva umr. sem fóru fram um þetta mál. En það er ekki oft í vetur sem okkur hefur gefist tækifæri til þess, þm. í þessari hv. d., að ræða um iðnaðarmál.

Till. mín, sem ég leyfi mér að endurflytja nú við 3. umr., er við 6. gr. frv., þar sem nú stendur í lok gr. með leyfi forseta:

„Í því sambandi skal höfð hliðsjón af svæðisbundnum áætlunum er hlotið hafa staðfestingu stjórnvalda."

Ég þarf ekki að eyða löngu máli í það að endurtaka það sem ég sagði við 2. umr. málsins. Ég tel að þessi mgr. sé allsendis óþörf, hún gefi í skyn að það eigi að fara eftir öðrum reglum en þeim sem eðlilegar geta talist þegar um er að ræða sjóð sem lánar samkv. því hlutverki sem þessum Iðnrekstrarsjóði er ætlað að gera samkv. 1. gr. frv.

Ég minntist enn fremur á, að það væru ýmsar fleiri brtt. við þetta frv. sem væri ástæða til að nefna, og nefndi eina þeirra, en hún var flutt við umr. í Ed. og fjallaði um það, að í 3. gr. næði fram að ganga sú breyting að Samband ísl. samvinnufélaga, sem á aðild að stjórn þessa sjóðs, félli út. Ég færði fyrir því ótal rök við 2. umr. og engin mótrök komu fram í þeim umr. Kjarni málsins var sá, að þetta frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð gerir ráð fyrir að stjórnin fari með ýmis trúnaðarmál. Og það er fyllilega óeðlilegt að eitt fyrirtæki geti umfram önnur fyrirtæki í landinu haft aðgang að mjög veigamiklum upplýsingum um vöruþróun og hönnun ýmis konar sem styrkja á samkv. 1. gr. þessa frv.

Ég benti ræklega á það að það væri furðulegt þegar um Samband ísl. samvinnufélaga væri talað, að þá væri ávallt talað um samtök fólksins þegar Samband ísl. samvinnufélaga þyrfti á aðstoð og fjármunum að halda. En hins vegar ef það ætti að láta eitthvað af hendi, þá væri þetta eitt vesælt fyrirtæki sem ætti ekki að bera meiri kostnað en önnur fyrirtæki í landinu.

Mér til mikillar furðu sá reyndar enginn þeirra manna, sem sitja hér í þessari hv. d., ástæðu til þess að fetta fingur út í þessi ummæli, og verð ég að álíta að menn fallist þá á þau gildu rök sem hafa komið fram hjá mér um þetta atriði frv.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls er það ekki oft sem manni hefur gefist kostur í vetur að ræða um iðnaðarmál. Ber að fagna því þegar tækifæri gefst til þess, og vissulega gefur þetta frv. slíkt.

Í aths. við lagafrv. þetta kemur fram í kaflanum sem kallaður er. „Erlendur samanburður — Samkeppni á sviði nýsköpunar" ýmislegt merkilegt. Með leyfi forseta vil ég lesa fáeinar línur úr grg. Þar segir:

„Slíkur stuðningur við rannsókna- og þróunarstarfsemi, markaðsviðleitni og endurskipulagningu fyrirtækja er í fullu samræmi við ábendingar Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu um aðlögun að breytilegum samkeppnisaðstæðum samtímans."

Síðan er fjallað um það, hvernig þessum málum er háttað erlendis. Og loks segir, með leyfi forseta:

„Rannsókna- og þróunarstarfsemi er einn af mikilvægum þáttum umbótastarfs í iðnaði. Komið hefur í ljós við athuganir Rannsóknaráðs ríkisins á fjárframlögum til rannsókna, að íslensk iðnfyrirtæki leggja langtum minna til slíkra mála en samkeppnisfyrirtæki þeirra á Norðurlöndum, svo sem sýnt er á meðfylgjandi súluriti." — Það er súlurit sem birtist með frv. — „Ef ætla skal íslenskum iðnaði að standast óhefta samkeppni, verða annars vegar að koma til ný viðhorf hjá fyrirtækjum og hins vegar hvatning af hálfu hins opinbera til aukinna rannsókna og til skylds umbótastarfs í fyrirtækjum. Með því að beina auknu fjármagni til rannsókna á sviði iðnaðar gegn mótframlögum frá fyrirtækjum má án efa hafa veruleg áhrif í þessa átt."

Hér er greint frá ákaflega merkilegu máli sem ég þekki vegna setu minnar í framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs og ég veit að framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs hefur unnið talsvert að, m. a. ásamt iðnrekendum, en hann hefur starfað með þeim að ýmsum málum iðnaðarins. Samkv. bandarískum rannsóknum er talið að hagvöxtur hafi minnkað í Bandaríkjunum og reyndar víða um heim aðallega vegna þess að rannsóknastarfsemi og þróunarstarfsemi, bæði innan fyrirtækja og eins í samvinnu við opinberar stofnanir, hefur dregist verulega saman. Þess vegna hefur allt kapp verið lagt á það í þessum löndum, sér í lagi í Ameríku, bæði í Bandaríkjunum og eins í Kanada, að reyna að örva fyrirtækin til dáða í þessu efni, reyna að fá fram meira fjármagn úr hendi fyrirtækjanna og með þeim hætti að örva hagvöxtinn, sem að sjálfsögðu er skilyrði lífskjarabata.

Mig langar til þess, vegna þess að um þetta er getið í grg. þessa frv. eða í aths. með þessu frv., að spyrja hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. hafi að einhverju marki unnið að þessum málum, hvort fram hafi komið einhverjar tillögur, sem gætu leitt til þess að um slíka starfsemi væri að ræða innan fyrirtækjanna sjálfra, og með hverjum hætti ríkisstj. hyggst örva fyrirtækin með þessum hætti rannsókna- og þróunarstarfseminnar. Ég spyr í og með vegna þess, að fyrir rúmu ári voru sett lög á hinu háa Alþingi, nr. 13 frá 1979, sem eru þau lög sem mest hefur verið

vitnað til á hv. Alþingi, en líkast til minnst verið farið eftir. Þetta eru lög sem nefnd voru eftir forsrh. þáv. ríkisstj., Ólafi Jóhannessyni, og kallast Ólafslög í daglegu tali. (**Gripið fram í:** Ólög.) Í styttingu Ólög er kallað hér fram í og má kannske notast við það. Í þessum lögum er tekið skýrt og skorinort fram, að efla eigi rannsókna- og þróunarstarfsemi. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvað hafi verið gert til þess að efla þessa starfsemi? Mér er kunnugt um að Rannsóknaráð ríkisins taldi að ríkisstj. hefði á sínum tíma með þessari löggjöf fallist á langtímaáætlun Rannsóknaráðs, en í aths. við fjárlagafrv. í haust, kom annað hljóð í strokkinn, því að þar stóð berum orðum að ætlast væri til þess af hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma að hún á hverju ári gerði samþykkt um langtímaáætlun í þessu skyni. Þetta kom mér dálítið spánskt fyrir sjónir, vitnandi það að á Alþ. fyrir ári var samþ. þáltill. um þessi efni, sem verður varla skilin öðruvísi en að ríkisstj. hafi nánast verið falið að staðfesta langtímaáætlun Rannsóknaráðs. Ég nefni þetta atriði hér í beinum tengslum við þetta lagafrv., þar sem sá sjóður, sem hér er verið að setja lög um, fjallar einmitt um mjög merkilegan þátt í þróunar- og rannsóknastarfseminni. Í lok almennu aths. *með þessu frv. segir síðan, með leyfi forseta:*

„Með frv. þessu er tekin sú stefna að Iðnrekstrarsjóður geti gegnt því hlutverki að styðja slíkt starf. Um verkefni og starfshætti sjóðsins og verkaskiptingu við aðra sjóði vísast til minnisblaðs samstarfsnefndar um iðnþróun til iðnrh., sem er dagsett 23. apríl 1980 og fylgir með frv. Frv. þetta er samið með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem þar koma fram."

Þessi lokamgr. rifjar það upp fyrir mér og sjálfsagt öllum öðrum hv. þm., að á þingi s. l. vor kom fram á Alþingi þáltill. um iðnaðarstefnu frá hæstv. iðnrh., þeim hinum sama og nú situr í því sæti. Svo mikið lá á að settar voru fram í heilli bók allar hugmyndir sem þessi samstarfsnefnd um iðnþróun hafði unnið að og gefið út sem fskj. með þessari þáltill. Því miður gafst ekki tækifæri þá til þess að ræða þessa iðnaðarstefnu, og biðu menn þess vegna til haustsins, ekki síst vegna þess að í þessari skýrslu er vikið að mörgum mjög mikilvægum atriðum sem iðnaðurinn bíður eftir að fá að sjá hvernig Alþingi ætlar að taka á. Beðið var til hausts, sama ríkisstj. sat, hæstv. iðnrh., sem þá sat, sá sami og nú situr, lagði fram sína iðnaðarstefnu. Tveimur eða þremur dögum seinna sprakk hæstv. ríkisstj. eins og menn muna, efnt var til kosninga og eftir kosningar var mynduð ný ríkisstj. og í sæti hæstv. iðnrh. settist sami gamli iðnrh. Og nú bjóst þingheimur allur við því að fá að sjá þessa iðnaðarstefnu *sem hann lagði svo mikið kapp á að kynna. Menn biðu og* menn biðu og menn biðu og enn þá bíða menn. En iðnaðarstefna hæstv. iðnrh. lætur dálítið á sér standa. Ég veit að hæstv. iðnrh. hefur verið upptekinn við ýmiss konar störf, bæði innan þings og utan. En ég hefði gjarnan viljað sjá að hann hefði lagt fram þessa iðnaðarstefnu sína og gefið þinginu tækifæri til þess að ræða um hana hér á hv. Alþingi. Hæstv. iðnrh. hefur ekki kosið að fara þá leið. Og nú spyr ég hann og ætlast til svars, því að senn líður að þingslitum: Hvernig stendur á því, að hæstv. iðnrh., sem er enn iðnrh., var það í fyrra og einnig á næstliðnu þingi, að hann hefur ekki séð sér fært að leggja fram iðnaðarstefnu sína í þetta sinn? Er það vegna þess að nýir samstarfsmenn í ríkisstj., hluti úr Sjálfstfl., hafi komið í veg fyrir það eða er það af einhverjum öðrum ástæðum? Eftir svari bíða ýmsir. Eftir svari bíða iðnrekendur og iðnverkafólk í landinu, og almenningur bíður eftir svari, vegna þess að ef litið er til framtíðar og menn reikna sér kjarabætur með einhverjum hætti, þá hlýtur það fyrst og fremst að byggjast á réttri iðnaðarstefnu.

Eitt af því almikilvægasta sem hver ríkisstj. verður auðvitað að fást við, er iðnaðarstefnan og þá ekki síst sá hluti hennar hér á landi sem við getum kallað stóriðjustefna. Stóriðjustefnan hlýtur að vera í beinum tengslum við þá orkustefnu sem rekin er á hverjum tíma. Margoft hefur verið sýnt fram á það, að með stóriðju er hægast að ná fram lífskjarabótum hér á landi. Það hefur verið sýnt fram á það af ýmsum ágætum hagfræðingum og það hefur ekki verið hrakið, að ef hagvöxtur á að aukast hér á landi og kannske tvö- til þrefaldast, ná því jafnvel, sem sumir segja að sé hægt, að vera 7% á ári og geta þannig tvöfaldað þjóðarframleiðsluna á tíu árum, þá verðum við að leita í þá atvinnuvegi sem gefa okkur mest í aðra hönd. Við verðum að beisla orkuna, finna henni það form, sem hún getur fengið á sig til útflutnings, með því að eiga samvinnu við þá aðila sem vilja nota þessa orku. Og ég spyr: Hver er stóriðjustefna þessarar ríkisstj.? Mér finnst *það eðlilegt á þessu þingi, þegar þröngva á hverju málinu* fram á eftir öðru, að hæstv. iðnrh. taki hér þátt í umr. um iðnaðarmál þegar honum hefur láðst á þriðja þingi, sem hann situr, að setja fram þá iðnaðarstefnu sem unnin var í samráði við ýmsa aðila iðnaðarins hér á landi.

Ég ætla mér ekki, herra forseti, að níðast mjög á tíma þingsins sem ég veit að er ekki mjög mikill fram að þingslitum. En ég kemst ekki hjá því, vegna þess hve sjaldan tækifæri hefur gefist í vetur að ræða um iðnaðarmál, að taka hér tvö eða þrjú mál úr þeirri iðnaðarstefnu sem kemur fram í áliti samstarfsnefndar um iðnþróun.

Fyrsta málið, sem ég ætla að nefna, er mér nokkuð skylt vegna þess að á næstsíðasta þingi flutti ég hér á hv. Alþ. tillögu um tollamál, sem var nánast samhljóða þeim hugmyndum sem komu fram í áliti samstarfsnefndar um iðnþróun. Talsverðar umr. urðu um þetta mál hér í þingi og hæstv. iðnrh. fannst heldur lítið til koma. Hann sagði nánast að ég hefði tekið — ég vil nú ekki orða það: ófrjálsri hendi, en ég hefði sem sagt notað gögn sem hefðu verið á borðinu hjá samstarfsnefnd um iðnþróun, tillagan hefði byggst á einum lið í þeirri stefnu sem hann ætlaði sér að fylgja fram. Sem betur fer, vegna þess að hæstv. iðnrh. er bardagamaður mikill og fylginn sér, kvaðst hann mundu fylgja þessu máli fram, það gæti bara ekki gerst á þeim tíma, það yrði að bíða til haustsins. Í samræmi við þetta féllst ég á sem 1. flm. þessarar till. að *henni væri vísað til ríkisstj., og það var gert af hv. fjh.-* og viðskn. Nd. með þeim orðum að þarna væri um bráðnauðsynlegt mál að ræða sem þyrfti að leysa. Mér er kunnugt um að þetta mál hefur verið á hreyfingu, og í raun ætti ég að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvernig þessu máli líði. En þar sem hann hefur nú kosið að yfirgefa salinn eins og aðrir ráðh., en sá hugaðasti situr hér, hæstv. iðnrh., þá leyfi ég mér, vegna þess að þeir eru flokksbræður, að beina þeirri spurningu til hans, hvar *þetta mál sé statt í kerfinu. Til upprifjunar vil ég* — með leyfi forseta — fá að lesa það sem stendur um þetta mál í skýrslu þeirri sem fylgdi tvisvar sinnum iðnaðarstefnu hæstv. ráðh., en hefur ekki komið fram á þessu þingi. Þar segir á bls. 63 og ég mun ekki lesa marga tugi bls., ég lofa því:

„Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til að lögum um

tollskrá, nr. 120/1976, verði breytt og 12 tl. 3. gr. flytjist í 2. grein sem ber yfirskriftina: „Tollfrjáls innflutningur."

Þarna er um það að ræða, svo ég skjóti inn í texta, að færa ákveðna grein úr heimildagrein og yfir í skilyrðislausan tollfrjálsan innflutning. Og ég held áfram lestrinum, með leyfi forseta:

„13 tölul. 3. gr. hljóði svo:

Aðföng (hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þ. m. t. flutningstæki til flutninga innan verksmiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir) þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu (viðgerðir og verktöku á sviði iðnaðar), sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu. Samkv. skilningi þessa tölul. merkir orðið gjöld í tollskrá toll, söluskatt, vörugjald og jöfnunargjald, eftir því sem við á.

Fjmrn. setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa tölul. að höfðu samráði við iðnrn. og samtök iðnaðarins."

Og í grg. segir:

„Sá þáttur aðbúnaðarmálanna, sem verið hefur hvað umdeildastur, er álagning aðflutningsgjalda af fjárfestingarvörum og rekstrarvörum iðnaðar í samkeppni við tollfrjálsan innflutning. Afnám aðflutningsgjalda af samkeppnisiðnaði hefur þótt sjálfsagt réttlætismál, en gætt hefur vaxandi íhaldssemi hjá fjmrn. og tollayfirvöldum í túlkun þeirra laga og reglna, sem þar um ræðir. Veldur framkvæmd tollalaga í þessu tilfelli stöðugum erfiðleikum og verða iðnfyrirtæki enn að greiða allháar upphæðir til hins opinbera fyrir vörur, sem ættu að vera undanþegnar slíkum gjöldum.

Á aðlögunartíma EFTA-samningsins hafa aðflutningsgjöld af aðföngum samkeppnisiðnaðar smám saman verið felld niður að mestu. Var þetta í fyrsta lagi gert með beinni niðurfellingu aðflutningsgjalda í tollskrá af þeim tollskrárnúmerum, sem aðföng iðnaðar féllu undir, og í öðru lagi með heimildarákvæðum í tollskrá og fjárlögum.

Enn eru þó of mörg dæmi um, að fyrirtækjum í útflutningssamkeppnisiðnaði er gert að greiða aðflutningsgjöld af aðföngum sínum, og veldur þar eftirfarandi mestu:

1) Aðföngin falla í svokölluð blönduð tollskrárnúmer, þ. e. aðföng iðnaðar falla í tollskrárnúmer sem að verulegu leyti innifela vörur til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Hefur því ekki verið talið fært að fella niður toll í viðkomandi tollskrárnúmerum vegna tekjusjónarmiða ríkissjóðs.

2) Túlkun 3. gr. 12. tl. bæði hvað snertir gildissvið aðfanga og skilgreiningu samkeppnisiðnaðar er of þröng til að tölul. nái því að heimila niðurfellingu allra aðflutningsgjalda til samkeppnisiðnaðar.

3) Fjmrn. hefur nýverið farið að túlka heimildarákvæðin þannig, að einungis sé heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum, sem beri jafnhá gjöld eða hærri en samkeppnisvaran.

Með fyrrgreindri till. næðist það endanlega markmið, sem að hefur verið stefnt, að fella niður að fullu aðflutningsgjöld af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja sem eiga í samkeppni við innflutning, að selja vörur á erlendan markað."

Hér lýkur tilvitnun í grg. sem birt var sem fskj. með þáltill. hæstv. núv. og um leið fyrrv. iðnrh. og ég hef lesið hér upp til þess að rifja upp fyrir honum, ef hann skyldi vera búinn að gleyma hvað í þessu fskj. stendur.

Ég vil ítreka það, að mín spurning beinist að því, hvar þetta mál stendur, sem ég veit að við sameiginlega, ég og hæstv. iðnrh., höfum barist fyrir leiðréttingu á. Er það í fjmrn. sem þetta mál strandar. Í fjmrn. situr nú hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds, sem er flokksbróðir hæstv. iðnrh., og þess vegna leyfi ég mér að beina þessari spurningu til hins síðarnefnda.

Það væri vissulega ástæða til og vonandi gefst tækifæri til þess fyrr en síðar að fjalla um fjölda annarra mála sem eru í fskj. með iðnaðarstefnu hæstv. ráðh. og ég hef nú verið að lesa úr, en það var mjög mikilvæg vinna sem iðnrekendur og iðnverkafólk ásamt fulltrúa ráðh. stóðu að á sínum tíma. Gerð þessarar skýrslu var ágætt framtak og ég fagnaði því sannarlega á sínum tíma, þegar þessi skýrsla var gefin út, því að í henni voru fjölmargar hugmyndir. Þar var snert við beinum baráttumálum iðnaðarins, svo sem þeim er varða framkvæmd samninga við EFTA og EBE. Fjallað er um gengisskráningu, skattamál, verðlagsmál auk tollamálanna, sem ég gat um fyrr, og fjölda annarra mála, eins og t. d. lánamál og þ. á m. það mál, Iðnrekstrarsjóð, sem er sérstaklega hér til umr. og snýr að ákveðnum þætti iðnaðarins. Um þessi mál öll hefði verið gaman að fjalla á þessum tíma. En ég veit að þm. verða að takmarka sitt mál því að senn líður að þingslitum. En það er eitt mál sem mig langar þó sérstaklega til þess að fjalla um öðrum fremur og er aftar í þessari sömu grg. eða áliti samstarfsnefndarinnar. Það er um stofnun nýiðnaðarfyrirtækja.

Hæstv. ráðh. veit jafnvel og allir þeir, sem fylgjast náið með iðnaði, hve erfitt hefur verið að koma á stofn nýjum iðnaðarfyrirtækjum hér á landi. Sérstaklega hefur þetta verið áberandi í þeim iðnaði sem við getum kallað meðalstóran iðnað. Það er sá iðnaður sem er á milli smáiðnaðarins, sem hér hefur fengið að þróast um áratugaskeið, og stóriðjunnar, sem sumir vilja ekki kalla stóriðju, heldur kannske fremur orkuiðju eða orkusölu, vegna þess að um litla innlenda tækni er að ræða og litla innlenda iðnþróun er að ræða í þeim iðnaði og jafnvel lítið um að sú stóriðja, sem hér er stunduð, gefi í aðra hönd þróunarmöguleika fyrir ýmsan smærri íslenskan iðnað. Í því sambandi hefur oftsinnis verið skrifað um það, að hægt sé að nota ýmislegt sem byggt hefur verið upp fyrir stóriðjuna, svo sem hafnaframkvæmdir, raforku, heitt vatn, vegalagningu og þess háttar, til þess að koma fyrir minni iðnfyrirtækjum við hlið stóriðjufyrirtækjanna. Um slíkt hefur því miður ekki verið að ræða, enda virðist vera hlaupin sú feimni í hæstv. iðnrh., að hér á hv. Alþ. er ekki ætlunin að ræða sérstaklega og almennt um íslenskan iðnað í vetur. Við fáum hér í smáskömmtum nokkur frumvörp sem fyrst og fremst fela í sér að það eigi að koma ákveðnum sjóðum undir hendur ákveðinna manna, eins og hvísað var að mér úti á götu um daginn. Ég læt ráðh. eftir að gera grein fyrir því, hvort satt reynist. Það fær hann tækifæri til í verki.

Það mál, sem e. t. v. var stórfelldast að mínu mati í þessari ágætu skýrslu, var sá þáttur sem fjallaði einmitt um stofnun nýiðnaðarfyrirtækja. Ég veit að fyrrv. aðstoðarráðh. hæstv. iðnrh. hafði mikinn áhuga á þessum málum og má vera að fjarvera hans úr rn. geri það að verkum, að minni áhugi virðist nú vera á þessu máli heldur en var í upphafi ráðherraferils núv. hæstv. iðnrh.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa örlítinn kafla til þess að rifja upp fyrir hæstv. ráðh. það sem stendur í þessari skýrslu sem hann hefur gleymt að leggja fram á yfirstandandi þingi. Þar segir — með leyfi forseta — á bls. 171, þannig að ég hef hlaupið yfir 110 síður:

„Hér hafa verið gerðar till. um víðtæka eflingu nýiðnaðarstarfsemi, að hluta á grunni starfandi iðnaðar, en þó ekki síður með stofnun nýrra fyrirtækja vegna nýrra og áður óreyndra framleiðslumöguleika.“ — Ég skýt því inn hér að það er einmitt á þessu sviði sem Iðnrekstrarsjóður kemur málinu kannske mest við, þ. e. varðandi þróunarstarfsemina. Ég held áfram lestrinum: „Mörg hinna síðarnefndu verða hlutfallslega dýr í stofnkostnaði og veruleg áhætta fylgir því að hefja rekstur, sérstaklega á þeim sviðum, sem lítil reynsla er fyrir hendi hérlendis, en hagnýttar eru innlendar aðstæður. Má búast við því, að byrjunarerfiðleikar verði fremur reglan en undantekningin, ef marka má reynsluna hingað til.

Miðað við stærð fjárfestinga, sem hér hafa tíðkast í iðnaði, sýnist vafasamt, að einstaklingar eða einkafyrirtæki geti fjármagnað stærri framkvæmdir en 500—600 millj. kr. að óbreyttu.“ — Þetta er á þáverandi verðlagi að sjálfsögðu. — „Hér er greinilega mismunur á aðstöðu iðnaðar og sjávarútvegs, þar sem fjárfesting í skipum, sem kosta 1—2 milljarða, er algeng. Lán til skipakaupa nema þó oftast 85—90% og getur það, sem á vantar, fjármagnast af sölu eldri skipa og lausu eigin fé.“

Síðan segir og undirstrikað:

„Samstarfsnefndin leggur áherslu á nauðsyn þess, að greiðari aðgangur fáist að lánsfé til fjárfestinga í iðnaði og hærra hlutfall verði lánað en verið hefur, enda réttlæti arðsemi fjárfestingarinnar lánin. Verði þannig unnt að verkja frumkvæði einkaaðila og fyrirtækja til fjárfestinga í myndarlegum nýiðnaðarfyrirtækjum.

Það er skoðun Samstarfsnefndarinnar, að frumkvæði eða a. m. k. hlutdeild ríkisins verði óhjákvæmileg í stofnun margra stærri nýiðnaðarfyrirtækja. Sýnist nefndinni nauðsynlegt, að tekið sé gagngert á því máli með einhverjum hætti. Til álita gæti komið að setja allan iðnrekstur á vegum ríkisins undir eitt eignarhaldsfyrirtæki (holding company), sem m. a. hafi það markmið að fara með hlutverk hins raunverulega eiganda gagnvart fyrirtækjum, sem ríkið á aðild að.“ — Það, sem er merkilegt, og ég skýt því inn hér, herra forseti, við þetta er að þarna er nefnd hugmynd sem svifið hefur yfir vötnunum nú um skeið og fjallar um svokallað eignarhaldsfélag, eignarhaldsfyrirtæki eða „holding company,“ eins og það er kallað á erlendum tungumálum. Nú veit ég að þetta var áhugamál fyrrv. aðstoðarráðh. Hann vann mikið að þessu máli. Og mér er kunnugt um að einn af flokksbræðrum hæstv. ráðh. skrifaði um þetta merka grein í tímarit hér á landi fyrir rúmu ári. Þar gætti þessara viðhorfa og mér þykja þau svo merkileg, að ég tel fulla ástæðu til þess að spyrja hæstv. ráðh., áður en ég missi hann af þinginu, hvort eitthvað hafi verið unnið meira í þessum málum að undanförnu heldur en það sem ég hef hér verið að lesa upp og er aðeins í lauslegum hugmyndum. — Ég held áfram lestrinum til að rifja upp fyrir hæstv. ráðh.: „Þannig fáist eðlilegt eftirlit með rekstrinum og þess gætt að hann sé í samræmi við eðlilegar arðsemiskröfur og að ákvarðanir eigandans séu teknar með skjótum hætti og verði ekki pólitískt bitbein milli rn. Pólitískar ákvarðanir, sem hafa í för með sér skuldbindingar sem draga úr arðsemi eða auka stofnkostnað, séu aðskildar frá arðsemissjónarmiðum og þá reiknaðar sérstaklega til kostnaðar sem Alþingi eða ríkisstj. taki síðan ákvörðun um. Eignarhaldsfyrirtækið þyrfti að hafa fjárhagslegt bolmagn og sjálfstæði til að stofna ný fyrirtæki, sem metin eru arðvænleg og geti látið fara fram rannsóknir og þróunarstarfsemi til undirbúnings lokaákvörðun. Gæti það þannig tekið á móti hugmyndum ýmist frá opinberum stofnunum (Iðntæknistofnun Íslands o. fl.) sem vinna að þróunarmálum, eða sveitarfélögum, fyrirtækjum eða einkaaðilum og tekið þátt í stofnun fyrirtækis með þeim hætti sem hentar hverju tilfelli.

Arður af fyrirtækjum og hlutabréfum í ríkiseign rynni til eignarhaldsfyrirtækisins svo og hugsanlegt andvirði seldra bréfa eða eignir uppleystra hlutafélaga. Væri stjórninni heimilt að ráðstafa slíkum tekjum í nýjan rekstur eða fyrirtæki, sem æskilegt og arðvænlegt sýndist að byggja upp.“

Hér geri ég aðeins hlé á lestrinum. Hér er komið að þeim þætti sem er kannske hvað merkilegastur í þessu, og það er að hreyfa til það fjármagn, sem er bundið í núverandi fyrirtækjum hins opinbera, selja hlutafé, selja fyrirtæki einstaklingum sem vilja taka yfir reksturinn, en nýta fjármagnið, sem þannig fengist, sem lið í iðnaðaráformum í iðnþróun hér á landi. Ég veit að hæstv. ráðh. var með steinullarverksmiðju á prjónunum. Það er kannske skrýtið að hafa steinull á prjónunum. Það gengur kannske illa að prjóna steinullina. En alla vega flaug þessi frétt fyrir í ekki ómerkara blaði en Þjóðviljanum. Hún er kannske betri en ullin hans Ólafs Ragnars, sem var án stálvíranna. En það er önnur saga. Þessi mál um steinullina hafa ekki birst á þessu þingi. Og það má vel vera að hæstv. ráðh. hafi verið veikur undanfarið eða lasinn eða einhver vanhöld á mannskap í rn. hjá honum. En alla vega hafa þau mál ekki komið inn á þingið sem boðuð voru í fréttum dagblaðanna. Væri fróðlegt að heyra, þegar hæstv. ráðh. kemur hér upp á eftir og gerir grein fyrir sínu máli og svarar framkomunum spurningum, hvað hann segir hv. Alþingi frá því, hvað orðið hafi af þessum málum.

Það er annað atriði, sem ég tel ástæðu til að nefna enn fremur sem innskot í þessu máli, og það er frétt sem ég sá í Þjóðviljanum ekki alls fyrir löngu og fjallar um að hafnarnefndin í Reykjavík hefði úthlutað Landssmiðjunni landrými við Vatnagarðana gömlu hér í Reykjavík, þar sem á að byggja upp iðnaðarsvæði fyrir skipasmíðaiðnað og járnsmíði sem er tengd skipaiðnaðinum. Mér var kunnugt um það sem fjvn.-manni, að Landssmiðjan fékk leyfi til þess eða öllu fremur ríkisstj. heimild til þess í 6. gr. fjárlaga að selja húsið við Sölvhólsgötu. En mér er allsendis ókunnugt um það, að sama fyrirtæki hafi fengið leyfi réttra stjórnvalda til þess að flytja starfsemi sína, og efast ég þó ekki um að slíkt leyfi hafi fengist. Og nú spyr ég hæstv. ráðh.: Er það leyfi fengið, og hvað er að frétta af þessu máli? Þetta mál tek ég upp hérna einkum vegna þess að Landssmiðjan er eitt þeirra fyrirtækja sem auðvitað er kjörið að selja, ekki síst vegna þess að Landssmiðjan er í fullri og óskoraðri samkeppni við önnur fyrirtæki á sama sviði og hefur frá 4% og kannske upp í 8% af markaðnum. Hins vegar hefur Landssmiðjan stundað starfsemi eins og innflutning sem ekki er gert ráð fyrir að hún geri í lögum um Landssmiðjuna. Má segja að fyrirtækið hafi fyrst og fremst nærst á innflutningi, þvert ofan í yfirlýst stefnumið

fyrirtækisins á undanförnum árum og áratugum.

Ég tel Landssmiðjuna það gott fyrirtæki, að það sé augljóst mál að einstaklingar, þ. á m. starfsmenn Landssmiðjunnar, kynnu að hafa áhuga á að kaupa fyrirtækið. Og ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh., að hann láti kanna hvort ríkið sé ekki tilbúið að lána ágætum starfsmönnum Landssmiðjunnar nokkurt fjármagn til þess að þeir geti eignast þetta fyrirtæki að nokkru eða öllu leyti. Þetta vil ég að gerist áður en rokið er í það með fjármagni almennings að byggja upp stórt fyrirtæki fyrir Landssmiðjuna og láta hana yfirtaka jafnvel rekstur sem önnur fyrirtæki í Reykjavík, einkafyrirtæki, ráða vel við. Um þetta vil ég gjarnan heyra álit hæstv. ráðh. Ég veit að hann er málinu gjörkunnugur. Ég veit að hann lét á sínum tíma útbúa skýrslu um þetta mál af nefnd sem náskyldur ættingi hæstv. ráðh. sat í, og hann er málefnum Landssmiðjunnar mjög kunnugur. Mér finnst tími til kominn, áður en ég les slíkar freftir í Þjóðviljanum, að hæstv. ráðh. geri Alþingi grein fyrir hvað er að ske, ekki síst vegna þess að um Landssmiðjuna eru lög. Og ef Alþingi setur lög sem eru um stefnumið ákveðins fyrirtækis, þá þýðir það að hv. Alþingi vill hafa hönd í bagga með hvað gerist í þessu fyrirtæki. Ég hef trú á Landssmiðjunni, ég hef trú á starfsmönnum Landssmiðjunnar, og ég hef þá trú að starfsmenn Landssmiðjunnar kynnu að reka þetta ágæta fyrirtæki jafnvel miklum mun betur en það er rekið í dag. Það er öllum ljóst, að Landssmiðjan er í dag fyrst og fremst þjónustufyrirtæki fyrir ýmsar ríkisstofnanir, og ég efast um að slík viðskipti séu endilega bestu viðskiptin í þessari grein. Landssmiðjan hefur fyrst og fremst notið þess og um leið goldið þess, að Landhelgisgæslan, Skipaútgerð ríkisins og Hafrannsóknastofnunin að einhverju leyti hafa sótt til Landssmiðjunnar um þjónustu. Mér er kunnugt um að þjónustan hjá Landssmiðjunni hefur fyllilega staðist samkeppni um verð, a. m. k. þegar um útboð hefur verið að ræða, þannig að um verðsamanburð er að ræða. Af þessu fyrirtæki hefur ekkert frést annað en það sem stóð í Þjóðviljanum. Nú langar mig til að ítreka þessa spurningu til hæstv. ráðh.: Er eitthvað hæft í fréttum Þjóðviljans að þessi sinni? Ég er að vísu vanur því, að þar er ýmislegt sagt sem vonlaust er að henda reiður á, en til öryggis og af því að ég veit að hæstv. ráðh. er heima- og hagvanur á skrifstofu Þjóðviljans, þá veit ég að hann getur upplýst þingheim um það, hvort hæft sé í þessari frétt. (**HBl:** Þótt undarlegt sé taka ýmsir mark á Þjóðviljanum enn þá.)

Þá held ég áfram lestrinum og fjalla að sjálfsögðu um iðnaðarmál og er að rifja upp nokkur atriði sem koma því máli við, sem nú er til umr. hér í hv. d., frv. um Iðnrekstrarsjóð, og snertir að sjálfsögðu þetta mál, enda unnið af sömu nefnd og samdi þá skýrslu sem hér er tíðvitnað til, með leyfi forseta:

„Lögð áhersla á nauðsyn þess, að slíku fyrirtæki yrði stjórnað með arðsemissjónarmið í fyrirrúmi, en þó með það skýrt í huga að því er ætlað að taka áhættu og vinna brautryðjendastarf, þar sem byrjunarerfiðleikar geta komið upp. Fyrirtækið yrði að ráða yfir mjög hæfu starfsliði á sviði stjórnunar, fjármála, markaðsmála og rekstrartækni og sjá til þess, að reynsla af stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja safnist saman og komi að gagni við nýjar framkvæmdir og ný verkefni og bolmagn fáist til að leysa vandamál, sem upp koma."

Ég hef, herra forseti, lesið hér smákafla um stofnun nýiðnaðarfyrirtækja og sé ekki ástæðu til þess að hafa þann lestur lengri, en legg á það áherslu, að alls staðar í þessum kafla kemur fyrir sama hugtakið, sama orðið, og það er að það verði að gera fyllstu arðsemiskröfur til íslensks iðnaðar. Nú spyr ég hæstv. iðnrh.: Er hann sammála þessum niðurstöðum? Er hann sammála því, að gera eigi miklar arðsemiskröfur til íslensks iðnaðar? Og ég vil enn spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða íslenskur iðnaður skilar mestri arðsemi um þessar mundir? Og ég spyr enn: Telur hæstv. iðnrh. að framtíð sé í aukinni stóriðju á Íslandi? Ég spyr hæstv. ráðh.: Hver eru næstu áform ríkisstj. um stóriðju á Íslandi í sambandi við orkuver? Og ég gæti þannig haldið áfram að spyrja hæstv. ráðh. þeirra spurninga sem ég ætlaði að spyrja hann þegar hann flutti ræðu sína um iðnaðarstefnu þá sem hann lét út ganga á síðasta og næstsíðasta þingi, en af einhverjum einkennilegum ástæðum hefur ekki fengið að sjá dagsins ljós á yfirstandandi hv. Alþingi.

Ég mun, herra forseti, innan tíðar ljúka mínu máli, en kemst þó ekki hjá því í lokin að rifja það upp, að s. l. laugardagskvöld, þegar við þm. vorum staddir hér í hv. d. og ræddum um Iðnrekstrarsjóð, komu fram tillögur frá tveimur Alþfl.-mönnum. Önnur þeirra till., sem þeir báru fram, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Vilmundur Gylfason, gekk út á það að verðtryggja lán úr Iðnrekstrarsjóði. Sú till. var felld, og ég mun ekki leggja dóm á réttmæti hennar. Það sagði ég þá enn fremur. En af því tilefni var þráfaldlega um það spurt úr þessum ræðustól hér í hv. deild. Og af því að ég sé að í liðssveit hæstv. ráðh. hér á þingi hefur bæst, liðsaukinn hefur tvöfaldast og inn er kominn fyrrv. hæstv. iðnrh. og núv. hæstv. forsrh. þá vil ég spyrja annan hvorn þeirra og báða, annar þarf þó að vera til svara: Hvað hyggst ríkisstj. gera í sambandi við vaxta- og verðbótastefnu þá sem bundin er í lögum nr. 13/1979? Ætlar hæstv. ríkisstj. að halda þeirri iðju sinni áfram að svíkja þá sem í góðri trú hafa lagt inn á sparisjóðsbækur bundið fé til þriggja, sex eða tólf mánaða? Ætlar hæstv. ríkisstj. að fara að settum lögum? Má búast við því, að innan tíðar verði stefnubreyting hjá hæstv. ríkisstj.?

Allir vita að það þing, sem nú situr, er senn á förum. Þinglausnir eru í nánd. Ekkert hefur komið fram af hálfu hæstv. ríkisstj. sem bendir til þess, að hún ætli að fara að þessum lögum, sem ég skal vera fyrstur til að viðurkenna að eru margsinnis brotin, og nánast aldrei hefur verið farið eftir þeim. En ýmsir aðilar hafa þó notað þau sér til varnar, þegar þannig hefur staðið á, og þ. á m. trúað því sem um vaxta- og verðbætur stendur í þessum lögum. Það vakti athygli þm. hér á laugardagskvöldið þegar svar við þessari spurningu birtist í langri og eyðilegri þögn. Sú þögn var eins konar grafarþögn. Ég veit ekki hvort hún er fyrirboði, en hitt veit ég, að sú þögn varð ekki skilin á annan veg en þann, að sú hæstv. ríkisstj., sem hér situr að völdum, ætli sér ekki að fara að lögum, hún ætli að halda áfram að svíkja þá sem eru kannske almerkilegustu hreyfivélarnar í íslensku þjóðfélagi, þá aðila, þá einstaklinga, það fólk sem leggur í banka til þess að atvinnuvegirnir geti gengið, því að eins og allir vita gerir hæstv. ríkisstj. Íslands það að sinni iðju að tæma vasa skattgreiðendanna til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hikar þá ekki við að taka þá fjármuni sem annars mundu nýtast í atvinnustarfsemina í landinu. Slíkur reginmisskilningur á því, hvernig þjóðfélag vinnur, byggist upp og skapar sín auðæfi, held ég að sé

vandfundinn á jarðarkringlunni. Skilningsleysi á því, að það er framleiðslustarfsemin og sala framleiðslunnar sem gildir, en ekki útþensla ríkisbáknsins, — slíkur misskilningur er með þeim hætti að það verður úr þessu húsi, frá þessari stofnun, frá hv. Alþingi að koma hljóð. Og ég mælist til þess enn einu sinni við hæstv. iðnrh. eða hæstv. forsrh. að þeir svari þjóðinni, þeir svari þeim sem lagt hafa fé til hliðar. (**Forsrh.:** Það er ekki hægt að biðja menn um svar þegar menn komast aldrei að.) Ég lýk máli mínu og gef hæstv. forsrh. tækifæri til að taka til máls og vonast til að hann geri það hér á eftir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs til þess að vekja á því athygli að ég sé ekki betur en að hér stefni í algjört óefni ef fram heldur sem horfir. Ég vil óska þess við hæstv. forseta, og ég tel að við þm. almennt eigum til þess kröfu að fá um það vitneskju, hvert eigi að vera hér framhald fundar, t. d. í kvöld eða nótt eða næstu daga. Ég held að það sé lágmarkskrafa af hálfu okkar þm., að við vitum hvað hér eigi að gerast. Ég sé ekki betur en að hér sé í uppsiglingu málþóf af hálfu sjálfstæðisþm., — og ég er ekkert að ávíta þá fyrir það, síður en svo, í ljósi þess að menn vilja fá vitneskju um hvað á hér að gerast. (**Gripið fram í:** Heyr fyrir því.) Ég heyri á hv. þm. að ég hef skilið þetta rétt sem hér er að gerast. Það er því lágmarkskrafa af hálfu okkar þm. að við fáum um það vitneskju frá hæstv. ríkisstj. og stjórnendum þingsins, hvernig hér á að halda á málum. Og mér er næst að fara ekki úr þessum ræðustól fyrr en ég fæ svar við slíku. (**Gripið fram í:** Það er enginn ráðh. til þess að svara.) Hæstv. forseti hlýtur að vita eitthvað um hvað er í bígerð að láta hér fram fara t. d. í nótt. (**Forseti:** Ég skal gefa þær upplýsingar að aðalforsetar þingsins sitja nú á ráðstefnu um þinghaldið og þess er að vænta að innan tíðar komi fréttir frá þeim um málið.) Er þá ekki æskilegast, forseti, að fundi sé frestað þar til einhverjar upplýsingar, hverjar sem þær verða, koma fram? (**Forseti:** Það eru menn hér á mælendaskrá, og við skulum halda fundi áfram þangað til annað kemur í ljós. Hv. þm. hefur orðið.)

Ég vænti þess, að að fundi loknum hjá hæstv. forsetum og þá hæstv. ráðh. sjálfsagt líka verði þeirri hulu svipt frá sem yfir þessu virðist liggja nú. Ég hygg að það sé svo um fleiri hv. þm. heldur en mig, að menn telja þetta óverjandi, slíkt ráðslag í þinghaldinu og stjórn þingsins eins og hér virðist hafa verið. Það er ekkert enn sem komið er sem bendir til þess að neinn botn fáist í málið.

Ég skal ekki að sinni a. m. k. halda stólnum öllu lengur. En ef ekki fer að koma á þetta lausn og við fáum að vita hvað hér á að gerast, þá er full ástæða til þess að taka málið upp aftur innan ekki langs tíma, um þingsköp, og herða á forsetum og ráðh. um að við fáum úr því skorið, hvort menn ætla hér að vera með þennan leikaraskap áfram eða hvort hér á að ræða mál af alvöru. Nóg er af stórum málum til þess að ræða, og það er ástæðulaust af stjórnendum þingsins að halda þannig á málum að hér sé meira og minna um leikaraskap að ræða fremur en alvarlegar umræður um stórmál. (**Forseti:** Ég vil taka fram út af ummælum hv. 6. landsk. þm. að hér er verið að ræða um sérstakt mál, frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð, og það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess, að óskað sé eftir að takmarka ræðutíma.)

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er full ástæða til að taka undir þau orð sem hafa fallið hér í kvöld um störf þingsins. Hér á sér nú stað hráskinnaleikur sem er þessu hv. þingi bæði til skammar og vansæmdar. Ég held að það sé orðið mjög brýnt að þm. fái að vita hvernig á að halda hér uppi þingstörfum næstu daga, að þeir fái að vita hvort það sé ætlun ríkisstj. að ljúka þingi á morgun. Það kom fram hjá allmörgum þm. í kvöld, í þeim eldhúsdagsumræðum sem hér fóru fram á þingi, að þeir hefðu ríkisstj. grunaða um að vilja senda þingið heim til þess eins að geta sett brbl. vegna þeirra atburða sem munu gerast 1. júní n. k. Það er ljóst að sú hækkun, sem hefur orðið á verðbótaþætti og verður á verðbótaþætti launa, fer talsvert upp fyrir það sem ríkisstj. telur æskilegt, og okkur býður í grun að ætlunin sé að senda þingið heim til að geta sett brbl. Slík framkoma er auðvitað gersamlega óþolandi og nær ekki nokkurri átt. Auk þess er reynt að ýta í gegnum þingið stórum málabálkum sem þurfa mikla yfirlegu og mikla athugun til þess að það sé sómi að því fyrir þingið að afgreiða þá.

Mér hefur fundist að stjórn á þinghaldi nú síðustu daga og vikur hafi verið með slíkum eindæmum að ég hef ekki kynnst öðru eins. Ég held að þm. eigi kröfu á því nú á þessari stundu að fá að vita það frá hæstv. ríkisstj., hvernig hún hyggst halda þessu þinghaldi áfram. Það er gersamlega óþolandi að sitja hér undir málþófi, vitandi ekki hvernig þinghald verður. Það er verið að vanvirða þm. og það er verið að vanvirða þessa stofnun. Við eigum kröfu á því og við eigum rétt til þess að fá að vita hvernig störfum þingsins verður háttað á næstunni. Þetta geri ég að minni kröfu, og ég er sannfærður um að helftin af þm. hér gerir það að sinni kröfu líka.

Það er t. d. eftirtektarvert, að nú situr í sal Nd. einn ráðh., hæstv. iðnrh. Það er vegna þess að á dagskrá fundar er mál sem hann snertir. Aðrir ráðh. eru ekki sjáanlegir. Eru þeir að skjóta sér undan ábyrgð? Vilja þeir ekki hlusta á þá gagnrýni sem hér kemur fram? Hvað eru þeir að gera?

Ég tel að það furðulega verkhætti að ákveða þinglausnir eins og gert var, án þess raunverulega að sjá fyrir endann á afgreiðslu þeirra mála sem hæstv. ríkisstj. setti á oddinn að yrðu afgreidd á þinginu. Það er ekki nokkur leið að þau mál verði afgreidd með eðlilegum hætti, þau 37 eða 38 mál, ef þingið á að fara heim á morgun. Og ef einhverjir þm. sjá eftir þeim tíma, sem í það fer að vinna af vandvirkni að þeim málum sem eftir er að afgreiða, þá er það mín skoðun, að slíkir þm. eigi ekkert erindi hingað.

Herra forseti. Ég endurtek þá kröfu mína, og ég vænti þess, að það séu fleiri þm. sem það gera, að þm. fái að vita hvernig þingstörfum eigi að hátta og að menn sitji ekki hér rorrandi yfir málum og lengi starfstíma þingsins með upplestri úr bókum og ritlingum vegna þess að ríkisstj. getur ekki stjórnað þinghaldinu sjálfu. Hvernig í ósköpunum á sú ríkisstj. að stjórna heilli þjóð sem getur ekki stjórnað 60 manna hópi? Þetta hlýtur að vera krafa, herra forseti, þingmanna hér í kvöld og nú, að þeir fái að vita hvort þeir verði sendir heim á morgun eða hvort hér eigi að afgreiða mál með eðlilegum hætti. (**Forseti:** Sem forseti hér nú mun ég koma þessari kröfu til réttra aðila.)

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og alkunnugt er var núv. ríkisstj. mynduð til þess að bjarga heiðri og sóma Alþingis að sögn sjálfs hæstv. forsrh. Eins og ljóst er nú og hefur verið á undanförnum dögum hefur

þeim heiðri og sóma Alþingis verið rækilega bjargað. Störf Alþingis bera þess ljósan vott.

Ég hef aðeins eina spurningu að gera til forseta: Er það bráðnauðsynlegt, þó svo að landsstjórnin sé öll í skötulíki, að þá sé þingstjórnin það líka?

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Iðnrekstrarsjóð, en eins og glöggt hefur komið fram af máli manna er þetta í fyrsta sinn sem það hv. Alþingi, er nú situr, fær tækifæri til þess að ræða iðnaðarmál, og því hafa umræður hér í kvöld nokkuð snúist almennt um iðnaðarmál. Mér finnst það engin furða þar sem svo er í pottinn búið, og það er ekki vonum fyrr að málefni íslensks iðnaðar komi til umr. á þessu hv. Alþingi. Ég sakna þess, að almennar umr. um þessi mál skuli ekki hafa farið fram hér fyrr. Ég sakna þess reyndar um ýmis önnur mál, að almennar umræður skuli ekki hafa farið fram. Ég tel að það hefði verið full ástæða til þess að ræða ítarlega hér á hv. Alþingi ýmis mál sem ljóst er að ekki munu koma til umr. á þessu þingi ef haldið verður við það sem hefur verið sagt, að ljúka eigi þingi jafnvel á morgun eða í þessari viku. Þá á ég t. d. við skýrslu um utanríkismál, sem hæstv. utanrrh. hefur gefið og hefur lítillega komið hér til umr., en ekki fengist rædd að öðru leyti en því, að fjórar ræður voru hér fluttar, ein frá hverjum flokki, en umr. síðan hætt þegar allnokkrir þm. voru á mælendaskrá.

Þetta er því verra að sætta sig við fyrir þm. þegar þingið hefur verið hér verklaust dögum saman og engin stjórn á því raunverulega af hálfu hæstv. ríkisstj., hvaða mál væru tekin hér til umr. og afgreiðslu. Ég held að það sé mjög til góðs að tekin séu til umr. mál sem varða heildarstefnu í ákveðnum málaflokkum, eins og t. d. í iðnaðarmálum, og því raunverulega ekki óeðlilegt og ég vil ekki flokka það undir málþóf þótt t. d. hv. 10. þm. Reykv. hafi flutt hér ítarlega ræðu um iðnaðarmál áðan, þar sem þessi mál hafa ekki fyrr komist til umr. hér á þessu þingi.

Ég held að allir séu sammála um það, að iðnaður sé sú atvinnugrein á Íslandi sem við hljótum að binda okkar vonir hvað mest við. Við horfum fram á það, a. m. k. í bili, að sjávarútvegur geti ekki tekið við þeirri aukningu sem verða þarf á atvinnutækifærum hér á landi, nema þá í takmörkuðum mæli. Ég hygg að menn séu sammála um að það sama gildi um landbúnað, og því hljóta augu manna að beinast í ríkum mæli að iðnaði sem framtíðaratvinnugrein á Íslandi og þá ekki aðeins iðnaði í þeim hefðbundna skilningi, sem við þekkjum hann, heldur iðnaði í stórum stíl, orkufrekum iðnaði, en jafnframt ýmsum smáiðnaði.

Það hafa verið gefnar upp margar tölur, m. a. í þeirri bók sem hér hefur verið vitnað til um iðnaðarstefnu og gefin var út af iðnrn. í maí 1979, um það, hversu mörg ný atvinnutækifæri þyrftu að skapast á næstu árum. Það kemur t. d. fram á bls. 77, þar sem rætt er um lánamál iðnaðarins, en einn angi af þeim málum er hér til umræðu með frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð. Í þessari grg. kemur fram að sú aukna fjárfesting í iðnaði, sem nauðsynleg verði til að skapa um 3000—4000 ný atvinnutækifæri auk reglubundinnar endurnýjunar í iðnaði á næstu 4—5 árum, krefjist verulega aukins fjármagns til iðnaðarfjárfestingar frá því sem verið hefur. Hér er því sem sagt slegið föstu, að nauðsynlegt sé að skapa ný atvinnutækifæri í iðnaði fyrir um 3000—4000 manns á næstu 4—5 árum. Og það er enginn vafi á því, að til þess að slíkt geti átt sér stað þarf að gera mikið átak.

Við ræðum oft um stóriðju, og það er miður að mínu mati að markviss stóriðjustefna skuli ekki hafa verið mótuð hér á landi undanfarin ár. Þegar álverksmiðjunni sleppir og járnblendiverksmiðjunni hefur ekki verið mörkuð ákveðin stefna í stóriðjumálum, sem ég held að sé mjög nauðsynlegt, og því tek ég undir þá fsp. sem fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv. áðan til hæstv. iðnrh. um það, hver sé ætlun ríkisstj. í stóriðjumálum nú á næstunni. Sannleikurinn er sá, að við höfum fyrir því margfalda reynslu í þeim fyrirtækjum, sem þegar hafa verið sett upp í stóriðju, að það þarf mjög langan undirbúning til þess að setja á stofn stóriðjufyrirtæki. Það er ekki aðeins að það þurfi að koma sér niður á að hvaða greinum eigi að beina kröftum sínum, heldur þarf einnig að koma sér niður á hugsanlega samvinnu við erlenda aðila, og við vitum að slíkar samningaviðræður taka langan tíma og þurfa mikinn undirbúning. Fjármagnsútvegun er og vandasöm í þessu efni og þarf mikinn tíma. En ekki síst tekur það langan tíma að afla þeirrar orku sem þarf til þess að geta rekið slík fyrirtæki. Við vitum að undirbúningur nýrra virkjana tekur langan tíma, og ég hygg að til þess að geta unnið markvisst að næstu áföngum í stórum virkjunum hér á landi þurfi mjög fljótlega að reyna að gera sér grein fyrir því, hver stóriðjustefnan eigi að vera, hver eigi að vera næstu fyrirtæki í stóriðju hér á landi og þá hvaða orkuver eigi að byggja til þess að afla orku fyrir slík fyrirtæki.

Ég geri stóriðjuna hérna sérstaklega að umtalsefni því ég held að við verðum að gera okkur það ljóst, Íslendingar, að stóriðjan er eitt af þeim atriðum sem við verðum mjög að hafa í huga ef við ætlum að efla atvinnulíf hér á landi og viðhalda og betrumbæta lífskjör almennings á Íslandi. En ég hygg einnig að við þurfum að ætla fleiri greinum iðnaðar rúm í okkar framkvæmdaáætlunum.

Ég las það ekki alls fyrir löngu í grein í erlendu tímariti, að núna, bæði í Bandaríkjunum og víða í Evrópu, eins og t. d. á Norðurlöndum, fer það eins og alda um að menn eru að gera sér í æ ríkari mæli grein fyrir því, að ýmiss konar smáfyrirtæki geta haft mjög mikla þýðingu fyrir aukningu atvinnutækifæra og fyrir aukna þjóðarframleiðslu. Þó að stóriðjan sé góðra gjalda verð og á hana beri að leggja áherslu, eins og ég hef rakið, hafa athuganir leitt til þess, að ýmiss konar smárekstur, þar sem tiltölulega fáir menn starfa í hverju fyrirtæki að framleiðslu eða alls konar þjónustu, skilar ekki síður miklum verðmætum í þjóðarbúið. Þess vegna, eins og ég sagði áðan, hafa augu manna í æ ríkari mæli beinst að því að efla ýmiss konar smáfyrirtæki, gefa þeim kost á auknu fjármagni og reyna að greiða götu þeirra til þess að þau geti náð að festa rætur. Í því sambandi vil ég benda á að það hefur löngum verið áhugamál iðnaðarmanna eða þeirra, sem standa fyrir samtökum iðnaðarins, að reyna að stuðla að viðgangi smáfyrirtækja með rekstri svokallaðra iðngarða. Menn vita að það, sem stendur mörgum fyrirtækjum fyrir þrifum, er sú mikla fjárfesting sem þau þurfa að leggja í húsnæði. Og þó að það hafi reynst mörgum fyrirtækjum vel hér á landi að leggja fjármagn í húsnæði, vegna þess hversu verðbólgan hjálpar upp á sakirnar og sagt er að steinsteypan sé einhver arðbærasta fjárfesting hér á landi, þá er það nú svo um marga aðila, sem hafa góðar hugmyndir um nýjar framleiðslugreinar, hafa hugmyndaflug til þess að hefja nýja framleiðslu, og við eigum marga hugvitsmenn, Íslendingar, að ýmsir

þeirra vilja frekar geta lagt það fjármagn, sem þeir hafa yfir að ráða og geta komið höndum yfir, í vélar og tæki, en vilja hins vegar forðast að leggja fjármagn sitt fyrst og fremst í steinsteypu. Hins vegar hafa margir neyðst til þess að gera það vegna þess að því miður hafa sjóðir þeir, sem lána til þessarar atvinnustarfsemi, í allt of ríkum mæli fyrst og fremst krafist þess að geta tekið veð í húsum eða steinsteypu. Sjóðirnir hafa ekki nema í litlum mæli viljað taka veð í vélum og tækjum, sem þó eru jafnlífsnauðsynleg fyrir viðkomandi fyrirtæki og húsnæðið, þó að vélar og tæki séu ekki eins gjaldgengt veð fyrir þær lánastofnanir sem lán hafa á boðstólum.

Einmitt þess vegna hafa menn, sem vilja smærri iðnfyrirtækjum vel, í vaxandi mæli beint sjónum sínum að svokölluðum iðngörðum, þ. e. að einhverjir aðilar, jafnvel opinberir aðilar, ríki eða sveitarfélög, taki saman höndum um að byggja húsnæði sem hægt sé að leigja iðnfyrirtækjum fyrir starfsemi þeirra. Þegar borgarstjórn Reykjavíkur, svo ég nefni dæmi, samþykkti stefnu í atvinnumálum í upphafi árs 1974, þá var það einn af mikilvægum þáttum í þeirri stefnu að borgarstjórn hugðist beita sér fyrir því, að byggðir yrðu iðngarðar í Reykjavík, og reyndar hefur allar götur síðan verið ákveðin lóð ætluð fyrir slíka starfsemi, þ. e. iðnaðarlóð uppi í Breiðholti. En einhverra hluta vegna hefur ekki orðið úr þessum framkvæmdum og þeir iðngarðar hafa ekki enn þá verið byggðir.

Ég minni enn fremur á það, að hv. 6. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, flutti í fyrra á Alþingi till. um iðngarða sem var mjög góðra gjalda verð. Í þeirri bók, sem iðnrn. gaf út á s. l. ári, er enn fremur rætt um iðngarða, og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til, að gert verði átak til að koma á fót iðngörðum. Leggur nefndin til, að lögum Iðnlánasjóðs verði breytt þannig, að hann geti lánað til iðngarða í eigu opinberra aðila og/eða annarra áhugaaðila og jafnframt fái sjóðurinn aukið fjármagn er geri honum kleift að lána til slíkra framkvæmda, m. a. í samvinnu við Byggðasjóð. Leggur nefndin til að sett verði sérstök lög um iðngarða er skýri tilgang þeirra og tryggi, að starfsemi iðngarða leiði til jákvæðra umbóta í iðnaði.“ Af þessari ályktun nefndarinnar er ljóst að þessi samstarfsnefnd um iðnþróun hefur gert sér mjög glögga grein fyrir þýðingu iðngarða fyrir uppbyggingu iðnaðarins í landinu, enda segir í grg. svo með leyfi forseta:

„Á síðari árum hafa þróast hugmyndir um iðngarða, sem reistir væru af opinberum aðilum, einkum sveitarfélögum og/eða öðrum áhugaaðilum. Iðngarðar stæðu til boða framleiðslufyrirtækjum í nýjum greinum framleiðsluiðnaðar, sem verði til viðbótar við þá starfsemi, sem fyrir er í landinu, en jafnframt geta önnur fyrirtæki í framleiðsluiðnaði átt kost á húsnæði í iðngörðum, ef tryggt er, að starfsemi þeirra skapar ekki neikvæða samkeppni við sams konar fyrirtæki annars staðar á landinu og að viðkomandi fyrirtæki hafi ótvíræða þýðingu fyrir atvinnulíf í viðkomandi sveitarfélagi.

Þá kemur til greina að veita iðnfyrirtækjum, til húsa í iðngörðum, sérstök leiguhlunnindi um tiltekinn tíma, ef um er að ræða áhættusama framleiðslu. Einnig verða iðnfyrirtæki til húsa í iðngörðum að geta átt kost á ábyrgðarþjónustu eigenda iðngarðanna, þannig að þau geti sett veð fyrir lánum, eins og yfirleitt er krafist í peningastofnunum. Eðlilegt er að gera ráð fyrir möguleikum á leigukaupum eða beinum kaupum iðnfyrirtækjanna á því húsnæði, sem þau nota til starfsemi sinnar. Iðngarðar bjóða upp á margvíslega möguleika til samstarfs meðal þeirra fyrirtækja, sem þar fengju inni. Einnig hefur sveitarfélagið möguleika til að gera húsnæði þessara aðila betur úr garði en almennt gerist, þannig að unnt sé að tala um fullbúið iðnaðarhúsnæði, en ekki hálfklárað.

Hagræði iðnfyrirtækja í iðngörðum getur m. a. komið fram í eftirfarandi formum:

1) Minnkaðri fjárfestingarbyrði og fjármagnsþörf. Fyrirtæki geta einbeitt fjármunum af framleiðslubúnaði og tækjum. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir ný fyrirtæki.

2) Sú atorka, sem fer í húsbyggingar hjá nýstofnuðum fyrirtækjum, sparast, og jafnframt getur fyrirtækið strax notið hagræðis af heppilegu húsnæði.

3) Lægri rekstrarkostnaður, sem leiðir af hagkvæmum byggingum og lægri húsnæðiskostnaði.

4) Möguleikum á samstarfi um ýmsa rekstrarþætti: hráefniskaup — útvegun og aðflutninga efnis, framleiðslustarf, sölusamstarf — afgreiðslur afurðaflutninga, bókhalds- og skrifstofuþjónusta og erindrekstur, matar- og kaffiaðstaða og annar aðbúnaður starfsliðs, bætt umhverfi innanhúss og utan, viðhaldsþjónusta, rekstrarráðgjöf.

5) Hægt er að koma við skipulögðum aðgerðum til að efla reksturinn með fræðslu og námskeiðahaldi fyrir stjórnendur og starfslið og bæta félagslega aðstöðu þeirra sem starfa á slíkum stöðum.

Gildi iðngarða er ekki hvað síst fyrir hinar dreifðari byggðir landsins, þar sem erfiðast er að fá þá samverkan í framleiðslu og þjónustu sem auðveldlega kemst á í þéttbýlinu. Er því ljóst, að hér getur verið um mikilvægt byggðastefnumál að ræða.

Í framhaldi af umræðum á þingi Sambands ísl. sveitarfélaga haustið 1977 um viðfangsefnið „Sveitastjórnir og iðnþróun“ hafa ýmsir aðilar sýnt málinu verulegan áhuga. M. a. hefur byggðadeild Framkvæmdastofnunar tekið málið upp í tillögum sínum um iðnþróun í Rangárvallasýslu og ýmsar sveitarstjórnin hafa leitað eftir stuðningi hins opinbera í málinu.

Á ráðstefnu sveitarfélaganna var upplýst, að Iðnlánasjóður hefði í reynd enga möguleika á að lána sveitarfélögum til slíkra bygginga, þar sem sjóðurinn veiti samkv. lögum forgang þeim fyrirtækjum, sem greiða eða koma til með að greiða iðnlánasjóðsgjald. Í hinum stöðuga lánsfjárskorti útilokar þetta lán til sveitarfélaga.

Ljóst er, að víða um land þarf félagslegt átak, e. t. v. með frumkvæði sveitarfélaga, til að koma á fót iðnaði, sem vænlegur þykir. Sýnist því rétt að opna fyrir stuðning aðalfjárfestingasjóðs iðnaðarins við iðnþróun á þessum grundvelli, en þó með því fororði, að þar sé ekki stuðlað að neikvæðri samkeppni eða óraunhæfri iðnaðaruppbyggingu, t. d. með mismunun gagnvart fyrirtækjum, sem eiga í samkeppni, eða með því að fjölga fyrirtækjum á þröngum markaði, eða skotið sé skjólshúsi yfir starfsemi, sem ekki hefur gildi fyrir þróun iðnaðar. Hefur samstarfsnefndin að beiðni iðnrn. þegar gert drög að frv. um breyt. á lögunum um Iðnlánasjóð og í ráði er að semja frv. um iðngarða.“

Hér lýkur tilvitnun í þessa skýrslu um iðngarða, sem glögglega ber það með sér, að þeir, sem hana sömdu, telja að iðngarðar séu eitt af því mikilvægara sem hægt sé að koma á fót í þágu íslensks iðnaðar. Fer það mjög saman við það sem ég gat um áðan, þá stefnu sem æ meir

ryður sér til rúms í okkar nágrannalöndum ýmsum, að leggja beri aukna áherslu á ýmiss konar smáfyrirtæki og ýmiss konar smærri rekstur jafnhliða stóriðjurekstrinum.

Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh. að því, hvað líði framkvæmd þessara tillagna sem hér um ræðir, þ. e. hvað líði undirbúningi þess að samið sé frv. um iðngarða og hvenær megi vænta þess að hæstv. ráðh. leggi það fyrir hv. Alþingi.

Áðan ræddi hv. 10. þm. Reykv. nokkuð um Landssmiðjuna og þá ákvörðun sem nýlega var tekin. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á það, að til umr. er 184. mál, um Iðnrekstrarsjóð.) Já, Iðnrekstrarsjóður hefur þann tilgang samkv. 1. gr. að örva nýsköpun í átt til aukinnar og bættrar framleiðslu í iðnaði, að auka framleiðni í samkeppnisiðnaði, og það, sem ég hugðist nú vekja máls á, hæstv. forseti, er sú ákvörðun hafnarstjórnar Reykjavíkur að úthluta Landssmiðjunni stórri lóð hér í Reykjavík. En það mál tengist mjög skipasmíðum og skipaviðgerðum hér á landi, sem er einhver mikilvægasta iðngrein sem við horfum fram á að geta aukið og eflt hér og hlýtur auðvitað að verða eitt af mikilvægum verkefnum Iðnrekstrarsjóðs að stuðla að. Ég vildi fyrst og fremst ítreka þá fsp. sem fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv. til hæstv. iðnrh. sérstaklega um Landssmiðjuna.

Þannig stendur á, eins og menn vita, að hér í Reykjavík hefur um alllangan tíma verið áhugi á því að koma á fót skipaverkstöð, sem hefði með höndum bæði viðgerðir og jafnvel nýsmíði skipa einnig. Hér í Reykjavík starfa ýmis fyrirtæki á þessu sviði. En þau hafa ekki verið þannig í stakk búin fjárhagslega að þau treysti sér til þess að hefja stórfellda uppbyggingu. En þó er rétt að það komi fram, að það eru þó viss merki þess nú, að t. d. Slippfélagið í Reykjavík hafi áhuga á uppbyggingu, en treysti sér þó ekki til þess að fara á nýjan stað, en vilji gjarnan gera það á sínum gamla stað og hefur lagt fram ákveðnar skipulagshugmyndir fyrir hafnarstjórn þar að lútandi. En það vekur að sjálfsögðu verulega athygli og þess vegna vildi ég spyrja hæstv. iðnrh. að því, hver séu áform Landssmiðjunnar þarna á þessum stað. Okkur var tjáð, sem í hafnarstjórn sitjum, að Landssmiðjan hefði stuðning iðnrn. við umsókn sína. Þetta er mjög dýr lóð, gatnagerðargjald eitt mun kosta tugi millj. kr., og eins og ég sagði áðan er ljóst að þau einkafyrirtæki, sem í þessari grein hafa starfað, hafa ekki treyst sér, a. m. k. ekki enn þá, til þess að fara inn á þetta nýja svæði. Þess vegna væri mjög æskilegt að fá það hér fram, hver sé fyrirætlunin varðandi þessa atvinnugrein hjá Landssmiðjunni.

Það vekur nokkra athygli varðandi frv., sem hér liggur fyrir um Iðnrekstrarsjóð, að það miðar að því að víkka hlutverk Iðnrekstrarsjóðs og efla hann verulega, eins og segir í grg., í þeim tilgangi að stuðla að margvíslegu nýsköpunar- og umbótastarfi í þágu iðnaðar. Er þetta gert í samræmi við þá stefnumótun um eflingu iðnaðar sem unnið hefur verið að á vegum iðnrn.

Iðnrekstrarsjóður hefur að vísu starfað um nokkurt skeið. En það vekur óneitanlega athygli þeirra, sem hugleiða iðnaðarmál hér á landi, ekki síst fjárfestingar- og lánamál iðnaðarins, hvað kröftunum virðist dreift á marga sjóði sem virðast hafa sama markmið hver og einn. Við höfum t. d. Iðnlánasjóð. Samkv. lögum er það tilgangur hans að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum. Iðnlánasjóðurinn er sjálfstæð stofnun. Hann hefur sérstaka stjórn, en Iðnaðarbanki Íslands hefur með að gera afgreiðslu þessa sjóðs. Iðnlánasjóður hefur allnokkurt fjármagn yfir að ráða, en samkv. skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem gerð var grein fyrir í Sþ. í dag, hafa lánveitingar Iðnlánasjóðs undanfarin ár numið sem hér segir:

Lánveitingar: 1977 1325 millj., 1978 1840 og 1979 3250.

Af þessu má sjá, að Iðnlánasjóður hefur verulegt fjármagn til umráða. Sumum þykir þó vafalaust að það mætti vera meira, og ég dreg það ekki í efa. En hér er um að ræða sjálfstæða stofnun sem vinnur að lánamálum iðnaðarins.

Næst rekur maður augun í það, að hér er starfandi svokallaður Iðnþróunarsjóður. Ef maður fer að hugleiða hver tilgangur hans er og hver helstu verkefni hans séu, þá kemur í ljós að hér er um að ræða sjóð sem stofnaður er með sérstakri samvinnu, byggður á samningi milli Norðurlandanna, þ. e. Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Þessi sjóður má segja að hafi ákveðið og sjálfstætt hlutverk. Hann er, má segja, eins konar umboðsaðili hér á Íslandi fyrir þessa sameiginlegu norrænu iðnþróunarstarfsemi. Hann hefur sérstaka stjórn og hann lánar allmikið, eins og við sjáum á því að árið 1975 voru bein útlán hans 650 millj., 1976 575 millj., 1977 668 millj., 1978 930 millj. og 1979 1571 millj. Hér er um aðra sjálfstæða stofnun að ræða sem vinnur að lánamálum iðnaðarins.

Í þriðja lagi er hér starfandi Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands. Nú er Iðnaðarbankinn, eins og við vitum, sjálfstæður banki, hlutafélag, sem fyrst og fremst þeir, er að iðnaði vinna, standa að, og er það ekkert óeðlilegt. Veðdeild bankans virðist hafa úr mun minna fjármagni að spila heldur eru þeir sjóðir sem ég hef nú hér rakið. Samkv. skýrslunni um Framkvæmdastofnun hefur veðdeild Iðnaðarbankans haft til útlána árið 1975 72 millj., 1976 43 millj., 1977 82 millj., 1978 136 millj. og 1979 209 millj. kr.

Í fjórða lagi höfum við svo alveg sjálfstæðan sjóð sem við nú erum að fjalla um í þessu frv., þ. e. Iðnrekstrarsjóð. Hlutverk hans er að styðja við umbótastarf í iðnaði í þeim tilgangi að auka útflutning iðnaðarvarnings, að auka samkeppnishæfni íslensks iðnaðar á innlendum og erlendum markaði, og örva nýsköpun í átt til aukinnar og bættrar framleiðslu í iðnaði, að auka framleiðni í samkeppnisiðnaði.

Hér er um einn sjálfstæðan sjóð að ræða, sjálfstæða stofnun nr. 4 af þeim sem ég hef greint frá. Hér er um að ræða stofnun sem hefur sjálfstæða stjórn og virðist hafa æðimikið sjálfstæði, eins og reyndar þær stofnanir aðrar þrjár sem ég hef hér greint frá. Hér koma fleiri sjóðir, sem með beinum eða óbeinum hætti stuðla að uppbyggingu iðnaðar, eins og Byggðasjóður og Framkvæmdasjóður.

Ég vil af þessu tilefni, vegna þess að ég sakna þess í þeirri skýrslu sem ég vitnaði í áðan um lánasjóði iðnaðarins, spyrja hæstv. iðnrh. að því, hvort á vegum hans rn. hafi ekki komið til álita að reyna að einfalda þessi lánamál iðnaðarins, reyna að sameina þetta meir í eina stofnun, en ekki hafa jafnmargar sjálfstæðar stofnanir sem hver um sig virðist sinna meira og minna sama hlutverki. Það hlyti að vera hagræði að því að reyna að einfalda þessi atriði, þ. e. sjóðakerfi iðnaðarins.

Herra forseti. Ég læt nú senn máli mínu lokið. Eins og ég sagði í upphafi minnar ræðu er þetta í fyrsta sinn sem

okkur hér, a. m. k. í Nd., gefst tækifæri til þess að ræða almennt um iðnaðarmál, og það er ekki vonum fyrr. Frv., sem hér liggur fyrir, er út af fyrir sig ekki deilu- eða ágreiningsefni. Það hefur komið hér fram ein brtt., frá hv. 10. þm. Reykv., á þskj. 539. Ég styð þá till. En að öðru leyti er ekki ágreiningur um þetta mál. Ég vil geta þess sérstaklega, vegna þess að eins og fram kemur í nál. iðnn. á þskj. 533 var ég vegna annarra starfa nú á þessum síðustu annadögum þingsins fjarverandi frá þeim fundi, að ég styð nál. og er sammála því sem þar kemur fram, með fyrirvara þó eins og ég hef hér frá greint.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það hafa sumir hv. þm. hér í kvöld kvartað undan því, að það væri verið að fjalla um málefni, sem tefðu þingstörf, og haldið væri hér uppi málþófi af þm., og það menn sem komið hafa upp utan dagskrár. Ég get ósköp vel skilið að það gæti óþolinmæði hjá hv. þm. að vita hvert stefnir með þinghald og hvenær hugmynd er að þinghaldi ljúki. Það hafði verið gert ráð fyrir að það gerðist á morgun. Ég hygg þó að allir viti af hvaða ástæðum það er, sem ekki hefur verið settur punktur aftan við þetta: að ekki mun hafa tekist um það full samstaða enn sem komið er, hvenær þingstörfum ljúki, milli stjórnarsinna og stjórnarandstöðu. Ég vænti þess, að úr því fáist nú skorið áður en mjög langt um líður, þó að mér sé út af fyrir sig ekkert að vanbúnaði að taka hér þátt í þingstörfum næstu daga og vikur, *ef áhugi er á því. Ég held að menn þurfi ekki að* hafa miklar áhyggjur af sauðburði úti um byggðir landsins nú á þessum góðu vordögum. Það hefði sjálfsagt legið verr á bændum hér, sem áttu sæti á þinginu í fyrra, að komast ekki á bú sín til þess að fylgjast með gangi mála þar. En sem betur fer árar nú öðruvísi, þó að svo hátti að vísu einkennilega í okkar landi að árgæska til lands og sjávar sé ekki endilega talin af hinu góða reiknað á mælistiku okkar einkennilega efnahagslífs, en ég ætla ekki að víkja að því hér.

Ég kvaddi mér hér hljóðs til þess að víkja að fáeinum atriðum sem fram komu hér í máli tveggja hv. þm., hv. 10. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv., vegna þess máls sem hér er til umr., þ. e. frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð. Þeirra málflutningur var í fyllsta máta þinglegur, og ekki þótti mér neitt lakara að vera minntur á efni úr fskj. með þáltill. sem hér var tvíflutt á s. l. ári, út af fyrir sig, þó að ég hafi heyrt grunsemdir um það, að lestur úr þeirri bók væri að einhverju leyti til þess að stytta nóttina hér á hv. þingi. En ég er ekki að gera því skóna, að sú hafi verið ætlan þeirra sem hér töluðu.

Það voru sem sagt atriði, sem þeir véku að og beindu til mín fsp., og ég tel mér skylt að víkja að þeim, þó að ekki verði það í löngu máli, því ég hygg að allir hafi áhuga á því að þingstörfum miði hér nokkuð. Væri þó ærin ástæða til þess að fjalla um málefni iðnaðarins nokkuð vítt, eins og reyndar hefur komið fram hjá mönnum hér á þinginu áður. En stutt þinghald og annríki hér á síðustu dögum þingsins veldur því, að svigrúm til slíkrar víðtækrar umræðu er tæpast fyrir hendi og tilefni kannske ekki til þess þegar fjallað er um annars merkilegt málefni eins og það sem hér er til umr.

Ég vil þá aðeins í upphafi víkja að því, sem fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv., þ. e. fsp. um það, hvers vegna ekki hefði verið borin hér fram þáltill. um iðnaðarstefnu á þessu þingi, en flutt var slík till. tvívegis á s. l. ári, þá á tveimur þingum. Ástæðan fyrir því er ekki sú, að það sé ekki hugur núv. ríkisstj. að standa að slíkri stefnumótun. Þvert á móti er í upphafskafla í stjórnarsáttmála um iðnaðarmál að því vikið, að ríkisstj. hyggist móta slíka langtímastefnu um iðnþróun í landinu. Ég veit ekki annað en það sé í öllum aðalatriðum samstaða um það mál, svipað og það var lagt hér fyrir í fyrra, enda hefur komið fram að undirtektir við þá till., það litla sem hún hefur komist til umr., hafa verið góðar og það í flestum atriðum og óháð því, hvar í flokki menn hafa staðið, enda var undirbúningi málsins háttað með það í huga, að það væri reynt að sameina menn um iðnþróunarátak í landinu. Ég held að það hafi tekist með sæmilegum hætti, þó ég vilji gera greinarmun á þáltill., sem er kjarnaatriði sem þó byggir að verulegu leyti á því fskj. sem hér var vitnað í áðan. En ástæðan fyrir því, að till. var ekki flutt nú á þessu þingi, var sú, að okkur sýndist að það væri óvissa um að málið fengi lyktir á þinginu. Og vegna þess að það er víðfeðmt og vekur eðlilega áhuga margra og þarfnast verulegrar umr., þá var það mat ríkisstj. og mitt mat eftir að hafa heyrt í mönnum í ríkisstj., að það væri ekki rétt að fara að flytja málið nú með svo knappan tíma fyrir stafni eins og sýnilegt var hér á þessu þingi, en frekar að leggja það fyrir að hausti. Ég geri ráð fyrir því, að ef ég gegni starfi iðnrh. þegar þing kemur saman í haust, muni ég beita mér fyrir því að málið komi þá snemma fram á þinginu þannig að hægt verði að ræða það eins og ég heyri að áhugi er um.

Hv. 10. þm. Reykv. vék í upphafi máls síns að spurningunni um þróunaraðgerðir, sem tengjast því frv. sem hér liggur fyrir um Iðnrekstrarsjóð, og hvað líði aðgerðum af hálfu ríkisstj. til að örva slíkar aðgerðir m. a. innan fyrirtækja. Ég vil vísa til þessa frv. sem hér liggur fyrir, að því er beinlínis ætlað að verða hvati til slíkra aðgerða. Það er að því vikið, að þarna verði um mótframlög að ræða í mörgum tilvikum til fyrirtækja, þar sem þau leggi fjármagn á móti til rannsóknar- og þróunarstarfsemi á sínum vettvangi og markaðsstarfsemi og fái stuðning á móti úr þessum sjóði sem hér er verið að efla. Ég vil einnig geta þess, að mér finnst það vera mjög til athugunar að það verði reynt að örva rannsóknar- og þróunarstarfsemi í iðnaði með því að gefa fyrirtækjum kost á skattfríðindum í einhverju formi til örvunar. Þetta er leið sem farin hefur verið í ýmsum nálægum löndum, og mér finnst að það sé fullkomlega réttmætt að athuga það, og ég mun láta líta á málið út frá því. Ég held að það sé of lítið gert að því hér að beita ákvæðum skattalaga til þess að hvetja með eðlilegum hætti til uppbyggingarstarfsemi í atvinnulífi, og þurfa það ekki alltaf að vera þættir sem kosta ríkissjóð mikið eða muna miklu að því leyti, en geta riðið baggamuninn þegar um það er að ræða hvort fyrirtækin sinna viðkomandi máli og leggja þar nokkuð af mörkum. Mig minnir að þessi hvati sé á erlendu máli kenndur við „gulrót" og að sýna gulrót, eins og það er orðað, í slæmri þýðingu þó.

Það var í máli beggja hv. þm., sem hér töluðu áðan um málið, vikið að iðnaðarstefnu nokkuð vítt og þ. á m. að stóriðjustefnu og hvað liði vinnu á vegum núv. ríkisstj. að slíku máli og hvað ég hefði í huga í sambandi við það. Ég skal víkja að því í örfáum orðum, það getur ekki orðið í löngu máli. En það gladdi mig að heyra að hv. 6. þm. Reykv. túlkaði hér mál af skynsemi, að mér þótti, í sambandi við viðhorf til iðnaðaruppbyggingar í landinu, og af meiri skynsemi en ég stundum heyri frá talsmönnum í hans flokki, þar sem á honum mátti skilja að

stóriðjustefna eða uppbyggingu orkufreks iðanaðar í landinu leysti ekki allan vanda hér og væri kannske ekki það mál mála í sambandi við iðnþróun, þótt mikilvægt geti talist. Ég er honum alveg sammála um að við þurfum að hyggja hér að fjölþættri atvinnustarfsemi og þ. á m. fjölþættri iðnaðaruppbyggingu hjá okkur, þar sem saman fer stuðningur við smárekstur, arðvænlegan smárekstur af ýmsu tagi, smá og miðlungstór fyrirtæki, sem nú eru mjög á dagskrá eins og hv. þm. vék réttilega að. Hann nefndi Bandaríkin í því sambandi, en ég vil bæta við Norðurlöndum þar sem þetta mál hefur verið til sérstakrar meðferðar á vettvangi Norðurlandaráðs. Nýlega er komið út nál. um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja og hvernig að þeim er staðið í hinum einstöku löndum og ábendingar um hvernig stjórnvöld geti búið að slíkum rekstri. Um þetta verður haldin ráðstefna fyrir tilstuðlan iðnaðarráðherranefndar Norðurlanda í næsta mánuði, — ráðstefna sem ég mun sækja. Þetta mál er allrar athygli vert. Á sama hátt hlýtur það að vera áhugavert fyrir okkur að hugleiða og gera á því athugun hvernig best verði að því staðið að hagnýta hinar tiltölulega miklu orkulindir landsins: fallvatna og jarðvarma, til atvinnuuppbyggingar í landinu. Þar er á ferðinni sannarlega stórmál, vandasamt mál, sem ég tel fulla ástæðu til að gaumgæft sé. Mitt rn., iðnrn., mun, eins og reyndar fram kemur í fjárlögum, þar sem sérstök fjárveiting er til athugunar á orkufrekum iðnaði, vinna að greiningu á þeim kostum sem helst sýnast koma til greina í sambandi við orkufrekan iðnað í landinu og iðnað sem nýtir orkulindir landsins. Ég tel að það þurfi að fara fram fordómalaus úttekt á þeim kostum og athugun á því, hvernig að slíkri atvinnuuppbyggingu verði staðið með skynsamlegum hætti og hún felld inn í okkar efnahagslíf og atvinnulíf á komandi árum og áratugum, því að engum dettur í hug, jafnvel ekki þeim sem ákafastir virðast í sambandi við svokallaða stóriðju eða orkufrekan iðnað, að þarna verði allt gert í einu, og væna eflaust margir mig um það að vera heldur hægfara í þessum efnum. Ég játa það, að ég vil fara þarna að með mikilli gát, sérstaklega í sambandi við fjármögnun og hvernig að uppbyggingu slíkra fyrirtækja er staðið, þannig að ekki sé neinu hætt til í sambandi við fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. En þarna er einnig að ýmsum fleiri þáttum að hyggja, þetta varðar ýmsa fleiri þætti, félagslegs eðlis, umhverfislegs eðlis, sem taka þarf inn í þessa mynd.

Ég tek undir það, að það er full ástæða til að samhæfa iðnaðarstefnu í landinu og orkustefnu í landinu. Það er að vísu svo, að virkjanir í þágu raforkukerfis okkar, einnig stórvirkjanir sem svo eru kallaðar, upp á hundrað mw. í afli, eru taldar hagkvæmar umfram smærri virkjanir, nokkra tugi mw., þó að ekki komi til orkufrekur iðnaður, — hagkvæmari að tiltölu. Hins vegar er það mat manna, að ef menn hafa hagkvæm iðnaðartækifæri, iðnaðarkosti til þess að fella að slíkri uppbyggingu raforkukerfisins, þá geti það verið hagkvæmt, og á það ber að sjálfsögðu að líta í einstökum tilvikum. M. a. af þessum ástæðum er nauðsynlegt, eins og ég gat um, að greina þá kosti sem hér sýnast helstir fyrir hendi, og er þar af mörgu að taka og ætla ég ekki að fara út í þau efni.

Ég vil samt rifja það upp, sem hér hefur þó fram komið, að við erum með í mótun — og um það var raunar spurt hér áðan — miðlungsstóra iðnaðarkosti sem nota innlendar orkulindir: jarðvarma og raforku, að vísu ekki í ríkum mæli, en styðjast við orkulindirnar og þar sem innlend orka er undirstaðan í þeim iðnaðarkostum. Við erum farin að kalla þetta til styttingar hin „fjögur S" uppi í iðnrn., svona sem skammstöfun, því það vill til að þarna er um að ræða verksmiðjur sem allar hefjast á S: steinullarverksmiðja, sykurverksmiðja eða sykurhreinsunarverksmiðja, saltverksmiðja og stálbræðsla, sem svo er kölluð. Allar þurfa á innlendri orku að halda og byggja á því, ef úr þeim verður. Um eitt af þessum fyrirtækjum var sérstaklega spurt hér áðan, þ. e. um steinullarverksmiðjuna, hvar það mál sé statt. Það er alveg rétt, að það var gert ráð fyrir að svo kynni að fara að það væri hægt að leggja frv. um þetta fyrirtæki fyrir núverandi þing. Það varð ekki niðurstaðan að athuguðu máli, að svo yrði gert. Það er unnið að því að greina alla þessa iðnaðarkosti, þ. á m. steinullarverksmiðju, og ég vænti þess, að það liggi fyrir fyrir haustið og þá væntanlega einnig hvar menn teldu æskilegt að reisa slíka verksmiðju, en það er eitt af því sem eftir er að fara ofan í saumana á og nú er unnið að. Það er unnið að greiningu allra þessara kosta.

Þá vil ég aðeins víkja að því, sem ég var sérstaklega spurður um af hv. 10. þm. Reykv., hvort ég teldi að það bæri að hyggja að arðsemi í íslenskum iðnfyrirtækjum. Það er nú dálítið undarlegt kannske, að svona spurning sé fram borin. En ég vil, til að taka af allan vafa, svara því svo, að ég tel skipta meginmáli að þess sé gætt í sambandi við þau fyrirtæki, sem hér eru reist, — ég tala nú ekki um stærri fyrirtæki, þar sem hinu opinbera er ætlað að leggja fram verulegt fjármagn, — að þar sé ekki teflt í tvísýnu að bestu manna yfirsýn í sambandi við arðsemi slíkra fyrirtækja. Þannig tel ég að þurfi að standa að málum, og m. a. af þeim sökum höfum við ekki flýtt okkur mjög að knýja á um ákvarðanir af hálfu hv. Alþ. í sambandi við iðnaðarkosti af þessu tagi.

Það var fjölmargt fleira sem hv. þm. véku að, þ. á m. hvar væri stödd athugun á tollamálum, þar sem iðnaðinum, samkeppnisiðnaði okkar, væri enn íþyngt. Það er mál sem liggur á borðum rn., bæði iðnrn. og fjmrn. Einhver úrlausn fékkst um daginn þegar veitt var eftirgjöf á tollum fjárfestingarvara fyrir fiskiðnað sérstaklega, en þar flutu með nokkur atriði sem varða einnig annan iðnað en fiskiðnað, þannig að þar fór eitthvað út af listanum sem við hv. 10. þm. Reykv. berum fyrir brjósti að iðnaðurinn fengi leiðrétt. Hitt verður athugað í sumar og væntanlega fæst úr því skorið hvar mörkin verða dregin, og ég vænti að sú niðurstaða verði iðnaðinum í hag eins og réttmætt er. En þarna er, eins og um var getið, í ýmsum tilvikum um allflókin markamál eða jaðarmál að ræða, þar sem getur munað ríkið allverulega í tekjum, en skiptir iðnaðinn kannske ekki teljandi máli, þó að það geti verið íþyngjandi fyrir einstök fyrirtæki alveg sérstaklega.

Svo aðeins varðandi iðngarðana sem hv. 6. þm. Reykv. vék að. Hann hefur sennilega ekki tekið eftir því, af því hann var ekki kominn á Alþing þá, að í fyrravetur var sett löggjöf um breyt. á l. um Iðnlánasjóð þar sem stofnað var til sérstakrar Lánadeildar iðngarða hjá Iðnlánasjóði og henni ætlað nokkurt fjármagn. Þessi lánadeild á að taka til starfa á þessu ári, og ég hygg að þegar sé búið að taka á fyrstu umsóknunum úr þessari deild, sem sérstaklega er ætlað að styðja sveitarfélög sem ætla að ráðast í byggingu iðngarða. Ég held t. d. að Selfosshreppur hafi lagt þar inn umsókn og fengið afgreiðslu nýlega eða vilyrði fyrir því að fá slíkt.

Þó að hugsað sé til byggðaviðhorfa hygg ég að það sé

ekki ætlunin að einskorða fyrirgreiðslu í sambandi við iðngarða við slíkt, en það er hugmyndin að setja fyllri reglur um slíka starfsemi, því að það er held ég mjög þýðingarmikið að húsnæði af þessu tagi verði ekki tekið undir aðra starfsemi, eins og því miður hefur verið nokkuð um varðandi húsnæði sem reist hefur verið með lánafyrirgreiðslu úr sjóðum iðnaðarins og hefur farið í önnur not fyrr en varði, önnur og óskyld not, og það er ekki til fyrirmyndar að svo sé.

Svo var spurt um sjóði iðnaðarins og hv. 6. þm. Reykv. þótti sem þar væri nokkur frumskógur á ferð. Ég get vel skilið það, að þeim, sem að þessum málum koma og eru ekki í þeim mun meiri snertingu við þau frá degi til dags, finnist það nokkuð flókið kerfi sem þarna er á ferðinni. Og sams konar spurningar hafa komið upp í mínum huga varðandi þetta.

Hvað snertir Iðnrekstrarsjóð var sérstaklega ofan í það farið á vegum hv. núv. forsrh. á árinu 1975, af nefnd sem hann skipaði þá, hvort réttmætt væri að sameina Iðnrekstrarsjóð og Iðnlánasjóð, en niðurstaða af þeirri athugun varð sú að gera það ekki. Það hefur verið stefnt að einföldun lánamála iðnaðarins með því að tryggja samstarf þessara sjóða, sem hér voru nefndir, og reyna að koma þar á skipulegri verkaskiptingu jafnhliða því sem þeir viti hver af öðrum. Slík samvinna — ég vil segja góð samvinna — hefur tekist með sjóðunum, og þá er meginverkaskiptingin þessi:

Iðnlánasjóður er aðalstofnlánasjóður hins almenna iðnaðar í landinu, enda greiða iðnfyrirtæki sérstakt iðnlánasjóðsgjald í þann sjóð og hann mun hafa til útlána um 6 milljarða kr. á yfirstandandi ári, þ. á m. til iðngarða — það er innifalið — og til skipaiðnaðar.

Iðnþróunarsjóður var stofnaður í tengslum við inngang Íslands í EFTA með samnorrænu átaki, og hér er reyndar frv., sem liggur fyrir þinginu um breyt. á lögum um hann, sem ég vænti að samþykkt verði hér á næstu klukkutímum eða dögum. Þessi sjóður, sem hefur haft verulegt gildi og á að hafa til ráðstöfunar um 2.5 milljarða á yfirstandandi ári, — stjórn hans hugsar til þess að styðja einkum við stærri iðnfyrirtæki, stærri iðnaðarkosti, uppbyggingu þeirra, þó að það einskorðist ekki við það, en áherslan verði lögð á slíkt. Það held ég að sé mjög skynsamleg stefna sem þar er á ferðinni. En vegna þess hve sá sjóður er sérstakur hlýtur hann að hafa sérstaka löggjöf og er með stjórnaraðild annarra Norðurlanda, eins og kunnugt er. En Iðnrekstrarsjóður er, eins og ég gat um hér um daginn, stuðningssjóður við iðnþróun af ýmsu tagi, hann á að vera eins konar fjörefnisgjafi í þeirri iðnþróun, sem að er stefnt, og hann starfar í samvinnu við Iðnlánasjóð eða þar veit hvor af öðrum. Báðir hafa aðstöðu í Iðnaðarbanka Íslands, og það er ákveðin samhæfing þar á milli. En hlutverk þessa Iðnrekstrarsjóðs, sem hér er stefnt að því að efla, er allnokkuð annað en hinna sjóðanna, eins og fram kemur í fyrirliggjandi frv.

Ég gæti haldið hér áfram að svara fsp., þ. á m. um Landssmiðjuna, sem fram hafa verið bornar. Um það efni vil ég aðeins segja að fyrirtækið hyggst flytja á nýjan og hentugri stað og endurreisa þar starfsemi sína. Það er áhugi á því hjá forráðamönnum fyrirtækisins að það tengist skipaverkstöð í Reykjavík við Sundahöfn, en ákvarðanir þar að lútandi eru mjög í höndum borgaryfirvalda Reykjavíkur og sókn í því máli hlýtur að koma frá sveitarfélaginu Reykjavík, uppbygging þeirrar skipaverkstöðvar. Núv. ríkisstj. hefur reyndar tekið það mál inn í sinn málefnasamning með þeim hætti að lýsa yfir stuðningi við það fyrirtæki, og það á að auðvelda sveitarfélaginu Reykjavík að sækja það mál. Ég held að það verði þessari skipaverkstöðvarhugmynd til verulegs framdráttar ef Landssmiðjan rís þar í tengslum við hana og getur orðið einn af stuðningsaðilum við þá skipaverkstöð, þar sem ég tel að ýmis skipaiðnaðarfyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu og náttúrlega innan Reykjavíkurborgar, sem hafa búið við heldur þrönga aðstöðu í vesturbænum eða vesturhöfninni, geti flutt þangað, kannske smátt og smátt, sína aðstöðu, en gjarnan megi hugsa til víðtækari samvinnu skipaiðnaðarstöðva í nálægum sveitarfélögum sem gætu þarna orðið aðili.

En varðandi hugmyndina um að selja Landssmiðjuna til annarra, þá hefur hún heyrst frá ýmsum, og vegna þess að hv. 10. þm. Reykv. vék sérstaklega að því máli, held ég að sé einfaldast að vísa honum á að líta inn í Landssmiðjuna og heyra í mönnum þar. Ég hygg raunar að hann hafi heimsótt starfsmenn Landssmiðjunnar fyrir síðustu kosningar. Ég vænti þess, að hann sjái ástæðu til þess að koma þangað aftur, og þar mun hafa komið fram, ef ég er rétt upplýstur, að áhugi þeirra á að breyta rekstrarformi hafi ekki verið mjög mikill. Vil ég þó taka það fram, að ég tel það enga goðgá að hugsa til þess að starfsmenn fyrirtækja séu eigendur þeirra eða eigi með einum og öðrum hætti verulega aðild að stjórn viðkomandi fyrirtækja og gjarnan sem meðeigendur.

Læt ég svo svörum við þessum fsp. lokið, en vil þakka þeim hv. þm. sem rætt hafa þetta efni hér, frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð, fyrir stuðning við málið.

Vegna þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir við 3. umr., get ég endurtekið það, að ég tel að hún skipti ekki miklu efnislega í þessu máli og það sé nokkur misskilningur sem búi þar að baki hjá hv. flm. Það eru ekki byggðaviðhorf eða þess háttar sjónarmið sem er meginhvati þess sem þar kemur fram, heldur að tekið sé mið af þeim áætlunum sem gjarnan eru unnar svæðisbundið og staðið er að á vegum stjórnvalda, þ. á m. sveitarfélaga, og að stjórn Iðnrekstrarsjóðs geti haft hliðsjón af slíkum staðfestum áætlunum þegar hún tekur á málum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 64. fundur.

Mánudaginn 19. maí, kl. 7.30 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Forseti (Jón Helgason): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Auk þess fá sjálfstæðismenn, sem styðja ríkisstj., 20 mínútna ræðutíma. Umferðir verða tvær, 15—20 mínútur í fyrri umferð og 10—15 mínútur í þeirri síðari, en sjálfstæðismenn, sem styðja ríkisstj., fá til umráða 10—15 mínútur í þeirri síðari. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., sjálfstæðismenn sem styðja ríkisstj., Alþfl., Framsfl. og Alþb.

Ræðumenn verða: Fyrir Sjálfstfl. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., í þeirri síðari. Fyrir sjálfstæðismenn, sem

styðja ríkisstj., Gunnar Thoroddsen forsrh. í fyrri umferð, en Pálmi Jónsson landbrh. í síðari umferð. Fyrir Alþfl. Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv., og Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm., í fyrri umferð, en Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e., í þeirri síðari. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð Ingvar Gíslason menntmrh., en í síðari umferð Steingrímur Hermannsson sjútvrh. Fyrir Alþb. tala Svavar Gestsson félmrh. og Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl., í fyrri umferð, en Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv., í síðari umferð.

Hefst nú umr. og tekur fyrst til máls Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv., og talar af hálfu Sjálfstfl.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Öllum er í fersku minni að baráttan gegn verðbólgunni var höfuðmál kosninganna fyrir tæpu misseri. Fráfarandi vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar hafði svo gersamlega misst allt taumhald á stjórn mála, að kratarnir rufu stjórnarsamstarfið og fyrirsjáanlegt var að öll fyrri verðbólgumet yrðu slegin.

Sagt hefur verið, að landið hafi verið stjórnlaust meðan á kosningabaráttunni og eftirfarandi stjórnarmyndunartilraunum stóð og engar ráðstafanir hafi verið hægt að gera gegn vaxandi verðbólgu. En muna menn nú ekki lengur hvílíkt bjargráð efnahagslögin, sem samþ. voru hér á Alþingi fyrir ári voru talin? Framsóknarmenn og Alþfl.-menn rifust um höfundarréttinn að þessum lögum, og Alþb. veitti þeim brautargengi með öllum atkv. sínum á þingi. En allt kom fyrir ekki, verðbólgan óð áfram.

Sannleikurinn er sá, að landið hefur verið stjórnlaust allt frá því að Ólafur Jóhannesson og Framsfl. gáfust upp 1978 í baráttunni gegn verðbólgunni og gengu í björg Alþb. og Alþfl. til að setja „samningana í gildi", eins og það var kallað á kosningamáli. En efndir þess hafa verið með þeim hætti, að nú skortir um 15—20% á að náð sé þeim kaupmætti sem að var stefnt með hinum óraunhæfu kjarasamningum 1977.

Myndun núv. ríkisstj. hefur ekki breytt því, að landið er enn stjórnlaust og verðbólgan veður hömlulaust áfram. Myndun núv. ríkisstj. leysti enga stjórnarkreppu. Við búum áfram við stjórnarkreppu.

Það hefur því miður gerst, að nokkrir sjálfstæðismenn hafa tekið að sér það hlutverk sem jafnvel kratarnir treystu sér ekki til að gegna lengur, að spyrða saman og tryggja völd Alþb. og Framsfl., mestu skatta- og ríkisumsvifaflokkanna í landinu.

Málefnasamningur núv. ríkisstj. er dæmigerður vinstristjórnarsamningur. Hann er merkilega svipaður vinstristjórnarsamningnum 1971, þegar óðaverðbólguflóðið hófst hér á Íslandi. Hann er loforða- og óskalisti að miklu leyti.

Með afgreiðslu fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar innsiglar ríkisstj. svo vinstristjórnarstefnuna.

Talið er að vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar hafi aukið skattaálögur á landsmenn um 25—30 milljarða kr. á verðlagi yfirstandandi árs. Núv. ríkisstj. framlengir allar þessar skattaálögur, en lætur ekki þar við sitja, heldur hafa stuðningsmenn hennar samþ. álögur sem nema munu jafnhárri upphæð, 25—30 milljörðum, er leggjast munu til viðbótar á landsmenn nú í ár.

Heildarskattbyrðin er því 50—60 milljörðum kr. þyngri nú í ár en hefði verið samkv. skattalögum er í gildi voru vorið 1978.

Því miður eru gleymd orð Gunnars Thoroddsens í grein í Morgunblaðinu 28. nóv. s. l.: „Það er ekki lengur hægt að hækka skatta, þeir eru þegar orðnir nógu háir." Gleymst hefur 10% niðurskurður fjárl., sem hann gerði að till. sinni, og nú á að hækka niðurgreiðslur þótt þær hafi verið komnar úr hófi og spara mætti milljarða í niðurgreiðslum, svo að enn sé vitnað í grein Gunnars.

Athyglisvert er að beinir skattar hafa þyngst að mun, líklega nálægt 30%, ef miðað er við tekjur greiðsluársins, frá því 1977 og fyrri hluta 1978.

Hér er auðvitað einnig gengið beint gegn stefnu Sjálfstfl. Beinir skattar eru skattar á tekjuöflun og verðmætasköpun og draga því úr framtaki manna. Beinir skattar eru nú svo háir að ríkið tekur 2/3 af viðbótartekjum hjá verulegum hluta skattgreiðenda í landinu. Þar að auki hafa óbeinir skattar stórhækkað: söluskattur í 23.5% og vörugjald í 24%.

Slík skattheimta dregur úr verðmætasköpuninni í þjóðfélaginu, þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum. Það verður minna til skiptanna fyrir alla. Slík skattheimta er til þess fallin að freista manna til að skjóta tekjum undan skatti og skapar því skilyrði fyrir spillingu og virðingarleysi fyrir lögum, sem nóg er af fyrir. Slík skattheimta eykur kaupkröfur og verkar því eins og olía á verðbólgubálið.

Bæði fulltrúar launþega og vinnuveitenda hafa bent á að lækkun skatta væru nauðsynleg til að koma á skynsamlegum kjarasamningum sem nú eru allir lausir. En ríkisstj. fer þveröfugt að. Ábyrgð ríkisstj. er því mikil ef kjarasamningar fara úr böndum.

Þegar ég fór með stjórnarmyndunarumboðið lagði ég fram hugmynd um að allir flokkar tækju höndum saman og lækkuðu tekjuskatt eða verðu til tekjutryggingar um 17—25 milljörðum kr. til þess að rjúfa víxlhækkanir verðlags og launa og stuðla að skynsamlegum kjarasamningum. En auðvitað vildu Alþb. og Framsfl. heldur framkvæma ríkisumsvifa- og skattastefnu sína úr því að þeim bauðst óvænt aðstoð til þess.

Fjárfestingar- og lánasfjáráætlunin er brennd sama marki aukinna ríkisumsvifa og fjárl. sjálf. Á sama tíma og búist er við að þjóðarframleiðslan aukist aðeins um 1% eða standi í stað og þjóðartekjur á mann minnka er gert ráð fyrir að fjármunamyndun aukist um nær 7% og samneysla um 2%, og öll hækkun fjármunamyndunar er í opinberum framkvæmdum sem aukast um 21% að magni.

Það er ekkert við það að athuga að lækka framlög til fjárfestingarlánasjóðanna á fjárl. ef í því fælist samdráttur ríkisútgjalda, en því er ekki að heilsa. Það, sem sparast að þessu leyti, er notað í eyðsluhítina, til að hækka önnur útgjöld eða stofna til nýrra. Fjárfestingarlánasjóðirnir eiga svo að auka á erlendar lántökur. Greiðslubyrði erlendra lána, afborgana og vaxta hækkar snögglega úr 13—14% af gjaldeyristekjum, sem hingað til hefur þótt of hátt, í 16—17% á þessu ári og 18—19% á næsta ári. Vissulega er erlendum lántökum varið að hluta til orkuframkvæmda sem spara gjaldeyriseyðslu í framtíðinni. En svo vísdómslega fer ríkisstj. að ráði sínu að þrengja hag orkufyrirtækja með verðlagsákvörðunum og auka þar með þörf á erlendri lántöku.

Löngum var við það miðað, að Landsvirkjun gæti staðið undir 27—30% af kostnaði nývirkjana með eigin fé. En engar líkur eru til að Landsvirkjun geti lagt krónu í nýjar framkvæmdir þar sem hún er rekin með milljarða

tapi tvö undanfarin ár.

Hitaveita Reykjavíkur hefur sett sér það markmið að kosta allar nýframkvæmdir af eigin fé, enda er verðlag heita vatnsins innan við 20% af því sem þeir, sem kynda híbýli sín með olíu, þurfa að borga. En ríkisstj. neitar Hitaveitu Reykjavíkur um verðhækkun. Afleiðingin er stöðvun framkvæmda og tengingar nýrra húsa, sem þá þurfa að hita með olíu, eða aukning á erlendum lánum. En fyrri reynsla af erlendum lántökum er slík, að verð heita vatnsins er nú hærra en þyrfti ef Hitaveitan hefði í tíma fengið umbeðnar verðhækkanir. Þannig rekst hvað á annars horn og ríkisstj. veit ekki sitt rjúkandi ráð.

Sjálfsagt afsakar ríkisstj. sig með niðurtalningaraðferð Framsfl. og Alþb. En dæmi Hitaveitu og Landsvirkjunar sýna hversu haldlaus og skaðleg niðurtalningaraðferðin er í baráttu við verðbólgu.

Það væri lítil „kúnst" að ná verðbólgunni niður, ef það væri hægt með því að setja í lög að verðlag skuli ekki hækka nema um 8% á fyrsta ársfjórðungi, 7% á þeim næsta og 5% á þeim þriðja, enda segir reynslan allt annað. Nú spáir Þjóðhagsstofnunin að framfærsluvísitalan 1. júní hækki um rúm 13%, 1. sept. verði hækkunin ekki minni en 9% og 1. des. 10%. Þessar spár hafa alltaf verið í lægra lagi, svo að ekki er von á góðu: verðbólgan frá byrjun til loka árs yfir 50%.

Heyrst hefur að ríkisstj. sé að velta fyrir sér að dreifa hækkun húsnæðiskostnaðar s. l. 12 mánaða, sem nú kemur fram einu sinni á ári í vísitölunni eftir á, á næstu 12 mánuði í framtíðinni og láta auknar niðurgreiðslur landbúnaðarvara koma til lækkunar verðbótavísitölu, þótt launþegar fái ekki verðbætur vegna hækkunar landbúnaðarvara um næstu mánaðamót fyrr en að þrem mánuðum liðnum. Í báðum þessum tilvikum þarf lagabreytingu og ég vil því spyrja Gunnar Thoroddsen hver sé fyrirætlun ríkisstj. í þessum efnum. Ráðh. Alþb. er svo sem vel trúandi til þess að vinna að því að draga úr verðtryggingu launa, gagnstætt fyrri yfirlýsingum, meðan verkalýðsforingjar Alþb. þykjast krefjast aukinnar verðtryggingar í kjarasamningum. Þykir ríkisstj. nú ekki nægilegt að senda Guðmund J., formann Verkamannasambandsins, til Stykkishólms? Á að senda Alþ. heim til þess að ríkisstj. geti gefið út brbl. um skerðingu á verðbótavísitölu?

Slíkar aðgerðir eru auðvitað ekkert nema kák, Lúðvíska í algleymingi sem dugar ekki í baráttunni gegn verðbólgu, síst af öllu meðan þenslu-, skatta- og ríkisumsvifastefnan ræður ferðinni í ríkisfjármálum, verðlags- og peningamálum. Jafnvel þótt engar grunnkaupshækkanir verði — og grunnkaup hefur nú verið óbreytt í heilt ár — mun stefna ríkisstj. á öðrum sviðum því miður kynda verðbólgueldinn svo duglega að ekki verður séð fyrir afleiðingarnar.

Spáð er 20 milljarða kr. viðskiptahalla á árinu, þótt ekki sé eingöngu horfið frá ráðleggingum fiskifræðinga um 300 þús. tonna hámarksafla þorsks, heldur einnig horfið frá samkomulagi og meðmælum útvegsmanna og sjómanna um 350 þús. tonna þorskafla og nú gert ráð fyrir 380—400 þús. tonna afla. Alls staðar er þannig látið undan síga og teflt á tæpasta vað og fjársjóðum framtíðarinnar eytt.

Sparifjármyndun hefur stórlega dregist saman miðað við sama tíma í fyrra. Ávöxtun sparifjár er nú neikvæðari en um langt skeið þrátt fyrir ákvæði efnahagslaganna frá í fyrra, svo að seðlabankastjórinn segir það lagalega og siðferðilega skyldu að hækka vextina. Ég vil nota tækifærið og spyrja forsrh. hvort hann sé sammála þessu svo og aðrir stjórnarliðar og hvaða hækkanir á ávöxtun sparifjár og fjármagnskostnaði lántakenda séu ráðgerðar um næstu mánaðamót. Ef ekki tekst að auka sparifjármyndun, þá er fyrirsjáanlegt að taka verður upp harðvítuga lánsfjárskömmtun eða setja aukinn kraft í seðlaprentun, innistæðulausra seðla. Ekki síst hlýtur þróunin að verða þessi þar sem hið opinbera ætlar sér ráðstöfun mun stærri hluta sparifjárins en áður jafnhliða auknum erlendum lántökum. Þetta kom fram þegar ríkisstj. ætlaði að svipta lífeyrissjóðina ráðstöfunarrétti á verulegum hluta ráðstöfunarfjár þeirra. Ríkisstj. varð að vísu að hluta að hætta við áform sín að þessu leyti, en söm er hennar gerðin.

Það er höfuðeinkenni málefnasamnings, fjárlaga-, fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar að auka umsvif ríkisins, en hlutur einstaklinganna, heimilanna og fyrirtækjanna er skertur og frelsi þeirra og framtaki þröngar skorður settar. Í atvinnumálum á allt að koma að ofan. Ríkisvaldið á að gera áætlanir og eftir að búið er að rýra eigin fjármagn einstaklinga, heimila og fyrirtækja með verðbólgu, óraunhæfum verðlagsákvörðunum og skattheimtu á e. t. v. náðarsamlegast að skammta einstaklingum og fyrirtækjum fé eftir vilja og geðþótta valdhafanna, skömmtunarstjórn verður í algleymingi og kerfið blæs út. Þar sameinast hugsjónir kommúnista og hagsmunir SÍS, en ekki sjálfstæðismanna.

Nýjar atvinnugreinar og efling hinna eldri, aukin afköst og framleiðni, sem eru skilyrði bættra lífskjara, verða ekki að veruleika nema að frumkvæði einstaklinganna og samtaka þeirra. Stjórnvöld geta kæft slíkt frumkvæði eða hvatt. Þau geta skapað almenn skilyrði fyrir framþróun, en þau geta aldrei komið í staðinn fyrir framtak einstaklingsins og hins breiða fjölda.

Núv. ríkisstj. hefur ekki skapað atvinnurekstri og fyrirtækjum viðunandi starfsskilyrði. Þau berjast í bökkum. Iðnaðurinn, sem hlýtur ásamt þjónustugreinum fyrst og fremst að veita unga fólkinu verðug viðfangsefni, á í vök að verjast.

Sókn í nýjum orkuframkvæmdum og stóriðjuframkvæmdum er stöðvuð. Iðnrh. Alþb. hefur lagt stóriðjunefnd niður, og eitt fyrsta verk hans sem iðnrh. í vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar var að seinka framkvæmdum við Hrauneyjafossvirkjun. Afleiðingin hefur verið skömmtun á rafmagni og samdráttur í framleiðslu áls, járnblendis og áburðar, sem leiðir til minnkandi útflutningstekna eða aukins innflutnings og versnandi afkomu þjóðarheildar og einstaklinga. Hagsmunir þeir, sem við höfum af almennum iðnaði og stóriðnaði, fara auðvitað saman, en afstaða Alþb. og Framsóknar til stóriðnaðar er dæmi um afturhaldseðli þessara flokka, minnimáttarkennd og hræðslu við að eiga samskipti við erlenda aðila á jafnréttisgrundvelli.

Í dag afgreiddi Alþ. þáltill. um samkomulag milli Noregs og Íslands um fiskveiðiréttindi og landgrunnsréttindi á Íslandshafi við Jan Mayen. Sjálfstæðismenn greiddu atkv. með þessu samkomulagi, þótt þeir væru ekki fyllilega ánægðir með það. En við þm. Sjálfstfl. teljum að í samræmi við þetta samkomulag og á grundvelli þess sé unnt og nauðsynlegt að vinna áfram að því að tryggja réttindi Íslendinga til fiskveiða og landgrunns á Jan Mayen svæðinu í samræmi við till. sjálfstæðismanna.

Í dag samþykkti Alþingi einnig þáltill. um hafsbotns-

réttindi Íslands og samvinnu við Færeyinga, sem er mjög mikilvægt hagsmunamál.

Okkur Íslendingum er vissulega vandi á höndum í samskiptum við aðrar þjóðir til að tryggja sjálfstæði og öryggi landsins og viðskiptalega hagsmuni í válegri veröld, þar sem sjálfstæði ríkja er ekki virt þegar svo býður við að horfa, eins og innrás Sovétríkjanna í Afganistan ber gleggst vitni um. Það vakti því óhug þegar ekki var einu orði minnst á þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin í málefnasamningi núv. ríkisstj. Í skýrslu utanrrh. hefur verið nokkuð úr því bætt.

En þátttaka okkar í Atlantshafsbandalaginu tryggir ekki sjálfstæði okkar ef við kunnum ekki fótum okkar forráð að öðru leyti í innanlandsmálum og verðum upplausn og óðaverðbólgu að bráð, svo að við glötum efnahagslegu sjálfstæði okkar.

Góðir hlustendur. Aðdragandi að þessari stjórnarmyndun, málefnasamningur ríkisstj., aðgerðir hennar og aðgerðaleysi sýna að Sjálfstfl. getur ekki átt neina aðild að þessari ríkisstj. Það er óneitanlega áfall, en tímabundið, að nægilega margir sjálfstæðismenn gengu til liðs við Alþb. og Framsfl. til að framlengja líf vinstri stjórnar þessara flokka. Því skiptir það nú höfuðmáli, ekki eingöngu fyrir Sjálfstfl., heldur og íslensku þjóðina í heild, að sjálfstæðismenn taki nú höndum saman, sýni einingu og samheldni í heiðarlegum og drengilegum vinnubrögðum í sókn og vörn fyrir stefnu Sjálfstfl. Auðvitað koma ýmis ágreiningsmál upp meðal þjóðarinnar. Það er sannfæring mín, að Sjálfstfl. sé og verði að vera sú kjölfesta í þjóðfélaginu að hann geti í stefnu sinni og starfi leyst slíkan ágreining, hvort sem hann stafar t. d. af mismunandi búsetu eða mismunandi störfum manna. Í þessum efnum þurfum við á málamiðlun að halda. En öll málamiðlun sjálfstæðismanna verður að byggjast á trúnaði við grundvallarstefnu Sjálfstfl., sem stofnendur hans mörkuðu í upphafi og sjálfstæðismenn, hvar á landi sem þeir búa og hvar í stétt sem þeir starfa, hafa þróað um áratugaskeið.

Þessa dagana minnumst við sérstaklega nýlátins foringja okkar, Jóhanns Hafsteins fyrrv. forsrh., og þökkum fordæmi hans, fórnfýsi og leiðsögn.

Ég beini því til allra þeirra, er mál mitt heyra, að styrkja Sjálfstfl. til þess að vera sú kjölfesta sem Íslendingum er nú meiri nauðsyn að eiga en oftast áður. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar ríkisstj. var mynduð 8. febr. höfðu árangurslausar tilraunir til stjórnarmyndunar staðið yfir í tvo mánuði. Myndun núv. stjórnar var þá orðin eini möguleikinn til þess að landið fengi þingræðisstjórn. Og hvað hefur stjórnin aðhafst þessa þrjá mánuði?

Hún þurfti fyrst að fást við það verkefni að semja fjárlög, en til þess eru að jafnaði ætlaðir 4—5 mánuðir. Hún lauk því verki á einum mánuði. Fjárlagafrv. var lagt fram á Alþingi 10. mars. Fjárlög voru afgreidd frá þingi þrem vikum síðar, 2. apríl, en venjulega tekur meðferð fjárlaga á Alþingi rúma tvo mánuði.

Að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var unnið bæði jafnhliða og síðar. Hún var ásamt frv. til lánsfjárlaga lögð fram 3. maí.

Um miðjan apríl tók ríkisstj. saman skrá um þau frv. og till. sem hún óskaði að næðu fram að ganga á þessu þingi. Þessi þingmál eru 37 að tölu. Listinn var afhentur þingforsetum og formönnum þingflokka og 1. maí hélt ég fund með þeim til þess að ræða þessa skrá og störf Alþingis. Þar var ágæt samstaða um þinghaldið og menn sammála um að stefna að þinglausnum 20. maí. Af hálfu ráðh. hefur málum verið fylgt eftir í samræmi við þessa verkefnaskrá. Þessi vinnubrögð af hálfu ríkisstj. hafa borið árangur. Af þessum 37 málum hafa nær 30 þegar verið afgreidd. Þau, sem eftir eru, verða væntanlega afgreidd næstu daga, en nauðsynlegt getur orðið að halda þingi áfram eitthvað fram eftir vikunni vegna þessara mála. Þegar þinglausnir fara fram í þessari viku ættu því öll þessi 37 stjfrv. og till. að hafa náð fram að ganga. Ég ætla að þess séu ekki dæmi áður að mál ríkisstj. hafi hlotið þennan framgang.

Þetta er um þingmálin. En utan þeirra hafa ótalmörg mál verið tekin til meðferðar á þeim 40 ríkisstjórnarfundum sem haldnir hafa verið síðan stjórnin var mynduð. Þótt þingstörf og lagasetning sé grundvallaratriði og undirstaða í mörgum greinum veltur margt það, sem mikilvægt er, á framkvæmdinni sjálfri. Ekki á það síst við um viðnám gegn verðbólgunni, þar sem reynslan sýnir að löngum hafa lítt stoðað hyggileg lagaboð, frómar óskir og fögur fyrirheit. Það varðar mestu jafnan, nú sem áður, hvernig til tekst í framkvæmd.

Við úrlausn þeirra fjölmörgu viðfangsefna, sem ríkisstj. þarf við að fást og leysa, hlýtur það að vera meginregla og leiðarljós hverrar ríkisstj. að reyna að sjá vítt yfir, hafa ekki asklok fyrir himin, heldur hafa heildarsýn. Þegar till. eða kröfur berast frá stéttum, stofnunum, fyrirtækjum, hagsmunahópum, sem þessir aðilar færa rök fyrir og eru oftast sjálfir sannfærðir um að rétt sé, þá verður ríkisstj. að líta til allra átta, meta áhrifin á hag heildarinnar, og skylda hennar er að veita viðnám, sanngjarnt en traust. Tökum dæmi:

Hitaveita Reykjavíkur sótti um að hækka hitaveitugjöldin um 58%. Veigamikil rök fylgdu þessari beiðni og þarf ekki að rekja þau hér. En ríkisstj. verður að meta áhrif og afleiðingar á öðrum sviðum. Hitaveitugjöld í Reykjavík vega svo þungt í vísitölu, að hefði þessi beiðni verið samþ. hækkaði vísitalan við það um rúmlega 1% og þar með allt kaupgjald í landinu um þá tölu. Kaupgreiðslur í landinu eru áætlaðar í ár um 540 milljarðar. Hin umbeðna hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur hefði því haft í för með sér hækkun á launakostnaði launagreiðenda um 5.4 milljarða eða 5400 millj. kr. miðað við ár. En beinn launakostnaður Reykjavíkurborgar af gjaldskrárhækkuninni hefði orðið rúmar 300 millj. kr. á ári. Talsverður hluti þessa launakostnaðar hefði óhjákvæmilega runnið út í verðlagið og gjaldskrárhækkunin hefði því haft verðbólguáhrif langt umfram það sem nemur þessu eina prósenti sem kæmi beint inn í vísitöluna.

Nú má gagnrýna þetta vísitölukerfi. En það gildir í dag. Fram hjá þeirri staðreynd verður ekki horft. Ríkisstj. féllst á tillögu gjaldskrárnefndar um 10% hækkun í stað 58%. Það eru þung spor að geta ekki orðið við óskum hins ágæta fyrirtækis, en hinar þjóðhagslegu afleiðingar hefðu orðið enn þungbærari.

Nefnum annað dæmi:

Litlu eftir að stjórnin var mynduð komu fulltrúar frystihúsanna á fund hennar. Þeir tjáðu henni erfiðleika frystiiðnaðar og færðu fram rök sín. Aðspurðir sögðu þeir að vart væri um aðra leið að ræða en gengislækkun.

Ríkisstj. er það ljóst, að slíkur undirstöðuatvinnuvegur sem frystiiðnaður verður að hafa eðlilegan starfsgrundvöll og möguleika til góðrar afkomu. Hins vegar lá það fyrir, að afkoma frystihúsanna hafði verið sæmileg og sums staðar góð undanfarin tvö ár, að frystihúsin höfðu sjálf fáum vikum áður samþykkt að greiða 11% hærra fiskverð en áður og að breytingin á afkomu þeirra hafði orðið með mjög snöggum hætti. Með þessi atriði í huga og þegar litið er til þess, að lækkun krónunnar veldur verðhækkun innanlands og eykur verðbólgu, þótti ríkisstj. nauðsynlegt að kanna þessi mál allrækilega áður en ákvarðanir væru teknar. Ríkisstj. fékk kaldar kveðjur frá sumum fulltrúum frystiiðnaðarins, sem fannst furðulegt að stjórnin skyldi ekki umyrðalaust fallast á hugmyndir þeirra. Eftir rækilega könnun á stöðunni voru málin síðan leyst.

Ég nefni þessi tvö mikilvægu dæmi af ótalmörgu, ekki sem gagnrýni eða ádeilu á þessa aðila, sem eru ötulir málsvarar umbjóðenda sinna, heldur til þess að minna á þá miklu nauðsyn að landsmenn allir reyni að líta lengra en á sinn hag, líta yfir sinn hóp, sína stétt, sitt fyrirtæki, sitt hérað, — reyni að sjá áhuga- og hagsmunamál sín í samhengi við önnur vandamál þjóðarinnar. Slíkur skilningur er forsenda þess, að árangur náist í baráttu við bólguna miklu sem hefur hrjáð þessa þjóð um alllanga hríð.

Mér kemur í hug gömul saga. Hún er frá þeim tíma þegar flug á Íslandi var enn í bernsku. Eitt sinn birtu blöðin þá fregn, að flugmenn hefðu flogið í heiðríku veðri svo hátt upp í himingeiminn að þeir sáu allt Ísland í einu. — Herra forseti. Í stjórnarsáttmálanum frá 8. febr. 1980 segir, að megniverkefni ríkisstj. sé að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það ein helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Jafnframt leggur ríkisstj. áherslu á að efla menningarstarfsemi, auka félagslega þjónustu og jafna lífskjör. Ríkisstj. mun berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum, er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál. Varðandi viðnámið gegn verðbólgunni er sett þetta markmið: Ríkisstj. mun vinna að hjöðnun verðbólgu þannig að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga.

En þótt viðnám gegn verðbólgu sé aðalviðfangsefnið nú, þá má sú barátta ekki glepja okkur sýn. Við megum ekki missa sjónar á eflingu íslenskrar menningar og alhliða framför atvinnuveganna. Við skulum vera þess minnug, að á mörgum stundum hafa Íslendingar sýnt slíkan einhug og samtakamátt að mörgum þjóðum öðrum mætti vera til fyrirmyndar. Það mætti vera ósk mín og áskorun til þjóðarinnar, að í þeim miklu vandamálum, sem fram undan eru, beri hún gæfu til þess að sjá allt Ísland í einu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Núv. ríkisstj. varð til með ærið sögulegum hætti. Gamall og þrálátur klofningur í Sjálfstfl. braust upp á yfirborðið eins og eldgos, en í Alþb. rann kvika ósamkomulags fram og aftur og olli jarðhræringum sem enn er ekki séð fyrir endann á. Spurningin var og er hvort orkuver, sem hvílir á svo ótryggum jarðvegi, framleiði nokkra teljandi orku, eða hvort hið nýja stjórnarsamstarf verður ekki fjárhagslegur baggi á þjóðinni um mörg ókomin ár.

Ekki varð því neitað, að lögleg meirihlutastjórn hafði verið mynduð. Þess vegna taldi Alþfl. að hún ætti rétt á að reyna sig og sýna hvers hún væri megnug. En Alþfl. fylgdi nú sem fyrr þeirri pólitísku reynslu, að ábyrg stefna ber árangur, og hafði flokkurinn þá ekki síst í huga að fyrir Alþingi lá fjöldi mála, sérstaklega þó veigamikil félagsmál sem ráðh. Alþfl. höfðu undirbúið í stjórn flokksins s. l. vetur og í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar þar á undan. Forsrh. talar drýgindalega um 37 mál stjórnar hans sem hefðu legið hér fyrir og átt að afgreiða og væri búið að afgreiða meiri hluta þeirra. Sannleikurinn er sá, að yfirgnæfandi meiri hl. þessara mála var undirbúinn af öðrum, áður en þessi stjórn kom til, og hún á ekkert í þeim. Meira að segja fjárl. voru tilbúin, öll meginvinnan hafði verið unnin, það þurfti aðeins að breyta nokkrum tölum upp á við eins og þeim þóknaðist í Alþb.

Í augnablikinu ríkir einhver mesta upplausn hér á Alþ. sem ég hef lifað á aldarfjórðungi og er ekki að sjá að því muni ljúka 20. þ. m., eins og áætlað var, heldur einhverjum dögum síðar og veit enginn hvað gerist í nótt eða næstu daga.

En hvað sem leið skipan valdastóla hafði Alþfl. framar öllu áhuga á að félagsmálin, sem ég ræddi, næðu fram að ganga. Eru sum þeirra byggð á loforðum við verkalýðshreyfinguna og þau bæta lífskjör allrar alþýðu manna. Alþfl. er enn sem fyrr minnugur þeirrar staðreyndar, að félagslegar umbætur eru þær kjarabætur sem síst brenna á báli verðbólgunnar. Sum þessara frumvarpa hafa hlotið *afgreiðslu hér á þingi nú þegar, en e. t. v. þurfa einhver* þeirra að bíða betri tíma. Þessi félagsmál, sem eiga rót sína að rekja til síðustu tveggja ríkisstjórna á undan þeirri sem nú situr, eru eitt megináhugamál Alþfl. nú sem fyrr. Þau fjalla um ýmiss konar efni: starfsumhverfi og starfsheilsu, tryggingamál, húsnæðismál, réttindi sjómanna, lífsbaráttu gamla fólksins og öryrkjanna og fjöldamargt annað. Sem betur fer njóta þessi mál stuðnings þm. í öllum flokkum og á því byggist auðvitað vonin um framgang þeirra, því að við Alþfl.-menn getum það auðvitað ekki einir. Samt sem áður kostar það mikla baráttu að koma þeim fram, sérstaklega til að tryggja fjárhag þeirra á öruggan og ábyrgan hátt.

Þeir þm., sem leggja sig fram í sambandi við hinar félagslegu umbætur, hljóta án efa oft og tíðum þakklæti þeirra sem umbótanna njóta. En það er sjaldgæft að kjósendur komi hingað í þinghúsið til að færa þm. blóm fyrir störfin, eins og kom fyrir Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún fékk slíka heimsókn nú fyrir helgina fyrir frv. um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir sem hún flutti og er nú orðið að lögum.

Þróun hinna félagslegu mála, sem hrundið hefur verið af stokkunum síðustu tvö ár, eru einn jákvæðasti þáttur í íslenskum þjóðmálum á þessu tímabili. Hið sama verður því miður ekki sagt um aðra örlagaríka þætti þjóðarbúskapar okkar. Ríkisstj. hefur þegar setið 100 daga, en sá tími er oft notaður sem mælikvarði á stefnu og styrk nýrra stjórna. Það hefur komið í ljós, að stjórnin ræður á engan hátt við framvindu efnahagsmála þannig að íslenska þjóðin horfir nú fram til áframhaldandi verðbólgu og ofþenslu, áframhaldandi skuldasöfnunar og allrar þeirra ógæfu sem slíkri þróun fylgir.

S. l. haust var hraði verðbólgunnar um nokkurra mánaða skeið kominn upp undir 80%. Meðan Alþfl. fór með ríkisstj. yfir vetrarmánuðina tókst með viðspyrnu og almennu andófi, að því er mælingar hjá opinberum stofnunum herma, að draga úr hraða verðbólgunnar niður undir 45%. En nú hefur þessi hraði aukist aftur til

muna. Jafnvel sumir af ráðh., sem nú sitja í ríkisstj., sjá hvert stefnir og tala opinberlega um að stíga verði á hemlana. En á sama tíma hafa ráðh. Alþb. þrýst bensíninu í botn og mun það segja til sín í efnahagslífinu á komandi mánuðum. Það hefur komið í ljós, að þeir, sem mynduðu núv. ríkisstj., komu sér ekki saman um neina heildarstefnu í efnahagsmálum og glíma við þann vanda frá degi til dags, venjulega með þeim afleiðingum sem síst skyldi. Oft og tíðum kemur fyrir í stórmálum, að innan ríkisstj. næst ekkert samkomulag, og hafa þá stjórnarandstæðingar orðið að taka af skarið og sjá til þess að mikilvægar ákvarðanir væru teknar hér á Alþingi og síðan framkvæmdar. Enn gerist það, að ábyrg stefna annarra bjargar því sem bjargað verður meðan stjórnarflokkarnir deila innbyrðis.

Við Íslendingar vorum furðulagnir að komast af við svo sem 10% verðbólgu árum saman. En núv. óðaverðbólga er sjúkdómur sem þjóðin mun ekki þola til lengdar. Það er t. d. óhjákvæmilegt með öllu, að svo mikil verðbólga dregur vextina með sér og þeir halda áfram að hækka. Hvernig íslenskir atvinnuvegir eiga að keppa við aðra á heimsmarkaði við þær aðstæður, veit ég ekki. Hvernig ungt fólk á að komast yfir húsnæði, veit ég ekki heldur. En hitt veit ég, að það er engin lækning til nema að lækka verðbólguna, ná valdi á henni. En flestar aðgerðir núv. ríkisstj. efnahagsmálum stefna í þveröfuga átt.

Það var einna helst forvitnilegt við ríkisstj., þegar hún var stofnuð, og er enn, að Alþb. tók að sér stjórn fjármála. Ýmsum þótti djarft teflt að fá þeim svo valdamikið rn., en aðrir sögðu að rétt væri að þeir bæru ábyrgð á fjárhagnum úr því að þeir eru á annað borð í stjórn. Alþb.-ráðh. eru þekktir að því að vera eyðslusamir úr hófi fram á fé úr ríkissjóði, en algerlega ábyrgðarlausir í fjármálum þar fyrir utan. Það er nú þegar ljóst, að fyrsti fjmrh. Alþb. er meiri skattpíningamaður en nokkur fyrirrennari hans hefur verið og er alþýðu manna og hinum láglaunuðu engan veginn hlíft við þeirri hríð. Fjárlög hafa enn hækkað, en þrátt fyrir alla nýju skattana er fjarri því að tryggt sé að þau verði greiðsluhallalaus. Nú stefnir beint í enn eitt árið þegar ríkisfjármálin verða ein af meginorsökum áframhaldandi óðaverðbólgu. Og svo bætast lántökurnar við. Er ekki óðs manns æði að hlaða nýjum skuldaböggum á þjóðina erlendis eftir allt það sem á undan er gengið? Er ekki botnlaust ábyrgðarleysi að þyngja lánabyrðina svo að 16—17% af öllum gjaldeyristekjum þurfi til þess eins að greiða vexti og afborganir? Í þessum málum hefur Alþb. fengið að ráða ferðinni. Stefna þess er þenslustefna, verðbólgustefna, háskattastefna. Og svo til hver einasta fjölskylda í landinu finnur nú þegar fyrir versnandi kjörum.

Útlitið í efnahagsmálum er því miður uggvænlegt. Það er ekki hægt að segja annað en að útlit sé fyrir áframhald á bullandi verðbólgu, bullandi vaxtahækkunum, bullandi verðhækkunum, bullandi skuldasöfnun og bullandi vandræðum í fjárhagsmálum hins opinbera, flestra fyrirtækja og einstaklinga. Íslenska þjóðin er í þessum málum að komast á ystu nöf. Það mun koma í ljós fyrir 1. júní og enn betur að hausti hversu erfiðleikarnir rista djúpt og hversu gersamlega óhæf ríkisstj. er til að finna á þeim neina lausn eða sameinast um nein úrræði sem mega að gagni koma.

Síðdegis í dag afgreiddi Alþingi heimild fyrir ríkisstj. til að ganga frá samningunum við Norðmenn um Jan Mayen. Ekki bar ríkisstj. gæfu til að standa saman í því máli frekar en öðrum sem miklu skipta. Alþb. snerist á móti samkomulaginu, nema Garðar Sigurðsson. Alþb. klauf stjórnina í erfiðu stórmáli sem örlítinn manndóm þurfti til að leysa. Enn einu sinni varð stjórnarandstaðan og þar með Alþfl. að sýna ábyrgðartilfinningu sína með því að bjarga málinu í höfn. Það var gert á skömmum tíma og án þess að flytja vantraust eða hrella ríkisstj. frekar, þótt klofningur í slíku máli mundi þýða stjórnarslit alls staðar nema hér á landi.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Veður eru nú öll válynd á jörðinni, ekki síst í efnahagsmálum og friðarmálum. Þegar svo horfir þurfa smáþjóðir eins og við Íslendingar að halda vel á málum sínum, treysta samheldni og einingu. Þá er jafnvel ekki nóg að sjá yfir Ísland allt, við þurfum að sjá út fyrir landsteinana. Við skulum þrátt fyrir deilur okkar í kvöld vona að vel rætist úr öllu þessu. — Góðar stundir.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er athyglisvert nú í þinglok að íhuga innlegg ríkisstj. til að greiða fyrir komandi kjarasamningum, sem mikið veltur á að skili kjarabótum til láglaunafólksins og gangi fram án þess að auka hraða verðbólguhjólsins. Það hlýtur að valda launafólki vonbrigðum og vekja furðu margra, hvernig þar hefur verið haldið á málum og hvernig hvað eftir annað á þriggja mánaða valdaferli ríkisstj. hefur verið gengið í berhögg við sanngjarnar óskir verkalýðshreyfingarinnar til að höggva á þann hnút sem kjaramálin eru komin í.

Það lofar aldrei góðu þegar ríkisstj. neitar að ganga í fararbroddi og draga saman seglin á sama tíma og hún krefst aðhalds hjá launafólki, eins og þessi ríkisstj. hefur gert. Afleiðingin er stórfelldar skattaálögur. Það er framlag ríkisstj. nú til lausnar kjaradeilunni. Hún leggur því lítið á borð hjá sér til lausnar kjaramálanna.

Alþfl. markaði stefnu í skattamálum sem verulega hefði getað liðkað fyrir í yfirstandandi kjaradeilu, enda var undir þá stefnu tekið af sambandsstjórn Verkamannasambandsins. Alþfl. lagði fram till. um niðurskurð í ríkisbúskapnum jafnframt því sem dregið yrði verulega úr tekjuskattsálögum landsmanna, eða um 7.5 milljarða kr. Svar ríkisstj. við þessari till. var: Launafólk getur sparað, en ekki við. — Hörð gagnrýni og andstaða Alþfl. við skattastefnu ríkisstj. bar þó þann árangur, að nokkuð var dregið úr skattpíningu á einstæða foreldra og tekjulága í þjóðfélaginu.

Alþfl. lagði einnig fram raunhæfa till. til að leysa vanda sveitarfélaganna, sem var í því fólgin að auka hlutdeild sveitarfélaga í söluskattstekjum um 5 milljarða og dregið yrði úr ríkisumsvifum að sama skapi. Þessari leið var einnig hafnað, því að áfram skyldi haldið á skattpíningarbrautinni. Og sjálfur formaður Verkamannasambandsins gekk þar í fararbroddi í stað þess að velja leið sem leysti vanda sveitarfélaganna án aukinnar skattbyrði. Þessi ákvörðun Guðmundar J. var vissulega köld kveðja til umbjóðenda hans innan Verkamannasambandsins. Og í engu breytti það afstöðu Guðmundar J. eða annarra Alþb.-manna, að hér var um flatan skatt að ræða sem lagðist með fullum þunga á láglaunatekjur. Hvar var þá niður komin umhyggja Guðmundar J. og félaga fyrir láglaunafólki í landinu? Í skattagræðginni höfðu þeir augsýnilega gleymt fjárhagserfiðleikum láglaunamannsins og láglaunakonunnar, sem verða að

framfleyta fjölskyldum sínum á sultarlaunum.

Aðhaldsleysið og sóunin á fjármunum þjóðarinnar, sem sífellt kallar á þyngri skattbyrði heimilanna, eru orðin alvarlegt umhugsunarefni fyrir stjórnvöld. Staðreyndin er sú, að lágtekjuheimilin eiga lítið meira eftir til framfærslu heimilanna þegar upp er staðið þótt báðir foreldrar séu á vinnumarkaðinum. Rauntekjur skila sér ekki, því að ríkishítin hefur hirt aftur bróðurpart teknanna með skattakrumlu sinni.

Það er víða í þjóðfélaginu sem við sjáum sorgleg dæmi um afleiðingar þessarar stefnu stjórnvalda. Valdaferill þessarar ríkisstj. sýnir okkur ljóslega, að ekki er að vænta neinnar stefnubreytingar. Þvert á móti hefur skattbyrðin og þenslan sjaldan verið meiri og verðbólguhjólið snýst á fleygiferð án nokkurrar sýnilegrar viðspyrnu stjórnvalda.

Það var einmitt þessari gegndarlausu þenslustefnu, sem mest bitnar á láglaunaheimilunum, sem Alþfl. hafnaði og neitaði að fylgja þegar hann rauf stjórnarsamstarfið s. l. haust. Hann setti kosningasigur sinn 1978 frekar að veði en þurfa að framfylgja slíkri stefnu. Þjóðin kvað upp sinn dóm og reynslan er þar ólygnust. En það er einmitt kaldhæðnislegt, hvað Alþb.-menn, sem telja sig vera brjóstvörn láglaunafólksins í landinu, eru fljótir að gleyma erfiðleikum þessara heimila þegar þeir setjast í valdastóla. Þeir segjast vera fulltrúar láglaunafólksins, þessir herrar, en ef marka má gerðir þeirra vita þeir greinilega ekki hvað það er að þurfa að framfleyta fjölskyldu af sultarlaunum Sóknarkonunnar eða Dagsbrúnarverkamannsins. Verðbólgustefna þeirra er ferð án fyrirheits sem verst bitnar á slíkum fjölskyldum.

Það er líka kaldhæðnislegt, að á sama tíma og þessir herrar boða 4.5% kjaraskerðingu og skattbyrði heimilanna þyngist verulega, þá er jafnframt tilkynnt að ekki sé svigrúm til grunnkaupshækkana, en þess í stað boðuð koma félagsmálapakka sem mestallt fjármagn vantar í. Með slíkt að veganesti er hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds ekki öfundsverður af því að ganga á fund launafólks og þurfa að standa í samningum við opinbera starfsmenn. Og Guðmundur J. á eftir að standa frammi fyrir sínum umbjóðendum í Verkamannasambandinu í kjarasamningunum, og þá þýðir lítið að endurtaka feluleikinn sem viðhafður var við afgreiðslu skattstigans. Stykkishólmur verður enginn griðastaður þá.

Og hvað varð um niðurtalningarleiðina, töfraorð Framsfl. til lausnar verðbólguvandanum? Hún er sprengd í loft upp af þessari ríkisstj. með dyggu atfylgi verðlagsráðh. Tómasar Árnasonar og Framsfl. Í stjórnarsáttmálanum voru verðhækkun vöru og þjónustu sett ákveðin mörk, t. a. m. 8% 1. maí. Ekki halda þau loforð, enda ekki furða því bókstaflega allar aðgerðir ríkisstj. hingað til hafa stefnt í þveröfuga átt við niðurtalningastefnuna. Afrekaskrá ríkisstj. ber þess glöggt vitni, þar sem er gengislækkun, gengissig, gífurleg hækkun beinna og óbeinna skatta, sérstök söluskattshækkun, hækkun flugvallagjalds, hækkun á gjaldskrám opinberra stofnana, heimilaðar almennar verðhækkanir og stórauknar erlendar lántökur. Afleiðingin er að niðurtalningarstefnan hefur glutrast út úr höndum ríkisstj., verið sprengd í loft upp og forsendur þegar verðbólginna fjárlaga þar með brostnar, sem enn mun magna upp verðbólguna.

Ekki er hún fallegri, kveðjan frá hæstv. ríkisstj. til launþega sem birtist í lánsfjáráætlun. Fyrir utan að bæta 85 milljörðum ofan á skuldabyrði landsmanna er ráðist með offorsi á lífeyrissjóði launþega. Þess er nú krafist, að ríkisstj. fái fé úr sjóðum launþega, enda vantar ríkisstj. fjármagn til að standa við félagsmálapakkann. Hann er enn umbúðir einar og því er sótt í sjóði launþega sjálfra. Það er gagnlegt fyrir verkalýðshreyfinguna að þekkja umskiptin sem orðið hafa á fjmrh. Ragnari Arnalds, en 1977 sagði hann í ræðu á Alþingi þegar þessi mál voru á dagskrá, að það væri Alþb. þyrnir í augum, — þyrnir í augum, sagði hæstv. ráðh. þá, að verið væri að taka fjármagn lífeyrissjóðanna traustataki með löggjöf.

Lítum þá á félagsmálapakkann. Hvar er sá skerfur ríkisstj. til að greiða fyrir kjarasamningum nú við þingslit? Getur launafólk treyst á að kjarabætur felist undir skrautlegum umbúðum? Í málefnasamningi segir að 5—7 milljarða eigi að veita 1980—1981 til félagsmálapakkans. En þess sér enga stoð í fjárl. nú, að við þessi fyrirheit verði staðið. En hverju var lofað? Hér skal aðeins gripið niður í örfá atriði.

Loforð nr. 1: Auka félagslegar íbúðabyggingar, fjölga hjúkrunar- og dvalarheimilum aldraðra, byggja fleiri dagvistarheimili og bæta aðstöðu öryrkja. — Hvar eru efndirnar? Jú, þeir sjóðir, sem m. a. hafa staðið undir þessum verkefnum, eru stórlega skertir: Byggingarsjóður ríkisins um 34% og Byggingarsjóður verkamanna er svo skertur, að þar er gert ráð fyrir að útlán lækki í krónutölu úr 1175 millj. á árinu 1979 niður í 1146 millj. 1980. Og sjóðir öryrkja eru skertir um hvorki meira né minna en 800—900 millj. Eitt er víst. Skerðingin á þessum sjóðum mun hvorki fjölga dagvistarheimilum, verkamannabústöðum né hjúkrunar- og dvalarheimilum aldraðra eða bæta aðstöðu öryrkja.

Loforð nr. 2: Setja nýja löggjöf um gerbreytt húsnæðismálakerfi. — Hvar eru efndirnar? Jú, jafnvel þó sú húsnæðismálalöggjöf nái fram að ganga nú fyrir þingslit, þá er ljóst að sú löggjöf verður að marklausu plaggi í höndum stjórnarsinna, þar sem hvergi er séð fyrir nægu fjármagni til þess að standa við þær skuldbindingar sem það setur. Staðreyndir tala sínu máli í því efni, því að á sama tíma og ríkisstj. reynir með offorsi að knýja fram óraunhæf gylliboð í húsnæðismálum er fjármagn til húsnæðismála skert um 4 milljarða. Slík löggjöf er skrautlegar umbúðir utan um loforðalista sem allt fjármagn vantar í. Hún yrði sannkölluð sýndarmennska þessarar ríkisstj. Þar eru yfirboðnar raunhæfar till. Alþfl. í húsnæðismálum og þau gylliboð á efalítið að nota í formi félagsmálapakka til launafólks til að greiða fyrir samningum. Þegar slíkri löggjöf er veifað framan í verkalýðshreyfinguna, verður að fylgja með skuldbinding ríkisstj. um fjármagn þannig að við þá löggjöf verði hægt að standa. Annað er hræsni.

Loforð nr. 3: Lög um fæðingarorlof sem nái til heimavinnandi jafnt sem útivinnandi foreldra. — Hvar eru þær efndir? Jú, nær tveim mánuðum eftir að það er lagt fyrir þing mannar hæstv. félmrh. sig fyrst til þess að mæla fyrir því, enda komst málið í eindaga á Alþingi. Og ríkisstj. hefur harla lítið gert til að greiða fyrir því máli þannig að mögulegt væri að afgreiða það fyrir þingslit. Auk þess vantar fjármagn þar eins og í aðra félagsmálapakka ríkisstj. Félmrh. Svavar Gestsson á því mörgu ósvarað. Hann á mörgu ósvarað við verkalýðshreyfinguna í komandi kjarasamningum.

Góðir áheyrendur. Þannig er staðan og framlag ríkisstj. til kjaramálanna eftir þriggja mánaða valdaferil.

Slík ríkisstj. á ekki skilið umburðarlyndi launafólks. Hennar ganga á fund verkalýðshreyfingarinnar verður því ekki þrautalaus ef hún uppsker eins og hún hefur til sáð. — Ég þakka áheyrnina.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ríkisstj. Gunnars Thoroddsens hefur nú starfað rúma þrjá mánuði. Þetta er ekki langt valdaskeið og varla tímabært að kveða upp mikla dóma um stjórnarferilinn, hvort heldur sem menn eru hliðhollir stjórninni eða kunna að vera henni andsnúnir. Skynsamlegra mun að fara sér hægt í lofi og lasti á þessari stundu, en reyna heldur að leggja niður fyrir sér hvert ástand stjórnmála var þegar ríkisstj. tók við völdum og hverjar líkur voru þá fyrir hendi til lausnar á helstu vandamálum atvinnu- og efnahagslífsins sem þá og löngum fyrr hafa sett meginsvip á stjórnmálin.

Það er alveg ljóst, að ríkisstj. tók við mjög slæmu ástandi í efnahagsmálum. Höfuðástæðan til þess, að núv. ríkisstj. stóð frammi fyrir hrikalegum efnahagsvanda, var þrálát óreiða íslenskra stjórnmála á tímabilinu október til febrúar í vetur. Núv. ríkisstj. starfar í skugga þessa upplausnartímabils sem vissulega verður kennt við Alþfl. Þá fáu mánuði, sem ríkisstj. hefur setið, hefur hún notað til þess að greiða úr óreiðu þessa upplausnartímabils, og má segja að það hafi gengið vel eftir atvikum, eins og fram kom í ræðu forsrh. áðan. Samstarfið í ríkisstj. er gott þrátt fyrir orð Benedikts Gröndals áðan. Ég finn ekki annað en fullur vilji sé hjá þeim, sem að ríkisstj. standa, að láta á reyna um það, að stjórnarsamstarfið haldist út kjörtímabilið. Að mínum dómi er slíkt reyndar mjög mikilvægt atriði. Fyrst og fremst er það mikilvægt vegna þess, að stjórnarsáttmálinn er miðaður við heilt kjörtímabil, en ekki þrjá mánuði, eins og virtist vera skilningur Jóhönnu Sigurðardóttur áðan. Ríkisstj. þarf starfsfrið í a. m. k. þrjú ár til þess að geta sýnt árangur á hinum ýmsu sviðum þjóðmálanna, ekki eingöngu í efnahagsmálum, heldur í öðrum þjóðmálum sem ekki er minna um vert að sinna af kostgæfni. Þannig tel ég mikilvægt að horft sé fram á veginn og gert ráð fyrir löngu stjórnarsamstarfi.

En þrátt fyrir mikilvægi þessarar ábendingar minnar verður ekki hjá því komist að minna á þá alvöru og erfiðleika sem við blasa hið næsta okkur. Þrátt fyrir fullan vilja og mikilvægar aðgerðir til þess að greiða úr óreiðu stjórnarsamvinnu Geirs Hallgrímssonar og Sighvats Björgvinssonar er mikill vandi fram undan í efnahags- og atvinnumálum og í kjaramálum. Ríkisstj. og þeir, sem að henni standa innan Alþingis, og almenningur, sem gerir sér vonir í sambandi við þetta stjórnarsamstarf, verða að gera sér grein fyrir að í sjónmáli er alda kaupgjalds- og verðlagshækkana sem finna verður sameiginleg ráð til að brotni áður en hún skellur á undirstöðum þjóðlífsins með ofurþunga sínum.

Ríkisstj. hefur sett sér ákveðin mörk í verðlagshækkunum á þessu ári og hinum næstu. Hún hefur þá stefnu að draga úr verðhækkunum í áföngum á næstu tveimur árum með það markmið í huga, að verðbólgan verði þá komin niður í það sem gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. M. ö. o.: ríkisstj. stefnir að því að sjá verulegan árangur í þessu efni árið 1982. Til þess að það megi takast verður þó strax að hefjast handa um að feta sig niður á við í verðlags- og kaupgjaldsstiganum, enda er verðbólgan í eðli sínu alltaf víxlverkun verðlags og kaupgjalds. Til þess að hægja á verðbólgunni er því ekki til önnur leið en að leita jafnvægis milli þessara þátta.

Nú blasa við á næsta leiti, þ. e. 1. júní, miklar vísitöluhækkanir, og því er ekki að leyna, að ef þessar hækkanir koma fram, e. t. v. 11—12% samkv. verðbótavísitölu, þá mun örðugt fyrir ríkisstj. að standa við fyrirheit sín um niðurfærslu almenns verðlags sem lið í því að koma verðbólgu smám saman niður á viðráðanlegt stig. Þess vegna verður að finna leið til þess að milda áhrif vísitöluhækkananna 1. júní. Segja má, að þetta sé brýnasta viðfangsefnið eins og sakir standa.

Um þessi mál verður að sjálfsögðu að eiga við launþegasamtökin. En hitt er ekki síður nauðsynlegt, að eiga um þessi mál við stéttasamtök bænda og sjómanna á fiskiskipaflotanum, sem eiga hag sinn undir ákvörðunum um verð á búvöru og fiskafla eftir þeim reglum sem gilda um þau efni. En fiskverð og búvöruverð eru að sjálfsögðu liðir í því sjálfvirka verðbólgukerfi sem ríkir hér á landi, og það er útilokað að koma fram niðurfærslu verðlags eftir áfangaleiðinni nema þessir þættir séu einnig hafðir í huga. Fiskverðs- og búvöruverðsákvarðanir geta vissulega verið verðbólguhvetjandi og eru það óhjákvæmilega í því verðbólguástandi sem hér hefur ríkt í 40 ár. Því er það, að samstarf um þessi mál í heild verður að takast milli ríkisvaldsins og allra hagsmunaafla í landinu, hvort sem það eru almennir launþegar, bændur eða sjómenn, svo að helstu hagsmunaaðilarnir séu nefndir.

Því er gjarnan haldið fram, að tilslökun launþega, bænda og sjómanna frá forskriftum kerfisins þýði kjararýrnun fyrir hlutaðeigandi stéttir sem þær hafi ekki efni á að veita. Og satt mun það, að útreikningar af einföldustu gerð og einhliða viðmiðun styður slíka skoðun. En í þessu efni er á margt að líta. Miðað við þá óhjákvæmilegu víxlverkun verðlags og kaupgjalds sem verðbólgan er verður ekki hjá því komist að víkja af vegi vanans og rétttrúarstefnunnar í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Séð í því ljósi gera launþeginn, bóndinn og sjómaðurinn miklu meira en að hafa efni á að hliðra til í kerfinu. Sannleikurinn er sá, að þeir hafa ekki efni á að gera það ekki. Það verða allir landsmenn að leggja sitt af mörkum til þess að verðbólgan minnki. Áframhaldandi verðbólguvöxtur getur leitt til stöðvunar margra atvinnugreina og lamað atvinnulífið allt, og það er rangt að menn séu að fórna einhverju þótt þeir taki þátt í því að sínum hluta að tryggja skynsamlega verðlagsþróun. Ég veit að allur þorri fólks er mér sammála um þetta og almenningur vill að gengið sé til samninga um kaup og kjör á þeim grundvelli að niðurfærsla verðbólgunnar geti tekist. Fólk veit að með því tryggir það atvinnuöryggi sitt og þar með eigin hag best. Því miður hafa samningamálin dregist úr hófi. Enn er ósamið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusamband Íslands. Ég tel æskilegast, ekki síst eins og nú er komið, að samflot verði haft í þessum samningamálum svo sem kostur er, og viðræður við bændastéttina eru einnig nauðsynlegar í sambandi við þessi mál almennt.

Herra forseti. Sem eðlilegt er verður mönnum skrafdrjúgt um efnahagsmál og horfur í verðlags- og kaupgjaldsmálum. Ég hef að heita má eytt þessum tíma mínum til þessa til þess að fjalla um þau efni, en þó aðeins stiklað á stóru og sleppt mörgu, enda ekki gerlegt að ræða þessi mál í smáatriðum eða frá öllum hliðum. En þó strítt sé talað um erfiðleika atvinnulífsins og verð-

þvílíkan málflutning með því að hann byggist á skilningsleysi eða fávisku. Það er ekki ástæðan, heldur mun þessi hráskinnaleikur stundaður af ráðnum hug í þeim tilgangi að ögra hagsmunahópum þjóðfélagsins til átaka og hóflausrar kröfugerðar í von um að okkar veika efnahagskerfi fari úr böndunum, því að þá muni ríkisstj. fá á baukinn.

Á síðustu árum hafa sést merki þess, að óprúttni og blekkingar í stjórnmálum séu þjóðinni lítt að skapi. Þau dæmi, sem að framan eru rakin um stjórnarandstöðuna, gefa þó sum hver tilefni til þess að sterkari orð væru notuð. Ég vil á þessari stundu aðeins hvetja landsmenn til þess að veita því athygli, hverjir það eru sem fyrir slíkum vinnubrögðum standa. Þegar sjálfstæðismenn leggja slíkt fyrir sig, sem því miður er ekki einsdæmi nú um þessar mundir, þá vil ég einnig spyrja hvort líklegt sé að þetta sé leiðin til sátta í Sjálfstfl.

Herra forseti. Ríkisstj. er staðráðin í því að takast á við dýrtíðina með festu og aðhaldsaðgerðum. Kerfisbreytingar þarf að undirbúa fyrir næsta Alþingi, t. a. m. í ríkisfjármálum og vísitölumálum. Á þeim vettvangi þarf ríkisstj. að leita sátta við aðila í þjóðfélaginu, bæði á sviði samtaka launamanna og atvinnurekenda. Það er mikils virði fyrir ríkisstj. og raunar alger forsenda, að hún hafi skilning og traust fólksins í landinu, svo að árangri verði náð. Hvert vísitölustig niður á við er spor í rétta átt. Þau spor verða ekki öll tekin í einu stökki. Við skulum minnast þess, að birtutíminn lengist frá vetrarsólstöðum til vors aðeins um eitt hænufet á dag, en endar þó í albjörtum degi. Ef svo tekst til í baráttu við verðbólguna er víst að ríkisstj. nær því, sem er höfuðmarkmið hennar, að treysta efnahagslíf og atvinnulíf íslenskrar þjóðar.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég þakka þeim sem hlýtt hafa. — Góðar stundir.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Í umr. hér í kvöld hafa fulltrúar Alþb. sérstaklega státað af þremur frumvörpum. Þessi frv. eiga það sammerkt að þau hafa öll verið samin undir stjórn fyrrv. ráðh. Alþfl., Magnúsar H. Magnússonar. Þá var hæstv. forsrh. býsna góður með sig, þegar hann taldi upp þau mál sem afgreidd hefðu verið á Alþingi á skammri stjórnartíð núv. ríkisstj. En ekki er nú stjórnin á stjórnarliðinu meiri og betri en svo, að við afgreiðslu á lögum frá Nd. s. l. miðvikudagskvöld var svo stór hópur stjórnarliða fjarverandi að lögin rétt seigluðust í gegn með stuðningi stjórnarandstöðunnar.

Herra forseti. Ég minnist þess ekki um langt árabil að hafa orðið var við jafnmikið öryggisleysi og jafnvel ótta við framtíðina eins og nú ríkir hjá miklum meiri hluta almennings um efnahag og afkomu. Þessu valda margir samtvinnaðir þættir. Fram undan eru erfiðir kjarasamningar þar sem hvergi grillir á ljósan blett. Stórfelldar skattahækkanir í formi útsvars, tekjuskattshækkana og söluskattshækkunar auk annarra nýrra álaga munu bitna harkalega á miklum fjölda launþega. Það verða engir tölvuútreikningar sem segja fólki hver kjör þess verða. Þar ræður kaupgetan. Það verða buddan og sparisjóðsbókin sem þar segja sannleikann. Horfur á vinnumarkaði eru óljósar, m. a. vegna rekstrarfjárskorts fyrirtækja, uppsagna í einstökum atvinnugreinum og vegna tímabundinna veiðistöðvana. Fiskifræðingar hafa dregið upp dökka mynd af ástandi fiskstofna, og gætt hefur sölutregðu á íslenskum fiski á Bandaríkjamarkaði. Þetta eru nokkur þeirra atriða er valda öryggisleysi og jafnvel svartsýni um næstu framtíð.

Það er þó að mínu mati sýnu alvarlegast, að ríkisstj. hefur ekki mótað neina stefnu í kjaramálum aðra en þá að lýsa því yfir að grunnkaupshækkanir komi ekki til greina, og ekki bætir þvermóðska atvinnurekenda úr. Ofan á stefnuleysi ríkisstj. í kjaramálum bætist svo það, að um þessar mundir er stefna hennar í efnahagsmálum almennt afskaplega óljós og ekkert útlit fyrir að hún nái þeim fáu markmiðum sem hún setti sér í upphafi með svokallaðri niðurtalningu verðbólgu. Eyðurnar í efnahagsstefnunni eru margar. T. d. hafa engar ákvarðanir verið teknar um það, hvernig afla skuli fjár vegna mikillar umframþarfar á útflutningsuppbótum, en þar er ekki hlaupið á millj. kr., heldur milljörðum kr. Eða hvað ætlar ríkisstj. að gera nú 1. júní? Hún hefur boðað að launahækkanir megi ekki verða meiri en 7—8%, en hækkun á framfærsluvísitölu er þegar komin yfir 13%. Líklega er ríkisstj. einmitt nú að reyna að senda þingið heim svo að hún geti sett brbl. og bundið launahækkanir. Þessu til viðbótar virðist stjórn fiskveiðimála vera að fara úr böndunum. Í orkumálum skortir stefnu að því leyti, að aðeins er ákveðið að auka rafmagnsframleiðsluna, en ekki hvernig nýta skuli orkugjafana þjóðinni til hagsbóta.

Eftir slíka upptalningu hljótum við að spyrja hvort einhver batamerki séu fram undan. Það verður ekki séð í skjótu bragði. Tilurð og samsetning núv. ríkisstj. vekur ekki miklar vonir um mikinn árangur á næstu misserum. Það vekur ekki miklar vonir að sjá ráðh. í sömu ríkisstj. sitja hlið við hlið og vera ýmist með eða móti atkvgr. um veigamikið utanríkismál, eins og gerðist á þingi hér í dag, þegar Jan Mayen samningurinn við Norðmenn var afgreiddur. Það vekur ekki vonir manna um bjartari framtíð þegar líf ríkisstj. hangir á bláþræði örfárra manna sem klufu sig út úr Sjálfstfl. til að hljóta væntanlega einhverja umbun. Alþb. styður ekki þessa ríkisstj. í veigamestu málaflokkum utanríkismála og ekki í afdrifaríkum þáttum efnahagsmála, t. d. vaxtamálum og stóriðjumálum. Framsfl. er þungamiðjan í þessari ríkisstj. og því mun Framsóknaráratugurinn verða framlengdur, eins góða raun og hann hefur gefið — eða hitt þó heldur.

Það er spá mín að Alþb. sé þessari ríkisstj. hættulegra en nokkru sinni núv. stjórnarandstaða. Þannig hefur það verið í öllum ríkisstjórnum sem Alþb. hefur setið í og þar sem nauðsynlegt hefur verið að takast á við alvarlegan efnahagsvanda. Alþb. getur stjórnað þegar nóg er til af peningum og hægt að sóa og sólunda. En þegar til kastanna kemur og erfiðrar ákvarðanatöku, þá velur Alþb. oftar en ekki þá stefnu að láta öðrum eftir að axla ábyrgðina og geta svo við hvaða aðstæður sem er staðið fyrir utan og gagnrýnt.

Þess er skemmst að minnast, að það var Alþb. sem einkum lagðist gegn skynsamlegum till. Alþfl. í síðustu ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, — till. sem hefðu forðað þjóðinni frá þeim vanda sem hún er nú komin í. Og því betur sem ég kynnist starfsháttum Alþb., því meir undrast ég hvernig því tekst að slá ryki í augu kjósenda sinna ár eftir ár. Núv. ríkisstj. er ekki öfundsverð af þátttöku Alþb., enda verður sá flokkur stjórninni fjötur um fót, sá fjötur er fellir hana að lokum.

En hvernig eru þá horfurnar? kann einhver að spyrja eftir þessa voðalegu upptalningu. Við óbreyttar aðstæður, sama hvaða verðmælir er notaður, verður verðbólgan 45—50% á þessu ári. Í þeim útreikningum er ekki gert ráð fyrir grunnkaupshækkunum né öðrum hækkunum umfram það sem ríkisstj. telur unnt að leyfa. Það er ekki heldur reiknað með neinum skakkaföllum af ytri ástæðum, svo að lítið þarf að breytast til að þessar tölur hækki að mun. Vöruskiptajöfnuður þjóðarinnar er fremur hagstæður, enda veiddur meiri fiskur en fiskifræðingar telja heppilegt að gera. Ég hef nefnt hér orkumálin og iðnaðarmálin. Í nágrannalöndum okkar eru nú að koma fram að fullu áhrif olíuverðshækkana er koma fram í hækkandi innflutningsverði hér á landi á næstu mánuðum. Og enginn veit með nokkurri vissu hvað gerast kann á olíumarkaðinum. Það eru því hvorki ytri né innri ástæður til að vænta umtalsverðra breytinga til batnaðar á næstu misserum.

En þó ég hafi nokkrar áhyggjur af þróun efnahagsmálanna, þá finnst mér jafnvel alvarlegri sú óáran sem ríkir hjá þjóðinni sjálfri í öllum afmörkuðum samskiptum. Ég hef margoft varað við þeirri þróun, að sambandið rofnaði á milli hinna dreifðu byggða og þéttbýlis. Þar eru sökudólgarnir röng landbúnaðarstefna og metingur, skilningsleysi milli þjóðfélagshópa. Af sömu rótum eru slit upprennandi þjóðfélagsþegna við atvinnulífið og alþýðumenningu. Það, sem af þessum vinslitum getur hlotist, er mun uggvænlegra en nokkurra ára verðbólga, ef mælt er í stikum aldanna. En ekki hvarflar að mér eitt augnablik að kenna núv. ríkisstj. um allan þennan vanda. Þessi vandi hefur verið að safnast saman og hrúgast upp á undanförnum árum, þegar allir stjórnmálaflokkar hafa farið með völd. Og í efnahagsóreiðunni er það alltaf lágtekjufólkið og hinir öldruðu og öryrkjar sem verða harðast úti. Svo verður áfram á meðan ríkisstjórnir stjórna ekki, en láta ávallt undan kröfum þrýstihópa, láta undan hinum háværa minni hl., það var m. a. ótti við þessa þrýstihópa sem olli því, að Alþb. og Framsfl. þorðu ekki að samþykkja efnahagstill. Alþfl. í síðustu ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Ríkisstjórnir hafa alltaf verið að gefa eftir í stað þess að skapa þjóðareiningu í baráttunni við vandann. Þess vegna æðir verðbólgan áfram og skerðir lífskjörin. Þjóðin er svo sem ekki að komast á neinn vergang, en ár eftir ár eyðir hún meiru en hún aflar og leggur að veði efnahagslegt sjálfstæði sitt og það illa gerist, að hinir efnuðu verða alltaf efnaðri, en hinir stöðugt efnaminni. Ég sé a. m. k. ekki merki þess, að hinir efnameiri hafi orðið að rifa seglin undanfarna mánuði á meðan stöðugt þrengist hagur láglaunaheimilanna.

Hlustendur eru vafalaust hundleiðir á þessu stöðuga tali um verðbólguna og láglaunafólkið, en niðurstöðurnar eru engu að síður staðreyndir. Kannske skiptir það svo höfuðmáli, að almenningur er löngu hættur að taka mark á tilraunum ríkisvaldsins til að berja niður verðbólguna, og vart mun núv. ríkisstj. bæta úr því trúleysi. Það er mín persónulega skoðun, að stjórnmálaflokkarnir hafi í raun svikist undan þeirri frumskyldu sinni að reyna að ná samstöðu um þjóðareiningu, vekja og efla tilfinningu þjóðarinnar fyrir kostum þess að búa á Íslandi og njóta þess sem landið hefur að bjóða umfram flest önnur. Til að þetta megi takast þarf raunverulega þjóðarvakningu. En þar sem stjórnmálaflokkarnir hljóta að endurspegla vilja þjóðarinnar má kannske tala um svik í víðari merkingu.

Fyrir tveimur áratugum varaði Alþfl. alvarlega við afleiðingum rangrar landbúnaðarstefnu. Allir muna hvernig fór. Fyrir tveimur árum varaði Alþfl. alvarlega við afleiðingum rangrar efnahagsstefnu og lagði til að henni yrði breytt. Því var hafnað. Við skulum þó vona að núv. ríkisstj. beiti einhverjum af vopnum Alþfl., rétt eins og hún hefur að undanförnu flutt hvert frv. á fætur öðru sem ráðh. Alþfl. létu ganga frá. Og enginn getur verið svo hatrammur andstæðingur núv. ríkisstj. að hann óski henni ekki velfarnaðar í baráttunni við höfuðóvin íslenskra alþýðuheimila, verðbólguna. Um leið hljótum við að bera fram þá ósk við þinglok og í sumarbyrjun, að þjóðinni í heild farnist vel til lands og sjávar og fram undan sé betri tíð með blóm í haga. — Gleðilegt sumar.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Sverrir Hermannsson lýsti hér áðan með miklu orðskrúði annars vegar þenslu og verðbólgu, en hneykslaðist hins vegar á niðurskurði á erlendum lántökum, m. a. hjá Byggðasjóði. Þetta er eflaust sú hreinskilni sem hv. þm. talaði svo mikið um. Þrengingar Byggðasjóðs eru þó ekki meiri en svo, að Sverrir Hermannsson telur sjóðnum fært að ráðstafa 700 millj. kr. í bundið slitlag á vegi. Verkefnið er mjög gott að vísu, en það orkar sannarlega tvímælis hvort það er mikilvægasta byggðamálið, enda segja skæðar tungur að við þessa tillögugerð hafi fremur verið haft í huga að bjarga uppáhaldsfyrirtæki þeirra sjálfstæðismanna, Olíumöl hf.

Sverri Hermannssyni rann jafnframt blóðið til skyldunnar og varði setustjórn Alþfl. Staðreyndin er þó sú, að sá vetur, sem nú er liðinn, hefur verið óvenjuerilsamur og mjög erfiður íslensku efnahagslífi. Í stað þess að snúa sér af krafti og heilindum að því að þoka verðbólgunni niður kaus Alþfl. s. l. haust að hlaupa frá vandanum, rjúfa stjórnarsamstarfið, ganga til samstarfs við Sjálfstfl. og efna til vetrarkosninga. Skyldi það vera vopnið sem þm. Árni Gunnarsson var að tala um hér áðan?

Við framsóknarmenn vorum þessu mótfallnir. Við vöktum athygli á því að slíkt ábyrgðarleysi hlyti að leiða til skemmra eða lengra stjórnleysis sem hafa mundi hin verstu áhrif á efnahagsþróun. Sú hefur einnig orðið raunin, eins og ég kem að síðar. Engu að síður gengum við framsóknarmenn af einurð til kosninganna. Við settum fram okkar stefnu í efnahagsmálum, sem byggir á því að ná verðbólgunni niður jafnt og þétt í samvinnu við launþega og atvinnurekendur, án atvinnuleysis og án byggðaröskunar, en með aðhaldi á öllum sviðum. Þjóðin mat stefnu okkar og störf þannig að við urðum sigurvegarar kosninganna.

Það er og var skoðun okkar framsóknarmanna, að jafnaðar- og umbótaflokkarnir séu líklegastir til þess að ná þeirri samstöðu með launþegum sem nauðsynleg er til að ná verðbólgunni niður. Við gerðum því allt sem í okkar valdi stóð til þess að endurnýja samstarf þessara flokka. Það mistókst. Alþfl. kaus enn ábyrgðarleysið. Frjálslyndari menn í Sjálfstfl. hlupu hins vegar undir bagga, sem varð til þess að sú ríkisstj. var mynduð sem nú situr. Þessi ríkisstj. byggir á nánu samstarfi við launþega og aðra aðila vinnumarkaðarins. Hún leggur áherslu á félagslegar umbætur, atvinnuöryggi og jafnvægi í byggð landsins. Hún er tvímælalaust jafnaðar- og umbótastjórn.

Starfstími þessa þings, sem nú er að ljúka, hefur verið stuttur, í raun og veru aðeins þrír mánuðir. Á þessum

forsendur bæði fyrir fjárl. og lánsfjárlögum. Þær forsendur eru því á sandi byggðar.

Og þá er komið að 13. línunni í stjórnarsáttmálanum á 1. síðu. Þar segir, að á undanförnum árum hafi staðið yfir mikil átök um launamál. Ríkisstj. leggur höfuðáherslu á að leysa þau mál með samstarfi og samráði, og til þess hvatti menntmrh. æ ofan í æ og ákallaði forustumenn vinnumarkaðarins sárlega í ræðu sinni áðan. Fyrstu 12 línurnar eru sem sagt um meginverkefni, sú 13. er um höfuðáhersluna. Það er skemmst frá að segja, að venjulegum mönnum er með öllu óskiljanleg sú fyrirlitning sem ríkisstj. hefur sýnt aðilum vinnumarkaðarins. Alls ekkert samráð eða samstarf hefur verið við þá haft af hálfu ríkisstj.

Nú er það öllum vitanlegt, að Dagsbrún og Verkamannasambandið annars vegar og Vinnuveitendasamband Íslands hins vegar hafa í samningum sínum verið mótendur þeirrar almennu launastefnu sem ráðið hefur í þjóðfélaginu um árabil. Þessir aðilar hafa ítrekað óskað eftir þríhliða samningaviðræðum við ríkisstj. um launakjarastefnu sem væntanlega gæti samrýmst markmiðinu um verðbólguhjöðnun. Ríkisstj. hefur ekki látið svo lítið að virða þessa aðila svars, hvað þá meir. Nú er komið að því að leita eftir viðræðum, þegar allt er að verða um seinan. Þess í stað heldur ríkisstj. áfram skattpíningarstefnu sinni með tugmilljarða nýjum álögum á almenning án þess svo mikið sem að virða viðlits ýmsa þá forustumenn launþegasamtakanna sem að öðru jöfnu hefðu getað talist hallir undir hana. Alþb. þóknast enn að hafa einn slíkan forustumann í þingliði sínu, Guðmund J. Guðmundsson. Svo mjög var að honum sorfið í skattaherferð ríkisstj. að hann neitaði að ljá lengur fylgi sitt og lagðist í strok vestur í Stykkishólm. Lá við borð að ríkisstj. yrði undir í örlagaríkri atkvgr. á Alþingi. Hékk líf hennar raunar á bláþræði.

En hvernig skyldu sakir standa á vinnumarkaðinum eins og nú er komið málum? Allir samningar eru lausir og ríkisstj. hefur stórspillt fyrir möguleikum á skaplegri lausn í kaupgjaldsmálum. Er mönnum t. d. ljóst að kröfur Dagsbrúnar um breytta flokkaskipan samsvara 8% kauphækkun, og það er þeirra eigið mat. Fyrir liggur svo 5% kauphækkunarkrafa Alþýðusambands Íslands til viðbótar. Nýjustu upplýsingar benda til að vísitala framfærslukostnaðar hækki nú um 13.2% og kaupgjaldsvísitala um nær 12% frá 1. júní n. k. að telja. Ef svo fer fram sem horfir geta menn innan skamms staðið frammi fyrir hækkun almenns kaupgjalds í landinu um meira en 30%. Og hvað þá, hæstv. ríkisstj.? Megum við fá meira að heyra af særingum ykkar yfir verðbólgudraugnum.

Tími minn leyfir ekki að ég fletti við fyrsta blaðinu í stjórnarsáttmálanum. En á því aftasta stendur heilagt loforð um það, að staðið verði við fyrirliggjandi vegáætlun fyrir 1980—1982. Ég skal ekkert segja um það, hvernig viðhorfið er í hinum einstöku kjördæmum, en ég kann viðhorfið í Austurlandskjördæmi. Þar skortir á 600 millj. kr. að staðið sé við þá vegáætlun sem afgreidd var hér á þinginu í fyrra. 4.5 milljarða vantar til þess að standa við þetta dýra loforð í stjórnarsáttmálanum.

Ég vil geta um þau tíðindi hér, að 18 stjórnarandstöðumenn Sjálfstfl. hafa í dag lagt fram á Alþingi till. til þál. um stefnumörkun í landbúnaði undir forustu Egils Jónssonar og Steinþórs Gestssonar. Mikilvægasta nýmælið í þeirri till. er að hafna hinu svonefnda kvótakerfi. Ítrekuð er áhersla sem er lögð á beinar greiðslur til bænda.

Herra forseti. Það er trúlegt, þótt heimildir séu að vísu ekki traustar, að almenningur hafi bundið nokkrar vonir við breytingu til batnaðar um stjórn landsins við myndun núv. ríkisstj. A. m. k. er líklegt að fáir hafi trúað því, að þessi ríkisstj. yrði skilgetið afkvæmi 13 mánaða stjórnar Ólafs Jóhannessonar, þar sem nokkrir þm. Sjálfstfl. hafa tekið að sér hlutverk Alþfl. með enn minni áhrifum en hann hafði, að því er best verður séð. Stjórnarmyndunin átti einnig fylgi að fagna í röðum sjálfstæðisfólks í upphafi, enda þótt flokksráðið tæki einarða afstöðu til þess, að flokkurinn yrði í stjórnarandstöðu, þegar stjórnarsáttmálinn sjálfur hafði séð dagsins ljós. En það var ekki að undra þótt fólk léti blekkjast, eins og matreiðsla málanna var í fjölmiðlum án þess að vörnum yrði við komið. Hins vegar hefðu menn átt að geta látið stjórnarsáttmálann sjálfan sér að kenningu verða, a. m. k. sjálfstæðisfólk, því að þar var ekki að finna eitt einasta atriði sem máli skiptir af höfuðstefnumálum Sjálfstfl., fyrir utan almenn skrautblóm sem nælt var við þetta hrófatildur, eins og það að forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar sé að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf.

Stjórnmálaflokkarnir voru harðlega gagnrýndir fyrir seinagang við stjórnarmyndun og á það hefur verið minnst hér á liðnum vetri. Sjálfstfl. vísar slíkum ásökunum á bug, nema að því leyti sem flokkurinn getur talist bera ábyrgð á varaformanni sínum. Sjálfstfl. komst aldrei á skrið í umr. um stjórnarmyndun við aðra flokka. Alþfl. þorði ekki, enda áhugi okkar lítill, en hinir tveir flokkarnir, sér í lagi Framsfl., allan tímann uppteknir af leikbrögðum Ólafs Jóhannessonar og varaformanns Sjálfstfl.

Frá því að kosningaúrslitin lágu fyrir í desemberbyrjun og fram til þess dags að stjórnin var mynduð léku þeir tveir, Ólafur Jóhannesson og Gunnar Thoroddsen, á bak við tjöldin af mikilli snilld og bragðvísi. Að vísu unnu þeir lengst að því að ná saman stjórn Alþfl. og Framsfl. með stuðningi þm. úr Sjálfstfl., vegna þeirrar skoðunar Ólafs Jóhannessonar að Alþb.-menn væru óhæfir í ríkisstj. og mun hann sjálfsagt hafa heyjað sér þá reynslu í síðustu stjórn sinni. Þetta fór þó á annan veg. En tilganginum var þó náð þar sem báðir kapparnir fengu völd fyrir snúð sinn, þótt þau virðist ætla að verða dýru verði keypt fyrir þjóðina.

Herra forseti. Það tjóar ekki að sakast um orðinn hlut, enda leikur hver eins og lund er til. Nú ríður á að allir sjálfstæðismenn nái höndum saman á nýjan leik að vinna að framgangi stefnu flokksins sem ein er þess megnug að brjóta þjóðinni leið út úr ógöngum óðaverðbólgu og öngþveitis sem nú blasir við. Áralöngu illvígu manntafli, sem lamað hefur starfsþrek Sjálfstfl., skal nú ljúka. Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Sjálfstfl. er reynslunni ríkari og mun draga réttan lærdóm af henni. Mestu máli skiptir að innviðir hans eru svo sterkir, að átökin hafa ekki leitt til klofnings. Þegar af er þessi ótíð sem nú lifum við mun Sjálfstfl. ganga fram fyrir skjöldu á nýjan leik í stjórnmálum, heilsteyptur og harðskeyttur í þjóðmálastarfinu. Andstæðingum okkar væri nær að hugsa til leiksloka en að hlakka nú yfir vopnaviðskiptum.

Þeir skyldu einnig líta sér nær, Alþb.-menn og framsóknarmenn, og hugleiða hvort til frama eða farsældar verður fyrir flokka þeirra að gefa sig að vinnubrögðum slíkum sem þeir viðhöfðu við myndum núv. ríkisstj.

Þjóðin kýs menn á Alþingi til að fara með æðstu stjórn mála sinna. Í samningum stjórnmálaflokka um þá stjórn hlýtur þjóðin að krefjast þess að heiðarleiki og hreinskiptni ráði milli manna og á milli flokka. Ella eru lýðræðinu brugguð banaráð.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Alþingi það, sem nú er að ljúka störfum, hefur verið óvenjulegt á ýmsa lund. Það hefur verið stutt þing sem í raun og veru hóf ekki störf með markvissum hætti fyrr en eftir myndun ríkisstj. 8. febr. s. l. Áður hafði ríkt starfsleysi og kyrrstaða. Afleiðing þessa hefur verið sú, að ríkisstj. og stuðningslið hennar hefur þurft að vera í kapphlaupi við að vinna þau verk og afgreiða þau mál sem undir venjulegum kringumstæðum hefði verið lokið við mörgum mánuðum fyrr. Að þessu leyti og einnig á hinu almenna sviði efnahagsmála hefur ríkisstj. fengið erfitt hlutverk við að fást, líklega erfiðara en flestar eða allar ríkisstjórnir aðrar hér á landi. Þessi aðstaða hefur takmarkað eða nánast gert að engu það svigrúm sem ný ríkisstj. hefur venjulega fengið í upphafi starfsferils til stefnumarkandi kerfisbreytinga hvað snertir hin veigamestu mál. Svo var t. a. m. hvað varðar fjárlög og ýmis þýðingarmikil málefni sem þeim eru tengd. Þau varð að afgreiða með eins skjótum hætti og mögulegt var.

En ríkisstj. tók einnig við uppsöfnuðum vanda og miklum fjölda óleystra mála í hinum ýmsu ráðuneytum. A. m. k. var það svo hvað landbúnaðinn áhrærði. Svokölluð starfsstjórn Alþfl., sem setið hafði í óþökk þorra landsmanna, en því miður á ábyrgð stærsta flokks þjóðarinnar, hafði sýnt hlýhug sinn í garð landbúnaðarins með því að stöðva ýmsar lögboðnar greiðslur og gera afturreka löglega teknar ákvarðanir sem snertu hagsmuni bændastéttarinnar. Breytinga var því þörf þegar stjórnarskipti urðu.

Nú hefur verið leyst úr flestum þeim brýnu hagsmunamálum bænda sem kyrrsett höfðu verið í stjórnartíð Alþfl.-manna, en sum þeirra höfðu þó jafnvel frestast allt frá því að þingi lauk fyrir einu ári.

Mörg viðfangsefni eru nú til meðferðar, sum er snerta erfið vandamál, en önnur sem vekja bjartsýni. Sett hefur verið nefnd til að móta landbúnaðarstefnu. Sú nefnd á einnig að gera till. um á hvern hátt verði mætt vanda bænda vegna óverðtryggðar framleiðslu á þessu verðlagsári. Þá er unnið að mati á þjóðhagslegu gildi landbúnaðarframleiðslunnar, einkum þess hluta hennar sem er umfram innanlandsneyslu. Ég geri mér vonir um að sú úttekt leiði í ljós með órækum hætti, að það sé þjóðinni í heild hagstætt að framleiða meira af sauðfjárafurðum en neytt er í landinu sjálfu. Á hinn bóginn virðist auðsætt að nauðsynlegt sé að draga saman mjólkurframleiðsluna því erlendi markaðurinn hefur brugðist á undanförnum árum, einkum vegna þess hvað verðlagsþróun hefur verið óheppileg hér innanlands í verðbólguflóðinu.

Samdráttaraðgerðir þurfa að gerast í áföngum. Það kvótakerfi, sem forustumenn bænda hafa valið af nokkrum leiðum sem lagaheimildir eru fyrir, hefur sýnilega mikla vankanta og er torsótt í framkvæmd. Á þessari stundu verður ekki fullyrt um framgang þess nema takist að finna leiðir til þess að klippa af því verstu ágallana. Hafa ber þó í huga að allar samdráttaraðgerðir hafa ókosti sem torsótt verður að komast hjá.

Stefnt verður að því að efla nýjar búgreinar og aukabúgreinar eftir því sem hagkvæmt kann að virðast, enn fremur að hraða byggingu grasköggla verksmiðja og endurreisa Bændaskólann á Hólum, sem er stórmál. Ný landgræðsluáætlun er í undirbúningi. Þá er ákveðið að hefja byggingu á sýruverksmiðju við áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, en sú framkvæmd virðist vera sérlega hagkvæm.

Landbúnaðarmál eru margslungin. Meginmarkmiðið á þeim vettvangi er efnalega og félagslega sjálfstæð bændastétt, traust búseta um byggðir landsins og framleiðsla sem samtímis þjónar þessum markmiðum og hagsmunum þjóðfélagsins í heild.

Ríkisstj. hefur mætt harðari og óbilgjarnari stjórnarandstöðu en nokkur önnur ný ríkisstj. þann tíma sem ég hef setið á Alþingi. Í þessum umr. hefur raunar ekki mikið heyrst af þessum einkennum stjórnarandstöðunnar. Það kom í ljós hjá þeim ræðumönnum, sem slepptu þeirri hörku og óbilgirni sem einkennt hefur málflutning stjórnarandstæðinga að undanförnu, að málflutningurinn var daufur og kollhúfulegur. Meira að segja síðasti ræðumaður, Sverrir Hermannsson, megnaði varla að færa hlustendum vasaútgáfu af þeirri stjórnarandstöðu sem við höfum mátt búa við hér á hv. Alþingi nú síðustu vikur, enda er það svo, að hann er kunnur fyrir að vera bæði smáyrtur og orðprúður. En ekki hefur alltaf verið slík logn móða í ræðum stjórnarandstöðunnar sem hefur verið hjá sumum fulltrúum hennar hér á Alþingi í kvöld.

Tekjuöflun ríkisins og útgjöld samkv. fjárlögum hafa verið harðlega gagnrýnd. Alþfl. flutti nokkrar till. um niðurskurð á útgjöldum til landbúnaðarmála, en stjórnarandstaða Sjálfstfl. aðeins eina lækkunartill. sem hún stóð saman um. Það var 5 milljarða lækkun niðurgreiðslna, sem hefði, ef samþ. væri, hækkað vísitölu um 1.5% og launaútgjöld þjóðarinnar í heild um 9.6 milljarða á einu ári. Ekki ein einasta marktæk till. kom fram til lækkunar á öðrum liðum fjárlagaútgjalda.

Hamast var gegn ríkisstj. vegna þess, hve áætlaðar lántökur samkv. lánsfjáráætlun væru óhóflegar. Ekki kom eitt einasta orð um það, hvar draga mætti saman. Á hinn bóginn var það stundum harðlega gagnrýnt að ekki skyldi meira fé útvegað til ýmissa framkvæmdaþátta. Ríkisstj. er úthrópuð fyrir samdrátt í vegamálum. Samt liggur það fyrir að raungildi vegaframkvæmda hækkar um 50% frá fyrra ári, og er þó ekki tekið með í reikningum það afgangsfé sem Byggðasjóður virðist hafa til þessa viðfangsefnis, sbr. seinustu fréttir þar um. Hitt er aftur rétt, að vegaframkvæmdir vaxa ekki jafnmikið og gert hafði verið ráð fyrir á síðasta ári.

Skattamálaumr. hefur að mestu verið borin uppi af blekkingaleik. Í okkar verðbólguþjóðfélagi eru víða vandamál og þeim fylgja tíðum óánægjuraddir. Hafi stjórnarandstaðan haft grun um að erfiðlega horfi hjá einum starfshópi eða öðrum er ekki til sparað að freista þess að magna óánægju, glæða kröfugirni og skapa tortryggni og spennu. Jafnvel í sömu andránni er slegið á strengi gagnstæðra hagsmuna á víxl. Svo var t. a. m. á Alþingi í fyrradag, þegar einn þm. stjórnarandstöðunnar lagði sem oft áður nú um sinn kapp á að ögra forvígismönnum launþegasamtakanna til kröfugirni og nefndi jafnvel einstaka forustumenn þeirra með nafni í þeim tilgangi að særa þá til að láta ekki sinn hlut eftir liggja. Í sömu ræðunni gerðist hann annað veifið málsvari atvinnuveganna, sem hann kvað ekki þannig í stakk búna að þeir gætu bætt á sig útgjöldum. Ekki þýðir að afsaka

eru takmörk sett. Það er að koma í ljós. Í kjölfar auðlindakreppunnar birtist allsherjarkreppa sem sagt er frá í fréttum oft á dag. Þar er sagt frá stórfelldum niðurskurði til félagslegra framkvæmda eins og í Danmörku, þar sem sósíaldemókratar fara með völd. Þar er sagt frá víðtækustu kjaraátökum á öldinni, eins og í Svíþjóð. Í kjölfarið sigla leiftursóknarmennirnir, eins og í Vestur-Þýskalandi, þar sem svartasta afturhald Vestur-Evrópu siglir upp til æðstu metorða. Hver hefði trúað því árið 1968, að Franz Josef Strauss ætti eftir að gefa kost á sér í fullri alvöru sem leiðtogi Vestur-Þýskalands?

Hvarvetna eru lífskjörin skert og minnkandi hagvöxtur kemur þannig fyrst niður á fólkinu, en fjármagnið heldur sínu. Á Íslandi horfir þetta öðruvísi við. Hér standa kauplækkunaröflin ráðþrota. Hér er sótt fram til félagslegra réttinda. Hér er að komast á ákvörðunarstig frv. til l. um nýtt húsnæðislánakerfi. Hér tala menn um framfarir, annars staðar um afturför, niðurskurð og samdrátt. Hér er sótt fram til eflingar innlendra atvinnugreina og átaks í orkumálum meðan fjölþjóðahringar láta greipar sópa um frelsi smáríkjanna annars staðar í veröldinni.

Vissulega eru mörg þeirra réttindamála, sem hér eru nú undirbúin, þegar komin fram annars staðar, en það er þó víst að bilið verður sífellt styttra.

Góðir áheyrendur. Við lifum á síðasta fimmtungi viðburðarríkustu aldar okkar sögu. Á þeim átta tugum ára sem liðnir eru af öldinni, hefur átt sér stað bylting á öllum sviðum þjóðlífsins og umhverfis okkar verða byltingar af margvíslegum toga. Fram undan eru spurningar eftir hið mikla umrót. Óvissan er mikil og blikur á lofti umhverfis okkur. Frammi fyrir óvissunni er mest um vert að halda ró sinni og yfirsýn og láta ekki minni háttar storma skapa jafnvægisleysi. Á allra næstu árum munum við í verki svara þeirri spurningu, hvernig samfélag við búum afkomendum okkar á nýrri öld. Við skulum gera okkur þá ábyrgð vel ljósa þegar í stað og ganga hiklaust til verks.

Það var þessi ábyrgð gagnvart samtíð og framtíð þjóðarinnar sem þá menn framast skorti sem hlupust undan árum snemma í októbermánuði s. l. og stefndu hér öllu í óefni. Þó illa horfði um sinn tókst Alþb. að beita stöðvunarvaldi sínu gagnvart fjármagnsöflum og leifturinnrás erlendra auðhringa. Sprengiöflin, sem ætluðu sér stjórnarráðið með áhlaupi í svartasta skammdeginu, verða nú að þola biðina ásamt mister X, huldumanninum mikla í utan gátta viðreisnarstjórn. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er nú liðið nokkuð á áttunda mánuð frá því að Alþfl. rifti samstarfi í hinni svokölluðu vinstri stjórn eftir liðlega árs stjórnarsetu með Framsfl. og Alþb. Rökin fyrir brotthlaupi Alþfl. eru enn í fersku minni. Alþfl.-menn treystu sér ekki, vildu ekki heiðurs síns vegna standa að ríkisstj. sem stjórnaði ekki landinu á þann hátt sem þeir töldu æskilegar. Sjálfstfl. verðlaunaði síðan Alþfl. fyrir að rifta stjórnarsamstarfinu með því að gera mikinn hluta þingflokks Alþfl. að ráðh. og með því að taka að sér að bera ábyrgð á ríkisstj. Alþfl.

Sú skoðun okkar í Alþb. hefur síðan verið að staðfestast, að á starfstíma vinstri stjórnarinnar voru aðrir hlutir að gerast og betri en Alþfl. og Sjálfstfl. héldu fram á haustmánuðum s. l.

Það kemur nú æ betur í ljós með hverjum deginum sem líður, hvers kyns öfugmælapólitík sú stefna er sem þessir flokkar hafa beitt sér fyrir og reyna að sumu leyti að hamra á enn.

Ársfundur Seðlabanka Íslands var haldinn fyrir nokkrum dögum. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri flutti við það tækifæri yfirlitsræðu sína um þróun efnahagsmála á árinu 1979. Seðlabankinn og bankastjórar hans verða varla ásakaðir um það að gefa of bjarta mynd af ástandi efnahagsmála. Það gerði seðlabankastjóri ekki heldur í ræðu sinni og varaði m. a. enn sem fyrr við þeirri verðbólgu sem við búum við. En dómur hans um efnahagsþróunina á árinu 1979 var þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé litið til raunstærða og stöðu þjóðarbúsins út á við verður ekki annað sagt en á árinu 1979 hafi íslenskur þjóðarbúskapur verið í sæmilegu heildarjafnvægi, rauntekjubreytingar verið litlar og óvenju smástígar hreyfingar á einstökum þáttum þjóðarútgjalda."

Og síðar í ræðunni segir seðlabankastjóri og á þar við árin 1978 og 1979:

„Um þessi tvö síðustu ár má með gildum rökum segja að þau hafi verið með kyrrlátara móti metin eftir breytingum raunstærða. Bæði einkenndust þau af nokkrum, en þó ekki örum hagvexti, nægri og stöðugri atvinnu og hagstæðari viðskiptajöfnuði en Íslendingar hafa átt yfirleitt við að búa síðustu áratugi."

Í þessu efnahagsástandi, sem Jóhannes Nordal seðlabankastjóri lýsir svo sem ég hef lesið hér á undan og í sumum tilfellum var betra en við höfum átt við að búa síðustu áratugi, þótti Alþfl. nauðsyn til bera að rjúfa stjórnarsamstarf. Kjósendur gerðu sér sem betur fer grein fyrir því hvert stefndi, og þeir höfnuðu boðskap Alþfl. og Sjálfstfl. í kosningunum í haust. Uppátekt Alþfl. varð til þess að marklaus ríkisstj. sat í stjórnarráðinu frá því í okt. og þar til 8. febr., er ríkisstj. Gunnars Thoroddsens var mynduð. Alþingi gat lítið starfað fyrr en ábyrg stjórn var til. Frá því núv. ríkisstj. var mynduð hefur starfstími Alþingis að stórum hluta farið í það að samþykkja fjárlög og ganga frá öðrum málum þeim tengdum. Með samþykkt fjárlaga og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980 er stefnt að útvegun fjármagns án mikils niðurskurðar nauðsynlegra framkvæmda. Til Vesturlands verður útvegað fjármagn til ýmissa góðra framkvæmda og ber þar hæst að nefna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og svo framkvæmdir við tengingu Borgarfjarðarbrúar, en þær framkvæmdir eru nú í fullum gangi.

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur verið beitt aflatakmörkunum til verndunar fiskstofnum á miðunum hér við land og stundum beitt á þann hátt, að eðlileg samræming veiða og vinnslu hefur átt sér stað. Þetta hefur tekist sæmilega með síld, humar, rækju og hörpudisk. Í s. l. viku var gefin út reglugerð frá sjútvrn. um tilhögun þorskveiðitakmarkana á tímabilinu 1. maí til 15. ágúst. Þessi reglugerð er mér mikil vonbrigði. Ég hafði gert mér vonir um að með þessari fyrstu reglugerð um veiðitakmarkanir, sem hinn nýi sjútvrh., Steingrímur Hermannsson, hafði nokkurt svigrúm til að undirbúa, yrðu stigin fyrstu skrefin frá hinni óheppilegu bannstefnu sem fylgt hefur verið. Þessi bannstefna tekur ekkert tillit til breytilegra aðstæðna til veiða eftir árstíðum eða landshlutum, afkastamöguleikum fiskvinnslustöðva né til þess að leita þess fyrst og fremst að tryggja gott hráefni

frá fiskiskipi svo og að fá góða nýtingu hráefnis í fiskvinnslustöðvum. Lokunar- og bannstefnan hefur það í för með sér, að hugsað er um það í allt of ríkum mæli að afla sem mest á stystum tíma.

Það að setja veiðibann á þorsk snertir svo margfalt fleiri þætti en það eitt að þorskurinn skuli ekki veiddur. Veiðibann hefur tiltölulega lítil áhrif á einu svæði, en mikil á öðru. Yfir sumarmánuðina er smábátaútgerð snar þáttur í tekjuöflun heilla byggðarlaga víða um land Slíka staði skiptir það miklu máli að á 10 dögum á þessu tímabili séu veiðar bannaðar.

Veiðibann á þorsk á Íslandi er svo stór ákvörðun og hefur svo margþættar afleiðingar að til slíks á ekki að grípa fyrr en aðrar leiðir hafa verið reyndar. Hvað mundu aðrir starfshópar á landinu en sjómenn og fiskvinnslufólk segja, ef þeim væri tilkynnt launalaust vinnubann? Hver yrðu viðbrögð annarra fyrirtækja en í sjávarútvegi, sem fengju þá tilkynningu að þau skyldu loka þetta eða hitt tímabilið, þau skyldu segja starfsfólki að fara heim. Það yrði mikill hávaði og það væri eðlilegt.

Ræðutími minn nú og hér gefur ekki tækifæri til þess að ræða þetta mál til hlítar. Skoðanir eru skiptar um hvað þorskaflinn megi vera mikill á yfirstandandi ári. Það er stjórnvalda að ákveða hvað sá afli skuli vera mikill og um leið að þær takmarkanir, sem gera þarf, komi sem jafnast niður og raski ekki búsetuskilyrðum í landinu. — Góðar stundir.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Talsmenn ríkisstj. éta nú allir úr þeim dalli, að allir erfiðleikar efnahagsmálanna séu fjögurra mánaða starfsstjórn Alþfl. að kenna. Það er kannske mannlegt, en stórmannlegt er það ekki. Raunar uppgötvaði frystihúseigandinn og verkalýðsforinginn, Sandarinn Skúli Alexandersson, að ástandið væri ekki eins bágt og menn létu af, og bar fyrir sig nýjan páfa sem hann hefur fengið sér og er seðlabankastjóri. Öðruvísi mér áður brá.

Félmrh. Svavar Gestsson tók undir þennan söng, að öll ógæfa okkar stafaði af starfsstjórn Alþfl. Og hann vék að grófum ósannindum Jóhönnu Sigurðardóttur vegna fjármögnunar sjóðanna. Hvað stendur í 19. gr. lánsfjárlaga, Svavar Gestsson? Þar er talað um skerðingu á Byggingarsjóði verkamanna sem nemur hundruð millj. kr. Hvað segir 21. gr. lánsfjárlaga, Svavar Gestsson? Þar er um stórkostlega skerðingu á erfðafjárskatti að tefla, og allir vita til hvers hann er notaður. Hvað segir, Svavar Gestsson, í 22. gr. lánsfjárlaga um stórskerðingu, svo að nemur hundruðum milljóna, á Bjargráðasjóði, þeim hjálparsjóði sem nú þarf meira á að halda en nokkru sinni fyrr? Hvað skyldi standa í 23. gr. lánsfjárlaga, Svavar Gestsson, nema um stórskerðingu til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra? Ætla þessir herrar að slík blekkingariðja sem þetta muni lengi gagna þeim? Eða hvað skyldi standa í 13 gr., þar sem Byggðasjóður er skorinn niður um einn milljarð? Hefur framsóknarmaðurinn Ingvar Gíslason menntmrh. kynnt sér það?

Forsrh. Gunnar Thoroddsen hældi sjálfum sér og ríkisstj. fyrir að takast að afgreiða 37 mál og till. á Alþingi fyrir þinglausnir. Hann gleymdi að vísu að þakka stjórnarandstöðunni, en jafnþingvanur maður veit að án fyrirgreiðslu stjórnarandstöðunnar hefði slíkt ekki tekist. Hins vegar mun þinghald nú verða dregið á langinn vegna þess að sjálfstæðismenn beita sér harkalega gegn því að ný húsnæðismálalöggjöf nái fram að ganga, þar sem stefnt er í 10 þús. millj. kr. útgjaldaaukningu án þess að nein tilraun sé til þess gerð að afla fjár. Lögin eiga hvort sem er ekki að taka gildi fyrr en frá næstu áramótum, og er krafa Sjálfstfl. að næsta haust verði þessi mál öll tekin til ítarlegrar umr. og athugunar. Því má svo bæta við, að þetta frv. inniheldur þau dæmalausu ákvæði, að Alþýðusamband Íslands skuli gefið leyfi til að skipa tvo stjórnarmenn í húsnæðismálastjórn ríkisins og má fyrr vera undirlægjuhátturinn.

Stuðningsmenn ríkisstj. fjargviðrast mjög yfir því, að hún hafi haft skamman tíma til stefnu að ráða ráðum sínum. Rétt er það, þessi óáran hefur staðið skamma hríð. En ríkisstj. hefur samt gefist tími til að taka fjölda rangra ákvarðana. Hún er skjótvirk í slíkum vinnubrögðum. Spyrja má í annan stað, hvort tímaskorturinn neyði ríkisstj. til að bregðast gefnum loforðum og yfirlýsingum. Henni hefur a. m. k. unnist nægur tími til þess þótt skamma hríð hafi setið.

Lítum á upphaf stjórnarsáttmála ríkisstj., þar sem segir að ríkisstj. telji það meginverkefni sitt að berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál. Forsrh. Gunnar Thoroddsen las þessa meginstefnu upp einnig hér áðan, en hann gleymdi að geta þess, hvernig miðaði í áttina. Hafi ríkisstj. skort tíma til að vinna að þessu meginverkefni sínu, þá er það vegna þess að hún hefur verið upptekin við að brjóta í bág við þessi fyrirheit. Í stað aðhaldsaðgerða er boginn spenntur til hins ítrasta á öllum sviðum, þannig að verðbólgan á Íslandi mun vaxa í áður óþekktar hæðir þegar líða tekur á árið.

Stefna Alþb. í verðlagsmálum, niðurtalningin, sem ríkisstj. gerði óbreytta að sinni, hefur mistekist í fyrstu atrennu og vísitölur verðlags og kaupgjalds eru á fljúgandi ferð. Gengið sígur nú í rykkjum í höndum ríkisstj. og mun hún engu aðhaldi fá við komið ef svo fer fram sem horfir. Í peningamálum ríðlast öll stefnumið. Sparifjármyndun dregst harkalega saman, enda brýtur ríkisstj. lög um vaxtakjör innlána. Þökin á útlánum bankakerfisins eru fokin af fyrir mitt ár og óhugsandi að byrgja þann brunn á þessu ári, ella stöðvast atvinnurekstrinn í landinu. En ríkisstj. seilist auk þess sjálf í ráðstöfunarfé bankanna til framfærslu sér. Erlendar lántökur eru stórauknar og nýju fjármagni er dælt inn í æðar verðbólgukerfisins. Viðskiptahalla er spáð við útlönd sem nemur 20 þús. millj. kr., sem eykur á erlenda skuldabyrði þannig að miðað við gjaldeyristekjur nálgast afborgana- og vaxtabyrði erlendra lána óbærilegt mark. Í fjárfestingarmálum stefnir hið opinbera í yfir 20% magnaukningu á árinu. Það eru aðhaldsaðgerðir í lagi eða hitt þó heldur.

Um ríkisfjármál er það að segja, að sett hafa verið eyðslufjárlög og í tilhlaupi að setja lánsfjárlög þar sem öll aðhaldsstefna er rokin út í veður og vind.

Ég hef hér á undan vikið að 9 fyrstu línunum í stjórnarsáttmála ríkisstj. Næstu þrjár fjalla um það — og forsrh. las þær upp, að ríkisstj. muni vinna að hjöðnun verðbólgu þannig að á árinu 1982, eftir tvö ár, verði verðbólga á Íslandi orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum okkar. Forsrh. láðist að geta þess, í hvaða átt miðaði nú. Menn skilja þetta svo, að stefnt sé að 10—12% verðbólgu eins og þar tíðkast. Sem áfanga á þeirri leið ætlaði ríkisstj. að ná því marki að verðbólgan yrði 30% á þessu ári. Nú óttast menn hins vegar að hún muni verða tvöfalt hærri. Á 30% verðbólgustiginu hvíla

bólguvandans, þá má það ekki byrgja mönnum sýn til annarra landsmála né heldur loka augum manna svo að þeir sjái ekkert nema svart fram undan. Væri illa farið ef opinskáar umr. um brýnustu vandamál efnahagslífsins yrðu til þess að gera menn blinda á það sem bjart er og vel horfir. Sem betur fer er víða unnið að framfaramálum á ýmsum sviðum. Uppbygging er geysimikil í landinu og að sumra áliti meiri í heild en hollt er fyrir jafnvægi í efnahagsmálum og raunverulega getu okkar til framkvæmda. Atvinnuleysi er ekki á Íslandi nú fremur en mörg undanfarin ár, en atvinnuleysi er böl margra velmegunarþjóða.

Landbúnaðurinn hefur um skeið gengið í gegnum erfiðleikatímabil sem á sér ýmsar orsakir. Markaðs- og framleiðslumálin eru að sjálfsögðu hinn stóri vandi landbúnaðarins og tilraun til úrlausnar á því sviði stendur nú yfir í landbúnaðinum. Það er verið að framkvæma þann samdrátt í búvöruframleiðslu sem framleiðsluráðslögin gera ráð fyrir og með þeirri aðferð sem valin var, svonefndu kvótakerfi. Það hefur ekki reynst auðvelt í framkvæmd og í því efni verða menn að læra af reynslunni eins og öðru. En vonandi horfir þó í rétta átt í þessu efni.

Árferði var bændum víða um land afar óhagstætt á fyrra ári og olli miklu uppskeru- og afurðatjóni sem að nokkru hefur verið bætt með beinum aðgerðum, þó margt sé enn óbætt. Og að nokkru rættist betur úr en á horfðist vegna hagstæðs tíðarfars s. l. vetur. Það hefur einnig árað vel á þessu vori, og líkur benda til þess, að sumarið geti orðið gott hvað gróður snertir og fóðuröflun.

Þess má geta, að lögin um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, sem sett voru í ráðherratíð Steingríms Hermannssonar, koma að hluta til framkvæmda 1. júlí n. k., en að fullu eiga þessi lög að taka gildi eða koma til framkvæmda á þremur árum.

Það hefur komið í minn hlut í ríkisstj. að fara með menntamálin. Þetta er umfangsmikill málaflokkur sem skiptist í grófum dráttum í skólamál og almenn menningarmál. Skólamálin eru fyrirferðarmikil í þjóðlífinu og snerta í raun og veru hvern einasta mann í landinu. Þau hljóta því að vekja almennan áhuga, enda vona ég að þau geri það ýmsum málum fremur. Mörgum ægir að vísu útþensla skólanna, öðrum finnst ekki nóg að gert. Hið sanna er, að skólakerfið er í örum vexti.

Í stuttu máli má segja að aðalstefnumarkið sé að koma á samfelldu skólakerfi og samræmingu á öllum skólastigum og vinna að jöfnun á námsaðstöðu. Verið er að framkvæma grunnskólalögin sem sett voru 1974. Þau skyldu koma til fullra framkvæmda á 10 árum. Lögin kváðu svo á, að 9 ára skólaskylda skyldi komin á haustið 1980. Að höfðu samráði við ýmsa aðila ákvað ég að leggja fyrir Alþingi frv. um að fresta framkvæmd 9 ára skólaskyldunnar um allt land um eitt ár. Alþingi hefur nú nýlega lögfest frestunina og á 9 ára skólaskyldan að koma til framkvæmda haustið 1981 í landinu öllu samkv. því.

Á undanförnum árum hefur verið unnið mikið starf til undirbúnings því að samræma framhaldsskólastigið. Frumvörp hafa verið samin og flutt á Alþingi hvert á fætur öðru en ekki náð samþykki. Ég hef í hyggju að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta Alþingi. En áður en það verður gert þarf að ryðja úr vegi ýmsum hindrunum fyrir framgangi málsins. Er þar ekki síst um að ræða fjármálaþátt þessa máls, þ. e. kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem verður að leysa, svo að ekki þurfi um að deila í hvaða hlutföllum ríki og sveitarfélög eigi að standa undir kostnaði af rekstri framhaldsskólanna. Segja má, að í öllum landsfjórðungum sé nú unnið að samræmingu framhaldsskólastigsins fyrir frumkvæði skólamanna og sveitarstjórnarmanna með atbeina og hvatningu menntmrn. Leyfi ég mér að þakka þeim fjölmörgu mönnum um allt land sem að þessu hafa unnið, enda er verk þeirra afar mikilsvert.

Hin almennu menningarmál eru afar fjölþættur málaflokkur sem tekur sífellt meira rúm í starfi menntmrh. og starfsmanna rn., enda um að ræða mál sem snerta grundvallarþætti íslenskrar þjóðmenningar og viðleitni nútímamanna til að vernda og ávaxta fornan menningararf þjóðarinnar. Undir þennan málaflokk heyra m. a. listir, bókmenntir og safnamál, þ. e. allt skapandi menningarstarf í landinu. Þó að ég hafi ekki haft þessi mál með höndum nema í mjög stuttan tíma til þessa, þá get ég sagt það með sanni að mér hefur verið mikil ánægja að vinna með og kynnast í starfi því fólki sem vinnur að skapandi menningarmálum. Efast ég um að aðrir þegnar þessa lands vinni af meiri áhuga og fórnfýsi að sínum verkum en þetta fólk. Það er mikill misskilningur, að listamenn liggi upp á náð ríkisins um afkomu sína. Þeir sjá fyrir sér sjálfir eins og aðrir vinnandi menn í þessu landi. Stuðningur við listir og menningarmál er að sáralitlu leyti í formi styrkja til einstaklinga. Af þeim verður enginn feitur. Ef svo skyldi vera að meðal fólks finnist tortryggni gagnvart vinnuframlagi listamanna og fordómar í þeirra garð, þá þarf að eyða slíkri tortryggni og fordómum.

Herra forseti. Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi, að varla er tímabært að kveða upp einhverja úrslitadóma um núv. ríkisstj., hvort heldur er til lofs eða lasts. Ríkisstj. hefur reynt að gera sitt besta í erfiðri stöðu og mun að sjálfsögðu halda því áfram. Í sjónmáli er hækkunaralda kaupgjalds og verðlags. Verði henni ekki eytt í tíma er mörgu hætt í sambandi við ásetning ríkisstj. í verðbólgumálum. Þótt að mörgu sé að hyggja, þá er brýnasta verkefni ríkisstj. nú að snúast til varnar gegn ótímabærum vísitöluhækkunum 1. júní og afleiðingum þeirra á verðlagsþróunina. Um það efni þarf að nást samkomulag við hagsmunaöflin í landinu.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég þakka áheyrnina.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Góðir tilheyrendur. Herra forseti. Hlustendur hafa nú fengið að heyra um hríð sýnishorn af þeim ómerkilega málflutningi, sem stjórnarandstaðan hefur iðkað á Alþingi Íslendinga nú í vetur. Einkum kom þetta sýnishorn ákaflega glöggt fram í málflutningi Jóhönnu Sigurðardóttur í þessum ræðustól áðan. Grófust voru ósannindi hennar um sjóðina og félagslegar ráðstafanir ríkisstj. Ég lýsi því yfir, að núv. ríkisstj. mun standa við þau fyrirheit sem hún hefur gefið í félagslegum efnum, m. a. fyrirheit sem Alþfl. hljópst frá í þeirri ríkisstj. sem hann átti aðild að veturinn 1978—1979.

Frá því að ríkisstj. var mynduð hafa gengið yfir nokkrir sviptivindar í stjórnmálum, en ekki háskalegir á nokkurn hátt. Stjórnarsamstarfið hefur í heild gengið vel og þau hafa verið drjúg, vorverkin. Fjárlög, sem lögð voru fram í frv.-búningi 10. mars, hafa verið afgreidd. Ríkinu hafa verið sett skattalög svo og sveitarfélögunum. Þýðingar-

mikil mál af félagslegu tagi hafa fengið afgreiðslu á Alþingi og í ríkisstj. Ekki spillir það, að árið 1979 kom vel út efnahagslega á marga lund, enda þótt popppólitík Alþfl. setji enn um sinn mark á skuggalegar verðbólgutölurnar. Vissulega hefur heiftarafstaða nokkurra þm. Sjálfstfl. í garð ríkisstj. ekki flýtt framgangi mála á Alþingi. Skaði hefur þó enn enginn hlotist af.

Enn eru óafgreidd þrjú meginmál, þ. e. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár, lög um stuðning við þá, sem kynda með olíu, og húsnæðismálafrv.

Undirbúin hafa verið þýðingarmikil réttindamál alþýðu. Ég vil nefna tvo slíka málaflokka. Það eru frv. til l. um nýtt húsnæðiskerfi og frv. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem var afgreitt sem lög frá Alþingi í síðustu viku. Í hinum nýju lögum, sem eiga rót sína að rekja til sólstöðusamninganna 1977, er lögð áhersla á að virkja launafólkið sjálft og atvinnurekendur sem best til þess að stuðla að öryggi á vinnustöðunum. Það er augljóst, að viðunandi ástand næst ekki nema með samstarfi fólksins, sem vinnur að framleiðslunni, við utanaðkomandi aðila eins og heilbrigðisyfirvöld á þessu sviði. Með ákvæðum hinna nýju laga svo og ákvæðum frv., sem liggur fyrir um hollustuvernd, á að vera tryggt að þessi tengsl séu viðunandi.

Hitt málið, sem ég hyggst nefna hér, er húsnæðismálafrv., sem nú er í nefnd í síðari deild þingsins og ætti nú að vera unnt að afgreiða á næstu sólarhringum. Í þessu frv., eins og það liggur fyrir eftir breytingar núv. ríkisstj., er að fullu komið til móts við þau sjónarmið í húsnæðismálum sem verkalýðshreyfingin setti fyrst fram 1974, var lofað að þá næðu fram að ganga, en ekki hefur verið enn staðið við þrátt fyrir fjórar ríkisstj. síðan. Ég fullyrði að framganga þessa máls muni marka djúp spor í félagslegri aðstöðu launafólks á Íslandi. Í því sambandi minni ég aðeins á þessar meginbreytingar frv.:

Í fyrsta lagi er framlag til félagslegra íbúðabygginga stóraukið eða tífaldað frá því sem nú er. Á síðasta áratug voru reistar að jafnaði 90 íbúðir á ári á félagslegum grundvelli. Frv. í núverandi mynd skapar forsendur til þess að byrjað verði á 1500 íbúðum í verkamannabústöðum á næstu þremur árum eða um 500 íbúðum á ári.

Í öðru lagi er í frv. að finna, að gert er ráð fyrir stórfelldu átaki til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

Í þriðja lagi er þar gert ráð fyrir því, að skyldusparnaður unga fólksins verði verðtryggður að fullu með bestu kjörum, en ástandið í þeim efnum hefur verið óviðunandi.

Í fjórða lagi og síðast en ekki síst ber að nefna það, að í frv. þessu er nú gert ráð fyrir helmingsaðild verkalýðshreyfingarinnar að stjórnum verkamannabústaða og sérstökum fulltrúum Alþýðusambands Íslands í húsnæðismálastjórn.

Í þessum bálkum báðum, sem hér eru til umr., þ. e. um öryggi á vinnustöðum og um húsnæðismál, er gert ráð fyrir sérstakri aðild BSRB eða opinberra starfsmanna bæði að stjórn Vinnueftirlits ríkisins og að stjórnum verkamannabústaðanna. Þessi tvö mikilvægu réttindamál eru einn þáttur framlags ríkisstj. til þeirrar kjaradeilu sem nú stendur yfir. Það er því ekkert annað en fjarstæðuraus, þegar því er haldið fram að ríkisstj. hafi verið aðgerðalaus á þessu sviði. Þvert á móti hefur hún beitt sér af alefli fyrir framgangi stórra og þýðingarmikilla mála á Alþingi og það væru blindir menn, sem ekki gerðu sér grein fyrir þeim afdrifaríku, jákvæðu áhrifum sem þessir málaflokkar geta haft fyrir líf og starf íslenskrar alþýðu. Umhverfi vinnunnar og húsaskjól er sú umgjörð sem mótar líf hvers manns framar öllu öðru.

Á undanförnum árum hefur verið á það bent, að fjöldi fólks hafi flúið þetta land. Ástæðurnar til þessa eru margvíslegar. Oft er hér um að ræða sérfræðinga sem telja sig ekki fá störf við hæfi hér á landi. Miklu oftar er þó hér um að ræða launafólk sem ekki er einasta að sækjast eftir hærra útborguðu kaupi, það er að sækjast eftir bættum félagslegum aðbúnaði, einkum í húsnæðismálum. Íslenska stjórnkerfið hefur ekki boðið sömu kosti í húsnæðismálum og grannþjóðir okkar, og vissulega gerir húsnæðismálafrv. það ekki í einum áfanga, en forsenda frv. er sú, að fjármunirnir nýtist þeim sérstaklega sem helst þurfa á þeim að halda. Með átaki af þessu tagi í húsnæðismálum tel ég að við værum að draga mjög verulega úr hættunni á stórfelldum landflótta á næstu árum.

Umbætur í húsnæðismálum snerta nær alla þætti samfélags okkar, og þess vegna leggur ríkisstj. á það ríka áherslu að mál þetta nái fram að ganga nú á næstu sólarhringum hér frá Alþingi, enda á það að vera unnt ef allt er með felldu. Því verður ekki trúað, að hér á Alþingi sitji menn sem vilji koma í veg fyrir þetta þýðingarmikla mál með ofbeldisaðgerðum eins og málþófi.

Fleira mætti telja frá þessum vetri, sem starfað hefur verið, en ég tel að yfirlit mitt gefi nægilega skýrt til kynna að ríkisstj. hefur með aðgerðum sínum og afgreiðslu félagslegra réttindamála undirbúið vel næstu lotu verkefnalistans. Það er skoðun ríkisstj., að óhjákvæmilegt sé nú þegar á næstu dögum að ganga ötullega fram í því að kanna hvort unnt sé að ná kjarasamningum og með hvaða hætti. Aðilar hafa hist á nokkrum samningafundum, en lítið sem ekkert hefur miðað. Ber að gagnrýna slíkt þar sem mikil ábyrgð hvílir á samningsaðilunum.

Alþb. leggur áherslu eftirfarandi meginatriði varðandi kjarasamningana sem í hönd fara:

Í fyrsta lagi verður að tryggja kaup og kjör þeirra sem lakast eru settir. Þetta verður því aðeins gert að gripið verði til félagslegra ráðstafana af margvíslegum toga.

Í öðru lagi er ljóst að kjör hinna lægst launuðu verða ekki bætt öðruvísi en að skerða kjör þeirra, sem hafa rakað saman gróða á undanförnum verðbólguárum, og þeirra, sem hafa allra hæstu tekjurnar. Hvaða réttlæti er í því að hálaunamaðurinn fái 220 þús. kr. um næstu mánaðamót í verðbætur á laun meðan láglaunamaðurinn fær aðeins um 30 þús. kr. Slíkt er óréttlæti af versta tagi.

Í þriðja lagi verður að leggja áherslu á félagslegar úrbætur, eins og þær sem ég rakti hér að framan og fleiri, og þá verða menn að gera sér ljóst að milli félagslegra úrbóta og skattlagningar er beint samhengi.

Af fréttum undanfarna daga má ljóst vera að nokkurrar óþolinmæði gætir víða orðið í samtökum launafólks og er það að vonum. Á næstu vikum verður að skera úr um það, hvort unnt er að koma á kjarasamningum með venjulegum hætti og hvernig. Þegar niðurstaða þeirrar lotu liggur fyrir ber að ákveða næsta skref. Ég tel að störf ríkisstj. til þessa hafi verið góður undirbúningur fyrir farsælar lyktir kjaradeilnanna.

Góðir tilheyrendur. Í fjölmiðlum birtast daglega fréttir um veruleg átök í grannríkjum okkar í allri Vestur-Evrópu. Þessi átök koma fram með þeim hætti, að auðstéttin sækir fram og reynir að hrifsa til sín ávinninga verkalýðsstéttarinnar á liðnum áratugum. Hagvextinum

hitunar atvinnuhúsnæðis. Vissulega er það rétt, að kannske er neyðin sárust hjá einstaklingum víða um land, en þó er það svo, að kynding atvinnuhúsnæðis er svo þungbær mörgum, sér í lagi í smærri atvinnurekstri, að kynni að orsaka stöðvun, eða a. m. k. heldur mörgum fyrirtækjum við stöðvun vegna þessa gífurlega aukna kostnaðar.

Þá er í öðru lagi lagt til að olíustyrkir verði greiddir skólum og öðrum menningarstofnunum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum og dvalarheimilum fyrir aldraða og unga. — Þarna er kveðið skýrt á í þessari grein, en ekki eins og segir í núv. 7. gr. um þá heimild sem þar er að finna. Við teljum ástæðu til að þetta sé í gadda slegið.

Það er frá því að segja varðandi heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús, að ákaflega misjafnlega er að verki staðið, þar sem heilsugæslustöðvar eru til að mynda reknar í sambandi við sjúkrahús er sæmilega vel fyrir þessu séð af hálfu hins opinbera, en aftur á móti eiga sveitarfélög, sem annast rekstur heilsugæslustöðva, meira undir högg að sækja. Því þykir ástæða til að ákveða þetta í lögunum.

Í þriðja lagi er lagt til að þeim verði greiddir olíustyrkir sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Um þetta eru mýmörg dæmi og sanngjörn tillaga. En af því að ég get ekki gefið mér tíma til að lesa grg. með frv. hæstv. viðskrh. um niðurgreiðslu olíu til upphitunar húsa, vil ég benda hv. þdm. alveg sérstaklega á þetta merkilega og vandaða frv. og þá grg. sem því fylgir, því að þar má lesa nákvæmlega hinn harðmúraða rökstuðning sem fyrir því frv. er og þessar mínar brtt. og hv. 1. þm. Reykn. eru alveg sniðnar eftir. Ég þykist vita að hæstv. viðskrh. muni, ef hann blandar sér í umræðurnar, fagna mjög þessari ábendingu minni. En mér er mjög umhendis þótt það væri, eins og ég segi, ástæða til að ég læsi upp þessa ítarlegu og greinargóðu greinargerð.

4. liður 1. brtt. okkar er um að hitaveitum, sem nota olíu sem orkugjafa, og rafveitum, sem nota olíu til framleiðslu rafmagns og upphitunar húsa, verði greiddir olíustyrkir.

Allar þessar brtt. skýra sig sjálfar, en menn geta svo gengið úr skugga um eðli þeirra og sanngirni með því sérstaklega að kynna sér áðurnefnda grg.

Síðan segir enn að í reglugerð skuli kveða á um með hverjum hætti skuli ákveða upphæð styrkja samkv. þessari grein. Skal þá við það miðað að olía verði í hverju tilfelli greidd niður sem mest að sama hundraðshluta og nemur meðalniðurgreiðslum samkv. 4. gr.

Ég legg áherslu á það, að enda þótt þarna þurfi að verja meira fé til niðurgreiðslu olíu en samkvæmt þeirri aðferð, sem frv. býður, má það ekki verða til þess að skerða niðurgreiðslu olíu til heimilanna sem kynda með þessari orku. Eins og ég sagði verður ærið afgangs fram yfir það sem áætlað hefur verið vegna innheimtu söluskattsins.

Fyrir því að hér hefur verið lagt til að ný grein bætist inn í er 7. gr. í núv. frv. óþörf, enda lagt til að hún falli niður.

Þá er brtt. við 16. gr. þess eðlis, að iðnrh. setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Ástæðan fyrir þessari tillögugerð er afar augljós. Við flm. teljum hið mesta óráð að tvö rn. véli um þetta mál, það eigi að vera í höndum eins rn. Nógu erfiðlega ganga framkvæmdirnar fyrir sig oft og tíðum þótt aðeins eitt rn. hafi með það að gera, en það þurfi ekki að sækja undir embættismenn í mörgum rn., eins og í þessu falli tveimur, án þess kannske að ástæða sé til. En ósjálfrátt hlýtur manni í svona dæmi að fljúga í hug heilræði Ólafs pá um það að þeim mun verr reynist heimskra manna ráð sem þau koma fleiri saman.

Sigurgeir Bóasson: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 550 hef ég leyft mér að flytja brtt. við 4. gr. frv. Till. er á þá leið, að við 1. mgr. 4. gr. bætist eftirfarandi setning: „og skulu greiðslur fara fram í síðasta lagi 10. dag hvers ársfjórðungs." Hér er sem sagt lagt til að það verði lögfest, hvenær greiða skuli út olíustyrki.

Ástæðan fyrir þessari till. er í fyrsta lagi sú augljósa staðreynd, að í 40—50% verðbólgu er nauðsynlegt að hafa um það ótvíræð ákvæði hvenær greiðslur fara fram. Þetta þekkjum við öll hér, eins og ákvæði um dráttarvexti af gjaldföllnum, en ógreiddum sköttum bera með sér.

Í annan stað vil ég nefna að hér er um eftirágreiddan ársfjórðungslegan olíustyrk að ræða, sem þýðir að þær krónur, sem húsráðendur fá útborgaðar í olíustyrk, eru verðminni en þær krónur sem þeir greiða olíuna með, en yfirleitt eru olíuúttektir gjaldfallnar 15.—20. næsta mánaðar eftir úttektarmánuð. Þetta fyrirkomulag gerir það auðvitað enn brýnna að um það séu ótvíræð ákvæði hvenær styrkurinn er greiddur.

Síðast en ekki síst vil ég nefna það fyrirkomulag, að húsráðendur fá þennan styrk ekki greiddan beint frá ríkissjóði, heldur greiðir ríkissjóður sveitarfélögum styrkinn og þau síðan húsráðendum. Fyrir húsráðendur er þetta fyrirkomulag óheppilegt því að reynslan sýnir að það getur dregist einn til tvo mánuði eftir að ársfjórðungnum lýkur að styrkurinn sé greiddur út. Reyndar hefur engin heildarathugun verið gerð á þessu, en ég kannaði á þrem þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum hvernig þessum greiðslum hefur verið háttað undanfarið. Þá kemur í ljós að greiðslur á olíustyrk fyrir síðasta ársfjórðung 1979 hófust á einum staðnum 15. febr., á öðrum 1. mars og hinum þriðja 15. mars. Greiðslur fyrir 1. ársfjórðung 1980 hófust á einum staðnum 15. maí, en á hinum tveim stöðunum er ekki byrjað að greiða styrkinn enn þá. Þetta ástand sýnir auðvitað, að fyrirkomulagið er algjörlega óviðunandi, og sýnir, að brýnt er að um það séu ótvíræð ákvæði hvenær styrkurinn er greiddur.

Ástæður fyrir þessum mikla greiðsludrætti eru eflaust margar, en aðallega kemur hér þrennt til. Í fyrsta lagi getur dregist að sveitarfélögin hvert fyrir sig sendi rn. nauðsynlegar upplýsingar um fjölda olíustyrkja í hverjum ársfjórðungi. Í öðru lagi getur ríkissjóður dregið að senda greiðslur til sveitarfélaganna. Og í þriðja lagi geta sveitarfélögin dregið útborgun eftir að þau hafa fengið greiðslur frá ríkissjóði. Ég ætla ekki að dæma um hver sé aðalskýringin á þessu, en útkoman er óeðlilegur dráttur vegna þess að það vantar ótvíræð ákvæði um hvenær húsráðendur eiga að fá þennan styrk útborgaðan.

Eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson tók fram þegar hann mælti fyrir áliti fjh.- og viðskn., hefur n. tekið þessa brtt. til athugunar og vil ég færa henni þakkir fyrir það. Eins og fram kom í máli hv. þm. er n. jákvæð gagnvart efni till., en telur hins vegar réttara að sett verði um þetta reglugerðarákvæði. Hér er um formsatriði að ræða sem ég get í sjálfu sér fallist á, en aðalatriðið er að húsráðendur á olíuhitunarsvæðunum fái þennan styrk

greiddan án óeðlilegs dráttar. Í trausti þess, að um þetta verði sett skýr reglugerðarákvæði, mun ég draga þessa till. til baka.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Áður en ég kem að þeirri brtt. sem ég hef lagt fram í þessu máli, sem hér er til umræðu, vildi ég segja örfá orð um orkuverðið í landinu, en eitt af brýnustu hagsmunamálum landsmanna er að það verði jafnað. Það getur ekki gengið að stór hluti landsmanna verði að greiða raforku allt að helmingi hærra verði en þeir sem við bestan kost búa í þessum efnum.

Á 7. áratugnum stefndi í 25% ójöfnuð í raforkuverði. Þá var lagt 13% verðjöfnunargjald sem notað var til að minnka þennan mismun. Á 8. áratugnum, verðbólguáratugnum, hefur þessi þróun stöðugt orðið óhagstæðari með hverju ári sem líður. Því veldur að ríkisstj. til margra ára hafa ekki tekið á þessu máli. Fyrir löngu hefði átt að vera búið að afmarka svokallaðar félagslegar framkvæmdir í orkudreifingarmálum og að ríkið, eigandi Rafmagnsveitna ríkisins, greiddi þær sérstaklega af almannafé í stað þess að notendur hafa þurft að greiða hin óhagstæðu verðtryggðu lán jafnóðum í hinu háa orkuverði. Á síðasta ári var svo verðjöfnunargjald á rafmagni hækkað úr 13 í 19%. En eins og þetta var vafalaust rétt leið á 7. áratugnum, þegar mismununin var minni og verðbólgan hóflegri en síðar, þá sjá allir að sú leið er nú komin til enda, þar sem með henni hækkar raforkuverð mest þar sem það var hæst fyrir. Eina leiðin í þessu máli er að eigandi Rafmagnsveitna ríkisins komi þarna til móts, að fé í þessu skyni verði veitt á fjárlögum úr sameiginlegum sjóði landsmanna.

Á fjárlögum í fyrra var í fyrsta sinn veitt smáfjárveiting inn í þetta stóra dæmi og öðru sinni á fjárlögum þessa árs. En þarna hefur því miður verið allt of skammt gengið hvað upphæð snertir, þótt virðingarvert sé. Því var það á öndverðu þessu þingi, að ég lagði fram frv. þar sem reynt var að taka á þessu máli. Þar lagði ég til að tekjur Byggðasjóðs yrðu auknar og hann veitti fjármagn til jöfnunar á rafmagnsverði í landinu. Að sjálfsögðu má deila um hvort sú leið var sú rétta að féð færi í gegnum Byggðasjóð, enda var mér það út af fyrir sig ekkert kappsmál. Aðalatriðið er að fá menn til að viðurkenna þetta vandamál og leysa það með því að veita fé úr sameiginlegum sjóði landsmanna, annars vegar til að leiðrétta strax óréttlætið og hins vegar til að gera rekstrargrundvöll Rafmagnsveitna ríkisins eðlilegan.

Því miður snerust umr. um frv. hér á Alþ. meira um formsatriði en vandann sjálfan. En á þessu stórmáli verður að taka við næstu fjárlagagerð. Hér er ekki aðeins um að ræða erfiðleika notenda er búa við miklu hærra rafmagnsverð til heimilisnotkunar, heldur býr og atvinnureksturinn á þessum stöðum við óviðunandi aðstæður að þessu leyti. Verði hér ekki spyrnt við fótum og lagfært stefnir í alvarlega byggðaröskun, því að fólkið leitar þangað sem ódýrast er að lifa.

Þetta, sem ég hef hér rifjað upp, vildi ég sagt hafa áður en ég kem að því máli sem hér er til umr. Við undirbúning þess kom ég því á framfæri, að rafhitun mundi verða dýrari en olíuhitun í vissum tilfellum, þegar tekið væri tillit til hins breytta olíustyrks. Þessi skoðun mín fékk ekki undirtektir. Því var það, að ég beitti mér fyrir því að gerð var sérfræðileg könnun á þessu. Var hún gerð af verkfræðistofunni Fjarhitun h/f. Könnunin sýnir einmitt að þessi skoðun mín hafði við rök að styðjast. Þar kemur fram að rafmagnshitun verður mun dýrari en olíuhitun þar sem stór fjölskylda býr tiltölulega þröngt. Sem dæmi má nefna að hjón með fimm börn, sem búa í fjögurra til fimm herbergja íbúð, 120 m² eða 350 m³ að stærð, verða að greiða 55% meira fyrir rafmagnshitun en fyrir olíuhitun þegar hinn hækkaði olíustyrkur er kominn til framkvæmda. Annað dæmi er að hjón með tvö börn, sem búa í tveggja herbergja íbúð 65m² og 200 m³ að stærð, verða að greiða 115% meira fyrir rafmagnshitun en olíuhitun. Dæmið snýst við þar sem fáir búa í stórum íbúðum.

Með þessu frv. er verið að jafna húshitunarkostnað í landinu. Það væri því hrópleg mistök ef jöfnunin næði ekki til þeirra er minnst mega sín. Ég hef alveg nýverið fengið þessa skýrslu í hendur og hefur því ekki unnist tími til að fá Þjóðhagsstofnun til að reikna stærð vandans. Því hef ég valið þá leið að flytja svo hljóðandi brtt. við frv., að aftan við 17. gr. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Í þeim tilvikum, sem upphitunarkostnaður með raforku reynist hærri en hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk, er ríkisstj. heimilað að jafna þennan mismun með sérstökum styrk."

Ég vonast til að hv. þm. fallist á þessi sjónarmið og samþykki brtt. og hæstv. ríkisstj. noti þessa heimild þannig að komið sé móts við það ranglæti sem frv. óbreytt mundi leiða af sér.

Við umr. núna hefur komið fram, að hv. n. vill ekki taka undir till. mína, en tekur þó undir þau sjónarmið sem í henni felast. Hér er um heimild að ræða, og komi það í ljós við athugun að útreikningar þeir sem brtt. byggir á, reynist ekki réttir verður þessi heimild að sjálfsögðu í samræmi við það sem kom fram hjá frsm. minni hl., að það gæti komið meira fjármagn út úr þeim tekjustofni, sem lögfestur var til þessara hluta, en búist var við, og m. a. með það í huga vonast ég til að hv. þm. skoði þetta mál, veiti ríkisstj. þessa heimild og sjái þannig um að samþykkt þessa frv. leiði ekki til ójöfnunar í vissum tilfellum, eins og ég hef lýst áður.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hv. fjh-. og viðskn. fyrir meðferð þessa máls og fagna því, að það hefur orðið um það eining í n., þó að þarna sé um að ræða stuðning við málið með fyrirvara út af einstökum atriðum sem ég kem örlítið að hér á eftir.

Það er rétt hjá hæstv. forseta, hv. þm. Sverri Hermannssyni, að ég var flm. að frv. til l. um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson var 1. flm. að hér í vetur. Það er að mörgu leyti gott frv. að mínu mati. En það er einn galli á því frv., eins og ég gat um þegar ég var að tala í umr. um málið í Ed. Gallinn var sá, að það var ekki gert ráð fyrir neinni fjáröflun í frv. sjálfu, þó vitað væri að á fjárlögum frá því í fyrra væri ekki um að ræða nema eitthvað um 2000 millj. kr. í þessu skyni. Frv. sem við fluttum gerði ráð fyrir miklu, miklu meiri útgjöldum en sem því nam. Frv. var því að sumu leyti stefnuyfirlýsing, vegna þess að það vantaði í raun og veru það sem við átti að éta í því sambandi, þ. e. nauðsynlega fjármögnun, svo að hægt væri að fjármagna frv.

Þetta frv. sem hér er til umr., um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, felur í sér nokkra stefnubreytingu frá því sem áður hefur verið, annað fyrirkomulag á olíu-

vegna atvinnuhúsnæðis og ýmissa opinberra bygginga annarra en skólahúsnæðis og heimavista, sbr. 7. gr. Þar sem fjármagn til þessara mála hefur verið ákveðið samkv. fjárlögum gerir n. ekki tillögu um þetta, þar sem slíkt framlag kæmi til lækkunar öðrum styrkjum. Ég sé hins vegar að hv. þm. Sverrir Hermannsson og Matthías Á. Mathiesen, sem undirrituðu nál. með fyrirvara, hafa flutt brtt. um þetta efni á þskj. 563 og skal ég ekki ræða þetta mál frekar, en þeir munu væntanlega gera grein fyrir þeirri brtt.

Þá kom fram brtt. á þskj. 550 frá hv. þm. Sigurgeiri Böassyni, þar sem hann leggur til að það verði sett ákvæði í lögin um hvenær styrkurinn skuli í síðasta lagi greiddur. Eftir því sem ég hafði tækifæri til reyndi ég að kanna þetta mál. Ég vil aðeins segja það, að við álítum ekki rétt að festa slíkt í lög að svo komnu máli, en nauðsynlegt er að setja um það ákvæði í reglugerð til að tryggja að ekki verði dráttur á að styrkurinn sé greiddur móttakanda. Hér er fyrst og fremst um að ræða að viðkomandi sveitarfélög hafa ekki skilað styrknum til móttakenda, enda kom fram, að fjmrn. greiðir styrkinn reglulega, samkv. upplýsingum frá því. Ég vil undirstrika það, að ef veruleg brögð eru að því að styrkur þessi sé ekki greiddur innan ákveðinna tímamarka er nauðsynlegt að setja um það ákvæði í reglugerð. Það hlýtur að vera mun eðlilegra að slík atriði séu ákveðin í reglugerð. Vænti ég þess, að hv. þm. Sigurgeir Böasson geti fallist á þann gang mála. En n. tekur undir þetta sjónarmið.

Athygli n. beindist fyrst og fremst að ákvæðum 15. gr. frv., en þar segir:

„Til að tryggja að innlendir orkugjafar séu samkeppnishæfir við olíukyndingu er heimilt að veita varmaveitum framlag til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk."

Nú vil ég taka skýrt fram, að það voru allir á einu máli um að olíustyrkurinn væri tiltölulega lágur og þyrfti að vera mun hærri til að jafna þann mikla aðstöðumun sem er í landinu. Hitt er svo annað mál, sem ekki verður fram hjá gengið, að með því að borga olíuna niður getur það komið upp í ákveðnum tilfellum að slíkt dragi úr vilja manna og áhuga á að nýta innlenda orkugjafa. Það er ekki tilgangur þessa frv., þvert á móti. Þess vegna vildum við reyna að gera hvað við gátum á þessum stutta tíma til að skilgreina með einhverjum hætti 15. gr. Ég vil í því sambandi vísa til nál., en þar kemur fram m. a.:

„Greininni er ætlað að tryggja að ekki dragi úr áhuga við nýtingu hagkvæmra innlendra orkugjafa vegna styrks til húshitunar með olíu. N. þykir nauðsynlegt að settar verði reglur um framlög til varmaveitna, sem eru „þjóðhagslega hagkvæmar", — það má náttúrlega alltaf deila um hvernig skilja beri þetta hugtak, „þjóðhagslega hagkvæmt", sem mikið er notað þessa dagana — „en eru fyrst í stað ekki samkeppnisfærar við húshitun með olíu að frádregnum olíustyrk. N. telur að hér verði eingöngu um undantekningartilvik um takmarkaðan tíma að ræða. Til viðmiðunar í þessu sambandi vill n. taka fram eftirfarandi:

Greiða má tímabundið framlag til varmaveitna, sem starfa á vegum opinberra aðila og hafa samþykktar gjaldskrár, sem fela í sér hærra orkuverð en nemur húshitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk, en lægra en nemur olíuhitunarkostnaði. Framlagið miðist við það, að hjá varmaveitum, þar sem hitunarkostnaður fer fram úr 90% af hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk, er heimilt að greiða viðkomandi varmaveitu sem nemur 90% af þeim mun sem þannig myndast. Framlagið má þó ekki vera hærra en sem nemur þeim olíustyrk, er fallið hefði til íbúa þeirra húsa sem tengd eru slíkum veitum. Framlaginu skal fyrst og fremst varið til að lækka stofnkostnað viðkomandi veitu. Matið á gjaldskrám og samanburður við olíuverð skal miðast við samræmdar reglur sem iðnrn. setur um viðmiðunarhúsnæði, dreifingu stofnkostnaðar, fjármagnskostnað, ákvörðun heimæðagjalds sem hlutfalls af stofnkostnaði og annarra atriða er máli skipta."

Einnig kom það fram í n. og n. varð um það sammála að óska eftir því, að Alþ. verði gerð grein fyrir framkvæmd laganna fyrir þinglok 1981.

Það, sem hér skiptir meginmáli, er að við samræmdar reglur sé miðað þannig að varmaveiturnar séu afskrifaðar með sambærilegum hætti, að viðmiðunarhúsnæði sem við er miðað í þessum samanburði, sé hið sama o. s. frv.

Í þessu sambandi vil ég einnig vekja athygli á brtt. frá hv. þm. Eggert Haukdal, sem er um ákvæði til bráðabirgða. Í þeim tilvikum, sem hitunarkostnaður með raforku reynist hærri en hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk, skal ríkissj. heimilað að jafna þennan mismun með sérstökum styrk. Hér er vissulega um sambærilegt vandamál að ræða, þ. e. að það getur komið upp í vissum tilvikum að hitunarkostnaður með rafmagni sé meiri en með olíu. Það getur líka komið upp að hitun frá varmaveitu sé kostnaðarsamari en olíuhitun að frádregnum olíustyrk, vegna þess að olíustyrkurinn er miðaður við fjölskyldustærð og miðaður við sérhvern einstakling. Þá fer það vissulega eftir því, hvað viðkomandi einstaklingur býr í stóru húsnæði. En hinu skulu menn ekki heldur gleyma, að upphitun með rafmagni og fjarvarmaveitu er einnig í mörgum tilfellum ódýrari eftir samsetningu fjölskyldu og húsnæðisstærð.

Ég held að það sé öllum ljóst að við getum ekki farið út á þá braut að greiða upphitunarstyrk til einstaklinga fyrir innlenda orkugjafa og þá í hlutfalli við fjölskyldustærð, húsnæði og annað þess háttar. Hér hlýtur fyrst og fremst að vera um gjaldskrármál að ræða.

Ég vil taka fram í sambandi við Rafmagnsveitur ríkisins, að þær miða gjaldskrá sína við að raforkuverð til húshitunar sé ekki hærra en með olíuverð að frádregnum olíustyrk. En þá er það höfuðatriði hvaða viðmiðunarhúsnæði þeir hafa. Þeir miða við ársmeðaltal, en í skýrslu frá Framkvæmdastofnun ríkisins um íbúðarhúsnæði á Íslandi 1975 kemur fram að hitað íbúðarhúsnæði sé að meðaltali á landinu 96.7 rúmmetrar á íbúa. Þetta er það sem Rafmagnsveiturnar miða við. Fram kemur í frv. að húshitunarkostnaður með rafmagni sé fyrir þetta húsnæði 99% af húshitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

Það er því ljóst, að sé um minna húsnæði að ræða og marga í fjölskyldu breytist þetta. Það getur því vissulega komið upp að upphitunarkostnaður með rafmagni sé meiri en með olíu að frádregnum olíustyrk. Hef ég í því sambandi fengið upplýsingar, m. a. frá hv. þm. Eggert Haukdal sem hefur látið reikna það út, og eru þessar upplýsingar allar réttar, eftir því sem ég hef best komist eftir. Hér er vissulega um vandamál að ræða sem verður að taka á og verður að glíma við, en ég held að það verði best gert í gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins. Þá er það út af fyrir sig ákvörðunaratriði Alþingis á hverjum tíma,

hvað það vill leggja stórt framlag til Rafmagnsveitna ríkisins, m. a. vegna félagslegra framkvæmda, en Rafmagnsveitur ríkisins fá ákveðið framlag á fjárlögum til þess. Ef hægt væri að hækka það framlag væri vissulega hægt að lækka gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég vil einnig geta þess að það er heimild í 7. gr. frv., — og hefur hún verið notuð, því allar heimildir, sem inn koma í lög, eru til þess gerðar að þær séu notaðar, — í 7. gr. er heimild til að styrkja rafveitur að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, en nokkuð er um að Rafmagnsveitur ríkisins þurfi að nota olíu til að framleiða rafmagn til hitunar íbúða. Er þetta mjög þungur baggi á Rafmagnsveitunum og sá baggi hefur engan veginn verið bættur þeim að fullu í sambandi við þann rekstur. Í þessu frv. eru því fullar heimildir til að greiða Rafmagnsveitunum meira fé, sé það fyrir hendi. En við, sem störfuðum í n., treystum okkur ekki til að leggja það til að rýra þá upphæð sem hér er búið að ákveða í sambandi við olíustyrk.

Ef verulegt fjármagn yrði veitt til ýmissa annarra þátta en hér er gert ráð fyrir hlýtur það að hafa þau áhrif að olíustyrkurinn fyrir hvern einstakling komi til með að lækka. En hins vegar er okkur alveg ljóst það vandamál sem hér er á ferðinni varðandi samanburð við innlenda orkugjafa. Við fengum aftur á móti mjög lítinn tíma til að vinna að þeim málum og gátum ekki gert okkur eins glögga grein fyrir þeim og við vildum hafa gert. Þess vegna settum við í nál. okkar að við óskuðum eftir því, að við fengjum skýrslu og grg. um framkvæmd þessara laga fyrri þinglok 1981, einmitt til þess að geta endurmetið ýmsar heimildir sem eru í þessum lögum. Þessi lög eru mjög í heimildarformi og við töldum nauðsynlegt að fá tækifæri til þess í samvinnu við þau rn., sem um þetta mál fjalla, að skoða þær heimildir að nýju og endurmeta stöðu þessara mála.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa lengra mál varðandi þetta nál. Hér er um mikið réttlætismál að ræða. Þeir, sem búa við þær aðstæður að kynda hús sín með olíu, eru mjög illa settir miðað við marga aðra. Í þessum samanburði öllum mega menn ekki láta hann villa sér svo sýn að jafnvel komi til umræðu að draga úr olíustyrknum. Það vill n. leggja ríka áherslu á. Ég vil einnig taka það fram í sambandi við þennan samanburð, að reiknað er með að það þurfi 13 lítra á ári til að kynda hvern rúmmetra húss. Ég held að sú áætlun sé í mjög mörgum tilfellum of lág. 400 rúmmetra hús mundi samkv. því nota 5200 lítra af olíu á ári, en á mörgum stöðum á landinu er notað meira. Þess vegna er allur samanburður í þessu efni alls ekki einhlítur og menn mega ekki líta of fast á þær tölur sem koma út úr þessum samanburði, því að hann er miðaður við ákveðnar forsendur. Einnig má geta þess, að stofnkostnaður í sambandi við hinar ýmsu tegundir af upphitun er mismunandi eftir því, hvort er notað vatnskerfi, þilofnar, blástur eða annað slíkt. Slík atriði eru ekki tekin með í þessum samanburði.

Ég ítreka að n. leggur til að frv. verði samþ. með þeim hætti sem fram kemur í nál. Við getum ekki samkv. því mælt með því, að breytingar verði gerðar á frv. Við mælum með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Hins vegar tökum við mjög sterklega undir þau sjónarmið, sem koma fram í brtt., og erum að mörgu leyti samþykkir þeim sjónarmiðum. Þó er okkur ljóst að fjármagn þarf til að uppfylla ýmsar óskir sem eru hér til viðbótar.

Þrír nm., hv. þm. Karvel Pálmason, Sverrir Hermannsson og Matthías Á. Mathiesen, undirrita nál. með fyrirvara, en fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. þm. Albert Guðmundsson.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur þæft þetta mál alllengi, en ekki vegna þess að nm. hafi greint á í grundvallaratriðum. Aðilar eru sammála um að bæta þurfi úr í þessum efnum, að hið opinbera og samfélagið þurfi að hlaupa undir bagga og létta hina miklu byrði sem það er mýmörgum heimilum í landinu að kynda hús sín með olíu eins og verðlagi hennar er nú háttað. Það kom fram í umræðum um skattlagningu vegna þessa gjalds, að allir stjórnmálaflokkar voru í þessu efni sammála. Hins vegar greindi menn mjög á um skattheimtuaðferðina og einnig með hvaða hætti lagt var á, þar sem mönnum sýndist seilst lengra en efni stæðu til, og svo er raunar enn enda þótt horfið væri frá hálfu prósenti í sambandi við hækkun söluskatts. Því er það, að þó að brtt. okkar feli í sér einhverja hækkun á olíustyrkjum er það ætlan okkar að grípa megi til þess sem umfram verður í innhemtu þessa 1.5 söluskattsstigs, enda verður upphæðin áreiðanlega hærri en útreikningar og áætlanir segja til um, þar sem alveg er ljóst að allar verðlagsforsendur, sem gengið hefur verið út frá hingað til í sambandi við fjáröflun ríkissjóðs, eru rangar svo munar miklum fjárhæðum.

Ég vil skjóta því einnig inn í, að brtt. þær, sem ég stend hér að, eru alveg sérstaklega fluttar til að styðja við bakið á hæstv. viðskrh. Við erum gamlir og nánir vinir. Mér sýnist að hann hafi orðið undir allharkalega í samningu þessa frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar og hafi þar iðnrn. náð undirtökunum. Ég er með annað frv. í höndum sem fjórir djúphyggjumenn fluttu fyrr á þinginu um þetta efni. Hæstv. viðskrh. er þar einn, en hinir eru Þorv. Garðar Kristjánsson, hv. 4. þm. Vestf., Stefán Jónsson, hv. 4. þm. Norðurl. e., og Eiður Guðnason, hv. 5. þm. Vesturl. — allt saman afrendir menn og gjörkunnugir í þessum efnum, ekki síst hv. 4. þm. Vestf., en viðskrh. ber náttúrlega höfuð og herðar yfir þá vegna stöðu sinnar. Það er ekki síst þess vegna sem ég beitti mér fyrir því, að þessar till. eru fluttar, að mér leist mjög vel á fyrri till., sem fluttar voru í frv. á þskj. 112.

En þetta mál velktist alllengi fyrir n., og það er vegna þess að mjög óljóst er um hvernig framkvæmd kunni að verða á þessum lögum. Fyrir því er það, að flestar greinarnar eru í heimildarformi. Raunar er það svo, að ég hef verið þeirrar skoðunar að nauðsyn bæri til þess, þar sem erfitt væri að njörva þetta alveg niður, að menn hefðu nokkuð rúmt um hendur í framkvæmdinni. En til þess að Alþ. yrði gerð grein fyrir framkvæmd laganna — og eins og segir í nál. á þskj. 558: fyrir árslok 1981. Menn töldu ekki að haldbær reynsla hefði fengist fyrr. Þá geta menn af reynslunni dæmt um hvernig til hefur tekist.

Það er rétt, eins og fram kom í ræðu hv. 3. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, að við vorum mjög vokins yfir 15. gr. Og þrátt fyrir það, sem segir í nál. okkar og haft er til viðmiðunar, má segja að nokkuð sé rennt blint í þennan sjó. En eins og ég segi: Við álítum að reynslan verði að skera mjög úr um hvernig skynsamlegast á þessu verður haldið.

Þær brtt., sem ég og hv. 1. þm. Reykn. flytjum, eru þær að inn í frv. bætist ný grein, sem yrði 5. gr., um að í fyrsta lagi verði olíustyrkir greiddir þeim sem nota olíu til upp-

Og hver fann svo upp þessi nýju skattalög, sem menn hafa verið að puða hér við í allan vetur og nú á að framkvæma í fyrsta sinn? Hver annar en þessi sami Matthías Á. Mathiesen í þessari sömu ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar.

Þannig er nú stefnufesta Geirsarmsins í skattamálum. Og nú hrópa þeir hér í kvöld og alla daga um skattpíningu, og fulltrúar Alþfl., eins og Jóhanna Sigurðardóttir, reyna eftir bestu getu að vinna sig í álit sem litla íhaldið í landinu og taka undir þennan söng. En skattseðlarnir í vor munu sýna láglaunafólki það, að Alþb. hefur gert tekjuskattinn léttari fyrir almennt launafólk en Matthías Á. Mathiesen ætlaði í upphafi. Fjmrh. Alþb. gerði skattkerfisbreytinguna mun hagstæðari láglaunafólki en Matthías Á. Mathiesen ætlaði í upphafi. Við í Alþb. kvíðum því engu þegar skattseðlarnir birtast í vor. Ætli það endurtaki sig ekki sama sagan og í fyrra, þegar Morgunblaðið fann engan nema fáeina atvinnurekendur sem voru óánægðir með skattana sína? Ætli veruleikinn muni ekki afhjúpa á ný þetta áróðursmoldviðri stóra íhaldsins í Geirsarminum í Sjálfstfl. og litla íhaldsins, vonsviknu viðreisnarkratanna.

Og hvað með stefnufestuna í ríkisfjármálum og fjárhag sveitarfélaga? Nú krefjast þessir herrar tekjuafgangs ríkissjóðs, en í fjögur ár rak Matthías Á. Mathiesen ríkissjóð Geirs Hallgrímssonar með slíkum tugmilljarða halla að allar ríkisstjórnir síðan hafa verið að keppast við að greiða Seðlabankanum syndaskuldir Matthíasar Á. Mathiesen og hefur ekki dugað til.

Og stefnufestan gagnvart sveitarfélögunum, sem á hátíðisdögum í Sjálfstfl. eiga að heita hornsteinn lýðræðisskipulagsins í landinu, lýsir sér best í því, að þegar meiri hl. Alþingis veitti sveitarfélögum aukið sjálfsforræði í fjárhagsmálum, sem Samband ísl. sveitarfélaga hafði margóskað eftir, þá greiddi Geirsliðið í Sjálfstfl. og litla íhaldið í Alþfl. atkv. gegn auknu fjárhagslegu sjálfsforræði sveitarfélaganna. En það er ánægjulegt að Alþfl.-menn í sveitarfélögum um allt land hafa haft aðra skoðun á því máli en Jóhanna Sigurðardóttir hér í kvöld.

Hver var röksemd Geirsliðsins gegn því að leggjast hér gegn vilja sveitarfélaganna? Jú, hún var sú, að ríkið, fjárhagur ríkisins, sem nú var orðið óskabarn Geirsarmsins í Sjálfstf., átti að þeirra dómi að hafa forgang. Það er lærdómsríkt fyrir sveitarstjórnarmenn um allt land og alla þá, sem vilja efla aukið lýðræðislegt vald fólksins sjálfs yfir eigin málum, treysta heimastjórn íbúanna og lýðræðislegt frumkvæði byggðarlaganna í atvinnumálum, félagsmálum og öðrum málaflokkum, að hugleiða þá staðreynd, að það var að frumkvæði Alþb. hér á Alþingi að fjárhagsgrundvöllur og þar með lýðræðiskraftur sveitarfélaganna var styrktur. Á þeirri stundu hrópaði Geirsklíkan í Sjálfstfl. á aukið vald ríkisins.

Nei, þessir herramenn ættu sem minnst að tala um stefnufestu. Síðustu mánuði, síðustu vikur hafa þeir kúvent í hverju málinu á fætur öðru og nú síðustu dagana hlaupa þeir frá öllum fyrri stefnuatriðum Sjálfstfl. í Jan Mayen málinu og afhenda Norðmönnum algeran sigur yfirráð og allan rétt.

Það var til lítils fyrir Alþb. — og við munum draga lærdóm af því — að mynda sameiginlega afstöðu með svo ístöðulitlu liði. Á úrslitastundu á hálfum sólarhring í Oslóborg hljóp Geirsarmurinn frá öllu saman. Ósigur Íslendinga í samningum við Norðmenn er fyrst og fremst sök Geirsarmsins í Sjálfstfl. Sjálfstfl. krafðist sameiginlegra yfirráða Norðmanna og Íslendinga hvað snertir nýtingu hafs og hafsbotns á Jan Mayen svæðinu, en nú samþykkir hann yfirráð Norðmanna einna. Sjálfstfl. krafðist sameiginlegrar fiskveiðilögsögu Norðmanna og Íslendinga. Nú samþykkir hann fiskveiðilögsögu Norðmanna einna. Sjálfstfl. krafðist jafnrar nýtingar á auðlindum hafs og hafsbotns. Nú samþykkir hann algeran yfirráðarétt Norðmanna yfir nýtingu auðlinda Jan Mayen svæðisins. Sjálfstfl. krafðist að Íslendingar ættu rétt á að veiða að jöfnu allan þann afla sem fengist á Jan Mayen svæðinu, bæði loðnu, kolmunna, síld og aðra stofna. Nú samþykkir hann tímabundið samkomulag um loðnuveiðar sem veitir Norðmönnum allan rétt innan fárra ára og staðfestir eftirgjöf á kröfum Íslendinga til ákveðinnar hlutdeildar í kolmunna, síld og öðrum stofnum. Sjálfstfl. krafðist þess, að veiðar annarra þjóða á Jan Mayen svæðinu yrðu útilokaðar. En nú samþykkir hann að Norðmenn hafi fullan rétt til að semja á hvern þann hátt sem þeim sýnist við aðrar þjóðir um Jan Mayen svæðið. Sjálfstfl. hélt til streitu landgrunnskröfum Íslendinga á Jan Mayen svæðinu, en nú samþykkir hann landgrunnsákvæði án nokkurrar tryggingar fyrir Íslendinga.

Staðfesting Sjálfstfl. hér á Alþingi fyrr í dag á uppgjöfinni í Jan Mayen málinu sýnir ásamt stefnuleysi þeirra í efnahagsmálum, skattamálum, ríkisfjármálum og lýðræðismálum sveitarfélaganna, að íslenska þjóðin getur ekki tekið neitt mark á stefnu flokksins í einstökum málum. En því miður er það ekki aðeins gagnvart íslensku þjóðinni sem uppgjöf Sjálfstfl. í Jan Mayen málinu sýnir stefnuleysi, ístöðuleysi og alvöruleysi flokksins. Með uppgjöf sinni er flokkurinn einnig að gefa ríkisstjórnum annarra landa það til kynna, að í framtíðinni þurfi ekki að taka neitt mark á tillögugerð Sjálfstfl. Hvorki íslenska þjóðin né ríkisstjórnir annarra landa þurfa að taka mark á Geir Hallgrímssyni og hirð hans. Þess vegna ætti Geir Hallgrímsson að sjá sóma sinn í því að koma ekki hér og tala um ístöðuleysi og stefnuleysi. Leiftursóknin og Jan Mayen málið eru nægilegur vitnisburður um það, hve lítið mark er takandi á orðum formanns Sjálfstfl., hve innantómar eru þær yfirlýsingar sem flokkurinn hefur látið frá sér fara. Og þessu til viðbótar eru nú hollt að hv. þm. Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstfl., minnist þess vel og rækilega að sá, sem ekki getur stjórnað eigin flokki, á ekki að bjóðast til að stjórna þjóð. Sá, sem ekki getur staðið stundinni lengur á eigin stefnu, á ekki að ásaka aðra um stefnuleysi.

Alþb. hefur haldið traust og örugglega á þeirri stefnu sem íslensku þingflokkarnir mótuðu sameiginlega í Jan Mayen málinu. Það eru aðrir sem hafa rofið það samkomulag flokkanna. Og það þýðir ekki fyrir Geir Hallgrímsson að bjóða þjóðinni upp á það grín, að vegna þess að hann skipaði Matthíasi Bjarnasyni að yfirgefa í Osló fyrri stefnu Sjálfstfl., þá eigi Alþb. að fara úr ríkisstj. og losa Geirsliðið þar með við þá martröð, sem greinilega kom fram hjá þeim hér í kvöld, að þurfa að horfa upp á Gunnar Thoroddsen í stóli forsrh.

En það er ekki aðeins í þessu máli sem fulltrúar Alþb. á Alþingi hafa haldið stefnunni hátt á loft. S. l. laugardag fór hér fram umr. um skýrslu utanrrh. Þar var rækilega gerð grein fyrir þeirri ógnarhættu sem Alþb. telur að felist í herstöðinni í Keflavík og þeim grundvallarbreytingum sem orðið hafa á vopnabúnaði stöðvarinnar á síðustu áratugum. Það er mikill misskilningur, hættulegur misskilningur, sem kemur fram í skýrslu utanrrh.

og stuðningsmannanna og hjá stuðningsmönnum NATO hér á Alþ., að herstöðin í Keflavík sé tiltölulega saklaus eftirlitsstöð, sem hafi litlar hættur í för með sér. Eðlisbreytingarnar, sem orðið hafa á herstöðinni, hafa gert hana að lykilþætti í kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna í Norður-Atlantshafi og þar með sett Ísland í brennidepil ógnarkapphlaups stórveldanna. Eðli kjarnorkuvopnakapphlaups þeirra hefur á síðustu 10—15 árum breyst í það horf, að það eru fyrst og fremst herstöðvarnar sjálfar, staðsetning upplýsingatækja og vopnabúnaðar, sem skapa árásarhættuna.

Á Norður-Atlantshafi er ógnarkapphlaupið af hálfu Bandaríkjanna grundvallað á þremur þáttum: Í fyrsta lagi á öflugu upplýsingakerfi frá undirdjúpaduflum. Í öðru lagi á flugvélum sem eiga að flytja sprengjur með kjarnaoddum. Í þriðja lagi á kjarnorkukafbátum sem ætlaðir eru vera helstu árásartækin í átökum. Herstöðin í Keflavík er lykilþáttur í framlagi Bandaríkjanna til þessa ógnarkapphlaups á Norður-Atlantshafi. Kaplarnir, sem liggja í sjó út frá Snæfellsnesi, Hornafirði og Reykjanesi og tengjast hinu flókna hlustunarkerfi Bandaríkjanna í undirdjúpum Norður-Atlantshafsins, Orionflugvélarnar, sem ætlað er að flytja sprengjur með kjarnaoddum er þörf krefur, Awacsflugvélarnar, sem hingað komu nýlega og hvergi annars staðar eru staðsettar í Norður-Atlantshafi og búnar eru tækjakosti til að stýra árás á annað ríki í kjarnorkuvopnaátökum, og kjarnorkukafbátarnir, sem sigla um höfin hér í kring, allt þetta gerir það að verkum að sú tæknilega eðlisbreyting, sem orðið hefur á herstöðinni í Keflavík, hefur gert hana að lykilþætti í kjarnorkuvopnakerfinu sem þróast hefur á Norður-Atlantshafi.

Það er nauðsynlegt fyrir íslenska þjóð að átta sig á því, að það er ekki landfræðileg lega landsins, sem skapar hættu á árás ef til átaka kemur milli stórveldanna. Það er fyrst og fremst og eingöngu sá flókni tækjabúnaður, sú hernaðarlega aðstaða sem Bandaríkin hafa hér. Ógnir kjarnorkuvopnastyrjaldar eru hér við okkar eigin bæjardyr.

Það er stórt og mikilvægt verkefni fyrir Alþingi Íslendinga, íslensk stjórnvöld og þjóðina alla að gera sér skýra grein fyrir þeirri tortímingarhættu sem okkur öllum stafar af þeim tækjabúnaði sem annað stórveldanna hefur á s. l. 10—20 árum fest í sessi í okkar landi. Tortímingarhættan, gereyðingarhættan, sem herstöðin í Keflavík skapar íslenskri þjóð, er umhugsunarefni, ömurlegt og hryllilegt, en nauðsynlegt umhugsunarefni fyrir alla þá sem unna framtíð íslenskrar þjóðar.

Alþb. hefur hér á Alþingi vakið rækilega athygli á þessu umhugsunarefni. Og Alþb. vill í kvöld ljúka þessum umr. frá Alþingi með því að hvetja alla Íslendinga til að hugleiða í alvöru — rólegri og helypidómalausri alvöru — þá miklu ógn sem felst í því að herstöðin hér hefur sett okkur í brennidepil kjarnorkuvopnakerfis annars stórveldanna. Slík ógn er okkur öllum hættuleg. Hún er börnum okkar hættuleg. Hún stefnir í hættu ekki aðeins efnahagslegu og pólitísku sjálfstæði Íslendinga, heldur einnig gervallri tilveru íslenskrar þjóðar. — Góða nótt.

Neðri deild, 81. fundur.

Þriðjudaginn 20. maí, kl. 2 miðdegis.

Afgreiðsla þingmála.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég tel mig ekki komast hjá því að taka til máls um þingsköp að gefnu tilefni. Í dag er reglulegur fundardagur í Sþ. og sú venja hefur verið viðhöfð að þriðjudagar væru m. a. notaðir til að svara fsp. Í þingskapalögum, 32. gr., eru skýr ákvæði um hvernig fara eigi með þær fsp. sem lagðar eru fram og hafa verið samþ. á hv. þingi. Þannig stendur á, að ég á þrjár fsp. hér sem ekki hefur fengist svar við. Í eitt skipti gat ég ekki verið viðstaddur vegna veikinda minna, en í fjögur skipti var hæstv. sjútvrh. fjarverandi í embættiserindum, gerí ég ráð fyrir, og gat því ekki verið hér til að svara þeim tveim fsp. sem liggja fyrir til hans. Þriðja fsp. mín er hins vegar til hæstv. dómsmrh., sem hefur ekki enn þá gefist tími til að svara, og má vera að það sé eðlilegt vegna veikinda minna umræddan dag. En auk þess ber að hafa í huga að fjöldi mála liggur enn óræddur í Sþ.

Það er ljóst og var auðvitað ljóst í síðustu viku, að það er útilokað að ljúka þingi í dag og þm. eiga því kröfu á að eðlilegu þinghaldi sé fram haldið meðan þing stendur. Þess vegna tel ég að við eigum kröfu á að um þau mál, sem eru annaðhvort hálfrædd eða órædd í Sþ., og þ. á m. fsp. sem á að vera búið að svara, sé haldinn sérstakur fundur í Sþ. Ég óska því eftir því við hæstv. forseta Nd. að hann komi þessari ósk minni áleiðis til forseta Sþ. og þeirra annarra sem virðast ráða öllu um vinnubrögð á hv. Alþ. þessa dagana.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil aðeins taka það fram, að miklar umr. fara nú fram um þinghaldið og það mun verða gefið hlé til þingflokksfunda að loknum umr. utan dagskrár, þar sem þingflokkar munu ræða sérstakt erindi hæstv. ríkisstj. það varðandi. Ég bendi á að fundir hafa verið haldnir í Sþ., m. a. í gærdag, tveir fundir meira að segja þannig að forsetar hafa kappkostað að greiða fyrir málum. Forsetar hafa sem mest að vinna þessa dagana og vilja gjarnan liðka fyrir að mál nái fram. Sagt hefur verið að erfitt sé að þjóna tveimur herrum, en hjá okkur forsetum færist skörin upp í bekkinn þegar þeir eru orðnir 57.

Gengið er til dagskrár, en ég mun koma á framfæri þessari málaleitan hv. 1. landsk. þm. hið fyrsta.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. (þskj. 339, n. 558, 463, 550, 563). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Við í fjh.- og viðskn. lögðum á það hina mestu áherslu fyrir helgina að skila nál. í þessu máli og hefðum þá út af fyrir sig þurft lengri tíma til að vinna í máli þessu, en við skiluðum nál. eigi að síður til þess að þetta mál mætti ná fram að ganga áður en þingi lýkur. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þetta mál geti gengið hið fyrsta til Ed., því að um mál þetta er, að mínu mati, góð samstaða og ætti ekki að vera eitt af þeim málum sem væru nokkurn veginn í kyrrstöðu í Nd.

Á nál. á þskj. 558 stendur m. a. að í n. hafi komið fram sjónarmið um að nauðsynlegt væri að greiða olíustyrk

skamma tíma hafa þó verið eða munu ýmis mikilvæg mál verða afgreidd. Fjárlög, lánsfjáráætlun og skattalög eru að sjálfsögðu meðal stærstu mála þingsins. Um þessi mál ætla ég ekki að fjölyrða, en vek athygli á því, að tekist hefur að halda skattheimtu til ríkisins undir 29% þjóðartekna og erlendri lántöku um 85 milljarða. Hvort tveggja teljum við framsóknarmenn að vísu í hámarki, en teljum þó viðunandi miðað við gífurlega framkvæmdaþörf, ekki síst á sviði orkumála, og mikla fjárþörf ríkissjóðs, m. a. vegna félagslegra umbóta.

Með afgreiðslu á þessu þingi er lokið endurskoðun þeirra skattalaga sem allir stjórnmálaflokkar eiga drjúgan þátt í. Í því sambandi hefur stjórnarandstaðan þyrlað upp miklu moldryki, sem fellur þó ekki síst á hana sjálfa. Það er ekki heiðarlegur málflutningur að halda því stöðugt fram, að skattar hafi hækkað, en þegja yfir hinu, að tollar hafa lækkað, m. a. vegna samninga okkar við Fríverslunarbandalag Evrópu.

Vegna þess stjórnleysis, sem hér ríkti þá 4 mánuði sem stjórn Alþfl. sat undir verndarvæng Sjálfstfl., var ekki unnt að vinna samhliða að undirbúningi fjárl. og lánsfjáráætlunar eins og gera verður. Slík vinnubrögð verða hins vegar viðhöfð við undirbúning þessara mála fyrir næsta ár.

Á þessu þingi hafa verið til meðferðar ýmis mjög mikilvæg mál félagslegs eðlis. Ég nefni lög um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, sem tvímælalaust eru meðal merkari félagslegra umbóta sem í hefur verið ráðist. Þegar um svo viðamiklar umbætur er að ræða er hins vegar ekki óeðlilegt að lagfæra þurfi að fenginni reynslu. Frv. um Húsnæðisstofnun boðar jafnframt gífurlega kjarabót fyrir launþega. Við skulum vona að íhaldsöflunum takist ekki að stöðva framgang þess máls á þessu þingi. Ef svo fer verður málið að sjálfsögðu endurflutt þegar í haust.

Ný lög um lögskráningu sjómanna hafa verið samþykkt. Þau tryggja stórum betur en verið hefur hlut sjómanna að þessu leyti. Breytingar á sjómannalögum eru til meðferðar og geri ég fastlega ráð fyrir að það frv. verði samþykkt. Með þeim lögum verða m. a. stórauknar bætur og tryggingar sjómanna í veikinda- og slysatilfellum. Það er von mín, að menn geti þá orðið sammála um að sæmilega sé staðið við þau loforð sem sjómönnum voru gefin af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar um félagslegar umbætur.

Ég vil jafnframt lýsa þeirri von minni, að launþegar almennt meti þær miklu félagslegu umbætur sem tryggðar hafa verið og fram undan eru. Það er einlæg von mín, að það komi fram í góðu samstarfi ríkisstj. og launþega um lausn á þeim gífurlega efnahagsvanda sem þjóðin stendur frammi fyrir. Benedikt Gröndal sagði áðan: Við lögðum fram öll góðu málin. — Rétt er það, að setustjórn Alþfl. lagði fram ýmis þau mál sem undirbúin voru m. a. í stjórn Ólafs Jóhannessonar. Staðreyndin er þó sú, að flest voru þau þannig lögð fram að það hefur kostað þingið gífurlega vinnu að færa þau í það lag sem viðunandi er. Ágætt dæmi um þetta er frv. til l. um breytingu á sjómannalögum sem var lagt fram, eins og í ljós kom, í fullkominni andstöðu við vilja sjómanna.

Þessu stutta yfirliti yfir störf Alþingis verður ekki lokið án þess að minnast á Jan Mayen samningana. Vissulega hefðum við öll viljað hafa ýmislegt nokkuð á annan veg en þar er. Þó leyfi ég mér að fullyrða að samningurinn sé á heildina litið góður og í ýmsum atriðum mjög hagstæður fyrir okkur Íslendinga. Ég nefni sem dæmi heimild til þess að ákveða einir heildarveiði á loðnu. Þessi viðurkenning er að mínu mati ákaflega mikilvæg. Af þessari ástæðu var einnig m. a. mikilvægt að fá í samninginn að hann skuli lagður fram til jafns við drögin að hafréttarsáttmálanum í viðræðum við Efnahagsbandalagið sem reyndar eru þegar að hefjast. Full viðurkenning á 200 sjómílna fiskveiðilögsögu er að sjálfsögðu mikill sigur. Og fleira mætti nefna, sem ég sé þó ekki ástæðu til með tilliti til hinnar ítarlegu umr. sem undanfarna daga hefur farið fram um samning þennan. Þó vil ég geta þess, þar sem mér þykir það ekki hafa komið nægilega fram, að það atriði samningsins, sem mér þykir varhugaverðast, varðar rétt okkar til að koma í veg fyrir boranir eftir olíu á Jan Mayen svæðinu ef okkur þykir ekki nægilega tryggilega frá öllu gengið. Að vísu eru hagsmunir okkar í þessu sambandi ítarlega viðurkenndir, sem er að sjálfsögðu ólíkt betra en enginn samningur. Hins vegar er það staðreynd, að áhættan er mikil. Slys við olíuvinnslu gætu haft ófyrirsjáanleg áhrif. Í þessu sambandi þurfum við Íslendingar því að halda vöku okkar. Við verðum að beita okkur fyrir því á alþjóðlegum vettvangi, að settar verði hinar ströngustu reglur um olíuboranir neðansjávar og skyldur eins ríkis gagnvart öðru ef tjóni er valdið.

Mér sýnist ástæða til að geta þess, að samstarfið í hinni íslensku samninganefnd var með ágætum. Þar lögðu allir, stjórnarsinnar, stjórnarandstæðingar og embættismenn, margt gott til mála sem stuðlaði að þeim hagstæða samningi sem við fengum. Það olli mér því sannarlega vonbrigðum og kom mér á óvart, með tilliti til þess sem á undan var gengið, að fulltrúi Alþb. og flokkur hans snerist gegn samningnum. Sannaðist þá enn, að oft er erfitt að breyta út af vananum. Engum er þó meira að þakka, hve vel tókst til, en utanrrh. Ólafi Jóhannessyni. Hans mikla reynsla og góða forusta var ómetanleg.

Fram undan eru nú að ýmsu leyti erfiðari samningar við Efnahagsbandalag Evrópu. Þar eigum við mikilla hagsmuna að gæta. Viðræður hefjast nú í þessari viku við Dani. Það er mjög mikils virði að geta lagt fram samninginn við Norðmenn þegar í upphafi þeirra viðræðna. Ég vil leyfa mér að vona að okkur auðnist að standa vel saman um þá samninga.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls hefur þessi vetur orðið íslensku efnahagslífi erfiður. Setustjórn Alþfl. horfðist ekki í augu við vandann, honum var frestað. Jóhanna Sigurðardóttir var ekki sammála þessu hér áðan né Sverrir Hermannsson. Dæmin eru þó æðimörg. Sem dæmi má nefna að þegar fiskverð var ákveðið í janúar var látið að því liggja, að fiskvinnsla gæti undir því staðið án verulegs gengissigs. Þegar dæmið var gert upp í febrúar kom hins vegar annað í ljós. Þá var afli frystihúsanna á ársgrundvelli áætlaður um 11 milljarðar. Þessum vanda varð ekki mætt nema m. a. með 8% gengissigi. Svipað má segja um ýmsar hækkanir til opinberra fyrirtækja sem höfðu verið geymdar með vaxandi skuldasöfnun og vandræðum. Þessa hluti varð að sjálfsögðu að leiðrétta. Því er vandinn meiri um næstu mánaðamót en ráð var fyrir gert.

Við framsóknarmenn viljum mæta þessum vanda með því að fella niður eða fresta a. m. k. 2—3 vísitölustigum. Þetta má gera með auknum niðurgreiðslum í samræmi við stjórnarsáttmálann og með því að dreifa hækkun húsaleiguvísitölu yfir fleiri ársfjórðunga, sem ætti að vera unnt, ekki síst ef miklar félagslegar umbætur eru ein-

hvers metnar. Að sjálfsögðu verður þó ekkert slíkt gert gegn vilja launþega, bænda og sjómanna. Án slíkra aðgerða er hins vegar ljóst, að ekki mun takast að telja verðbólguna eins hratt niður og að hefur verið stefnt. Í þessu sambandi er þó nauðsynlegt að hafa í huga að kjarasamningar allir eru lausir. Það veldur meiri vanda um þessi mánaðamót. Þótt því verði ekki neitað, að kröfur Alþýðusambands Íslands um grunnkaupshækkanir eru hógværar, er hitt þó staðreynd, að þjóðarbúið ber engar grunnkaupshækkanir eins og nú er ástatt. Að því hefur verið unnið ötullega að skapa grundvöll til samninga, bæði við Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem rúmast innan getu þjóðarbúsins. Við þessi stóru samtök ber að semja samhliða. Það er von mín, að það megi takast þannig að viðunandi sé fyrir alla aðila. — Vissulega eru ýmis hættumerki fram undan í baráttunni við verðbólguna.

Ég get að vísu fallist á að varla er mikils árangurs að vænta á þremur mánuðum eftir fjögurra mánaða stjórnleysi. Hins vegar er jafnljóst nú eins og fyrr, árangur mun ekki nást nema með samræmdum aðgerðum á öllum sviðum. Því hef ég lagt til í ríkisstj. að þegar verði skipuð nefnd með tveimur mönnum frá hverjum aðila í ríkisstj. til þess að gera till. um samræmingu opinberra aðgerða á sviði fjármála, lánsfjáráætlunar, peningamála og hverju því öðru sviði sem áhrif hefur á verðbólguna, til að ná því höfuðmarkmiði að verðbólgan hér á landi verði árið 1982 orðin ekki meiri en í helstu viðskiptalöndum okkar. Á þetta hefur ríkisstj. fallist og mun það starf þegar hefjast.

Til lengri tíma litið er lausn okkar efnahagsvanda hins vegar fólgin í aukinni framleiðslu og framleiðni á öllum sviðum atvinnuveganna. Landbúnaðarmálin eru þar í nokkrum sérflokki. Þar er vandinn mikill vegna söluerfiðleika, og ég vil leggja á það ríka áherslu, að mjög er mikilvægt, ekki síst fyrri bændur þessa lands, að landbúnaðarframleiðslan verði aðlöguð því ástandi sem ríkir. Ég er vongóður um það, enda er ríkisstj. ákveðin í að hlaupa undir bagga og veita bændum þann aðlögunartíma, sem nauðsynlegur er, og aðstoð til þess að hefja nýjar búgreinar.

Engin ein atvinnugrein önnur hefur nálægt því eins mikil áhrif á afkomu okkar Íslendinga eins og fiskveiðar og fiskvinnsla. Því hefur áratugum saman árið verið talið gott ef afli var góður. Það má því heita kaldhæðni að nú skuli þurfa að beita hinum ótrúlegustu boðum og bönnum til þess að draga úr sjávarafla. Hjá þessu hefur þó ekki orðið komist í ár. Með nýju skipum og nýrri tækni er sóknarþunginn orðinn svo mikill að fiskstofnarnir fá ekki undir risið. Þegar núv. ríkisstj. tók við hafði samstaða náðst við fulltrúa sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnsluna um takmarkanir á þorskveiðum á þessu ári. Eftir þeim hugmyndum hefur verið unnið, enda erfitt að söðla um í miðju fljótinu.

Skúli Alexandersson harmaði þetta áðan, og undir það get ég að vísu tekið. En málið er miklu flóknara og viðkvæmara en hann virðist gera sér grein fyrir. Fiskifræðingar höfðu lagt til að þorskaflinn yrði takmarkaður við 300 þús. lestir í ár. Fyrrnefndar hugmyndir, sem samstaða hafði náðst um við hagsmunaaðila, eru hins vegar byggðar á 350 þús. lesta þorskafla. Þegar eftir 4 mánuði er þorskaflinn orðinn 227 þús. lestir. Ég hygg að mönnum sé nú orðið ljóst að þessi leið, sem nefna mætti skrapveiðileið gagnvart togurum, og takmarkalaus veiði bátanna á vetrarvertíðinni er ófær til stjórnunar á veiðimagni. Ég mun því leggja á það ríka áherslu að endurskoða þessar reglur fyrir árið 1981 og framtíðina. Skoðun mín er sú, að leita beri að leiðum til að tengja betur veiðar og vinnslu en gert hefur verið. Ríkisvaldinu ber að ákveða heildarramma veiðanna, en veita síðan hagsmunaaðilum víðtækt frelsi til þess að ráða veiðum innan þess ramma. Ég hygg að mönnum sé það öllum ljóst, að aldrei næst stjórn á fiskveiðum okkar Íslendinga nema nokkur stjórn sé á stækkun veiðiflotans. Því hef ég lagt til í ríkisstj. að fiskiskip verði tekin af frílista. Ég er jafnframt að skipa starfshóp til þess að athuga eðlilega stærð og endurnýjunarþörf báta- og togaraflotans og benda á leiðir til stjórnunar.

Góðir hlustendur. Tíma mínum er senn lokið. Þessar fáu mínútur hef ég orðið að stikla á stóru. Mér hefur ekki unnist tími til að ræða svo mikilvæga þætti sem undir mín rn. falla, eins og t. d. samgöngumálin. Þar eru gífurleg verkefni fram undan. Í vegamálum t. d. tel ég að okkur Íslendingum beri að leggja höfuðáherslu á annars vegar að bæta þá vegi, sem snjóþyngstir eru, og að leggja bundið slitlag á aðalvegakerfi landsins. Ég geri mér vonir um að geta lagt fram í haust vegáætlun sem að þessu stefnir. En hvað sem líður þessum fjölmörgu verkefnum á sviði orkumála, samgöngumála, iðnaðarmála, sjávarútvegsmála, landbúnaðarmála o. s. frv., þá er það verðbólgan sem er meginviðfangsefni þessarar ríkisstj. og tvímælalaust mikilvægast fyrir íslenskt þjóðlíf að við verði ráðið. Sannarlega hafa ákvarðanir á flestum sviðum áhrif á gang verðbólgunnar. Ríkisstj. hefur sett sér það meginmarkmið, að verðbólgan hér á landi verði árið 1982 orðin svipuð og er í helstu viðskiptalöndum okkar. Það meginmarkmið verður að ráða því, hvað við getum leyft okkur á hinum ýmsu sviðum. Ríkisstj. verður dæmd og hana ber að dæma eftir því, hvernig það tekst. — Góða nótt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Talsmönnum Geirsliðsins í Sjálfstfl. hefur í kvöld orðið tíðrætt um stjórnleysi og stefnuleysi. Slíkar ásakanir koma úr hörðustu átt. Við skulum skoða stefnufestu þeirra á nokkrum ólíkum, en mikilvægum sviðum.

Fyrir kosningar settu þeir fram hina frægu leiftursókn í efnahagsmálum. Nokkrum vikum eftir kosningar var Geir Hallgrímsson gersamlega horfinn frá þessum tillögum og setti fram í stjórnarmyndunarviðræðum allt aðrar hugmyndir. Og það hefur verið hljótt um leiftursóknarboðskapinn hér í þingsölum. Jafnvel Friðrik Sophusson er hættur að kyrja þennan stríðssöng.

Í baráttunni gegn verðbólgunni fer því lítt fyrir stefnufestu Geirsliðsins. Leiftursóknin er gleymd og grafin og í hennar stað hefur komið síendurtekið skattanöldur sem menn hafa fengið að heyra hér í kvöld.

En hver skyldi svo vera stefna þessara herra í skattamálum? Í stjórnarandstöðu boða þeir afnám skatta, en um leið og ráðherrastólarnir yljuðu bossum þeirra 1974—1978 var færiband nýrrar skattaframleiðslu komið í fullan gang.

Hver fann upp vörugjaldsskattinn? Jú, það var Matthías Á. Mathiesen í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar.

Hver fann upp sjúkratryggingaskattinn? Jú, það var Matthías Á. Mathiesen í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar.

Og hver stórhækkaði söluskattinn ? Jú, það var Matthías Á. Mathiesen í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar.

styrkjum og nokkrar viðbætur varðandi orkusparnað og um nýtingu innlendra orkugjafa. Öll þessi ákvæði eru til mikilla bóta frá því sem áður hefur verið. Þetta er nýtt kerfi, og þó að gerðar hafi verið áætlanir um hvað það muni kosta, ef svo mætti að orði komast, í framkvæmdinni vita menn það ekki með vissu. Ég heyrði það á hæstv. forseta, hv. þm. Sverri Hermannssyni, að hann dró í efa að það fjármagn, sem er til reiðu á fjárlögum, samtals 4500 millj. kr., mundi nægja til að greiða þá styrki sem gert er ráð fyrir samkv. frv. Ég skal ekki um það segja, það kann vel að vera, en þær áætlanir, sem fyrir liggja voru gerðar í Þjóðhagsstofnun og iðnrn. og ég vona að þær muni í öllum aðalatriðum standast. En um það verður ekki sagt með neinni vissu.

Eins og kom fram hjá frsm. fjh.- og viðskn., hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, þá er það rétt, að olíustyrkurinn mætti gjarnan vera hærri ef tekið er einvörðungu tillit til þess að menn búi við sæmilegt réttlæti í þessum málum. En á hitt ber að líta, að stefna frv. er í raun og veru einnig, til viðbótar jöfnuninni, fólgin í því að hvetja menn til að nýta innlenda orkugjafa til upphitunar. Þess vegna er það að menn vilja ekki fara of langt út í að greiða niður kostnaðinn. Þá er hætta á því að menn vilji ekki nota innlenda orkugjafa og það seinki framkvæmdum í sambandi við hagnýtingu þeirra.

Það eru þrjár brtt. sem liggja fyrir og hefur verið gerð grein fyrir, frá hv. þm. Eggert Haukdal, hv. þm. Sverri Hermannssyni og Matthíasi Á. Mathiesen og hv. þm. Sigurgeir Bóassyni. Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá frsm. fjh.- og viðskn. um að þessi atriði verði könnuð nánar, og er reiðubúinn til að taka þátt í því að þau verði öll könnuð fyrir haustið þannig að það liggi fyrir nánari upplýsingar um þau, ekki síst varðandi kostnaðinn. Þessar till. fela í sér kostnaðarauka, nema till. hv. þm. Sigurgeirs Bóassonar sem fjallar um fyrirkomulag á greiðslu styrksins. Ég er nærri viss um, að ef auka á útgjöld, eins og gert er ráð fyrir ef heimildir verða notaðar samkv. þessum till., og gjaldskyldu samkv. till. hv. þm. Sverris Hermannssonar og Matthíasar Á. Mathiesen, þá er hætt við að það gangi út yfir olíustyrkinn að öðru leyti, og menn hafi ekki nægilegt fjármagn á þessu ári til að standa við ákvæði frv. um greiðslu olíustyrks. Þessar till. eru í sjálfu sér þannig, að það er ákaflega erfitt að vera á móti þeim sem slíkum. En auðvitað verður að líta á þær í samhengi við málið allt og sérstaklega með tilliti til þess, hvaða fjármuni menn hafa á milli handa á þessu ári.

Ég vil sem sé endurtaka það, að ég er reiðubúinn til að taka þátt í því að láta kanna þessi mál betur fyrir haustið. Það er þá færi á því að taka þau upp á þingi næsta vetur með tilliti til þeirrar niðurstöðu sem fæst úr könnuninni.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil, þótt það komi ekki þessu máli við, mælast til þess við hæstv. forseta að hann beini tilmælum til þdm. um að ganga þannig um hurðir á salarkynnum okkar að skella þeim ekki þannig að áheyrendum á þingpöllum bregði svo í brún að maður stórsjái á andlitum þeirra. Virðast hurðaskellir vera í öfugu hlutfalli við líkamsstærð hv. þm., því að hv. þm. Guðrún Helgadóttir skellir þannig hurðum að ljósakrónur hristast, en hins vegar gengur flokksbróðir hennar, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, manna stilltast um dyr í húsinu.

Mér þykir dálítið skrýtið að heyra það hjá hæstv. viðskrh., að honum þykir einn mesti gallinn á því frv., sem hann var meðflm. að með Þorv. Garðari Kristjánssyni, að í því hafi ekki verið tekið fram hvernig ætti að standa undir þeim kostnaði sem í frv. fólst. Nú fæ ég ekki séð að það sé ýkja mikill munur á þessu ríkisstjórnarfrv., sem við erum að ræða hér, og hinu frv. Það er ósköp kurteislega og hógværlega komist út úr þessu vandamáli í frv. ríkisstj., sem við ræðum, í 2. gr. frv., sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði". Ég sé ekki að hugverk ríkisstj. nái mikið fram yfir það sem unnið var af Þorv. Garðari Kristjánssyni og öðrum hans meðflm.

En um það mál ætlaði ég ekki að ræða hér, við höfum átt okkar deilur um hvernig fjár skyldi aflað til að standa undir þessari nauðsynlegu löggjöf. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Sverris Hermannssonar, 4. þm. Austurl., að það voru allir flokkar sammála um að þetta vandamál þyrfti að leysa. Okkur greindi að vísu á um hvernig ætti að afla fjármuna til að standa undir þessum mikla kostnaði, en það var alveg sama hvaðan þm. komu og úr hvaða kjördæmum þeir komu, hvort það var hér úr þéttbýli höfuðborgarsvæðisins eða annars staðar frá, þeir voru sammála um að vandamálið yrði að leysa. Því ber að fagna að þetta mál skuli vera komið það langt að við sjáum loks fyrir enda á afgreiðslu þess.

Erindi mitt í ræðustól er að ræða þær brtt. sem koma fram á þskj. 563. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa ánægju minni yfir því, að þessar till. skuli fluttar, og tel að það sé nauðsynlegt að samþykkja sumar þeirra vegna þess að í þeim er um réttlætismál að ræða.

Í 1. tölul. 1. till. þeirra félaga, hv. þm. Sverris Hermannssonar og Matthíasar Á. Mathiesens, er t. d. talað um að olíustyrkir skuli enn fremur greiðast til þeirra aðila sem hita upp atvinnuhúsnæði sitt. Ég fæ ekki séð annað en nauðsynlegt sé fyrir hv. alþm. að samþykkja þessa brtt., hafandi í huga þá löggjöf sem við erum nýbúnir að samþykkja hér á hv. Alþ. um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Ég held að við getum vel látið þetta atriði falla undir þau lög, að það sé nauðsynlegt, sérstaklega á hinum minni vinnustöðum sem kannske eiga hvað erfiðast í því fjárhagslega að hita upp húsakynni sín.

Meginerindi mitt er að tala um tölulið nr. 2, sem fjallar um að olíustyrkur skuli jafnframt greiðast til skóla og annarra menningarstofnana, sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana og dvalarheimila fyrir aldraða og unga. Það er kannske það síðasta sem ég vil vekja sérstaka athygli á á meðal ykkar, hv. þm. Það er nefnilega þannig, að það hefur verið unnið mikið starf víðs vegar um land á undanförnum árum til að skapa aðstöðu utan þéttbýlissvæðanna fyrir bæði unga og aldraða til að njóta sumarvistar í sveitum landsins. Það hefur jafnvel verið komið upp dýru húsnæði til þess að hægt væri að gera þetta, — húsnæði sem ekki er skólahús og fellur því ekki undir ákvæði lagafrv. eins og það liggur fyrir. Ég hef átt nokkurn þátt í því að vinna að slíkum málum, og ég veit það af eigin raun, að svo er komið að þessi starfsemi er að stöðvast vegna olíukostnaðarins sem fylgir upphitun þessara húsa. Ég tel þess vegna, að það sé sanngjarnt og rétt að samþykkja þessa brtt., og bendi sérstaklega á þetta atriði í því sambandi. Það eru margir aðilar sem hafa lagt bæði vinnu og fjármuni fram til þess að af þessu geti orðið. Ég bendi bæði á sveitarstjórnir, á Rauðakross Íslands og önnur menningar- og mannúðarsamtök sem að slíkum málum hafa unnið, en hafa raunar sum þegar

gefist upp á starfseminni vegna þessa aukna kostnaðar sem hefur komið upp á síðustu árum vegna hækkunar olíuverðsins. En þeir, sem þó enn reyna að standa í þessu starfi, munu kannske halda því áfram ef þessi brtt. verður samþ., og því treysti ég því að hv. þm. samþykki hana.

Ég vil svo að lokum lýsa stuðningi mínum við síðustu brtt. á þskj. 563, sem er þess efnis, að það verði iðnrh. sem setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Ég tek undir þau orð hv. frsm. með þessum till., að það virðist alger óþarfi að láta framkvæmd laganna vera í höndum þriggja rn. og tveggja ráðh. Fyrri hluti, eða I. og II. kafli laganna, virðist eiga að vera undir stjórn hæstv. viðskrh. Þetta er í sjálfu sér ekki annað en skrifstofuvinna sem má vinna í hvaða rn. sem er. En mér sýnist að III. kafli laganna og sá IV. líka séu kannske þeir kaflar, sem koma til með að hafa hvað mest að segja í framtíðinni í sambandi við orkusparnað. Og mér hefur sýnst það, og það má hver eiga það sem hann á, að núv. hæstv. iðnrh. hafi lagt sérstaka áherslu á það sem frá greinir í III. kafla lagafrv. Ég tel eðlilegt, eins og reyndar frv. gerir ráð fyrir, að hann hafi með það mál að gera áfram. Ég tel þá jafnframt eðlilegt að hann hafi með að gera aðra þætti þessarar löggjafar þegar hún hefur verið samþ. hér á hv. þingi.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Eins og fram hefur komið hefur fjh.- og viðskn. haft frv. til athugunar allnokkurn tíma og fengið til viðræðna ýmsa aðila og þá væntanlega í þeim tilgangi að geta myndað sér skynsamlega skoðun um afstöðu til frv. Hér er í veigamiklum atriðum um breytingu að ræða frá þeim lögum sem hingað til hafa gilt um jöfnun húshitunarkostnaðar og er frv. þetta nýmæli í ýmsum tilvikum, svo að segja má að hér séu ekki farnar troðnar slóðir. Mér þykir ekki ósennilegt og raunar líklegt að hv. alþm. komist að þeirri niðurstöðu þegar fram líða stundir, að nauðsynlegt reynist að lagfæra eitt og annað í frv., ein eða önnur ákvæði þess, en jafnframt er það samt von mín að menn sjái sér fært að samþykkja frv. í meginatriðum nú fyrir þinglokin þar sem nauðsynlegt er að sett séu ný lög um þetta efni, að flestra dómi hygg ég, þannig að greiðsla olíustyrks geti hafist á eðlilegan hátt samkv. frv.

Ég ætla að gera örfáar greinar frv. að umræðuefni, svo ljóst megi verða hver afstaða mín er, og er hugsanlegt að það verði að einhverju hlustað á það, sem ég segi hérna, og tekið tillit til þess þegar reglugerðir verða settar samkv. frv., ef að lögum verður.

4. gr. fjallar um hvernig fjöldi styrkja skuli reiknast og þykir mér það hafa færst til betri vegar frá því sem verið hefur. Hygg ég að svo muni fleirum þykja.

6. gr. kveður á um að þeir einir njóti olíustyrks sem ekki eiga kost á öðrum hitagjöfum á styrktímabilinu. Eins segir að viðkomandi orkuveita skuli skera úr um hvort húseign eigi kost á öðrum orkugjafa en olíu. Á ýmsan hátt þykir mér hér óljóst til orða tekið, enda e. t. v. ekki eðlilegt að í lögunum séu hin einstöku atriði skilgreind, heldur mun vera ætlast til þess að reglugerðir skilgreini lögin nánar. En hér virðist þörf á ítarlegri reglugerð sem svari því m. a. hvers hlutverk það sé að tilkynna þegar húseign á kost á öðrum orkugjafa til upphitunar en olíu. Er það orkuveitan, sem á að tilkynna það, eða er það sveitarfélagið, sem á að tilkynna það, eða einhver annar, þegar einhver orkuveita er tilbúin að selja hitaorku til ákveðinnar húseignar? Hér finnst mér að kæmi til greina að ákveða í reglugerð einhvern aðlögunartíma, þannig að skyndileg tilkynning um að nú geti eitthvert hús fengið aðra orku, eitthvert hús sem hefur verið kynt upp með olíu, komi ekki eigandanum í opna skjöldu og geri hann óhæfari fjárhagslega til að leggja í þann kostnað sem breyting á hitunaraðferð hefur í för með sér ef olíustyrkur ætti að falla niður um leið og tilkynning berst. Mér dettur í hug að aðlögunartími gæti verið einn, tveir eða þrír mánuðir kannske, þannig að létt sé undir með húseigendum við það að breyta úr olíukyndingu í aðra upphitunaraðferð, enda er þá ríkið endanlega laust við olíustyrk til þessara húseigna. Þetta fyndist mér vert að athuga þegar reglugerð verður samin.

Í 8. gr. er kveðið á um að sveitarfélag annist greiðslu olíustyrkja. Það lá hér fyrir brtt. frá hv. þm. Sigurgeir Bóassyni um nánari ákvæði þessu viðkomandi, sem hann hefur nú dregið til baka. En við vitum að nokkur brögð munu hafa verið að því, að sveitarstjórnir hafa dregið úr hófi að greiða út olíustyrki. Munu þeir, sem að sveitarstjórnarmálum hafa unnið, skilja þá tilhneigingu sveitarfélaga. Það eru oft rýrir sjóðir þar og hefur þótt gott að grípa til þessa fjár. En ég vísa til þess, sem Sigurgeir Bóasson sagði um þetta efni áðan, og ég hygg að það sé eðlilegur vinnumáti að einhver ákvæði komi um það í reglugerð að ekki verði um óhæfilegan greiðsludrátt að ræða hjá sveitarfélögunum.

En það er 15. gr. frv. sem er í eðli sínu mjög mikilvæg þó að hún sé að sama skapi mjög óljós. Þar segir, að til að tryggja að innlendir orkugjafar séu samkeppnishæfir við olíukyndingu sé heimilt að veita varmaveitum framlag til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

Þetta er býsna merkilegt plagg, þetta frv. hérna. Lítum á bls. 13. Á fskj. III er fróðlegt að líta á töfluna um áætlaðan hitunarkostnað hjá hinum ýmsu hitaveitum og fjarvarmaveitum, áætlun um upphitunarkostnað með rafmagni og með olíu o. s. frv. Hér er kyndingu með olíu að frádregnum olíustyrk sett viðmiðunarhlutfallið 100. Við lestur töflunnar kemur í ljós að tvær hitaveitur á landinu eru með hærri hlutfallstölu en olíukynding. Það er 115 og 102. Tvær eru með hlutfallstöluna yfir 80, þ. e. 88 og 81. Taflan segir okkur að nánast sé jafndýrt að hita upp með rafmagni frá RARIK og Orkubúi Vestfjarða og að hita upp með olíu. Hún sýnir okkur einnig að tvær hitaveitur selja orku sína hærra verði en upphitun með olíu kostar að frádregnum olíustyrk, þ. e. hitaveiturnar á Suðureyri við Súgandafjörð og á Blönduósi. Aðrar tvær eru þá lítið eitt fyrir neðan olíukyndinguna. Mér er kunnugt um að önnur þessara hitaveitna, þ. e. hitaveitan á Siglufirði, hefur þegar sótt um 34% hækkun á gjaldskrá og ef hún fengi þá hækkun, sem talið er algerlega nauðsynlegt ef á að gefa fyrirtækinu einhverja fjárhagslega möguleika, væri hún orðin töluvert dýrari en upphitun með olíu að frádregnum olíustyrk.

15. gr. virðist sem sagt eiga að tryggja að í þeim einstöku tilfellum sem varmaveitur, sem nota innlendan orkugjafa, verði óhagstæðari en olíukynding verði þær aðstoðaðar á einhvern hátt til að standast verðsamkeppni við olíukyndingu. Hljóta allir að vera sammála um að sú stefan sér rétt og að óeðlilegt sé að innflutta orkan sé með niðurgreiðslu gerð ódýrari en sú innlenda. Allar aðgerðir í þessu efni þurfa að miða í þá

átt að það fyrirkomulag, sem á verður komið með þessum lögum, verði hvetjandi svo að fólk sé viljugt til að leggja út kostnað við breytingar yfir í innlenda orkunotkun, vegna þess að innlenda orkan sé hagkvæmari fjárhagslega en sú innflutta.

Ég vitnaði áðan í fskj. á bls. 13, þar sem áætlaður hitunarkostnaður húsa í hinum ýmsu stöðum er borinn saman. Ég hef í sjálfu sér ekki ástæðu til að vefengja þær tölur sem þar eru, en mig grunar þó að við samningu fskj. hafi ekki verið gætt svo sem skyldi fulls samræmis við reikningsskil hinna ýmsu hitaveitna, þannig að þær tölur, sem miðað er við, séu fyllilega sambærilegar. Það munar t. d. miklu þegar afskrift er ákveðin, hver endingartími hinna ýmsu mannvirkja og tækja er áætlaður eða hversu hratt hinar ýmsu hitaveitur ætla að greiða niður skuldir. Þessir þættir geta haft afgerandi áhrif á ákvörðun gjaldskrár. Mér virðist því að við mat stjórnvalda á því, hvaða innlendir orkugjafar séu samkeppnishæfir við olíu á hverjum stað, þurfi að samræma reikningsskil hinna ýmsu varmaveitna áður en ákvörðun er tekin um aðgerðir samkv. 15. gr. frv.

Þá vil ég leyfa mér til viðbótar að benda á tölur úr *ívitnuðu* fskj. IV. á bls. 13. Þar er áætlaður hitunarkostnaður 400 rúmmetra íbúðar 537 þús. kr. á ári, þegar frá hefur verið dreginn olíustyrkur, og þá er miðað við að fjórir íbúar búi í þeirri íbúð, en samsvarandi tölur fyrir rafhitun frá RARIK eru 531 þús. kr. og munar það aðeins 6 þús. kr. á ári hvað rafhitunin er ódýrari. Með rafhitun frá Orkubúi Vestfjarða eru sambærilegar tölur 529 þús. á ári eða 8 þús. kr. ódýrari raforka. En þar sem jafnan er kostnaðarsamt að breyta hitunarkerfum húsa, þ. e. eldri húsa, úr olíukyndingu í kyndingu með rafmagni verður að segja að þessi munur, 6—8 þús. kr. á ári, sé ekki hvetjandi til stórátaks við breytingar á kyndingarkerfum. Flettum yfir á bls. 17, á töflu nr. 2.3, en hún sýnir áætlaðan kostnað við hitun 450 rúmmetra einbýlishúss. Þar kemur fram að með olíukyndingu kostaði upphitun hússins 575 þús. kr. á ári, en með rafmagni frá Rafmagnsveitum ríkisins 587 þús. kr. Sem sagt er rafmagnið þarna komið 12 þús. kr. upp fyrir olíukyndingu að frádregnum olíustyrk.

Að mínu mati má það aldrei verða stefna okkar að greiða niður innfluttan orkugjafa þannig að hann verði ódýrari og þannig eftirsóknarverðari en þeir innlendu orkugjafar sem hluti þjóðarinnar er jafnvel lögþvingaður til að nota, sbr. 6. gr. frv. Það hlýtur alla tíð að verða stefna okkar að haga málunum þannig, að innlenda orkan verði ódýrari og því eftirsóknarverðari en sú innflutta. Við höfum hvorki þjóðhagslegan né siðferðilegan rétt til að gera eitt eða annað sem leiðir til þróunar í aðra átt. Vænti ég þess, að við getum verið sammála um það. Og skírskota ég raunar til nál. í því sambandi.

Eins og ég hef sagt er eitt og annað í þessu frv. sem þarf að huga vel að og er nokkuð óljóst. Ég benti á 6. gr., þar sem skilgreint er hverjir eigi kost á olíustyrk og hverjir ekki, og hugsanlegan aðlögunartíma vegna breytinga á upphitunaraðferðum. Ég benti á 8. gr. og hugsanleg ákvæði um tafarlausar greiðslur olíustyrksins. Þá hef ég gert 15. gr. örlítið að umræðuefni og þau meginmarkmið sem þarf að hafa í huga um verð innlendra og innfluttra orkugjafa. Skoðun mín er sú, að eðlilegt sé að á þeim hitaveitum eða varmaveitum, sem erfiðast eiga uppdráttar, verði hjálpað yfir erfiðasta hjallann. Ég hef bent á nokkrar tölur um hitunarkostnað með rafmagni frá RARIK og Orkubúi Vestfjarða í samanburði við upphitunarkostnað með olíu að frádregnum olíustyrk og bent á að þar er ekki um hvetjandi upphæðir að ræða innlendri orku í vil, jafnvel það gagnstæða. En með tilvísun til þess, að það fer nú brátt að líða að þinglokum — hversu langt er í það veit ég ekki — vil ég geta þess, að ég er sammála því að þetta mál þurfi að komast í höfn fyrir þinglok, og ég hef fært að því nokkrar líkur að menn verði að athuga þetta frv. betur þegar niðurstöður um virkni laganna verða ljósari í árslok 1981. Mér þykir líklegt að mönnum sýnist að nauðsynlegt sé að gera þar breytingar, og það er tækifæri til þess þó að einhverja missmíð megi finna á núna.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa öllu fleiri orð um þetta frv., þó e. t. v. væri ástæða til að gera að umræðuefni aðrar greinar þess. En í trausti þess, að vandað verði sem best til setningar reglugerðar með frv., ef að lögum verður, bæði af hálfu viðskrn. og iðnrn., mun ég styðja afgreiðslu þessa frv. á jákvæðan hátt.

Umr. frestað um stund.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og allir þm. hafa orðið varir við hefur ríkt nokkurt upplausnarástand á Alþingi á undanförnum dögum. Ástæðan er ágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna annars vegar og Sjálfstfl. hins vegar um afgreiðslu tiltekins þingmáls. Alþfl. hefur ekki verið aðili að þeirri deilu. Afstaða okkar þm. Alþfl. hefur verið sú og er sú, að við erum reiðubúnir til þess og vorum reiðubúnir til þess að standa að samkomulagi um þinglausnir í dag og vorum jafnframt reiðubúnir til að standa að afgreiðslu þeirra mála sem hæstv. ríkisstj. óskaði eftir afgreiðslu á. Við höfum jafnframt tjáð ríkisstj., að ef hún teldi nauðsynlegt og samkomulag gæti orðið um að fresta þinglausnum væri þingflokkur Alþfl. reiðubúinn til slíks samkomulags. Þannig höfum við þm. Alþfl. staðið utan við deilur sem verið hafa á þinginu undanfarna daga, þó að við höfum að sjálfsögðu ekki komist hjá því frekar en aðrir alþm. að stjórnleysið á þingstörfunum hér upp á síðkastið hafi bitnað á þm. Alþfl. eins og þm. annarra flokka. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér nú hljóðs til að ræða þinghaldið og beina ákveðnum spurningum til hæstv. forsrh. er því ekki þessi deila um afgreiðslu tiltekins máls hér á þingi, heldur þær nýju aðstæður sem við horfumst í augu við eftir yfirlýsingar tveggja hæstv. ráðh. í útvarpsumr. í gær.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á undanförnum dögum hafa verið flugufregnir á ferðinni, m. a. í blöðum, þar sem spáð er að hæstv. ríkisstj. sé að ráðgera ýmsar aðgerðir í vísitölumálum fyrir 1. júní n. k. Ljóst er að verðbólgan í valdatíð hæstv. ríkisstj. hefur orðið talsvert miklu meiri en spáð var að hún yrði miðað við að menn hefðust ekki að. Ríkisstj. ætlaði sér að hafast að og lækka verðbólguna frá því sem spáð hafði verið, en niðurstaðan er sú, að ekki aðeins hefur ríkisstj. ekkert orðið ágengt, heldur hefur verðbólgan vaxið meir en spáð var að hún mundi vaxa í upphafi valdaferils hæstv. ríkisstj.

Lausafregnir í blöðum hafa fjallað um að í ríkisstj. hafi menn rætt um þrjár leiðir til að taka á þessum málum: Í fyrsta lagi að fresta vísitölubótum á laun sem greiðast

eiga 1. júní. Í öðru lagi að hækka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, þó svo að ekki hafi verið sérstaklega séð fyrir fé til þess í nýlega samþykktum fjárlögum. Og í þriðja lagi að hugsanlegt væri að ríkisstj. íhugaði að breyta sjálfum vísitölugrundvellinum, vísitöluútreikningunum, til að draga úr þeirri kauphækkun sem annars ætti að verða 1. júní n. k. til að bæta verkalýðsfélögunum og verkafólki upp þær hækkanir sem orðið hafa á valdatíð ríkisstj. Ég verð að segja að eftir að hafa hlustað á tvo hæstv. ráðh. í gær finnst mér ástæða til að ætla að þessar fregnir séu meira en flugufregnir. Ég vil í þessu sambandi vitna til orða þessara hæstv. ráðh. og þá fyrst til orða hæstv. menntmrh., Ingvars Gíslasonar.

Eftir að hann hafði rætt um markmið ríkisstj. í efnahagsmálum, m. a. þá stefnu hennar að sjá varanlegan árangur í niðurfærslu verðbólgu árið 1982, sagði hæstv. ráðh. orðrétt, með leyfi forseta:

„Til þess að það megi takast verður þó strax að hefjast handa um að feta sig niður á við í verðlags- og kaupgjaldsstiganum, enda er verðbólgan í eðli sínu alltaf víxlverkun verðlags og kaupgjalds."

Ráðh. sagði einnig:

„Nú blasa við á næsta leiti, þ. e. 1. júní, miklar vísitöluhækkanir og því er ekki að leyna að ef þessar hækkanir koma fram, e. t. v. 11—12% samkv. verðbótavísitölu, mun örðugt fyrir ríkisstj. að standa við fyrirheit sín um niðurfærslu almenns verðlags sem lið í því að koma verðbólgu smám saman niður á viðráðanlegt stig. Þess vegna verður að finna leið til þess að milda áhrif vísitöluhækkananna 1. júní." — Til þess að milda áhrif vísitöluhækkananna 1. júní, sagði hæstv. ráðh. Þetta þýðir á mæltu máli: Til þess að draga úr þeim verðbótagreiðslum sem launþegar í landinu eiga að fá 1. júní n. k. til að bæta þeim upp þær verðhækkanir sem orðið hafa á ferli hæstv. ríkisstj. Og hæstv. ráðh. bætir við og segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Segja má að þetta sé nú brýnasta viðfangsefnið eins og sakir standa." — Það sé brýnasta viðfangsefnið eins og sakir standa að milda áhrif vísitöluhækkananna 1. júní, m. ö. o. að lækka launabætur sem launþegar í landinu eiga þá væntanlega að fá.

Hæstv. ráðh. sagði einnig orðrétt, með leyfi forseta:

„Því er gjarnan haldið fram, að tilslökun launþega, bænda og sjómanna frá forskriftum kerfisins þýði kjararýrnun fyrir hlutaðeigandi stéttir sem þær hafa ekki efni á að veita, og satt mun það að útreikningar af einföldustu gerð og einhliða viðmiðun styður slíka skoðun. Miðað við þá óhjákvæmilegu víxlverkun verðlags og kaupgjalds sem verðbólgan er, þá verður ekki hjá því komist að víkja af vegi vanans og rétttrúarstefnunar í kauplags- og verðlagsmálum. Séð í því ljósi gerir launþeginn, bóndinn eða sjómaðurinn miklu meira en að hafa efni á að hliðra til í kerfinu. Sannleikurinn er sá, að hann hefur ekki efni á að gera það ekki."

Þetta voru orð hæstv. menntmrh. í útvarpsumr. í gær. Þar leiðir hann rök að því að eigin mati, að íslenskt launafólk hafi ekki efni á öðru en að hliðra til í kerfinu fyrir 1. júní, m. ö. o. að afsala sér verðbótum sem launafólk á að fá lögum samkvæmt sakir mikilla verðlagshækkana sem orðið hafa í valdatíð hæstv. ríkisstj.

Hæstv. sjútvrh. og formaður Framsfl. kvað enn fastar að orði. Hann sagði í útvarpsumr. í gærkvöld, með leyfi hæstv. forseta, eftir að hafa talað um vandann sem við væri að fást í efnahagsmálum nú, orðrétt:

„Við framsóknarmenn viljum mæta þessum vanda með því að fella niður eða fresta a. m. k. tveimur til þremur vísitölustigum. Þetta má gera með auknum niðurgreiðslum í samræmi við stjórnarsáttmálann og með því að dreifa hækkun húsaleiguvísitölu yfir fleiri ársfjórðunga, sem ætti að vera unnt, ekki síst ef miklar félagslegar umbætur eru einhvers metnar."

Síðan segir hæstv. ráðh.: „Að sjálfsögðu verður þó ekkert slíkt gert gegn vilja launþega, bænda og sjómanna".

Hitt er alveg ljóst, sem af þessum orðum má marka, að hér lýsir formaður Framsfl. því yfir, að framsóknarmenn vilji mæta þessum vanda í efnahagsmálum með því að fella niður eða fresta a. m. k. 2—3 vísitölustigum sem koma eiga til greiðslu á kaup fólksins í landinu 1. júní n. k. Þessar breytingar er ekki hægt að gera varðandi vísitölugreiðslur til launfólks nema með lögum. Launafólk hefur nú ákveðinn lögverndaðan rétt til að fá verðlagsbætur greiddar á laun. Menn geta deilt um hvort þær verðlagsbætur eru réttlátar eða ekki, hvort það kerfi, sem þessar verðlagsbætur eru greiddar eftir, er rétt og satt eða hvort því megi breyta. En hitt er staðreynd, að samkv. þessum lögum verður framkvæmd á greiðslu verðlgasbóta til launþega 1. júní n. k. ekki breytt. Þær verðlagsbætur verða hvorki lækkaðar né verður þeim frestað né verða þær greiddar niður nema með lagabreytingu. Ef til niðurgreiðslna hefði átt að grípa hefðu þær niðurgreiðslur átt að vera komnar fram fyrir 1. maí s. l. Að það skuli ekki hafa verið gert krefst þess að lögum verði breytt ef nota á niðurgreiðslur í þessu sambandi, sem ekkert fé er raunar til fyrir. Ef aðrar leiðir á að velja verður einnig að breyta lögum.

Nú er hæstv. ríkisstj. að leita eftir samkomulagi við flokka þingsins um að ljúka þinghaldi á allra næstu dögum, en nú eru 11 dagar þangað til 1. júní rennur upp. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, áður en lengra er haldið, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. skýri betur þessi afdráttarlausu ummæli sem féllu frá tveimur ráðh. í útvarpsumræðum í gær, svo að menn viti hvað raunverulega stendur til. Ég held að nauðsynlegt sé að leggja spurningar fyrir hæstv. forsrh. og fá þeim afdráttarlaust svarað áður en lengra er haldið:

Í fyrsta lagi: Er ætlun ríkisstj. að gera með lagabreytingum aðgerðir til að festa, lækka eða greiða niður vísitölubætur sem fólkið í landinu á að fá 1. júní n. k.?

Í öðru lagi: Fæ ég ekki yfirlýsingu frá hæstv. forsrh. um að engin ákvörðun verði tekin um þinglausnir fyrr en fyrir liggur hvort hæstv. ríkisstj. hefur slíkar fyrirætlanir uppi eða ekki?

Alveg laust við allt efni þessa máls held ég að það sé öllum alþm. og öllum þeim, sem virða starfshætti löggjafarstofnunar, ljóst, að ekki nær nokkurri átt, það er hreint siðleysi, að láta þinglausnir fara fram t. d. einhvern tíma milli 20. og 28. dags maímánaðar ef ríkisstj. ætlar sér, eftir að þing er farið heim, þá 2—5 daga sem þá lifa af mánuðinum, að setja brbl. um svo viðkvæmt málefni. Ef lagabreyting er í aðsigi hvað varðar vísitölumál fyrir 1. júní er það sanngirniskrafa, þá er það þingræðiskrafa að við fáum að vita það nú og slík mál verði ekki afgreidd með bráðabirgðalagasetningu 2—3 síðustu daga maímánaðar, ef vitað er að undirbúningur að slíkri löggjöf kann þegar að vera hafinn og hæstv. ríkisstj. er að ræða slíkar aðgerðir.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af fyrirspurnum hv. þm. vil ég taka þetta fram:

Ríkisstj. hefur engar ákvarðanir tekið um ráðstafanir í sambandi við verðbætur 1. júní. Ríkisstj. mun reyna að greiða fyrir gerð nýrra kjarasamninga eins og kostur er. Varðandi útgáfu brbl. er ríkisstj. bundin af ákvæði stjórnarskrárinnar um að brýna nauðsyn beri til, en fyrirheit um það fyrir fram að gefa ekki út brbl., hvernig sem á stendur, er ekki unnt að gefa.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fyrir að ítreka fsp. sem ég bar fram í eldhúsdagsumræðunum í gær til hæstv. forsrh., en hann kaus þá að svara ekki. Ég spurði hæstv. forsrh. tvenns: Annars vegar var spurningin sú, hvort ríkisstj. ætlaði sér með brbl. að breyta fyrirkomulagi á greiðslu verðbóta til launþega miðað við næstu mánaðamót. Engin svör. Ég benti á, að áður hefði það komið fram hér í þingsölunum við afgreiðslu skattalagafrv., að einn stuðningsmanna ríkisstj., hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, flýtti sér vestur til Stykkishólms við örlagaríka atkvgr. Spurning mín er sú, hvort nú væri ætlunin að láta sér ekki nægja að senda hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson vestur til Stykkishólms, heldur skyldi nú senda þingheim allan brott af þingi vegna þess að ríkisstj. ætlaði sér að setja brbl.

Svör hæstv. forsrh. áðan voru engin svör. Ég vil undirstrika að það væri algjörlega ósæmilegt og vanvirðing við Alþ. og alþm. ef Alþ. ætti að ljúka í þessari viku eða næstu, en þó fyrir mánaðamótin maí/júní, og þeir dagar, sem á milli væru, væru nýttir til að gefa út brbl. Ef sú brýna nauðsyn er til staðar að gefa út brbl. ætti sú nauðsyn að vera ljós þegar í dag. Ríkisstj. er skylt þess vegna að gera upp hug sinn áður en þingi er slitið, hvort hún ætlar sér að gera breytingar á greiðslu verðbóta á laun um næstu mánaðamót og framvegis eða ekki. Þm. eiga kröfu til þessa.

Ég vil svo ítreka aðra fsp., sem ég flutti í ræðu minni í *gærkvöld og fékk engin svör við. Það var fsp. um hverjar* fyrirætlanir ríkisstj. væru varðandi greiðslu verðbótaþáttar af skuldum og innlánum í innlánsstofnunum. Eins og kunnugt er var engin breyting í þessum efnum gerð síðast þegar til stóð að gera slíkar breytingar samkv. ákvæðum efnahagslaga, sem samþykkt voru hér í aprílmánuði á s. l. ári, laga nr. 13 frá 1979, ef ég man rétt, svokallaðra Ólafslaga. Í fréttatilkynningu Seðlabankans, sem dags. er 29. febr. 1980, segir:

„Miðað við þær reglur, sem notaðar hafa verið við útreikning verðbólgustigs og ákvörðun verðbótaþáttar, ætti verðbótaþáttur vaxta að hækka um 3—5% 1. mars n. k., eftir því hvernig verðlagsþróunin næstu mánuði er metin".

Og áfram: „Í málefnasamningi ríkisstj. er hins vegar tekið fram, að hún muni beita sér fyrir því, að verðbótaþáttur vaxta verði ekki hækkaður að þessu sinni, enda er þar gert ráð fyrir lækkandi verðbólgu það sem eftir er þessa árs. Miðað við þær forsendur mun verðbótaþáttur geta farið lækkandi með minnkandi verðbólgu á síðari helmingi ársins. Bankastjórn Seðlabankans hefur að undanförnu átt viðræður um þetta mál við ríkisstj. og hefur ríkisstj. í dag farið formlega fram á það, að verðbótaþáttur vaxta verði látinn óbreyttur að þessu sinni. Jafnframt hefur hún lýst yfir því, að hún ráðgeri að taka til endurskoðunar ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl. að því er varðar lengd aðlögunartíma uns fullri verðtryggingu verði náð."

Svo mörg voru þau orð. En í trausti þessara yfirlýsinga ríkisstj. ákvað bankastjórn Seðlabankans að engar breytingar yrðu að sinni á verðbótaþætti vaxta.

Nú er það öllum þm. kunnugt, að ríkisstj. hefur ekki flutt hér á Alþ. neinar tillögur eða frv. til laga um breytingar á efnahagslögunum að því er varðar lengd aðlögunartíma uns fullri verðtryggingu verði náð. Það er því ástæða til að spyrja hvers vegna ríkisstj. hefur ekki gert breytingar á lögum og hvort ríkisstj. ætti þá að fara eftir gildandi lögum, nr. 13 frá 1979, og hækka verðbótaþátt vaxta, sem er að mati bankastjórnar Seðlabankans „siðferðileg og lagaleg skylda", svo að orðrétt sé eftir haft eftir minni.

Hér er um tvær veigamiklar spurningar að ræða sem þm. allir eiga kröfu á að fá svör við. Þessir málaþættir báðir eru þess eðlis auðvitað, að þeir gefa tilefni til margs konar hugleiðinga og umr. hér á þingi. Ég vil freista þess enn á ný, áður en ég tek efnislega til meðferðar þessa málaþætti að nokkru leyti, að fá fram skýrari svör frá hæstv. forsrh. og öðrum hæstv. ráðh.

Í fyrsta lagi: Vilja þeir lýsa því yfir, að þingi verði ekki slitið fyrr en útséð er um að ríkisstj. muni ekki hafa í hyggju að breyta verðbótaþætti launa og lögum í samræmi við það? Ef yfirlýsing kemur ekki fram um þetta af hálfu hæstv. forsrh. og af hálfu annarra ráðh. er það gerræði að slíta þingi, þá er það vanvirða við þing og þingræði í landinu.

Ég hlýt að beina þessari fsp. ekki eingöngu til hæstv. forsrh., heldur og til hæstv. samgrh., formanns Framsfl.: Tekur Framsfl. þátt í slíkri vanvirðu? Þótt við höfum fengið efnislega afstöðu formælanda þess flokks í útvarpsumræðunum í gær til breytinga á verðbótagreiðslum á laun er það mál út af fyrir sig. Hitt er alvarlegra, ef Framsfl. ætlar að bera ábyrgð á þinglegri eða réttara sagt óþinglegri meðferð málsins með því móti sem hætta virðist á vegna véfréttastíls í svörum hæstv. forsrh. áðan.

Ég spyr hæstv. ráðh. Alþb., og beini þeirri fsp. ekki síst til hæstv. félmrh., sem fer með félagsmál og þar með samskipti við launþegasamtökin í landinu og aðila vinnumarkaðarins: Tekur hann í mál eða flokkur hans að gefa út brbl. um þessi efni eða veita atbeina til þess yfir höfuð að breyta verðbótagreiðslum launa?

En ég undirstrika og endurtek að meginefni fsp. minnar er um það, hvort eigi að sýna Alþ. og alþm. lítilsvirðingu með þeim hætti sem orð þau, er fallið hafa af hálfu hæstv. ráðh., gefa vissulega tilefni til að ætlunin sé. Því er og verður mótmælt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég held að svar hæstv. forsrh. hafi leitt það í ljós fyrir öllum þeim sem á hlýddu, að það var full ástæða til að bera fram þá fsp., sem ég bar upp til hans, og full ástæða til þess að óttast að ummæli hæstv. ráðh. Framsóknarfl. í útvarpsumræðum í gær um breytingar á verðbótagreiðslum launa séu meira en til umræðu hjá hæstv. ríkisstj. Hæstv. forsrh. hefði eins getað setið kyrr í sæti sínu og neitað að svara fsp. minni og að flytja það svar sem hann flutti úr þessum ræðustól. Það svar var hvorki fugl né fiskur. Það svar var umbúðir utan um ekki neitt. Hæstv. forsrh. hefur oft flutt slík svör áður. Þá hefur honum þó lánast að hafa umbúðirnar heldur laglegri en í þetta sinn. Ég held að engum

dyljist að þær fáorðu umbúðir, sem hann hafði utan um ekkert hér áðan, eru fyrirboði þess, að það er meira en til umræðu í hæstv. ríkisstj. að gera þær breytingar á verðbótagreiðslum launa, sem ég ræddi um áðan, og að ríkisstj. hæstv., a. m. k. öfl í henni, hefur áhuga á að framkvæma það með þeim hætti að framkalla í samkomulagi við þingflokkana, eins og til stóð, þinglausnir nokkrum dögum fyrir 1. júní, en gefa síðan út brbl. um tilteknar aðgerðir.

Það er auðvitað alveg ljóst, að lög af slíku tagi eru ekki samin á einni nóttu. Ef tilgangurinn er sá af hálfu einhverra ráðh. í hæstv. ríkisstj. eða þeirra allra að gera umræddar breytingar á lögum til lækkunar á verðbótagreiðslum á laun, þá er mér nær að halda að starf að gerð slíks lagafrv. væri þegar hafið. Það er því ekkert sem stendur í vegi þess að hæstv. ríkisstj. geti gefið þinginu svör við því, hvort hún hyggst hafa þau vinnubrögð að lækka eða fresta verðbótagreiðslum á laun með brbl. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að hæstv. ríkisstj. geti gefið slík svör, nema vilji hennar sjálfrar eða viljaleysi.

Herra forseti. Við þm. Alþfl. höfum sýnt ríkisstj. mikla sanngirni í störfum okkar hér á Alþ. Við höfum verið reiðubúnir til þess hvenær sem er, jafnvel seint á kvöld- og næturfundum, að afgreiða með ríkisstj. mál sem hún var búin að biðja um afgreiðslu á, en hafði ekki þingmeirihluta til að koma fram vegna þess að þm. hennar voru ekki á fundum. Við vorum reiðubúnir til þess og höfum verið það undanfarnar vikur að ganga að hvaða samkomulagi sem ríkisstj. hafði hug á um eðlilegar þinglausnir, og við höfum tekið vel öllum málaleitunum, bæði hæstv. ríkisstj. og einstakra ráðh., um afgreiðslu mála fyrir þann tíma og ekkert gert hvorki til að torvelda störf þingsins, torvelda störf þingnefnda, torvelda störf einstakra ráðh. né heldur til að tefja fyrir málum hér á þinginu, eins og gerst hefur þó með annarra þátttöku upp á síðkastið. Ef við hins vegar getum ekki fengið öðruvísi svör frá hæstv. forsrh. en þau sem við fengum áðan, þegar við berum fram við hæstv. ráðh. mjög einfaldar og eðlilegar spurningar, hljótum við þm. Alþfl. að sjálfsögðu að taka til endurskoðunar afstöðu okkar til afgreiðslu mála frá hæstv. ríkisstj., vegna þess að hæstv. ríkisstj. getur ekki ætlast til þess að stjórnarandstöðuflokkur sýni henni sanngirni ef hæstv. ríkisstj. fæst ekki einu sinni til þess að sýna Alþingi Íslendinga kurteisi.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er varðandi spurningu hv. 1. þm. Reykv. um verðbótaþátt vaxta sem ég vildi segja örfá orð.

Í lögunum um stjórn efnahagsmála o. fl., sem samþykkt voru hér á Alþ. í fyrra, er sérstakur kafli sem fjallar um peninga- og lánamál. Við þennan kafla laganna eru ákvæði til bráðabirgða sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vaxtaákvarðanir á árunum 1979 og 1980 skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, sbr. VII. kafla þessara laga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár."

Seðlabankinn er nú að fjalla um þessi mál, og ég á von á því, sennilega á næstu dögum, að fá tillögur Seðlabankans um vaxtamálin og verðbótaþáttinn sérstaklega. Þegar þær hafa borist mun ég taka málið upp í ríkisstj. og það verður rætt þar og ákvarðanir teknar um framhaldið.

Ég vil aðeins leggja áherslu á það í sambandi við þetta atriði, að engin lög hafa verið brotin í þessum efnum. Ekki er kveðið á um það í lögunum að það séu sérstakir áfangar með dagsetningum, þannig að framkvæmdin er fyllilega í samræmi við lög þó að tekin hafi verið ákvörðun 1. mars um að fresta þá hækkun verðbóta. Seðlabankinn hafði áreiðanlega ekki samþykkt það nema það hefði verið löglegt og að sjálfsögðu ekki ríkisstj. heldur, þannig að spurningin er um framkvæmd á þessu. Á meðan þessi lög eru lög í landinu verður farið eftir þeim, en lögum má auðvitað breyta ef Alþ. tekur um það ákvarðanir.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hefur kvatt sér hér hljóðs og hann tók svo til orða, að ástæðan til þess að hann kveddi sér hljóðs utan dagskrár væri það sem hann nefndi yfirlýsingar af hálfu tveggja ráðh. Framsfl., og ég mun vera annar þessara ráðh. Reyndar vitnaði hann til ræðu minnar og las upp úr henni og vissulega fór hann rétt með, enda um að ræða rétt afrit eða rétta hljóðritun sem hér er tekin af ræðum þm.

Ég held þó að nauðsynlegt sé fyrir hv. þingheim að gera sér grein fyrir því, að þessi ræða mín var engan veginn af hálfu hv. þm. lesin í samhengi eða gerð fullnægjandi grein fyrir því, hvað í henni fólst. Það, sem ég vil gera með því að standa hér upp, eftir að hafa satt að segja alveg óvænt orðið vitni að því að hv. þm. gerði sér tilefni þessarar ræðu minnar að umræðuefni hér, er að andmæla túlkun hans á vissum atriðum í sambandi við það sem hann sagði hér í dag.

Ég vil taka það fram, að það, sem ég sagði um hættur þær sem steðjuðu að 1. júní, voru mjög almennar hugleiðingar um það sem fram undan væri í verðlagsmálunum. Ég hygg að það sé svo, að varla sé til sá þm. sem ekki er fús til að taka undir þau orð, sem ég hafði uppi, og þær hugleiðingar, sem ég hafði í frammi í ræðu minni í gær. Eins og ég segi, var eingöngu um að ræða almennar hugleiðingar um það, sem fram undan er augljóslega, og þær hættur, sem því fylgja í verðlagsmálunum. Ég vil líka geta þess, að mér virtist satt að segja að kæmi ákaflega lítið til skila í túlkun hv. 3. þm. Vestf. á ræðu minni um það, að í henni fólst ábending um nauðsyn á samstöðu milli hagsmunasamtaka og ríkisvaldsins um aðgerðir í þessum efnum. Og þrátt fyrir þau orð og það sem hann var að gefa hv. þingheimi í skyn, að það væru umræður innan ríkisstj. um svo og svo harkalegar aðgerðir, beinar aðgerðir í þessum alvarlegu málum, þá er það a. m. k. alveg ljóst, að í ræðu minni var hvergi minnst á einhliða aðgerðir ríkisstj. í þessum efnum. Það var hvergi gert, enda var þar um almennar ábendingar að ræða, almennar hugleiðingar. Þaðan af síður var minnst á brbl. af minni hálfu, enda minnist ég þess ekki að um það hafi verið rætt innan ríkisstj. að setja ætti brbl. vegna þessara aðgerða. Það hefur ekki komið til tals. (**Gripið fram í:** Vegna hvaða aðgerða?) Þess vegna er ekki um það að ræða að ég hafi getað tekið mér slík orð í munn, enda gerði ég það ekki og er þetta sem sagt allt saman mistúlkun hv. 3. þm. Vestf. á orðum mínum og hugleiðingum í þessu sambandi.

Það, sem upp úr stendur í sambandi við hugleiðingar mínar, er þetta: Ég benti á að viss hætta er nú í verðlagsmálunum og það er mín skoðun og mín sannfæring

að ekki sé til hagsbóta fyrir launþega ef verðbólgan veltur hér áfram, bullandi verðbólga eins og verið hefur hér undanfarin ár, og að því leyti til er það mín skoðun að nauðsynlegt sé að hagsmunaaðilar í landinu, ríkisvaldið og önnur ráðandi öfl komi sér saman um leiðir til að brjóta þessa öldu niður. Það er sannfæring mín, að ef það tekst verði það ekki þegar upp er staðið kölluð kjararýrnun fyrir launþegana í landinu, heldur þvert á móti —þá mun það verða kjarabót. Og ég tók líka skýrt fram í ræðu minni, að það væri einfalt að sýna fram á kjaraskerðingu með einföldustu útreikningum. Slíkt væri auðvitað hægt. En ef við tökum málið í stærra samhengi kemur áreiðanlega annað út.

Það kann að vera að menn hafi ekki lengur orðið málfrelsi til að segja álit sitt og allt sé svo viðkvæmt að menn eigi helst að þegja. En það mun ég ekki gera. Ég mun segja mína skoðun í þessum efnum, án þess að ég sé að boða nokkrar sérstakar aðgerðir eða beinar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins í þessu máli, því að ég vil leggja áherslu á það, sem kom greinilega fram í ræðu minni, að ég tel að ríkisvaldið og hagsmunasamtökin eigi að hafa samráð í þessum efnum. Reyndar mátti segja, að kjarninn í ræðu minni væri áskorun til launþegasamtakanna um að taka þátt í slíkum samræðum og slíku samstarfi um að eyða þeim óheppilegu og ótímabæru afleiðingum sem hljóta að verða af mjög miklum verðlagshækkunum og kaupgjaldshækkunum á næstunni.

Við vitum vel hvað er fram undan 1. júní. Það er augljóst mál, að verðbótavísitalan mun hækka. Það er ljóst, að búvöruverðshækkun verður mikil og síðan kemur fiskverðshækkun. Því held ég að það standi sem sagt hefur verið, að nauðsynlegt er að beina þeirri áskorun af hálfu okkar, sem að ríkisstj. standa, og Alþ. til hagsmunaaflanna, hvort sem það eru almennir launþegar, hvort sem það eru sjómenn eða bændur, að eiga gott samstarf við ríkisstj. um þessi mál. Það er á þeim grundvelli sem við vinnum og við viljum vinna, og ég sé ekki að það sé vítavert að beina slíkri áskorun til hagsmunaaðilanna í landinu. Ég tel því að hv. 3. þm. Vestf., í hvaða skyni sem það var gert, hafi ekki túlkað orð mín rétt, og því vil ég andmæla hér að gefnu tilefni, en að öðru leyti skal ég ekki lengja þessar umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessum umr. nema vegna þess að hv. 1. þm. Reykv. beindi sérstaklega orðum sínum til mín sem formanns Framsfl. Hv. 3. þm. Vestf. las upp nokkurn hluta af því sem ég sagði í gær í eldhúsumræðum. Því, sem hann las upp, lauk með þeim orðum: „Að sjálfsögðu verður þó ekkert slíkt gert gegn vilja launþega, bænda og sjómanna." Ég ætla að leyfa mér að lesa aðeins áfram, með leyfi forseta:

„Án slíkra aðgerða er hins vegar ljóst, að ekki mun takast að telja verðbólguna eins hratt niður og að hefur verið stefnt. Í þessu sambandi er þó nauðsynlegt að hafa í huga að kjarasamningar allir eru lausir. Það veldur meiri vanda um þessi mánaðamót."

Ég vil leyfa mér að vona að það hafi ekki farið fram hjá neinum, að við framsóknarmenn viljum leggja mikla áherslu á samráð við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir til að ná verðbólgunni niður og geta hafið þá niðurtalningu sem við leggjum ríka áherslu á. Ég vil einnig leyfa mér að vona að það séu fleiri hér inni sem hafa áhyggjur af þeirri miklu hækkun, sem við blasir 1. júní, en við framsóknarmenn. Ég hefði satt að segja öllu fremur átt von á fsp. ef enginn hefði í eldhúsdagsumræðunum í gær minnst á þær hækkanir sem fram undan eru. Ég hef átt von á því, að t. d. einhver af þeim Alþfl.-mönnum, sem hafa mjög talað um viðnám gegn verðbólgu, hefði þá lýst áhyggjum sínum og spurt hvort við hefðum ekki líka áhyggjur. Við höfum áhyggjur út af því sem fram undan er og við höfum haft þær lengi og lagt áherslu á það. Þetta er ekkert nýtt. Þetta hefur komið fram hjá okkur hvað eftir annað. Við viljum leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir. Hins vegar, eins og kemur fram í þessum orðum mínum, er að ýmsu leyti erfitt um vik nú vegna lausra kjarasamninga sem blandast inn í þetta. Auk þess held ég að mönnum megi nú vera ljóst að það er æðiskammt til stefnu og kannske ólíklegt að nokkur samstaða náist á svo skömmum tíma.

Ég vil undirstrika það, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að engar ákvarðanir, engin drög hafa legið fyrir ríkisstj. um brbl. Það hefur ekkert verið rætt og brbl. verða að sjálfsögðu ekki sett nema innan þess ramma sem stjórnarskráin leyfir. Hins vegar hef ég aldrei heyrt neina ríkisstj. gefa þá yfirlýsingu, a. m. k. ekki þann tíma sem ég hef setið hér, að brbl. verði ekki sett. En það eru engar slíkar áætlanir uppi nú.

Ég vona að ég hafi svarað spurningu hv. 1. þm. Reykv. um afstöðu okkar framsóknarmanna. Við viljum leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir til að telja verðbólguna niður.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er mjög fróðlegt sem fram hefur komið nú í svörum ráðh. Þinghaldið er m. ö. o. farið að snúast um það, hvort ríkisstj. takist að senda þingið heim nógu snemma til þess að svigrúm verði til að krukka í kjarasamninga með brbl. fyrir 1. júní. Það er ekki hægt að skýra svör ráðh. með öðrum hætti. Ef ekkert slíkt stæði til, ef hæstv. ríkisstj. væri staðráðin í að standa við þau ummæli í málefnasamningnum sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta, væri einfaldast að vitna í þau:

„Ríkisstj. mun hins vegar ekki setja lög um almenn laun nema allir aðilar að ríkisstj. séu um það sammála, enda sé haft samráð við samtök launafólks."

Það væri nú afskaplega einfalt mál fyrir hæstv. forsrh. og aðra ráðh., sem hér hafa talað, að minna á þessi ummæli málefnasamningsins og lýsa því yfir stutt og laggott að við þetta yrði staðið, vísitalan yrði ekki skert 1. júní með brbl., sem er raunar í samræmi við þá skoðun og þann skilning sem hæstv. aðstoðarráðherra hæstv. fjmrh. hefur í sambandi við vísitölumálið, eins og hann hefur hvað eftir annað gert grein fyrir í greinum sínum í Þjóðviljanum. (Gripið fram í.) Þröstur Ólafsson. Já, ég á við það sem Þröstur Ólafsson hagfræðingur, sem er aðstoðarráðherra fjmrh. — til þess að upplýsa hæstv. félmrh. um þetta mál, — hefur m. a. sagt í Þjóðviljanum á haustdögum 1978, með leyfi hæstv. forseta. Niðurstaðan er þessi:

„Það er ekki vísitölukerfið sem ber ábyrgð á verðlagsþróun undanfarinna ára, heldur önnur utanaðkomandi áhrif sem koma af stað þenslu í hagkerfinu." — Meira um það síðar.

Og á öðrum stað í sömu grein þykist hann sýna fram á að það sé ekki samhengi milli verðbólgu og vísitölubindingar launa, eins og hann segir hér á öðrum stað,

með leyfi hæstv. forseta:

„Af hverju hefur verið komið á kerfi þar sem kveðið er á um að greiða verðlagsuppbætur á laun til samræmis við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar í einhverri mynd? Ástæðan er að sjálfsögðu sú, að með vísitölubindingu á að reyna að viðhalda kaupmætti launa þótt verðlag breytist. Kerfið er því varnartæki verkalýðsfélaganna gegn verðhækkunum. Sem varnartæki er það afleiðing áðurgenginna verðhækkana."

Svo mörg voru þau orð. Og úr því að hæstv. félmrh. fór að spyrja mig um skoðanir aðstoðarfjmrh. á þessum málum vil ég einnig minna á að þegar hæstv. félmrh. gafst upp við að mynda ríkisstj. í janúarmánuði, gerði hann skýra grein fyrir því í Þjóðviljanum að höfuðástæðan fyrir því hefði verið sú, að hvorki Alþfl. né Framsfl. hefðu getað hugsað sér að ganga til stjórnarsamstarfs án þess að ráðist yrði gegn verðbólgunni með því að minnka kaupmáttinn í landinu. Og félmrh. sagði að þá væri brostin forsendan fyrir því að hann færi í ríkisstj. Nú spyr ég: Er hæstv. félmrh. reiðubúinn til að lýsa því yfir við þessar umr. hér á Alþ. að hann muni ekki standa að útgáfu brbl. til skerðingar á kaupgjaldsvísitölunni? Er hann reiðubúinn til að lýsa því yfir, að ef aðrir ráðh. mundu gera það mundi hann sjálfkrafa segja af sér sem ráðh.? Er hann reiðubúinn til að leggja ráðherradóm sinn að veði fyrir öll þau orð sem hann hefur sagt um að undir engum kringumstæðum komi til greina að löggjafarvaldið, og þá allra síst með brbl. með þessum hætti, skerði almenn laun í landinu og gangi með þeim hætti á gerða kjarasamninga?

Ég vil jafnframt minna á að þegar tekjuskattslögin, þau skattpíningarlög, voru samþ. hér á Alþ. fyrir nokkrum vikum var ekki hægt að koma þeim fram nema með þeim eina hætti að formaður Verkamannasambands Íslands brygði sér vestur undir Jökul. Það getur verið fallegt þar í góðu veðri. Nú þori ég að fullyrða á þessari stundu að löggjöf, sem fæli í sér skerðingu á kaupgjaldsvísitölunni, styðjist ekki við meiri hl. á Alþingi. Ég þori að fullyrða að hér í Nd. mundu slík lög ekki ná samþykki. Ég er sannfærður um að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., mundi greiða atkv. gegn því að skerðing á kaupgjaldsvísitölunni ætti sér stað eins og hæstv. ríkisstj. vill ekki neita afdráttarlaust að hún hafi í huga að setja á fyrir 1. júní. Þess vegna er það, að ríkisstj. er enginn annar kostur mögulegur en að senda þingið heim ef þessi löggjöf á fram að ganga og það í skjóli þess að samningar taki gildi fyrir áramótin eða það snemma að óþarft verði að afgr. brbl. á næsta þingi, þannig að þau séu þess vegna fallin úr gildi af því að nýir kjarasamningar séu komnir í landinu. Alveg á sama hátt hafa brbl. síðustu vinstri stjórnar um gerðardóminn á sjómenn ekki fengist rædd í Alþ., og maður hefur ekki fengið að spyrja hæstv. Alþb.-menn um hvaða ástæður ráði. Þessi brbl. hafa ekki fengist hér rædd, engar upplýsingar fengist né umr. orðið um hvort sú lagasetning var eðlileg eða nauðsynleg á þeim tíma. Og það er einmitt þetta sama sem nú er haft í hyggju. Ríkisstj. ætlar að senda þingið heim til þess, að hún geti í skjóli bráðabirgðalagavaldsins sett ný þrælalög á launþega, og hugsar sér svo að koma fram samningum nægilega snemma til þess að ekki þurfi að samþykkja eða staðfesta þessi brbl. á næsta Alþ. Væri nú fróðlegt að heyra hvað formaður Verkamannasambands Íslands hefur um þessar ráðagerðir að segja.

Ég vil svo, úr því að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn, spyrja hann um hvort hann hafi þegar gefið fyrirmæli um það til launadeildar fjmrn. að bíða með útreikning launa fyrir 1. júní. Og hafi hann ekki gert það á þessari stundu vil ég spyrja hann um hvort til greina komi að gera slíkt, hvort af hans hálfu sé hafinn undirbúningur undir það, að laun opinberra starfsmanna verði ekki eins og samningar segja til um.

Nú hefur BSRB efnt til fundarhalda um allt land. Manni berast hvaðanæva fregnir af því, að óróleikinn í opinberum starfsmönnum sé miklu meiri en sýnist á yfirborðinu. Og maður fréttir um forustumenn BSRB, sem harðast og dyggast börðust fyrir því á febrúar- og marsdögum 1978 að efla til pólitískra æsinga í sambandi við samningana í gildi, og þann hagfræðing, sem þá bjó til öll plöggin sem sýndu hversu mikið kaupránið yrði hjá ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, að að mati þessara sömu manna muni kaupránið nú frá gildandi samningum, kaupránið hjá opinberum starfsmönnum, nema yfir 20%. En nú eru ekki sett upp veggspjöld um það. Hins vegar er fundið að því af launafólkinu, sem bíður eftir því að ríkisstj. virði það svars, hversu doðalegir og dauðir fundirnir eru þangað til framsöguræðunum lýkur, vegna þess að engin stefna er nú gefin í launamálum opinberra starfsmanna. Það er nauðsynlegt að spyrja einnig af þessu tilefni: Hvenær býst hæstv. fjmrh. við því, að hann sé reiðubúinn til að senda opinberum starfsmönnum gagntilboð í sambandi við þau mál — eða er þess kannske ekki að vænta?

Um þetta hefur verið spurt hér áður. Það hafa að sjálfsögðu ekki fengist svör. En við tökum eftir því, að eins og landinu hefur verið stjórnað, eins og skattaáþjánin hefur vaxið, eins og fólkið finnur að það var erfiðara að láta launin ná saman frá byrjun til enda mánaðarins þá er kominn mikill óróleiki hjá því fólki sem á að lifa á 250—300 þús. kr. á mánuði. — Ég tók eftir því, að hæstv. félmrh. var að býsnast yfir því í útvarpsumr. að það væri eitthvað rangt að þeir, sem hefðu hærri launin, skyldu fá meira út úr verðbótavísitölunni. Þegar þessi maður var ráðh. áður, þegar hann setti lögin 1978, stillti hann þeim lögum þannig til að hann fékk bæði láglaunabætur sem ráðh. og sem þm. Hann fékk tvöfaldar láglaunabætur þar í það skiptið. Þetta var ekki tekið sem ein laun. Og ég vil enn fremur minna á það, að hinn 1. sept. s. l. hækkuðu verðlagsbætur um eitthvað í kringum 120 þús. kr. hjá þessum ráðh., en 20 þús. kr. hins vegar hjá almennu launafólki. Þannig var það þá.

Niðurstaðan er þessi: Baráttan hér á Alþ. stendur núna um hvort formaður Verkamannasambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson, hefur tækifæri til að verja launafólkið, umbjóðendur sína, fyrir því áhlaupi á kaupmátt þeirra sem til stendur með því að þvílíkar efnahagsráðstafanir yrðu bornar fram hér á Alþ. eða hvort hæstv. forsrh. sendir þingið áður heim, þannig að ekki geti til þess komið að formaður Verkamannasambands Íslands geti hjálpað okkur 18 sjálfstæðismönnum og Alþfl.-mönnum að hrinda þessu áhlaupi á launafólk í landinu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu að umr. um svo mikilsvert málefni sem hér er nú á dagskrá séu teknar upp. Það hefur komið hér fram að þessar umr. eru teknar upp að gefnu tilefni

hæstv. ráðh. sjálfra, því að þeir koma nú hér hver á fætur öðrum í þeim tilgangi að éta ofan í sig það sem þeir sögðu í gær í almennum útvarpsumræðum. Út af fyrir sig er þessum hæstv. ráðh. kannske vorkennandi. Þeir hafa líklega ekki ætlað sér að segja þetta, en hugarfarið hefur verið þannig að þeir hafa misst það út úr sér, en koma hér nú hver á fætur öðrum til að reyna að draga í land og lýsa því yfir að þrátt fyrir allt hafi þeir málfrelsi enn hér á Alþingi.

Hæstv. menntmrh. var að tala um að sér þætti hart ef hann hefði ekki málfrelsi til að segja það sem honum byggi í brjósti.

Það er augljóst af þeim ummælum hæstv. ráðh., að á dagskrá eru einhverjar slíkar ráðstafanir sem þeir létu í veðri vaka í útvarpsumr. í gærkvöld að þyrfti að gera. En það er jafnljóst, að hvorki hæstv. forsrh. né aðrir hæstv. ráðh. vilja lýsa því hér yfir, að ríkisstj. muni ekki grípa til þess að gefa út brbl. um þetta tiltekna atriði 1. júní nokkrum dögum eftir að Alþ. hefur verið sent heim. Augljóst er að um þetta fást ekki svör.

Ég hef ekki heyrt nokkurn hv. þm. hér ásaka hæstv. ráðh. Framsfl., menntmrh. og samgrh., fyrir að hafa sagt þetta, heldur hafa þm. viljað fá nánari skýringu á því, hvað væri í raun og veru gert ráð fyrir að gera. En það vill nú svo til, þó að ekki sé hægt að fá óyggjandi svör hæstv. ráðh. um þetta málefni, að afstaða sumra hv. þm. innan stjórnarliðsins getur skipt sköpum um hvort af útgáfu slíkra brbl. verður eða ekki. Eins og hv. þm. er kunnugt eru innan stjórnarliðsins tveir hv. þm. sem enn a. m. k. eru nátengdir launþegahreyfingunni í landinu. Þar á ég við hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson og Guðrúnu Helgadóttur. Ég er sannfærður um að hæstv. ríkisstj., hversu áfjáð sem hún yrði í að gefa út brbl. sem breyttu verðbótaþætti vísitölubótanna, mundi ekki gera það nema því aðeins að þessir hv. þm. styddu slíkt. Þeir geta því ráðið því, hvort af útgáfu slíkra brbl. verður eða ekki. Og þó að það yrði, svo sem hv. þm. Halldór Blöndal var að tala um áðan, að brbl. yrðu gefin út í trausti þess að samningar hefðu tekist áður en þing kemur saman, þannig að ekki kæmi til þess að slík bráðabirgðalöggjöf yrði til afgreiðslu hér á Alþ., þá væri það stjórnarskrárbrot ef hæstv. ríkisstj. gæfi út slík brbl. vitandi að þau nytu ekki meirihlutafylgis á Alþ. Það væri brot á stjórnarskránni. Ég vil því, vegna þess að ég sé ekki fram á að það fáist nein ákveðin svör frá hæstv. ráðh., spyrja þessa tvo hv. þm., og ég vænti þess að hæstv. forseti geri ráðstafanir til þess að hv. þm. Guðrún Helgadóttir nái þessari spurningu, hvort þeir vilja lýsa því yfir hér að þeir muni ekki standa að því að styðja brbl. sem hæstv. ríkisstj. mundi gefa út vegna þess sem á að gerast 1. júní. Ef við fáum óyggjandi svör beggja hv. þm. um að þeir muni ekki standa að því, þá er nokkuð tryggt að slík bráðabirgðalöggjöf fær ekki staðist.

Ég óska því eindregið eftir því að báðir þessir hv. þm. treysti sér til að koma hér upp og lýsa yfir afstöðu sinni til þessa máls. Ég á enga kröfu til þess að þeir lýsi yfir að þeir styðji ekki slíka bráðabirgðalöggjöf, en mér finnst siðferðileg krafa til þess að þeir segi hver afstaða þeirra er til málsins. Ef hún verður á þá leið að þeir styðji ekki brbl. þá verður ekki um það að ræða að brbl. verði sett.

Ég vil ítreka spurningu sem ég var hér með áðan til hv. tveggja þm. Alþb., sem enn a. m. k., eins og ég orðaði það, eiga ítök í launþegahreyfingum í landinu. (**GHelg:** Mikil?) Það fer eftir því hvað hver álítur. En spurningin er þessi: Hvað sem því líður, að hæstv. ríkisstj. hyggist gefa út brbl. um breytingar á vísitölugreiðslum á laun nú 1. júní, er það öruggt að slík brbl. hafa ekki meirihlutafylgi á Alþ. ef þessir tveir hv. þm. styðja það ekki. Spurningin er því þessi: Er hægt að fá yfirlýsingu þessara hv. þm. um að þeir styðji ekki slíka bráðabirgðalöggjöf? Ég óska ítrekað eftir því, að hv. þm. tjái sig um þetta mál. Það er augljóst að við fáum ekki svör frá hæstv. ráðh., en ég tel nægilega tryggingu að fá afstöðu þessara hv. tveggja þm., hvernig þeir líta á þetta mál. Ég tel tryggt að ef þeir eru andvígir því og styðja ekki slíka löggjöf, þá verði hún ekki sett, nema þá stjórnarskráin verði brotin.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Hér ganga lifandis ósköp á. Mér varð það á að halla aftur augunum þegar ég hlustaði á hv. 3. þm. Vestf. Hann ræddi um vísitöluskerðingar. Það rifjuðust upp fyrir mér janúardagar þegar rætt var um stjórnarmyndun. Þá var þetta að vísu magnaðra en hinar vafasömu yfirlýsingar hæstv. ráðh. sem hann vitnaði í. Þá stóð upp úr forráðamönnum Alþfl. að gersamlega óhjákvæmilegt væri að skerða vísitölu og það verulega. Nú fyllast sömu menn heilagri vandlætingu yfir því, að hæstv. ráðh. Framsfl. hafa misst út úr sér slæm orð, sem eru nokkuð í ætt við þeirra eigin málflutning og skoðanir. Ekki er nú hugurinn heill þegar rætt er um þessi mál.

Ég missti af þessum ágætu útvarpsumræðum og skal ekkert um þær segja, nema það sem ég hef heyrt hér. Mér skilst að þessir ráðh. hafi sagt að engin slík lög, engar slíkar ráðstafanir mundu þeir gera nema með samþykki og í samráði við launþega, bændur og sjómenn. Þó að hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, álíti vald mitt mikið, og ég þakka honum aðdáunina, get ég ekki talað fyrir hönd Alþýðusambands, sjómannasamtaka eða bændasamtaka, fjarri því. Í fyrsta lagi er það yfirlýst, að í ríkisstj. hafi engar tillögur komið fram um slíkar ráðstafanir og þeirra persónulega skoðun er að ef til einhverra vísitöluaðgerða komi sé það bundið því að haft sé samráð við launþegasamtök. Vitanlega get ég engar yfirlýsingar gefið fyrir þau. Mér skilst að hæstv. ráðh. hafi engar yfirlýsingar gefið um að slík brbl. yrðu sett, heldur hafi þeir viljað ræða við launþegasamtök eða talið heppilegt að ná samkomulagi við þau um það. Á það verður að reyna. Hitt verð ég hins vegar að segja, að gagnvart því fólki, sem er með undir 300 þús. kr. á mánuði og mætir hjá viðsemjendum sínum kröfum um launaskerðingar, þá held ég að allar svona yfirlýsingar séu ákaflega óheppilegar. Það er skoðun hæstv. ráðh., að samkomulag beri að reyna, og slíkt tel ég heppilegt, en að því tilskildu að viðkomandi samtök séu því samþykk. Ég sé þess vegna enga ástæðu til að ég fari að gera mig hér að þeirri fölsku ímynd sem hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, telur mig vera fyrir hönd allra launþega.

Hvort allar viðræður við stjórnvöld gætu falið í sér vísitölubreytingar, gætu falið í sér kauphækkanir, sérstakar kauphækkanir til hinna lægst launuðu o. s. frv., hlýtur að koma í ljós á sínum tíma, en skerðing á almennum lægri launum kemur að mínu mati ekki til mála. Hitt má vera, að menn búi yfir hvers kyns tillögum sem gætu verið í hag því fólki sem lægst er launað. Þá er að ræða það. Því aðeins að þær séu þessu fólki í hag er ég persónulega reiðubúinn til að ræða við ríkisstj., að öðrum kosti ekki.

Hitt vil ég að endingu leggja áherslu á, að virðing 1. þm. Reykv. og virðing 3. þm. Vestf. fyrir vísitölu og kjarasamningum kemur ekki frá hjartanu. [Fundarhlé.]

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Fyrr í dag beindi hv. 1. þm. Reykv. fsp. til ráðh. varðandi þinghaldið og fleiri þætti stjórnmálanna á næstu sólarhringum. Hæstv. forsrh. hafði svarað spurningum frá hv. 3. þm. Vestf. um sömu mál. Ég taldi að út af fyrir sig hefði ég ekki miklu við þau svör að bæta sem hæstv. forsrh. flutti. Enn fremur vil ég minna á að þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa í rauninni allar sprottið upp vegna ummæla sem féllu í ræðum hjá hæstv. menntmrh. og hæstv. sjútvrh., þannig að ég taldi eðlilegast að þeir gerðu grein fyrir málum, eins og þeir hafa gert í dag svo og hæstv. forsrh. En þar sem eftir því hefur verið leitað mun ég ekki víkjast undan því að ræða þessi mál nokkuð hér.

Ég held að það sé alveg ljóst, að það deilumál, sem hér er uppi í dag, er ekki einasta um þinghaldið sem slíkt eða þingsköp, eins og menn vilja vera láta, né heldur er hér einvörðungu verið að fjalla um vísitölumál 1. júní eða húsnæðismál, heldur öll þessi mál í senn. Ég tel að deilurnar um þinghaldið séu þarna nokkuð í forgrunni og að vandinn, sem við hér stöndum frammi fyrir, stafi fyrst og fremst af því, að samkomulag hefur ekki náðst um þinghaldið milli stjórnar og stjórnarandstöðu, þannig að eftir því væri hægt að vinna með skikkanlegum og eðlilegum hætti þannig að öllum þingheimi væri nokkur sómi að. Ég tel að við eigum að leggja á það áherslu að ná samstöðu um það, hversu mál ganga fram hér í þinginu. Fyrir liggur hver er afstaða ríkisstj. varðandi mál í þeim efnum.

Talandi um hin einstöku mál vil ég nefna frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins sem verður senn væntanlega til 2. umr. hér í d. og hefur verið til meðferðar í hv. félmn. Hér er um að ræða stórt og þýðingarmikið mál. Óneitanlega kemur það víða við, óneitanlega er það margar greinar, en þó er það í rauninni tiltölulega einfalt mál sem hefur legið hér alllengi fyrir. Þar er um að ræða mjög ákveðin pólitísk ágreiningsmál, en þau eru ákaflega skýr og eru þekkt frá fornu fari, þannig að ekki ætti að þurfa að vefjast fyrir mönnum að mínu mati að taka ákvörðun um þá hluti ef allir beittu ýtrasta velvilja varðandi framgang þingmála á þeim síðustu sólarhringum sem nú standa eftir af þinghaldinu.

Það er jafnljóst fyrir ríkisstj. og öðrum hv. alþm. að þessi húsnæðismál eru nátengd kjörum launafólks í landinu. Hér er um það að ræða, í þeim búningi sem frv. liggur fyrir nú, að gerðar yrðu ráðstafanir til að auka svo getu Byggingarsjóðs verkamanna að hann réði við að byrja á 500 íbúðum á ári eða svo 500—600 íbúðum á ári í staðinn fyrir 90—100 íbúðir á ári. Þetta eru kjaramál sem skipta miklu máli. Það er augljóslega af þeirri ástæðu sem á þetta mál er lögð mjög veruleg áhersla og ég vænti að allur þingheimur, hvort sem er stjórn eða stjórnarandstaða, skilji hvað hér liggur á bak við af hálfu þeirra aðila sem hvetja til þess að málið verði afgreitt.

Hér hefur verið haldið uppi alllöngum umr. um ýmis mál, m. a. um iðnaðarmál í gærkvöld og í nótt og um fleiri mál, og því hefur verið haldið fram af ýmsum, að svo muni málum verða háttað áfram ef ekki náist samkomulag um þingstörfin. Ég held að það sé í rauninni engum til góðs að þófi af því tagi sem hér hefur birst verði haldið miklu lengur áfram. Ég held að það sé engum til góðs og síst Alþingi Íslendinga.

Það hefur verið á það minnst hér, hvort hugsanlegt sé að ríkisstj. muni setja brbl. til að skerða verðbætur á laun, hefur mér skilist, 1. júní n. k. Það er ljóst, að ef það væri t. d. tekin ákvörðun um aukningu á niðurgreiðslum þannig að þær héldu því hlutfalli af búvöruverði sem þær halda nú og gert er ráð fyrir í stjórnarsáttmálanum og taka ekki tillit til þess við útreikning kaupgjaldsvísitölu 1. júní, þá yrði slíkt auðvitað ekki gert öðruvísi en með lögum. Það er alveg ljóst og rétt sem hv. 3. þm. Vestf. sagði um það mál. Það er hins vegar ekki rétt, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði í sinni ræðu, að ekki hafi verið gert ráð fyrir þessum möguleika við afgreiðslu fjárlaganna. Við afgreiðslu fjárlaganna var gert ráð fyrir þessari hlutfallslegu verðtryggingu niðurgreiðslnanna, ef svo mætti að orði kveða um þann þátt mála. Ákvörðun um hversu miklar niðurgreiðslurnar verða getur hins vegar ekki legið fyrir fyrr en nokkurn veginn er ljóst hvert búvöruverð verður frá 1. júní, en niðurstaða Sexmannanefndar í þeim efnum liggur ekki fyrir. En fari svo að þing standi jafnvel til 28. maí, miðvikudags í næstu viku, sem ég hygg að sé 28. maí, þá er ljóst öllum sem þekkja á almanak að þá mun lifa skammur tími eftir af maímánuði, eða 29., 30. og 31. þess mánaðar, þrír dagar, og jafnvel þó að menn væru allir af vilja gerðir til að leggja á það ofurkapp að koma fram á þeim tíma brbl. hygg ég að til þess vanti ýmislegt, m. a. í fyrsta lagi tæknilegar forsendur og í annan stað pólitískar forsendur, sem ekki liggja heldur fyrir. (**HBl:** Er það reynslan frá 1978?) 1978 voru ekki gefin út brbl. síðari hluta maímánaðar. (**HBl:** En í september kannske?) Já, í september. Að sjálfsögðu getur það iðulega komið til að ríkisstj. þurfi á því að halda í tengslum við lausn kjarasamninga eða í öðrum tilvikum að setja brbl. Auðvitað getur ríkisstj. ekki, hvorki þessi né önnur, afsalað sér þeim rétti í eitt skipti fyrir öll. Það er útilokað. En ég hygg að við séum hér fyrst og fremst að tala um þennan tiltekna mánuð og ég hef skýrt hvernig málin standa að því er hann varðar þegar þinghald hefur staðið hér út miðvikudaginn 28. maí og hversu málum þá verður háttað. Ég hygg því að þessir hlutir séu eins ljósir og verða má.

Ég vænti þess, að allir þm., bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, taki sig saman um það nú á næstu klukkutímum að sjá fram úr þessum málum öllum, þannig að Alþingi Íslendinga þurfi ekki lengur — um marga sólarhringa enn — að líða — ég vil segja líða — fyrir þá vanvirðu sem því er iðulega gerð með því háttalagi sem hér hefur verið tíðkað, án þess að ég vilji ráðast heiftarlega að þeim stjórnarandstöðuþingmönnum, sem hér hafa talað, né heldur kenna þeim um allar misfellur sem átt hafa sér stað í störfum Alþingis og vafalaust má einnig rekja til okkar starfa líka.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans við fsp. minni hvað snertir fyrirætlanir ríkisstj. um breytingar á verðbótaþætti vaxta eða fjármagnskjörum innlána og útlána. Þau svör voru að vísu ekki fullnægjandi, en ólíkt voru þau þó skýrari en svör hæstv. forsrh. við hinni spurningunni um fyrirætlanir ríkisstj. varðandi verðbætur á laun.

Hæstv. viðskrh. taldi að Seðlabankinn hefði nú tillögur í undirbúningi sem ríkisstj. ætti eftir að sjá. Ég verð að

lýsa undrun minni á því, að nú, 20. maí, skuli Seðlabankinn ekki þegar hafa sent ríkisstj. tillögur sínar um þær breytingar sem bankastjórn Seðlabankans vill gera í þessum efnum miðað við næstu mánaðamót. Þær breytingar hafa verið í raun og veru allt of seint á ferðinni, sem eru að þessu leyti gerðar ársfjórðungslega eða ráð var fyrir gert að gerðar yrðu ársfjórðungslega samkv. lögum nr. 13/1979, bæði til tjóns fyrir lánastofnanir og þá sem skipti eiga við lánastofnanirnar.

Hæstv. viðskrh. sagði að það hefðu ekki verið brotin lög með aðgerðarleysi og þeirri ákvörðun ríkisstj. að hafa verðbótaþátt vaxta óbreyttan 1. mars s. l. vegna þess að í lögunum væri ekki gert ráð fyrir því, hvenær þessi aðlögun vaxta og verðtryggingar að verðbólgustigi ætti að fara fram á árunum 1979 og 1980. En ég minni hæstv. ráðh. á, sem hann reyndar las upp úr lögunum, að þetta á að eiga sér stað í áföngum. Venjulega skilur maður slíkt orðalag þannig, að slík aðlögun verði í nokkuð jöfnum áföngum eða a. m. k. í samræmi við minnkandi eða vaxandi verðbólgustig. Nú liggur það fyrir samkv. fréttatilkynningu Seðlabankans, að 1. mars hefði verðbótaþáttur vaxta átt að hækka um 3—5%, og síðan eru allar spár um verðlag í landinu á þá lund að verðbólgan fari vaxandi það sem eftir er ársins. Ef halda á lögin og ná því takmarki laganna að verðtryggingu sé komið á í árslok eða verðbótaþáttur vaxta sé í samræmi við verðbólgustig er því ljóst, að sé ekki um brot á lögunum að ræða er a. m. k. mjög gengið á svig við þau og ákvæði þeirra.

Ég minni líka á að bersýnilega hefur hæstv. ríkisstj. gefið bankastjórn Seðlabankans þá skýringu samkv. orðalagi í fréttatilkynningu Seðlabankans, að ríkisstj. hygðist bera fram breytingu á lögum nr. 13/1979 á þá lund, að aðlögunartími vaxta og verðbólgu ætti að framlengjast fram yfir næstu áramót, því að í fréttatilkynningu Seðlabankans segir bankastjórn Seðlabankans um ríkisstj. eftirfarandi: „Jafnframt hefur hún“ — þ. e. ríkisstj. — „lýst yfir því, að hún ráðgeri að taka til endurskoðunar ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl. að því er varðar lengd aðlögunartíma uns fullri verðtryggingu verði náð.“

Athugasemd mín laut m. a. að því, að þm. hafa ekki séð neitt frv. þessa efnis hingað til, og það gaf mér tilefni til þeirrar fsp. hvort ætlunin væri að framlengja þennan aðlögunartíma. Svo virðist ekki vera af svörum hæstv. viðskrh. að dæma, en af því leiðir einnig að taka verður stærri stökk það sem eftir er ársins ef efna á og fara eftir ákvæði laga nr. 13/1979.

Þá vil ég næst gera nokkuð að umtalsefni ræðu hæstv. félmrh. Hann taldi sig engu þurfa að bæta við svar hæstv. forsrh. varðandi fsp. mína í eldhúsdagsumræðunum í gær og fsp. hv. 3. þm. Vestf., Sighvats Björgvinssonar, í dag varðandi fyrirætlun ríkisstj. um útgáfu brbl. um breytingu á verðbótum launa. Ég hef áður lýst óánægju minni yfir svari forsrh. og skal ekki bæta neinu þar við, en fagna því þó að hæstv. félmrh. sagði að þm. gætu sagt sér það sjálfir eða dregið sjálfir þá ályktun að stæði þing t. d. til og með 28. maí væru hvorki tæknilegir né pólitískir möguleikar á því að slík brbl. yrðu gefin út. Ég tek þessa yfirlýsingu hæstv. félmrh. og skil hana þannig, að hann útiloki útgáfu brbl. Með tilvísun til stjórnarsáttmálans um að lög verði ekki gefin út um breytingar á fyrirkomulagi launagreiðslna nema allir aðstandendur ríkisstj. samþykki tek ég þetta svar hæstv. félmrh. þannig, að hann taki á sig þá ábyrgð að segja að slík brbl. komi ekki til greina.

Það er misskilningur hjá hæstv. félmrh. að umr. nú utan dagskrár eða undanfarna daga hér í þinginu séu deilur um þinghaldið. Að vísu höfum við sjálfstæðismenn haldið því fram, að væri þingi lokið í þessari viku, t. d. í dag, eins og fyrst var ráð fyrir gert, væri ekkert efni til þess að afgreiða t. d. svo viðamikinn lagabálk sem lög um Húsnæðisstofnunina svo viðunandi væri. Ed. hefur gert meira en 100 breytingar á því lagafrv. sem lagt var upphaflega fyrir þingið. Hér er í rauninni um nýtt frv. að ræða. Og án þess að ég vilji fara út í efnisumræður um þetta frv. er það ábyrgðarleysi af alþm. í Nd. Alþingis að fara ekki nákvæmlega yfir þetta frv. og gera sér grein fyrir því efnislega. Við sjálfstæðismenn höfum ekki synjað einum eða neinum um að sitja eins lengi á þingi og óskað er eftir og fjalla um þau mál sem þinginu ber að fjalla um, og það er algerlega á valdi ríkisstj. að því leyti að kveða á um hvenær þingi skuli hætt. En ég geri þann fyrirvara eða þá kröfu að þm. hafi tíma og tök á að kynna sér mál og gera sér grein fyrir málum og greiða atkvæði og bera fram brtt. við mál með þinglegum hætti. Það er t. d. mjög dregið í efa að í frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins sé þess skilyrðis gætt, sem hæstv. félmrh. gerði að umtalsefni, að auka fjárhagsgetu Byggingarsjóðs. Á það hefur verið þvert á móti bent í umr. á Alþ., að það er verið að draga úr framlögum til Byggingarsjóðs, og eitt af höfuðgagnrýnisefnum okkar sjálfstæðismanna á þetta frv. er að það sé ekki með einum eða neinum hætti séð fyrir fjármögnun þeirra framkvæmda sem gefið er í skyn með frv. að ætlunin sé að unnt verði að ráðast í, það sé m. ö. o. sýndarmennskan í algleymingi öðrum þræði.

Þá nefndi hæstv. félmrh. að það væri vanvirða við Alþ., það þóf — hvort hann notaði orðið málþóf skal ég ekki segja, en það þóf sem haft væri í frammi í umræðum hér á Alþ. Ég held því fram, að við sjálfstæðismenn höfum ekki notað meiri ræðutíma en eðlilegt er og síst meiri ræðutíma en tala okkar er í samanburði við stjórnarþm. og ráðh. t. d. Í gær voru hér umræður um iðnaðarmál. Þær voru málefnalegar og fjölluðu um efnisatriði og sjálfur hæstv. iðnrh. tók til andsvara og svaraði á málefnalegan hátt og tók sérstaklega fram að ræður þm. Sjálfstfl. í gærkvöld hefðu verið málefnalegar og átt rétt á sér, enda tók hann eðlilegan og nauðsynlegan tíma til að svara þeim ræðum.

Ég vil svo í tilefni af ræðum hæstv. menntmrh. og hæstv. sjútvrh. nefna að þeir sögðu, hygg ég, báðir, a. m. k. hæstv. menntmrh., að það hefði ekki komið til tals í ríkisstj. að gefa út brbl. Og þegar haft er í huga að hæstv. ráðh. segja að auðvitað geti ríkisstj. ekki gefið loforð um það í framtíðinni að gefa ekki út brbl., þá get ég vel fallist á það. Hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir, að skilyrði til þess að brbl. verði gefin út er að brýna nauðsyn beri til. Ég held því fram, og ég tel að hæstv. ráðh. séu mér sammála, að það ætti að vera alveg ljóst nú hvort brýna nauðsyn beri til að gefa út slík lög eða ekki. Það liggur fyrir að framfærsluvísitalan muni hækka um 13.2% og verðbótavísitala muni hækka um 11.7%. Á þeim grundvelli ætti ríkisstj. að geta gert sér grein fyrir hvort brýna nauðsyn beri til að setja lög. Fyrirvari minn og krafa fyrir hönd sjálfstæðismanna er að þessi löggjöf verði sett hér á þinginu ef það er skoðun ríkisstj. að nauðsynlegt sé að setja slíka löggjöf. Ríkisstj. ætti að vera það ljóst þessa dagana og því ætti að vera unnt að

fara þingræðislega leið og fjalla um málið á þingi fyrir mánaðamót ef það er vilji ríkisstj. að fara þessa leið yfirleitt.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson talaði hér loðmullulega, svo ekki sé meira sagt. Einhvern tíma fyrr hefur hann verið viðkvæmari fyrir verðbótavísitölu á laun en hann sýndist vera nú í sinni ræðu. Ég hef aldrei haldið því fram að stjórnvöld gætu ekki þurft að setja löggjöf varðandi vísitöluverðbætur á laun. Ég veitti forstöðu ríkisstj. sem 1978 greip til þess ráðs með febrúarlögunum. Þá var hatrammri andstöðu beitt gegn þeirri lagasetningu af hálfu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, Alþb. og Alþfl., og þá upphófst herópið: „Samningana í gildi.“ Síðan 1. sept. 1978 hafa þeir flokkar, sem upphófu herópið: „Samningana í gildi“, átt aðild að stjórn landsins ásamt framsóknarmönnum sem hafa gerst hjálparkokkar þeirra. Þess vegna er ákaflega athyglisvert að líta á fréttabréf Kjararannsóknarnefndar frá því í aprílmánuði s. l., þar sem gerð er grein fyrir þróun kaupmáttar kauptaxta mánaðarlega síðustu þrjú árin. Ég tek eftir því, að kaupmáttur kauptaxta verkamanna í maímánuði 1978, sem er síðasti mánuður þriggja mánaða vísitölutímabilsins eftir að febrúarlögin voru sett, er 103.7. Í nóv. s. l., sem er síðasti mánuður verðbótatímabils síðasta árs, eftir að flokkarnir, sem börðust fyrir samningunum í gildi, höfðu stjórnað málefnum þjóðarinnar, var kaupmáttur kauptaxta verkamanna 103.6, sem sagt lægri. Ef við tökum svo maílögin, sem ríkisstj. sú setti sem ég veitti forstöðu og mildaði nokkuð áhrif febrúarlaganna í sáttaskyni við launþegasamtökin í landinu, þá er samanburðurinn sá, að í ágústmánuði 1978 er kaupmáttur kauptaxta verkamanna 111.6, en í síðasta mánuði verbótatímabils s. l. árs er hann 103.6. Þannig er kaupmáttur kauptaxta verkamanna mun lægri en var samkv. maílögunum 1978, sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson barðist sem mest á móti. Þetta er árangurinn af starfi þeirra flokka sem heimtuðu samningana í gildi. Kaupmáttur kauptaxta verkamanna er lægri en samkv. þeim lögum sem þeir börðust gegn. Og í þessari skýrslu kaupgjaldsnefndar segir að á síðasta fjórðungi liðins árs hafi kaupmáttur greidds tímakaups verið 1.9—2.6% lakari en að meðaltali á árinu og jafnframt 3.4—6.7% lægri en á fjórða ársfjórðungi ársins 1978, en þá var kaupmáttur hæstur á því ári, eins og fram kemur á kaupmáttaryfirlitinu.

Þegar þessi ummæli eru skoðuð svo og það, að kaupmáttur kauptaxta hefur farið lækkandi á yfirstandandi ári, — ég hef ekki tölur um það frá Kjararannsóknarnefnd, en við getum sagt okkur það sjálf að framfærsluvísitala hækkaði 1. mars um 9.1%, en verðbætur á laun voru þá eitthvað um 6.7%, þ. e. þá var um 2.4% kjararýrnun að ræða og nú er væntanleg um 1.5% kjararýrnun, — þá er þarna um 4—5% kjararýrnun að ræða á yfirstandandi ári til viðbótar við þá skerðingu kaupmáttar sem átt hefur sér stað fram til síðustu áramóta undir stjórn Alþb., Framsfl. og Alþfl. Þetta er árangurinn af skemmdarverkum sem uppi voru höfð á árinu 1978 og er síst til hagsbóta fyrir launþegana í landinu.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en ítreka og endurtek: Sú krafa er eðlileg og sjálfsögð af hálfu alþm., að brbl. um svo mikilvæg efni sem verðbætur á laun eða verðbótaþátt vaxta verði ekki sett aðeins örfáum dögum eftir að þingi er slitið. Slík mál á að leggja fyrir þing þegar svo stendur á að þing situr hvort eð er að störfum og hefur raunar nægum verkefnum að sinna vegna þess að fjöldamörg mál eru óútrædd og þyrftu sannarlega að hljóta eðlilega meðferð á þingi.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. (þskj. 339, n. 558, 463, 550, 563). — Frh. 2. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil gera hv. þdm. vitanlegt að því var mjög harkalega mótmælt við mig þegar ákveðinn var fundur eftir útvarpsumræður, eftir eldhúsdaginn í gærkvöld. Mál stóðu þann veg þá, að ég taldi slíkt óhjákvæmilegt. Nú hefur því verið af enn meiri hörku mótmælt að boðað yrði til kvöldfundar í kvöld. Það er eitt ráð til að svo þurfi ekki að verða, og nú bið ég hv. þd. um að hjálpa mér til að svo megi verða.

Eindregin tilmæli eru það frá hæstv. forseta Ed. að hann geti boðað til fundar á eðlilegum tíma á morgun, sem ég hyggst einnig gera í þessari deild, kl. tvö, en til þess að svo megi verða þurfum við að taka eitt mál til afgreiðslu í hv. deild og það er 3. dagskrármálið sem rætt hefur verið allrækilega fyrr í dag. Ég gerist nú svo djarfur í þessum örðugleikum, sem á því eru að ná sáttum og samkomulagi um þinghaldið, að fara fram á það við tvo hv. þdm., sem á mælendaskrá eru, hv. 3. þm. Austurl., frsm. fjh.- og viðskn., og hv. 6. þm. Reykv., að þeir falli frá orðinu, ef aðrir hv. þdm. geta fellt sig við þessa málsmeðferð, þannig að ganga megi til atkv. um það samkomulagsmál sem þetta frv. er þótt brtt. séu að vísu fram bornar, en í grundvallaratriðum er það samkomulagsmál, og að við náum því nú um kvöldmatarleytið að setja nýjan fund til að taka það eina mál á dagskrá, þannig að það nái fullnaðarafgreiðslu í hv. deild. (**HÁ:** Ég fell frá orðinu. — **BÍG:** Sömuleiðis.)

ATKVGR.

Brtt. 550 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 563,1 felld með 17:8 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 563,2 tekin aftur.
7.—15. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 563,3 felld með 19:10 atkv.
16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 463 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Neðri deild, 82. fundur.

Þriðjudaginn 20. maí, að loknum 81. fundi.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. (þskj. 601 (sbr. 339)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil segja í sambandi við það ákvæði til bráðabirgða sem hér hefur verið samþykkt, svo að það sé enginn misskilningur í því sambandi, að í n. var sú skoðun uppi að algjörlega óþarft væri að setja slíka heimild í lögin, allar slíkar heimildir væru fyrir hendi.

Í fyrsta lagi greiðir ríkissjóður framlag á fjárlögum til Rafmagnsveitna ríkisins, 1 milljarð. Það framlag má hækka ef menn finna einhvers staðar peninga, sérstaklega ef þeir eru einhvers staðar afgangs, og ríkisstj. hefur allar heimildir til þess.

Í öðru lagi er heimild í 7. gr. frv. til að greiða sérstakt framlag til varmaveitna og rafveitna. Er gert ráð fyrir 240 millj. og það má einnig hækka. Hér eru því allar heimildir fyrir hendi.

Þetta er vandamál sem við viðurkenndum að þyrfti að taka á, en við teljum að ekki þurfi neina sérstaka viðbótarheimild. Það er út af fyrir sig saklaust, þó að ein heimildin enn bætist við, ef hæstv. ríkisstj. finnur einhvers staðar peninga til framkvæmdar málsins. Ég sé því ekkert því til fyrirstöðu að hún hafi þarna þrefaldar heimildir. En ég vildi taka þetta fram, þannig að ekki væri misskilningur varðandi afstöðu n. til málsins.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 20. maí.

Aðgerðir vegna bilana á rafmagnslínum.

Skriflegt svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn frá Skúla Alexanderssyni um aðgerðir vegna bilana á rafmagnslínum til Grundarfjarðar og Hellissands, á þskj. 499, sent þm. 20. maí.

Fyrirspurn:

Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir tjón og hættuástand vegna bilana á rafmagnsflutningslínum til Grundarfjarðar og Hellissands?

a) Er von endurbóta á flutningslínum?
b) Er fyrirhugað að setja upp varastöðvar á þessum stöðum?

Svar:

Vegna anna á Alþingi er hér lagt fram skriflegt svar við þessari fyrirspurn í samráði við forseta sameinaðs þings og fyrirspyrjanda. Leitað var upplýsinga hjá Rafmagnsveitum ríkisins um málið og er fyrst og fremst stuðst við þær hér á eftir:

Um a—lið fyrirspurnarinnar upplýsa Rafmagnsveiturnar eftirfarandi:

1. Unnið hefur verið að byggingu nýrrar 66 kV línu frá aðveitustöð að Vegamótum til nýrrar aðveitustöðvar í Ólafsvík og verður þessu verki lokið í sumar. Þessi framkvæmd eykur og treystir orkuöflun inn á norðanvert Snæfellsnesið til mikilla muna.
2. Eftirtaldar aðgerðir verða framkvæmdar á línunni frá Ólafsvík til Grundarfjarðar á komandi sumri og eru þegar hafnar:
   2.1 Skipt verður um vír og einangra á línunni frá Ólafsvík til Búlandshöfða.
   2.2. Skipt verður um vír á línunni frá Búlandshöfða (austanverðu) að Grundarfirði.
   2.3 Línan yfir Búlandshöfða verður aflögð, en í hennar stað lögð ný lína, 6—7 km löng, norður yfir Búlandshöfða.

   Með þessum aðgerðum er aukin einangrun á línunni og vírgildleiki og þar með flutningsgeta hennar aukin verulega. Línan verður einnig traustari eftir þessar endurbætur, þar sem vírinn á línunni var víða orðinn mjög lélegur og bilanir á Búlandshöfða hafa verið mjög tíðar.
3. Aðgerðir á Hellissandslínu eru á framkvæmdaáætlun Rafmagnsveitnanna á næsta ári. Eins og það er orðað í framkvæmdaáætluninni: Stofnlína Ólafsvík — Rif — Gufuskálar **83 Mkr.** Að sjálfsögðu er ekki búið að samþykkja þessa framkvæmdaáætlun fyrir árið 1981 og gerist væntanlega ekki fyrr en með gerð fjárlaga fyrir það ár.

Um b—lið fyrirspurnarinnar er því til að svara, að ekki hefur verið fyrirhugað að setja upp vararafstöðvar á þessum stöðum.

Varðandi raforkumál á Vesturlandi er því við að bæta, að iðnaðarráðuneytið tók undir þá tillögu stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins á s. l. ári að stofnað yrði starf rafveitustjóra III á Vesturlandi með aðsetri í Stykkishólmi og hliðstætt starf rafveitustjóra fyrir Suðurland með aðsetri á Hvolsvelli. Hlaut mál þetta samþykki fjárveitinganefndar s. l. vetur. Er þess að vænta að með tilkomu manna í stöður þessar verði unnt að fylgjast betur með raforkukerfum á vegum Rafmagnsveitnanna í þessum landshlutum.

Efri deild, 99. fundur.

Miðvikudaginn 21. maí, kl. 2 miðdegis.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 446 (sbr. 6), n. 605 og 606). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta mál og mælir meiri hl. hennar með því, að það verði samþ. í þeim búningi sem það kom frá Nd., þar sem gerðar voru lagfæringar á framsetningu einstakra greina.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti.

Fjh.- og viðskn. hefur haft til umfjöllunar þetta mál og klofnaði n. í afstöðu sinni til málsins. Á þskj. 606 er nál. frá 2. minni hl. n. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Hér er um að ræða enn eina skattahækkun fyrrv. vinstri stjórnar sem núv. ríkisstj. hefur ákveðið að gilda skuli allt yfirstandandi ár. Á s. l. ári giltu þessi lög aðeins lítinn hluta ársins. Af þeim ástæðum þyngjast skattar verulega í ár vegna þessara laga. 2. minni hl. nefndarinnar er andstæður skattahækkunarflóði ríkisstj. og leggur til að frv. verði fellt."

Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, þó að ærin ástæða væri til að taka til ítarlegrar umr. skattahækkunaræði núv. og fyrrv. ríkisstj. (**Gripið fram í:** Gera það, — nógur tími.) Það er nægur tími og mér sýnist ákveðið að þingi verði haldið áfram fram undir Jónsmessu, þannig að þm. gefst nógur tími til þess að ræða mál ítarlega.

Þetta mál er þannig til komið, að það var fyrst ákveðið með brbl. í fyrrahaust að hækka vörugjald og söluskatt samtímis. Áætlað var að þessir skattar á almenning næmu í fyrra, ef ég man rétt, 2.7 milljörðum kr. samtals, vörugjaldshækkunin og söluskattshækkunin. En í ár er áætlað að komi inn fyrir þessa skatta 18 milljarðar kr. og er þá miðað við verðbólgu sem er ca. 30% frá ársbyrjun til ársloka. Nú er það ljóst samkv. nýjustu upplýsingum, að verðbólga verður miklu meiri en þetta og þá vinda þessir skattar, sem eru veltuskattar, miklu meira upp á sig og þessi hækkun verður miklu meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum vegna þess að verðbólgan verður meiri en þar er ráð fyrir gert.

Ég ætla ekki að fjölyrða nánar um þetta mál að sinni en ítreka það, að við í 2. minni hl. n. leggjum til að þetta frv. verði fellt.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég tók eftir því, að hv. þm. Lárus Jónsson talaði um skattaflóðið. Það er nú ýmsum gögnum útbýtt hér til þm. M. a. var ég að glugga í skýrslu frá OECD um það, hvað skattar væru háir í ýmsum ríkjum. Og ég held að það sé ekkert að því, að þær staðreyndir, sem þar er verið að rekja, komist inn í þingtíðindi. (**Gripið fram í:** Kominn í málþóf líka.) Ja, ég hef nógan tíma, ég sé enga ástæðu til þess að vera neitt að spara hér tíma. Við höfum allt sumarið fyrir okkur, þannig að ég sé enga ástæðu til þess. Ég hef ekki tekið mikinn tíma frá deildinni í vetur. En af því að það var minnst hér á skattaflóð, þá langar mig til að fara yfir þær staðreyndir sem hér er talað um, þ. e. ríkisskatta miðað við þjóðarframleiðslu hjá hinum einstöku ríkjum. Þetta er miðað við árið 1977—1978, þannig að þessar tölur hafa yfirleitt sáralítið breyst hjá öðrum þjóðum. En þær hafa breyst dálítið hjá okkur og skal ég gera grein fyrir því.

Í Ástralíu eru skattar til ríkisins 29,9% af þjóðartekjum, í Austurríki 39,8%, í Belgíu 45.1%, í Kanada 37.8%, í Danmörku 42.8%, í Finnlandi 35.9%, í Frakklandi 42.1%, í Þýskalandi 41.3%, í Grikklandi 30%, á Íslandi 25%, stendur hér 1977 — það mun vera 28.1% núna samkv. fjárlögunum, á Írlandi 41,5%, á Ítalíu 42.5%, í Japan 23%, — það er eina landið sem er lægra, í Lúxembúrg 45,2%, í Hollandi 53,1%, í Noregi 47.6%, í Portúgal 31.1%, á Spáni 23.9% — þeir eru lægri en við, það er annað landið, í Svíþjóð 57.1%, í Sviss 30.4%, í Tyrklandi 18% — þeir eru líka lægri, það er þriðja landið, í Bretlandi 40.5% og í Bandaríkjunum 32.1%.

Þetta vildi ég aðeins gera í tilefni af þeim orðum hv. þm. þegar hann talaði um skattaflóð, og bera þetta saman við önnur lönd. Það er hollt fyrir menn að gera það öðru hverju. Hins vegar eru menn ekkert ánægðir með að greiða háa skatta. Það er allt annað mál. En það er ástæða til þess fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því, hvar við erum á vegi staddir í þessum efnum.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. dm. heyrðu bauð hæstv. viðskrh. að þing stæði hér í allt sumar og nægur tími væri til umr. Ég vil í upphafi máls míns fjalla nokkuð um þessa hugmynd hæstv. ráðherra.

Ég held að flestum sé um það kunnugt, að ég hef mjög barist gegn hinu lengda þinghaldi á undanförnum árum og oftar en einu sinni í hörðum umr. talið það alranga stefnu að vera sífellt að lengja þinghald og gera alla 60 þingmennina að atvinnustjórnmálamönnum, þeir sinntu ekki öðrum störfum í þjóðfélaginu. Það hef ég talið vera mjög uggvænlega þróun og óheillavænlega. Ég hefði haldið að best færi á því, að þinghald yrði svipað og það var hér fyrir einum 15—20 árum, að það stæði kannski í 2—2½ mánuð að hausti og annað eins að vorlagi. Ég held að störfin hér yrðu öll miklu betur unnin ef svo væri. Mönnum myndi líða miklu betur og launakjör gætu auðvitað verið með öðrum hætti þá því að allir ynnu svo sem hálft árið að öðrum störfum, væru í tengslum við þjóðlífið. Einn væri t. d. á sjónum, annar væri bóndi, sumum leyfðist sjálfsagt að praktísera lög eða stunda fiskrækt eða eitthvað annað.

Ég held að það sé út af fyrir sig mjög heppilegt að hæstv. ráðh. skuli vekja hér athygli á þessu og óska eftir umr. um það eða a. m. k. efna til þeirra, vegna þess að það er tímabært að við eyðum nokkrum klukkutímum í að ræða það mál, svo uggvænleg sem sú þróun er í þessu þjóðfélagi, bæði að því er varðar störf Alþingis og ýmissa stofnana annarra raunar líka. Það er að verða svo, að það má helst enginn gera neitt nema stunda einhver skrifstofustörf og þá auðvitað á vegum ríkisins, og helst á að greiða öllum laun úr ríkissjóði. Mér sýnist að það geti orðið þróunin.

Ég minnist þess, að þetta mál, um lengd þingtímans og störf alþingismanna, var mikið hitamál áður en ég kom hingað á þing. Ég var þá ritstjóri og fylgdist með því af miklum áhuga. Þá ræddu þeir Bjarni Benediktsson og Eysteinn Jónsson aðallega um málið og hélt sá síðarnefndi því fram, að allir þingmenn ættu að vera í fullu starfi sem stjórnmálamenn og helst ekki að sinna mjög miklum störfum öðrum. Aftur á móti var það sjónarmið Bjarna Benediktssonar, að þing ætti að stytta og það ætti kannske að vinna lengri vinnudag. Honum datt jafnvel í hug að þó að þingið sæti ekki nema eins og fimm mánuði ársins, þá yrði ekki unnið endilega alla vikuna, en það yrði unnið t. d. þrjá daga frá morgni til kvölds. Síðan gætu menn þá með batnandi samgöngum verið í sínu kjördæmi líka, þegar vel viðraði, og sinnt öðrum störfum. Þannig þyrfti í rauninni enginn, þótt hann gerðist alþm., að slitna úr tengslum við það starf sem hann áður gegndi, eða það starf, sem hann vildi gegna. En með þeirri þróun, sem nú er að verða, er raunin sú, að þegar menn hafa kannske verið hér á þingi í 15—20 ár, — sem er ærinn tími og menn ættu helst ekki að vera öllu lengur, nema þá þeir sem einhverjir sérstakir afburðamenn eru,

— þá er það svo, að þeir geta helst ekki komið sér að öðrum störfum. Og mér er sagt að menn hér í fyrirtækjum, einkafyrirtækjum t. d., vilji helst ekki ráða orðið alþingismenn til hlutastarfs eða sumarstarfs, vegna þess að þeir þurfi þá að vera á eilífum þönum og sinni ekki sínu starfi sem skyldi.

Mér finnst alveg nauðsynlegt að halda áfram þessari umr. um störf Alþingis og er hæstv. ráðh. mjög þakklátur fyrir að hann skuli gefa sérstakt tilefni til þess. En ég vona að ekki komi til þess, að hæstv. ríkisstj., — þessi prýðisstjórn í landinu, einhver hin besta sem um getur, enda til hennar stofnað af drengskap og heilindum — (Gripið fram í.) beiti áhrifum sínum til þess, að við höldum áfram alla leið til hausts. Það finnst mér einum of langt gengið, ég verð að segja það, hæstv. ráðh. (**StJ:** Ertu þá á móti því að mál fái ítarlega meðferð?) Ég var að halda því fram hér áðan og leyfi mér að gera það, að ef störfum Alþingis væri hagað með öðrum hætti, t. d. að hér væri fastur vinnutími líka að morgunlagi, þá væri hægt að afkasta miklu meiru og fá ítarlegri athugun á málin. Ég er nú einu sinni þannig gerður — sem ég veit að hv. þm. Stefán Jónsson er ekki — að ég er gleyminn, og þegar margar vikur líða á milli umr. um mál verð ég að rifja upp aftur það sem ég áður var búinn að reyna að setja mig inn í. Og það þarf ekki að vera ýkjalangur tími stundum, sem líður þannig á milli umr., til að ég sé búinn að gleyma því öllu saman, vegna þess að margt af því, sem um er fjallað hér á hinu háa Alþingi, er ekkert skemmtilegt. Og það er ekki til neinna þjóðþrifa að vera að unga út öllum þessum frv. Ég held að eitt hið besta, sem hægt væri að gera fyrir þessa þjóð, væri það að nokkrir lögfróðir menn og fróðir um atvinnuhætti og ýmiss konar störf í þjóðfélaginu tækju sig til og gengju á lagasafnið og reyndu að strika út úr því svona eins og þriðjung eða kannske helming. Þá gæti jafnvel svo farið, að almenningur í þessu landi gæti svolítið áttað sig á lögum og rétti, en þyrfti ekki að leita til lögfræðinga, sem einnig eru misvitrir og botna kannske ekki sjálfir í allri flækjunni oft og tíðum. Allt er þetta því tilefni til langra og mikilla umræðna.

En hæstv. forseti, sem ég virði mikils, hefur mælst til þess að við töluðum ekki mjög lengi um þetta mál. Og þessi umr., sem hæstv. viðskrh. efndi hér til, er kannske ekki alveg beint um það málefni sem hér er á dagskrá, en tengist því með þeim hætti sem hann gat um, og skal ég þá ræða það nokkuð, þ. e. skattheimtustefnu hæstv. núv. viðskrh. sem áður var fjmrh. og skattakóngur þessa lands þar til núv. ríkisstj. var mynduð. En þá fékk hann aðstoð ágætismanns, hæstv. forsrh., sem hefur nú tekið af honum þetta met með því að auka enn á skattana í þjóðfélaginu, skattaáþjánina, þannig að ekki verður öllu lengur við unað. Ég held að alþýða þessa lands muni ekki öllu lengur una þeirri verðbólgukyndingu sem stofnað hefur verið til og hæstv. ríkisstj. ber ábyrgð á.

Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að fyrrv. vinstri stjórn, sú sem hrökklaðist frá á s. l. hausti, hefði getað starfað eitthvað áfram ef ekki hefði verið gripið til þeirra kolvitlausu aðgerða síðsumars 1979 að kynda enn undir verðbólgunni með því að bæta á tveimur söluskattstigum og hækka þetta tímabundna vörugjald. Ég held að það hafi verið vitlausasta stjórnarathöfn sem hugsanleg var í þeirri miklu verðbólgu sem þá var orðin. (Gripið fram í.) Ekki kannske vegna þessara króna sem þá bættust ofan á eða prósenta — sem auðvitað urðu meira en beinlínis segir í viðkomandi lögum, vegna þess að allt vefur þetta upp á sig frá mánuði til mánaðar — ég held að það hafi kannske ekki fyrst og fremst verið það, heldur hitt, að fólkið í landinu sá að þessi stjórn ætlaði sér aldeilis ekkert að reyna að eiga við verðbólguna. Stjórnin treysti sér ekki til þess. Hún hugsaði bara um þetta láluhjálparatriði, sem einhverjir hagfræðingar komu inn í kollinn á þáv. ráðherrum, að fjárlög yrðu að vera greiðsluhallalaus, það væri algert láluhjálparatriði. Það ætti bara að heimta skatta endalaust, svo skipti ekki nokkru máli hvernig færi um lánsfjáráætlun og allra handa fjármálasukk í þjóðfélaginu þar fyrir utan. Ef hægt væri að koma þessum eina lið í öllu pappírsflóðinu niður í núllið, þá væri hitt allt saman í fínasta lagi. Þetta lásu menn einhvern tíma í hagfræðiritum snemma á öldinni og hafa bundið sig í það síðan, að þannig ætti að stjórna þjóðfélögum, sérstaklega á verðbólgutímum, þá ætti að herða skattheimtuna alveg í rauðan dauðann. Og það er kannski engin furða þó að hæstv. viðskrh. vilji hækka skattana svolítið þegar hann er svo himinlifandi með það, að hann hafi verið jafnvel miklu, miklu vægari í skattheimtu heldur en gerist hjá nágrannaþjóðunum. Þar þekkist nú aldeilis ekki svona eins og 24% vörugjald, þar eru þeir með það í 70—80% væntanlega. Þar þekkist ekki söluskattur upp á 23.5%. Þar eru þeir væntanlega með þá í 50—60%. Þetta er skoðun hæstv. viðskrh., býst ég við, að allir skattar séu svo miklu lægri hér en annars staðar. Þá eru þeir væntanlega t. d. helmingi hærri í þessum löndum sem hann var að tala um. Þetta er glóruleysi í skattheimtunni, þessi skammsýni, þessi blinda ráðamanna að halda að það sé endalaust hægt að halda áfram að hækka skatta og þeir geti búið um sig í stól fjmrh. eða forsrh. ef þeir bara geta pumpað peningum inn í ríkissjóð til þess að fara svo nægilega illa með þá á eftir.

Alkunna er að mikið af þessum fjármunum fer fyrir lítið. Eins og ég var að tala um hér áðan varðandi störf Alþingis, þá fer þetta í það að auka skrifstofuveldið, skrifstofubáknið í þjóðfélaginu. Það fer í það að stofna til lagabálka eins og t. d. laganna um húsnæðismálalánin sem hafa nú verið hér til umr., þar sem nokkrir tugir manna verða væntanlega komnir á jötuna bráðlega. Ætli það gæti ekki stefnt í 1—2 hundruð manns til að sinna verkefni sem ég hygg að einn eða tveir menn gætu mjög vel sinnt, ef það væru bara fastar reglur um hvernig ætti að sinna verkefnunum? Það sama viðgengst í öllum hinum opinberu stofnunum, — ekki síst þeim sem ganga nú sjálfala og hafa eigin tekjustofna og þurfa ekki einu sinni að vera undir eftirliti fjárveitingavaldsins eða Alþingis, — að þar er auðvitað bætt við starfsfólki eins og hver vill hafa. Einn er gerður að deildarstjóra. Það þykir ekki alveg nógu fínt. Hann fær þá fulltrúa sér við hlið. Og það er ekki nógu fínt fyrir fulltrúann að vera fulltrúi svo að hann er gerður að deildarstjóra og deildarstjórinn að skrifstofustjóra. Síðan er bætt við hverri silkihúfunni upp af annarri þar til komnir eru 10—12 menn, sem eru að vinna, allir að vinna hver fyrir annan, hringjandi milli herbergja og í sendiferðum og öllu slíku. Það væri áreiðanlega miklu einfaldara fyrir einn mann að gera þetta. Hann mundi ljúka því á miklu skemmri tíma og þá fengju menn líka svör við fsp. sínum. (Gripið fram í.) Jú, hann gæti farið inn í kaffistofu í einhverri annarri stofnun og drukkið þar með símastúlkunni eða afgreiðslustúlkunni. Það gæti verið mjög skemmtilegt.

Þetta er sem sagt sú stefna sem hefur verið meira og minna að vefja upp á sig nú í áratug á Íslandi með fjögurra ára undantekningu. Það var reynt að spyrna við fótum, en sú tilraun var brotin á bak aftur af því að það þurfti að koma á nýrri vinstri stjórn, þeirri næst verstu vinstri stjórn sem Íslendingar hafa haft. Við höfum þá verstu núna, þá allra verstu, glórulausustu ríkisstj. sem um getur, sem að sjálfsögðu kemur verðbólgunni ekki bara í þessi 50%, sem búið er að reikna út, eða 55, — það er alveg augljóst mál að hún kemur henni a. m. k. í 70—80%. Svo átti að fara að bjarga þessu öllu saman með því að stela einu eða tveim vísitölustigum í viðbót. Það hefur sjálfsagt verið að undirlagi „gáfumannafélagsins" sem stjórnar nú ferðinni í Alþb. En þeir kipptust svolítið við samt, hv. Alþb.-menn, fóru að verða ofurlítið uggandi um hag sinn — ekki þjóðarhag, heldur um eigin hag. M. a. hygg ég að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, sem þarna stendur í dyrunum, hafi gert þeim einhverja grein fyrir því, að það kynni að vera dálítið hæpið að byrja núna á vísitöluskerðingu. Kjör landsmanna, sérstaklega láglaunafólks, hafa verið skert um nálægt 1% á mánuði á öllum tíma vinstri stjórnanna tveggja, þeirrar næst verstu og þeirrar verstu, og líklega þó meira en 3% núna síðustu þrjá mánuðina — já, áreiðanlega meira. Hún er stórtækari, þessi vinstri stjórn, heldur en sú sem á undan henni var. En á tímum ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar voru kjör láglaunafólks örugglega ekki skert minna en um 1% á mánuði að jafnaði. Núna eru það líklega 2 eða 3%. Og svo á að bæta á með því að skerða vísitöluna og líklega að koma með einhverja nýja skatta, því að það verður að passa upp á fjmrh., alveg eins þann núv. eins og þann fyrrv. (Gripið fram í.)

Í fullri alvöru segi ég það við hæstv. núv. viðskrh. (**StJ:** Þið skuluð gjamma fram í í Nd.) Það er allt í lagi mín vegna að þeir gjammi fram í hér líka. (**StJ:** Þetta er bara leiðinlegt fyrir okkur. Við getum gjammað fram í sjálfir.) Ég held að ógæfa síðustu vinstri stjórnar — og þar með gæfa þjóðarinnar af því að við losnuðum fljótt við hana — hafi verið sú, að hún greip til þess óyndisúrræðis að auka enn á hraða verðbólgunnar með nýrri skattheimtu.

Menn brostu hér á útmánuðum að leiftursókn okkar sjálfstæðismanna, og ekki skal ég mæla orðinu bót beint því að einmitt sömu dagana — og það er nú kannske undirrótin að því að einhverjum datt þetta blessaða orð í hug — kom hér út merkileg bók um heimsstyrjöldina. (**Gripið fram í:** Þeir gerðu nú meira en að brosa.) Já, meira en að brosa. Þar er mörkuð algerlega gagnstæð stefna. Hún er ekki algóð. En raunar vildi svo til — svo að ég fari nú að monta svolítið eins og ráðh. gera stundum, þó að ég ætli ekki að verða ráðh. og búist ekki við að hoppa svo hátt í virðingarstiganum, — það vildi svo til, að daginn sem Alþfl. tók ákvörðun um að rjúfa þessa ríkisstj. birtist í Morgunblaðinu grein þar sem ég reyndi af mínum vanmætti að setja fram stefnu alveg þveröfuga við þá sem þáverandi stjórn hafði fylgt. Mér datt auðvitað ekki í hug að neinar kosningar væru framundan eða nokkur skapaður hlutur í þá áttina, heldur var maður af sínum vanmætti að reyna að setja fram einhverja slíka stefnu. Þar lagði ég til að það yrði einmitt gengið í það hægt og bítandi að lækka þessar álögur — það var einn liðurinn í því að ná verðbólgunni niður, — jafnvel þó við tækjum áhættu af töluverðum halla á ríkissjóði í eitt eða tvö ár á meðan við værum að ná heilsu okkar, alveg eins og sjúkir menn taka stundum lán, ef þeir þurfa t. d. að fara til lækningar erlendis, og fá það ekki greitt af sjúkratryggingum eða slíku. Það getur borgað sig að ná heilsu sinni þó maður setji sig í einhverjar skuldir, ekki síst þegar svo vill til að það er hægt að taka lánin hjá sjálfum sér, eins og er ef boðin eru út innlend skuldabréfalán, til þess að lækka skatta og lækka þá í áföngum. Það mætti líka draga úr gjaldeyriseyðslu, innkaupum og óráðsíu með peninga ef það væri fyrirfram lögboðið, að söluskattur og vörugjald lækkaði á ákveðnum vöruflokkum eða öllum á t. d. þriggja mánaða fresti, ef hver einasti maður vissi að það væri svo hressilega tekið á móti verðbólgunni, að hann mundi geta keypt vöru ódýrari með því að bíða og hefði á meðan peninga sína til vonar og vara inni á fullverðtryggðum reikningi og með einhverjum litlum vöxtum. Þetta gerir næsta ríkisstj. án alls efa, vegna þess að þessu landi verður ekki lengur stjórnað með þessari skattpíningarstefnu hæstv. núv. viðskrh.

En það er auðvitað margt fleira sem þarf að gera í leiðinni, og hæstv. ráðh. hefur sjálfur bent á eitt mjög mikilvægt atriði í því efni, þ. e. að koma á frjálsum viðskiptaháttum og frjálsri verðlagningu, og koma í veg fyrir að stöðugt sé verið að gera óhagkvæm innkaup í smáum stíl, þar sem innflytjendur taka að auki svo og svo miklar „kommisjónir" erlendis og viðsemjendur þeirra bæta stórum upphæðum ofan á líka, vegna þess að þeir vita ofur vel að það er hagur þess, sem er að kaupa af þeim, að varan sé sem allra dýrust. Þetta er auðvitað búið að skaða þjóðarbúið um milljarða á milljarða ofan, hundruð milljarða.

Lífskjör á Íslandi væru öll önnur ef verslunarhættir væru með einhverju viti í staðinn fyrir það glóruleysi sem hér hefur viðgengist. Þetta er eina frjálsa ríkið í veröldinni sem viðhefur slíka viðskiptahætti, svo að ég viti til. Það hafa allir aðrir afnumið þetta. Fyrst eftir styrjöldina, í vöruskortinum og vandræðunum, voru menn með þessi höft og íhlutun um verslunarmálefni. Mönnum finnst það kannske koma spánskt fyrir sjónir, en ég ætla að leyfa mér að halda því hér fram, að einn atvinnuvegur, a. m. k. einn atvinnuvegur, þ. e. verslunin, á að hafa ótakmarkaðan aðgang að fjármagni, algeralega ótakmarkaðan. Hún á að borga sín lán í jafngóðum peningum til baka og með einhverjum vöxtum, en verslunin á að geta fengið að taka erlend vörukaupalán þegar henni sýnist svo, á eigin ábyrgð. Viðkomandi kaupmaður eða verslunarfélag á að geta keypt í eins stórum stíl og honum sýnist, á sína ábyrgð, þannig að raunveruleg samkeppni komist á og vöruverð lækki með þessum hætti.

Það er eitt gott við stefnu núv. hæstv. ríkisstj., kannske það eina, að hún ætlar að athuga með tollkrít, sem væri liður í aðgerðum sem þessum. Auðvitað hefur tollkrít enga þýðingu nema verðlag sé gefið frjálst um leið, og það var nú verið að vísa frv. um slíkt frá okkur sjálfstæðismönnum til ríkisstj. og formaður þingflokks Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, taldi að þar væri ekki í kot vísað, vegna þess að uppvíst væri að svo og svo margir ráðh. væru því hlynntir að koma á frjálsri verðlagningu. Þeir gera það kannske með brbl. Það væri vissulega mjög æskilegt að svo færi, og ég mundi gjarnan vilja að þeir settu þau brbl. strax eftir að þingi lyki. Það er áreiðanlegt, að það eru $^{3}/_{4}$ hlutar þingliðsins hlynntir því að frjálsræði komist á hér á landi, vegna þess að allur Framsfl. og allur Sjálfstfl. og ég held allur Alþfl. greiddi

atkv. með því hér vorið 1978 — eða kannske ekki allur Alþfl., en alla vega allur Sjálfstfl. og allur Framsfl. Og Alþfl.-menn studdu þetta frv. núna, þannig að það nálgast það a. m. k. að það séu 3/4.

Það væri ekkert athugavert við að setja slík brbl., ef tími ynnist ekki til þess að afgreiða þetta hér í þinginu. Þannig gæti þessi stjórn kannske farið að marka einhverja stefnu sem einhver maður í landinu hefði trú á. Ég held að það finnist enginn maður lengur sem trúir nokkurn skapaðan hlut á þessa ríkisstj., nema þá ef það væru hæstv. ráðh. Ég heyri engan annan tala máli hennar af neinum sannfæringarkrafti. Hv. þm. Stefán Jónsson reynir að verja ríkisstj., ég skal játa það, en ég hef engan sannfæringarkraft heyrt í vörn hans fyrir þessa stjórn nú upp á síðkastið. Kannske getur hann æst sig upp í það að verja hana af einhverjum sannfæringarkrafti, en ég hef ekki heyrt það. Þess vegna er fullkomlega tímabært að ræða þetta mál, sérstaklega þetta tímabundna vörugjald, hækkunina á því, sem tengdist hækkun söluskatts á sínum tíma, og svo söluskattshækkunin núna, segi ég, í mjög löngu máli. Það væri eðlilegt kannske að taka 5—6 klukkutíma í að ræða það, vegna þess að þetta er mál sem er þannig vaxið að það gæti mjög skýrt myndina ef ég t. d. talaði í 3—4 tíma og svo hæstv. ráðh. annað eins, og svo gætum við borið saman bækurnar héðan úr ræðupúlti og kannske í bakherbergjum líka. En vegna tilmæla hæstv. forseta ætla ég ekki að fara lengra út í þessa sálma að sinni, en tel fullt tilefni til þess að það verði rætt í allmargar stundir, kannske í nokkra daga, sérstaklega ef þingið á að standa fram eftir sumri, þá gefst náttúrlega tími til þess.

Umr. frestað.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. (þskj. 601 (sbr. 339)). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Í því frv., sem hér liggur fyrir um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar í landinu, eru sett ýmis ný ákvæði um ráðstafanir í þessu skyni og enn fremur viðtækari ákvæði en áður hafa verið í lögum um þetta efni. Núgildandi lög eru lög nr. 13 frá 1977. Í þessum lögum er auk ákvæða um olíustyrkinn sérstakur kafli um orkusparnað og annar um nýtingu innlendra orkugjafa. En frv. er ætlað að koma í stað þeirra laga sem ég tilgreindi, nr. 13 frá 1977.

Frv. greinist í fjóra kafla. I. kaflinn fjallar um markmið þess, II. um olíustyrkinn, III. um orkusparnað, IV. um nýtingu innlendra orkugjafa og V. og seinasti kaflinn um gildistöku og reglugerðarsetningar. Ég mun víkja að efni einstakra kafla.

Olíustyrkurinn er nú eða var 18 200 kr. á einstakling ársfjórðungslega, en frv. gerir ráð fyrir að hækka hann í 20 þús. kr. Hjá um 60% heimila í landinu mun olíustyrkur á ári hækka meira en þessu nemur. Á seinasta ári námu útgreiddir olíustyrkir samtals 2 milljörðum 71 millj. kr., en á þessu ári er gert ráð fyrir því í fjárl. að verja 4 500 millj. kr. til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar.

1. gr., sem fjallar um markmiðin, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með lögum þessum er stefnt að jöfnun hitunarkostnaðar og lækkun á heildarkostnaði við upphitun húsnæðis í landinu, m. a. með eftirfarandi ráðstöfunum:

a) Greiðslu olíustyrks vegna þeirra sem búa við olíukyndingu.

b) Hagkvæmari orkunotkun og orkusparnaði.

c) Aukinni notkun innlendra orkugjafa í stað olíu."

Og í 2. gr. segir að kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Í 3. gr. eru ákvæði um að heimili, sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar, eigi rétt á olíustyrk. Nokkuð hefur verið um það, að menn hafi notað bæði rafmagn og olíu til upphitunar, og hefur rn. þá heimilað greiðslu olíustyrks að hluta til. Gert er ráð fyrir að olíustyrkir falli alveg niður í slíkum tilvikum. Samkv. frv. verður fjárhæð olíustyrksins lögbundin með heimild til breytinga miðað við olíuverð. Gert er ráð fyrir að olíustyrkir verði greiddir húsráðanda ársfjórðungslega vegna íbúa sem hafa fasta búsetu í viðkomandi íbúð. Frá upphafi hefur olíustyrkur verið greiddur hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna sem hafa verið á framfæri hans og ekki hafa verið sjálfstæðir framteljendur.

Í frv. er gert ráð fyrir að breyta útreikningi olíustyrksins fyrir hvert heimili. Áður hefur verið greiddur einn styrkur á mann, en í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að draga hlutfallslega úr greiðslum til fjölmennra heimila, en hækka greiðslur til fámennari. Þannig er gert ráð fyrir að greiða tvo olíustyrki fyrir einn íbúa í heimili, þrjá olíustyrki fyrir tvo í heimili o. s. frv., eins og greinir í 4. gr. Fyrir sjö íbúa og fleiri greiðist 5 1/2 olíustyrkur og er það hámarkið. Það, sem hér er verið að gera, er einfaldlega það, að verið er að taka meira tillit til stærðar húsnæðis en gert hefur verið áður. En sannleikurinn er sá, að framkvæmdin á þessum málum hefur komið þungt niður, sérstaklega á gömlu fólki sem býr í eigin húsum og eru ein eða tvær manneskjur í mörgum tilfellum, og það er verið að ganga til móts við þetta fólk m. a. með því að taka nokkurt tillit til stærðar húsnæðisins einnig, og það er gert með þeim hætti sem 4. gr. fjallar um. Í frv. er ákvæði um viðbót, sem nemur 1/2 olíustyrk vegna lífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar almannatrygginga eða hafa svipaðar heildartekjur. Eins og verið hefur er ekki gert ráð fyrir að olíustyrkur verði talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og eignarskatts.

Í 5. gr. frv. eru nýmæli, þar sem heimilað er að greiða einn aukaolíustyrk árlega á hvert olíukynditæki sem hefur verið hreinsað og stillt. Ekki þótti fært að binda greiðslu olíustyrks því skilyrði að hreinsun og stilling hefði farið fram, m. a. vegna þess að ekki er alls staðar kostur á að fá þetta gert. Þykir rétt að veita þessa heimild, en notkun hennar ýtir undir menn að láta stilla tæki sín, og það er ótrúlega mikill olíusparnaður fólginn í því að gæta þess vel að tæki séu rétt stillt. Það eru ótrúlegar tölur sem maður hefur heyrt um samanburð vanstilltra tækja og hinna, sem eru reglulega stillt af kunnáttumönnum.

Í 6. gr. frv. er ákvæði um að þeir, sem kost eiga á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun, eigi ekki rétt á olíustyrk. Áður náði samsvarandi ákvæði aðeins til þeirra sem kost áttu á hitaveitu. Þetta nýja ákvæði er sérstaklega sniðið til að stuðla að æskilegri þróun í nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíunnar.

Ákvæði 7. gr. eru óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að ákvæði um olíustyrk vegna skólahúsnæðis

á við um allt skólahúsnæði sem kynt er með olíu, en ekki eingöngu heimavistarskóla á grunnskólastigi eins og verið hefur. Þá er viðmiðun varðandi styrkupphæðina nokkuð breytt.

Í 8. gr. frv. felst ákvæði, sem er óbreytt frá gildandi lögum, um að sveitarfélög annist úthlutun olíustyrkja. Nýmæli er um ársfjórðungslega skilagrein, úthlutun olíustyrkja og skyldu orkusala til upplýsingagjafar. Í grg. frv. er kveðið á um að í reglugerð um framkvæmd laganna verði sett ákvæði um framkvæmd og eftirlit með greiðslu olíustyrkja. Ég tel nauðsynlegt að herða á öllu eftirliti til að koma í veg fyrir misnotkun og hafði raunar gert ráð fyrir því, áður en þetta frv. var útbúið, að það yrði gert sérstakt átak af hálfu viðskrn. til að herða allt eftirlit með framkvæmd þessara laga, m. a. með því að senda eftirlitsmann til þess að athuga hvernig framkvæmdinni væri háttað í hinum einstöku sveitarfélögum. Það er að sjálfsögðu með þessi lög eins og mörg fleiri hætta á misnotkun í framkvæmd og þess vegna þarf að hafa strangt eftirlit með framkvæmdinni.

III. kafli fjallar um orkusparnað. Það mun hafa verið árið 1977 sem hafin var skipuleg áætlunargerð um fjarvarmaveitur á þeim þéttbýlissvæðum sem ekki höfðu von um jarðvarma. Sá kafli, sem hér er um að ræða, er í fimm greinum og fjallar um áætlunargerð í þessum málum, námskeiðahald um þætti sem varða hagkvæma orkunýtingu í húshitun, um að fræðslu- og upplýsingastarfsemi um orkusparnað verði haldið uppi og síðan um heimild til að veita sveitarfélögum, þar sem olía er notuð til húshitunar, styrki vegna tækniþjónustu á sviði orkusparnaðar og til að undirbúa aðgerðir sem stuðlað geta að hagkvæmari orkunotkun. Síðan er nýmæli í 13. gr., sem á kannske frekar heima í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Kann að vera að það sé komið þar inn, — ég hef satt að segja ekki athugað hvort það var þar þegar frv. var afgreitt frá þessari d., mig minnir að það hafi verið tekið þar inn, — en það fjallar um það að heimilt sé að veita einstaklingum lán til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði sem hitað er með olíu.

IV. kafli frv. fjallar um nýtingu innlendra orkugjafa. Í 14. gr. segir að Orkustofnun skuli í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins gera húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981—1983 um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu.

Í 15. gr. er svo fjallað um það, að til að tryggja að innlendir orkugjafar séu samkeppnishæfir við olíukyndingu sé heimilt að veita varmaveitum framlag til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk. Það mætti e. t. v. segja að í 15. gr. komi fram sú stefnumörkun sem þetta frv. byggir öðru fremur á, þ. e. að gæta þess í meginatriðum að kostnaður við upphitun með olíu að frádregnum olíustyrk verði ekki lægri en þar sem innlendir orkugjafar eru notaðir til upphitunar. Ég held að það sé ákaflega skynsamleg stefna til þess að tryggja að landsmenn hafi áhuga á því að nota í vaxandi mæli innlenda orku til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Það getur í einstaka undantekningartilfellum verið nauðsynlegt að víkja frá þessu, en þetta er skynsamleg stefnumörkun. Hún kann einnig að hafa þau áhrif í sumum tilfellum, að það sé ekki gengið eins langt og við sumir vildum gjarnan gera í að jafna þennan mun, því að munurinn á upphitun með innlendum orkugjöfum í landinu er vissulega verulega mikill, og fer það einkum eftir því, hve langt er síðan mannvirki hafa verið gerð til þeirra hluta, og einnig nokkuð eftir aðstæðum, þannig að það er auðvitað ljóst, að það er erfitt að jafna þetta að fullu. En stefna frv. er við það miðuð að reyna að tryggja það að menn fari ekki í vaxandi mæli að nota olíu til upphitunar vegna þess að það eru háir olíustyrkir.

Í V. kafla eru svo ákvæði um gildistöku og reglugerðarsetningu samkv. lögunum.

Ég skal að lokum víkja nokkuð að kostnaðarhlið þeirra aðgerða sem í frv. felast.

Það er gert ráð fyrir að kostnaður árið 1980 verði sem hér segir, miðað við verðlag í marsmánuði s. l.: Olíustyrkur skv. 4. gr. frv. og núgildandi lögum vegna 1. ársfjórðungs þessa árs 3 760 millj. kr., aukaolíustyrkir skv. 5. gr. frv. 200 millj. kr., skólahúsnæði skv. a-lið 7. gr. frv. 140 millj., rafveitur skv. b-lið 7. gr. 80 millj., aðilar utan samveitu skv. c-lið 7. gr. 20 millj., fræðslu- og upplýsingastarfsemi skv. 11. gr. frv. 20 millj., styrkir vegna ráðgjafarþjónustu skv. 12. gr. 40 millj. og styrkir vegna varmaveitna skv. 15. gr. 200 millj., eða samtals 4 milljarðar 460 millj. kr., en á fjárl. eru 4 500 millj. til ráðstöfunar í þessu skyni.

Í Nd. var samþ. ákvæði til bráðabirgða, sem hv. þm. Eggert Haukdal flutti, svo hljóðandi:

„Í þeim tilvikum, sem hitunarkostnaður með raforku reynist hærri en hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk, er ríkisstj. heimilað að jafna þennan mismun með sérstökum styrk."

Í þessum efnum verður að athuga málið vandlega, vegna þess að eins og ég sagði áður er meginstefna frv. fólgin í því, að upphitun húsnæðis með olíu að frádregnum olíustyrk verði yfirleitt ekki lægri en þegar hitað er upp með innlendum orkugjöfum, og það verður að framkvæma lögin í aðalatriðum með tilliti til þessarar meginstefnu þeirra, en þó geta vissulega komið til tilvik sem ástæða er til að taka tillit til.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt meira út af þessu máli að sinni, en mun að sjálfsögðu gefa upplýsingar ef þess er sérstaklega óskað.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Loksins fáum við til 1. umr. frv. sem fjallar um mál sem menn hafa verið að keppast um á öllu þessu þingi að halda fram að væri eitt hinna brýnustu mála og þyrfti sérstaklega að hraða. Nú fáum við að sjá það daginn eftir að átti að slíta þingi.

Það dugar ekki að sakast um orðinn hlut, heldur skulum við snúa okkur að því, sem hér hefur verið lagt fyrir okkur, og sjá hvernig það lítur út. Þá á ég við að það þarf að skoða það betur en hæstv. viðskrh. greindi frá. Það þarf að líta á þetta mál frá allvíðari sjóndeildarhring. Ég held að það færi vel á því, að ég og hæstv. ráðh. myndum eftir ágætu frv. sem við tveir ásamt tveim öðrum heiðursmönnum hér í d. fluttum um þau efni sem þetta frv. fjallar um, þ. e. frv. um niðurgreiðslu olíu til upphitunar húsa, sem er 77. mál þessarar deildar.

Ég verð að segja það, að mér finnst að þetta frv., sem nú er lagt fram, sé að ýmsu leyti verulega gallað og sýnu lakara en það frv. sem ég áður gat um. Ég er ekki að segja hæstv. viðskrh. þetta til lasts. Ég bið menn að hafa í huga að hann var meðflm. að hinu góða frv.

Það, sem var í hinu fyrra frv. eitt grundvallaratriði, var að það var sett fram viðmiðunarregla um hvernig skyldi ákveða upphæð olíustyrksins eða niðurgreiðslunnar á

hverjum tíma. Þetta var talið ákaflega þýðingarmikið í fyrsta lagi til þess að í löggjöfinni væri séð fyrir því, að niðurgreiðslan væri eins mikil og nauðsynlegt væri á hverjum tíma til þess að ná markmiði laganna um jöfnun hitunarkostnaðarins. Í öðru lagi var slík regla mjög þarfleg með tilliti til þess að koma í veg fyrir að hér væri haldið uppi einhverri styrkjastarfsemi umfram það sem þörf væri á hverjum tíma. Í þriðja lagi var þessi viðmiðunarregla þess eðlis, að hún tengdi gjaldskrár hitaveitna verði olíu og niðurgreiðslu á olíu þannig að hreyfingar á gjaldskrám hitaveitna áttu að hafa bein áhrif á upphæð niðurgreiðslunnar á olíu. Þetta gat haft sérstaka þýðingu til að stuðla að betri skipan en nú er og kemur fram í því, að hitaveiturnar fá ekki að hækka sínar gjaldskrár eins og þær telja að þær þurfi. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur gengið svo langt í þessu efni, að nú er farið að tala um að á hitaveitusvæðunum verði að fara að koma til olíukyndingar í einhverjum mæli vegna þess að hitaveiturnar hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til frekari framkvæmda sem nauðsynlegar eru til þess að mæta fólksfjölguninni. Það er ákaflega alvarlegt mál, að þetta er látið gerast. Þetta er látið þróast svona vegna vísitölunnar, vegna þess að ef gjaldskrárnar verða hækkaðar hafi það í för með sér aukin gjöld fyrir ríkið, og því sé um að gera að falsa vísitöluna með óeðlilegum aðgerðum eins og þessum. Reglan í frv. okkar hæstv. viðskrh. og félaga gat stuðlað að því, að stjórnvöld kæmust frekar að réttri niðurstöðu í þessu efni vegna þess að hækkun á gjaldskrám hitaveitnanna leiddi sjálfkrafa til lækkunar á þeim ríkisútgjöldum sem lutu að olíuniðurgreiðslunni.

Nú skal ég ekki ræða frekar um þetta. Ég aðeins minni á að þessu djásni, ef ég mætti segja svo, í frv. okkar hæstv. viðskrh. er kastað á glæ. Það er ekki tekið upp í þetta frv. sem við hér ræðum. Þess vegna verður ekki hægt í veigamiklum atriðum að bera þessi frv. saman þar sem í þeim er reynt að ná lausn á vandamálunum á svo mismunandi hátt.

Í 4. gr. þess frv., sem hér er á dagskrá, eru reglur um hvernig olíustyrkinn eigi að greiða. Það eru að mínu viti bestu ákvæði þessa frv. Ég sé ekki og hef ekki á takteinum betri eða skynsamlegri ráð í þessum efnum heldur en frv. leggur til. Mér er sérstök ánægja að segja þetta og láta þessa getið og fara viðurkenningarorðum um það, að þeir, sem hafa búið til þetta frv., hafa farið að ráðum mínum og hæstv. viðskrh. og okkar annarra flm. fyrra frv., okkar frv., því að við lögðum til í grg. með því frv. að þessi leið yrði farin. Skal ég því ekki fjölyrða frekar um þetta. En ég legg áherslu á að það er ákaflega þýðingarmikið að hafa sem skynsamlegastar reglur um hvernig olíustyrkirnir eru ákveðnir. Það er í mínum huga enginn vafi á því, að hér er um framför að ræða frá því sem er í gildandi lögum.

Þá kem ég að því sem mér þykir ábótavant við þetta frv. Ég veit að hæstv. viðskrh. verður mér ekki reiður þó að ég hafi til hliðsjónar hið fyrra frv. sem við stóðum að.

Það er þá fyrst að geta þess, að í því frv. lögðum við til að olía til upphitunar atvinnuhúsnæðis yrði greidd niður. Við töldum að þetta væri ákaflega þýðingarmikið fyrir olíuhitunarsvæðin, þegar upphitunarkostnaðurinn er orðinn svo mikill sem raun ber vitni. Þá er það augljóst, að hér er um verulegan hluta í rekstrarkostnaðinum að ræða. Þegar við höfum í huga að ýmsar reglur og lagafyrirmæli segja fyrir um það, hvað hin ýmsu fyrirtæki megi taka fyrir sína framleiðslu, og að það gilda sömu reglur um allt land, þá er mjög þýðingarmikið að vissir stórir kostnaðarliðir, eins og t. d. upphitunin, geti verið sambærilegir hvar sem er á landinu. Þetta er einn þáttur í því að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ég þarf ekki frekar að orðlengja það. En í frv., sem við nú ræðum, er þessu algjörlega sleppt, kastað á glæ, þessu sem stóð í hinu fyrra frv.

En fleira má til taka sem eins er ástatt um. Í hinu fyrra frv. var gert ráð fyrir að olíustyrkur yrði greiddur skólum og öðrum menningarstofnunum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum og dvalarheimilum fyrir aldraða og unga. Þessu er sleppt. Nú er gert ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir, að það verði greiddur tiltekinn styrkur vegna skólahúsnæðis. Þetta er bundið við skólahúsnæði, ekki aðrar stofnanir. Þetta er náttúrlega mikill galli og afturför frá hinu fyrra frv. En það er ekki nóg með að fækkað sé þeim aðilum sem geti fengið styrk, heldur er hér einungis um heimildarákvæði að ræða. Það verð ég að segja, að mér þykir hæstv. ríkisstj. ganga nokkuð langt þegar hún setur í heimildarákvæði sumt af því sem nú er í lögunum og er skylda að framkvæma, því að í núgildandi lögum er svo fyrir mælt, að það skuli styrkja skóla, þ. e. styrkja heimavistarskóla á grunnskólastigi. Það er nú enginn möguleiki að víkja sér undan þessari skyldu.

Ég leyfi mér nú að spyrja: Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. skuli leyfa sér að setja ákvæði sem þetta í heimildarformi í staðinn fyrir að hafa það eins og það er núna í lögunum að það er skylda?

En það er ekki nóg með þetta ákvæði. Í gildandi lögum er tekið fram að þeir, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva, eigi rétt á olíustyrk, — eigi rétt. Þetta er fólkið í sveitum landsins sem hefur ekki fengið rafmagn frá samveitum. En núv. ríkisstj. leggur til að þessi réttur sé tekinn af þessu fólki og þetta sé gert að heimildarákvæði. Ég spyr: Hvaða sjónarmið eru það sem valda því að þetta er gert? Hverjar eru ástæðurnar fyrir því að hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki að taka á sig þá skyldu að sinna þessu fólki eins og henni ber samkv. gildandi lögum?

Ég vík að fleiri atriðum. Í gildandi lögum er ákveðið að skylt sé að styrkja rafveitur að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar húsa á sölusvæði sínu þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding. Hæstv. ríkisstj. vill ekki taka á sig skyldu til þess að styrkja þessa aðila eins og henni ber samkv. lögunum. Hún leggur til með hliðstæðu orðalagi að henni verði veitt heimild til þess að styrkja þessar rafveitur að því marki sem þær nota olíu. Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. vill fella niður skyldu í þessu efni og vill taka upp heimildarákvæði? Við þurfum að fá svör við því.

Þetta er raunveruleikinn þegar við berum þetta frv. saman við gildandi lög. En við hæstv. viðskrh. og félagar okkar ætluðum með frv. okkar að gera betur en gert er í gildandi lögum. Við ætluðum að stíga spor áfram, en ekki aftur á bak. Það var okkar hugsun. Þess vegna gerðum við ráð fyrir að líta ekki einungis til rafveitna sem notuðu erlenda orkugjafa til framleiðslu rafmagns til húshitunar, heldur líka til hitaveitna sem notuðu erlenda orkugjafa, olíu, til upphitunar húsa. Þess vegna þótti okkur í hinu fyrra frv. alveg sjálfsagt og lögðum mikla áherslu á það,

að verð olíu, sem hitaveitur notuðu sem orkugjafa og rafveitur notuðu til framleiðslu rafmagns til hitunar húsa, skyldi greitt niður. Og þetta var ekkert heimildarákvæði. Nei, við töldum að þetta ætti að vera skylda og væri óhjákvæmilegt að gera þetta.

Í heimildagreininni, 7. gr. frv., sem við nú ræðum, er hitaveitunum meira að segja algjörlega sleppt. Þetta er ákaflega mikill galli á þessu frv. Ég vil ekki trúa því, að menn, sem ég veit að eru að leitast við að koma með tillögur til lausnar á vanda upphitunarmálanna, vanda þess fólks sem hitar upp íbúðir sínar með olíu, taki þetta ekki til endurskoðunar. Ég vil ekki trúa öðru fyrr en ég reyni. Ekki síst verðum við að hafa í huga hve það er þjóðhagslega þýðingarmikið að koma upp hitaveitum, þó að það séu ekki innlendir orkugjafar eða jarðvarmi. Hinar svokölluðu fjarvarmaveitur eru miklum mun hagkvæmari þjóðhagslega vegna betri nýtingar á olíunni og notkunar á ódýrari olíu heldur en hægt er að koma við þegar olía er notuð sem orkugjafi í hverju íbúðarhúsi um sig.

Það er einmitt um þessar mundir og á síðustu misserum sem það hefur gerst, að sum byggðarlög eru einmitt að vinna að lausn sinna mála með því að koma upp hitaveitum sem nota m. a. olíuna sem orkugjafa. Gleggsta dæmið um það er hitaveitan, sem búið er að taka að nokkru leyti í notkun á Ísafirði, og hitaveiturnar, sem Orkubú Vestfjarða vildi hefja framkvæmdir við í Bolungarvík og á Patreksfirði, en stjórnvöld hafa staðið gegn með afstöðu sinni við afgreiðslu lánsfjáráætlunar. Ég nefni það sem hæstv. viðskrh. ætti að vera kunnugt um, þær framkvæmdir sem verið er að undirbúa og hefja á Austfjörðum, svo sem í Hornafirði. Ég þarf ekki að rekja það frekar. Hvernig sem við lítum á þetta mál, þá er það stórmál og það má ekki líta fram hjá því þegar þetta frv., sem við nú ræðum, verður afgreitt.

Í þessu frv. er sérstakur kafli um orkusparnað, III. kafli frv. Það er nýjung að hafa ákvæði um slíkt í lögum sem varða niðurgreiðslu olíu og lækkun hitunarkostnaðar með olíustyrkjum. Ég skal ekki vera að gera mikið úr formsatriðum, og kannske er ekkert við það að athuga að þetta sé í sama frv. En ég segi „kannske" vegna þess að það er merkileg árátta, sem mér hefur fundist grípa menn stundum, og allt of oft, þegar verið er að ræða um þessi mál, að þeir leitast þá við að klípa utan úr þeirri fjárhæð sem nauðsynlegt er að verja til niðurgreiðslu á olíu og sú fjárhæð hefur alltaf verið of lítil. Mönnum hættir stundum við að tala um þessi mál eins og orkusparnaður geti komið í staðinn fyrir myndarlegt átak í niðurgreiðslu olíunnar. En það er ekki — það er langtímaviðfangsefni. Hæstv. ríkisstj. hefur verið að tala um að verja hálfum milljarði á ári til þessara þarfa. Það er góðra gjalda vert svo langt sem það nær. En kunnáttumaður á þessu sviði hefur reiknað út að það mundi taka hundrað ár að leysa aðkallandi verkefni í þessu efni ef það væri gert með þeim hraða sem hæstv. ríkisstj. virðist hugsa sér í þessu máli.

Ég kem þá að 14. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að Orkustofnun skuli í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins gera húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981—1983 um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu. Skal þar gera till. um árlegar framkvæmdir í orkumálum sem nauðsynlegar teljast til þess að sem flestir landsmenn búi við innlenda orkugjafa eða njóti orku frá olíukyntri fjarvarmaveitu í árslok 1983. Um þessa grein og efni hennar er raunar ekkert nema gott að segja, enda er hún vel ættuð og kynjuð. Hún er tekin upp úr þáltill. á þskj. 157 um framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar sem ég ásamt níu öðrum samflokksmönnum mínum hef borið fram á þessu þingi. En þrátt fyrir ágæti sitt hefur þessi þáltill. ekki hlotið meiri áhuga hjá stjórnarliðinu en svo, að hún hefur ekki enn þá fengið afgreiðslu. Ég vil aðeins segja — og ég held að við þurfum að taka það til athugunar hér í þessari ágætu deild — að það hefði verið hreinlegra að taka þáltill. alveg í heilu lagi, því þar er ítarlega greint frá því, hvað þetta er. Ég get ekki trúað öðru en að hæstv. ríkisstj. — og ég tala nú ekki um hæstv. viðskrh. — hafi ekkert við slíkt að athuga. Það er aðeins til þess að bæta þetta frv. og gera það ítarlegra. Og af því að við virðumst vera sammála um þessi efni, þá skal ég ekki vera að fjölyrða um þau hér. En ég held að það væri samt til bóta að leggja frekari áherslu á þetta atriði og gera það á þann veg sem gert er í þessari þáltill., þar sem eru tilgreind sex eða níu tölusett atriði sem þarf að leggja sérstaka áherslu á.

Ég kem þá að 15. gr. frv., og nú fer að hilla undir lokin. (Gripið fram í.) Ég veit að hv. þm. Stefán Jónsson mælir ekki þetta í alvöru, því að hann hefur sýnt það í samvinnu okkar í orkumálunum á þessu þingi að hann telur ekki eftir sjálfum sér að staldra við nokkrar mínútur. Hann veit líka að ég tel ekki eftir mér að gera slíkt hið sama. Verður raunar ekki sagt að þessi ræða gerist lengri en efni standa til. Er það frekar að hún sé skorin við nögl en hitt, ef tekið er tillit til þess, hve þýðingarmikil þessi mál eru.

Aðeins nokkur orð um 15. gr. frv. Hæstv. viðskrh. sagði að í þessari grein kæmi fram sú stefna sem þetta frv. legði sérstaka áherslu á. Orðin féllu þannig, eins og þetta væri eiginlega meginstefna frv. Þessi grein fjallar um það, að ekki verði gerðar ráðstafanir sem hindri að innlendir orkugjafar séu notaðir til hins ýtrasta. Um þetta erum við allir sammála. En það hlægir mig, að það skuli hafa verið gert svo mikið úr þessu atriði varðandi þær fyrirætlanir sem nú eru uppi samkv. þessu frv. um að greiða niður eða styrkja þá sem hita hús sín með olíu. Það hlægir mig vegna þess að það framlag, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er ekki stórbrotnara en svo, að ég held að það þurfi ekki að vera nein hætta á því að þessar aðgerðir, þó að frv. sé samþykkt, hafi í för með sér að innlendir orkugjafar verði ekki notaðir.

Í þessu sambandi er gaman fyrir okkur, sem stóðum að hinu fyrra frv., bæði fyrir mig og hæstv. viðskrh. og aðra sem að því góða máli stóðu, að minnast þess, að við gerðum ráð fyrir því samkvæmt okkar útreikningum, sem voru mjög vandaðir í grg. frv., að olía væri greidd niður um 60%. En þá bið ég menn að hafa í huga viðmiðunarregluna sem ég minntist á hér í upphafi. Þetta gat orðið miklu minna ef gjaldskrár hitaveitu hækkuðu. En okkar útreikningar lögðu til grundvallar 60% niðurgreiðslu. (**StJ:** Miðað við verð eins og það var í vor?) Miðað við verð eins og var í ár, já. Þá kom í ljós að það voru aðeins þrjár hitaveitur á landinu sem voru með hærri gjaldskrá en nam kostnaðarverði við olíuupphitun eftir svo mikla niðurgreiðslu. Þetta var hitaveitan á Suðureyri, hitaveitan á Blönduósi og hitaveitan á Siglufirði. Hitaveitan á Siglufirði var með svo háa gjaldskrá vegna þess að hún þarf að hafa kyndistöð sem notar olíu. En við sáum við því í till. í okkar fyrra frv., því að ef það hefði verið

samþ. hefði Hitaveita Siglufjarðar fengið niðurgreidda olíu í þessu skyni og var þá hólpin.

Það var annað mál varðandi hinar tvær hitaveiturnar. Þar höfðum við hugsað okkur að þyrftu að koma sérstakar ráðstafanir til. En ég skal ekki fara að skýra það hér. Ég kem aðeins inn á þetta mál til þess að undirstrika þá skoðun mína, að við þurfum engar áhyggjur að hafa af því, þó að þetta frv. verði samþ., að það marki svo stór spor fram á við í jöfnun hitunarkostnaðar í landinu að það komi til þess að menn fari að hugsa sig um að nota jarðvarmann til upphitunar.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni. Mér fannst rétt að vekja athygli á þessum atriðum, sem ég hef gert að umtalsefni, og það geti haft þýðingu að það sé gert við 1. umr., áður en frv. þetta fer til nefndar. Mér þóttu það einkennileg vinnubrögð sem höfð hafa verið við þetta mál, að því var vísað í Nd. til fjh.- og viðskn. En ég tel að það sé augljóst, að svona máli eigi að vísa til iðnn., og svo hefur verið gert áður. Alveg sérstaklega eru ýmis ákvæði þarna sem geta ekki annað en heyrt undir iðnn. og iðnaðarmálin. Að þessu leyti tel ég að það sé fortakslausara að þetta frv. eigi að fara í iðnn. heldur en önnur frv. um niðurgreiðslu olíu, sem vísað hefur verið til iðnn., vegna þess að þar voru ekki ákvæði um orkusparnað og nýtingu innlendra orkugjafa og annað slíkt.

Í þessu sambandi leyfi ég mér að minna á það, að í hinu ágæta frv. okkar hæstv. viðskrh. og félaga var gert ráð fyrir að þessi mál heyrðu undir iðnrh., eins og okkur þótti eðlilegt. Nú er ekki gert ráð fyrir því, en eitthvert samkrull er þó haft í huga. Menn hafa haft slæma samvisku út af þessu og það ber 16. gr. vitni um. En þetta er eitt af *þeim atriðum sem vert væri að við litum frekar á.*

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu að sinni til að hafa fleiri orð um þetta og hef lokið máli mínu.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Vegna þess að ríkisstjórnarfundur hefur verið boðaður eftir 10 mínútur þarf ég að víkja af fundi. En mér láðist í framsöguræðu minni að gera till. um það, hvert ætti að vísa frv. Ég vil gera það að till. minni, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn. Það var svo í Nd. og ástæðan fyrir því er sú, að meginatriði frv. fjallar að sjálfsögðu um olíustyrkinn og framkvæmd á honum og af þeim 4500 millj. kr., sem eru til ráðstöfunar í þessu skyni eða til framkvæmda þessu máli á fjárlögum, er gert ráð fyrir 4000 millj. beinlínis til olíustyrksins, þannig að það er að mínu mati meginmál þessa frv.

Hitt er annað, að það er eðlilegt, þar sem um er að ræða tækniatriði samkv. tveimur köflum frv., að framkvæmd á þeim heyri undir iðnrn. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að reglugerð um þau efni verði sett af iðnrh., en að um framkvæmd olíustyrksins og greiðslur á honum og eftirlit með honum verði sett reglugerð af viðskrh. Það eru mörg fordæmi fyrir því, að svo sé farið að. Í lögum, sem voru samþykkt á Alþ. í fyrravetur, var t. d. gert ráð fyrir að fjöldamörg ráðuneyti eða ráðh. gæfu út reglugerð til framkvæmdar á einum og sama lagabálkinum.

Herra forseti. Ég geri sem sagt að till. minni að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. upplýsti að hann væri að fara á ríkisstjórnarfund sem byrjaði nú eftir nokkrar mínútur. Hann hafði hafið máls hér á öðru dagskrármáli sem ég hefði gjarnan viljað ræða við hann um. Hefði ég viljað óska eftir því, að hann yrði viðstaddur þá umr. Þetta frv., sem hér er nú til umr., heyrir undir hæstv. ráðh., þannig að ég hefði viljað óska eftir því, að hæstv. forseti frestaði umr. tveggja þessara mála þar til hæstv. ráðh. getur verið viðstaddur.

Það er eitt mál á dagskrá í viðbót, sjómannalög, og það væri að sjálfsögðu unnt að taka það til umr. Ég sé enga ástæðu til annars en að gera það. En ég óska eftir því, að umr. um þessi tvö dagskrármál, húsnæðismálin og vörugjaldið, verði frestað þar til hæstv. viðskrh. getur verið við umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Sú umr., sem fór fram hér fyrr í dag um staðfestingu brbl. um tímabundið vörugjald *snertir ekki mjög það frv., en sjálfsagt* er að halda þeirri umr. eitthvað áfram. Hins vegar er það frv., sem nú er hér til umfjöllunar, þess eðlis, að um það hefur verið allvíðtæk samstaða. Ég vil beina því til hv. þm. deildarinnar, ef ekki eru fleiri á mælendaskrá, hvort ekki væri hægt að vísa málinu til nefndar. (**LJ:** Ég er á mælendaskrá). Já (**LJ:** Það má tala nokkuð langt mál um það.) Nú, þá vildi ég óska eftir því, að forseti frestaði fundi í klukkutíma eða svo. (Gripið fram í.) Þingflokksfundir til 6, já, þannig að fundi verði frestað til 6. En ég vil eindregið mælast til þess, vegna þess að ég á að gegna formennsku í fjh.- og viðskn. til loka þingsins, að málið geti komið til nefndarinnar í dag, þannig að við höfum tíma til að athuga í fyrramálið þau atriði í nefndinni sem menn telja að þurfi að skoða eitthvað nánar. — [Fundarhlé.]

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til þess að vera með langar umr., að mér finnst, við þessa 1. umr. um frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Í mínum huga þjónar þetta frv. tvennum tilgangi. Við erum að leitast við að taka af sárasta broddinn vegna þess kostnaðar, sem fylgir upphitun húsnæðis með olíu, og í annan stað felur frv. það í sér, að menn eru að leitast við að draga úr olíunotkuninni, m. a. samkv. 5. gr., þ. e. að veita olíustyrk vegna stillingar kynditækjanna.

En ég stend hér upp til þess eins að ýja að 4. gr. þessa frv., þar sem segir að olíustyrkir skuli greiddir húsráðanda ársfjórðungslega vegna þeirra íbúa sem hafa fasta búsetu (lögheimili) í viðkomandi íbúð meiri hluta styrkstímabils. Í skýringum við 4. gr. stendur, með leyfi forseta: „Hér er kveðið á um að olíustyrkir skuli greiddir húsráðanda, þ. e. eiganda eða leigjanda húsnæðis, en ekki hverjum framteljanda til skatts.“

Mér hefur dottið í hug hvort ekki gæti orðið um það að ræða, þar sem um er að ræða stórar fjölskyldur eða fleiri íbúa en einn, en um væri að ræða jafnframt einn húsráðanda, hvort sumir gætu skotið sér þarna undan og fjölgað húsráðendum. Í stórum fjölskyldum væri hugsanlega um það að ræða að gera fjölskyldumeðlimi að leigjendum. Ég varpa þessu hérna fram aðeins til skoðunar. Hugsanlega getur ráðh. skýrt þetta út ef hann stendur hér upp á eftir.

Út af fyrir sig hef ég ekki fleiri athugasemdir við þetta frv. Það hefur komið fram í umr. hér á Alþ. í vetur, að þarna væri bráður vandi sem þyrfti að leysa, þ. e. að koma til móts við fólkið sem þarf að kynda hús sín með olíu. Í þeirri umfjöllun, sem þetta frv. fékk í Nd., var það skoðun flestra, að lengra væri ekki hægt að ganga í niður-

greiðslunni með tilliti til annarra orkugjafa, við værum komnir þarna að ákveðnum efri mörkum. Ég er í þeim hópi sem hefur þá skoðun á þessum málum.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., er margþætt mál og flókið að ýmsu leyti. En þó er meginefni þess skýrt og meginstefna þess skýr: að koma á jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar þannig að þeir, sem búa við olíukyndingu íbúða sinna, þurfi ekki að sæta þeim afarkostum að greiða fullt verð fyrir þá orku eftir þær gífurlegu hækkanir á olíu sem orðið hafa á síðustu mánuðum og árum.

Ég hygg að allur þingheimur sé í raun sammála um þessa meginstefnu frv. Og þótt ég undirstriki það, að ég er algjörlega sammála því, þá held ég að það sé næstum óþarfi, því að svo margir hafa lýst sig stuðningsmenn þeirrar meginstefnu sem í þessu frv. felst.

Það er dálítið athyglisvert í þessu sambandi að gera sér grein fyrir því, hvernig verðþróun hefur orðið á olíu undanfarna áratugi. Og af því að hæstv. viðskrh. er viðstaddur umr. og hann hefur gaman af tölum, bæði hér að heiman og úr útlöndum, þá vil ég upplýsa hann um það, að olía til húshitunar kostaði 1.08 kr. 1960, en hún kostaði 1. mars s. l. 155.20 kr. Hér er um að ræða á þessum 20 árum 143-földun á verði olíu í ísl. krónum (**StJ:** Það eru ekki sömu krónurnar sem ræðumaður er að tala um.) Nei, en þetta eru íslenskar krónur sem ég er að tala um, það er 143-földun. (**StJ:** Þú verður að fara nánar út í þetta ef þetta á að vera upplýsandi fyrir okkur.) Já, ég kem nánar inn á það, hv. þm. Stefán Jónsson. Ég mun fara mjög ítarlega í þetta mál. (**StJ:** Ég er feginn að heyra það.) Á þessum síðustu og alvarlegustu tímum er rétt að ræða mál ítarlega. Það er rétt að taka það fram, að hér er ekki um neitt málþóf að ræða. Þetta mál er þess eðlis, að þarf ítarlega umfjöllun á Alþ., og við hv. þm. í þessari deild höfum sýnt það og sannað, að við erum ekki hér í neinu málþófi. Áðan mælti ég hér fyrir minnihlutaáliti í öðru máli, mjög miklu ágreiningsmáli og máli sem tengist raunar öllum efnahagsmálum þjóðarinnar, og sagði hér aðeins nokkur orð og gerði grein fyrir afstöðu stjórnarandstöðunnar til þess máls, enda hefur það mjög verið rætt hér á hv. Alþingi. Þetta sýnir gjörla að við hv. þm. Sjálfstfl., þeir sem eru í stjórnarandstöðu, við erum hér ekki í neinu málþófi, en við viljum gjarnan hafa tækifæri til þess að ræða nokkuð nákvæmlega þau mál sem eru lítið rædd í þinginu og lítið rædd í þessari deild.

Ég skal nú víkja aftur að þessu með verðið á olíu til húshitunar. Hún hefur sem sagt hækkað þetta mikið í verði á þessum tíma. (**Gripið fram í:** Hvað mikið?) 143-faldast. En það er það merkilega, að ef við tökum dæmi um verðhækkun á annarri vörutegund á þessum tíma, þá hefur verð á ýsuflökum til neytenda 150-faldast á þessum sama tíma. Það hefur því ýmislegt hækkað í þessu landi annað en olía til húshitunar. Nú er ég ekki með þessu að draga úr nauðsyn þess að koma þarna til aðstoðar, hlaupa undir bagga. (**StJ:** Ýsuflök koma ekki í staðinn fyrir olíu.) Nei, ýsuflök eru ekki mjög eldfim, þannig að það er ekki hægt að nota þau í þeim skilningi til upphitunar, en hins vegar er hægt að neyta þeirra og þá eru þau orkugjafi. Var hv. þm. ánægður með þetta svar? (**StJ:** Já, svo langt sem það nær.) Með þessu dæmi, sem ég tek hér, er ég á engan hátt að sýna fram á að ekki sé nauðsyn að greiða niður olíu til húshitunar, en ég vildi upplýsa hæstv. viðskrh. um þetta af því að hann hefur svo gaman af svona tölum, samanburðartölum af öllu mögulegu tagi, og fór hér mörgum orðum um þær í öðru sambandi.

Ég vil þá gera hér að umræðuefni dálítið sérkennilegt atriði í sambandi við þetta mál, og það eru vinnubrögð hæstv. núv. ríkisstj. í framlögum á fjárlögum til jöfnunar hitunarkostnaðar og hvernig hæstv. ríkisstj. fór að því að taka ýmsa liði, sem voru á fjárlögum á árinu 1979 voru áfram í frv. hæstv. fyrrv. fjmrh. Tómasar Árnasonar, traustataki og eyða þeim í önnur útgjöld ríkissjóðs, en leggja í þess stað á 1.5% söluskatt sem hæstv. ríkisstj. vill verja með því, að það fé renni til þessara þarfa, sem allir eru sammála um að er réttlætismál.

Í frv. hæstv. fyrrv. fjmrh. voru 2.3 milljarðar kr. sem verja átti í því skyni að greiða niður olíu til húshitunar. Þessi upphæð var máð út úr frv. hæstv. núv. fjmrh. Ragnars Arnalds og hæstv. fyrrv. fjmrh. máði út úr sínu fyrsta frv., þ. e. 1. útgáfu fjárlagafrv. fyrir þetta ár, tvær upphæðir, sem voru í fjárlögum 1979 til orkumála af því eina prósenti sem í eina tíð var tekið af söluskatti til þessara þarfa. Þar er um að ræða beina fjárveitingu til styrkingar dreifikerfis í sveitum. Þetta felldi hæstv. ráðh. niður og sú upphæð var í fyrra 220 millj. kr. Á fjárlagaverðlagi í ár yrði þessi upphæð eitthvað nálægt 300 millj. kr. Enn fremur var í fjárlögum fyrir árið 1979 330 millj. kr. upphæð af þessu olíuprósenti sem einu sinni var til þess að hraða framkvæmdum við hitaveituframkvæmdir. Þetta fé gekk til Orkusjóðs og Orkusjóður lánaði þetta fé til hitaveitna. Þarna er um að ræða 330 millj. kr. á verðlagi ársins 1979 og þá tæpar 500 millj. kr. á fjárlagaverðlagi í ár. Þarna er sem sagt um að ræða 800 millj. kr. sem þegar hafði verið fellt niður af framlögum úr ríkissjóði til orkumála, til þess að hraða því að taka í notkun innlenda orkugjafa í stað olíu, og síðan voru 2.3 milljarðar til þess að greiða niður húshitunarkostnað, olíukostnað, olíu til húshitunar. Því var um það að ræða, að hæstv. ríkisstj. hliðraði sér hjá að taka framlög til þessara þarfa, bæði til þess að hraða framkvæmdum við innlenda orkugjafa og eins til þess að greiða niður olíu til upphitunar húsa, sem námu 3—4 milljörðum kr. á verðlagi ársins í ár eða því verðlagi sem fjárlög eru gerð upp á.

Það er því með ólíkindum þegar hæstv. ríkisstj. heldur því fram, þegar söluskatturinn var hækkaður um 1.5%, að það mætti réttlæta með því, að honum ætti að verja til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar. Því fer víðs fjarri, eins og ég hef hér rakið, auk þess sem ýmis önnur framlög til orkumála úr ríkissjóði hafa af samtíma skatttekjum lækkað á sama tíma, ef miðað er við fast verðlag.

Sú viðbára hæstv. núv. fjmrh. fær ekki staðist, að ríkissjóður styrki Rafmagnsveitur ríkisins og Orkusjóð miklu meira á þessu ári en hann gerði í fyrra og því mætti segja að allri upphæðinni, sem 1.5% söluskattshækkunin gæfi, væri í raun varið til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar og þá með því fororði, að hluti af því gengi til Rafmagnsveitna ríkisins og þar fengist lægra orkuverð. Þessu er ekki til að dreifa og hér er algjörlega um staðlausa stafi að ræða.

Hæstv. ríkisstj. hefur einfaldlega tekið fé, sem var í fjárlögum, til annarra þarfa og lagt á nýjan skatt að upphæð 1.5%, sem gefur ríkissjóði a. m. k. 6 milljarða kr. í nýjar skattálögur á þessu ári, undir því yfirskini að vera að afla fjár til þess frv. sem hér er til umr. Þetta er eitt af þeim brögðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið

upp til þess að reyna að draga einhverja dul á þá miklu og gegndarlausu skattheimtu sem hún hefur staðið fyrir.

Það er athyglisvert í sambandi við þetta frv., að því fylgir mjög góð grg. sem nefnd hefur samið sem sett var á laggir á sínum tíma. Mjög athyglisverðar upplýsingar er að finna í þessu nál. sem birt er sem fskj. með þessu frv. Þar kemur m. a. fram að olíustyrkurinn á að nema 3 milljörðum 760 millj. kr. samkv. 4. gr. og núgildandi lögum vegna 1. ársfjórðungs. En síðan koma aðrir styrkir, aukaolíustyrkir 200 millj. kr., skólahúsnæði 140 millj., framlag og styrkir til rafveitna og varmaveitna 280 millj. og aðilar utan samveitu fá 20 millj., fræðslu- og upplýsingastarfsemi er talin kosta 20 millj. og styrkir vegna ráðgjafaþjónustu 40 millj. Samtals er því verið að verja með þessu frv. 4460 millj. kr.

Og síðan segir: „Ef samþykkt verður að veita lán til einstaklinga vegna olíusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði, sbr. 13. gr., þarf auk ofangreindrar upphæðar að útvega Byggingarsjóði allt að 750 millj. kr. í því skyni, en slíkar lánveitingar eru mjög mikilvægur þáttur í jöfnun hitunarkostnaðar. Samkv. þessu yrði heildarfjárþörf til jöfnunar á hitunarkostnaði 5210 millj. kr.“

Hér er um lán að ræða til húsbyggjenda, þessar 750 millj. sem ég gat um áðan, en ef við tökum aðeins fyrri töluna, 4460 millj. kr., þá er það athyglisvert, að reiknað á sama verðlagi var í rauninni um að ræða fé á fjárlögum, bæði árin 1979 og 1980, í fjárlagafrv., því fyrsta sem fram var lagt 1979, sem slagaði mjög upp í þetta, þannig að hér er sem sagt ekki um það að ræða að ganga öllu lengra en gert var miðað við verðlag á þessum tíma.

Í þessu nál., sem ég sagði áðan að væri mjög fróðlegt, kemur það fram, að í árslok 1978 nutu 65% þjóðarinnar jarðvarma til upphitunar, 12% rafmagns, en 23% notuðu olíu. Það er mjög athyglisvert, að þessi 65% þjóðarinnar, sem notuðu heitt vatn, greiddu á þessu ári, 1978, 6 milljarða kr. fyrir upphitun sinna húsa, 65% þjóðarinnar greiddu 6 milljarða eða 24% af heildarupphitunarkostnaði allra íbúðarhúsa í landinu. 65% þjóðarinnar greiddu aðeins 24% af upphitunarkostnaðinum. Rafmagn höfðu, eins og ég sagði áðan, 12%. Þeir greiddu 4 milljarða til upphitunar í sínum húsum og það eru 16% af heildarkostnaðinum. Þeir, sem kynda hús sín með olíu, eru 23% þjóðarinnar á þessu ári, 1978, og þeir borga 15 milljarða til þess að hita hús sín upp eða 60% af heildarkostnaði við upphitun húsa í landinu. Samtals hafa landsmenn greitt 25 milljarða á þessu ári, 1978, og aðeins 23% af þjóðinni greiða 15 milljarða af því. Hér er því um að ræða augljóst misrétti sem þarf að lagfæra með einhverjum hætti.

Í þessu nál. er lögð á það meginhersla — og ég er sammála því — að það sé höfuðatriði í þessu máli að hraða framkvæmdum við innlenda orkugjafa, bæði hitaveitur og upphitun með raforku. Á þessu sviði, þ. e. þegar verið er að koma til móts við þetta fólk sem þarf að greiða þessar miklu fjárhæðir til upphitunar húsa sinna, verður þó að gæta þess, að það sé ekki gert með þeim hætti að draga úr hvata manna til þess að fara út í slíkar framkvæmdir, bæði hitaveitur og rafveitur. Ég er sammála hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, að það er kannske ekki mikil ástæða til þess að óttast að þeir olíustyrkir, sem ætlunin er að greiða samkv. þessu frv., dragi mjög úr áhuga manna á þessum framkvæmdum. En þó er það athyglisvert, að í fskj, sem fylgir þessu frv. á bls. 13, er sýnt fram á að orka til húshitunar með innlendum orkugjöfum verður dýrari á nokkrum stöðum heldur en olía ef miðað er við fjögurra manna fjölskyldu. Þessir staðir eru Suðureyri og Blönduós. Og síðan er um það að ræða, að raforka frá Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins er nánast jafndýr eða ódýr eins og um sé að ræða kyndingu með olíu að frádregnum olíustyrk. Ég held að á þessu þurfi að hafa nokkra gát. Það er alveg ljóst, að ef raforka frá Rafmagnsveitum ríkisins verður lengi á svipuðu verði og orka sem fæst með olíukyndingu að frádregnum olíustyrk, þá munu menn náttúrlega veigra sér við að leggja í miklar framkvæmdir, breyta húsum sínum, hitalögnum o. s. frv. Á þessu þarf að hafa nokkra gát, þó ég sé hins vegar sammála því sem fram kom hjá hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, að það sé kannske ekki mjög hætt við þessu.

Mér sýnist að það sé tiltölulega auðvelt að meta það, þrátt fyrir slíka olíuniðurgreiðslu, hvaða hitaveitur eru hagkvæmar frá þjóðhagslegu sjónarmiði, og að unnt sé að ráðast í þær og greiða t. d. hluta stofnkostnaðarins niður með einhverjum hætti þannig að hitakostnaður frá þessum hitaveitum verði ekki meiri fyrir einstaklingana heldur en ef menn notuðu olíu til upphitunar að frádregnum olíustyrk. En mér finnst að það sé meira vandamál að gæta þess, að olíustyrkurinn verði ekki til að draga úr áhuga manna á að fá rafhitun. Og ástæðan fyrir því er einfaldlega sú, að raforka til upphitunar húsa er á tiltölulega háu verði. Komi ekki stuðningur frá ríkisvaldinu í formi óafturkræfra framlaga hafa Rafmagnsveitur ríkisins ekki bolmagn til þess að lækka sína taxta til húshitunar meira en orðið er og þess vegna tel ég enn óljósara hvaða áhrif greiðslur olíustyrkja hafa á framþróun í því að nota raforku til upphitunar heldur en þegar um er að ræða hitaveitur.

Það er ætlunin að fylgjast með þessu hvoru tveggja, að mér skilst, hvaða áhrif olíustyrkirnir hafa á þá hvöt að ráðast í framkvæmdir við innlenda orkugjafa, bæði að því er varðar hitaveitur og rafmagnsveitur. En ég er ekki alveg viss um — og það vafðist fyrir hv. fjh.- og viðskn. þegar hún ræddi þetta mál á sameiginlegum fundum sínum — hvernig með þetta á að fara, hvernig best verður í þessari lagasetningu sett undir þann leka, að svo kynni að fara að þessi olíuniðurgreiðsla gerði innflutta olíu jafnvel hagkvæmari á stundum fyrir menn til upphitunar húsa heldur en kostnaðarverð orku frá innlendum orkugjöfum mundi vera. Nefndin hafði af þessu nokkrar áhyggjur og velti þessu máli einna lengst fyrir sér, og satt best að segja er ég ekki enn þá sannfærður um að þær breytingar, sem gerðar voru á þessu frv., setji nægjanlega undir þennan leka.

Nefndin ræddi einnig ýmsa aðra þætti þessa máls, en ég skal ekki fjölyrða um það.

Herra forseti. Ég hef fjallað hér nokkuð um þetta viðamikla mál og skal ekki lengja mál mitt úr hófi fram. En af því að ég hef hér gagnrýnt sérstaklega einn þátt þessa máls, að ekki sé nægjanlega mikill sveigjanleiki gagnvart því vandamáli, ef olíustyrkirnir gera innlenda orkugjafa ekki nógu hagkvæma fyrir menn, þá skal ég aðeins fara nokkrum orðum um þau ákvæði frv. sem mér sýnast vera til bóta.

Það er þá fyrst um 4. gr. að segja, þar sem er kveðið á um greiðslu á olíustyrkjum, að ég held að hún sé í meginatriðum til bóta frá því sem nú er. Ég hef satt að segja alltaf verið heldur gagnrýninn á það, hvernig olíustyrkurinn hefur verið greiddur á undanförnum árum. Þó er

það við hana að athuga, að hún er nokkuð flókin, og ég vil taka hér undir það sem kom fram hjá hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni, að framkvæmdina á henni þarf að skoða í ljósi reynslunnar þegar nokkrir mánuðir eru liðnir af framkvæmdatímanum á þessari grein.

En svo að ég komi að því sem ég tel vera til bóta í þessu frv., þá sýnist mér að þær hugmyndir, sem hér eru settar fram um orkusparnað, séu allra góðra gjalda verðar og mjög mikils vert að þær komist til framkvæmda. Þessar till. eru, eins og hv. þm. vita, fólgnar í ýmsu, betri einangrun húsa, í því að styrkja menn til þess að stilla kynditæki sín og í ýmiss konar tækniþjónustu o. s. frv. Hér er sem sagt um merk nýmæli að ræða, sem að vísu eru ekki beint nýmæli í þessu frv., því að eins og hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson kom inn á er bryddað upp á þessum hugmyndum í frv. sem hann flutti hér fyrr á þessu þingi.

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég vildi ræða þetta mál nokkuð ítarlega. Ég nefndi það á hinn bóginn, að ekki væri ætlun mín né annarra þm. að tefja tíma Alþingis úr hófi fram eins og sakir standa. Þó að okkur skiljist nú hér sumum þm. að tíminn sé nægur og að þing muni e. t. v. standa fram að Jónsmessu, þá er kannske ekki ástæða til þess að tefja störf deildarinnar meira með því að ræða þetta mál. Skal ég því láta máli mínu lokið að sinni.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram í þessum umr., að það er sannarlega kominn tími til þess að þetta mál verði afgreitt hér frá Alþingi. Ég held að fá mál hafi verið áhugaverðari og það hafi jafnan á þessu þingi ríkt sú skoðun, að það bæri sannarlega að koma á bættri skipan og meiri jöfnuði í húshitunarmálum. Ég verð hins vegar að segja það, að þetta frv. veldur mér á ýmsan hátt — og reyndar margan hátt — vonbrigðum. Ég lagði fram í upphafi Alþingis ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal till. til þál. um það, að hér yrði innan Alþingis komið á samstarfi um leiðir til þess að jafna húshitun, bæði er varðaði tekjur og reglur til þeirra hluta. Í þeirri tillögugerð var gert ráð fyrir því, að þessu starfi yrði lokið fyrir afgreiðslu fjárlaga þannig að þá væri hægt að ganga þar frá þessu máli.

Eins og menn vita voru þingstörf hægfara, og á það að sjálfsögðu sinn þátt í því, að af þessari tillögugerð varð ekki. Skoðun mín er að því leyti alveg óbreytt frá því fyrr í vetur, að það langmikilvægasta í þessu sambandi er fjármagnið. Það þarf að vísu að athuga vel hvernig því er skipt, en samt sem áður er þetta langmikilvægasti þátturinn. Og ég vil nú mega beina þeim tilmælum mjög ákveðið til þeirrar n., sem kemur til með að fjalla um þetta mál, sem væntanlega verður fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., að hún taki þetta mál til mjög rækilegrar athugunar, m. a. vegna þess að mér sýnist að hv. Nd. hafi ákaflega lítið fært þetta mál til betri vegar, sem þó hefði verið mikil þörf á.

Grundvöllur að þessu frv. er það fjármagn sem á að fara í beinan húshitunarstyrk. Sú tala er ekki langt frá 4 milljörðum kr., og það má kannske ætla að miðað við verðlagsforsendur, sem gefnar eru í frv., megi ganga út frá þeirri tölu sem slíkri.

Nú vill svo til, að í skýrslu Orkustofnunar, sem var gefin út í s. l. ágústmánuði, — og eins og menn vita hafa verðlagsforsendur ekki breyst svo mjög síðan, og það eru yngstu heimildir sem fyrir hendi eru um þessi mál, — er gert ráð fyrir að olíunotkun landsmanna á þessu ári nemi tæplega 57 millj. lítra. Og þá er talað um allt húsnæði, bæði íbúðarhúsnæði, iðnaðarhúsnæði og svo húsnæði sem tilheyrir ýmissi menningar- og heilsugæslustarfsemi. Ef gert væri ráð fyrir að greiða olíukostnaðinn niður um 60%, en þá værum við komin á sambærilegan flöt og gildir varðandi nýrri hitaveiturnar, Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Suðurnesja, þá mundi kostnaðurinn við þessa niðurgreiðslu samkv. því nema um 5 milljörðum kr. Þarna væri búið að ná mjög ákjósanlegum árangri.

Nú virðist mér að samkv. frv. sé gert ráð fyrir því, að niðurgreiðslan nemi um 40%, þ. e. að í staðinn fyrir 60%, eins og ég legg til grundvallar í þessum tölum, sé um 40% niðurgreiðsla. Þessar tölur eru þó ekki alveg sambærilegar vegna þess að í frv. er gert ráð fyrir nokkrum mismun á olíustyrkjum. En samt sem áður kemur út sú tala í frv., að kostnaðurinn verði um 4 milljarðar. Og þá er alls ekki tekið inn í þetta dæmi neitt húsnæði annað en skólahúsnæði. Þar er sleppt allri heilsugæslu og öllu iðnaðarhúsnæði.

Hér ber æðimikið á milli, og það er ætlan mín, að í þeim forsendum, sem gefnar eru í frv., séu ýmsar skekkjur. M. a. er þar talað um olíustyrki, 47 þús. talsins. Þessi tala er miðuð við upphaf árs 1979, og það er hald manna, að á því ári hafi olíustyrkþegum fækkað um 5—6 þús. manns og þar af leiðandi sé þessi tala komin niður í 42 þús. Þetta gerir það að sjálfsögðu að verkum að verðlagsforsendur eru að því er varðar tölu styrkhafa óþarflega háar í frv. Þá má líka á það minna, að olíustyrkir varðandi heimavistarskóla eru einnig inni í þessari tölu, en í frv. koma þeir út sem sjálfstæð stærð. Af þessu leiðir að þarna er trúlega um að ræða forsendur sem a. m. k. er mjög mikil ástæða til þess að endurskoða og endurskoða gaumgæfilega og þá með tilliti til þess — ef gengið er út frá ákveðnu fjármagni í þetta — annað tveggja að bæta stöðu þeirra, sem kynda hús sín með olíu, eða með því að gera heimildirnar víðtækari en þær eru.

Ég vænti þess alveg sérstaklega, að sú hv. n., sem tekur þetta mál til athugunar, sannfæri sig um það, að grundvöllurinn í þessari skiptingu verði leiðréttur og að komist verði til botns í því, hvað rétt sé í þessum efnum.

Annar ákaflega mikilvægur þáttur þessara mála er það, hvað þessi aðstoð yrði gerð víðtæk. Það er hald manna og m. a. staðfest samkv. skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins, að íbúðarhúsnæði sé einhvers staðar rétt innan við 70% af heildarhúsrými sem upp þarf að hita, en að annað húsrými sé í kringum 30%. Ef þær forsendur, sem ég hef verið hér að leitast við að benda á að væru ekki réttar í frv., reynast ekki réttar, þá er fjárhagsgrundvöllur fyrir því — að óbreyttri styrkhæð — að gera þessar heimildir miklu víðtækari en þær eru í frv. Þess vegna er alveg sérlega mikilvægt, og á það vil ég leggja áherslu, að einmitt þessir þættir verði reiknaðir niður í kjölinn. Og það er einfalt mál og þarf ekki að taka langan tíma fyrir hv. n., vegna þess m. a. að í þessum málum er af mörgum aðilum mikið búið að vinna og því liggja fyrir víðtækar heimildir og gögn um þessi mál.

Þá þykir mér vert að leggja á það áherslu, að skólaþátturinn verði tekinn til sérstakrar athugunar í þessum efnum. Einmitt í því tilviki ríkir eitt mesta óréttlæti í sambandi við félagslegan rétt og aðstöðu fólks á þessu landi. Ég get ekki látið hjá líða að minna á það og undirstrika alveg sérstaklega, að þessi mismunur og þessi óréttur hefur einmitt komið fram vegna breytinga á lög-

gjöf sem afgreidd hefur verið frá hv. Alþ., m. a. í sambandi við verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Eins og menn muna og óþarft er að fara um mörgum orðum hér á hv. Alþ. var gerð mikilvæg breyting og samkomulag um verkaskiptingu ríkissjóðs og sveitarfélaganna og þá með tilliti til þess að gera þau verkefni öll einfaldari. Og því er ekki að leyna, að margt hefur færst til betri vegar og orðið skýrara af þessari ástæðu. En annað hefur líka úr lagi færst, eins og t. d. varðandi rekstur skóla og þá alveg sérstaklega heimavistarskóla. Og því miður fer það mikið saman, að heimavistarskólar, sem eins og við vitum eru fyrst og fremst í dreifbýlinu, einmitt þar sem ekki eru tök á heitu vatni til upphitunar, þeir einmitt gjalda þessarar fyrri reglu.

Ég vil þess vegna beina því alveg sérstaklega til n., að hún taki þátt skólanna til sérstakrar athugunar og þá jafnvel með það fyrir augum að aðgreina þá í tvennt. Eins og menn vita hefur löggjafinn metið þátt sinn í skólabyggingum þannig að honum bæri að byggja upp heimavistarhúsrými algjörlega. Því er það, að þau sveitarfélög, sem þurfa að byggja heimavistarskóla til þess að annast almenna barna- og unglingafræðslu, njóta þeirra kjara af hendi ríkisvaldsins að fá heimavistarhluta skólahúsnæðisins algjörlega greiddan. Það er viðurkenning ríkisvaldsins á þeim mismun og þeirri miklu þörf sem af honum leiðir til að koma þessum málum í eðlilegt horf. Hinu sama gegnir bæði varðandi viðhald á skólahúsnæði, sem að vísu er ekki hér til umræðu nú og verður ekki leiðrétt við meðferð þessa máls á Alþingi. En það er mikil bót að leiðrétta eina skekkju þó að ekki sé hægt að bæta úr að fullu. Þess vegna þykir mér alveg sérstök ástæða til þess að benda á þetta hér og þá í trausti þess, að hv. n. taki einmitt þennan sérstaka þátt til nánari athugunar.

Ég hef nú, herra forseti, vikið að nokkrum grundvallarþáttum í sambandi við þetta frv. Ég mun ræða hér í örfáum atriðum nokkrar greinar frv., sem ekki er þó kannske beinlínis ástæða til, því að ég verð að líta svo á að þetta sé í heild fremur gallað frv. og það þyrfti því að breyta því í mjög veigamiklum þáttum ef það ætti að ná verulega tilgangi sínum.

Ég vil þá fyrst víkja að ákvæðum 4. gr., þar sem sérstaklega er fjallað um fyrirkomulag greiðslu á olíustyrk og þar sem menn telja að komið sé sérstaklega til móts við þær þarfir, sem óneitanlega eru fyrir hendi, og þann mismun sem felst í mismunandi stærð húsrýmis. Ég verð að segja það alveg eins og er, að ég er engan veginn sáttur við þessa aðferð. Það hefði verið miklu einfaldari og betri leið, og þó alveg sérstaklega miklu sanngjarnari, að tekið hefði verið mið af tvennu, þ. e. bæði stærð húsnæðis og þeim fjölda íbúa sem í húsrýminu býr. Það er engan veginn svo einfalt að hægt sé að meta stærð húsrýmis út frá íbúatölunni, eins og hér er lagt til. Menn mega ekki gleyma því, sem hér er ákaflega mikilvægt, að víða á þeim stöðum þar sem einmitt þarf að kynda með olíu er fólki ókleift að skipta um íbúðir eftir því hverjar breytingar verða á fjölskyldustærð.

Af þessari ástæðu hefði verið miklu eðlilegri og betri lausn að hafa ákveðin stærðarmörk til viðmiðunar. Og ég vil benda á að það er miklu minni skriffinnska en menn almennt tala um og almennt álíta, því að í fórum sveitarfélagsstjórna eru einmitt skrár yfir stærð alls íbúðarhúsnæðis og þar af leiðandi hefði verið og er vandalaust að leggja slík stærðarmörk til grundvallar og hefði á engan hátt þurft að valda erfiðleikum.

Ég hlýt líka að leggja á það mikla áherslu, þegar kemur að 7. gr. frv. þar sem er fjallað um skólahúsnæði, sem ég hef áður fjallað um, þ. e. þörfina, einmitt þá sérstöku þörf sem sveitarfélögin hafa fyrir stuðning við upphitun á því húsnæði. Hér er það ekki látið fylgja með 4. gr., heldur sett inn í sérstaka grein þar sem einvörðungu er um heimildir að ræða. Ég vil beina þeim tilmælum mjög eindregið til hv. fjh.- og viðskn., að hún breyti þessari niðurröðun þannig, að skólahúsnæðið verði tekið inn í 4. gr. og þannig verði jafnskýrt og nákvæmlega kveðið á um skyldur hins opinbera gagnvart því eins og öðru því húsnæði sem hér er ætlast til að njóti þessarar aðstoðar.

Ég vil líka mjög eindregið beina því til n., að þótt hún sjái sér kannske ekki fært að láta þær heimildir, sem felast í þessu frv., ná til alls húsnæðis sem þarf að hita upp, — sem ég reyndar teldi langæskilegast og eðlilegast, — þá tel ég jafnmikilvægt að heilsugæslustöðvarnar njóti þessa stuðnings. Ég veit að það er óþarft að segja frá því hér á þessum stað, svo kunnugir sem hv. alþm. eru þeim málum, hve mikið misræmi er í rekstri heilsugæslustöðva. Á ég þá ekki fyrst og fremst við þær sem slíkar, heldur heilsugæsluna almennt, þar sem ríkið greiðir kostnað við rekstur á spítölum, m. a. upphitunarkostnað, sem gerir það að verkum að mikið misvægi er á milli þeirra sveitarfélaga, sem sjá heilsugæslu sinni farborða með heilsugæslustöðvum, og hinna, þar sem spítalar eru. Bæði varðandi skólana og heilsugæslustöðvarnar er þetta réttlætismál, og ég vænti þess, að hv. n. taki einmitt þessa þætti til sérstakrar athugunar.

Ég hef nú rætt þau atriði, sem mér finnast mikilvægust í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og þá þætti, sem ég tel eðlilegt og sanngjarnt að verði alveg sérstaklega skoðaðir við meðferð málsins í þessari hv. deild. Ég geri mér alveg ljóst að það verður ekki hægt að verða við þeim tilmælum, að þessu frv. verði bylt í eins veigamiklum atriðum og ég hefði helst kosið. Og m. a. verð ég að segja það, að ýmislegt í þessu frv. er nánast sagt sýndarmennska. Þar vil ég m. a. minna á III. kaflann, um orkusparnað, og þá sérstaklega 13. gr. Það kann að sjálfsögðu að hafa eitthvert gildi, en alls ekki er hægt að fara um það sterkari orðum. Þar er gert ráð fyrir heimild til handa Húsnæðismálastofnun til að veita lán til endurbóta á húsum vegna orkusparandi aðgerða. Hér er hins vegar ekki séð fyrir neinu fjármagni til þeirra þarfa, en auðvitað er það það sem skiptir meginmáli í þessu sambandi.

Þá verð ég líka að segja það, að mér er fremur illa við það sem verið er að slíta út úr þessum fjárveitingum til fræðslu- og upplýsingastarfsemi og vegna ráðgjafaþjónustu. Þetta eru almenn verkefni sem eru að sjálfsögðu bundin við þær stofnanir sem hafa þessi mál með höndum. Í þetta er samkv. frv. varið alls 60 millj. kr. Ef við berum saman þær fjárveitingar, sem eru áformaðar til upphitunar á skólahúsnæði, sem eru 140 millj., þá sjáum við hvað tiltölulega mikill þáttur þessi kostnaðarliður er. Ég ætla ekki að draga dul á það, að ég hefði álitið að þessu fjármagni væri stórum betur varið til einhvers konar stuðnings við þau félagslegu verkefni sem ég hef hér minnt á.

Það er í rauninni alveg af sama toga spunnið varðandi aukaolíustyrk. Mér finnst menn leggja allt of mikið upp úr þessum umbúðum. Ég minni á það líka í þessu sambandi, að hann verður tæpast greiddur með öðrum hætti en þeim, að til komi vottorð og úttektir sem vænt-

anlega þurfa að fylgja til æðri staða svo að hægt sé að glöggva sig á því, hverjir hafi þarna átt hlut að máli. Og reynsla mín og skoðun er sú, að menn geri sér almennt ljósa þýðingu þess að hafa þessi tæki í lagi þó að það sé ekki sérstaklega verðlaunað. Ég er þannig frekar í andstöðu við þær ýmsu slaufur sem eru í þessu frv., og ég hefði talið miklu betri kost ef hér hefðu frekar verið farnar einfaldari leiðir í þessum efnum.

Þá finnst mér ástæða til þess að víkja hér nokkuð að viðmiðun þessa frv., fara nokkrum orðum um það, hvað hér er raunverulega lagt til grundvallar til viðmiðunar. Í þeim efnum verð ég sannarlega að lýsa nokkrum vonbrigðum mínum frá því sem áður hefur verið talað um hér á hinu háa Alþingi í þessum málum. Ég minni í þeim efnum m. a. á frv. þeirra hv. félaga, sem lögðu fram frv. um húshitunarkostnað fyrr á þessu þingi, og mína tillögugerð þar að lútandi líka. Þar var miðað við þann grundvöll að bera saman kostnað við upphitun á húsnæði eins og hún væri almennust í þessu landi. Nú eru menn einkum farnir að tala um samanburð við taxta Rafmagnsveitna ríkisins, og það er einmitt það sem ég get engan veginn fallist á að sé eðlilegt til viðmiðunar, einfaldlega vegna þess að við erum að tala hér um kjör fólksins í þessu landi. Við erum ekki að þvinga hér fram einhverjar ákveðnar stefnur eða sjónarmið varðandi orkuuppbyggingu í landinu, heldur erum við að tala hér um kjör fólksins og aðstöðu þess. Og það er athyglisvert, að ef litið er á samanburð á milli kjördæma, þá eru það aðeins 9% af íbúum á Austurlandi sem hafa eða eru að fá hitaveitur. Aðeins eitt kjördæmi er verr sett að þessu leyti og það er Vestfjarðakjördæmi með 6%. Menn mega ekki gleyma þessum tölum þegar verið er að finna leiðir til viðmiðunar í þessum efnum.

Nú sýnist mér að frv. byggi á ákveðnum taxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Og í rauninni virðist mér að sá taxti sé ákvarðandi um styrkupphæðina sem slíka. Nú liggur það raunar fyrir og hér er ég m. a. með í höndunum skýrslu sem gerð var fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins og unnin af þekktu verkfræðifyrirtæki hér í borg, þar sem m. a. segir frá því, að nánast sé útilokað að finna eðlilega viðmiðun í gegnum raforkutaxtana. Það er ákaflega fróðlegt að fara yfir þessa skýrslu. — Ég gæti nú orðið við tilmælum forseta um að gera hlé. (**Forseti:** Já, þannig að umr. væri frestað.) Það er í lagi mín vegna, forseti. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar í ræðu minni sem ég fjallaði sérstaklega um nokkrar hugarfarsbreytingar frá því fyrr í vetur í sambandi við viðmiðun húshitunar. Ég var að benda á það, að nú væri lögð sérstök áhersla á það að miða húshitunarkostnað við raforkuverð, frekar en það sem almennast væri í þessu landi, hitaveitur í einhverri mynd, t. d. eins og Hitaveitu Suðurnesja og Akureyrar. En mér finnst alveg sérstök ástæða til þess að minnast á þetta vegna þess að raforkutaxtarnir eru óeðlilegir og við hljótum að verða að stefna að því að fá raforku til upphitunar með miklu hagkvæmara verði en nú er.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, taka fram í örfáum orðum það sem ég vil leggja sérstaka áherslu á við afgreiðslu þessa máls í nefnd. Ég trúi satt að segja ekki *öðru en að hægt verði að verða við þeim ábendingum, því* að þær eru langflestar með þeim hætti að ég get sannað að þar er um réttlætismál að ræða sem á sér fullkomlega stoð í veruleikanum.

Ég legg þá áherslu á það, að miðað verði við kostnað við upphitun eins og almennast gerist í þessu landi, en ekki við óeðlilega raforkutaxta. (**StJ:** Miðað við hvað?) Ég legg áherslu á að eins og frv. gerir ráð fyrir, þá er ekki um verulegar breytingar að ræða til hagsbóta fyrir þá sem kynda hús sín með olíu. Mér er nær að halda að olíustyrkurinn nú í dag nemi liðlega þriðjungi af kostnaði við húshitun. Og það kemur fram í frv., að ef það verður að lögum verður þátttaka ríkissjóðs í þeim kostnaði í kringum 40%. Það er öll breytingin til hagsbóta fyrir þá sem kynda híbýli sín með olíu.

Ég legg áherslu á það, að grundvöllur til mats á kostnaði við framkvæmd þessara mála verði endurreiknaður m. a. á grundvelli þeirra ábendinga sem ég hef hér komið með. Ég er sannfærður um það, að endurmat og endurreikningur á þeim kostnaði eiga eftir að leiða það í ljós, að sá tilkostnaður, sem gert er ráð fyrir upp á tæpa 4 milljarða við húshitun, lækkar. Ég geri því ekki skóna að menn vilji fara út í það að auka þátttöku hins opinbera eða hækka olíustyrkinn. Ég legg því enn frekari áherslu á það sem ég benti á fyrr í sambandi við skóla. Í því sambandi undirstrika ég alveg sérstaklega, að þær heimildir, sem eru í 7. gr. og fjalla um olíustyrk til rekstrar á skólahúsnæði, verði færðar yfir í 4. gr. og að tekið verði fullt tillit til þess kostnaðar sem af því leiðir að reka heimavistarskóla. Með sama hætti gæti ég fellt mig við að aðrar stofnanir, sem ekki eru tilgreindar í þessu frv., en ákaflega mikil þörf er að ganga til móts við, — að heimildir til að taka þátt í rekstri þeirra með því að létta á kostnaðinum við húshitun væru settar inn í 7. gr. Miðað við efni málsins og þann áhuga, sem hefur komið hér fram á hv. Alþingi frá miklum fjölda þm., er hér sannarlega ekki fram á mikið farið. Og það er nokkuð harður dómur um störf alþingismanna og Alþingis ef ekki er hægt að taka tillit til ábendinga sem þessara, jafnvel þótt hv. Nd. hafi sést yfir að koma þar betri skipan á þessi mál.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu. Ég ítreka enn einu sinni tilmæli mín til fjh- og viðskn. um að skoða þessi mál betur. Og ég ítreka það sem ég hef áður sagt, að það þarf ekki að tefja þingstörf því að það eru til heimildir á handbærum stöðum til að það verk geti gengið eðlilega fyrir sig.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls um þetta frv. Allir eru þeir í öllum aðalatriðum sammála um það frv. sem hér liggur fyrir, þó að þeir hefðu kannske kosið að hafa einstök atriði á annan veg, eða jafnvel að bæta öðru við.

Hv. 4. þm. Vestf. flutti hér ágæta ræðu um þetta mál. Hann kallaði frv. sitt, sem hann flutti ásamt mér og fleiri hv. þm. hér í d., djásn, og get ég mjög vel tekið undir það. Það var frábært frv. (**ÞK:** Já, borið saman við þetta.) Það voru ekki mín orð. (**ÞK:** Ég vildi ekki taka meira upp í mig en svo.) Ég get vel tekið undir það. En það er ekki þar með sagt, að það sé eina djásnið í veröldinni. Þau geta verið fleiri. (**ÞK:** Já, já.) Hv. þm. lýsti yfir stuðningi við þá stefnu sem kemur fram í þessu frv., sérstaklega varðandi 4. gr., sem er kannske mergurinn málsins, þar sem um er að ræða olíustyrkina og fyrirkomulag þeirra. En þar er um að ræða ákvæði sem ég held að séu samhljóða eða svipuð þeim sem voru í frv. sem hann minntist á og við fluttum hér í vetur.

Þá minntist hann nokkuð á málefni sem komu fram í brtt. í Nd. varðandi olíustyrki til upphitunar atvinnu-

húsnæðis, skóla og annarra menningarstofnana, sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana, enn fremur til hitaveitna, sem nota olíu sem orkugjafa, og rafveitna, sem nota olíu til framleiðslu rafmagns og upphitunar húsa. Þessi till. var ekki samþ. í Nd. Það er erfitt að vera á móti þessari till. í sjálfu sér, en það verður þó að líta á hana í samhengi við málið í heild. Og það verður að segja það eins og það er, að miðað við þá fjármuni, sem eru á þessu ári í fjárlögum, dreg ég í efa að þeir verði nægir til þess að bæta við útgjöldum í sambandi við frv. Ég lýsti því yfir í Nd. og skal endurtaka þá yfirlýsingu hér, að ég mun láta kanna þessi atriði sérstaklega í sumar og fylgjast jafnframt með því, hvernig reiðir af þeim fjármunum sem eru fyrir hendi, miðað við þær skyldur sem frv. leggur ríkissjóði á herðar. Þó að það fylgi allítarleg áætlun um þetta, þá er best að segja það eins og það er, að auðvitað verður ekki til fulls sagt um það, hversu mikil útgjöld verða samkv. þessu frv., fyrr en árið er liðið eða a. m. k. fyrr en menn sjá hvernig þetta kemur út eftir fyrsta ársfjórðunginn sem frv. gildir um.

Hv. þm. Egill Jónsson gerði ráð fyrir því, að það yrði kannske eitthvað afgangs í þessum efnum. Ef svo færi yrði ég fyrir mína parta reiðubúinn til að athuga þau atriði sem hv. 4. þm. Vestf. fjallaði sérstaklega um og brtt. flutt í Nd. af hv. þm. Sverri Hermannssyni og Matthíasi Á. Mathiesen fjallaði um. Get ég fyrir mína parta lofað því að fylgjast náið með framvindu þessara mála með tilliti til þess arna.

Síðan gerði hv. 4. þm. Vestf. að umræðuefni heimildir 7. gr. Ég get þegar sagt það, að ég geri ráð fyrir að heimildir þær til styrkveitingar, sem viðgengist hafa, verði nýttar. Í þeirri áætlun um útgjöld, sem fylgir frv. í grg., er einmitt gert ráð fyrir útgjöldum samkv. 7. gr. sérstaklega, öllum þremur liðunum. Meginstefnan í þessu frv., sem kemur náttúrlega fram í 4. gr. og síðan 15. gr., er sú að haga styrkveitingum þannig að upphitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk verði að jafnaði ekki lægri en upphitun með innlendum orkugjöfum. Það eru mörkin sem menn eru að reyna að þræða í þessum efnum. Hinu er ekki að leyna, að með því að ákveða þetta viðgengst verulegur mismunur á kostnaði við upphitun í landinu þegar af þeirri ástæðu að mismunurinn er gífurlega mikill á milli einstakra hitaveitna, eins og kunnugt er og kemur fram hér í töflu sem fylgir frv.

Hv. 4. þm. Vestf. minntist á lánsfjáráætlunina og vissar framkvæmdir í sambandi við hana, m. a. á Vestfjörðum, í hans kjördæmi. Ég skal taka undir það með honum, að mikil nauðsyn er á því að hraða orkuframkvæmdum, bæði hitaveitu- og fjarvarmaveituframkvæmdum og svo að sjálfsögðu byggingu orkuvera. En þó eru takmörk fyrir því, hvað menn geta tekið mikið fyrir á þessu ári, vegna þess að við höfum ekki fjármagn, nema þá erlent fjármagn, og verðum þá annaðhvort að bæta við fyrirhugaðar erlendar lántökur eða draga úr einhverju öðru. Og það er best að segja það eins og er, að þegar menn gerðu þetta dæmi upp við sig, hvað ætti að taka í lánsfjáráætluninni, þá voru nokkrar fjarvarmaveitur sem urðu að bíða, þ. á m. þær sem hv. þm. gerði að umræðuefni, en eru áreiðanlega hin þörfustu mál.

Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl., gerði að umræðuefni m. a. 4. gr. um húsráðendur og skilgreiningu á því, hverjir ættu rétt á olíustyrk. Það er nokkur leiðbeining í grg., að ég hygg, um 4. gr., þar sem segir: „Hér er kveðið á um að olíustyrkir skuli greiddir húsráðanda, þ. e. eiganda eða leigjanda húsnæðis.“ Það segir hins vegar ekki: „eiganda og leigjanda húsnæðis“ heldur „eða leigjanda húsnæðis.“ Um þessi atriði má að sjálfsögðu kveða fastar að í reglugerð. Og skýra betur þannig að ekki verði um villst. Það verður tekið til athugunar.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. ræddi einnig um meginstefnuna og lýsti yfir stuðningi við hana, — meginstefnuna sem kemur fram í frv., ekki aðeins varðandi olíustyrkinn og það fyrirkomulag sem þar er gert ráð fyrir, heldur taldi hann einnig til bóta — og raunar allir þeir þm. sem tekið hafa til máls — ákvæði um orkusparnað og um nýtingu innlendra orkugjafa, þó að hv. 11. landsk. þm. hafi dregið í efa að kostnaður vegna upplýsingastarfsemi t. d. ætti að ganga fyrir olíustyrkjum, ef ég man rétt. Það er auðvitað álitamál. Þegar verið var að semja um þetta frv., — auðvitað er samið um alla hluti í samsteypustjórnum, eins og hv. þm. er kunnugt um, — taldi ég orka tvímælis í sambandi við 11. gr. hvort ástæða væri til þess að ákveða í lögum að viss hundraðshluti af áætlaðri heildarupphæð olíustyrkja yrði notaður til fræðslu- og upplýsingastarfsemi. Ég dreg í efa satt að segja að það sé ástæða til þess. Það mætti hafa það í heimildarformi. En það var lögð á þetta mikil áhersla, ekki síst af hæstv. iðnrh. sem á mikinn þátt í samningu þessa frv. Hann lagði mikla áherslu á að ekki yrði undan því vikist að halda uppi verulegri fræðslustarfsemi í sambandi við orkusparnað og orkunýtingu, og er það auðvitað alveg rétt sjónarmið.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt um þetta efni. Það er enginn pólitískur ágreiningur um þetta mál, þó að mönnum sýnist sitt hvað um einstök atriði. Ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. þm. fyrir undirtektir þeirra við málið. Það er ástæða til þess að hraða þessu máli í gegnum þingið vegna þess að það þarf að semja reglugerð samkv. frv. þegar það hefur hlotið afgreiðslu. Og það fer að koma að því að framkvæma frv. og það er slæmt ef það dregst lengi úr þessu að það nái hér fullnaðarafgreiðslu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. lauk ræðu sinni hér með því að undirstrika það, að ekki væri ágreiningur um þetta mál, þ. e. það væri ekki ágreiningur um að það eigi að gera átak í því að jafna betur hitunarkostnað en hefur verið. Ég hef líka gengið út frá því, að það væri ekki ágreiningur um þetta. Um þetta höfum við verið að tala allan tímann. Þegar við lögðum fram frv. okkar, sem ég og hæstv. ráðh. stöndum að og ég hef hér áður í umr. gert að umræðuefni, þá lögðum við áherslu á að ástandið væri svo slæmt að það yrði að gera verulegt átak í þessum efnum. Við héldum því fram, að þær búsifjar, sem verðhækkun olíunnar hefur valdið því fólki sem býr á olíuhitunarsvæðunum, væru svo miklar að jafna mætti við áföll vegna náttúruhamfara eða aðra óáran sem sjálfsagt þætti að hið opinbera bætti úr þegar í stað. Við lögðum áherslu á það, að aðgerðaleysi í þessum efnum væri í hróplegri mótsögn við anda þeirrar samhjálpar og skilnings sem þjóðin væri vön að sýna þeim sem í nauðum væru staddir. Þetta var það sjónarmið sem við vorum að túlka. Og til þess að mæta þessum vanda lögðum við fram frv. okkar hér snemma á þinginu.

Þegar talað er um að það sé samstaða um þetta mál, þá hef ég alltaf viljað leyfa mér að vona að það væri

samstaða um að það þyrfti að taka það jafnalvarlegum tökum og þessi skoðun, sem ég hef hér minnt á, gerir ráð fyrir. Þetta þýðir það, að það var nauðsynlegt — og það máttum við allir vita — að auka stórlega það fé sem þyrfti að ganga til niðurgreiðslu olíu. En því miður hefur þetta ekki verið haft í huga. Hæstv. viðskrh. minnti á það, sem við vitum allir, að það er ekki gert ráð fyrir nema 4 *milljörðum* kr. í þessar þarfir á þessu ári. Í grg. með frv. því til fjárlaga, sem núv. hæstv. viðskrh. lagði fram, var gert ráð fyrir því, að til þessara þarfa þyrfti á þessu ári 3.6 milljarða kr. Þá var miðað við að ástandið væri óbreytt, olíustyrkurinn væri samkv. sömu reglum og giltu á síðasta ári, 3.6 milljarðar. En við vorum fyrr á þinginu að hugsa um miklu stærri upphæðir í þessu efni. Það var tómt mál að tala um einhverjar umtalsverðar umbætur á þessu sviði nema varið væri miklu meira fé til þess. Eftir allar þessar umr. og allt þetta samhljóða tal um að það yrði að gera stórt átak í þessum málum kemur það sem við stöndum núna frammi fyrir, að það á að auka þetta framlag aðeins um 400 millj. kr. Þetta er hið alvarlega atriði.

Hv. 11. landsk. þm. sagði í upphafi sinnar ræðu, að það væri nú eins og raunar hefði alltaf verið, að aðalatriðið væri fjármögnun, þ. e. að fá fjármagn til þessa. Ég skil ósköp vel það sem hæstv. viðskrh. sagði í ræðu sinni áðan, að það væri erfitt um vik, úr því sem komið væri, að gera mikið umtalsvert í þessu efni fram yfir það sem gert hefur verið. Það sjáum við allir að hlýtur að vera erfitt. Þó sagði hæstv. ráðh. að það ætti að nota heimildir 7. gr. þessa frv., og er ánægjulegt að vita það, en skammt nær það. Ég vék að þessum heimildum í minni fyrri ræðu og skal ekki fara að tíunda það hér. En ég spyr nú: Ef á að nota þessar heimildir, hvers vegna í ósköpunum eru þá þessar aðgerðir settar í heimildarform og breytt um frá því sem er í *gildandi lögum, að það skuli greiða niður* verð olíu í þeim tilvikum sem þessar heimildir ná til? Hvers vegna? spyr ég.

Hæstv. ráðh. er mér sammála í því eins og mörgu öðru, hversu nauðsynlegt er að stuðla að því að hitaveitum verði komið upp í þeim byggðarlögum, á þeim þéttbýlisstöðum í landinu þar sem ekki er jarðvarmi fyrir hendi. — Í frv. okkar beggja og félaga okkar, sem við lögðum áður fram, var þessi þörf undirstrikuð sérstaklega með því, að í því frv. er gert ráð fyrir að olía, sem notuð er sem orkugjafi í slíkum hitaveitum, sé greidd niður hliðstætt því sem er um aðra olíu til upphitunar húsa. Ákvæði um þetta er ekki að finna í þessu frv. Það er náttúrlega óskaplega mikill ágalli, vegna þess að ég held að við hljótum að vera sammála um það, að eitt af því, sem er mikilvægast í þessum málum nú, er að gera mögulegt að *koma upp þessum hitaveitum einmitt á þeim stöðum* sem eru ekki svo vel settir að það sé jarðvarmi fyrir hendi, a. m. k. ekki enn sem komið er. Og við sjáum afleiðingarnar af því að hafa ekki þessi sjónarmið í heiðri.

Hæstv. ráðh. vék aðeins í þessu sambandi að Vestfjörðum. Ég aðeins impraði á því máli í minni fyrri ræðu, þó algjörlega óbeint og áreitnislaust, og ég ætla ekki að fara að ræða þau mál hér. En við sjáum hvað andkannalega það kemur út þegar menn hafa ekki hugfast hve mikilvægar þessar þarfir eru.

Af því að Vestfirðir hafa verið nefndir, þá er þess að geta, að þar var farið fram á fjármagn til þess að koma upp fjarvarmaveitu eða hitaveitu með olíu eða öðrum orkugjöfum en jarðvarma í þremur stöðum sem hæstv. ráðh. minnti á. Það var veitt í þessu skyni eða gert ráð fyrir 500 millj. kr. En til þriggja staða á Austfjörðum: Hornafjarðar, Seyðisfjarðar og Egilsstaða — það voru líka þrír staðir þar sem þurftu á þessu að halda — eru veittar 1 800 millj. Ég hef ekki fengið skýringu á þessu. Mér finnst þetta ákaflega hliðstætt, nema að því leyti að það er nálægt helmingi fleira fólk á þessum stöðum á Vestfjörðum samanlagt heldur en er á Austfjarðastöðunum samanlagt. Ég ætla ekki að fara að metast á um þetta vegna þess að Austfjarðaframkvæmdirnar eru sjálfsagðar og ég er alveg með þeim. En þá ætti það ekki síður að hafa verið þjóðhagslega mikilvægt að aðstoða Vestfirðinga á hliðstæðan hátt og Austfirðinga á að aðstoða í þessu efni á þessu ári.

En hvers vegna er ég að minnast á þetta? Ég hefði ekki minnst á þetta nema af því að hæstv. ráðh. kom inn á þetta mál í ræðu sinni áðan. En ég er að minnast á þetta vegna þess að þetta er dæmi um það, hve það er mikil skammsýni frá þjóðhagslegu sjónarmiði að leggja sig ekki meira fram um að styðja þessar framkvæmdir heldur en hæstv. núv. ríkisstj. gerir. Það tjóar ekki í þessu efni að segja að það vanti peninga, vegna þess að ef okkur er alvara með það að einhver sérstök mál hafi forgang, þá er svo ekki nema við framkvæmum það og ef með þarf með því að skera niður önnur útgjöld. Annars er ekkert mark á því takandi þegar við erum að tala um að sérstök mál eigi að hafa forgang.

Ég hef hér vikið að nokkrum atriðum að gefnu tilefni í ræðu hæstv. viðskrh. Ég hef ekki verið stórorður eða með beinar ádeilur á einn eða neinn. Ég hef viljað ræða þessi mál í þeim anda að það gæti þrátt fyrir allt verið möguleiki á því, að samstaða næðist um að lagfæra þetta frv. Og mikið færi nú vel á því, að það tækist í þessari deild þegar við höfum fengið það svo ófullkomið úr Nd. *En ef okkur á að takast að gera þetta, þá verðum við* að gera okkur grein fyrir því, að það þarf að verja meira fjármagni til þessa, umtalsvert hærri upphæð en var á síðasta ári. Þó að núna sé gert ráð fyrir að það fari 400 millj. kr. meira fjármagn til þessara hluta á þessu ári en á síðasta ári, þá leyfi ég mér að efast um að það sé nema að forminu til, það verði ekki gert meira raunverulega heldur en þurfti að gera samkv. þeim reglum sem nú gilda.

Við bíðum og sjáum til hverju fram vindur í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar. Ég vil leyfa mér að vona í lengstu lög, miðað við forsögu þessa máls, sögu þessa máls á þessu þingi og það ágæta frv. sem við hæstv. viðskrh. lögðum fram fyrr á þinginu ásamt félögum okkar. Þegar allt þetta er skoðað hlýtur maður að gera sér vonir um að nú verði eitthvað gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Sjómannalög, frv. (þskj. 525, n. 603). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. fékk til meðferðar frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, 94. mál, sem komið er frá Nd. Nefndin fjallaði um frv. á fjórum

fundum og fékk til viðræðu fulltrúa frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Aflatryggingasjóði.

Samgn. Nd. gerði nokkrar breytingar á frv. og urðu nokkuð skiptar skoðanir í Nd. um þær breytingar. Málið var afgreitt þar með þeirri ábendingu, að samgn. Ed. tæki það til sérstakrar athugunar.

Í 3. mgr. 1. gr. var gerð sú breyting, að sú regla, sem gilt hefur um stýrimann, vélstjóra, bryta og loftskeytamann um tveggja mánaða kaup ef hann yrði óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, skyldi einnig gilda um aðra skipverja. Og í 4. mgr. segir, að hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í þrjú ár samfellt skuli hann halda föstu kaupi o. s. frv., en því var breytt í tvö ár og einnig samsvarandi að fimm árum var breytt í fjögur ár.

Þeir fulltrúar, sem komu til nefndarinnar frá Alþýðusambandi Íslands, voru sérstaklega spurðir að því, hvort hægt væri að bera þessi ákvæði fyrir sjómenn saman við þær sambærilegu reglur sem gilda fyrir aðrar stéttir. Svar þeirra var á þá leið, að sérstaða sjómanna væri slík að alls ekki væri hægt að segja að þetta yrði hagstæðara fyrir sjómenn. Bentu þeir í því sambandi á 2. tölublað Fréttabréfs Alþýðusambands Íslands frá þessu ári þar sem segir í niðurlagi 12. liðar — í sameiginlegum kröfum á samningssviði ASÍ — að réttur sjómanna til launa í veikinda- og slysatilfellum verði aldrei minni en sá réttur sem landverkafólki er tryggður. Er þar með gefið í skyn að það telji að eðlilegt sé að hann sé nokkru rýmri.

Í umr. í nefndinni var bent á að samkv. 3. gr. laga um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins beri hinni almennu deild sjóðsins að bæta aflahlut skips og áhafnar þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum. Á þann hátt yrði leystur nokkur hluti þess vanda sem kann að skapast við þær breytingar sem felast í 2. mgr. frv., um að skipverji skuli taka kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkv. ráðningar- eða kjarasamningi, og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi verið áður afskráður, og enn fremur vegna breytingar sem gerð var í Nd., þar sem felld var niður setningin:

„Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabila, sem eru hefðbundin og þekkt fyrir fram.“ Fulltrúi Aflatryggingasjóðs tjáði nefndinni, að sjóðurinn hefði alls ekki bolmagn til að standa undir slíkum greiðslum, og nefndi sem dæmi, að stöðvun loðnuflotans í vetur hefði getað haft í för með sér 800 millj. kr. útgjöld fyrir sjóðinn. Nefndinni er því ljóst að þetta atriði ásamt ýmsum fleirum í sambandi við samþykkt frv. þarf að taka til nánari athugunar svo fljótt sem kostur er. Enn fremur er ljóst að þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir að verði á lögunum, kalla á að nánari ráðningarsamningar verði gerðir milli sjómanna og útgerðarmanna heldur en þeir sem tíðkast hafa fram að þessu, a. m. k. í mörgum tilfellum.

En vegna þess, að nú er liðið hálft annað ár síðan gert var ráð fyrir og því lofað að kjarabætur eitthvað í þá átt sem felst í frv. yrðu veittar, taldi nefndin, að ekki væri hægt að fresta lengur að samþykkja þessi ákvæði, og leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir nál. skrifa allir nefndarmenn, en Guðmundur Karlsson gerir það með fyrirvara.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. þetta með fyrirvara og vil gera í fáum orðum grein fyrir þessum fyrirvara mínum.

Þetta lagafrv., sem hæstv. félmrh. Magnús H. Magnússon lagði fram í sinni ráðherratíð, er hluti af loforðum, sem ríkisstj. gaf sjómönnum haustið 1978, og er því einn af félagsmálapökkunum. Sjómenn hafa því greitt fyrir þetta frv. með því að gefa nokkuð eftir í kröfum sínum um hækkað fiskverð. Þetta frv. er því tilraun til þess að efna aðeins lítinn hluta af þeim loforðum sem þá voru sjómönnum gefin.

Það var kynnt þegar frv. var lagt fram, að þetta væri gert í samráði við hagsmunaaðilana, bæði sjómenn og útvegsmenn, og reyndar að útvegsmenn gætu keypt sér jafnvel tryggingar gegn þeim álögum sem þarna voru á þá lagðar. En það kom fljótt í ljós, að þetta var alls ekki í samræmi við það sem sjómönnum hafði verið lofað. Þarna voru ýmis þau ákvæði sem sjómannasamtökin gátu ekki með nokkru móti sætt sig við.

Eins tel ég að þarna sé um að ræða að blandað sé saman kjaramálum og réttindamálum og því á vissan hátt dæmi um þingmál sem hér á ekki að afgreiða.

Síðan gerist það, að þetta er tekið til meðferðar í Nd. og þar verða miklar breytingar á frv. í meðferð samgn. og þannig að það verður í flestum atriðum sjómannasamtökunum þekkilegra, en þegar það er orðið verða útvegsmenn heldur óhressir.

Þetta var afgreitt út úr Nd. með yfirlýsingu frá hæstv. sjútvrh. þar sem hann segir að hann muni leggja áherslu á það við meðferð málsins í Ed. að samgn. í deildinni taki athugasemdir til meðferðar og geri tilraun til að ná samkomulagi með útvegsmönnum og sjómönnum.

Mér finnst í sjálfu sér að þarna sé verið að fjalla um svo viðkvæmt mál, þar sem eru kjaramál, að til þess þurfi vel að vanda og því miður hafi ekki gefist sá tími sem til þurfti.

Mig langar aðeins að minnast á fáein efnisatriði sem breytast í meðferð Nd.

Þar er t. d. í 2. mgr. fellt út ákvæði sem segir: „Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabila, sem eru hefðbundin og þekkt fyrir fram.“ Ég held að það sé óhætt að segja það, að á hinu gamla hefðbundna vertíðarsvæði hafi ríkt ákaflega skemmtilegur félagsandi. Ég býst við að maður finni hvergi nokkurs staðar jafnskemmtilega og heilbrigða félagsheild og eina skipshöfn, samstillta skipshöfn, og ég held að flestir sjómenn líti svo á að þeir séu miklu fremur ráðnir hjá skipstjóra heldur en útgerðarmanni, hafi alltaf litið svo á, — áhöfnin líti svo á að þeir séu ráðnir hjá skipstjóranum eða formanninum, svo lengi sem annar aðilinn gerir ekki hinum grein fyrir að þessum samningi sé slitið. Og sjómennirnir hafa ekki til þessa gert kröfur til þess að fá greitt fyrir tímabil sem liðið hefur milli veiðitímabilanna.

Ég er satt að segja ekki viss um að við séum að gera rétt með því að rjúfa þessa gömlu hefð. Útgerðarmenn segja okkur að þessi breyting þýði það, að nú verði þeir, útgerðarmennirnir, að gera sérstakan ráðningarsamning við hvern skipverja fyrir hvert úthald eða hverja vertíð og þar með sé ráðningunni slitið eftir úthaldið.

Það er önnur hefð sem alltaf hefur ríkt á vertíðarsvæðinu, og hún er sú, að ef maður á kost á hærri stöðu, ef háseti á kost á stýrimannsstöðu, ef stýrimaður á kost á skipstjórastöðu, þá getur hann farið úr skiprúminu samdægurs, bara látið skipstjóra vita um þá breytingu

sem orðin er, og hann fer úr skiprúminu með — ég held í öllum tilvikum — velfarnaðaróskum skipstjóra síns og útvegsmanns um velgengni í nýju starfi.

Ég er hræddur um að þessi breyting þýði það, að útvegsmenn muni jafnvel gera stífari og harðari kröfur til sjómanna um að samningur sé haldinn en til þessa hefur verið, og ég er ekki viss um að við séum að gera rétt í þessu. Við hefðum átt að leggja það betur niður fyrir okkur, hvað þessi breyting þýddi.

Þá hefur verið látið í veðri vaka að útvegsmenn gætu jafnvel í þessum tilvikum, og einnig þegar veiðar eru stöðvaðar vegna fiskverndarsjónarmiða, leitað til Aflatryggingasjóðs eða jafnvel keypt sér tryggingar fyrir slíkum stöðvunum. En svo mun ekki vera, enda þyrfti Aflatryggingasjóður að hafa feikimiklar tekjur ef hann ætti að geta greitt skipshöfnum laun í öllum þeim hléum sem hljóta að verða.

Í 3. gr. er því breytt, að þeir, sem á dekkinu vinna, fá sama rétt til greiðslu í veikinda- og slysatilfellum og þeir sem eru yfirmenn. Ég hef satt að segja ekkert við þetta að athuga. Mér finnst þetta heilbrigt og eðlilegt. Þessir menn eru í miklu meiri slysahættu en þeir, sem stjórna verkum, og því ekki nema eðlilegt að þessu sé breytt.

Þá breyta menn því í 4. mgr., að staðgengisreglan kemur fyrr inn en ella og réttur manna verður meiri í slysa- og veikindatilfellum. Það er sagt að þetta muni ekki skapa fordæmi fyrir landverkafólk, og satt að segja gef ég ekkert fyrir það, enda er það ekki okkar mál, finnst mér, að fjalla um það sérstaklega í þessu tilviki.

Þá kem ég að 6. mgr., og satt að segja verður mér á að spyrja þegar ég les þessa grein, hvort við séum virkilega staddir á árinu 1980. Þessi grein fjallar um það, að menn eigi ekki rétt á launum ef þeir af stórfelldu gáleysi eða jafnvel af ásetningi valdi sjálfum sér skaða og geti því ekki mætt til skips. Ég býst við því, að þetta sé táknrænt dæmi um það, þegar við Íslendingar þýðum greinar beint úr erlendum lögum og færum þær yfir til okkar. Ég get ekki séð að þessi grein eigi með nokkrum hætti við íslenska sjómenn eða hafi nokkru sinni átt. Ég býst við að þetta eigi miklu fremur við þar sem menn eru í langsiglingum. Ég býst við að frændur okkar Norðmenn þurfi kannske á einhverri grein sem þessari að halda, því að mér skilst að þeir sigli með ærið misjafnan mannskap á þilfari og hafi misjafnt vinnufólk. En ég vil ætla það, að slíkrar greinar sé ekki þörf í íslenskum sjómannalögum.

Þá er þarna fellt niður ákvæði um vinnuskyldu þegar sjómenn komast ekki til skips í veikinda- eða slysatilviki og eru orðnir vinnufærir. Ég er ekki heldur sannfærður um ágæti þess að fella þetta niður, en tel að þar hefði þurft að fjalla nánar um.

Þá komum við að síðustu greininni sem felld er þarna niður og breytt. Hún fjallar um tilkynningarskyldu í veikinda- og slysatilfellum. Þarna er felld niður tilkynningarskyldan og skylda manna til þess að skila veikindavottorði strax og veikindanna verður vart. Ég tel að það sé rangt og óheilbrigt að fella þetta niður. Ég tel að þarna sé um öryggisatriði að ræða í sjálfu sér fyrir skipshafnir lítilla skipa sem standa í dagróðrum. Það er mikils um vert fyrir skipstjóra að vita það, hvort hann getur farið á sjó með fulla skipshöfn eða hvort kannske einhver hluti áhafnarinnar kemur alls ekki til skips. Nú hafa þessir menn engar skyldur til þess einu sinni að tilkynna skipstjóra sínum um það, að þeir muni ekki koma í róðurinn, og hætt er við því, að vegna þessa muni jafnvel íslenskir skipstjórar fara í sjóróðra illa menntir þegar fram í sækir. Það getur vel verið að menn vilji gera lítið úr þessu, en ég var áðan að starfa með einum ágætum kunningja mínum, sem er skipstjóri í Vestmannaeyjum, og hann var einmitt að segja mér dæmi af því, hvernig þetta gæti verið misnotað. Hann var á báti sínum á síld s. l. haust og var búinn að segja mannskapnum hvenær ætti að koma til skips. Stuttu áður en hann fór að heiman hringdi einn af skipsmönnum til hans og tilkynnti honum, að hann væri orðinn veikur og gæti ekki komið í veiðiferðina. Hann bað hann þá að verða sér úti um veikindavottorð og koma því til sín og þá hefði hann ekkert við þetta að athuga, en piltur sagðist ekki geta skilað þessu veikindavottorði fyrr en að einhverjum dögum liðnum. Skipstjóri svarar því þá, að þar sem hann ætti ekki eftir nema 1/3 af veiðikvóta sínum, sem ekki voru nema 200 tonn, þá ætlaði hann bara að bíða eftir honum. Þá sagði piltur: „Jæja, það er best að ég sé ekkert að þessu. Ég kem þá.“ Hann var ekki veikari en svo. Þetta er gott dæmi um hvernig slík ákvæði eru notuð.

Með flutningi þessa máls og afgreiðslu finnst mér að Alþ. taki að sér að verða afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdavaldið fremur en nokkuð annað, og við eigum ekki að láta reka svona á eftir okkur eins og við höfum oftlega látið gera. Við eigum að gefa okkur tíma til að skoða málin miklu betur en við höfum gert og ekki endilega hlaupa eftir yfirlýsingum ráðh., hvort sem þær eru gefnar við samningagerð eða einhvers staðar annars staðar.

Ég vil sem sagt láta í ljós að ég efast um að sumar þessara breytinga, sem nú hafa verið gerðar í meðförum Alþingis, séu sjómönnum í hag. Við erum auðvitað með þessu að leggja aukinn kostnað á útgerðina. Við erum á sama tíma að fjalla um annað frv., um breytingu á lögskráningarlögunum og efni breytingarinnar er það, að útvegsmönnum er ekki gert að skyldu að greiða tryggingargjöld til þess að fá að lögskrá á skip sín. Og mér er spurn: Hvers vegna erum við að þessu? Jú, það er vegna þess að smáútgerðarmenn eru ekki betur haldnir sumir hverjir en það, að þeir hafa hreint ekki efni á í byrjun úthalds að greiða þessi tryggingargjöld. En á sama tíma erum við að hengja á þessa menn, sem eru að brasa við smáútgerðina allt í kringum landið, pinkla, sem þeir fá jafnvel ekki undir risið, og látum okkur ekkert um það muna.

Mér finnst þetta frv. vera blanda eða grautur af kjaraatriðum og réttindaatriðum og þannig úr garði gert að Alþ. eigi ekki að fjalla um sumt af því. Og eins hitt, að mér finnst þetta frv. vera dæmi um þá meðferð sem við eigum ekki að viðhafa hér í Alþingi. Þetta eru vandmeðfarin mál og við eigum að fjalla um þau af miklu meiri kostgæfni og með vandaðri vinnubrögðum en hér hafa verið viðhöfð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 100. fundur.

Miðvikudaginn 21. maí, að loknum 99. fundi.

Sjómannalög, frv. (þskj. 525). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 612).

Neðri deild, 83. fundur.

Miðvikudaginn 21. maí, kl. 2 miðdegis.

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 321). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (þskj. 607).

Lánsfjárlög 1980, frv. (þskj. 409, n. 534, 541 og 561, 535, 542, 562, 602). — Frh. 2. umr.

Frsm. 3. minni hl. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hér eru til lokaafgreiðslu lánsfjárlög og hafa þau dregist mjög úr hömlu og raunar, eins og margoft hefur verið bent á, er afgreiðsla þeirra skýrt lagabrot þar sem samkv. lögum nr. 13 frá 1979 ber að afgreiða þau með fjárlögum. Það skal játað, að afsökun er fyrir því að nokkru að þann veg er háttað afgreiðslu málsins, ef miðað er við hinn stutta starfstíma hæstv. ríkisstj., en ég hygg þó að frv. þetta hafi verið það vel undirbúið að þess vegna hefði mátt leggja það fram og afgreiða með fjárlögunum. Það, sem gerði að málið tafðist og dróst úr hömlu, var einfaldlega að í hæstv. ríkisstj. upphófst reiptog um frv. þar sem rn. og hæstv. ráðh. toguðust á mánuðum saman um innihaldið.

Það lá einnig ljóst fyrir, að lengst af stefndi þetta í hæðir sem menn álitu mjög varhugaverðar og má segja að nokkur bragarbót hafi verið á því ráðin, en fjarri því að vera líðanlegt. Það voru aðallega erlendu lántökurnar sem menn guldu varhug við og er það að vonum, því að þrátt fyrir þessi lánsfjárlög liggur ljóst fyrir að erlendir vextir og afborganir stefna í þær fjárhæðir að nema mun um 18% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, sem er sú viðmiðun sem höfð hefur verið frá upphafi og eðlilegasta viðmiðunin, enda þótt menn bregði því nú fyrir sig að eðlilegt væri að miða þetta við þjóðartekjur. Slíkri upphæð hafa vextir og afborganir erlendra lána ekki náð fyrr eða síðar, þótt það nálgaðist að vísu eitt örstutt tímabil á mesta vandræðatíma sem hér hefur runnið upp á síðari áratugum, árunum 1967 og 1968, vegna þess að þá rýrnaði afli landsmanna um ótrúlegt magn og fjárhæðir þar af leiðandi og viðskiptakjör stórversnuðu og urðu verri en fyrr og síðar.

Það hefur nokkur bragarbót verið á þessu ráðin, eins og ég segi, með lækkun erlendrar lántöku. Þó er að því að gá, að eins og vant er hafa menn brugðið á það ráð, sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar uppgötvaði á sínum tíma, að lengja árið í 14 mánuði. Það er sem sagt gert ráð fyrir að fé verði til lánsloforða, a. m. k. í Framkvæmdasjóði, svo að ég nefni það sem dæmi, enda þótt ekki eigi að taka féð að láni erlendis fyrr en á nýju ári, en auðvitað sjá menn að það verður ekki til þess að draga úr framkvæmdum, heldur verður það togað út úr viðskiptaböndum til fjármögnunar í bili og í annan stað verður þetta auðvitað til þess að það sneiðist um það sem menn geta haft til ráðstöfunar á næsta ári, þannig að þarna éta menn fyrir sig fram.

Greiðslubyrðin stefnir í þessar fjárhæðir, enda þótt í stjórnarsáttmálanum segi að miðað skuli við u. þ. b. 15% og þá talið eins og jafnan að verið sé að fara að stjórnarsáttmálanum enda þótt við höfum þessar staðreyndir við blasandi. En mismunurinn er hrikalegur því að við erum með stórar tölur í dæminu. Mismunurinn er hrikalegur á því, hvort vaxta- og afborgunarbyrðin er 15% af gjaldeyristekjum okkar eða 18%. Það geta menn séð í hendi sinni þar sem við erum með ótalinna milljarða fjárhæð milli handa.

Þá er enn þess að geta, að nú bendir allt til, raunar blasir það við, að það verði mikill halli á viðskiptajöfnuði, svo menn álíta að kunni að nálgast 20 milljarða kr. Alveg er ljóst að þetta verður viðbót erlendrar skuldasöfnunar og þegar allt er talið saman, þá nálgast, eins og ég segi, vaxta- og afborganabyrðin óbærilega upphæð. — Það er ekki gagnrýnivert út af fyrir sig sem varið er til orkuframkvæmda. Ekki vil ég gagnrýna það, þar sem slík fjárfesting á þegar fram í sækir eftir að stórlétta þessa byrði. Það er að vísu afsökun fyrir þessum háu lántökum að stærsti hluti þeirra gengur til framkvæmda eins og Hrauneyjafossvirkjunar, — rétt er það að vísu, — en staða okkar er afar tvísýn og viðsjárverð svo að ekki sé meira sagt.

Það er eins með frv. til lánsfjárlaga og fjárlögin sjálf, að þær forsendur, sem lagafrv. hvíla á, eru fyrirsjáanlega rangar. Þær verðlags- og kauplagsforsendur, sem þar liggja til grundvallar, eru fyrirsjáanlega alrangar svo að kann að muna helming, þar sem verðlagsforsendur eru um 30% verðbólga, en hún eins og við blasir stefnir í allt aðrar hæðir, sem strax má sjá af því skriði sem framfærsluvísitalan hefur tekið á þessum mánaðamótum. Niðurtalningaráformin eins og hæstv. ríkisstj. hafði sett sér eru brostin úr böndunum gersamlega þannig að nú reikna þeir út sem vit hafa á að lágmark verðbólgustigs kunni að verða 50%. Aðrir telja fullkomna hættu á að skriðið verði enn þá þyngra, milli 60 og 70%. Við sjáum hvað blasir við um þessi mánaðamót í kauplagsmálum. Allir samningar eru lausir. Verkamannafélagið Dagsbrún, sem hefur verið höfuðmótandi launastefna í landinu um áratugaskeið og við hlið þess nú Verkamannasambandið, leggur fram flokkaskipanabreytingu sem fróðir menn telja miklu betri, eðlilegri og skynsamlegri, en að þeirra eigin mati, verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þýðir sú flokkabreyting 8% kauphækkun. Þar við bætist síðan krafa Alþýðusambands Íslands um 5% og síðan enn þessi stórskriða, sem ég vil kalla það, hækkun kaupgjaldsvísitölu, sem menn álíta að kunni að

nálgast 12%, þ. e. 13.2% framfærsluvísitöuhækkun að frádregnum versnandi viðskiptakjörum, eins og ég hygg að Ólafslög mæli fyrir um. Og það er ekkert undarlegt þótt ríkisstj. sé hugsi og velti fyrir sér með hvaða hætti sé hægt að bregðast við slíkum stórvandamálum, án þess þó að ég ætli að fara að ræða það viðkvæma mál sem kjarasamningar eru eins og nú standa sakir. En ef ekki tekst að finna einhverja skynsamlega lausn sem lýtur að hjöðnun verðbólgunnar og viðnámi í þeim sökum er útlitið dökkt. Ég álít að það ætti að geta fundist slík leið með það innanborðs að hinum lægra launuðu verði hyglað.

Það er alveg ljóst að menn ráða ekki þessa gátu með því eða án þess að taka sanngjarnt tillit til hvernig þeirra afkomu er háttað, eins og kjör þeirra hafa skerst vegna verðlagshækkana og verðbólguflóðsins að undanförnu. Ég held að menn nái aldrei neinu skynsamlegu fram í þeim sökum nema þeir gangi að því með opnum augum að þessu fólki verður að gera til góða. En gamla reynslan er raunaleg, að allt það, sem menn hafa reynt að sjá af til handa hinum lægra launuðu, hefur ætt upp úr öllu kerfinu. Og því miður er það svo, að verkalýðssamtök okkar hafa sjálf ekki getað spornað við fæti í þessu þótt mikill vilji hafi verið fyrir hendi hjá ýmsum þeim sem ella hefðu átt að kunna að ráða ferðinni.

Þá er það um forsendur peningamálaráðstafana okkar og fjárfestinga o. s. frv. Þá eru aðrar forsendur, eins og gengisforsendur þessa frv., rangar að mínum dómi. Það sýnir sú þróun sem við blasir. Eins og staða hraðfrystiiðnaðarins og útflutningsframleiðsluatvinnuveganna er *nú er hætt við að lítt verði ráðið við aðhald í gengismálum* á næstu mánuðum. Hraðfrystiiðnaðurinn er í besta falli rekinn á núlli, en að meðaltali hygg ég að hag hans sé þann veg háttað nú að heldur hallist á hann en hitt þrátt *fyrir gengissig í rykkjum. Þá geta menn séð í hendi sinni* hvað við muni taka ef svo fer fram sem horfir um kauplagsmálin. Þess vegna er það enn, að við erum í hættu staddir vegna hinnar erlendu skuldabyrði. Og þótt við séum hér með að ráðast í stórverðmætar framkvæmdir vitum við að slíkur innflutningur nýs fjár til landsins, sem dælt er síðan inn í þessar fársjúku fjármálaæðar okkar, hefur auðvitað gífurleg verðbólguáhrif.

Enn er þess að geta, að hríðversnað hafa vaxtakjör erlendis, svo mjög að um langt árabil má segja að vextir af erlendu fé hafi verið milli 8 og 9%, að meðaltali 8¾%, en nú hefur þetta um það bil tvöfaldast. 16—18% vaxtakjör eru þau kjör sem nú bjóðast á lánamörkuðum sem við höfum tekið lán okkar á. Þetta gerbreytir auðvitað viðhorfinu.

En sem betur fer, og það eru vissulega jákvæð viðhorf líka til í þessu öllu, verjum við miklu af þessum fjármunum til lífsnauðsynlegra framkvæmda. Ég get skotið því hér inn í, að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að t. a. m. til vegamála ætti okkur, ef staða okkar að öðru leyti batnaði frá þeim hörmungum sem nú er, að vera óhætt að *taka verulegt fé að láni til varanlegrar vegagerðar.* Sparnaðurinn er svo gífurlegur, í beinhörðum gjaldeyri allur saman, að við getum staðið undir stórum fjárfúlgum með óbreyttum gjöldum af umferðinni ef við leggjum stórt undir í þessum sökum. Það þarf ekki annað en rifja upp þann sparnað sem varanleg vegagerð hefur í för með sér: 19—20% sparnað í orkunni, sem öll er innflutt, milli 70 og 80% sparnað á sjálfri bifreiðinni í heild tekið, 170—180% sparnað á hjólbörðum, mismuninn á því að aka á þeim vegum, sem við ökum á yfirleitt, og nýjum vegum með varanlegu slitlagi. Héldum við sköttum á umferðina óbreyttum gætum við þannig staðið undir gífurlegum fjárfúlgum af erlendu fé til þessara framkvæmda. Og ég held að þegar menn ná vopnum sínum í þeim málum verði brugðið á nýtt ráð: Stórútboð verði, jafnvel fyrir erlenda verktaka, til að framkvæma þessar næstmikilvægustu framkvæmdir okkar, sem lagning bundins slitlags er næst á eftir beislun innlendu orkunnar.

Peningamálin eru auðvitað einn snarasti þátturinn sem kemur við sögu þegar við ræðum lánsfjárlögin, og satt best að segja er á því sviði eins og öðrum ákaflega skuggalegt útlit. Sparifjármyndunin hefur skroppið saman ótrúlega mikið. Ég er ekki að segja að sköpum skipti alveg að hæstv. ríkisstj. hefur ekki farið að þeim lögum sem gilda um verðbótaþátt vaxta, það er ég ekki að segja. Ég held að ríkur þáttur í þessu máli sé að fólk hefur enn á ný verið heltekið vantrú á, að nokkurt jafnvægi náist, og hver fjárfesti sem betur getur og það kannske í lítt nauðsynlegum eða ónauðsynlegum hlutum eða að eyðsla hafi beinlínis vaxið með þeirri eftirspurn sem í kjölfarið kemur, — hin óhugnanlegu einkenni verðbólgunnar hafi enn á ný tekið skrið og blasi enn skýrar við. Það óttast ég. Ofan í kaupið hefur bankakerfinu ekki tekist að halda þeim mörkum sem sett voru, þannig að útstreymi úr bönkum eru miklu meira en eðlilegt og skynsamlegt er. Allt eru þetta hin óhugnanlegu einkenni verðbólgunnar, stórvaxandi verðbólgu, sem því miður verður að játa að maður óttast að fari nú í *hæðir sem áður eru ópekktar, og vita þá allir hvað við* getur tekið.

Vegna þessa ástands í bankakerfinu er viðbúið að herði óskaplega að atvinnuvegunum þegar líða tekur á árið, og ég tala nú ekki um ef reynt verður að halda að genginu þannig að útflutningsatvinnuvegirnir yrðu reknir með svipuðum hætti og með svipaðri afkomu og nú. Þá er hætt við að brysti harkalega í böndunum, nema fé yrði sótt í innlánsstofnanirnar, í bankana. Þar við bætist að ríkið seilist líka sjálft til framfærslu sér inn í bankakerfið, eins og eru áform um í þessu lagafrv.

Nefndin, eins og fram kom í framsögu hv. 3. þm. Austurl., varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Við þrír þm. Sjálfstfl., auk mín 1. þm. Reykn. Matthías Á. Mathiesen, og 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, skiluðum sérálíti sem getur að líta á þskj. 561. Við flytjum brtt. þrír saman á þskj. 562.

1. brtt. er við 3. gr., þar sem við tökum orðrétt upp innihald lagagr. sem var í lánsfjárl. afgreiddum 1977 fyrir árið 1978. Ég ætla að víkja nokkrum orðum að þessu efni.

1. minni hl. fjh.- og viðskn. flytur brtt. sem vissulega er mjög í rétta átt. Við flytjum hins vegar brtt. sem hljóðar eins og gamla greinin var. Ég vil fyrsta taka skýrt fram, að ég hafði verið þeirrar skoðunar, að ekki kæmi annað til *greina en að hið opinbera, atvinnuvegasjóðirnir og hið* opinbera, gæti haft ráðstöfunarrétt á töluverðum hluta af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Þetta hefur verið mín eindregin skoðun frá upphafi og hún er ekki breytt. Og ég hallaðist töluvert að þeirri skoðun hér á árunum, að það kynni kannske til þess að draga, að það yrði að lögbinda þetta, vegna þess hversu illa gekk að venja stjórnir lífeyrissjóðanna undir þetta. Menn sjá alveg hvar enda muni ef 110 lífeyrissjóðsstjórnir ættu allar að ráða meðferð þessa fjár. — Allt tal um að ræna þá sjálfstæði

sínu og ráðarétti eru út í hött. — Þá mundi enda með því að við þyrftum enga fjvn. til að skipta þessari hniskju sem þar er á borðum, því að það stefnir allt í þá átt að þarna verði um meginsparifjársöfnun landsmanna að tefla. En eftir þá reynslu, sem fengin er af framkvæmd þessara lagagr. sem settar voru 1977, hefur snarbreyst viðhorfið í þessum efnum. Lífeyrissjóðirnir hafa aukið kaup sín á skuldabréfum, ekki síst vegna tryggingaákvæða þeirra og vaxtakjara, þannig að nú hafa náðst fram kaup þeirra á skuldabréfum sem nokkurn veginn samsvara því sem áætlanir stóðu til. Þess vegna er núna miklu síðri ástæða til að lögþvinga þessi kaup en var áður fyrr. Og eftir reynslunni, t. d. á síðasta ári um sölu skuldabréfa Framkvæmdasjóðs, get ég um það dæmt að ástæðulaust var að njörva þetta niður með lagagr. eins og þeirri sem gat að líta í upphaflegu frv. til lánsfjárl., 3. gr. En ég legg sem sé áherslu á að þá getur hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma hætt að stjórna fjármunum þjóðarinnar ef allt þetta fé á að leika lausum hala. Og valdhafar á hverjum tíma þurfa ekki að smjaðra svo gríðarlega fyrir þessum 110 stjórnum lífeyrissjóða að þeir tali ekki einarðlega í þessu efni. En mismunur á okkar brtt. og brtt. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. er einvörðungu sá, að undir 40% skylduna falli einnig það sem þeir kynnu að vilja kaupa af félögum lífeyrissjóðanna. Ég hygg að þessi breyting ætti engum sköpum að þurfa að skipta og mundi verða litið með velvild og þakksamlega á þá breytingu af stjórnum lífeyrissjóðanna, því að þá hefðu þeir fengið fram það sem þeir hafa farið fram á og ástæðulaust er að neita þeim um. Þeir hafa sýnt að þeir skilja nauðsyn þess arna. Hin frjálsu kaup í þessu efni og nokkurn veginn frjáls ráðstöfun lífeyrissjóðanna með þessum hætti hefur náð að festast í sessi og ástæðulaust að hafa þetta með öðrum hætti, eins og mál hafa skipast nú. — Þetta var um 1. brtt. okkar í 3. minni hl. fjh.- og viðskn.

Þá er 2. brtt. okkar. Hún er þess efnis, að 13. gr. falli brott, og er nú náið nef augum eins og jafnan fyrr. Það er greinin um að þrátt fyrir ákvæði laga um Framkvæmdastofnun ríkisins skuli framlag til Byggðasjóðs á árinu 1980 eigi fara fram úr því sem þar segir og eins að ætluð lántaka, sem var 2.5 milljarðar samkv. fjárlögum, verði lækkuð í 1.5 milljarða.

Nú er frá því að segja, að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hafði í sjálfu sér haft í huga að nota ekki alla heimild fjárlaga til 2500 millj. kr. erlendar lántöku, af því að það þjónar ekki þeim tilgangi sem Byggðasjóðurinn yfirleitt starfar eftir. Eins og fram hefur komið hefur stjórnin nú lagt til að af þessu fé yrði 700 millj. varið til varanlegrar vegagerðar, sem eingöngu er bundið við áhuga stjórnarinnar á varanlegri vegagerð og enginn aukaáhugi því samfara, eins og margsinnis hefur verið undirstrikað og verður ekki of oft gert. En það hafði verið áform stjórnarinnar að notfæra sér alls ekki þessa heimild í fjárl., þannig að þótt þessi grein væri ekki í frv. mátti hæstv. ríkisstj. treysta því, að þessi milljarður yrði ekki notaður, það yrði ekki gripið til hans. Ég hygg að hæstv. ríkisstj. hafi farið nokkuð nærri um það, þannig að þetta breytir engu nema í niðurstöðunum. Þetta breytir engu í raun. Þeir eru aðeins að fá betra útlit á þessu með því að niðurstöðutalan verður 1 milljarði lægri í lánsfjáráætluninni í erlendum lántökum. En það hefði engu breytt í eyðslu. Þetta vissu þeir, þannig að þetta er bara mont og þarf ekki að vera þarna og fyrir því er þetta lagt til. Ef ríkisstj. skyldi á hinn bóginn detta í hug á árinu, vegna mjög erfiðs atvinnuástands einhvers staðar í landinu, að grípa til þessa milljarðs er auðvitað allur varinn góður í þeim efnum, þótt ég hins vegar telji glapræði að stefna í hærri erlendar lántökur og alls ekki til þeirra verkefna sem Byggðasjóðurinn að öðru jöfnu á að sjá fyrir, — kannske síst. En sú heimild væri þó til ef í nauðir ræki, og allt er atvinnuútlitið það óvisst og fjárhagsafkoma okkar að það út af fyrir sig kynni að vera búmannlegt að hafa þessa heimild, þótt menn hafi einsett sér, eins og ég vil meina, að grípa alls ekki til hennar.

Þá leggjum við til í þriðja lagi að 19. gr. falli brott. Það er ákvæði um skerðingu á Byggingarsjóði verkamanna. Það er mjög sérkennilegt mál og hér eru greinar hver á fætur annarri um að þrátt fyrir hinar og þessar lagagreinar, kannske í hinum viðkvæmust málum, eru lagðar til stórskerðingar. Og hvað verður um þetta fé? Það rennur beint í ríkissjóðshítina. Annað mál væri ef það væru ákvæði sem segðu að þrátt fyrir þessi og þessi ákvæði laga um Erfðafjársjóð, um Byggingarsjóð verkamanna, um Bjargráðasjóð o. s. frv. skyldi ekki vera framkvæmt fyrir meira en segði og mismunurinn þá lagður fyrir upp á seinni tímann og sparað með þeim hætti. En ekki er því að heilsa, heldur á öll skerðingin á þessum viðkvæmu málaflokkum að fljóta til eyðslu í ríkissjóði. Á þessu var byrjað að marki í tíð stjórnar Ólafs Jóhannessonar, 13 mánaða stjórnarinnar, og svo er ekki að því að spyrja í þessu kerfi að allir fara að éta úr sama dallinum, þá þiggja þeir þetta ráð. Mannborlegra væri þá að breyta lögum en hafa þessa handabakavinnu í frammi. Og það sem meira er: þótt menn þykist hafa sett undir þann leka, eins og hv. 3. þm. Austurl., frsm. 1. minni hl., lýsti hér, var nú tilhlaupið það, að þeir þóttust hafa greitt of mikið úr félmrn. vegna Byggingarsjóðs verkamanna á síðasta ári, sem nam, ef ég man rétt, 298 millj. kr., og það var komið bréf um að þær milljónir yrðu rukkaðar til baka — þessar 298 millj. kr. — á þessu ári þannig að Byggingarsjóður verkamanna og framlag ríkisins í hann mundi þá nema eitthvað rúmlega 130 millj. kr. Nú eru fastir samningar og lög um þetta, fastir samningar við sveitarfélögin um að leggja til jafns á móti framlagi ríkisins til þessa Byggingarsjóðs. Svo stendur auðvitað í stjórnarsáttmálanum á 2. síðu, því að ég er farinn að kunna töluvert í honum, að það eigi að greiða fyrir byggingu til verkamannabústaða, þeir ætli að greiða fyrir því — eða til að draga úr almennum peningalaunahækkunum er ríkisstj. reiðubúin til þess, eins og þarna segir m. a., að auka verkefni við byggingu verkamannabústaða. Svo eru efndirnar þær, að byrjað er á því að krukka í þetta með þessum hætti eins og segir í 19. gr. lánsfjárlaga.

4. brtt okkar er um að 21. gr. falli brott. Þar er um stórskerðingu á Erfðafjársjóði að tefla. Allir vita hvað hann hefur umleikis og hann fæst við: endurhæfingarmálin, byggingarmál aldraðra. Ákaflega viðsjárvert er að draga þann veg úr tekjum hans. Þær eru áætlaðar 700 millj. kr., kann að vera nokkuð of í lagt á þessu ári, en þarna er ætlast til að framlag til hans fari ekki fram úr 327.5 millj. kr. Ég held að menn verði að gjalda varhug við að tíðka þessa aðferð. Eins og ég segi: Þetta er svo ómannborlegt, öll þessi afgreiðsla mála, að við megum til með að reyna að finna leið til þess að þetta þurfi ekki að verða með þessum hætti í framtíðinni. Tökum þá þessi mál til rækilegrar endurskoðunar og breytum lögum sem að því lýtur, en að ríkið seilist hvarvetna til, þar sem

eitthvað drýpur af peningum, og sópi inn í ríkissjóðshítina er með öllu ólíðanlegt.

Eins og ég segi er það að mínum dómi mjög skapfellilegt að segja sem svo, að til ráðstöfunar úr Erfðafjársjóði skuli ekki vera nema 327 millj. á árinu, það, sem kemur í hann umfram það, skal leggjast á vexti, það skal ávaxtað. Það væri hin rétta aðferð. Þá væri hægt að grípa til þess seinna, þegar menn sjá færi á því að auka framkvæmdir í þessum efnum, þegar dregur úr hinni almennu spennu á öllum sviðum hjá okkur. Sú aðferð væri ákaflega hugnanleg og þyrfti að athuga það einhvern tíma að leggja einhvern hlut fyrir af þessum ósköpum, en ekki ná í hvern einasta eyri í ríkissjóðshítina.

Svo er 5. till. okkar. Hún er um að 22. gr. falli brott, þ. e. um framlagið til Bjargráðasjóðs. Ég hef ekki fleiri orð um það. Ég hygg, að það mál verði tekið sérstaklega til umr. hér undir síðari dagskrárlið, og veit raunar að hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur skoðanir á því máli.

Og svo er lokabrtt. um að 23. gr. falli brott. Það er greinin um skerðingu á framlagi ríkissjóðs til Framkvæmdajóðs þroskaheftra. Það er lagst lágt þegar menn seilast svona um hurð til lokunar, eins og ég vil kalla það.

Fulltrúar Sjálfstfl. leggja auðvitað ekki til að lánsfjárlög í sjálfu sér verði felld, því að lánsfjárfrv. þarf að lögfesta. En við leggjum áherslu á þessar brtt., sem ég hef hér flutt, og leggjum áherslu á það auðvitað að ný, breytt og betri vinnubrögð verði viðhöfð í framtíðinni um afgreiðslu þessara lífshagsmunamála okkar eins og afgreiðsla fjárl. og lánsfjárl. er hverju sinni.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl., forseta þessarar hv. d., í svari við fsp. frá mér utan dagskrár í gær, að það væri erfitt að þjóna tveimur herrum, og allir skildu að þar var átt við annars vegar þá hæstv. ríkisstj., sem fer með völd í landinu og nýtur til þess þingmeirihl., og hins vegar að venju formenn þingflokkanna og þingflokkana sem eiga hefðum samkv. og lögum ákveðinn rétt til þess að hafa með stjórn þingsins að gera. En síðan bætti hæstv. forseti því við, að þriðji aðili væri hinir 57 þm. sem kjósa forseta þingsins og veita þeim þau umboð sem þeir hafa til stjórnunar daglegra funda. Ég held að eftir ræðu hv. þm. áðan hljóti fjórði aðilinn að bætast við, sem sé Framkvæmdastofnun ríkisins, því að það mátti halda að hann væri hér í og með að tala fyrir hennar hönd sem „kommissar" þar, sérstaklega þegar hann fór að tala um og benti réttilega á að í lífeyrissjóðum landsmanna mætti finna meginhluta af sparifjármyndun landsmanna. En um leið sagði hann og í framhaldi af því, að það væri engin ástæða til þess að vera að kaupa sér tryggð eða trúnað þeirra manna sem færu með stjórn hinna 110 lífeyrissjóða. Nú spyr ég þennan hv. þm og aðra þá sem hafa sömu skoðanir og hann: Hvað er þá langt í að það verði engin munur á þessum aðilum og á þeim 110 þús. sparifjáreigendum hér í landinu sem eiga sparifé sitt í bókum í bönkum og sparisjóðum? Verður þá ekki næsta skrefið að ríkisstj. á hverjum tíma, stjórnendur þessara opinberu sjóða, sem veita af náð sinni til hinna og þessara þegna þjóðfélagsins, gefi næst heimild til þess að ríkissjóður og „kommissarar" þessarar ákveðnu stofnunar og annarra seilist í sparifjárbækur ungra og aldraðra? Það kom fram nú í sambandi við síðasta skattaframtal að núv. hæstv. ráðh. hafa fullan hug á að fylgjast með því, hvað gamalt fólk eigi í sparifjárbókum sínum, líklega til að geta stigið skrefið áfram, eins og gert hefur verið og fullur hugur hefur verið á í sambandi við lífeyrissjóðina um margra ára skeið, og seilst í sparifé manna sem það eiga á bókum.

Ég ræði það mál, sem hér er á dagskrá, kannske fyrst og fremst vegna þess, að að þessum málum er vikið í frv. ríkisstj. sem við erum hér að ræða, 180. máli þingsins, og þeim tillögum sem ríkisstj. hefur lagt fram í málinu og hefur fullan hug á að ná fram. Breytir þá engu þótt brtt. séu komnar fram frá tveim hlutum viðkomandi n. sem hefur haft málið til meðferðar. Ætlan þeirra er hin sama og hefur verið lengi. Reyndar kom það berlegast fram í stjórnartíð ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hinnar síðari, þegar gengið var í að taka með valdi af þessum sjóðum í eyðsluhít þáv. hæstv. ríkisstj., í ríkissjóð sjálfan.

Þetta er nokkurt tilfinningamál fyrir mig, fyrst og fremst vegna þess að það eru nokkrir áratugir liðnir síðan ég átti þátt í samningum í stéttarfélagi, sem ég þá og nú á setu í stjórn fyrir, að hluti af því, sem önnur stéttarfélög sömdu þá um að rynni inn í tímakaup viðkomandi aðila, yrði lagður fyrir til kaupa lífeyrisréttinda, þetta væri sparifé sem við legðum fyrir til ellinnar eða til að mæta hugsanlegri örorku sem félagsmenn gætu orðið fyrir ef slys eða sjúkdóma bæri að höndum. Þetta sparifé okkar var að rýrna öll ár síðan, þangað til á árinu 1977. Þá ekki aðeins opnuðust möguleikar, heldur voru sjóðir skyldaðir til að tryggja fé sitt þannig — eða hluta af ráðstöfunarfé sínu — að hægt væri að stefna að því markmiði, sem sjálfsagt var að allir sjóðirnir stefndu að, að geta borgað verðtryggðan lífeyri. Okkur, sem áttum þátt í því að þessi fyrstu samningsbundnu sjóðir urðu til, er það kannske enn þá meira tilfinningamál vegna þess að við þurftum í mörg ár að berjast fyrir því, að þessum sjóðum væri haldið við, og smám saman óx þetta í kringum sig í þann farveg að fleiri og fleiri sáu að þetta var nauðsynleg leið til að ná því máli fram að geta skapað öldruðum viðunanlegan lífeyri á elliárunum. Það var þá þegar séð að það yrði aldrei hægt að ná því, sem til þyrfti, úr hinu almenna tryggingakerfi ríkisins. Þar er um lágmarkstryggingar að ræða og þá á náttúrlega hver og einn að hafa leyfi og rétt til að semja um eða ráðstafa sparifé sínu þannig að hann geti átt meira til sinna elliára.

Þegar ákveðið var á sínum tíma að skylda sjóðina að tryggja sitt fé, eins og ég gat um, þ. e. að verðtryggja hluta af ráðstöfunarfénu, urðu miklar umr. hér á hv. Alþ. í sambandi við þetta mál. Margir mætir menn lögðu þar sitthvað til málanna. Ég minnist þess sérstaklega, að þá átti sæti hér á hv. Alþ. formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Eðvarð Sigurðsson, maður sem allir, sem hafa unnið innan verkalýðshreyfingarinnar, hafa vissulega hlustað á og tekið mark á þegar hann hefur talað í þessum málum sem öðrum, þótt allir væru hins vegar ekki sammála honum í stjórnmálaskoðunum hans almennt, og hann sagði þá það sem stangast alveg á við það sem reyndar hann sjálfur og svo flokksbræður hans gengu inn á og framkvæmdu þegar þeir komust til valda í þessu þjóðfélagi. — Má reyndar segja um flesta Alþb.-menn nú orðið, að þeir falli undir bókarheitið gamla og víðfræga: „Guðinn sem brást", en allir þessir guðir alþýðunnar hafa nú brugðist upp á síðkastið, síðustu misserin, og bregðast enn og bresta sumir þótt þeir bresti ekki enn í grát. En þegar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 voru til umr. hér í hv. d. sagði þessi þáv. þm. m. a., með leyfi forseta:

„Af því, sem ég nú hef sagt, lýsi ég fyllstu andstöðu í fyrsta lagi við að það skuli vera fyrirhugað að lögbinda meðferð fjármagns lífeyrissjóðanna, en með því er ríkisstj. að sölsa undir sig yfirráð yfir stórum hluta þess fjármagns sem lífeyrissjóðirnir hafa til umráða. Þetta er grundvallarafstaða. Ég álít að Alþ. eigi alls ekki að setja löggjöf varðandi lífeyrissjóðina á þennan hátt. Og ég vil í öðru lagi alveg sérstaklega mótmæla þeirri prósentutölu sem hér er um að ræða. Jafnvel þó að þessi leið væri farin er þetta allt of há prósenta og gerir lífeyrissjóðunum nærri ókleift að starfa. Með svona lagasetningu er verið að stórskerða völd stjórna lífeyrissjóðanna og þó kannske einkum og sér í lagi áhrif þeirra sem eiga þessa sjóði, þ. e. a. s. áhrif sjóðfélaganna sjálfra á stjórnun og meðferð fjármagns lífeyrissjóðanna.

Ég vil enn fremur taka það fram," hélt Eðvarð Sigurðsson áfram, „að þetta ákvæði, sem er í þessu frv. varðandi lífeyrissjóðina, er sett án samráðs við lífeyrissjóðina. Það eru engir samningar við lífeyrissjóðina — og engan lífeyrissjóð svo að ég viti til — að baki þessu ákvæði í því frv. sem hér liggur fyrir. Það hefur tvívegis aðeins verið talað við mig einan persónulega af ráðh., en þá tölu, sem um er að ræða í frv., hef ég ekki heyrt fyrr en síðdegis í dag. Þetta eru vinnubrögð sem ég álít að eigi engan veginn að viðhafa.

Þegar mál eru sett fram og á að afgreiða þau á jafnskömmum tíma og ætlunin er með þessu frv. er auðvitað ekkert ráðrúm til gaumgæfilegrar athugunar á jafnviðkvæmu og vandasömu máli og hér er á ferðinni. Ég verð að treysta því, að sú þn., sem fær þetta mál til meðferðar, leggi nauðsynlega vinnu í athugun á málinu, flaustri því ekki af.

Ég er alveg sannfærður um að þessi lagasetning, ef af henni verður, mun á margan hátt torvelda störf lífeyrissjóðanna, og ég er alveg sannfærður um að það markmið, sem hæstv. ríkisstj. virðist ætla sér að ná með þessu frv., næst ekki. Lífeyrissjóðirnir geta þetta ekki og það er rétt að menn hafi það í huga. Þeir geta ekki gert þetta. Í öðru lagi er ég alveg sannfærður um að ef þetta ákvæði verður að lögum muni það m. a. torvelda mjög innheimtu iðgjalda lífeyrissjóðanna. Og ég bið nú ráðamenn, embættismenn og ráðh., að hafa það í huga, að það eru ekki allir lífeyrissjóðir þannig settir eins og t. d. Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna, þar sem innheimta iðgjalda er ekki vandamál. Margir af lífeyrissjóðum almennu verkalýðsfélaganna verða að byggja innheimtumöguleika sína á eftirliti sjóðsfélaganna sjálfra. Og þegar áhugi þeirra til þess að greiða er farinn, þá verður minna fé í sjóðunum en ella.

Ég endurtek," sagði hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, „að ég lýsi yfir fyllstu andstöðu við þessa grein í frv., sem hér er til umr., og legg mikla áherslu á að viðkomandi þn. athugi þetta mál mjög gaumgæfilega."

Nú hefur það að vísu sannast, eftir að þetta mál var til 1. umr. 1977, að margar þær spár, sem Eðvarð Sigurðsson var þá með, hafa ekki staðist. En meginmál þess, sem hann þá flutti, stenst enn þá og hefur staðist allan tímann og mun standast, en það er að sjálfsögðu þetta, að það er verið að taka ráð af þeim mönnum sem fara með og eiga þá fjármuni sem í þessum sjóðum eru. Það má hins vegar til sanns vegar færa, sem kom hér fram í máli hv. frsm. 3. minni hl., sem talaði áðan, og reyndar líka hjá frsm. 1. minnihl., að svo ógnarlega mikið fjármagn er um að ræða sem safnast upp í þessum sjóðum að það er í þjóðfélagi eins og okkar þjóðfélagi sem er jafnfjármagnsþurfi til allra framkvæmda og raun ber vitni um, nauðsynlegt og fyrir stjórnvöld, sem vilja hafa einhverja stjórn á peningamálum, að geta haft nokkurn ráðstöfunarrétt á þessu fé. En það á ekki að vera með valdboði. Það á að bjóða þau kjör að sjóðirnir sjálfir sjái sér ekki aðeins rétt og skylt, heldur sækist bókstaflega eftir því að ávaxta sitt fé á þennan hátt, eins og kom á daginn eftir að lögin frá 1977 voru samþ. að varð ofan á. Það hefur orðið skoðun þeirra, sem fara með stjórn á mörgum þessara sjóða, að það væri ekki aðeins ráðlegt og skylt, heldur hagkvæmt fyrir sjóðina að ávaxta hluta ráðstöfunarfjár sjóðanna — hluta, ég undirstrika það — í verðtryggðum skuldabréfum. En skiljanlega vilja þeir, sem stjórna þessum sjóðum, hafa nokkuð um það að segja og ráða nokkru um hvert fé þetta fer. Og að sjálfsögðu hlýtur að verða að viðurkenna þá skoðun sem hina réttu, sem kom fram í umr. 1977 og reyndar 1978 einnig hjá Guðmundi H. Garðarssyni, þáv. formanni Verslunarmannafélags Reykjavíkur, þegar hann sagði að það væri eðlilegt að þessir sjóðir, ef þeir væru aflögufærir, styddu við þá atvinnugrein sem þeir hinir sömu störfuðu hjá og greiddu hluta af þessu fé í lífeyrissjóðina. Hann taldi að það væri eðlilegt að þeir, sem færu með þessa fjármuni, fengju að ráða nokkru, ef þeir væru aflögufærir, og fengju að styðja þá atvinnugrein sem þeir ynnu í og vildu vinna í og hefði átt þátt í að mynda viðkomandi sjóði.

Þar fyrir utan skulum við ekki gleyma því, að það hefur verið skilningur á milli stjórnenda þessara sjóða og hinna almennu félagsmanna, sem greiða í viðkomandi sjóði. Það hefur verið skilningur, það hafa verið persónuleg tengsl, ekki aðeins í gegnum viðkomandi stéttarfélag eða stéttarfélagasambönd, heldur líka vinnustaðir. Það hefur verið skilningur á vandkvæðum viðkomandi einstaklinga sem hefur leitt til þess að stjórnir sjóðanna hafa getað beitt sér fyrir að þeir einstaklingar, sem hafa haft hug og getu til þess og þrek — skulum við bæta við — að fara í það að eignast eigið húsnæði hafi átt skjól hjá þessum sjóðum, og með því að þeir voru til er stór hluti þeirra, sem teljast núna íbúðareigendur, einmitt í þeirri aðstöðu, en hefðu ekki verið það ella. Þessi fyrirgreiðsla hefði ekki fengist á einhverri stjórnarskrifstofunni, hvort sem hún heitir Byggðasjóður eða Framkvæmdastofnun. Þessi persónulegu tengsl hefðu ekki fengist þar. En ef það hefði hins vegar átt að vera í formi pólitískrar fyrirgreiðslu veit ég að skilningur hefði verið fyrir hendi hjá þeim opinberu stofnunum, sem undir það falla, sem ég er hér að tala um.

Það voru reyndar fleiri sem töluðu gegn því hér á árunum að þessi leið væri farin, og skal ég ekki vitna í fleiri sem af þingi eru farnir, menn eins og Lúðvík Jósepsson og aðra slíka, enda hef ég vitnað í þann sem ég ber mestu virðinguna fyrir og þarf ekki að tína meira upp úr því liðinu. Hins vegar væri full ástæða til að benda á hvað sumir af þeim þm. Alþb., sem þá sátu á Alþ. og sitja enn, sögðu þá um þetta mál. Núv. hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, hafði skoðun á þessu máli eins og öllum öðrum málum þá. Hann lagði til, en hann var í minni hl. í fjh.- og viðskn. Ed. Alþ. ásamt fulltrúa Alþfl., að ákvæðið um 40% lögþvingun lífeyrissjóðanna, eins og það var kallað, yrði fellt. Það var sjálfur núv. hæstv. fjmrh. sem hafði framsögu fyrir málinu og ég les orðrétt, með leyfi forseta, og hann talaði þá að sjálfsögðu í nafni og fyrir hönd síns flokks, Alþb. — hann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er hinn þáttur málsins sem er okkur fyrst og fremst þyrnir í augum, að hér er verið að taka fjármagn lífeyrissjóðanna traustataki með löggjöf og ráðstafa því á ákveðinn hátt. Þetta fjármagn og þessir sjóðir eru að nokkru leyti bein eign verkalýðshreyfingarinnar og að nokkru leyti óbein eign. Verkalýðshreyfingin fékk því framgengt, að þessir sjóðir tóku til starfa og hafa verið byggðir upp, og hún varð á sínum tíma að kosta því til að slá nokkuð af launakröfum sínum, fórna nokkru til þess að þetta spor yrði stigið. En hitt er jafnljóst, að verkalýðshreyfingin lætur sig miklu skipta hvað verður um þetta fjármagn og það er ekki eðlilegt að þetta fjármagn sé af henni tekið nema að undangengnum frjálsum samningum við þá sem raunverulega eiga þetta fjármagn og hafa ráðstöfunarrétt á því lögum samkvæmt. Lágmark væri að þeir samningar gengju út á það, til hvaða þarfa þetta fjármagn verði notað."

Þetta sagði hv. þm. Ragnar Arnalds, núv. hæstv. fjmrh., á Alþ. 20. des. árið 1977, en þá hafði hann forustu um það fyrir Alþb. að þessi svokallaða lögþvingan yrði felld. Það er því ekki að ófyrirsynju er ég tel að hann falli undir samheiti guðanna sem hafa brugðist alþýðu þessa lands.

Vegna þess að hæstv. fjmrh. er kominn hér í salinn þykir mér rétt að beina til hans nokkrum orðum.

Hv. þm. Karvel Pálmason kom nokkuð inn á það mál sem frsm. fyrr í þessari umr. og sagði orðrétt, með leyfi forseta, að þeir lífeyrissjóðir, sem ríkið væri með puttana í, væru nánast „stikkfrí", eins og hv. þm. orðaði það. Nú þykir mér ærin ástæða til og vil mjög gjarnan að hæstv. fjmrh. upplýsi við þessa umr. málsins, og það er ekki að ófyrirsynju að ég bið ráðh. um að upplýsa þingheim um það, hvað það séu margir lífeyrissjóðir utan þeirra sem reiknað er með samkv. þessum lögum og um hve mikið ráðstöfunarfé er að ræða þar. (**Fjmrh.:** Fyrir utan hvað?) Fyrir utan þá lífeyrissjóði sem talað er um í frv. ríkisstj., sem eru lögbundnir eða njóta viðurkenningar fjmrn. Hve margir lífeyrissjóðir eru utan þeirra og hve mikið ráðstöfunarfé er þar á ferðinni, því að þeir lífeyrissjóðir eiga, svo að ég noti orðalag hv. þm. Karvels Pálmasonar, að vera „stikkfrí"? Í framhaldi af þessari spurningu vil ég líka spyrja hæstv. ráðh.: Eru lífeyrissjóðir ríkisbankanna lögboðnir eða njóta þeir viðurkenningar fjmrn. og falla þeir undir þessi skyldukaup, eða má vera að þessi aðall í okkar landi, aðallinn sem vinnur hjá ríkisbönkunum, njóti einhverra sérstakra vildarkjara hjá hæstv. ríkisstj.?

Ég spyr vegna þess að mér hefur borist í hendur skýrsla sem skýrir frá lánakjörum ýmissa lífeyrissjóða hér á landi. Þar kemur í ljós, að það er aðeins lífeyrissjóður eins ríkisbankans, Útvegsbankans, sem fylgir hinni almennu reglu um vexti, lánaupphæðir og lánatíma. En það virðist svo sem nokkrir aðrir ríkisbankar hafi aðrar reglur, einhverjar sérreglur, sem eru þannig, að Landsbanki Íslands og Seðlabanki Íslands eru með lífeyrissjóðslánavexti langt fyrir neðan það sem þekkist hjá öðrum lífeyrissjóðum landsins, langt fyrir neðan það sem er hjá Útvegsbanka Íslands. Upplýsingar um lífeyrissjóð Búnaðarbanka Íslands hef ég ekki fengið. Auk þess veit ég ekki undir hvað sérfríðindamenn aðrir hjá opinberum sjóðum falla af þessu, hvort þeir falla undir reglur Seðlabankans, Landsbankans eða einhverjar enn aðrar. En þarna er auðvitað stórkostlegur munur á, svo að nemur á annan tug prósenta, og það er því ekki að ófyrirsynju, eins og ég sagði, að ég leyfi mér að spyrja hæstv. fjmrh. þessarar spurningar: af hverju þessir sjóðir geti lánað með svo lágum vöxtum starfsmönnum sínum, þetta eru opinberir starfsmenn í raun, — af hverju þeir geti lánað með þessum kjörum. Við vitum að það er mjög nýlega sem opinberir starfsmenn hafa orðið að nokkru að ganga í átt að því sem allur almenningur í þessu landi verður að borga fyrir slík lán, og mér er spurn: Eru einhverjir sérsamningar á ferðinni milli hæstv. ríkisstj. og þessara aðila — eða hvað? Ég hef ekki trú á að lífeyrissjóðir þessara aðila geti krafist jafnlágra vaxta og þeir gera nema til komi stórkostleg meðlagsgreiðsla frá viðkomandi stofnunum eða óbeint frá ríkissjóði, og það er að sjálfsögðu á ábyrgð hæstv. fjmrh.

Það hafa komið fram brtt. við frv. ríkisstj. varðandi lífeyrissjóðina. Ég tek það fram strax, að mér þykir brtt. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. ekki ganga nógu langt og ég mun því styðja brtt. þá, sem hv. 4. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson, mælti fyrir áðan, og aðrar brtt. sem hann og félagar hans hafa lagt fram á sérstöku þskj.

En það eru fleiri atriði, sem auðvitað varða þetta mál, og þ. á m. loddaraleikurinn með framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna, sem er einstakur svo að ekki sé meira sagt. Það er ekki oft sem tækifæri gefast til að ræða við hæstv. ráðh., þó að þeir séu tíu talsins, því að venjulega sjáum við aðeins einn og tvo hér í hv. d. Þeir virðast hafa vaktaskipti á hv. þm., sitja einn til tveir yfir þeim og láta þá þræla á nefndafundum á morgnana og allar helgar og svo þingfundum allan daginn, öll kvöld og fram á miðjar nætur, en hafa vaktaskipti sjálfir eins og góðum yfirmönnum ber að gera til að vera fullfrískir til að reka á eftir þrælunum og koma til þings öðru hvoru til að sjá til þess að þrælarnir séu iðnir og að störfum. En guði sé lof að nú hefur forseti d. tekið að sér að vera trúnaðarmaður á þessum vinnustað fyrir verkalýðinn hér á þingi og gætt þess að okkur sé ekki misboðið nema í hófi.

En vegna þess að hæstv. fjmrh. er hér nú langar mig til að spyrja hann hvort ekki hefði verið ástæða til að geta eitthvað um í þeirri fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 sem við höfum haft hér með að gera, og svo aftur á móti í sambandi við frv. sjálft, sem við höfum hér til umr. og erum að ræða, frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980, — hvort ekki hefði verið einhver ástæða til að geta um þær ásköpuðu vanræksluskuldir og það sem ég kalla hreina eignaupptöku fyrrv. og núv. fjmrh. á fé sjálfstæðra sjóða verkalýðshreyfingarinnar. Ég tala nú um þann hinn eina sjóð sem virkilega telst eign verkalýðshreyfingarinnar og á ég þá við Atvinnuleysistryggingasjóð. En þannig hefur hæstv. núv. fjmrh. farist og reyndar fyrrv. líka, en þó hefur það gengið úr hófi í þá mánuði sem núv. hæstv. ráðh. hefur setið að völdum að svo er komið fyrir sjóði þessum, að ríkissjóður keppist við að innheimta fyrir hann hjá atvinnuvegunum, hjá vinnuveitendum víðs vegar um land, innheimtir og tekur í sína hít til ráðstöfunar, en borgar ekki sjóðnum sjálf. Og svo er komið að lausafjárstaða Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur aldrei verið verri en einmitt nú og má ekkert út af bera í sambandi við atvinnuleysi hér á landi svo að hann standi ekki frammi fyrir miklu vandræðum. Og að forsjármanni ríkissjóðs detti í hug að borga þessum sjóði verkalýðshreyfingarinnar dráttarvexti fyrir það fé sem hann heldur fyrir honum og hefur haldið mánuðum saman og hefur í raun gert hann ófæran að gegna sínu hlutverki ef ekki verður bætt úr, — nei, það hefur honum

ekki komið til hugar. Þeir hinir sömu hafa þó forgöngu um mestu þræla- og okurvexti á almenning. Ef skattborgaranum mistekst að standa í skilum á ákveðnum degi og ákveðinni klukkustund eru fulltrúar hæstv. fjmrh. komnir á eftir honum, ekki aðeins með hótanir um upptöku eigna, heldur og með háa og margfalda dráttarvexti.

Það stendur þannig á með Atvinnuleysistryggingasjóð, að það hefur ekki einu sinni komið yfirlit yfir þá sem eiga að borga í sjóðinn. Það hefur ekki einu sinni borist yfirlit frá þeim innheimtuaðila sem hefur með þetta að gera, en það er ein deild fjmrn., hvorki fyrir árið 1978 né fyrir árið 1979. Og fyrir sjómenn, en það yfirlit á að berast sjóðnum nær samstundis, hefur ekkert enn þá komið fyrir árið 1979. Og fyrir þennan tíma hefur ríkissjóður ekki enn þá gert upp það sem hann hefur innheimt frá atvinnurekendum. Hér er auðvitað um hreinan fjárdrátt að ræða, sem hæstv. núv. og fyrrv. fjmrh. hafa staðið fyrir. Sjóðurinn er kominn niður í að hafa handbærar í lausafé tæpar 450 millj. til ráðstöfunar ef atvinnuleysi skellur á. Það eru alltaf bætur í gangi og skiptir tugum millj. á hverjum mánuði sem þarf að greiða í fæðingarorlof. Sjóðurinn hafði til ráðstöfunar fyrir nokkrum dögum aðeins 377 millj., en þeir, sem eru í stjórn sjóðsins, telja að þarna þurfi að vera til ráðstöfunar nær 2 milljarðar sem megi grípa til ef á þarf að halda. Fyrir stuttu sendi ríkissjóður 300 millj. kr. ávísun sem hluta greiðslu upp í það sem ríkissjóður skuldar Atvinnuleysistryggingasjóði, en það fylgdu með þau skilaboð til sjóðsins að það ætti að greiða þetta strax Byggingarsjóði ríkisins. Að sjálfsögðu sagði stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs: Nei, það fer ekki krónu meira úr þessum sjóði fyrr en uppgjör hefur borist frá ríkissjóði yfir þá innheimtu sem ríkissjóður hefur framkvæmt fyrir hönd sjóðsins og full skil eru gerð þar á og samið um það, sem tekið hefur verið í heimildarleysi frá sjóðnum, og það verður samið um það við sjóðsstjórnina sem m. a. er kjörin hér á Alþ. og skipuð af samtökum vinnuveitenda og stærsta aðila verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, Alþýðusambandi Íslands.

Það kemur að sjálfsögðu í ljós, þegar þetta mál og önnur eru rædd á hv. Alþ., að það er ekki að ófyrirsynju að við þm. Sjálfstfl. höfum áskilið okkur rétt til að ræða efnislega bæði þetta mál og önnur sem hefur átt að keyra í gegnum þingið á síðustu dögum, svo að þm. gæfist að sjálfsögðu ekki tími til að skoða mál almennilega eða ræða, um leið og þeir hafa verið sviptir öllum fristundum, meðan hæstv. ráðh., eins og ég sagði áðan, hafa vaktaskipti á því að þeir væru að störfum. Því miður hefur komið í ljós að sumir hinna yngri þm. úr stjórnarliðinu standa í þeirri meiningu að hér eigi mál að ganga þannig fyrir sig að allir segi já og amen við öllu sem frá hæstv. ríkisstj. kemur. Þetta er að sjálfsögðu mikill misskilningur. Við erum kjörnir hingað — og þeir, sem eru í minni hl. hverju sinni, eru að sjálfsögðu einnig hingað kjörnir til að ræða málin sem slíkir í sölum Alþingis og koma aðfinnslum sínum og gagnrýni að á það sem okkur finnst aðfinnsluvert vera. Það er ein af þeim skyldum sem lýðræðinu fylgja, og ég tel að ríkisstj. á hverjum tíma verði að gefa tækifæri til þess að það sé hægt að gera.

Það var aðeins fyrir tveim dögum að þm. Alþfl. héldu því fram, að engin ástæða væri til annars en verða við óskum ríkisstj. um að þingslit yrðu í gærdag. Þeir vöknuðu við að stærsti stjórnarflokkurinn var að boða ákveðnar aðgerðir í útvarpsumr. frá Sþ. á mánudagskvöld. Þá vöknuðu þeir við að það væru ýmis mál sem þyrfti kannske að kanna og athuga betur. Það er furðulegt hvernig þessi stjórnarandstöðuflokkur hefur hagað sér hér að undanförnu sem slíkur. Hann hefur talið það sína helgustu skyldu að finna að því innanheimilisvandamáli sem við búum við í Sjálfstfl. Það er út af fyrir sig vandamál, eins og alltaf er þegar hluti af heimilisforsjánni fer að halda fram hjá. En það gengur vonandi yfir. Það grípur ákveðin líffæri sumra manna á ákveðnum aldri að þeir hlaupa svona út undan sér, en þetta lagast vonandi, svo að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson þarf a. m. k. ekki að hafa langtímaáhyggjur af því. Hins vegar held ég að hann og flokksbræður hans ættu frekar að hafa áhyggjur af öðru. Þeir, sem hafa talið sig vera hið sérstaka og heilaga munstur á samheldni, vináttu og forsjá ættu að hafa í huga það sem þeirra eigin flokksbræður stóðu fyrir í Vestfjarðakjördæmi ekki alls fyrir löngu þegar þeir þrælbrutu verkalýðshreyfinguna þar á bak aftur svo að í sárin sér enn þá.

En með það mál sem hér er til umr. er eins og önnur auðvitað ljóst að við gefum okkur tíma til að ræða það. Það er sjálfsagt, það er eðlilegt og það er þingræðislegt að hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma, sem á meiri hl. að baki sér á Alþ., reyni að liðka til og það sé liðkað til fyrir málum sem hún þarf að koma fram. Ríkisstj. þarf ekki að kvarta um að við í stjórnarandstöðunni höfum verið að tefja mál að óþörfu fyrir þeim í vetur. Við höfum verið boðnir og búnir til þess að vera hér nætur og daga til að hjálpa þeim við að koma málum fram. En það er skylda þeirra jafnframt að gæta þess að það gefist starfsfriður og eðlilegur starfstími til að kanna þau mál sem verið er að leggja fyrir okkur. Það er þjóðin sem á heimtingu á þessu og við höfum þá skyldu við okkar kjósendur að gera þetta. Þess vegna verða þeir að taka því að við skoðum málin og ræðum þau og þeir verða líka um leið að hafa það í huga að þeir einir eru ekki kjörnir þm. á Alþ. Við erum líka kjörnir sem í stjórnarandstöðu erum og við höfum líka áhugamál sem við höfum flutt og við þurfum að fá þau rædd, bæði í deildum og í Sþ.

Ég skal ekki hafa mörg fleiri orð um þetta. Ég var búinn að segja að ég mundi fylgja brtt. þm. Sjálfstfl.

Ég vil að síðustu taka undir það frekar, sem talað var um Erfðafjársjóð, og vitna enn í orð hv. þm. Sverris Hermannssonar, en hann hefur miklu minni áhuga, að virðist, á þeim sem lifandi eru, þeim sem eiga sitt í lífeyrissjóðnum og þurfa að halda á sínu fé hérna megin grafar, — hann hefur meiri áhyggjur af þeim sem eru horfnir héðan og skilja sitt eftir. Það út af fyrir sig er auðvitað rétt, sem er meginefni í máli hans og annarra sem eru á móti því að ríkissjóður sé að hirða úr Erfðafjársjóði í eyðslueyri, að af þeim eigum, sem eftir eru skildar hérna megin grafar, hafa allir skattar verið borgaðir af því fólki sem þetta skilur eftir sig, það er búið að greiða full gjöld af þeim. Þótt borgaður sé erfðafjárskattur, sem rennur til góðra málefna eins og hingað til hefur verið, telur það í sjálfu sér enginn eftir. En það á auðvitað að vera lágmarksskylda að sá, sem þessar eigur hefur öðlast, fái að ráðstafa þeim eins og hann sjálfur óskar eftir, en þær verði ekki notaðar í eyðsluhít ríkissjóðs á hverjum tíma, eins og ég sagði áðan. Og það er enginn vafi á að þeim fjármunum, sem hafa lent hjá Erfðafjársjóði, hefur verið vel varið. Ég þekki það sjálfur í sambandi við byggingarframkvæmdir fyrir gamalt

fólk sem ég hef tekið þátt í með félögum mínum. Við höfum að vísu ekki leitað á þau mið. Hins vegar veit ég um að heimili sem byggð hafa verið fyrir aldraða víðs vegar um land, hafa átt á nokkuð víst að róa, þegar þau hafa sótt til þessa aðila, og fengið mikla og góða fyrirgreiðslu. Auk þess hefur meginhluti þessara fjármuna farið til að hjálpa þeim sem miður mega sín í okkar þjóðfélagi. Ég held að hver og einn, sem hverfur úr þessu lífi, geti vel hugsað sér að hluti af eignum hans renni til slíkra mála, en hins vegar mundu þeir snarbylta sér við í gröf sinni ef þeir vissu að þetta fé kemst í hendur hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds, og sjálfsagt eiga margir eftir að ganga aftur þegar þetta hefur verið samþykkt.

Herra forseti. Ég skal láta máli mínu lokið að sinni.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sérstaklega í tilefni af fsp. sem fram komu í máli seinasta ræðumanns. Ég vil reyna að svara þessum spurningum strax eftir bestu getu, þótt ég hefði kannske getað svarað enn betur á síðara stigi, eftir að hafa rætt við embættismenn fjmrn.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson spurði í fyrsta lagi að því, hvort einhverjir þeir lífeyrissjóðir væru til sem ekki féllu undir þessi skyldukaup. Ég vil strax taka það fram, að mér er ekki kunnugt um að það séu lífeyrissjóðir starfandi í landinu sem falli ekki undir þessa almennu reglu. En þetta er ég fús til að láta rannsaka betur. Ég hef aldrei heyrt þess getið, að einhverjir væru undanþegnir, og ég tel víst að þeir falli allir inn í það kerfi skyldukaupa á skuldabréfum fjárfestingarsjóða sem hér er gert ráð fyrir að verði áfram.

Í ræðu hv. þm. kom einnig fram fsp. þess efnis, hvort verið gæti að lífeyrissjóðir banka væru undanþegnir, hvort þeir slyppu algerlega. Ég verð að svara þessu á sama veg. Mér er ekki kunnugt um að lífeyrissjóðir banka séu undanþegnir. Ég vil hins vegar upplýsa það, að á s. l. ári, árinu 1979, gerði fjmrn. ráð fyrir að lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans keypti skuldabréf að upphæð 64 millj. kr., og ég hef upplýsingar um að lífeyrissjóðurinn keypti nákvæmlega fyrir þessa upphæð eins og fyrir var lagt. Lífeyrissjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans átti að kaupa samkv. áætlun fjmrn. skuldabréf að upphæð 228 millj. kr. og lífeyrissjóðurinn keypti fyrir 250 millj., þ. e. hann keypti fyrir 22 millj. kr. hærri upphæð en ráð var fyrir gert. Lífeyrissjóður starfsmanna Útvegsbankans átti að kaupa fyrir 48 millj., en keypti fyrir lægri upphæð eða aðeins fyrir 24 millj. Samanlagt gerði þetta hins vegar mjög svipaða upphæð og ráð var fyrir gert, þannig að ég held að það sé nokkuð á hreinu að lífeyrissjóðir starfsmanna bankanna geti ekki verið þarna undanþegnir eða á öðrum báti en aðrir lífeyrissjóðir.

Hv. þm. kvartaði sáran yfir því, að nú væri kominn í ráðherrastólinn í fjmrn. nýr fjmrh. sem færi aldeilis sérlega illa með Atvinnuleysistryggingasjóð og sæti á greiðslum til sjóðsins. Ég þykist vita að ég gæti gefið gleggri upplýsingar um þetta mál ef ég ætti þess kost að ræða málið nákvæmlega við embættismenn fjmrn., en ég hef þó upplýsingar í höndunum sem sýna að það hefur ekki orðið mikil breyting á í þessum efnum á seinustu mánuðum, þótt hv. þm. vilji reyna að halda öðru fram, af hvaða hvötum sem það er gert. Ég get upplýst að skuld ríkissjóðs við Atvinnuleysistryggingasjóð var um s. l. áramót 1 milljarður 47 millj., sem var mjög svipuð upphæð — reyndar heldur lægri upphæð — en verið hafði einu ári áður, en þá var skuldin 1 milljarður 150 millj. En hinn 30. apríl s. l., þ. e. fyrir fáum dögum, skuldaði ríkissjóður Atvinnuleysistryggingasjóði 1 milljarð 74 millj. Sjá menn af þessum tölum að skuldin hefur nokkurn veginn staðið í stað. Hún hefur aukist frá áramótum um 27 millj., sem sennilega er meira tilviljun en ásetningur. (**PS:** En innheimtuféð frá atvinnuvegunum?) Ég hef ekki upplýsingar um það hér. (**Gripið fram í:** Á ekki að horfa á allt landið?) Ég hef ekki upplýsingar um það atriði, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hef gefið hér, virðist skuld ríkissjóðs við Atvinnuleysistryggingasjóð ekki hafa vaxið. Það sýnist mér að sé aðalatriði málsins. — Það er auðvitað hægt að fá gleggri upplýsingar um þetta síðar og ég mun reyna að afla þeirra.

Ég vil bæta því við, að hv. þm. Karvel Pálmason flutti langa ræðu, seinast þegar þetta mál var til umr., og hélt því fram, að verið væri að taka upp nýja siði og sérstaklega væri Alþb. og núv. fjmrh. að beita sér fyrir nýrri aðför að lífeyrissjóðunum í landinu og væri það auðvitað stórhneykslanlegt. Út af fyrir sig er það alveg rétt, að á árinu 1977 höfðu bæði Alþb. og Alþfl. þá afstöðu, að réttara væri að ná samkomulagi við lífeyrissjóðina um framlag þeirra til lánsfjáráætlunar, og settu sig upp á móti þeirri reglu sem þá var í lög fest. En ég held að óhætt sé að gera langt mál stutt með því að segja það eins og er, að þessir flokkar tóku aðra afstöðu í þessu máli á s. l. ári. Þeir breyttu afstöðu sinni og féllust á að bundið yrði í lög að lífeyrissjóðir skyldu leggja fram 40% af ráðstöfunarfé sínu í þessu skyni. Það var enginn munur á afstöðu Alþfl. og Alþb. í þessum efnum á s. l. ári. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið neinn ágreiningur á milli flokkanna um að óhjákvæmilegt væri, til þess að auka innlendan sparnað og til að hafa betri stjórn á þessum málum, að breyta þarna um stefnu.

Vissulega var þarna um stefnubreytingu að ræða hjá þessum tveimur flokkum. Það má auðvitað halda langar ræður um hvort þessi stefnubreyting hafi átt rétt á sér eða ekki. Það má velt vöngum yfir því, hvort það hafi verið hneykslanlegt af Alþb. að breyta um stefnu í þessu. En víst er að Alþb. gerði nákvæmlega sama og Alþfl. að breyta um stefnu í þessum efnum að nánar athuguðu máli, og stóðum við Alþfl.-menn og Alþb.-menn saman um þá stefnumótun. Svo ber aftur á móti alveg nýrra við á þessu ári, þegar við teljum sjálfsagt að sama regla gildi á þessu ári og gilti á seinasta ári. (**KP:** Ekki sama.) Jú, nokkurn veginn alveg sama regla. (**KP:** Nei, nei.) Það er nokkurn veginn alveg sama reglan. Þar er enginn eðlismunur á. Munurinn er sá einn, að það er beinlínis tekið fram í lögum að þessi 40% skuldabréfakaup skuli sérstaklega beinast að kaupum á skuldabréfum frá ríkissjóði, frá Byggingarsjóði og frá Framkvæmdasjóði eða öðrum fjárfestingarsjóðum sem viðurkenningar njóta, en það var ekki tekið beinlínis fram í lögunum eins og þau voru afgreidd í fyrra. Hins vegar gengu allir flokkar og allir þm. út frá því, að þannig yrði lagagr. í framkvæmd. Ég held að enginn hafi efast um að hún yrði framkvæmd á þennan máta, og einmitt þess vegna gerði fjmrh. í fyrra áætlun sem byggðist á því að lagagr. væri túlkuð með þessum hætti. Síðan kom upp ágreiningur um hvort hugsanlegt væri að fella undir þessa lagagr. lán til einstaklinga, sem aðrir töldu vera rangtúlkun þessa máls. Og til að taka af öll tvímæli um þetta er lagagr. nú orðuð skýrar en áður var. — En það er nákvæmlega sama

stefnan í þessum málum og var í fyrra. Það eina, sem hefur gerst í þessu máli, er hins vegar það, að Alþfl. hefur snúið við blaðinu aftur. Hann snerist í fyrra og hefur svo aftur snúist núna. Það er það eina sem hefur gerst, — annað ekki.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vil láta þess getið, að á þskj. 585 og á þskj. 602 flyt ég brtt. við lánsfjárlagafrv. Báðar þessar breytingar eru tæknilegs eðlis.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða ófrágengin mál frá s. l. ári sem varða saltverksmiðju á Reykjanesi. Það láðist að taka inn í lánsfjárlög heimild af þessu tagi, en lántakan sjálf fólst í lánsfjáráætlun þessa árs.

Síðari breytingin er einungis til að taka af öll tvímæli um að ríkið geti tekið lán til að endurlána þeim aðilum sem standa að nýjum iðnaðarverkefnum, en upphæðin sjálf er í lánsfjáráætlun og þar er ekki um neina viðbót að ræða. Í báðum tilvikum er því raunverulega um að ræða leiðréttingu, en ekki efnislega viðbót.

Í þriðja lagi mæli ég fyrir brtt. á þskj. 602 sem ríkisstj. hefur ákveðið að flytja. Hún er líka meira um form en efni. Lántaka til Vatnsveitu Búðardals að upphæð 150 millj. kr. er áformuð í lánsfjáráætlun eins og hún liggur nú fyrir, en hins vegar er talið óhjákvæmilegt að veitt verði sjálfskuldaábyrgð af hálfu ríkissjóðs í sambandi við þessa lántöku. Vegna þess að þess var ekki getið í lánsfjárlagafrv. er brtt. flutt.

Herra forseti. Ég vil að öðru leyti ekki lengja þessar umr. Af mörgu er að taka, en mér þótti alveg sérstaklega nauðsynlegt að svara strax þessum fsp. sem hv. þm. Pétur Sigurðsson varpaði fram áðan.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það er með hálfum huga að ég kem í ræðustólinn til að ræða lánsfjárlögin og lánsfjáráætlunina. Ég les það í dagblöðum nú að hér sé stjórnarandstaðan farin að halda uppi málþófi, og mér sýnist að þeir ræðumenn, sem leyfa sér að hafa skoðanir á þeim málum sem hér eru á dagskrá, verði skráðir á lista sem málþófsmenn. Þótt ungur sé er ég kominn í röð þeirra þm., sem eiga nokkuð langa setu á Alþ., og ég held að það hafi ekki komið fyrir mig að fara í neinar slíkar málþófsumr. Ég hef hins vegar leyft mér, hvort sem ég hef verið stuðningsmaður ríkisstj., átt sæti í ríkisstj. eða verið í stjórnarandstöðu, að koma hér upp í ræðustólinn til að tala fyrir eða gagnrýna þau mál sem á dagskrá eru. Ég ætla að leyfa mér það áfram, um leið og ég mótmæli því, að þær umr., sem hér fara fram, séu einhverjar málþófsumr.

Formenn stjórnmálaflokkanna, þ. e. þingflokkanna, hafa látið hafa eftir sér í blaðaviðtölum að það fari eftir fótastyrk og blöðrustærð alþm. hvernig mál muni hér ganga fram. (**KP:** Það má ekki hafa fleirtölu á því. Það er formaður.) Það er formaður eins þingflokksins, sem lét hafa það eftir sér, það er rétt. (Gripið fram í.) Ég þekki það ekkert, en þær upplýsingar, sem hér koma, fara sjálfsagt rétta boðleið. En ég sé ekki ástæðu til þess og ég beinlínis mótmæli því að formenn þingflokka leyfi sér að viðhafa orð eins og hér um ræðir. Að vísu hafði þau ekki við nema einn formaður. Ég vil benda á það máli mínu til stuðnings, að ekki eitt einasta dagskrármál, sem nú er til umr., hefur verið rætt það lengi á Alþ. að forseti þessarar d. hafi heimild til að skera niður umr. Ég vek athygli á þessu. Það er skýrt tekið fram í þingsköpum hvenær forseti megi skera niður umr., en þær hafa engar staðið það lengi um þau mál sem hér eru til meðferðar.

Þá langar mig til að benda mönnum á hverjir það eru sem í raun og veru hafa eytt ræðutíma Alþ. að undanförnu. Hafa það verið stjórnarandstæðingar? Ég fullyrði að stjórnarsinnar hafa talað hér lengur en stjórnarandstæðingar. (**Gripið fram í:** Getur þú sannað það, hv. þm.?) Það væri sjálfsagt möguleiki á því að láta spólurnar snúast hér uppi og taka tímann. (Gripið fram í.) En ég segi það eins og er, að þeir, sem fylgst hafa með umr. hér, eru samdóma í þessu máli, og ég held þess vegna að það sé ekki stjórnarsinna að tala á þann veg, sem þeir gera nú, og reyna að halda því fram að hér séu málþófsumr.

Mig langar líka til að vekja athygli á því, hverjir það eru sem hafa komið málum hér áfram. Það hafa ekki síður verið stjórnarandstæðingar en stjórnarsinnar, og ég held að það gerist mjög oft. Það verður að sjálfsögðu þannig að vera, að stjórnarandstaðan vinnur sín verk. Málin ganga áfram hvort heldur mönnum líkar betur eða verr það efni sem verið er að ræða um. — Og þegar hæstv. félmrh. nú gengur úr salnum situr ekki einn einasti ráðh. úr ríkisstj. hér inni í þingsalnum þegar verið er að ræða lánsfjáráætlun, efnahagsstefnu og fjármálastefnu ríkisins.

Ég vek en athygli á því, að þessa seinustu daga hefur ekkert frv., sem flutt hefur verið af þm., verið hér til umr. Það hefur oft viljað brenna við að Alþ. hafi verið kölluð afgreiðslustofnun ríkisstj. Að sjálfsögðu fer tími Alþ. kannske að verulegum hluta í að ræða frv. sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ., þannig að það fari minna fyrir ræðutíma varðandi frv. sem þm. flytja. En ég man ekki eftir því, að svo vikum skipti sé ekki hægt að fá rædd frv. sem fulltrúar kosnir á löggjafarsamkomu þjóðarinnar eru hér að flytja.

Síðan eru hér haldnar eldhúsdagsumr., þ. e. í fyrrakvöld. Þær eru haldnar eftir að búið er að halda fund af hálfu forsrh. með formönnum þingflokka og gera sér grein fyrir hvenær þingslit geti orðið. Þá koma fulltrúar ríkisstj., ráðh., og varpa fram hugmundum um lausn á vandamálum, sem þeir telja að fram undan séu, og með hvaða hætti þau beri að leysa. En umfram allt: Alþ. skal sent heim, stjfrv. skulu hér afgreidd á færibandi, ekkert frv., sem þm. flytja, fæst rætt, og alþm. er gerð grein fyrir því, að þegar þeir séu komnir heim verði sett brbl. til að leysa allan þann vanda sem að steðjar.

Er ekki ástæða til þess að skiptast á skoðunum í þeim málum sem við erum hér að ræða? Ég segi jú. Ég vil vekja athygli á ræðu hæstv. fjmrh. áðan, Ragnars Arnalds, sem mér fannst með eðlilegum hætti og réttum hætti koma inn í umr. eftir að hv. 1. landsk. þm., Pétur Sigurðsson, hafði rætt einn efnisþátt þessa frv., gert grein fyrir sjónarmiðum sínum um þær hugmyndir sem fram voru bornar í frv. Ráðh. taldi eðlilegt og sjálfsagt að koma með sínar skýringar og leiðréttingar, en hann bætti líka við, að hefði hann betri tíma og gæti hann aflað sér upplýsinga væri hann reiðubúinn að koma hér með þær til þess að þm. fengju vitneskju um það sem um var spurt. Hann réttilega fullyrti ekki meira en hann teysti sér til. En það var ástæða til þess af hans hálfu að hafa fyrirvara á því, sem hann sagði, og hann kæmi síðar fram með viðbótarupplýsingar. Þetta vildi ég að fram kæmi í sambandi við þessar umr. og í sambandi við allt tal stjórnarliða um málþóf.

Ég efast ekkert um að fullyrðingum um málþóf verður

haldið áfram hvað svo sem tautar og raular. En þær skýringar, sem ég hef gefið hér, eru með þeim hætti að það, sem stjórnarliðar fullyrða í þessum efnum, er markleysa og að mínum dómi ekki til þess að auka á virðingu þeirrar stofnunar sem við erum fulltrúar í. Þegar haldinn er fundur af hálfu forsrh. með formönnum þingflokka og það er ákveðin útvarpsumr. og jafnframt er talað um hvenær þingslit eigi að vera virðast menn ekki gera sér grein fyrir því, hvaða tíma það taki að ræða þau mál sem ríkisstj. hyggst fá afgreidd hér áður en þingi lýkur. Við erum komnir fram yfir þann dag sem talað var um að slíta þingi, en eitt af þeim málum sem átti að ljúka er ekki enn komið til 2. umr. í þessari hv. d., og það mál, sem hér er á dagskrá, er enn við 2. umr. og á eftir að ræða í hv. Ed. áður en það getur orðið að lögum. Sá óskalisti, sem upp var settur, og þau tímatakmörk, sem menn höfðu sett sér, voru því að mínum dómi hvort tveggja þannig, að um óskhyggju er að ræða, en ekki raunveruleika svo sem þegar hefur sýnt sig.

Ég vil nú beina því til forseta, hvort það sé hugsunin að halda áfram þessari umr. Hér situr enginn fulltrúi þess aðila sem lagt hefur það frv. fram sem við erum að fjalla um. (**Forseti:** Það er áformað að fresta fundi kl. 16.00.) Það er áformað að fresta fundi kl. 16, segir forseti, en ég hefði betur kunnað við það ef hæstv. fjmrh. hefði setið hér og væri slíkt að mínum dómi aðfinnslulaust í sambandi við þetta mál. Ég hefði gjarnan viljað hinkra þar til hægt hefði verið að fá hann til að koma hingað og hlusta aðeins á þau atriði sem ég vildi víkja að í ræðu minni. (**Forseti:** Þær upplýsingar, sem ég hef, eru að ríkisstj. sitji nú á fundi sem hófst fyrir 4 mínútum. Ef þm. vill ekki halda áfram ræðu sinni er hægt að fresta umr. um málið nú þegar.) Mér sýnist það mjög eðlilegt, forseti. — Þar sem forseti hefur upplýst að þegar sé búið að setja ríkisstjórnarfund tel ég, jafnvel þó að menn hafi sterka fætur og stóra — ég orða ekki meira, rétt af forseta að fresta þessari umr. enda þótt 10 mínútur séu eftir af þeim tíma sem fundur skyldi standa. (**Forseti:** Vill ekki þm. nota þessar 10 mínútur?) Ég hefði gjarnan viljað hafa hæstv. fjmrh. viðstaddan, því að ég hafði hugsað mér að beina til hans nokkrum aths. varðandi lánsfjárlögin og afgreiðslu þeirra í n. af hálfu 1. minni hl. Ég held því að það sé eðli málsins samkv. ekki viðeigandi að við höldum áfram þingfundi þegar ráðh. hafa ekki aðstöðu til að vera hér, en ég skil mjög vel að hæstv. fjmrh. geti ekki verið staddur hér þegar búið er að boða ríkisstjórnarfund. Ég vildi því mega leggja til við forseta að ég geri hlé á ræðu minni nú og umr. um málið verði frestað. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég lauk máli mínu rétt fyrir kl. 4, átti þá von á að hæstv. fjmrh. gæti verið viðstaddur nú. En ég skal ekki tefja umr. með því að hinkra. Ég geri ráð fyrir að hann komi áður en langt um líður, því að við sjáum að hér er kominn einn ráðh. Þeim ríkisstjórnarfundi, sem haldinn var síðdegis, er því lokið og ég býst við að fjmrh. sé kominn í húsið.

Ég gerði við 1. umr. þessa máls grein fyrir ýmsum þeim atriðum sem ég taldi að skoða þyrfti mjög ítarlega í sambandi við samþykkt lánsfjárlaga sem grundvölluð eru á þeirri fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 sem ríkisstj. hafði samþykkt. Það er öllum kunnugt að mikil spenna er í efnahagsmálum okkar, og það er vissulega atriði sem skoða verður þegar gengið er frá fjárlögum og lánsfjárlögum, hvernig hugsað er að fara með þessi mál.

Opinber fjárfesting er aukin og það er gert ráð fyrir að hún verði 26.5% af þjóðarframleiðslu, en gert ráð fyrir að þjóðarframleiðslan sé 1230 milljarðar kr. Fjárfestingin mun því verða tæpir 330 milljarðar. Í stjórnarsáttmálanum er talað um 25%. Við fengum skilgreiningu hæstv. forsrh. á því sem í stjórnarsamningnum stendur, en þar er orðalagið „um það bil" og gert ráð fyrir, samkv. því sem hann vildi halda fram, að þetta hlutfall væri innan þeirra marka. Nú verðum við að sjálfsögðu, þegar skoðaðar eru tölur, að gera okkur grein fyrir hverjar eru forsendur fyrir tölunum. Forsendur fyrir 26.5% af þjóðarframleiðslu til opinberrar fjárfestingar eru að sjálfsögðu sú tala sem fæst út úr reikningi þjóðarframleiðslunnar. Þá verðum við að gera okkur grein fyrir því, hvort sá útreikningur sé á rökum reistur, hvort ekki sé í raun og veru verið að gera forsendur fyrir fjárfestingarhlutfalli sem menn telji að geti staðist og telja ekki að sé úrskeiðis miðað við það efnahagsástand sem er í landinu.

Það liggur ljóst fyrir að þjóðarframleiðsluspáin, eins og hún er í lánsfjáráætluninni, er ofáætluð. Það er t. d. gert ráð fyrir að botnfiskaflinn fari hvorki meira né minna en 1/3 fram úr því sem vísindamenn lögðu til. Í staðinn fyrir 300 þús. tonn er gert ráð fyrir 380—400 þúsundum tonna miðað við 360 þús. tonn í fyrra, sem þá var talið of mikill afli. Enn fremur er gert ráð fyrir í forsendunum að framleiðsla sjávarafurða geti orðið 2% meiri en á s. l. ári. Það er ljóst að hér er um að ræða ofáætlun, og grunur minn er sá, að það sé fyrst og fremst til þess að það hlutfall, sem kemur þegar fjárfestingin samkv. þessari lánsfjáráætlun er reiknuð út, geti, eins og hæstv. forsrh. orðaði það, hér um bil staðist, 25% eða fjórðungur er tala stjórnarsáttmálans, en 26.5% er hér um bil 25%, eftir að búið er að hækka þjóðarframleiðsluna í sambandi við fiskaflann sem nemur 50—100 þús. tonnum frá því sem sérfræðingar á því sviði telja ráðlegt. Ef þessar forsendur standast, þ. e. að verði 400 þús. tonna botnfiskafli, er öllum ljóst að verið er að ganga á hrygningarstofninn og þjóðarframleiðsla okkar á næstu árum verðum ekki með sama hætti og hún gæti orðið ef við hygðum betur að þessum málum í ár. Það er ljóst. Hér er verið að éta fyrir sig fram, og það á að sjálfsögðu eftir að hefna sín ef það nær fram að ganga sem þessi skýrsla gerir ráð fyrir.

Það er gert ráð fyrir að vöruskiptajöfnuðurinn verði hallalaus, hins vegar verði halli á viðskiptajöfnuði. Á sama tíma og við ætlum okkur að fara óvarlega í sjávarafla, auka þjóðarframleiðsluna umfram það, sem rétt er talið varðandi sjávarafla, stefnir í viðskiptahalla. Við getum gert okkur grein fyrir því hverjar afleiðingar það hefur og hver verður framvinda þessara mála á næstu árum, með fjárfestingu, sem er miklu meira en áður, með sjávarafla langt umfram það, sem talið er skynsamlegt, með viðskiptahalla? Hvernig koma dæmin til með að líta út þegar við verðum hér að ári liðnu sjálfsagt að ræða þessa hluti? Ég á ekki von á að vinnubrögðin verði neitt betri í þessum efnum ef núv. hæstv. ríkisstj. kemur til með að lifa á sama tíma að ári liðnu. — Á sama tíma og við spennum opinbera fjárfestingu upp, á sama tíma og við ætlum okkur að taka meiri afla úr sjónum en talið er skynsamlegt, á sama tíma og við komum til með að þola viðskiptahalla eru enn fremur erlendar skuldir hækkaðar og greiðslubyrðin, sem þjóðin kemur til með að bera á næstu árum, meiri en nokkurn tíma áður.

Í lánsfjáráætluninni er gert ráð fyrir að erlendar skuldir þjóðarinnar muni aukast um 39 milljarða á yfirstandandi ári, erlendar skuldir í heild verði 85.5 milljarðar og endurgreiðslur erlendra lána verði 46 milljarðar kr. Samkv. áætlun Seðlabankans gerir hann ráð fyrir að greiðslubyrðin á þessu ári verði milli 16 og 17% af útflutningstekjum þjóðarinnar — af útflutningstekjum sem eru fundnar á svo hæpnum forsendum sem ég gat um áðan. Ef niðurstaðan yrði skynsamlegri en hér er gert ráð fyrir, þ. e. sjávaraflinn yrði ekki eins mikill, skulum við líka átta okkur á því, að greiðslubyrði erlendra lána á þessu ári, þ. e. hlutfallið, kemur til með að hækka. Það liggur því ljóst fyrir að ríkisstj. hefur í öllum þessum útreikningum grundvallað lánsfjáráætlunina og opinberar framkvæmdir á þjóðarframleiðsluspá sem er tvímælalaust óviturleg og hefur verið varað við í ræðum og riti vísindamanna, þ. e. þeirra sem gerst þekkja til fiskstofna og nýtingar þeirra.

Samfara þessu megum við líka gera ráð fyrir að vextir á erlendum lánamarkaði muni fremur hækka en lækka. Það þýðir aukinn viðskiptahalla. Þar af leiðandi þýðir aukning erlendra skulda aukinn viðskiptahalla þegar litið er til næstu ára. Og ég kem enn að sama grundvallaratriðinu í þessu öllu saman, þ. e. mati á þjóðarframleiðslu byggðu á sjávarafla okkar. Það er hins vegar bent á í þessari lánsfjáráætlun að ekki sé heppilegt að miða greiðslubyrði af erlendum lánum við útflutningstekjur vegna þess að stór hluti af erlendum lánum geti farið til framkvæmda sem spari t. d. innflutt eldsneyti. Þetta hefur hins vegar verið gert svona, og ef við ætlum að fá samanburð á því, sem hefur verið að gerast og er að gerast, er ekki annað ráð tiltækt en að nota sama samanburð. Hitt má svo sjálfsagt skoða líka, hversu stórt hlutfall erlendar lántökur almennt eru af þjóðareigninni og spyrja sig þar af leiðandi hvort þær séu of háar með tilliti til þess sem á bak við þær stendur. Það hefur áður verið gert og það er sjálfsagt að gera. En á meðan við byggjum og grundvöllum á útflutningstekjunum og við gerum okkur grein fyrir því, að við borgum ekki afborganir af erlendum lánum eða vexti öðruvísi en við höfum nægar útflutningstekjur er spurningin þessi: Hvað viljum við og hversu hátt treystum við okkur að fara í sambandi við greiðslubyrði? En þegar spáin um þjóðarframleiðsluna er byggð á röngum forsendum, þegar spáin um þjóðarframleiðsluna er byggð á því, að við ætlum okkur að eyða um efni fram af þeim fiskstofnum sem við höfum yfir að ráða, þá liggur ljóst fyrir að það er ekki stefnt í rétta átt.

Þegar þessi atriði hafa öll verið skoðuð verðum við að líta á, hvert við erum að stefna í raun og veru og þær yfirlýsingar sem lesa má í stjórnarsamningnum. Ég held að öllum sé ljóst að að engu leyti er farið eftir þeim, þvert á móti. Það sýnist stefna í verra efnahagsástand en hér hefur verið, og þessi atriði öll, sem ég hef vikið hér að, undirstrika að það er ekki aðeins að við förum lengra í ár í þessum efnum en áður, heldur erum við að stórskaða okkur þegar kemur fram á næsta ár og árið þar á eftir, því að allir gera sér grein fyrir því, hvað fylgir ofnýtingu á fiskstofnunum.

Varðandi viðskiptakjörin er gert ráð fyrir verði á innfluttri orku miðað við aprílmánuð. Það liggur alveg ljóst fyrir að þær tölur eru þegar orðnar úreltar þegar þessi lánsfjáráætlun er til umr. Þar af leiðandi er líka um vanmat að ræða þegar við erum að tala um viðskiptahalla og þá greiðslubyrði sem nú er og verður á þessu ári í sambandi við erlendu skuldirnar. Það er miklu frekar að reikna megi með hækkun á verði erlendrar orku. Það kemur því til viðbótar við það sem ég hef áður sagt í sambandi við útflutningstekjur okkar og hvað við þar höfum til að standa við skuldbindingar okkar sem gerðar hafa verið.

Þetta er önnur hliðin á því máli sem við erum að fjalla um í dag. Hin er verðlagsþróunin í landinu og launaþróunin í landinu. Hún er enn fremur ekki ljós af lánsfjáráætluninni. Ég vil endurtaka spurningu sem ég bar upp við 1. umr.: Hverjar eru gengisforsendur þessarar lánsfjáráætlunar? (**Fjmrh.:** Þær sömu og fjárlaga.) Þær sömu og fjárlaga, segir hæstv. ráðh. Hver hefur verið þróun gengismála frá áramótum og hvað má búast við miklu fráviki frá þeirri stefnu, sem þar hefur verið, til þess að standist það útflutningsverð sem þjóðhagsspáin byggir á? Ég held að ef skoðuð er ofan í kjölinn sú forsenda sem fjárlagafrv. er reist á og þjóðhagsspáin og þar af leiðandi lánsfjáráætlunin byggir á, þá séu tölur komnar býsna nærri þeim mörkum sem sett voru þegar fjárlagafrv. var samið fyrir nokkrum mánuðum. Ef ráðh. hefur aðrar upplýsingar um, hver gengisbreytingin hefur orðið, hver þróunin hefur þar verið og hver var spáin um meðalgengisbreytingu á árinu 1980 og hversu mikil gengisbreytingin hefur þegar orðið, þá upplýsir hann það. En grunur minn er sá, að það sé komið upp undir það þak meðalgengisbreytingar, ef við getum orðað það svo, sem gert var ráð fyrir um áramótin í sambandi við t. d. fiskverð og aðra þá þætti sem nauðsynlegt var að taka þá þegar ákvörðun um. Þetta hefur að sjálfsögðu geysimikil áhrif.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að lánsfjáráætlun byggðist á sömu forsendum og fjárlög, sem gerðu ráð fyrir 30% verðlagshækkunum frá upphafi árs til loka, en þegar við erum að ræða lánsfjáráætlunina, og vorum reyndar þegar komnir nærri því þegar við ræddum fjárl., verður okkur ljóst að verðlagsþróunin frá upphafi árs til loka verður óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir og töluvert miklu óhagstæðari. Frá upphafi árs til loka ársins 1979 var þróun framfærsluvísitölunnar þannig, að hækkunin varð 61.2%. Hins vegar hefur nú verið sett fram í stjórnarsamningnum niðurtalningarleiðin svokallaða. En það er sjálfsagt eftir að skýra fyrir okkur að það hafi ekki verið ætlunin að fara eftir þeirri reglu nema svona hér um bil. Það er þegar að koma í ljós, að það er meira en „svona hér um bil" mismunur á því, sem 1. júní gerði ráð fyrir í niðurtalningarprógrammi ríkisstj., og þeim staðreyndum, sem nú eru komnar í ljós.

Hvort gerðar verða einhverjar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. í þá átt, sem hæstv. sjútvrh. og hæstv. menntmrh. véku að í útvarpsumr. s. l. mánudagskvöld, er aðeins ríkisstjórnarinnar að vita. Hæstv. forsrh. hefur ekki tekið fyrir að þær leiðir verði farnar. Hann lýsti því hér yfir, að það væri ekki hægt að lýsa því yfir að brbl. um þessi efni yrðu ekki gefin út fyrir 1. júní. Það má því vel vera, að í sambandi við þessi mál hyggist ríkisstj. koma fram með breytingar eða ráðstafanir og þannig ná því að verða „svona hér um bil" í sambandi við launaþróunina fyrstu 5—6 mánuði ársins, en ef þrír fyrstu mánuðirnir hjá núv. hæstv. ríkisstj. eru teknir og verðbólgan mæld samkv. þeim hraða sem á henni hefur verið er hún á bilinu 63—65%. Þjóðhagsstofnun hefur spáð verðþróuninni 1. sept. og 1. des. hærri en niðurtalningarleiðin gerir ráð fyrir.

Eins og ég hef orðað það verður verðlagsþróunin sjálfsagt nær 50% en 30%. Hvorum megin við markið niðurstaðan verður skal ég ekki spá um hér og nú. En ég vakti athygli á því og ég vek athygli á því enn, að samanborið við árið í fyrra er verðbólguhraðinn nú töluvert miklu meiri frá 1. des. 1979 til 1. maí 1980 en hann var 1. des. 1978 til 1. maí 1979. Og árið 1979 var slegið verðbólgumet, verðbólgan varð 61.8%, nærri 62%. Ef menn telja að það sé til þess að koma betri skipan á efnahagsmál í landinu, ef menn telja að það sé til þess að koma betri skipan á peningamálin í landinu, ef menn telja að það sé til þess að koma betri skipan á fjármál ríkisins að vera með í smíðum og samþykkja á Alþ. fjárlög sem eru byggð á alröngum verðlagsforsendum, verðlagsforsendum sem geta breyst kannske um 60—70—80%, — ef menn telja að slíkt sé hin skynsamlega leið, þá held ég að menn séu með algerlega ranga stefnu.

Ef við virðum fyrir okkur fjárlög og ríkisreikninga undanfarinna ára getum við gert okkur grein fyrir hver þróunin var og hver þróunin er að verða aftur. Ef ég man rétt var mismunur á fjárlögum og ríkisreikningi árið 1974 um 35%. Ríkisreikningurinn var 35% hærri en fjárl. 1974. 1975, þrátt fyrir slæmt ár hjá ríkissjóði, tókst þó að draga úr og mismunurinn á milli fjárlaga og ríkisreiknings 1975 var milli 23 og 25%. 1976 er mismunur fjárlaga og ríkisreiknings kominn niður fyrir 20%, er milli 17 og 18, og 1977 er mismunur fjárlaga og ríkisreiknings orðinn 10.2%. Er þá verðbólgan, er þá þróun verðlagsmála frá upphafi árs til loka milli 35 og 38%. Ég tel að þarna hafi tekist allt í senn: að ná fram fjárlögum sem voru raunhæfari en þau nokkurn tíma höfðu verið samhliða því að í fjmrn. hafði verið unnið að útgjaldaáætlun, útgjaldaeftirliti, sem best kom í ljós á árunum 1976—1977, en þegar þetta hvort tveggja fór að vinna saman, útgjaldaáætlun sem gerð hafði verið og eftir farið svo og fjárlög sem voru raunhæf, skilaði sér minni mismunur á milli fjárlaga og ríkisreiknings.

En hvað gerist svo árið 1978? Þá breytist strax í þessum efnum. Seðlabankinn hefur sjálfur í skýrslu sinni gert grein fyrir þeim halla, sem þá varð hjá ríkissjóði, og gert grein fyrir því, að 3 milljarðar af 3.9 milljörðum hafi stafað af ráðstöfunum ríkisstj. frá sept. fram í des. á árinu 1978. Reyndar er það allur hallinn, en við skulum ekki deila um það, á því eru eðlilegar skýringar. En strax á árinu 1978 verður mismunur fjárlaga og ríkisreiknings yfir 15%, og mismunur fjárlaga og ríkisreiknings 1979 nálgast 20%. Strax þegar vinstri stjórn er komin fer allt úr böndunum. Þá eru ekki gerðar raunhæfar áætlanir og þá eru útgjöld samþ. á ríkissjóð þannig að skiptir ekki hundruðum millj., heldur milljörðum. Og við skulum ekki gleyma því, að þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók við í septembermánuði 1978 og gerði sínar ráðstafanir var ekki talað um að árið 1978 ætti að vera hallalaust ár hjá ríkissjóði. Dæmið stóð þannig þegar þeir tóku við að fyrir lá áætlun fjárlaga- og hagsýslustofnunar um útkomu ríkissjóðs á miðju ári 1978. Nei, fyrstu 16 mánuðir ríkisstj. skyldu verða hallalausir hjá ríkissjóði, þ. e. fjórir mánuðir ársins 1978 og svo árið 1979. Ríkisstj. lifði ekki út árið 1979, eins og kunnugt er, og það kom auk þess í ljós að það varð halli á árinu 1979 til viðbótar við hallann á árinu 1978. Sú ríkisstj. getur þó að sjálfsögðu sagt að henni hafi ekki unnist tími til að skila ríkissjóði hallalausum, hún hefði getað gert það ef hún hefði fengið tækifæri til að sitja að völdum út árið.

Þeir, sem tóku þá við fjármálum ríkisins, töldu sig hafa gert geysimikið til að draga úr eyðslu og koma ríkissjóði á réttan kjöl, en það kom fram hér í gær frekar en í fyrradag, á mánudaginn, í ræðu hæstv. fjmrh., þar sem hann gerði grein fyrir ríkisreikningnum árið 1979, hver hallinn varð. Það hafði síður en svo tekist að jafna það sem úrskeiðis fór á árinu 1978, miklu frekar bættist við þá skuldasúpu sem fyrir var hjá Seðlabankanum, auk þess sem ríkissjóður skilaði stórum mismun frá því sem fjárlög höfðu gert ráð fyrir þegar þau voru samþykkt í desembermánuði 1978.

Það er öllum ljóst, sem fylgst hafa með þróun efnahagsmála á undanförnum árum, að það er allt annað en að auka á opinberar framkvæmdir, það er allt annað en að auka á hraða verðbólgunnar sem er okkur lífsnauðsynlegt. Ég er ekki að halda því fram að þær framkvæmdir, sem hæstv. ríkisstj. hyggst nýta það fjármagn til sem hún ætlar sér að taka erlendis og innlendis, séu ekki þarfar framkvæmdir, og því er ekki að neita að það er eðlileg hugsun að við reynum að byggja orkuver og við reynum að tryggja að við getum nýtt innlenda orkugjafa. En á meðan við erum að gera það verður annað að víkja ef við ætlum okkur að halda okkur innan þess ramma sem við teljum að við eigum að reka þjóðfélagið innan. Sá einstaklingur, þau félagasamtök sem gera sínar fjármálaáætlanir fram í tímann, bóndinn sem gerir fjármálaáætlanir fram í tímann, — þessir aðilar allir saman meta og raða verkefnunum eftir því hvað þeim finnst og þeir telja mikilvægast fyrir starfsemi sína, en umfram allt reyna þeir að halda sér innan þess ramma sem þeir hafa sett sér. Þeir nýta lánamöguleika að sjálfsögðu, en þeir gera það ekki með þeim hætti að þeir séu að skaða sjálfa sig þegar fram í sækir. Bóndi, sem krefst meira af búi sínu en eðlilegt er til þess að það geti endurnýjast, er að sjálfsögðu að skaða eigin framtíð. Þannig eru öll vinnubrögð núv. hæstv. ríkisstj. og þessi lánsfjáráætlun og þessi lánsfjárlög eru í samræmi við það.

Þegar við höfum rætt þessi atriði sérstaklega, þ. e. fjárfestinguna, viðskiptin við útlönd, erlendu skuldirnar og verðlagsþróunina, skulum við gera okkur grein fyrir því, hvernig staðið er að þessari lánsfjáráætlun, hvernig staðið er að því að útvega fjármagn til þessara framkvæmda sem eiga að verða 21.3% að magni til meiri í ár en áður. Það er ekki aðeins verið að auka erlendar lántökur, heldur er líka seilst inn á erlendan lánamarkað meira en nokkurn tíma áður, sem þýðir að atvinnulíf landsmanna kemur til með að lamast. Það liggur ljóst fyrir, að þegar bankakerfið hefur keypt ríkistryggð bréf fyrir stórar upphæðir lánar það ekki sömu peningana út til atvinnuveganna. Það liggur líka ljóst fyrir, að þegar lífeyrissjóðirnir hafa verið skyldaðir til að lána háar upphæðir til hins opinbera verður ekki jafnauðvelt fyrir einstaklinginn að fá lán hjá lífeyrissjóðunum til húsbygginga. Þetta eru staðreyndir sem við hljótum að gera okkur grein fyrir, og þá er ljóst að það er dregið úr atvinnulífinu, einstaklingarnir hafa minna úr að spila, en ríkið sjálft ætlar sér stærri hlut. Og það er ekki bara í erlendum lántökum, það er ekki bara með því að ná fjármagni frá viðskiptabönkunum og lífeyrissjóðunum sem ríkið eykur umsvif sín, heldur er það líka með skattheimtunni sem núv. ríkisstj. og fyrrv. ríkisstj. hafa beitt sér fyrir. Það er nákvæmlega sama hvert litið er, hvort um er að ræða skattamálin, skattheimtuna til ríkissjóðs, erlendar lántökur ríkissjóðs, innlendar lántökur ríkis-

sjóðs, allt er þetta á einn veg: Það á að auka opinber afskipti, það á að auka opinberar framkvæmdir, en hefta frelsi einstaklingsins og lama atvinnulífið í landinu. Þegar forsenda þjóðarframleiðslunnar er röng, þegar við ætlum okkur að veiða meira en skynsamlegt er talið liggur ljóst fyrir að gera þyrfti ráðstafanir til að afstýra því að hið opinbera taki allt að sér. En á sama tíma og þetta er gert verða opinber afskipti meiri, verður opinber fjárfesting meiri, hefur einstaklingurinn minna á milli handa, skattpíningin verður meiri, atvinnulífið lamast og útkoman verður lakari lífskjör í landinu.

Það er vissulega til íhugunar að mennirnir, sem svo vasklega gengu fram í kosningabaráttunni 1978 með slagorðið „samningana í gildi," eru nú búnir að vera við stjórnvöl frá því í sept. 1978, ýmist saman í ríkisstj. eða þá, eins og nú, í stjórn og stjórnarandstöðu, en fulltrúar verkalýðsins, sem hafa kallað sig svo, sitja nú við völdin. Þessir aðilar, sem hæst hrópuðu, standa nú fyrir því, hvernig svo sem á þetta er allt litið, að rýra lífskjörin svo að jafnvel þær ráðstafanir, sem gerðar voru á árinu 1978, eru léttvægar í sambandi við það sem núna hefur verið gert. Ég segi: Það er kaldhæðni örlaganna að þessir forystumenn verkalýðssamtakanna, sem töldu ekki skynsamlegt að draga örlítið úr ferðinni í upphafi árs 1978, skuli vera ýmist höfundar eða meðverkamenn í því að koma lífskjörunum svo langt niður að það verður sennilega að bera þau saman við vinstri stjórnina 1971—1974 til þess að fá samanburð sem getur staðist. Svo langt verður að fara. Það eru þessir aðilar sem hafa komið málum þannig fyrir.

1975 og 1976 var kaupmátturinn að aukast. Þá voru gerðar ráðstafanir fyrir láglaunafólkið. Þá voru láglaunabætur settar á haustið 1974. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann eigi eftir langt af ræðu sinni.) Ég á von á því, að ég geti lokið ræðu minni fyrir eða um kl. 7. (**Forseti:** Það þyrfti helst að vera svona 5 mínútum fyrir 7.) Fimm mínútum fyrir sjö. Það skal ég þá gera til þess að forseti geti haft þá hentugleika á fundarstörfum sem hann telur réttast. — En ég vík aftur að haustinu 1974 og láglaunabótum sem þá voru settar. Það var vissulega lærdómsríkt fyrir þá aðila, sem stóðu að þeim, að fylgjast með viðbrögðum ákveðinna hópa innan verkalýðsstéttarinnar, eins og þeir eru kallaðir, fylgjast með viðbrögðum þessara manna og fylgjast með því, hverjir það voru sem í raun og veru sprengdu láglaunabæturnar þannig að þær fóru upp úr öllu valdi. Þetta var að mínum dómi mjög skynsamleg tilraun sem þá var gerð til að bæta hag þeirra lægst launuðu. Oft hefur verið talað um það í ræðustól að menn séu reiðubúnir til þess að gera slíkt, en það er það merkilega að þeir, sem kannske tala hæst, eru ekki reiðubúnastir til að standa við orð sín þegar á hólminn er komið. Á þessum tíma voru þó gerðar skynsamlegar tillögur og ráðstafanir og ég held að þær hafi einmitt komið þeim til góða sem helst þurftu.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að viðskiptakjörin, sem voru að versna á árinu 1974, héldu áfram að versna fram á árið 1975, en samt sem áður tekst að ná verðbólgunni niður á árinu 1976 þannig að um áramótin 1976 er hún komin niður fyrir 30%. Kaupmátturinn hafði vaxið, við skulum gera okkur grein fyrir því. Við skulum jafnframt gera okkur grein fyrir því, að það er það besta, sem við getum gert fyrir þá sem minnst mega sín, fyrir þá lægst launuðu, að ná verðbólgunni niður. Það er nokkuð sem við verðum að gera okkur grein fyrir og verðum að skilja, en menn virðast því miður ekki vilja skilja.

Það verður aldrei gerð í þessum efnum bragarbót ef við getum ekki náð með einum eða öðrum hætti samstöðu til að koma fram því að verðbólgan lækki. En ég segi: Þetta frv., sem hér er til viðbótar við fjárl. sem samþ. hafa verið, verður verðbólgulög ofan á verðbólgufjárlög. Það stefnir í aukna fjárfestingu, það stefnir í auknar erlendar skuldir, það stefnir í viðskiptahalla, þjóðarframleiðslan er áætluð rangt. Ef það stenst erum við að éta fyrir fram út fiskstofna okkar, og þess vegna segi ég: Hér er ekki verið að koma til móts við þá sem minnst mega sín, sem hafa lægstu launin. Hér er verið að kynda áfram verðbólgubálið, því miður, og allar tölur og allir útreikningar, sem einstaka menn vilja gera til að hægt sé að segja að það sem í bláu bókinni stendur sé hér um bil rétt, eiga eftir að sýna sig að vera ekki „hér um bil" réttir.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Nú mun ég fljótlega fresta fundi til kl. 9 í kvöld. En ég hef fengið kröfu í hendur frá hv. 3. þm. Vestf., formanni þingflokks Alþfl., um að fundur standi ekki í kvöld milli kl. 22.20 og 23.00 vegna þess, eins og hann segir í bréfi sínu, að þá fari fram langt eldhúsviðtal við hæstv. forsrh., sem honum sé hin mesta nauðsyn á að hlýða á. Ég verð þannig við þessari kröfu að ég hef gert ráðstafanir til að sjónvarpstæki verði komið upp, hvort heldur verður í Kringlu eða kaffistofu, og vænti þess, að hv. þm. geti látið sér það nægja. — Fundi er frestað til kl. 9.00.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Áður en ég vík að því dagskrármáli, sem hér er til umr., vil ég, með leyfi forseta, aðeins minnast á að frá því að fundi var frestað hér í hv. d. kl. rétt fyrir 7 í kvöld hafa tveir aðstandendur hæstv. ríkisstj. komið fram í fjölmiðlum til að gera þinghaldið nokkuð að umræðuefni, annars vegar hæstv. forsrh. í viðtali við Ríkisútvarpið í fréttatíma kl. 7 og hins vegar formaður þingflokks Alþb., — og reyndar formaður þingflokks Sjálfstfl. einnig, — en í orðum beggja hv. aðstandenda ríkisstj. kom fram eitthvað á þá leið, að hér væri verið að tefja þinghaldið af ásettu ráði eða — eins og hæstv. forsrh. orðaði það — sumir þm. Sjálfstfl. væru að tefja þinghaldið. Ég vil ekki láta þessum orðum ómótmælt og mótmæli þeim hér. Ég tel að sú umr., sem hér hefur farið fram í dag um eitthvert mikilvægasta mál þessa þings, þ. e. lánsfjárlög, sé alls ekki óeðlileg og því fari fjarri að menn séu af ásettu ráði að tefja þinghaldið. Það er ekkert óeðlilegt að um svo mikilvægt mál eins og lánsfjárlög fari fram ítarleg umr. hér á hv. Alþingi.

Það er að þessu látið liggja m. a. út af því frv. sem hér liggur fyrir um Húsnæðismálastofnun ríkisins. En ég vek athygli á því, að nál. um það mál var fyrst dreift nú rétt fyrir kvöldmat, og af þessum orðum hv. aðstandenda ríkisstj., sem ég vitnaði til áðan, virðist vera að þeir hafi ætlast til þess af Alþ. að hægt væri að drífa það mál í gegn á einum degi eftir að nál. lá fyrir, jafnviðamikið mál og þar er um að ræða. Auðvitað er slíkt alveg útilokað. Hér er um mjög viðamikla og flókna löggjöf að ræða sem útilokað er að hægt sé að drífa í gegn á svo stuttum tíma, og raunverulega er það vanvirða við Alþ. að hæstv. ríkisstj. skuli ætlast til þess, að svo sé gert. Við þm. Sjálfstfl. höfum margoft látið það í ljós, og síðast bréflega snemma í vikunni, að við værum reiðubúnir til að sitja

áfram á Alþ. fram yfir hvítasunnu til að ræða þetta mál og ýmis önnur mál, en teldum hins vegar að ef ætti að afgreiða jafnmikið stórmál og húsnæðismálin gæti þingi ekki lokið fyrir hvítasunnu. Ég skil raunar ekki kveinstafi hv. aðstandenda ríkisstj. í þessum efnum. Við þm. eru hingað kjörnir til að meðhöndla mál eftir okkar bestu samvisku, og ég held að ekki sé hægt að ætlast til þess af okkur óbreyttum þm. að við getum afgreitt mál hér eins og á færibandi eftir því sem ríkisstj. á hverjum tíma þóknast.

Auðvitað hlýtur manni að detta í hug og gera að umtalsefni hverjir hafa raunverulega tafið þinghaldið hér í vetur. Þingið hefur verið verklaust dögum saman, þm. eiga fjölda mála órædd, — mál sem ekki fást rædd og hafa ekki komist á dagskrá, og nú hafa þm. þurft með skriflegum áskorunum að knýja fram fund í Sþ. á morgun til að fá rædd ýmis mál sem nauðsynlegt er að fá rædd ýmis mál sem nauðsynlegt er að fá á dagskrá m. a. til að fá svarað fsp. sem legið hafa fyrir hæstv. ráðh. vikum saman án þess að þeir hafi svarað þeim hér á þinginu. Ég vil því ítreka mótmæli mín við þeim ummælum, sem komu fram í fjölmiðlum í kvöld af hálfu aðstandenda ríkisstj., um að hér væri verið að tefja þingið af ásettu ráði. Við þm. Sjálfstfl. erum reiðubúnir til að sitja fram yfir hvítasunnu og eins lengi og nauðsynlegt er til að hægt sé að ræða mál ítarlega þannig að þau fái eðlilega meðferð og að þau fái þá meðferð sem samviska okkar að sjálfsögðu býður, þannig að hægt sé að afgreiða þau endanlega frá hv. Alþingi.

Að þessum orðum mæltum vil ég víkja nokkuð að frv., sem hér liggur fyrir, og reyndar í tengslum við það fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni fyrir árið 1980 sem er grundvöllur frv. Hér er um að ræða einhver mikilvægustu lög Alþingis og þessi lög ásamt með fjárlögum ráða að sjálfsögðu mjög miklu um alla efnahagsþróun í landinu þetta ár og reyndar lengra fram í tímann. Það er því alls ekki óeðlilegt að þau séu rædd hér ítarlega frá ýmsum hliðum og þess vegna tel ég að sú umr., eins og ég sagði áðan, sem fram hefur farið hér í dag sé alls ekki óeðlileg.

Eitt af því, sem hlýtur að valda mönnum verulegum áhyggjum í sambandi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina og það frv. sem hér liggur fyrir, eru þær miklu erlendu lántökur, sem fyrirhugaðar eru á þessu ári, og sú mikla aukning á erlendum lántökum, sem nú stendur fyrir dyrum. Ég vil í þessu sambandi benda á að í síðasta hefti Fjármálatíðinda, sem ég hygg að þm. hafi fengið í hendur, er grein eftir formann bankastjórnar Seðlabankans um erlendar lántökur — grein sem ég tel þess virði að vakin sé sérstök athygli á hér á Alþingi — þó að það sé að sjálfsögðu ríkisstjórnar og Alþingis á hverjum tíma að taka endanlegar ákvarðanir um slík mál held ég að við hljótum að leggja við hlustirnar þegar formaður bankastjórnar Seðlabankans ræðir þessi mál, og e. t. v. er það ekki tilviljun að þessi grein skuli birtast einmitt nú eftir að hæstv. ríkisstj. hefur í lánsfjáráætlun birt fyrirhugaðar lántökur sínar á árinu. Í þessari grein kemur fram í upphafi að aðgangur að erlendu lánsfé, sem hafi orðið greiðari síðustu ár og jafnvel síðasta áratug, hafi tvímælalaust átt þátt í því að auka alþjóðaviðskipti og gera fjármagnsfátækum þjóðum auðveldara að afla fjár til uppbyggingar atvinnuvega sinna. En mikilvægasta hlutverk þessara alþjóðlegu fjármagnsmarkaða s. l. ár hefur þó verið að jafna með fjármagnsinnflutningnum hið alvarlega misvægi í greiðslujöfnuði á milli olíuútflutnings- og olíuinnflutningsríkja sem siglt hefur í kjölfar hinna gífurlegu hækkana á olíuverði. En í þessari grein er bent á að með þeim hætti, sem hann lýsti og ég drap hér á með örfáum orðum í stuttri endursögn, hafi hinir alþjóðlegu fjármagnsmarkaðir aukið svigrúm einstakra þjóða bæði til þess að ráðast í fjárfestingu langt umfram eigin sparnað og jafna greiðsluhalla við önnur lönd með erlendum lántökum í stað samdráttar í tekjum og atvinnu. Þessi fjármagnstilflutningur á milli þjóða hafi haft heilladrjúg áhrif á hagvöxt og atvinnuþróun, en á það er jafnframt bent í þessari grein, að þessir fjármagnstilflutningar og þessi þróun hafi samtímis aukið á vandann á öðrum sviðum efnahagsmála. Þjóðum hafi á þennan hátt verið gert auðveldara en ella að eyða um efni fram og jafnframt geti stjórnvöld skotið sér um lengri eða skemmri tíma undan þeirri ábyrgð að halda opinberum útgjöldum og tekjuþróun innan þeirra marka sem sett eru af framleiðslugetu þjóðarinnar. Ofnotkun erlends fjármagns, ekki aðeins hér á landi, heldur reyndar meðal annarra þjóða einnig, hafi þannig leitt til þess að slakað hafi verið á klónni víða varðandi stjórn efnahagsmála og það eigi þátt í vaxandi verðbólgu og óstöðugleika í efnahagsstarfsemi. Þetta hefur verið hvatning ýmsum þjóðum, og þ. á m. okkur Íslendingum, til að lifa um efni fram ár eftir ár. Í stað þess að láta framkvæmdir og útgjöld markast af framleiðslugetu þjóðarinnar hafa verið tekin erlend lán ár eftir ár og við á þann hátt aukið verðbólguóstöðugleika okkar í efnahagslífi sem veldur stöðugt auknum eriðleikum.

Greinarhöfundur víkur síðan nokkuð að því, hvernig þróunin hafi verið hér á landi, og bendir á að þess megi sjá mörg dæmi að Íslendingar hafi haft mikið gagn af þessum aukna aðgangi að erlendu lánsfé og einnig hafi komið hér fram glögglega, eins og víða annars staðar hjá öðrum þjóðum, þær hættur sem ofnotkun þess lánsfjár getur haft í för með sér. Uppbygging atvinnuveganna hafi að miklu leyti átt sér stað fyrir erlent fjármagn og þá ekki síst nýting innlendra orkugjafa sem hafi haft í för með sér mikinn sparnað í eldsneytisinnflutningi og treyst grundvöll innlendrar þróunar. En fyrir utan þessi jákvæðu áhrif, sem benda megi á að þessi erlendu lán hafi haft, bendir greinarhöfundur á að notkun erlends fjármagns hafi einnig haft neikvæðari áhrif. Greinarhöfundur segir orðrétt, með leyfi forseta.:

„Þótt notkun erlends lánsfjár hafi þannig á margan hátt haft jákvæð áhrif á efnahagsþróun er engu að síður ástæða til að álíta að auðveldari lánsfjáröflun hafi dregið um of úr efnahagslegu aðhaldi og gert stjórnvöldum kleift bæði að fresta nauðsynlegum aðgerðum gegn aðsteðjandi vanda og ráðstafa fjármunum um efni fram án þeirrar fyrirhyggju sem æskilegt hefði verið. Ríkisframkvæmdir, sem ekki eru beinlínis tekjuaukandi, eru í vaxandi mæli fjármagnaðar með erlendum lánum í stað innlendra tekna, og eiginfjármyndun fyrirtækja, t. d. á sviði orkumála, hefur verið haldið niðri með óraunhæfri verðlagningu, af því að hægt hefur verið að halda áfram uppbyggingu með erlendum lántökum. Á sama hátt hefur svigrúmið til þess að jafna viðskiptahalla við útlönd á erfiðleikatímum með erlendum lánum vafalaust verið ofnotað í því skyni að forðast óvinsælar ráðstafanir sem þó verður sjaldan slegið mjög lengi á frest.

Fyrir þjóðarbúið eru lántökur erlendis á allan hátt hliðstæðar við lántökur einstaklinga og fyrirtækja: þær

eru tækifæri til að nota um tíma meiri fjármuni en ella væru til ráðstöfunar."

Ég hygg að þetta séu orð í tíma töluð og séu aðvörunarorð sem okkur beri vissulega að hafa í huga og þá ekki síst nú þegar rædd er og afgreidd lánsfjáráætlun fyrir árið 1980. Ég held að það dyljist engum, sem fylgst hefur með þróun íslenskra efnahagsmála undanfarin ár, að við höfum ofnotað erlent fjármagn, við höfum ekki aðeins tekið að láni erlent fjármagn til ýmissa arðbærra framkvæmda, eins og orkuframkvæmda eða til að byggja upp sérstök arðgefandi atvinnufyrirtæki, heldur höfum við tekið erlent fjármagn einnig til ýmissa óarðbærra framkvæmda og við höfum jafnframt tekið erlent fjármagn sem hrein eyðslulán til að jafna greiðsluhalla við útlönd — greiðsluhalla sem oftast stafar af því að neysla okkar innanlands hefur verið meiri en við höfum getað aflað á hverjum tíma.

Ég vil, áður en ég skilst við þessa grein, með leyfi forseta, lesa upp lokaorð hennar, en þar segir:

„Eftir mikla hækkun á árunum 1974 og 1975 hafa skuldir Íslendinga við útlönd haldist í svipuðu hlutfalli af þjóðarframleiðslu s. l. fjögur ár, og var hlutfallið um 35% í lok síðasta árs. Þótt greiðslubyrðin af þessum skuldum hafi hingað til reynst viðráðanleg hljóta svo miklar erlendar skuldir að hafa í för með sér verulega áhættu ef á móti blæs í efnahagsmálum eða skyndilegar breytingar verða á erlendum lánsfjármörkuðum. Áframhaldandi aðhald um erlendar lántökur hlýtur því annars vegar að miðast við það að halda greiðslubyrði þjóðarbúsins innan viðráðanlegra marka, en hins vegar að tryggja að lánsféð sé aðeins notað til framkvæmda, er skila öruggum arði, og leggi þannig traustari grundvöll að efnahag þjóðarinnar á komandi árum."

Að þessum orðum tilvitnuðum er rétt að huga örlítið að því, hvernig nú sé fyrirhugað, með þessu frv. til lánsfjárlaga, sem hér liggur fyrir, og með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980, að standa að erlendum lántökum á árinu og hvernig hæstv. ríkisstj. hyggist fara eftir þeim sjálfsögðu leiðbeiningum sem komu fram í þessari grein formanns bankastjórnar Seðlabankans.

Á bls. 22 í lánsfjáráætluninni eru samandregin aðalefnisatriði frv. til lánsfjárlaga um þetta efni. Þar kemur fram að löng erlend lán hafa numið 335 milljörðum kr. í árslok 1979, en fært til meðalgengis sé það um 35% af vergri þjóðarframleiðslu ársins, en þetta hlutfall var árin þrjú næst á undan 32—34%. Það er reiknað með að þetta hlutfall haldist óbreytt að meðtöldum lántökum ársins 1980. Það er sem sagt ljóst, að á s. l. ári og þá á þessu ári er um að ræða umtalsverða aukningu á erlendum lánum miðað við verga þjóðarframleiðslu.

Greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánum hefur s. l. þrjú ár verið sem hlutfall af útflutningstekjum sem hér segir: 1976 13.8%, 1977 13.7% 1978 13.3%, árið 1979 er áætlað að hlutfallið hafi verið komið upp í 14.2%, en á árinu 1980 tekur þetta hlutfall verulegt stökk upp á við og er reiknað með að það verði 16—17%. Þessar tölur sýna að hér er um allverulega aukningu á erlendum lántökum að ræða.

Það er reiknað með að endurgreiðslur af löngum lánum verði um 46.3 milljarðar kr. á árinu 1980, en auk þess er gert ráð fyrir endurgreiðslu af gjaldeyrisskuldum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að jafnvirði um 10 milljarða kr. Á móti endurgreiðslu gjaldeyrisskulda þarf að taka samsvarandi lán ef halda á gjaldeyrisforðanum óbreyttum, sem telja verður eðlilegt markmið, þannig að út frá greiðslujafnaðarsjónarmiðum er ný lántökuþörf áætluð 72.3 milljarðar kr. á árinu 1980.

Heildarupphæð innkominna langra erlendra lána er áætluð 85.5 milljarðar kr., en það er áætluð fjárþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda á árinu 1980 umfram það fé sem afla verður innanlands. Auk þess er gert ráð fyrir erlendum lánum til að breyta stuttum lánum í lengri lán eða til að breyta lánum þannig að heildarlánsfjárhæðin, sem reiknað er með að taka erlendis frá, er allnokkru hærri en hér um ræðir.

Það er fróðlegt að huga örlítið að því hvernig þessir 85,6 milljarðar skiptast á hina ýmsu útgjaldaþætti sem lánsfjáráætlun ríkisins tekur til. Það er gert ráð fyrir að til að standa undir framkvæmdum við A- og B-hluta fjárlaga þurfi erlend lán upp á 11.3 milljarða. Til ýmissa fyrirtækja, sem ríkissjóður á eignaraðild að og standa í framkvæmdum, er gert ráð fyrir að þurfi erlend lán upp á 30.4 milljarða. Til ýmissa bæjar- og sveitarfélaga, og þá aðallega vegna hitaveituframkvæmda,. er gert ráð fyrir að þurfi 8 milljarða, til lánastofnana þurfi 5.5 milljarða, en til ýmissa atvinnufyrirtækja, þar með talin járnblendiverksmiðja, skipakaupa, flugvélakaupa, hafnargerða, innlendrar skipasmíði, nýrra iðnaðarverkefna og þar fram eftir götunum, þurfi 30.2 milljarða, eða samtals 85.5 milljarða kr.

Það kom glöggt fram í þeirri grein sem ég vitnaði til hér áðan, og ég held að flestir geti verið sammála um það, að lán til arðbærra framkvæmda séu eðlileg. Í því efni hafa menn einkum nefnt orkuframkvæmdir. Ég tek það sérstaklega fram, að ég er ekki að gagnrýna hér erlendar lántökur til orkuframkvæmda. Hins vegar er jafnljóst að til þess að hægt sé að standa undir greiðslum og afborgunum þessara erlendu lána, sem ætluð eru til orkuframkvæmda, þegar þar að kemur, verði að haga rekstri og gjaldtöku þessara fyrirtækja fyrir þjónustu, sem þau inna af hendi, á þann veg að fyrirtækin standi undir sér og geti sjálf greitt þær afborganir og vexti sem nauðsynlegar eru vegna þessara erlendu lána. Því miður höfum við dæmi um það alveg síðustu daga að því fer fjarri að hæstv. ríkisstj. hafi þetta atriði í huga.

Það kemur fram í lánsfjáráætluninni, að langstærsti hlutinn af lánum til orkumála eigi að fara til Landsvirkjunar eða 28.7 milljarðar, en þar er fyrst og fremst um að ræða að ljúka við Hrauneyjarfossvirkjun, þ. e. að taka í notkun 1. áfanga Hrauneyjarfossvirkjunar sem ráðgert er að gera haustið 1981. En nú er það svo, að þessi áætlun um lánsþörf Landsvirkjunar upp á 28.7 milljarða er byggð á ákveðnum forsendum. Hún er t. d. byggð á ákveðnum forsendum um verðlagsþróun hér innanlands. Það hefur verið rakið af öðrum hér í dag, að það sé ljóst, miðað við þær upplýsingar sem þegar eru fram komnar, að þær verðlagsforsendur, sem þessi lánsfjáráætlun byggir á og Landsvirkjun að miklu leyti byggir á í sínum áætlunum, muni ekki standast, þannig að verðlag muni hækka meira en þessar verðlagsforsendur gera ráð fyrir. Þá er ljóst að Landsvirkjun muni þurfa aukið fjármagn ef halda á áfram framkvæmdum á sama hátt og áætlað er.

Þessi áætlun um lánsfjárþörf Landsvirkjunar byggist líka á því, að greiðsluhallalaus rekstur geti átt sér stað á árinu 1980. Í áætlunum Landsvirkjunar um greiðsluhallalausan rekstur var gert ráð fyrir að fyrirtækið þyrfti 30% hækkun á gjaldskrá sinni frá og með 1. maí s. l. Því fór fjarri, að hæstv. ríkisstj. færi eftir þessum óskum

Landsvirkjunar og tæki þar með mark á þeim forsendum sem hún byggði á, því að Landsvirkjun fékk aðeins að hækka gjaldskrá sína um 12%. Þetta eina atriði gerir það að sjálfsögðu að verkum að sú áætlun, sem hér liggur fyrir um Landsvirkjun, stenst engan veginn. Samkv. lauslegum tölum, sem þó hafa ekki endanlega verið frá gengnar, er gert ráð fyrir að greiðsluhalli Landsvirkjunar á þessu ári, eftir að búið er að taka ákvörðun um gjaldskrá fyrirtækisins, verði um 1200 millj. kr. og rekstrarhalli verði enn meiri eða allt að 1500 millj. kr. á þessu ári.

Það gefur auga leið, þegar við höfum þetta í huga, að tvennt er til ráða: að draga úr framkvæmdum fyrirtækisins eða að auka enn lántökur fyrirtækisins. Hvort tveggja er slæmur kostur.

Ég held að það hafi verið upplýst margoft og rætt ítarlega, að það er mikil þörf á að Landsvirkjun geti látið framkvæmdir sínar ganga á þann veg að 1. áfangi Hrauneyjarfossvirkjunar verði tilbúinn haustið 1981. Að öðrum kosti er veruleg hætta á orkuskorti. Þar að auki má benda á að allir verksamningar hafa verið gerðir um þessar framkvæmdir og illt verður að snúa til baka frá þeim öðruvísi en það valdi Landsvirkjun stórkostlega auknum útgjöldum í bætur til verktaka vegna verktafa.

Hinn kosturinn, að taka aukin lán, er einnig slæmur. Með því er enn einu sinni verið að velta vandanum fram í tímann, stinga höfðinu í sandinn, látast ekki sjá þann vanda, sem þarna er við að glíma, og ýta honum á undan sér.

Það liggur því alveg ljóst fyrir, svo að við tökum bara þennan eina þátt, þ. e. lánsfjáráætlun að því er Landsvirkjun snertir á þessu ári, að sú tala, sem í þessu frv. stendur er þegar orðin úrelt, nema hæstv. ríkisstj. breyti um stefnu varðandi ákvörðun um gjaldskrár þessa fyrirtækis. Auðvitað á að haga rekstri og gjaldskrám slíkra fyrirtækja þannig að þau geti á hverjum tíma lagt einhvern hluta af framkvæmdafé sínu fram sem eigið fjármagn. Það er hygginna manna háttur, sem glöggt kemur fram í því t. d., að þegar leitað var til Alþjóðabankans á sínum tíma varðandi lán, bæði fyrir Búrfellsvirkjun og fyrir Sigölduvirkjun, þá gerði sú alþjóðlega lánastofnun það beint að kröfu að fyrirtækið legði fram ákveðinn hluta af framkvæmdafé sem eigið fjármagn, tók ekki í mál að framkvæmdir væru nánast 100% unnar fyrir lánsfé. Alþjóðabankinn hefur nú sleppt hendinni af Landsvirkjun, ef svo má segja, þar sem hann lánar ekki til Hrauneyjarfossvirkjunar, heldur hefur Landsvirkjun leitað á hinum almenna alþjóðlega lánamarkaði eftir lánum, og það ég verð að segja, að viðbrögðin hjá hæstv. ríkisstj. eða okkur Íslendingum eru ekki til fyrirmyndar. Viðbrögðin eru þau að reka fyrirtækið með stórkostlegum halla og leggja ekki eyri sem eigið fé til þessara framkvæmda og stofna á þann hátt framtíð þessa mikilvæga orkuöflunarfyrirtækis í stórkostlega hættu. Sannleikurinn er sá, að hér er um svo mikinn rekstur að ræða, hér er um að ræða fyrirtæki sem hefur það miklar tekjur og það mikil útgjöld jafnframt, að ef eitthvað fer úrskeiðis varðandi slíkan rekstur, þótt ekki sé nema í tiltölulega stuttan tíma, er voðinn vís. Það er að sjálfsögðu afleitt að hæstv. ríkisstj. skuli nánast með opnum augum stefna í hættu framtíð þessa mikilvæga orkuöflunarfyrirtækis á þann hátt sem hér er gert. Það er ekki búhyggindi, heldur furðuleg skammsýni, sem fram kemur í þessu ráðslagi hæstv. ríkisstjórnar.

Það kemur fram í lánsfjáráætlun, að gert er ráð fyrir að erlendar lántökur til framkvæmda við A- og B-hluta fjárlaga verði 11.3 milljarðar, en heildarlánsfjárupphæð til þessara ákveðnu þátta í lánsfjáráætluninni verði um 35.4 milljarðar, þannig að jafnframt er gert ráð fyrir verulegum innlendum lántökum í þessu skyni. En til að sjá megi, hvað gengið er enn lengra út á þá braut að taka lán til framkvæmda, vil ég leyfa mér að bera saman lánsfjáráætlanir áranna 1979 og 1980 eins og þær hafa verið lagðar fram á hv. Alþ., en ég mun hins vegar síðar koma að því, hvernig lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 stóðst í raun, en þó fóru lánin í mörgum greinum langt fram úr því sem upphaflega var ráðgert í lánsfjáráætlun eins og hún var lögð fram á Alþingi í fyrravor.

Árið 1979 voru ætlaðir til framkvæmda í A-hluta fjárlaga í lánsfjáráætlun 4.7 milljarðar kr. Á þessu ári er áætlað að þessi upphæð fari upp í 12 milljarða kr. Það er sem sagt gert ráð fyrir að lántökur vegna A-hluta fjárlaga þrefaldist nánast á milli áranna 1979 og 1980. Ef við tökum B-hluta fjárlaganna var gert ráð fyrir því árið 1979 að heildarlántökur yrðu tæpir 11 milljarðar, en eiga að verða árið 1980 23.3 milljarðar kr. Ef við skoðum nánar hinar ýmsu framkvæmdir, bæði undir A- og B-hluta fjárlaganna, má glöggt sjá að því fer fjarri að í öllum greinum sé um að ræða arðbærar framkvæmdir. Ég hygg að með þessari lánsfjáráætlun sé gengið allt of langt í lántökum og allt of langt í lántökum til ýmissa framkvæmda sem ekki teljast arðbærar, heldur ýmissa framkvæmda, sem eðlilegra er að séu fjármagnaðar af tekjum hvers árs og megi að því leyti líkja við beina eyðslu, eins og glöggt kemur fram þegar skoðaður er listinn yfir þær framkvæmdir sem hv. þm. hafa fengið í hendur og ég mun ekki gera frekar að umtalsefni..

Það er líka fróðlegt að bera saman lánsfjáröflun í heild fyrir árin 1979 og 1980. Það kemur glöggt fram á þeim **samanburði hversu reiknað er með gífurlegri aukningu á** lánsfé, bæði innlendu og erlendu, fyrir árið 1980. Árið 1979 var innlend fjáröflun, þ. e. innlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda, reiknuð samkv. lánsfjáráætlun 5.2 milljarðar kr. Sambærilegur liður í lánsfjáröflun nú er 23.6 milljarðar. Þannig er nánast um að ræða fimmföldun á lánsfé á innlendum markaði til opinberra framkvæmda. Innlend fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða eykst ekki eins mikið, en hún eykst þó úr 17.8 milljörðum kr. samkv. lánsfjáráætlun ársins 1979 í 29 milljarða kr. samkv. lánsfjáráætlun ársins 1980. Erlend lán eru að sjálfsögðu hér miðuð við gengi sem lánsfjáráætlun 1980 byggir á, en tilhneigingin sést þó glöggt vegna þess að erlend lán á árinu 1979 voru áætluð 28 milljarðar, en fara upp í 55 milljarða til opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða.

Af þessu yfirliti má glöggt sjá að hvort sem um er að ræða lántökur á innlendum markaði eða lántökur á erlendum markaði er hér um stórauknar lántökur að ræða af hálfu ríkisins. Þetta ber því vott um að hæstv. ríkisstj. hefur annaðhvort ekki vilja eða tök á því að ráða við eða gera tilraun til að ráða við þann mikla verðbólguvanda sem þjáir okkar þjóðfélag. Þessar ákvarðanir eru eins og olía á verðbólgubálið, þannig að því fer fjarri að nokkur tilraun sé gerð til þess af hálfu hæstv. ríkisstj. að standa við þau ákvæði málefnasamningsins að reyna að ráða eitthvað við verðbólguna.

En nú er margföld reynsla fyrir því, að áætlun er eitt og framkvæmdin er annað. Ég held að miðað við þær for-

sendur, sem þessi lánsfjáráætlun byggir á og ég gat um áðan, verðlagsforsendur, og ég nefni eitt dæmi, Landsvirkjun, þar sem ég þekki svolítið til, þá sé alveg ljóst að þessi lánsfjáráætlun muni ekki standast frekar en lánsfjáráætlun á s. l. ári stóðst.

Við skulum örlítið átta okkur á því, hvernig síðasta lánsfjáráætlun, sem hv. Alþ. samþykkti, stóðst í raun. Það var gert ráð fyrir að til A-hluta fjárlaga væri tekið lán að upphæð 4.7 milljarðar kr. Í reynd fór þessi upphæð upp í 5.7 milljarða kr., þannig að hér var um verulega hækkun að ræða. Til B-hluta fjárlaga var reiknað með í lánsfjáráætlun að tæpir 11 milljarðar yrðu teknir að láni, en urðu í raun 16.8 milljarðar, þannig að lánsfé hækkaði um 5.8 milljarða kr. eða tæplega 60% . En í heild hækkaði lánsfé vegna þessara þátta úr 15.7 milljörðum í 22.5 milljarða kr.

Eins og ég gat um áðan bendir margt til þess, að sú lánsfjáráætlun, sem við erum nú að fjalla um og hv. Alþ. er að ganga til samþykktar á, muni stórhækka á þessu ári. Og hvernig var brugðist við á síðasta ári? Hvaðan var það fjármagn tekið sem þurfti til viðbótar lánsfjárþörf ríkisins umfram lánsfjáráætlun ársins 1979? Við skulum aðeins átta okkur á því.

Innlend lán hækkuðu úr 5.5 milljörðum í 8 milljarða. Spariskírteini áttu samkv. upphaflegri áætlun að vera 4.2 milljarðar, urðu 6.5 milljarðar. Innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé, sem reiknað var að yrði 975 millj., lækkaði í 555 millj. Önnur innlend lán en ég hef getið um hér að framan, sem engin voru reiknuð í lánsfjáráætlun 1979, urðu rúmir 1 milljarður, og erlend lán, sem samkv. lánsfjáráætlun áttu að vera 10,5 milljarðar kr., fóru upp í 14 milljarða.

Þessi dæmi um hvernig lánsfjáráætlun 1979 stóðst læt ég nægja. Það væri hægt að rekja hér ýmis einstök atriði í þessu efni, en það skal ég ekki gera. Ég bendi á þetta til að sýna fram á að þegar forsendur lánsfjáráætlunar eru veikar, eins og reynslan á eftir að sýna varðandi þá lánsfjáráætlun sem við erum að fjalla um nú, hækkar lánsfé bæði á innlendum og erlendum markaði verulega. Og ég spái því, að svo eigi eftir að verða enn fremur á þessu ári. Ég spái því, að sú lánsfjáráætlun, sem við erum hér að fjalla um, eigi áður en langt um líður eftir að verða marklaust plagg. Reyndar er hún þegar orðin það í mörgum greinum áður en við samþykkjum hana á hv. Alþ. Það er bæði verðlagsþróunin, sem veldur því, og stefna ríkisstj. að öðru leyti.

Ég hygg að allir séu sammála um að það sé eitt af því mikilvægasta í efnahagslífi okkar að snúa við þeirri þróun að þjóðartekjur á mann fari lækkandi, en það gerum við að sjálfsögðu ekki á annan hæatt en þann að auka framleiðslu þjóðarinnar. Og nú tek ég aftur fram, til þess að það valdi ekki neinum misskilningi, að ég hygg að því fé, sem varið er til orkuframkvæmda, rafmagns og hitaveitu, sé vel varið, en þá verður auðvitað að haga ákvörðun um gjaldskrá á þann veg, að sjálfstæði þessara fyrirtækja sé ekki stefnt í voða. En það þarf fleira til en að byggja virkjanir eða hitaveitur. Það þarf að renna stoðum undir atvinnulífið í landinu og það þarf að tryggja að atvinnuvegirnir fái það fjármagn sem þeir þurfa til að geta byggt sig upp og haldið eðlilegum rekstri. Það veldur því miklum vonbrigðum að sjá að þessi lánsfjáráætlun og það frv., sem við höfum hér fyrir framan okkur, stefnir allt í þá átt að draga fé frá atvinnurekstrinum, draga fjármagn frá atvinnuvegunum til ríkisins. Þetta frv. gerir ráð fyrir að hin lamandi hönd ríkisvaldsins, sem legið hefur æríð þungt á atvinnulífi okkar landsmanna undanfarin ár, leggist á atvinnulífið með enn meiri þunga en verið hefur, og þótti hún þó æðiþung fyrir. Um þetta má sjá mörg dæmi í þeirri lánsfjáráætlun, sem hér liggur fyrir, og í þeim grg. og þeim forsendum sem hún byggir á.

Það kemur t. d. glöggt fram, að það er gert ráð fyrir að svokölluð samneysla muni aukast um 2% í heild á árinu 1980. Og hvað þýðir það? Samneysla er tískuorð í dag. Það er fínt orð yfir aukna skatta, yfir auknar opinberar framkvæmdir og þýðir í raun að ríki og sveitarfélög muni taka stærri hluta af tekjum landsmanna, en minna verður eftir hjá einstaklingunum og fyrirtækjum þeirra og fyrirtækin og einstaklingarnir verða þá verr í stakk búin til að leggja atvinnulífinu til fjármagn, annaðhvort með beinum fjárframlögum eða með því að auka sparnað í bönkum og lánastofnunum, sem þá kemur atvinnulífinu að sjálfsögðu til góða í auknum lánveitingum þessara stofnana.

Það kemur enn fremur fram í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, að framkvæmdir hins opinbera eigi að aukast á kostnað atvinnuveganna. Það kemur fram í lánsfjáráætluninni, að gert sé ráð fyrir að opinberar framkvæmdir aukist um 21% frá s. l. ári, en alls sé áætlað að 126.6 milljörðum kr. verði varið til opinberra framkvæmda á árinu. Þessi fjárhæð er tæplega 39% af heildarútgjöldum til fjármunamyndunar samkv. fjárfestingaráætlun samanborið við 33% á árinu 1979. Hér er því um að ræða verulega aukningu á þessu sviði. En það kemur jafnframt fram í þessari áætlun, að gert sé ráð fyrir að fjármunamyndun í atvinnuvegunum eigi að minnka um 3.6%. Þegar opinberar framkvæmdir vaxa um 21.3% á fjármunamyndun í atvinnuvegunum að minnka. Það er gert ráð fyrir að atvinnuvegirnir fái minna fjármagn til að byggja sig upp en þeir höfðu á árinu 1979, vegna þess að ríkið tekur æ stærri hlut af því fjármagni sem til ráðstöfunar er í þjóðfélaginu. Auðvitað eru þessar framkvæmdir ríkisins margar nauðsynlegar og arðgefandi, eins og orkuframkvæmdirnar eins og ég gat um, en ef á að halda þeim áfram með fullum krafti hefði að sjálfsögðu verið nauðsynlegt að draga úr einhverju á móti til þess að atvinnuvegirnir fengju aukið fjármagn og jafnframt til að draga úr þeirri miklu þenslu sem er í þjóðfélaginu.

En það kemur víðar fram í lánsfjáráætluninni en í þeim dæmum, sem ég hef hér rakið, að ætlað er minna fjármagn til atvinnuveganna en áður. Það kemur m. a. fram þar sem fjallað er um fyrirætlanir um útlán þeirra fjárfestingarlánasjóða sem lána til atvinnuveganna. Í töflu, sem birtist á bls. 39 í lánsfjáráætluninni, er gert ráð fyrir að upphæð útlána atvinnuvegasjóðanna, þ. e. þeirra sjóða sem lána til landbúnaðar, fiskveiða, iðnaðar og verslunar og ýmissa þjónustugreina atvinnuveganna, vaxi um 16.1% á milli ára í krónum talið. Hér er um að ræða raunverulega magnminnkun vegna þess að verðbólgan hefur verið langt umfram 16.1% á milli ára, eins og öllum er kunnugt um, eða um 50—60%, þannig að atvinnuvegirnir munu fá mun minna fjármagn frá þessum sjóðum, sem eru raunverulega grundvöllur þess að atvinnuvegirnir geti byggst upp.

En þessarar þróunar, þ. e. þessarar auknu fjártöku ríkisins, má sjá stað enn víðar í þessari lánsfjáráætlun. Það kemur t. d. fram, að ríkið hyggst seilast enn lengra inn í bankana en það gerði á s. l. ári. Viðskiptabankarnir

hafa um langt árabil ráðstafað hluta innlánaaukningar sinnar til Framkvæmdasjóðs. Síðustu tvö árin var þetta hlutfall 5% árið 1978 og 4% árið 1979. Nú er gert ráð fyrir að hækka þetta hlutfall upp í 7%. Það er sem sagt gert ráð fyrir að draga um 6 milljarða kr. út úr viðskiptabönkunum til Framkvæmdasjóðs. Hvað þýðir það? Það þýðir auðvitað að bankarnir verða að sama skapi miklu verr í stakk búnir til að lána fjármagn til atvinnulífsins og atvinnuveganna. Og fjármagnsþörf atvinnuveganna eykst mjög hratt með aukinni verðbólgu. Það er alveg ljóst, að lánsfjárþörf atvinnuvega, bæði til rekstrar og til uppbyggingar, vex mjög hröðum skrefum þessa mánuði, þannig að allt bendir til þess, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda áfram þeirri stefnu að draga fjármagn út úr bönkunum í jafnríkum mæli og hér er gert ráð fyrir, að þá muni verða þröngt fyrir dyrum margra þeirra sem reka fyrirtækin þegar líður fram á haustið. Sumir nefna reyndar stöðvun í þessu sambandi hjá mörgum atvinnufyrirtækjum, og það er ekki ólíklegt að til þess geti komið. Ég held því að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ríkisstj. reyni að hugsa sitt ráð, reyni að átta sig á því að það er ekki allur vandi í efnahagsmálum leystur með því að draga stöðugt aukið fjármagn til ríkisins.

Ég vil nú vitna í jafnmerkan mann og Mao formann í þessu sambandi, en hann sagði einhvern tíma þá frægu setningu — ég held að það hafi verið í menningarbyltingunni í Kína — að hann vildi láta 1000 blóm blómstra. Og ég held að hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh. ættu að taka sér þetta til fyrirmyndar. Það ætti að gera á þann veg að láta fyrirtækin í landinu blómstra, þær þúsundir fyrirtækja í framleiðslu og í þjónustu sem hér starfa og við hæstv. iðnrh. gerðum nokkuð að umtalsefni í fyrrakvöld. Ég held að hæstv. ríkisstj. eigi ekki að draga til sín frjómagnið úr þessum blómum í íslensku atvinnulífi. Það leiðir ekki til annars en að fyrirtækin visna innan frá, lognast út af, stöðvast, og því fylgir atvinnuleysi og hrun. Það er ekki lausn á öllum vanda að draga fjármagn frá atvinnulífinu, frá fyrirtækjunum til ríkissjóðs, eins og gert er ráð fyrir í þeirri lánsfjáráætlun sem hér er til meðferðar.

Í enn fleiri greinum má sjá að hæstv. ríkisstj. dregur fjármagn frá atvinnulífinu. Að vísu hefur hún nokkuð dregið í land í einu atriði frá því sem að var stefnt í frv. eins og það var lagt hér fram, en það er varðandi fjártöku frá lífeyrissjóðunum. Í frv., eins og það var upphaflega lagt fram, var ráð fyrir því gert, að 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna færu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu frá ákveðnum sjóðum, þ. e. ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands, og þar með var tekið fyrir það sem lífeyrissjóðirnir hingað til hafa getað gert: að kaupa verðtryggð skuldabréf frá ýmsum stofnlánasjóðum atvinnuveganna, en þannig hafa lífeyrissjóðirnir lagt sitt af mörkum til uppbyggingar og eflingar íslensku atvinnulífi og gjarnan gert það á þann veg að sjóðirnir hafa keypt skuldabréf frá þeim stofnlánasjóðum sem starfa á sviði viðkomandi atvinnugreina. Lífeyrissjóður Iðju og iðnverkafólks hefur t. d. keypt frá Iðnlánasjóði og þeim sjóðum sem stuðla að iðnaði, Lífeyrissjóður verslunarmanna frá Stofnlánasjóði verslunar og þar fram eftir götunum. Sem betur fer lét hæstv. ríkisstj. sér segjast í þessu efni og hefur nú nokkuð dregið í land frá því sem að var stefnt með frv. upphaflega. Hún hefur látið undan bæði mikilli gagnrýni, sem hefur verið flutt á hv. Alþ., og harðorðum mótmælum, sem fram hafa komið frá lífeyrissjóðum í landinu, og því flutt brtt. sem rýmkar allnokkuð í þessum efnum, en þó ekki nægilega. Ég tel því að sú brtt., sem þeir hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Hermannsson og Albert Guðmundsson hafa flutt, sé mun betri en sú brtt. sem þeir nm. í fjh.- og viðskn., sem standa að ríkisstj., hafa flutt. (**Forseti:** Ráðgert er að fresta fundi nú kl. 10. Ég spyr hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni eða hvort hann vilji fresta ræðunni.) Ég skal senn láta máli mínu lokið, herra forseti, þannig að hægt verði að gera hér fundarhlé strax.

Ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég tel að þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé í mörgum atriðum mjög óraunhæf, það séu þegar mörg teikn á lofti um að hún muni ekki standast, og jafnframt að hún beri þess merki, að hún muni auka þenslu og verðbólgu í þjóðfélaginu. Hún leiðir til samdráttar í íslensku atvinnulífi og ber með sér að ríkisstj. hefur þá stefnu að draga æ meira fjármagn frá atvinnulífi landsmanna til ríkisins. — [Fundarhlé.]

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil gera hv. þdm. grein fyrir því verklagi sem ég hyggst hafa á þessum kvöld- og fyrirsjáanlega næturfundi. Það verður gerð tilraun til þess að 3. og 4. dagskrármálið, skráning lífeyrisréttinda og lánsfjárlög, fái fullnaðarafgreiðslu í hv. d. Þá verður gerð tilraun til þess að 5. og 6. dagskrármálið nái fullnaðarafgreiðslu í þingi. Enn verður gerð tilraun til þess að 8. málið nái slíkri afgreiðslu og að 9. málið gangi til nefndar. Á nýjum fundi mundu koma á dagskrá húsnæðislög og sönnun fyrir dauða manna.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það voru til þeir landsmenn sem töldu það fagnaðarefni, að ríkisstj. Gunnars Thoroddsens var mynduð um mánaðamótin janúar—febr. Þeir fylltust bjartsýni og ánægju þegar stjórnarsáttmáli ríkisstj. kom fyrir almenningssjónir. Þar segir að ríkisstj. muni berjast gegn verðbólgunni með öllum tiltækum ráðum, aðhaldsaðgerðum í peningamálum og ríkisfjármálum, svo að nokkuð sé nefnt. Fljótlega fór þó að bera á því, að ákvarðanir ríkisstj. voru ekki í samræmi við yfirlýsta stefnu og fyrirheit í stjórnarsáttmála. Fjárlagagerðin beindist fyrst og fremst að því að auka á þenslu í ríkiskerfinu og að auknum kostnaði við stjórnkerfi landsins og ríkisstofnana. Og enn skýrist það fyrir almenningi, að aðhalds gætir ekki í ríkisfjármálum, eins og það frv. til lánsfjárlaga, sem hér er til umr., er ljósast vitni um.

Til þess að átta sig á því, hvort ástand efnahagsmála hafi breyst svo í þessu landi að ríkisstj. sé óhætt að tefla á tæpt vað í ríkisfjármálum, þykir mér rétt að rifja upp nokkur atriði um hagvöxt að undanförnu og horfur í efnahagsmálum. Mér þykir rétt að vitna hér til nokkurra atriða varðandi þessi mál sem komu fram í ræðu dr. Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra sem hann flutti á ársfundi bankans. Þar kemur þetta fram m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nokkuð dró úr hagvexti á árinu 1978 miðað við undanfarin tvö ár. Samkv. áætlunum Þjóðhagsstofnunar var aukning þjóðarframleiðslu á árinu 1979 2.3%, en hún hafði reynst 4.4% árið áður, en 6% árið 1977. Þessi útreikningur á breytingu raunverulegrar þjóðarframleiðslu milli ára byggist á færslu til 1969-verðlags. Telur Þjóðhagsstofnun að framleiðsluaukning hafi verið um

það bil 1% meiri eða nálægt 3.4% á síðasta ári, ef miðað væri við 1978-verðlag. Samkv. því er líklega raunhæfara að miða við það að hagvöxtur á s. l. ári hafi verið yfir 3%, sem þó einnig er verulega fyrir neðan meðalhagvöxt s. l. áratugs, en á árunum frá 1970—1979 er talið að meðalvöxtur þjóðarframleiðslu hafi verið 4.7%."

Og enn segir: „Það má fyrst og fremst þakka mikilli framleiðsluaukningu í sjávarútvegi, að nokkur teljandi aukning varð á s. l. ári í þjóðarframleiðslu er vegið gæti nokkuð á móti þeirri tekjurýrnun sem þjóðarbúið varð fyrir vegna hækkunar olíuverðlags. Heildarfiskaflinn jókst enn um nálægt 5% og varð rúmlega 1630 þús. tonn sem er meira en nokkru sinni fyrr. Magnaukning sjávarvöruframleiðslunnar í heild er hins vegar talin hafa verið 12—15% miðað við fast verðlag. Þrátt fyrir verulegar aflatakmarkanir fór fiskaflinn á árinu þó nokkuð fram úr því sem talið hafði verið ráðlegt ef tryggja ætti ekki aðeins viðhald, heldur einnig örugga uppbyggingu helstu fiskstofna í kringum landið. Er ljóst orðið að fiskveiðistefnan og val stjórntækja henni til framkvæmda er orðið eitt vandasamasta viðfangsefni í þjóðarbúskap Íslendinga, þar sem bæði er um að tefla að takmarka fiskveiðar við það magn, sem gefur hagstæðasta nýtingu fiskstofna til langs tíma, og stuðla jafnframt að því að fiskiflotinn sé rekinn og nýttur með sem hagkvæmustum hætti.

Ef við lítum á framleiðsluþróun annarra atvinnuvega kemur í ljós að hún var mjög mismunandi á s. l. ári. Þannig mun iðnaðarframleiðslan hafa vaxið um 4-5%, sem er svipuð aukning og árið áður, en hins vegar dróst landbúnaðarframleiðslan verulega saman eða um 5-6%, einkum vegna erfiðs árferðis, en árið áður hafði reynst einstaklega hagstætt til búskapar. Loks benda upplýsingar til þess, að örlítið hafi dregið úr byggingarstarfsemi á árinu."

Af þessum tilvitnuðu orðum má sjá hversu mikil áhrif það hefur á efnahagsástandið og ég tala nú ekki um jafnvægi í gjaldeyrisbúskapnum, hvernig fer um höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar. Og eins og þessi orð bera með sér erum við í mikilli óvissu með sjávarútveginn. Þessi tilvitnuðu orð benda einnig til þess, að enn sé full þörf á og vaxandi að hafa fulla gát á ríkisfjármálunum og afkomu atvinnuveganna svo að jafnvægi haldist til frambúðar. Erfiðri stöðu í viðskiptum okkar við útlönd var mætt á undangengnum árum, og sérstaklega þá 1979, með erlendum lántökum, m. a. hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Enn er ógreitt til hans um 18 milljarðar kr. og verður meginhluti þeirrar skuldar að greiðast á þessu og næsta ári. En um erlendar lántökur segir svo í ræðu seðlabankastjórans, sem ég vitnaði til áðan og mig langar að vitna til aftur í örstuttu máli, með leyfi hæstv. forseta:

„Erlendar lántökur voru enn mjög miklar á árinu 1979 og námu innkomin lán 57 milljörðum kr., reiknað á meðalgengi ársins. Afborganir eldri lána námu samtals 28.3 milljörðum, svo að skuldaaukningin á árinu varð 28.7 milljarðar. Í árslok voru heildarskuldir þjóðarbúsins komnar í 335 milljarða kr. reiknað á árslokagengi, sem fært til meðalgengis ársins nemur um 35% af þjóðarframleiðslu, sem er örlítið hærra hlutfall en undanfarin þrjú ár, en þetta hlutfall hefur verið tiltölulega stöðugt síðan á árinu 1976. Einnig varð nokkur hækkun á greiðslubyrði af erlendum lánum á árinu, en afborganir og vextir námu um 14.2% af tekjum þjóðarbúsins af útfluttum vörum og þjónustu, en s. l. fimm ár hefur þetta hlutfall verið á bilinu 13—14% af tekjum. Þótt þessar tölur sýni að litlar breytingar hafi orðið síðustu árin á skuldabyrði þjóðarbúsins miðað við framleiðslu og útflutningstekjur bendir ýmislegt til þess að greiðslubyrði muni þyngjast verulega á þessu og næstu árum ef svo fer fram sem horfir. Koma þar m. a. til áhrif af hækkandi vöxtum og styttri lánstíma á erlendum lánamörkuðum, en jafnframt greiðast ört niður lán sem tekin voru þegar kjör voru mun hagstæðari. Er af þessum ástæðum full þörf áframhaldandi aðhalds um erlendar lántökur, eins og síðar mun að vikið, en hitt skiptir þó ekki minna máli, að þær framkvæmdir njóti forgangs til erlends lánsfjár sem líklegar eru til þess að bæta greiðslugetu þjóðarbúsins í framtíðinni, annað hvort með aukningu útflutningsframleiðslu eða lækkun innflutnings.

Mikilvægt er að greiður aðgangur að erlendu lánsfé verði ekki til þess að draga úr fjárhagslegu aðhaldi og leiði þannig til aukinnar neyslu eða félagslegra útgjalda sem með réttu móti ætti að greiða af tekjum líðandi stundar." Ég vil endurtaka: Mikilvægt er að greiður aðgangur að erlendu lánsfé verði ekki til þess að draga úr fjárhagslegu aðhaldi og leiði þannig til aukinnar neyslu eða félagslegra útgjalda, sem með réttu móti ætti að greiða af tekjum líðandi stundar."

Í beinu framhaldi af þessum tilvitnuðu orðum seðlabankastjóra um vaxandi erlendar skuldir og samanburð á vaxtabyrði ríkisins og útflutningstekjum ríkisins er það alvarlegt umhugsunarefni, sem greint er frá í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1980, að erlendar lántökur verði í heild 85.5 milljarðar kr., en endurgreiðslur eldri lána verði um 46 milljarðar kr., þannig að skuldabyrði þjóðarinnar mun aukast um 39 milljarða kr. á árinu 1980. Ekki ber þetta vott um aðhaldsaðgerðir hjá ríkisstj. og ekki ver þetta vott um að ríkisstj. virði nokkurs þær aðvaranir sem ráðgjafarstofnun hennar setur fram, þegar formaður bankastjórnarinnar telur það mikilvægast að auðfengið og aukið erlent lánsfé dragi ekki úr þjóðhagslegu aðhaldi og leiði þannig til aukinnar neyslu og félagslegra útgjalda, því að það er öllum mönnum ljóst, að slíkar erlendar lántökur auka á spennu í þjóðfélaginu og valda því, að torveldara er en ella að hafa vald á verðbólguþróuninni.

Það liggur fyrir, þegar bornar eru saman upplýsingar Seðlabanka Íslands og áform um erlendar lántökur skv. lánsfjáráætlun fyrir árið 1980, að heildarskuldir þjóðarbúsins í árslok verða orðnar um 375 milljarðar kr., og má áætla að þær séu þá komnar á það stig í hlutfalli við þjóðarframleiðslu að nálgist hættumörk þegar tekið er mið af horfum í framleiðslu þjóðarinnar og viðskiptakjörum hennar. Ég vitnaði áðan í orð seðlabankastjóra, dr. Jóhannesar Nordals, þar sem hann sagði að greiðslubyrði af erlendum lánum á árinu 1979 hefði reynst vera 14.2% af tekjum þjóðarbúsins af útfluttum vörum og þjónustu og hefði vaxið nokkuð frá því sem greiðslubyrðin hafði verið næstu fimm árin á undan. Nú áætlar Seðlabankinn að á árinu 1980 verði greiðslubyrði af erlendum skuldum rúmlega 16% af útflutningstekjum ríkisins. Það er því ekki að tilefnislausu, að eins konar afsökun er sett fram af ráðh. í skýringum með lánsfjáráætlun, þegar hann ræðir greiðslubyrðina og segir: „Ástæða er til að ætla að greiðslubyrði fari ekki hækkandi úr hófi fram á næstu árum, ef rétt er á málum haldið."

Ég vil sannarlega taka undir það með hæstv. ráðh., að

þróun atvinnuveganna hér á landi verði hagstæð á næstu tímum svo að þjóðinni farnist vel. En ég ber nokkurn ugg í brjósti þar sem ég treysti því varla að fenginni reynslu að rétt verði á málum haldið af þeirri ríkisstj. sem haft hefur taumhaldið um sinn.

Oft hefur það verið sagt, að ekki væri ástæða til að óttast erlendar lántökur þegar fjármunum er varið til arðbærra framkvæmda og gjaldeyrissparandi, og það mun satt vera. En í þessu tilfelli er ekki því að heilsa. Í ríkum mæli og vaxandi stækkar hlutur ríkisgeirans, og allt bendir til þess, að fyrir lánakosti einstakra stofnana og fyrirtækja sé illa séð, þar sem rekstraraðstaða þeirra er í mörgum tilfellum skert svo að erlend lán koma ekki að notum. Þessi hlið málsins hefur verið tekin til meðferðar og ég sé því ekki ástæðu til að ganga í verk þeirra manna, sem um þetta hafa rætt hér á undan mér, og orðlengi það ekki frekar.

Ég gat þess í upphafi máls míns, að ýmsir hefðu fagnað tilkomu hæstv. ríkisstj. Þess verður nú vart, að glýjan sé smám saman að renna af augum manna, og sannarlega er frv. það til lánsfjárlaga, sem við ræðum hér í Nd., ljósasta ráðið til þess að menn átti sig. Ríkisstj. stefnir að stórauknum ríkisafskiptum, eins og bent hefur verið á af ræðumönnum Sjálfstfl. við þessa umr. Á sama tíma og framkvæmdir hins opinbera eru stórauknar er þrengt svo að lánamarkaði atvinnuveganna að þeir munu að óbreyttu standa á barmi rekstrarstöðvunar og uppgjafar þegar á árið líður. Ríkisstj., sem stefnir svo gersamlega í gagnstæða átt við það sem heilbrigð skynsemi vísar og sérfræðingar telja að fara skuli, — sú ríkisstj. er á glapstigum og leiðir yfir þjóð sína myrka og erfiða daga þegar hún hefur tekið að sér og lofað að leiða hana út úr erfiðleikunum.

Þetta frv. sýnir það ljóslega og sannar, að ríkisstj. hefur brugðist vonum manna. Hún hefur brugðist þjóð sinni. Hún hefur gengið á loforð sín, sem gefin voru í stjórnarsáttmála hennar, og hún stefnir í tvísýnu afkomumöguleikum alls almennings í þessu landi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil nú segja það fyrst, að það er kannske von að hæstv. forsrh. skyldi loksins hafa tekið þann kost að kljúfa sig frá félögum sínum í Sjálfstfl. og bregðast því trausti sem landsfundarfulltrúar Sjálfstfl. víðs vegar að um landið hafa sýnt honum í áratugi, fyrst hann hefur komist að þeirri niðurstöðu eftir 50 ára dvöl í Sjálfstfl. að það sé í andstöðu við stefnuskrá Sjálfstfl. að efla menningarstarfsemi, auka félagslega þjónustu og jafna lífskjör. Ég vil minna á það, að í grundvallarstefnuskrá Sjálfstfl. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefna Sjálfstfl. hefur frá upphafi miðað að eflingu frelsis og mannhelgi. Þess vegna vill flokkurinn:

1. Varðveita og tryggja sjálfstæði og frelsi Íslands og standa vörð um tungu, bókmenntir og annan menningararf Íslendinga.
2. Treysta lýðræði og þingræði.
3. Vinna að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og athafnafrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.
4. Beita nútímaþekkingu og tækni svo að auðlindir landsins verði hagnýttar í þágu þjóðarinnar.
5. Skapa öllum landsmönnum félagslegt öryggi."

Svo mörg voru þau orð, og ég verð að segja það, að það hryggir mig eins og á stendur að varaformaður Sjálfstfl. skuli kasta með þvílíkum hætti glósum að fjölmörgum sjálfstæðismönnum sem í gegnum tíðina, sem í gegnum áratugi hafa sýnt honum traust og samþykkt þá grundvallarstefnuyfirlýsingu sem hér greinir. Þessi ummæli hæstv. forsrh. eru í senn móðgun við þá menn, sem nú sitja á þingi fyrir Sjálfstfl., og um leið móðgun við þá menn aðra, sem hafa borið fram stefnu Sjálfstfl. jafnt í sölum Alþingis sem annars staðar hér á landi.

Ég ætla svo ekki að gera ummæli hæstv. forsrh. frekar að umræðuefni, hvorki í þetta skiptið né annað, en segi eins og mér býr hugur í brjósti, að ég átti von á því, að hæstv. forsrh. mundi e. t. v. beina skeytum sínum að þeim mönnum sem hér sitja á Alþ. fyrir Sjálfstfl. og ekki vildu styðja hann í þessari ríkisstj., en ég hélt að hann mundi láta í friði hinn almenna sjálfstæðismann sem á undanförnum áratugum hefur verið valinn til trúnaðar og hefur m. a. kosið þennan mann til forustu með því að kjósa hann varaformann hvað eftir annað í Sjálfstfl.

Herra forseti. Ég óska eftir því, að hæstv. iðnrh. sé viðstaddur. (**Forseti:** Ég skal gera gagnskör að því. Vill starfsmaður svo vel gera að biðja iðnrh. að ganga í salinn, hans nærveru er óskað, og fleiri ráðh. gjarnan ef viðstaddir eru. — Hæstv. iðnrh. er í símanum og það verður fylgst með því og hann beðinn að ganga þegar til fundar er hann hefur losnað, hann er kannske í mjög brýnu símaviðtali.)

Já, það er aðdragandi þessa máls sem ég vil nú gera að sérstöku umræðuefni, að í þeirri lánsfjáráætlun, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að ekki verði boraðar nema tvær holur við Kröflu: annars vegar ein vinnsluhola og hins vegar önnur hola, tilraunahola í suðurhlíðum Kröflu, sem ekki er gert ráð fyrir að geti komið í gagnið á þessu ári. Ég vil minna á það, að í sambandi við þessi mál hefur iðnrn. hvað eftir annað, meðan það hefur verið undir stjórn núv. hæstv. iðnrh., gefið út álitsgerð um að það hefði komið sér ólíkt betur ef á s. l. ári hefði verið hægt að koma því við, að tvær vinnsluholur yrðu boraðar við Kröflu á s. l. sumri, og hefur verið sýnt fram á það, að ef þær hefðu skilað meðalafköstum hefðu þær þegar skilað mjög háum fjárhæðum í ríkissjóð, auk þess sem allur rekstrargrundvöllur þeirrar virkjunar, sem þar er, væri miklu traustari og ekki síst nú þegar í ljós er komið að önnur af þeim holum, sem úrslitum ræður um hvort virkjunin geti gengið, hefur breytt sér svo að nauðsynlegt er að hreinsa hana á 8—9 mánaða fresti eða svo, í staðinn fyrir að áður var talið að þar mundi verða um 14—18 mánaða frest að ræða. Þetta hefur m. a. valdið því, að rekstur Kröfluvirkjunar stöðvaðist nú fyrir nokkru og hefur ekki getað haldið áfram og er nú beðið eftir bor til þess að hreinsa þessa holu. Þetta mikla öryggisleysi varðandi rekstur Kröfluvirkjunar hlýtur að valda því, að menn velti því fyrir sér í fyrsta lagi, hvort hægt sé að gera rekstur virkjunarinnar öruggari, og í öðru lagi, hvort nokkrar leiðir séu til þess að auka afköst virkjunarinnar, a. m. k. svo að nemi helming þeirrar keyrslu sem gufurafallinn er gerður fyrir, sem mundi hafa mjög marga kosti frá vinnslusjónarmiði.

Nú hef ég hér í höndum í skýrslu iðnrh. vegna óska frá Alþ. á þskj. 398, grg. frá iðnrn. þar sem kemur í ljós, að æskileg gufuvinnsla í Kröfluvirkjun á þessu ári yrði þrjár vinnsluholur og fjórar holur á árinu 1981. Síðan segir í þessari skýrslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðar þessi áætlun við að fá endanlega úr því skorið, hvort vænta megi betri boranaárangurs í suðurhlíðum

Kröflu en á þeim svæðum sem borað var á á árunum 1975 og 1976. Einungis hefur verið boruð ein hola í suðurhlíðum Kröflu, hola 12, sem boruð var árið 1978 og gaf góðan árangur."

Þetta er m. ö. o. niðurstaðan af þessum athugunum og rannsóknum. Í till. iðnrn. um gufuöflun 1978—1980, eins og frá þeim er skýrt á bls. 2 í skýrslunni, er fyrst gerð grein fyrir því, að boraðar hafi verið 12 holur við Kröfluvirkjun. Boranir hafi hafist árið 1974 með því að þá voru boraðar tvær rannsóknarholur. En árið 1975 voru boraðar þrjár holur og árið 1976 fimm holur. Ekkert var borað árið 1977, en árið 1978 var boruð ein hola. Síðan hefur ekkert verið borað á Kröflusvæðinu. Um till. iðnrn. segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ársins 1979 var gerð sérstök athugun á framhaldi gufuöflunar vegna Kröfluvirkjunar. Kom álit iðnrn. m. a. fram í minnisblaði til ríkisstj. frá 12. des. 1978 þar sem segir m. a.: „Telur rn. rétt að fá úr því skorið á næstu árum, hvort unnt sé að afla gufu að einhverju marki á fyrirhuguðu vinnslusvæði í suðurhlíðum Kröflu. Rannsóknir með borunum munu leiða í ljós hvort unnt verði að koma virkjuninni í gagnið með sæmilegu rekstraröryggi og framleiðslugetu, t. d. fyrir veturinn 1980—1981, en þá er talið að nokkur vöntun geti orðið á orku frá vatnsaflsstöðvum í landskerfinu.

Rn. telur hins vegar ekki rétt, m. a. með áhættu af náttúruhamförum í huga, að verja stórum fjárhæðum árlega til gufuleitar fyrir virkjunina á næstunni og telur hóflegt að boraðar verði tvær holur á umræddu svæði á næsta ári og þær ekki tengdar fyrr en sumarið 1980, eftir því sem ástæða þykir til. Ákvarðanir um borun á árinu 1980 verða síðan teknar með hliðsjón af árangri af borun og öðrum rannsóknum ársins 1979.

Óhjákvæmilegt er að verja nokkru fé til rannsókna á virkjunarsvæðinu, óháð því hvort um borun verður að ræða eða ekki. Fylgjast þarf með þeim holum sem þegar hafa verið boraðar, gera athuganir til staðsetningar nýrra borhola og mælinga á meðan á borun stendur. Undir þetta fellur einnig svonefnd gosvakt, þ. e. rekstur jarðskjálftamæla og annars eftirlitskerfis vegna annarra náttúruhamfara á svæðinu.

Talið er að tæknibúnaður Jarðborana ríkisins sé ófullnægjandi til borana á háhitasvæðum og megi rekja skemmdir á nokkrum borholum við Kröflu til þessa. Er þar með ekki fullyrt að meiri virkjanleg gufa hefði fengist en ella. Hins vegar telur rn. nauðsynlegt að úr þessu verði bætt sem fyrst og nokkru fé veitt til Jarðborana ríkisins til tækjakaupa á næsta ári."

Við undirbúning fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979 lagði iðnrn. þannig til eftirfarandi:

1. Boraðar yrðu tvær holur í suðurhlíðum Kröflu, en ekki var gert ráð fyrir því að þær yrðu tengdar á árinu. Borkostnaður tveggja hola var áætlaður 520 millj. kr.
2. Til rannsókna á Kröflusvæði yrði varið 120 millj. kr.
3. Að Jarðborunum ríkisins yrðu útvegaðar 180 millj. kr. til kaupa á borholudælu.

Tillögur þessar mættu frá upphafi harðri andstöðu af hálfu ráðh. og þingflokks Alþfl. og málamiðlunartillaga um borun einnar holu náði ekki heldur fram að ganga. Niðurstaða lánsfjáráætlunar fyrir árið 1979 birtist í eftirfarandi texta:

„Frekari framkvæmdum við Kröfluvirkjun verður slegið á frest og eingöngu fylgst með þróun svæðisins næstu tvö árin. Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar verður í samræmi við þetta 270 millj. kr. árið 1979. Af þessari fjárhæð er heimilt að verja 150 millj. kr. til þess að standa undir útgjöldum vegna gæslu við virkjunina og 120 millj. kr. til rannsókna á Kröflusvæðinu. Fjárveiting til rannsókna er einkum við það miðuð, að afla frekari vitneskju um jarðhitasvæði í suðurhlíðum Kröflu."

Ákveðið var jafnframt að afla fjár vegna kaupa Jarðborana á bortækjum.

Enn segir í þessari skýrslu: „Vegna síhækkandi olíuverðs á fyrri hluta ársins 1979 gerði iðnrn. sérstaka athugun á aðgerðum í orkukerfinu er orðið gætu til að spara olíu og flýta fyrir að innlendir orkugjafar kæmust í gagnið. Var grg., dags. 23. apríl 1979, skilað til ríkisstj. og á grundvelli hennar og síðari tillagna undirbjó ríkisstj. í júnímánuði setningu brbl. um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildir vegna framkvæmda á sviði orkumála. Í því sambandi lagði iðnrn. enn til að boraðar yrðu tvær holur við Kröflu. Voru leidd rök að því að verulegur efnahagslegur ávinningur gæti orðið að því að halda áfram borunum, þannig að virkjunin komist í full afköst, borið saman við þann kost að leggja árar í bát og hætta borunum um fyrirsjáanlega framtíð.

Í álitsgerð rn. frá 23. apríl 1975 segir um þetta efni m. a.:

„Hluti af þessum ávinningi er fólginn í minni raforkuvinnslu með eldsneyti veturinn 1980—1981, hinn næsta áður en Hrauneyjafossvirkjun kemur í gagnið. Nemur þessi hluti nokkrum hundruðum millj. kr. Raunar getur hann numið mun hærri fjárhæð ef vatnsárferði verður óhagstætt þennan vetur, þótt ekki sé með því reiknað í athugun þeirri sem gerð var og byggist á meðaltalsreikningum (væntanlegu gildi). Umtalsverð aukning í afköstum Kröflu getur umbreytt þessu og frekari borun þar, sem er einasta leiðin til að auka afköst virkjunarinnar, yrði þannig beinlínis til að spara olíu hér á landi þann vetur, 1980—1981. Þangað til eru tvær borvertíðir, 1979 og 1980. Nota þarf báðar. Verði ekkert borað við Kröflu í ár og eingöngu treyst á boranir 1980 gefst mjög naumur tími til að prófa og mæla holur áður en þær eru tengdar virkjuninni, og þarf að starfa að lagningu gufuveitu frá þeim áður en vitað er um afköst, sem eru í rauninni óhæf vinnubrögð.

Því er lagt til að í ár verði boraðar tvær holur við Kröflu í því skyni að draga úr eða útrýma nær alveg notkun olíu til raforkuvinnslu hér á landi veturinn 1980—1981 og að útvegaðar verði 650 millj. kr. í því skyni. Gert er ráð fyrir að tenging bíði til 1980, en auk sjálfrar borunarinnar þarf að kosta nokkru fé í ár til vegagerðar að væntanlegum borstæðum í suðurhlíðum Kröflu."

Tillögur þessar mættu eindreginni andstöðu þingflokks Alþfl. og varð niðurstaðan því sú, að ekkert fé var veitt til borana við Kröflu á árinu 1979.

Tillaga iðnrn. um að veita jafnhárri upphæð í staðinn í styrkingu innanbæjarkerfa til að greiða fyrir rafhitun strandaði einnig á andstöðu Alþfl."

Það, sem ég hef nú farið með, lýsir í stuttu máli aðdraganda þess, að ekki kom til þess að borað yrði við Kröflu á sumrinu 1979. Það er náttúrlega hörmulegt til þess að vita, að sú ríkisstj., sem þá sat, skyldi með opin augun hafa hagað sinni orkumálapólitík þannig að um fyrirsjáanlegt stórfellt tap hlaut að vera að ræða frá því sem ella mundi. Er talið að ef tvær borholur hefði verið boraðar og hefðu komið til gagns á því ári, væru tekjur

Kröfluvirkjunar helmingi meiri í ár heldur en ella. (**Gripið fram í:** Munar það svo miklu?) Það munar því, að ef einungis er litið á reksturinn hefði virkjunin þannig skilað 130 millj. kr. upp í vexti og afborganir, sem eru býsna góður skildingur þegar um hreint tap er að ræða, auk þess sem þarna var um ávinning að ræða í framtíðinni og við mundum þá vita á þessari stundu betur en við vitum nú hvernig skynsamlegast og réttast væri að haga sér í sambandi við þessa virkjun. Það gefur náttúrlega auga leið, að sá kostur, sem valinn hefur verið í sambandi við Kröfluvirkjun, var sá versti sem nokkur völ var á. Það var byrjað á því að hrúga upp stofnkostnaðinum, leggja höfuðáherslu á að hraða hinum fasta kostnaði sem mest mátti, koma upp sjálfri virkjuninni, kaupa hverflana og þar fram eftir götunum, en síðan, þegar kom að því að bæta við tiltölulega mjög lágum viðbótarkostnaði til þess að tryggja rekstaröryggið og auka raforkuframleiðsluna, hefur verið haldið að sér höndum.

Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, að hæstv. menntmrh., Ingvar Gíslason, hafði á þessu mjög ríkan skilning á s. l. ári og flutti ásamt Lárusi Jónssyni, 3. þm. Norðurl. e., till. um það hér í d. að borað yrði við Kröflu. En þetta strandaði á þeirri ríkisstj. sem þá sat. M. a. treysti hæstv. iðnrh. sér ekki til þess að greiða atkv. með þessari till. Og annar þm., hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, treysti sér ekki heldur til að greiða till. atkv., þótt ég efist ekki um að hann segi það satt, sem hann hefur síðar sagt, að allur hugur hans hafi til þess staðið.

Svo augljóst sem það er að nauðsynlegt er að taka af skarið um það, hvernig standa skuli að Kröfluvirkjun, svo augljóst sem þetta ætti að vera öllum landslýð, og ég tala nú ekki um þá menn sem eru svo hátt uppi í loftinu að þeir geta séð landið allt, eins og hæstv. forsrh., þá skyldi maður náttúrlega ætla að þvílíkir menn legðu á það ofurkapp í sambandi við þessa lánsfjáráætlun að hafa borholurnar svo margar við Kröflu sem skynsamlegast sýnist að bestu manna yfirsýn, enda mundi það vera í samræmi við stefnu Sjálfstfl. að hafa jafnan þann hátt á sem viturlegur telst og sannsýnn að bestu manna yfirsýn. En nú er það ekki gert. Ég efast þó ekki um, að hæstv. iðnrh. hafi fullan vilja á því að fylgja fram sínum skoðunum og sínum áætlunum, og get út af fyrir sig verið þakklátur fyrir það, að hann skyldi hafa sent fjölmennum fundi á Skútustöðum á s. l. sumri orðræðu um það, að iðnrn. væri þeirrar skoðunar, að skynsamleg vinnubrögð við Kröfluvirkjun mundu henta best í framtíðinni. Ég sé það líka á því plaggi sem hér hefur verið lagt fram: „Kröfluvirkjun — skýrsla iðnrh. vegna óska frá Alþ. á þskj. 398“ — að hann er þeirrar skoðunar enn að hér skuli fara að með fullri skynsemi og raunsæi, eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1980 var af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins gerð tveggja ára áætlun um framkvæmdir og rekstur Kröfluvirkjunar. Í þessari áætlun er lagt til að boraðar verði a. m. k. þrjár vinnsluholur á árinu 1980 og fjórar holur árið 1981. Miðar þessi áætlun við að fá endanlega úr því skorið, hvort vænta megi betri boranaárangurs í suðurhlíðum Kröflu en á þeim svæðum sem borað var á árunum 1975 og 1976. Einungis hefur verið boruð ein hola í suðurhlíðum Kröflu, hola 12, sem boruð var árið 1978 og gaf góðan árangur.

Áætlun þessari fylgir rekstraráætlun sem sýnir að rekstrarhalli gæti orðið um 180 millj. kr. árið 1980 ef engar holur verði boraðar 1979, en hins vegar boraðar tvær holur 1980. Rekstrarafgangur yrði síðan árið 1981, 53 millj. kr., verði boraðar þrjár holur með árangri það ár.

Áætlanir þessar miðast við beinan rekstrarkostnað án greiðslu fjármagnskostnaðar og afskrifta. Áætlunin sýnir að hefðu verið boraðar tvær holur árið 1979 og þrjár holur 1980 hefði hugsanlega fengist rekstrarhagnaður þegar árið 1980.

Að tillögu núv. ríkisstj. eru niðurstöður samkv. lánsfjáráætlun 1980, að útvegað skuli lánsfé að upphæð 1750 millj. kr. til að bora tvær holur fyrir virkjunina, auk greiðslu rekstrar- og stofnkostnaðar. Miðað við nokkra frestun á greiðslum fram yfir næstu áramót verða 1575 millj. kr. til reiðu vegna Kröfluvirkjunar í ár.

Vegna þeirra fsp., sem leitast er við að svara hér á eftir, er rétt að minna á að frá árinu 1976 hefur aðeins verið boruð ein hola til gufuöflunar fyrir Kröfluvirkjun og gaf hún allgóða raun. Ástæðan fyrir þessu aðgerðarleysi er ekki síst andstaða Alþfl.-manna gegn fjárveitingum til að reyna að tryggja gufu fyrir virkjunina. Sömu aðilar hafa hins vegar verið ötulir við að spyrjast fyrir um gang mála við Kröflu og býsnast yfir bágum horfum og fjármagnskostnaði vegna framkvæmda sem ekki hafa orðið að notum nema að mjög takmörkuðu leyti. Með þessu er engan veginn sagt að ekki hefði sitthvað mátt betur fara við undirbúning og tilhögun framkvæmda við virkjunina, en eftir að stöðvarhús var risið mátti öllum ljóst vera að virkjunin kæmist því aðeins í gagnið að unnt reyndist að afla til hennar gufu.“

Í öðrum stað í þessari skýrslu frá iðnrn. er fjallað um fjárhagslegan ávinning af frekari fjárfestingu við Kröflu, þ. á m. við boranir, og fjárhagslega áætlun tengda þeim fjárfestingum. Í svari við þessari spurningu er m. a. komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Verulegar líkur eru á því, að ef farið hefði verið að tillögum iðnrn. um boranir á árinu 1979, eins og rakið hefur verið hér að framan, hefði ekki þurft að koma til orkuskorts á s. l. vetri. Með áframhaldandi borunum á þessu ári eru einnig líkur á að draga megi úr rafmagnsskömmtun til orkufreks iðnaðar á næsta vetri. Miðað við sæmilegan árangur af borunum væri að þeim tvímælalaus fjárhagslegur ávinningur.“

Enn er í þessari skýrslu um það fjallað, hvort skynsamlegt gæti verið að flytja annan hverfilinn við Kröflu á Reykjanessvæðið. Í svari við þeirri spurningu segir rn. m. a., að úr núverandi óvissu fáist ekki skorið nema með frekari borunum, og jafnframt er frá því skýrt, að miðað við óbreytta þekkingu á jarðhitasvæðum á Reykjanesi sé talin hætta á að jarðhitasvæðið á Svartsengi mundi ekki þola það álag sem því fylgdi að hefja raforkuframleiðslu þar.

Ég taldi nauðsynlegt, eins og á stóð, að gera þessu máli allgóð skil, hvernig ástandið er þarna. Það liggur alveg ljóst fyrir og menn vita um það, að eins og nú standa sakir byggir raforkuframleiðslan á Kröflu aðeins á tveim holum. Ef önnur hvor þeirra stíflast eða bilar eða eyðileggst, þá dettur öll framleiðsla niður þarna, svo ótryggt er það. Jafnframt liggur það fyrir, að beðið er með að lagfæra slit á hverfli þangað til frekari orkuöflun verður komin á svæðinu. Vélasamstæðan er og hefur verið keyrð af mun lægra afli í mun lengri tíma en yfirleitt er talið eðlilegt. Þetta hefur orðið til þess að auka tæringu og slithraða í vélabún-

aðinum af straumtæknilegum ástæðum, segir í áliti um þessa virkjun.

Nú veit ég að hæstv. iðnrh. er jafnkunnugt um það og mér, að á það hefur verið lögð áhersla af aðstandendum Kröfluvirkjunar — og m. a. hefur Verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsens s/f mælt með því — að á þessu ári yrðu boraðar þrjár holur, tvær vinnsluholur og ein tilraunahola í suðurhlíðum Kröflu. Ég reyndi að kanna það mál í samvinnu við aðra þm. Norðurl. e., átti með þeim fund í dag og spurði þá að því, hvort þeir treystu sér til þsss að fá því framgengt, að um borun þriðju holunnar yrði að ræða á Kröflusvæðinu. Þeir töldu að hæstv. iðnrh. hefði ekki til þess svigrúm innan lánsfjáráætlunarinnar, og veldur það að vísu vonbrigðum, en við því er sem sagt ekkert að gera, þótt áhugi minn og ýmissa annarra standi til þess að standa nú einu sinni vel að verki við þessa virkjun. Hins vegar vil ég varpa þeirri fsp. til hæstv. iðnrh., hvort nokkur hætta gæti verið á því, að framkvæmdafé við Kröfluvirkjun verði svo skorið niður að ekki sé tryggt að þessar tvær holur verði boraðar eins og áætlað hefur verið.

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. iðnrh. að því, hvort hann hafi uppi einhverjar áætlanir eða einhverja vitneskju um það á þessari stundu, hvort einhver bor fáist í Eyjafjörð til þess að halda áfram borunum fyrir Hitaveitu Akureyrar, þó svo borinn, sem þar er nú, verði fluttur austur á Kröflusvæðið. Í þriðja lagi væri mjög gott að fá um það upplýsingar, hvort fyrirhugaðar jarðhitarannsóknir á Raufarhöfn nái fram að ganga.

Það var út af þessum málum sem ég óskaði eftir því að fá hæstv. iðnrh. hér í salinn til að varpa fram fsp. um þessi atriði. Ég vil jafnframt segja það, að það veldur mér vissulega vonbrigðum að honum skyldi ekki hafa auðnast að ná því fram að nægilega yrði borað við Kröflu eins og hans hugur stóð til. Ég veit að hæstv. menntmrh., sem kominn er í stólinn með honum, hefur stutt hann í því máli, en það hefur sem sagt strandað á einhverjum öðrum í ríkisstj. sem ég veit ekki hverjir eru. En hitt fullyrði ég, að ef til kasta Alþingis kæmi í þessu máli og menn yrðu frjálsir eða því, hvernig þeir höguðu sínu atkv., þá mundi ekki á því standa að sú heimild, sem þarna um ræðir, yrði veitt.

Um þá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem hér um ræðir, má annars margt segja til viðbótar því sem áður hefur komið fram, og kannske endurtaka sumt af því að gefnu tilefni. Ég vil t. d. út af þeim ummælum, sem af hálfu ríkisstj. hafa fallið í dag, aðeins vekja athygli á því, að það skýtur náttúrlega skökku við annars vegar að stórauka erlendar lántökur til orkuframkvæmda hér innanlands, en á hinn bóginn halda svo á verðlagsmálum að íslensk orkufyrirtæki, eins og t. a. m. Hitaveita Reykjavíkur, fái ekki að setja upp eðlilegt verð fyrir sína þjónustu. Við vitum það vel, að sú sterka uppbygging þessa fyrirtækis, sem hefur fært Reykvíkingum og nágrannabyggðarlögum ódýra orku um ár og áratugi, byggist fyrst og fremst á því, að fyrirtækið hefur verið nokkurn veginn sjálfrátt um það, lengi framan af a. m. k., hversu það háttaði sinni verðlagningu. Var upp úr því lagt að eigið fé fyrirtækisins fjármagnaði a. m. k. að verulegum hluta nýframkvæmdir þess. Nú hefur verið horfið frá þessari stefnu illu heilli. Ég heyrði það í einhverjum fjölmiðli haft eftir einum hæstv. ráðh., að hann taldi að það væri allt of dýrt fyrir þjóðarbúið að leyfa fyrirtæki eins og Hitaveitu Reykjavíkur að verðleggja sína þjónustu með eðlilegum hætti vegna þess að þetta fyrirtæki vægi svo þungt í vísitölunni. Nú er það náttúrlega alger misskilningur að hitunarkostnaður hjá launþegum falli aðeins til í Reykjavík. Auðvitað er þessi hitunarkostnaður miklu, miklu þungbærari og tilfinnanlegri úti um landið. Og með því að halda verðinu á þjónustu Hitaveitu Reykjavíkur svo mikið niðri er beinlínis verið að taka af launþegum um allt land réttmæta hækkun sem gert er ráð fyrir og er einn af hornsteinunum í því verðtryggingarkerfi sem verkalýðshreyfingin hefur samið um.

Ég vil sem sagt aðeins leggja áherslu á þetta, að um leið og nauðsynlegt er í sambandi við orkuvinnsluna að gefa heimildir til nauðsynlegrar lántöku erlendis til þess að standa undir þeim framkvæmdum sem á hverjum tíma sýnast hagkvæmar og nauðsynlegar, þá er ekki síður mikilsvert að verðlagningu á þessari orku verði stýrt þannig að fyrirtækin geti dafnað og þróast með eðlilegum hætti.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er nú orðið allfámennt hér í d., en engu að síður tel ég rétt að fram komi hér, áður en umr. lýkur, nokkur atriði sem ég tel nauðsynlegt að fram komi varðandi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980.

Í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er byggt á þjóðhagsspá, m. a. varðandi viðskiptakjör, og ég hlýt að tjá mig samþykkan því sem segir á bls. 6 í þessari áætlun, að sú spá sé reist á nokkurri bjartsýni.

Mikilvægur liður í viðskiptakjörunum er, eins og kunnugt er, olíuverð, og byggt er á olíuverði á síðari hluta árs líku því sem var samkv. Rotterdam-skráningu í apríl s. l., en hefur hækkað mjög verulega síðan. Það er erfitt að gera sér grein fyrir hver niðurstaðan verður að lokum varðandi olíuverð. Við höfum að vísu samið um kaup frá Bretlandi á nokkru magni af gasolíu, og þótt þar sé byggt á annarri verðviðmiðun er ekki líklegt að verðið verði að sinni mjög frábrugðið Rotterdam-verðlaginu, þannig að litlar líkur eru til þess að olíuverðið verði hagstæðara en þarna er gert ráð fyrir.

Þá er gert ráð fyrir að útflutningsverðið hækki líkt og á liðnu ári fyrir að útflutningsverðið hækki líkt og á liðnu ári eða um 8%. Það gæti vissulega farið á annan og verri veg. Að vísu segja menn að verðlag á Bandaríkjamarkaði geti hækkað og líkur séu jafnvel til þess vegna þess hvað verðbólga hefur vaxið þar og verð almennt hækkað í Bandaríkjunum. En því miður hefur borið á sölutregðu og birgðasöfnun í Bandaríkjunum á framleiðsluvöru okkar, frystum fiski, og upplýst er að saman dregur um verðlag á íslenskum frystum fiski og frystum fiski t. d. frá Kanada og öðrum samkeppnislöndum okkar. Sá munur, sem hefur verið talsverður á útflutningsverðlagi okkar og annarra keppinauta okkar, er að minnka og boðar því ekki nein góð tíðindi fyrir okkur. Við skulum samt sem áður vona að betur fari en á horfist og spáin, sem byggt er á í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, geti staðið. En hún er reist á nokkurri bjartsýni, eins og segir á bls. 6, það fer ekki á milli mála.

Þegar á þetta er litið, þá er athyglisverð sú spenna í opinberum framkvæmdum og útgjöldum sem spáin ber með sér. Á sama tíma og búist er við að þjóðarframleiðsla aukist um aðeins 1—2% og þjóðartekjur standi í stað í heild, en lækki um 1% á mann, er gert ráð fyrir að fjármunamyndun aukist um nær 7% og samneysla um

2%. Eins og kunnugt er er öll hækkun fjármunamyndunar í opinberum framkvæmdum, sem aukast um 21% að magni, en fjármunamyndun atvinnuveganna stendur í stað og fjármunamyndun í íbúðarhúsum er talin minnka um 3%. Það er auðvitað athyglisvert, að fjármunamyndun atvinnuveganna stendur í stað um leið og við erum að tala um nauðsyn aukinnar framleiðslu og framleiðni. Stöðvun fjármunamyndunar atvinnuveganna boðar ekki gott í þeim efnum út af fyrir sig. Þá skýtur það nokkuð skökku við yfirlýsingar stjórnarflokkanna um nauðsyn aukinna íbúðabygginga og stórorðar yfirlýsingar þeirra um að boðuð húsnæðislöggjöf ryðji braut auknum byggingarframkvæmdum, að á sama tíma skuli gert ráð fyrir samdrætti í íbúðarhúsabyggingum. En auðvitað er aðalatriðið í þessum efnum að aukin fjármunamyndun og aukin samneysla gerir það að verkum, að rúm fyrir einkaneyslu er ekki fyrir hendi og þar með er ekki unnt að bæta kjör launþega í landinu eða jafnvel að tryggja óbreyttan kaupmátt launa nema þá að stefna viðskiptajöfnuði landsmanna í stórfelldari halla en ráð er fyrir gert samkvæmt spá nú.

Það skal fram tekið, að 21% magnaukning opinberra framkvæmda er að miklu leyti í rafvirkjunum, rafveitum og hita- og vatnsveitum, og vonandi verða þessar framkvæmdir til þess að draga úr gjaldeyriseyðslu í framtíðinni, þótt þær kalli nú á auknar erlendar lántökur. En það verður þó að segja eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, hv. þm. Halldór Blöndal, að það skýtur skökku við að neita orkufyrirtækjum um nauðsynlegar verðhækkanir til þess að standa að einhverju eða öllu leyti undir framkvæmdum með innlendu fé og treysta í stað þess á erlendar lántökur sem þegar til lengdar lætur hljóta að hækka verðlag orkunnar til íslenskra neytenda meira en þyrfti.

Ég gat þess, að það er vissulega teflt í ógæfuátt að því er snertir stöðuna út á við. Halli á viðskiptajöfnuði getur orðið samkv. spánni um 16—20 milljarðar kr. og það þrátt fyrir að teflt er á tæpasta vað varðandi þorskveiðar og viðhald þorskstofnsins. Ég þarf ekki að rekja það, að samkomulag var um það meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi og sjútvrh., að því er kunngert var, að miða þorskafla við 350 þús. tonn þegar fiskifræðingar töldu óvarlegt að veiða meira en 300 þús. tonn, en nú sýnast allar spár byggja á 380—400 þús. tonna þorskafla. Í þessu efni er gefið eftir, látið undan síga, gengið á fjársjóði framtíðarinnar, eins og ég hef komist að orði. Og þrátt fyrir þennan mikla þorskafla, sem við vitum ekki hvaða geigvænlegu afleiðingar kunni að hafa í framtíðinni, jafnvel þegar á vetrarvertíð á næsta ári, er um vaxandi viðskiptahalla að ræða sem leiðir af sér auknar erlendar lántökur, þannig að greiðslubyrði af löngum erlendum lánum getur orðið á næsta ári 18—19% af útflutningstekjum. Við höfum hingað til talið of hátt að þessi greiðslubyrði nemi 13—14% af gjaldeyristekjum, og þess vegna er hér um mikið stökk að ræða þegar við nálgumst það að fimmta hver króna í gjaldeyristekjum fari til þess að greiða skuldir: afborganir og vexti.

En e. t. v. er áætlunin um verðlagsbreytingar gagnrýnisverðust við þjóðhagsspána. Sú áætlun byggist á því, að verðbreytingar frá maí til ágúst og ágúst til nóv. verði í samræmi við markmið ríkisstj., þ. e. 7% fyrra tímabilið og 5% hið síðara. Ef þetta rættist ættu verðbreytingar frá upphafi til loka árs að vera innan við 40%, en meðalhækkun á milli áranna 1979 og 1980 nálægt 50%. Þetta er að sjálfsögðu byggt á því, að engar grunnkaupshækkanir eigi sér stað, en gerir að auki ráð fyrir því, að sambandið milli fyrri launa og verðhækkana og síðari verðhækkana verði allt annað en það hefur verið. Það er m. ö. o. gert ráð fyrir að fyrirtæki og stofnanir, þ. á m. útflutningsaðilar, taki á sig allmiklu hærri hluta kostnaðarhækkana en verið hefur. Ekkert er á það minnst, hvaða dilk þetta muni draga á eftir sér, en um víðtækar afleiðingar á rekstrar- og lánsfjárþörf þessara aðila hlýtur að verða að ræða. Nú er það upplýst, að verðhækkanir verða langtum meiri, 13.2% hækkun á framfærsluvísitölu, eins og kunnugt er, og verðbætur á laun verða væntanlega 11.7%. Ef að líkum lætur hlýtur þetta að leiða til nýrrar fiskverðsákvörðunar, og ef að venju fer er fiskverðshækkunin ekki fjarri því sem verðbætur á laun reynast. Ef um það er að ræða munu kostnaðarliðir fiskvinnslunnar í landinu hækka um 11% hvað snertir 75% af rekstrargjöldum fiskvinnslunnar, en auðvitað koma til viðbótar hækkanir á fjórðung rekstrargjaldanna sem eftir er, ekki ósvipaðar þeirri hækkun sem fellur á 3/4 hlutana. Í kjölfar þessa er óhjákvæmilegt, ef ekki verður um stöðvun fiskvinnslu og fiskveiða að ræða, að hreyfing komist á gengið.

Núverandi stjórnvöld létu í það skína þegar þau tóku við, að óþarfi væri að hreyfa gengið frá því í byrjun febrúarmánaðar s. l. vegna afkomu fiskvinnslu eða fiskveiða. Þrátt fyrir digurbarkaleg ummæli hæstv. forsrh. um, að ekki yrði um neinar gengisbreytingar að ræða, og jafnvel enn ákveðnari yfirlýsingar af hálfu hæstv. viðskrh. hefur reynslan orðið sú, að yfirlýsingar þessara tveggja ráðh. hafa reynst dauðar og ómerkar. Þróunin hefur orðið sú, að gengissig hefur orðið með þeim hætti að gengið er nú um 12—15% lægra en var í byrjun febrúarmánaðar. Hæstv. viðskrh. orðaði það svo í upphafi, þegar um 3% gengisfellingu var að ræða, að þar væri um að ræða gengissig í einu stökki eða eitthvað á þá lund. Það liggur í augum uppi, að þessi verður þróunin á næsta þriggja mánaða tímabili ef svo heldur fram sem horfir, og það verður að teljast meira en lítill ábyrgðarhluti af hálfu Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka að láta slíkar áætlanir frá sér fara án frekari aths. en gerðar eru á bls. 7—8. Það sýnist vera samkv. fyrirskipun ríkisstj. að byggja á gerviforsendum um verðlagsbreytingar það sem eftir er ársins í stað þess að byggja á sjálfstæðum áætlunum og athugunum sem þessar stofnanir, Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki, eru skyldugar til þess að gera ef þeim á að treysta.

Þá er það ekki síður athyglisvert í sambandi við fjárfestingarlánasjóðina, að útlán þeirra eiga að aukast allmiklu hægar á árinu 1980, eða um 30%, heldur en á árinu 1979, þegar aukningin var um 50%, og 1978, þegar aukningin var 43%. Ég vík e. t. v. að því síðar, en af þessu má ljóst vera að gert er ráð fyrir að atvinnuvegirnir og atvinnufyrirtækin fái ekki samsvarandi aukningu í lánsfé frá fjárfestingarlánasjóðnum og verðbólguvöxturinn er talinn munu vera, jafnvel þótt byggt sé á hinum lágu tölum um vöxt verðbólgu sem þjóðhagsspáin byggir á og þegar er lýðum ljóst að er óraunhæf með öllu.

Í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun eru höfð allmörg orð um erfiðleika á öflun innlends lánsfjár. Engu að síður er gert ráð fyrir verulegri aukningu slíkrar fjáröflunar, úr 30.2 milljörðum kr. í 52.6 milljarða kr. eða um 74%. Hér er aðallega um að ræða hækkun verðbréfakaupa lífeyrissjóða um 9.1 milljarða kr., hækkun

lána innlánsstofnana 4.6 milljarða kr. og innheimt endurlánað spariskírteinafé umfram innlausn 6.1 milljarður kr. Ég skal ekki fjalla sérstaklega um verðbréfakaup lífeyrissjóða, það hefur verið gert ítarlega af hálfu annarra þm. sjálfstæðismanna. Ég vil aðeins undirstrika þá skoðun sem fram hefur komið í málflutningi þm. sjálfstæðismanna, að óhæfa er að taka af lífeyrissjóðunum rétt til þess að ráðstafa fjármagni þeirra. Það er eðlilegt að setja það skilyrði að ávöxtunin sé með viðunandi hætti í samræmi við hagsmuni lífeyrissjóðsfélaga, en umfram það er varasamt af hálfu hins opinbera að setja slíkum sjóðum skilyrði og ber vitni miðstýringu og samþjöppun valds og tilhneigingu til skömmtunarstjórnar sem víða kemur raunar fram í athöfnum núv. ríkisstj.

Erlend lánsfjáröflun vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða á að aukast úr 35.9 milljörðum í 55.3 milljarða eða um 54% og heildarupphæð erlendra lána, að einkaaðilum meðtöldum, úr 53.8 milljörðum í 85.6 milljarða eða um 59%. Þótt ósennilegt sé að erfiðleikar verði á að afla þessa lánsfjár erlendis er mjög varasamt að auka svo erlendar lántökur, og hef ég bent á þá auknu greiðslubyrði sem slíkum lántökum er samfara. Trúlegt er að það fjármagnsinnstreymi, sem um er að ræða, verði af þessum erlendu lántökum 30.4 milljarðar kr., og fer þá hluti þessarar upphæðar til að jafna hallann á viðskiptajöfnuði, hvort sem hann verður 20 milljarða kr. meiri eða minni, en afgangurinn bætist við gjaldeyrisforðann og mun því hafa áhrif á peningamagnið og verða þensluvaldur ásamt aukningu endurkaupa.

Í kaflanum um bankakerfið á bls. 20 segir að helstu forsendur fyrir áætlun peningamála 1980 séu ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl., nr. 13 frá 1979, um verðtryggingu sparifjár og stjórnarsáttmáli ríkisstj. um verulega hjöðnun verðbólgunnar á árinu. Með tilliti til þess, að þessi ákvæði laga um verðtryggingu sparifjár hafa aldrei verið framkvæmd nema að hluta og alls ekki á þessu ári og að fyrirætlanir um verðbólguhjöðnun eru ekki raunhæfari en kunnugt er, virðist þessi grunnur áætlunarinnar heldur veikur. Um framkvæmd vaxtastefnunnar er sagt á bls. 21 að nafnvextir vaxtaaukainnlána og útlána muni að líkindum haldast lítt breyttir á árinu, en gera verði ráð fyrir endurskoðun vaxta á öðrum tegundum innlána og útlána þannig að vaxtakerfið myndi skipulegri heild. Með lækkandi verðbólgu væri þannig stefnt að verðtryggingarmarki efnahagslaganna. Bætt er við að þetta mundi stuðla að auknum peningalegum sparnaði er að hluta til gæti gengið til fjármögnunar opinberra framkvæmda og sé ætlunin að semja við innlánsstofnanir um verðbréfakaup í þessu skyni.

Það, sem hér er átt við, hlýtur að vera með tilliti til þess, að verðbólguaukning verði um 40% yfir árið í heild, en þar sem vaxtaaukavextir séu þegar í kringum 40% sé ekki ástæða til breytinga þeirra vaxta. Á hinn bóginn sé brýn nauðsyn á hækkun vaxta til skemmri tíma, bæði innláns- og útlánavaxta, til meira samræmis við vaxtaaukavexti, ef hin tilætlaða aukning peningalegs sparnaðar eigi að nást.

Við þetta er það að athuga, að verðbólgan verður fyrirsjáanlega meira en 40%, þannig að vaxtaaukavextirnir eru miðað við verðbólguna of lágir ef hagsmunir spairfjáreigenda eru hafðir í huga. En það breytir ekki því, að það verði að minnka vaxtamuninn. Og sú samræming er ekki síður nauðsynleg til þess að kleift geti reynst að halda útlánum í skefjum.

Það er fróðlegt að gera sér grein fyrir hvað felst í þessari áætlun peningamála að því er innlánsstofnanir og viðskiptamenn þeirra snertir. Mér virðist það vera í stuttu máli þetta: Búist er við að heildarinnstæður aukist jafnmikið og verðbólgan eða um 40%, þ. e. 95 milljarða kr. Þetta er heldur meiri aukning samanborið við verðbólgustig en á árinu 1979, en þá var hún 59% samanborið við yfir 60% verðbólgu frá áramótum til áramóta. Af þessari upphæð eiga um 19 milljarðar að ganga til bindiskyldu og 4 milljarðar til að bæta lausafjárstöðu, en aðrir 4 milljarðar ganga til endurgreiðslu verðbréfa hjá Seðlabanka og annarra þátta. Eftir verða þá 68 milljarðar sem ganga til útlána, en þar af fara 6 milljarðar til langra lána til opinberra framkvæmda. Heildaraukning útlána til annarra þarfa yrði þá um 62 milljarðar kr. frá innlánsstofnunum og að auki um 15 milljarða kr. endurkaup Seðlabanka. Þetta er 34% aukning eða verulega minni aukning en nemur verðbólgustigi. M. ö. o. er ætlunin að atvinnulífið taki á sig mjög auknar byrðar síðari hluta ársins vegna aukins kostnaðar sem ekki fæst bættur með verðhækkunum eða gengissigi nema að hluta. Á sama tíma á innlánsstofnunum ekki að vera heimilt eða kleift að auka útlán til atvinnulífsins nema að marki sem er mun lægra en hækkun verðlags. Einnig má á það benda að nýju, að útlán fjárfestingarlánasjóða, sem einnig ganga til atvinnulífsins að miklu leyti, eiga einnig að aukast minna en svarar verðbreytingum eða um 30%, eins og ég hef þegar getið um. Hvernig á þetta að geta gerst án þess að til stórfelldra rekstrarörðugleika komi?

Það, sem ég hef nú rakið, er enn þá ljósara ef litið er á þróun peningamála fyrstu þrjá mánuði ársins 1980, frá janúarbyrjun til marsloka, og hún borin saman við lánsfjáráætlun fyrir allt árið. Þegar þessar hreyfingar eru skoðaðar hefur lausafjárstaða innlánsstofnana versnað á þrem fyrstu mánuðum þessa árs um 16 milljarða kr. Á sömu mánuðum í fyrra versnaði hún um 500 millj. kr. Mér er tjáð að lausafjárstaðan hafi batnað örlítið í aprílmánuði, einkum vegna aukningar veltiinnlána, en sé aftur á móti mjög neikvæð nú í maímánuði, og sígi þá áfram á ógæfuhliðina. En þegar lausafjárstaða innlánsstofnananna hefur versnað um 16 milljarða fyrstu þrjá mánuði ársins, þá er gert ráð fyrir að hún batni á öllu árinu um 4 milljarða. Heildarinnstæður fyrstu þrjá mánuði ársins hafa hækkað um 19—19.1 milljarð kr., en hækkuðu á sama tíma í fyrra um 19.9 milljarða kr. Heildarinnstæður hafa aukist minna að krónutölu í ár en í fyrra, og þegar á það er litið, að innstæðurnar jukust um tæplega 60% á síðasta ári, þá sést að hlutfallslega er hér um ákaflega mikla minnkun sparifjármyndunar í landinu að ræða.

Útlánin hafa aukist fyrstu þrjá mánuðina um tæpa 40 milljarða, en jukust í fyrra um tæpa 18 milljarða. Gert er ráð fyrir að útlánin aukist á öllu árinu um 83 milljarða, þ. e. útlánsaukningin fyrstu þrjá mánuðina nemur nær helmingi útlánaaukningar sem ráðgerð er á öllu árinu. Og þessi munur er enn þá skýrari þegar um útlán er að ræða að frádreginni endursölu. Það er því ljóst að þróun peningamála hefur verið afar óhagstæð fyrstu þrjá mánuði ársins og útlánaaukningin aftur á móti orðið mjög mikil. Afleiðingin er sú, að lausafjárstaða innlánsstofnana hefur versnað og er neikvæð um 3 milljaðra, en hafði verið jákvæð um 13 milljarða á sama tíma í fyrra.

Vissulega er þarna að hluta til nokkur skýring að útflutningstekjur eru seinna á ferðinni en á s. l. ári og árstíðasveifla til batnaðar e. t. v. nokkru seinna á ferðinni. Eins og ég gat um áðan hefur þessi árstíðarsveifla aðeins batnað í apríl, en sigið aftur á ógæfuhliðina í maí. En þessi skýring um árstíðasveiflur er aðeins hluti myndarinnar. Aðalatriðið er það annars vegar, að peningalegur sparnaður er minni vegna þess að verðbólgueftirvænting er föst í sessi og vextir neikvæðari en oftast áður. Hins vegar er skýringin sú, að peningaleg eftirspurn er mikil bæði vegna lágra raunvaxta og verðbólgueftirvæntingar og vegna erfiðrar afkomu atvinnulífsins. Svo framarlega sem ekki verður grundvallarbreyting á þessum atriðum hlýtur þessi þróun að halda áfram. Hlýtur þá að koma að því fyrr eða seinna á árinu, að innlánsstofnanir verði bókstaflega að loka fyrir útlán á sama tíma og þörf atvinnulífsins fyrir lánsfé fer vaxandi vegna aðgerða stjórnvalda.

Herra forseti. Þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ber skýrt vitni þeirri stefnu hæstv. ríkisstj. að auka ríkisumsvifin og takmarka að sama skapi skilyrði og möguleika einstaklinga og fyrirtækja til framtaks og athafna í þeim atvinnurekstri sem þó hlýtur að vera grundvöllur verðmætasköpunar í þjóðfélaginu, grundvöllur þess að við getum horft til betri tíma. Bæði fjárlög og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun bera því vitni, að á vandamálin hefur ekki verið litið af raunsæi og áfram er stefnt í óefni. Myndun núv. ríkisstj. fól í sér undanhald frá aðsteðjandi vanda, frestun á því að horfast í augu við ófrávíkjanlegar staðreyndir. Það skiptir nú enn meira máli en áður að undanhaldinu ljúki, að tekist sé á við vandann af fullri einurð, ef unnt á að vera að reisa efnahag landsins á traustum grunni og bæta lífskjör og efla velferð um langan tíma séð. En þetta gerist ekki undir forustu þessarar ríkisstj. né þeirra flokka er að henni standa.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég kem hér aðeins vegna þess að óskað var svara við tilteknum fsp. frá hv. þm. Halldóri Blöndal, fyrst og fremst varðandi Kröfluvirkjun. Hann spurði hvort því mætti treysta, að fyrir það fjármagn, sem gert er ráð fyrir á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í ár, verði hægt að framkvæma þá fyrirætlan að bora og koma í gagnið tveimur holum fyrir Kröfluvirkjun miðað við að þær lukkist og séu virkjanlegar. Sú áætlun, sem samþykkt var af ríkisstj. og gerði ráð fyrir 1750 millj. kr., miðaðist við þetta markmið. Sú skerðing, sem gerð var á þessari upphæð eins og öðrum upphæðum lánsfjármagns til framkvæmda, setur þetta e. t. v. í einhverja tvísýnu, en ég vona að það takist þó með einhverjum hætti að tryggja að um tengingu á þessum holum verði að ræða, miðað við að árangur náist. Ég mun a. m. k. vinna að því. Í frumtillögum iðnrn. vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar var óskað eftir fjármagni til þess að hægt væri að bora þrjár holur fyrir Kröfluvirkjun í ár og tengja tvær, og var sú upphæð talin 2 350 millj. kr., en eins og varðandi fleiri mjög æskilegar og raunar brýnar framkvæmdir í raforkumálum var vegna annarra sjónarmiða, heildarsjónarmiða varðandi erlendar lántökur, ekki orðið við þessu til fulls, svo að þessi varð niðurstaðan.

Þá spurði hv. þm. hvort jarðbor yrði tiltækur fyrir Hitaveitu Akureyrar vegna þess að bor, sem þar var að störfum, var lánaður til Kröfluvirkjunar fyrir skömmu eða þangað fluttur, — bor sem raunar er í eigu jarðborana ríkisins og ráðstafað af Jarðborunum, en hafði verið að verki fyrir Hitaveitu Akureyrar um hríð. Ég veit ekki annað en þetta hafi verið gert í fullu samráði við stjórn Hitaveitu Akureyrar og að von sé til þess, að tæki þetta komi til baka áður en mjög langt um líður. Það eru að vísu margir sem vilja fá borað um þessar mundir, m. a. fékk ég tilmæli um það frá einum þm. Norðurlandskjördæmis eystra að athuga hvort bor þessi gæti haft viðkomu í Aðaldal og gripið þar í verk fyrir bændur sem óska eftir jarðborun, en ég hygg að við því sé ekki hægt að verða að þessu sinni og hann hverfi til baka til Eyjafjarðar eftir viðgerðir á holum fyrir Kröfluvirkjun, þar sem hann er nú kominn eða á leiðinni til verka.

Það mætti ýmislegt segja um Jarðboranir ríkisins og þau verkefni sem þar liggja fyrir, en ég ætla ekki að lengja hér umræðuna með því.

Þá spurði hv. þm. Halldór Blöndal hvort vænta mætti þess, að borað yrði við Raufarhöfn á Melrakkasléttu, en þar hefur verið óskað eftir borun á rannsóknarholu til að kanna hugsanlega hitaveitumöguleika fyrir Raufarhöfn. Iðnrn. hefur tekið jákvætt undir erindi sveitarstjórnar þar að lútandi, og svo vill til að nú fyrir fáum dögum var ég að kynna mér stöðu þessa máls. Nokkur tvísýna er um þetta vegna þess að ekki fékkst á þessu sviði eins og á ýmsum fleiri sú fjárveiting sem við í iðnrn. töldum æskilegt að fá til jarðhitaleitar, en þrátt fyrir þröngan hag mun ég kanna nú alveg á næstunni hvort ekki verði hægt að koma þessu verki að fyrir þá Raufarhafnarbúa vegna þess að þeim hafði verið gefið vilyrði um slíkt. Ég tel eðlilegt að eitthvað af því fjármagni, sem til jarðhitaleitar er varið, gangi til verkefna af þessu tagi, þótt ekki séu taldar líkur á að það skili vinnsluhæfum jarðvarma í upphafi. Hér er um að ræða framkvæmd sem kostar 35 millj. kr. samkv. upplýsingum sem ég hef fengið frá Orkustofnun.

Ég vil svo aðeins segja það vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið í umræðum, bæði hjá hv. þm. Halldóri Blöndal og hv. síðasta ræðumanni og fleiri aðilum sem hafa hér rætt um gjaldskrár orkufyrirtækja, að ég get á marga lund tekið undir þau viðhorf sem þar hafa komið fram, að það er mjög erfitt að standa milli steins og sleggju eins og stjórnvöld gera. Það er ekki nýtt fyrirbæri nú í sambandi við ákvarðanir að þessu leyti, og ég tel að það sé æskileg stefna að verðleggja orku þannig að um eiginfjármyndun sé að ræða hjá fyrirtækjum og þau geti lagt fram í sínar framkvæmdir af eigin fé og orka sé verðlögð með skynsamlegum hætti. En allir vita um ástæðurnar fyrir því, að menn reyna þarna að feta, má kannske segja, bil beggja milli hömlunarsjónarmiða gegn verðhækkunum og hins að þrengja ekki svo kosti þessara fyrirtækja að þau verði óstarfhæf. Menn getur eflaust greint á um hvar meðalhófið liggi, og ég tel að það væri mjög æskilegt að ná samkomulagi um breytingar á mati á áhrifum af slíkum hækkunum á verðbótavísitölu. Ég tel að það sé réttmætt að þreifa á slíku og leita möguleika á samstöðu um að fá þar fram breytingu frá núverandi horfi, því ég tel það ekki almenningi til sérstaks framdráttar að viðhalda kerfi sem setur þjónustufyrirtæki af þessu tagi sí og æ í erfiðleika. Ég tel það út af fyrir sig ekki gagnlegt að vera að metast á um það milli ríkisstjórna um þessi efni. Ég hygg að þeir, sem nú eru í stjórnarandstöðu og hafa haldið um stjórnvöl áður, minnist þess, að þeir hafi verið í svipuðum sporum og stjórnvöld nú hvað þetta snertir. Ég ætla ekki að fara að

rekja þar einstök dæmi, en ég hygg að hv. þm. Geir Hallgrímsson muni eftir stöðunni 1977 og 1978 að þessu leyti. Þá var gengið nær t. d. Landsvirkjun í sambandi við verðlagningu heldur en gert hefur verið á undanförnum misserum að mínu mati. Þetta vildi ég að fram kæmi sem viðhorf af minni hálfu í sambandi við þetta efni.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er góðra gjalda vert af hæstv. iðnrh. að viðurkenna þau rök sem við höfum flutt hér varðandi nauðsyn þess að vel sé að orkufyrirtækjum búið og nauðsynlegt sé að þau geti af eigin fé lagt fram verulegan hluta af kostnaði nýframkvæmda. Þetta markmið hefur verið hjá Hitaveitu Reykjavíkur yfirleitt, að hún legði af eigin fé algjörlega og úr eigin sjóði það sem til þyrfti í nýframkvæmdir. Ástæðan til þess er m. a. sú, að nýframkvæmdaþörf fyrirtækis eins og Hitaveitu Reykjavíkur er svo mikil að það er skammgóður vermir að fjármagna slíkar framkvæmdir með lánsfé. Lánsféð vefur upp á sig vöxtum og kostnaði, þannig að fljótlega kemur í ljós að hækka þarf verð heita vatnsins meira, ef nýframkvæmdir eru fjármagnaðar með lánsfé, heldur en ef þær eru fjármagnaðar af eigin fé. Þegar af þessari ástæðu er það óráð af hálfu stjórnvalda að leyfa ekki eðlilegar og sjálfsagðar hækkanir sem fullnægja þessu skilyrði, að nýframkvæmdir séu kostaðar af eigin fé, jafnvel þótt litið sé á áhrif slíkra verðhækkana á verðbætur á laun og þar með kostnaðarhækkun atvinnuveganna í landinu eða hækkun á útgjöldum ríkis og opinberra aðila, vegna þess að þessar hækkanir og þar með hækkanir á verðbótavísitölu verða þó lægri ef framkvæmdir fyrirtækis eins og hitaveitu eru kostaðir af eigin fé, þannig að jafnvel að óbreyttu fyrirkomulagi verðbóta á laun er stefna stjórnvalda, sem nú hefur verið uppi og í framkvæmd, óráð.

Það verður að segja hæstv. iðnrh. til hróss, að hann hefur öðrum ráðh. fremur skilið þetta og beitti sér fyrir, að því er mér er tjáð, að betur yrði tekið í verðhækkunarbeiðni Hitaveitu Reykjavíkur en raun varð á. Í fyrstu umferð mun hann eða rn. hans hafa lagt til að 40% verðhækkun væri heimiluð, miðað við 58% beiðni, en ríkisstj. féllst ekki á þessa till. hæstv. iðnrh. illu heilli. Það er honum vissulega einnig til hróss, að hann gafst ekki upp við svo búið, heldur reyndi aftur, gerði till. um 20% hækkun, en starfsbræður hans í ríkisstj. forsmáðu þessa till. hæstv. iðnrh. einnig og samþykktu aðeins 10% hækkun hitaveitugjalda. Þetta á eftir að hefna sín illilega og er algjört öfugstreymi og öfugþróun og snýr þvert við því er menn hafa viljað vera láta af hálfu ríkisstj. að væri stefna hennar í orkumálum.

Ég kemst ekki hjá því heldur að gera aths. við orð hæstv. iðnrh. hér áðan þar sem hann taldi að núv. ríkisstj. hefði gert betur við Landsvirkjun en t. d. ríkisstj. 1974—1978. Því fer fjarri. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að hvorki Landsvirkjun né Hitaveita Reykjavíkur fékk á þeim árum öllum óskum sínum fullnægt. Og ég verð að segja það eins og er, að það hefði betur verið tekið liðlegar í þær málaleitanir á þeim árum, einnig þessara fyrirtækja. En hitt er alveg ljóst, að Landsvirkjun var á þeim árum ekki rekin beinlínis með halla. Á síðustu tveimur árum skilst mér að Landsvirkjun hafi í raun verið rekin með milljarða kr. halla og það valdi því, að það sé ekki nándar nærri hægt að standa við það að Landsvirkjun leggi 27—30% fram af því fjármagni sem nauðsynlegt er til nýframkvæmda úr eigin sjóði, heldur geti Landsvirkjun nú ekki lagt eina krónu fram til nýframkvæmda úr eigin sjóði. Og það getur farið svo, að slíkt fyrirtæki, slíkt þjóðþrifafyrirtæki þurfi að taka lán til þess jafnvel að standa undir rekstrarkostnaði, þar með auðvitað taldar afskriftir. Þetta er óheillaþróun. Í þessu felst að menn horfast ekki í augu við raunveruleika og staðreyndir. Og það eru því miður fleiri dæmi um það af hálfu núv. hæstv. ríkisstj., að hún stingur höfðinu í sandinn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 542 felld með 20:7 atkv.
Brtt. 562,1 felld með 18:11 atkv.
Brtt. 535,1 (ný 3. gr.) samþ. með 19:7 atkv.
4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 602 tekin aftur til 3. umr.
5.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 585 tekin aftur til 3. umr.
9.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 562,2 felld með 17:17 atkv.
13.—17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 535,2 (ný 18. gr.) samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 562,3 felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG, ÁG, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, SigurlB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SteinG, SvH.

nei: ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, SkA, SV, SBó, SvG.

4 þm. (AG, BGr, GGÞ, RA) fjarstaddir.

19. gr. samþ. með 20:1 atkv.
20. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 562,4 felld með 18:17 atkv.
21. gr. samþ. með 20:3 atkv.
Brtt. 562,5 felld með 20:14 atkv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég er að vísu haltur á öðrum fæti, en því lofa ég ákveðnum þm., sem hefur haldið því fram að hér sé hægt að halda uppi málþófi ef maður er sterkur í fótum og með heila blöðru, að ég er ekki með blöðrubólgu. En ég hef tekið eftir því, herra forseti, að sessunautur minn, hv. þm. Páll Pétursson, greiðir ætíð atkv. með vinstri hendi, en samkv. þingsköpum á maður að gera það með hægri hendi, nema maður sýni fram á að sú hægri sé ónýt. Ég vil þá annaðhvort sjá læknisvottorð eða þá að endurtekin verði atkvgr. sem síðast fór fram. (**Forseti:** Vinstri hönd hv. þm. er hans hægri.)

22. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 562,6 felld með 20:17 atkv.
23. gr. samþ. með 20:3 atkv.
24.—27. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 535,3 (ný gr., verður 28. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
28. gr. (verður 29. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 470, n. 559). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. 1. flm. þess frv., sem hér um ræðir, var hv. þm. Kjartan Jóhannsson. Málið er þannig til komið, að það þótti nokkur vafi á því, hvort vextir af sparifé kæmu til með að skerða svokallaða tekjutryggingu. Sá kvittur kom upp í blöðum — og Tryggingastofnunin tók á nokkurn hátt undir það — að framtalsskylda af sparifé í nýsettum skattalögum yrði þess valdandi að tekjutryggingin mundi skerðast. Þetta var alrangt. Það varð engin breyting í þessum efnum við setningu nýrra skattalaga. Sá orðrómur, sem þarna kom upp og var að nokkru leyti staðfestur af eða a. m. k. ekki dreginn til baka af Tryggingastofnuninni, var þess eðlis að hann var til þess fallinn að vekja tortryggni hjá gömlu fólki.

Þetta frv. er að því leyti til óþarft, að ég tel að þessir vextir eigi ekki að skerða tekjutrygginguna. Hitt er svo annað mál, að það er út af fyrir sig rétt að taka þarna af allan vafa svo að hér sé ekki um misskilning að ræða og ekki komi upp slíkur draugur sem kom hér upp á s. l. vetri. Sú breyting var gerð á frv. í meðferð Ed., að allar vaxtatekjur eru undanskildar og hafa ekki áhrif á fjárhæð tekjutryggingar.

Ég tel út af fyrir sig rétt að gera þessa breytingu, að engar vaxtatekjur hafi áhrif á tekjutryggingu gamla fólksins, vegna þess að þessir vextir eru í flestum eða öllum tilfellum ekki tekjur, heldur aðeins gjald fyrir verðrýrnun þeirra peninga sem það hefur áunnið sér. Hitt er svo annað mál, og það vil ég taka skýrt fram fyrir hönd n., að það er fyllilega ástæða til að taka þessi mál til endurskoðunar á þann hátt að ekki sé aðeins miðað við tekjur manna af þessu tilefni, heldur einnig tekið ákveðið tillit til eigna þessa fólks, því að ástæðan fyrir þessari tekjutryggingu er að sjálfsögðu fyrst og fremst sú að hjálpa þar sem þörfin er mest, að hjálpa því fólki sem þarf fyrst og fremst á þessu að halda. Þess vegna er full ástæða til þess að taka þetta til endurskoðunar.

Það var m. a. upplýst hjá okkur í n., að Tryggingastofnunin tæki í þessu sambandi tillit til vaxtatekna af skuldabréfum, en ekki vaxtatekna af sparifé, þannig að ef gamall maður hefur selt sína íbúð og fengið skuldabréf með 15 eða 20% vöxtum, þá fer tekjutryggingin hans allt í einu að skerðast, en ef hann hefði átt þessa íbúð áfram hefði svo ekki verið. Ég tel að þessar reglur séu þess eðlis að þær þurfi endurskoðunar við, eins og margt annað sem í þessu kerfi er og í þessari stofnun fer fram og hlýtur að þurfa að taka til endurskoðunar á hverjum tíma. Og ég vil leggja áherslu á það fyrir hönd n., að svo verði gert. En með tilliti til þessara orða minna leggjum við einróma til að frv. verði samþ.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil af þessu tilefni aðeins ítreka það sem ég hef áður sagt, að hnýsni hins opinbera í sambandi við það, hvort gamalt fólk eigi nokkrar krónur inni á bók, er með öllu óþolandi, á sama tíma og hið opinbera getur ekki búið þessum þegnum þau kjör fyrir sitt sparifé að þeir geti látið það í þá ríkisbanka, sem hér eru reknir, og síðan tekið sama verðmæti út einu eða tveim árum síðar, þá skuli þessir sömu herrar búa þannig að þessu fólki, setja ströng lög og skilmála um það, að hver einasti eyrir skuli talinn fram, og skattleggja þetta fé undir vissum kringumstæðum. Að sjálfsögðu er þetta algjörlega óviðunandi og nauðsynlegt að taka það aftur upp á nýju þingi, hversu hægt sé að koma til móts við þetta fólk sem á sparifé inni í bönkum landsins. Ég tel að þetta séu félagslegar umbætur sem nauðsynlegt sé að hyggja vel að og m. a. einn liðurinn í því að örva sparifjármyndunina í landinu.

Ég vil svo að öðru leyti taka undir það, að að mörgu leyti er það mjög tilviljanakennt og ég vil segja fálmkennt, með hvaða hætti komið er til móts við aldrað fólk og öryrkja í þessu þjóðfélagi, hvernig þetta tryggingakerfi er allt saman byggt upp. Og ég verð að segja það einnig, að það er nokkurn veginn óhjákvæmilegt, held ég, eins og verðbólgan er orðin, eins mikið og stjórnleysið er í þessu þjóðfélagi, jafnóviss og framtíðin er, að hinir öldruðu geti búið við verðtryggða lífeyrissjóði, ekki síst eftir að hið opinbera er farið að fálma eins djúpt ofan í lífeyrissjóðina og raun ber vitni. Þetta er nú að verða eitt mesta réttindamál og réttlætismál í þjóðfélaginu, að tryggja nokkurn veginn að hinir öldruðu geti verið áhyggjulausir í sínu lífi. Og ég vil aðeins minna á það, að Sjálfstfl. hefur haft alla forustu í því að reyna að koma þarna lagfæringum og leiðréttingum við, en það hefur staðið í þeim efnum á vinstri flokkunum, þessum félagsmálaflokkum sem ekki hafa lagt neitt raunhæft til þessara mála og ekki hafa fengist til þess að ræða þetta mál á raunhæfum grundvelli.

Sem sagt, kjarni málsins, sem ég vildi koma hér að, er í fyrsta lagi sá, að með öllu er óþolandi þessi hnýsni hins opinbera, þó maður eigi nokkrar krónur inni á bók, á sama tíma og þannig er búið að þessu fólki að það getur ekki verið visst um að ná sömu verðmætum aftur út úr bankanum og það lagði inn. Og í öðru lagi þetta, að það, sem kallað er samhjálp við aldraða og öryrkja, er afskaplega tilviljanakennt, ósamkvæmt, og ef einhver slíkur aldraður maður eða kona kemst yfir eitthvert ákveðið mark, sem miðað er við í þessum efnum, getur hann eða hún farið á mis við margvísleg fríðindi. Ég veit dæmi þess, að einstæðingar hér í borginni, aldrað fólk, það hefur afþakkað með öllu aðstoð frá þessu félagsmálakerfi, sem við höfum verið að byggja upp, vegna þess hversu ósmekklega er að því staðið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 414). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 615).

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 482, n. 568, 524). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. Nd. hafði með að gera frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 30.

maí 1979, um aðstoð við þroskahefta. Nefndin hefur fjallað um frv., en tilgangur þess er að ákveða í lögum að heimili sjálfseignarstofnana og vistheimili fyrir vangefna svo og aðrir aðilar, er vinna að málefnum þroskaheftra, fái rétt til fjárveitinga úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra. Með þessari breytingu á lögunum er sá skilningur staðfestur, að allir þessir aðilar falli undir Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra. Við afgreiðslu fjárlaga 1980 kom raunar fram þessi skilningur fjvn.

Félmn. Nd. leggur til að frv. verði samþykkt og leggur áherslu á að fjárlaga- og hagsýslustofnun taki tillit til þessarar aukningar á verkefni Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra við fjárlagagerð fyrir árið 1981. Jafnframt vill n. láta koma fram þá samhljóða skoðun, að við fjárlagagerð 1981 eigi að ná fram verðtryggingu á framlagi til sjóðsins í samræmi við 25. gr. lagana.

Nefndin boðaði á sinn fund formann Landssambands þroskaheftra og varaformann, og staðfestu þeir að það væri rétt stefna, að öll uppbyggingarstarfsemi á þessu sviði falli undir Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra, eins og að er stefnt með heildarlöggjöf um aðstoð við þroskahefta sem samþykkt var og staðfest 30. maí 1979, en lögðu á það áherslu, að tryggja þyrfti að fjármagn verði veitt samkv. tilgangi laganna.

Það mætti halda langa tölu um þetta málefni og hefur raunar verið gert áður, en eins og allir hv. alþm. vita er það ákaflega þýðingarmikið atriði, að nást skyldi fram hér á hv. Alþingi heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra í landinu. Og þó að e. t. v. megi segja að ekki hafi verið staðið við það, sem raunar var gert ráð fyrir við lagasetninguna, að sameina þessi málefni öll undir eina stofnun þannig að það lægi skýrt fyrir við fjárlagagerð fyrir yfirstandandi ár að fjármagn yrði tryggt til þess að ná fram lágmarksmarkmiðum á þessu sviði, þá er hér til heildarlöggjöf sem hlýtur að auðvelda það, að því markmiði verði náð að afla þess fjármagns sem til þessa verkefnis þarf.

Ég vil, herra forseti, vænta þess fyrir hönd n., að þetta frv. verði að lögum, til þess að hægt sé á þessu ári að koma til móts við þær stofnanir sem hér er átt við.

Einn nm., Jóhanna Sigurðardóttir, hv. 10. landsk., skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Nál. á þskj. 568. felur í sér afstöðu hv. félmn., sem auðvitað er góðra gjalda verð og nokkurs virði að fram komi, enda felast í henni undirtektir við orð mín við fjárlagaafgreiðslu varðandi þá sjóði öryrkja, sem skertir voru við fjárlagaafgreiðsluna, og eins undirtektir við skoðun mína þegar ég mælti fyrir brtt. við frv. við 1. umr. um þetta mál. Fyrir mér er það ekki nægjanlegt að slíkt liggi fyrir í nál., miðað við fyrri reynslu af þessum málum og því fjármagni sem til þeirra hefur runnið, og því legg ég áherslu á að brtt. mín á þskj. 524 verði samþykkt, sem ég flyt ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, þannig að trygging fáist fyrir því að a. m. k. 225 millj. kr. viðbótarfjármagn verði veitt til þessara mála á næsta ári, eins og þar kemur fram.

Hv. þm. Alexander Stefánsson sagði að fulltrúar þroskaheftra, sem hefðu komið á fund n., hefðu verið meðmæltir þessu frv., enda var náttúrlega ekki annað hægt vegna þess að við afgreiðslu fjárlaga féll niður sá sjóður sem hefur staðið undir þessum verkefnum, og ef þetta frv. kæmi ekki til eða þessi breyting, sem það felur í sér, stæðu vistheimili eða sjálfseignarstofnanir þroskaheftra uppi þetta árið án fjármagns. En þessir fulltrúar, sem komu á fundinn, lögðu jafnframt til og lögðu áherslu á að samhliða þessu frv. yrði samþ. sú brtt. sem ég hef flutt á þskj. 524. — Þetta vildi ég láta koma fram.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ætli hæstv. fjmrh. sé farinn úr húsinu? Ég veit ekki nema það væri kannske möguleiki að annar hvor hinna hæstv. ráðherra gæti þá hlaupið undir bagga, en þannig stóð á fyrir einu ári, að sú ríkisstj. sem þá sat — (**Forseti:** Vill starfsmaður gera athugun á því, hvort fjmrh. er nærhendis, og biðja hann að gjöra svo vel að koma og hlýða á mál hv. skrifara deildarinnar?) Sú ríkisstj., sem þá sat, ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, hóf miklar sparnaðaraðgerðir í sambandi við ríkisrekstur inn og komst að þeirri niðurstöðu, að það væri helst vænlegt til árangurs að skera niður rekstrarfé að sumarlagi hjá þeim stofnunum sem hér um ræðir, stofnunum fyrir þroskaheft fólk. M. a. fengu foreldrar eða aðstandendur slíks fólks bréf um það, að þessum stofnunum yrði lokað í einn mánuð á s. l. sumri.

Hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, gerði þá fsp. til þeirrar ríkisstj., sem þá sat, um þessi mál, og þá var því heitið, að nægilegt fjármagn yrði útvegað til þess að full starfsemi gæti orðið á þessum stofnunum á s. l. sumri. Nú er mér kunnugt um að við þetta var ekki staðið, rekstrarfjármagnið var skorið við nögl þó það hafi ekki verið skorið niður svo mikið sem í upphafi var ráðgert, og hef ég af því sannar spurnir frá því hjúkrunarfólki sem á slíkum stofnunum vinnur.

Nú vil ég spyrja hæstv. ríkisstj. að því, hvort sami háttur verði á hafður nú í sumar, að byrja sparnaðinn á þessu fólki, eða hvort við því megi búast, að stofnanir fyrir þroskaheft fólk geti starfað með eðlilegum hætti nú í sumar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal hafa mitt mál örstutt. Ég vil aðeins, eins og aðrir þeir sem hér hafa talað og sæti eiga í þessari hv. n., lýsa því yfir að ég styð þessa till., en verð jafnframt að láta það koma fram, að þetta mál er þannig vaxið að í raun er verið að mínu áliti að bjarga hæstv. ríkisstj. frá því sem skeði þegar fjárlög voru lögð fram, en þá kom óvænt í ljós skilningur hæstv. fjmrh., reyndar þriggja sem lögðu fram hver sitt fjárlagafrv., að þeir skýrðu lögin með þeim hætti sem kom síðar í ljós að ekki stenst.

Í fjárlagafrv., sem lagt var til grundvallar að síðustu, segir svo um Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra, með leyfi forseta:

„Með lögum nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, var stofnaður Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félmrn. Tekjur sjóðsins eru m. a. árlegt framlag ríkissjóðs, a. m. k. einn milljarður, og skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni. Framlag ríkissjóðs samkv. frv. er 1 milljarður og 20 millj. og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðrar verðlagshækkunar á árinu 1980 og 15% skerðingar."

Hér geri ég hlé á lestrinum til þess að benda á að í raun var lögð til grundvallar vísitala sem fjvn. — eða a. m. k. hluti hennar — taldi ranga viðmiðun, því það var tekið mið af 1. des. í stað þess að miða við þann tíma þegar frv.

var samþykkt, á miðju ári, auk þess sem þessi sjóður sætti skerðingu eins og aðrir sjóðir, og við því er kannske minna að segja. Áfram segir síðan:

„Hlutverk sjóðsins er að fjármagna ýmsar framkvæmdir til styrktar á aðstöðu og búnaði stofnana er sinna málefnum öryrkja og þroskaheftra. Frv. þetta miðast því við það að nokkur framlög falli niður sem hafa verið færð undir félmrn. og menntmrn., þ. e. til Styrktarsjóðs fatlaðra, til Styrktarsjóðs vangefinna, til byggingar skóla fyrir þroskahömluð börn, byggingarstyrkur til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, og stofnkostnaður á liðnum Stofnanir afbrigðilegra barna."

Þannig lá þetta fyrir, og það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að þetta kom mörgum aðilum á óvart og í opna skjöldu, einkum þeim sem töldu sig með samþykkt laganna á næstliðnu þingi vera að gera stórar bætur á stöðu þeirra sem hér eiga hlut að máli. Með þessum brtt. er verið að bjarga þessu máli í höfn. Það var, eins og kom fram hjá hv. frsm., haft samband við landssamtökin og menn féllust á þessa lausn, en það er alveg ljóst, að ef standa á við það sem ég held að hv. Alþ. hafi ætlast til á sínum tíma, þá verður að sjálfsögðu að samþykkja jafnframt þá till. sem liggur fyrir frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna Gunnarssyni.

Ég minni á það í þessu sambandi, að það var sérstakt áhugamál nokkurra þingmanna Sjálfstfl. á þingi, sem kom þessu máli til hjálpar á sínum tíma. Þeir menn eru nú í þeim áhrifastöðum að það er hægur vandi að koma þessu máli áleiðis. Tel ég þar auðvitað fremstan í flokki hæstv. forsrh. sem ávallt hefur staðið við orð sín.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 524 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 16:15 atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 599 (sbr. 420)). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 32 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og ljóslega hefur komið fram í atkvgr. nú undanfarið hafa stjórnarandstæðingar hvað eftir annað þurft að hlaupa undir baggana með hæstv. ríkisstj. til þess að hún geti komið málum hér fram. Þrátt fyrir það að hæstv. ríkisstj. hafi lagt slíka áherslu á að hafa fundi hér á Alþingi að brátt sé liðið á þriðja tíma nætur og fyrirhugað að halda áfram, þá hefur mæting stjórnarliða hér í þinginu nú í kvöld verið slík, að jafnvel hæstv. fjmrh. hefur verið fjarverandi meginhluta atkvgr. um frv. til lánsfjárlaga.

Ég held að hæstv. forseti og ríkisstj. verði að taka tillit til þrenns í þessu sambandi: 1) Við erum búin að sitja hér á löngum fundum núna dag eftir dag fram á miðjar nætur. 2) Það er alveg ljóst að þinglausnir geta ekki farið fram og munu ekki fara fram fyrir hvítasunnu, þannig að fundir verða örugglega einhvern tíma eftir hvítasunnu. 3) Það er engin þörf á að halda til streitu slíku fundarhaldi langt fram eftir nóttu þegar áhugi stjórnarliða á slíku fundarhaldi er ekki meiri en komið hefur fram við atkvgr. nú í kvöld. Þess vegna óska ég eftir því að fá nú upplýsingar frá hæstv. forseta um það, hvernig hann hyggst halda þinghaldi hér áfram í kvöld, og mótmæli því harðlega ef þinghald verður látið standa miklu lengur en orðið er.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það var út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þrátt fyrir undarleg ummæli hæstv. ráðh. af og til í fjölmiðlum hefur það nú komið í ljós, að hæstv. fjmrh. hefur enn ekki gert upp við sig né ríkisstj. hvernig staðið skuli að lánsfjáráætlun í einstökum atriðum, þannig að nokkrar brtt. hafa verið teknar aftur við 2. umr. til hinnar 3., sem sýnir að málið er enn óuppgert í þeirra huga, og sýnir að allt tal um það, að stjórnarandstaðan sé að tefja eitt og annað, er út í bláinn og sagt gegn betri vitund.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að ef fyrir stjórnarandstöðunni hefði vakað að tefja þinghald, eins og komið hafa fram athugasemdir um, þá hefði stjórnarandstöðunni nægt að ganga af þessum fundi þar sem ríkisstj. hafði ekki þinglið hér inni í deildinni að hún gæti komið fram málum hjálparlaust.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég verð að segja, eins og vafalaust fleiri mundu segja í minn stað, að ég skil ekki þær athugasemdir sem hér hafa komið fram. Ég óskaði eftir því, að þeim brtt., sem ég bar fram við frv. til l. um lánsfjárlög, yrði frestað til 3. umr. vegna þess að það varð að samkomulagi milli mín og hv. formanns fjh.- og viðskn. Nd. að hann segði nokkur orð um þessar till. við 3. umr. Till. eru mjög auðskildar. Það hefur þegar verið gerð grein fyrir þeim. Það er ekki neinn ágreiningur um þær, held ég, hvorki innan stjórnar né milli stjórnar og stjórnarandstöðu, þannig að sú viðbára, sem hér er uppi höfð, er meira eða minna út í bláinn.

Hins vegar get ég auðvitað beðist afsökunar á því, eins og allir þm. ættu að gera þegar þeir eru fjarstaddir atkvgr., að ég misreiknaði stjórnarandstöðuna og var staddur í öðru húsi í grenndinni, þegar atkvgr. hófst hér, og missti því af byrjun þessarar atkvgr. Það eru vissulega þingglöp og ég biðst afsökunar á því, en að gera það að einhverju stórmáli hér, það mundi sæta tíðindum.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég var rétt að því kominn að lesa upp dagskrá næsta fundar, sem hefði skýrt með hvaða hætti ég ætla að haga þinghaldi, þegar hv. 3. þm. Vestf. kvaddi sér hljóðs um þingsköp. Ég vísa því á bug, að ég hafi reynt um of á langlundargeð hv. þdm. með næturfundum. Ég minnist þess nærri á hverju þingi sem ég hef setið frá 1971, að miklu tíðari hafa verið næturfundir heldur en nú. Ég tilkynnti það í upphafi, hvert verklag mitt yrði á þessum fundi. Það voru ekki gerðar athugasemdir við það þá, og ég hef ekki í neinu breytt út af þeirri yfirlýsingu minni og held fast við það sem athugasemdalaust var þá tilkynnt.

Neðri deild, 84. fundur.

Fimmtudaginn 22. maí, kl. 2 eftir miðnætti.

Sönnun fyrir dauða manna, frv. (þskj. 207, n. 611). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti og skrifarar báðir. Allshn. þessarar hv. deildar hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysförum.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að þeir frestir, sem tilteknir eru í lögunum frá 1922, séu styttir mjög verulega, þ. e. sex mánaða frestur sé styttur niður í einn mánuð. Enn fremur gerir frv. ráð fyrir því, að inn í lögin verði sett ákvæði um það, að ef maður hverfur hér á landi án þess að vitað sé að hann hafi komist í lífsháska, þá sé hægt að úrskurða hann látinn eftir að liðnir eru þrír mánuðir. Með sama hætti gerir þetta frv. ráð fyrir því, að ef maður hverfur af skipi eða flugfari í erlendri höfn eða á ferðalagi erlendis sé hægt að fá um það úrskurð eftir þrjá mánuði, að hann skuli talinn látinn.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1980, frv. (þskj. 614 (sbr. 409), 585, 602). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. tók fram áðan hefur hann fyrir hönd ríkisstj. flutt þrjár brtt. við lánsfjárlög. Okkur í fjh.- og viðskn. þótti eðlilegt að líta á þessar brtt. og boðuðum fund í nefndinni, en því miður gátu þeir embættismenn, sem ætluðu að upplýsa okkur um málið, ekki mætt á þeim tíma. Við fulltrúar í 1. minni hl. nefndarinnar tókum málið eigi að síður til athugunar með embættismönnunum síðar, þegar þeir gátu mætt, en það varð að samkomulagi í nefndinni, að ekki væri ástæða til þess að halda um það sérstakan fund.

Í fyrsta lagi er brtt. þess efnis á þskj. 585, að á eftir 9. gr. komi ný grein, er verði 10. gr., svo hljóðandi: „Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi hf. er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til greiðslu skammtímaskulda sem á fyrirtækinu hvíla."

Við erum samþykkir þessari till., eins og við erum út af fyrir sig samþykkir öllum þessum till. Það er nauðsynlegt að þessi heimild verði veitt. Á þessu fyrirtæki hvílir nú þegar allt að því þessi upphæð og það hafði fallið niður við afgreiðslu lánsfjárlaga í fyrra að afgreiða þá 70 millj. kr. heimild, en nauðsynlegt er að halda rannsóknum þarna áfram þangað til rannsóknarniðurstaða fæst.

Í öðru lagi er á þskj. 585 heimild til að ábyrgjast 250 millj. kr. til nýrra iðnaðarverkefna samkv. lánsfjáráætlun. Við viljum taka það fram, að hér er út af fyrir sig ekki um fjárveitingu að ræða. Hér er um það að ræða að veita ábyrgð og við göngum út frá því, að veð séu þar á bak við.

Það má út af fyrir sig segja að það sé nauðsynlegt að veita fé og meira fé til rannsóknarstarfa hér á landi, en slíkt verður að gera á fjárlögum. Við viljum taka það skýrt fram, að slíkar fjárveitingar eiga ekki að vera á lánsfjáráætlun, enda mun gert ráð fyrir því í þessu sambandi, ef til kemur og fyrirtæki verða um þetta stofnuð, að stofnuð verði hlutafélög eða önnur félög, þannig að hér ætti að vera hægt að útvega veð til þess að geta veitt þessar ábyrgðir. — Þetta viljum við taka fram.

Í þriðja lagi er hér till. um að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Búðardals, allt að 150 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að Lánasjóður sveitarfélaga láni. Hér er ekki heldur um fjárveitingu til þessa máls að ræða. Félmrn. styrkir í mörgum tilfellum slíkar vatnsveitur af vatnsveitufé. Hins vegar er hér um mjög erfiða framkvæmd að ræða sem Lánasjóðurinn telur að þurfi ríkisábyrgð fyrir. Við göngum út frá að með sama hætti og áður greinir verði hér gefin veð og grundvöllur tryggður varðandi þessa vatnsveitu, þannig að endurgreiðsla á þessu fjármagni sé tryggð.

Það hefur því miður verið allmikið um það að ríkisábyrgðir væru veittar. Vil ég í því sambandi nefna t. d. Herjólf og Akraborg og fleiri slík verkefni. Síðan hafa skuldir safnast upp í Ríkisábyrgðasjóði. Það er náttúrlega ekki sá háttur sem á að hafa varðandi hin ýmsu verkefni í þjóðfélaginu, að óreiðuskuldir hrúgist upp í Ríkisábyrgðasjóði. Ef Alþ. vill styrkja slíkar framkvæmdir, sem vissulega ber að gera í mörgum tilfellum, t. d. þeim sem ég nefndi, þá ber að taka sérstaklega á því á fjárlögum.

Þetta vildi ég aðeins taka fram í sambandi við þetta mál, en við í 1. minni hl. nefndarinnar mælum með að þessar brtt. verði samþykktar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Á þskj. 585 er svofelld till., með leyfi hæstv. forseta: „Enn fremur er fjmrh. heimilt fyrir hönd ríkissjóðs, eftir nánari ákvörðun ríkisstj., að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, er standa munu að nýjum iðnaðarverkefnum, að fjárhæð allt að 250 millj. kr." — Svo mörg voru þau orð.

Nú er afskaplega óskýrt hvað þarna er átt við, hæstv. fjmrh., og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvað ríkisstj. hefur sérstaklega í huga þegar þarna er talað um að endurlána aðilum sem standa munu að nýjum iðnaðarverkefnum. Hvað þýðir orðið „iðnaðarverkefni" í þessu sambandi og hvers konar rekstraraðilar eru sérstaklega hafðir í huga?

Ég er ekki svo þingvanur maður að ég muni eftir því, með hvaða hætti sjálfskuldarábyrgðir hafa verið veittar almennt, en ég tel mjög vafasamt að Alþ. veiti með þessum hætti blindandi ríkisstj. heimild til þess að valsa með sjálfskuldarábyrgð handa Pétri eða Páli, einhverjum ótilgreindum mönnum sem við höfum enga hugmynd

um hverjir eru. Ég vil einnig sérstaklega minna á það, að þegar núv. hæstv. forsrh. var fjmrh. í ríkisstj. Ólafs Thors, þess mæta manns, þá beitti hann sér fyrir löggjöf um ríkisábyrgðir og hrósaði sér sérstaklega af því m. a. á landsfundum Sjálfstfl. að hafa komið mikilli reglu á þessi ríkisábyrgðamál. Og hann talaði um það, að einungis í algjörum undantekningartilvikum ætti ríkissjóður að veita sjálfskuldarábyrgðir, en einfaldar ábyrgðir skyldu vera reglan.

En þar sem í þessari till. er lagt svona mikið upp úr sjálfskuldarábyrgðinni og hin einfalda ábyrgð ríkissjóðs ekki talin nægja, þá held ég að það sé algjörlega óhjákvæmilegt að ríkisstj. gefi fyllri skýringar á því sem hér er um að ræða:

Í fyrsta lagi, hvað á hún við með „ný iðnaðarverkefni"?

Í öðru lagi, hvaða fyrirtæki hefur hún í huga í þessu sambandi?

Ég vil taka það skýrt fram, að vitaskuld er svona ábyrgðarheimild ekki sett inn í till. út í bláinn. Vitaskuld eru þarna ákveðnir aðilar hafðir í huga. En af einhverjum ástæðum, sem ég skil ekki, er verið að reyna að leyna þingheim því, við hvað er átt í þessu sambandi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Síðdegis í gær lagði ég fsp. fyrir hæstv. fjmrh. varðandi greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Svör hans voru á þá leið, að framlag ríkissjóðs hefði verið greitt með nokkrum skilum. En það var ekki það sem ég var að spyrja sérstaklega um, því það vita allir og þó sérstaklega hann, að það fé, sem frá ríkissjóði kemur, framlag ríkissjóðs, það stöðvast ekki í sjóði þessum, heldur á það undir venjulegum kringumstæðum að halda áfram til Byggingarsjóðs ríkisins.

Ég var hins vegar að spyrjast fyrir um þá miklu fjármuni sem ríkissjóður hefur innheimt hjá atvinnuvegunum og hjá sveitarfélögunum og ríkissjóður hefur nú um nokkurra missera skeið tekið ófrjálsri hendi og haldið án þess að vextir komi fyrir, sem m. a. veldur því, að ef eitthvað kemur upp á hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, ef atvinnuleysi verður á einhverju svæði landsins, þá er hann ekki þess megnugur að standa undir atvinnuleysisbótum.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Vegna athugasemda hv. þm. Halldórs Blöndals mun vera ástæða til þess að lesa upp athugasemdir sem fylgdu þeim brtt. sem hér um ræðir frá fjmrh.

Athugasemdir varðandi brtt. um 10. gr. voru svo hljóðandi:

„Í skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979 er á bls. 23 í VI. kafla um erlend lán liðurinn „ýmislegt ófyrirséð" 835 millj. kr. Af þessum lið eru 70 millj. kr. ætlaðar til undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi hf. Af þessari lántöku varð ekki á árinu 1979.

Í lögum nr. 20/1979, um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979, var lántökuheimild til handa undirbúningsfélagi saltverksmiðju eigi þar tilgreind, þar eð talið var að ríkisábyrgðarákvæði 3. tölul. 4. gr. laga nr. 47/1976, um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi, hefði ekki verið notað að fullu og nægði. Svo reyndist þó eigi og er því nauðsynlegt að fá lagaheimild fyrir ríkisábyrgð til þess að félagið geti tekið lán til greiðslu á skammtímaskuldum sem á félaginu hvíla."

Skammtímalán, sem félagið neyddist til að taka, er að mestu leyti við Sparisjóðinn í Keflavík. Það mun hafa verið um 70 millj. kr., 20 millj. hjá Ríkisábyrgðasjóði og einhverjar upphæðir hjá Landsbanka Íslands."

Um 12. gr. bárust okkur svo hljóðandi athugasemdir:

„I fyrri mgr. er 10. gr. bætt við upptalningu þá á greinum frv. sem 11. gr. þess tekur til. Í VIII. kafla fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980 eru erlendar lántökur til nýrra iðnaðarverkefna áformaðar 250 millj. kr. ósundurliðað. Nú stendur yfir athugun á hagkvæmni þess að koma á fót saltverksmiðju, steinullarverksmiðju, stálbræðslu og sykurhreinsunarstöð og er fjárhæðin ætluð til þessara verkefna. Þykir því eðlilegt að fjmrh. sé heimilt, eftir nánari ákvörðun ríkisstj., að veita ríkisábyrgð til þessara verkefna".

Þetta vildi ég upplýsa. Þetta skjal barst okkur, en að öðru leyti vísa ég í sambandi við mál þetta til þess sem ég áður sagði, er ég ræddi þessi mál fyrr í umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson, formaður fjh.- og viðskn. Nd., hefur svarað fsp. sem hér hafa komið um ný iðnaðarverkefni, og ég tel að ekki þurfi þar neinu við að bæta.

En varðandi fsp. hv. þm. Péturs Sigurðssonar um Atvinnuleysistryggingasjóð, sem hér bar á góma í dag og ég hélt að hefði verið svarað endanlega þá, en vegna þess að hann ítrekar þetta mál nú, þá þykir mér rétt að gera nánari grein fyrir málinu en ég gerði í dag. Sú grg. er þá einfaldlega á þann veg, að eins og ég tók fram í dag var skuld ríkisins við Atvinnuleysistryggingasjóð í árslok 1978 1 milljarður 74 millj. og skuld ríkissjóðs við Atvinnuleysistryggingasjóð í árslok 1979 1 milljarður 47 millj. Ef síðan er litið á greiðslustreymi milli ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs á fyrstu fjórum mánuðum ársins er það eins og hér segir:

Skuld í árslok 1979 greidd upp 1 milljarður 47 millj. Framlag ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi ársins 1980 559 millj. Iðgjöld atvinnurekenda, sbr. fjárlög, á fyrstu fjórum mánuðum 372 millj. Eftirlaun aldraðra, þau hin nýrri eftirlaun, eins og þau eru kölluð hér til styttingar, 242 millj. Eftirlaun aldraðra, þau hin eldri, eins og þau eru hér kölluð, 92 millj. Samanlagt 2 milljarðar 312 millj. Til frádráttar verður þá skuld sem myndast hefur síðan, 1 milljarður 74 millj. Eins og ég sagði hér í dag, þegar allt er tekið með í reikninginn, hvort heldur er framlag ríkissjóðs eða iðgjöld sem innheimt eru frá atvinnurekendum, þá er skuldaaukningin frá seinustu áramótum úr 1047 millj. í 1074, nettó 27 milljónir. Þetta geta menn auðvitað kallað gífurlega skuldasöfnun, en ég kalla það tilviljun.

ATKVGR.

Brtt. 602 samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 585,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 585,2 samþ. með 20:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:4 atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 470). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 616).

Neðri deild, 85. fundur.

Fimmtudaginn 22. maí, að loknum 84. fundi.

Sönnun fyrir dauða manna, frv. (þskj. 207). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 613). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í félmn. Nd. Alþingis sitja sjö ágætir þm.: Alexander Stefánsson, Friðrik Sophusson, Jóhann Einvarðsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Steinþór Gestsson, Eggert Haukdal og Guðmundur J. Guðmundsson. Félmn. Alþingis kom sér saman um það að flytja hér í þinginu frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta. Frv. er nánast aðeins ein grein, að aftan við 24. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Einnig skal veita úr sjóðnum styrki til framkvæmda *við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila, svo og* vistheimili."

Það er sem sagt verið að slá því föstu með þessu frv., að styrkir til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana skuli greiðast úr þessum sjóði, en á því lék vafi og þurfti að skera úr þessu í eitt skipti fyrir öll.

Í grg. frv. segir m. a.:

„Samkv. lögum í dag eiga heimili sjálfseignarstofnana og vistheimili fyrir vangefna ekki rétt til fjárveitinga úr Framkvæmdasjóði þroskaheftra.

Þetta gerðist við samruna tveggja lagabálka um þessi mál á þingi í fyrra, þar sem að þessu misræmi var ekki gætt, þó félmn. eða Alþ. hafi aldrei ætlað sér að svipta þessa sjálfsögðu aðila möguleikum í þessu efni. Þá var einnig hugsanlegt að hvað vistheimilin snerti yrði Styrktarsjóður vangefinna starfræktur samhliða Framkvæmdasjóðnum. Við afgreiðslu fjárlaga lagði formaður fjvn. áherslu á fulla einingu nefndarinnar um það, að þessi verkefni öll yrðu á vegum Framkvæmdasjóðsins. Sú varð og raunveruleg afgreiðsla Alþingis.

Stjórnarnefnd þroskaheftra mun á næstunni úthluta og skipta fé Framkvæmdasjóðsins. Lagabreyting verður til að koma svo þessi mikilvægu verkefni liggi ekki algerlega úti við skiptingu þessa fjármagns. Allir eru hins vegar á því, að þessi verkefni séu meðal þeirra forgangsverkefna sem veita þarf fjármagn til. Því er þetta frv. flutt."

Ég held því að málin séu eins skýr og verða má með samþykkt þessa frv. Hins vegar gerist það í framhaldi af framlagningu þessa frv., að félmn. skilar nál. á þskj. 568 og er nú kannske rétt fyrst að rekja efni þess. En þar segir í niðurlangi nál. sem allir nm. skrifa undir:

„Félmn. Nd. leggur til, að frv. verði samþ., og leggur áherslu á að fjárlaga- og hagsýslustofnun taki tillit til þessarar aukningar á verkefni Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra við fjárlagagerð árið 1981. Jafnframt vill n. láta koma fram þá skoðun n., að við fjárlagagerð 1981 eigi að ná fram verðtryggingu á framlagi til sjóðsins í samræmi við 25. gr. laganna." (**HBl:** Er nú ráðh. kominn í málþóf?) Þetta er sem sagt sjónarmið félmn., sem hefur fjallað um þetta frv. Ég tel því að það sé í býsna miklu ósamræmi við niðurstöðu n. þegar fram kemur till. m. a. frá einum flm. frv. um það, að til viðbótar framlagi samkv. 1. málslið skuli ríkissjóður leggja sjóðnum til a. m. k. 225 millj. kr., í fyrsta sinn á árinu 1981, skuli sú fjárhæð hækka í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar miðað við árið 1980 að grunni. Ég tel að þessi brtt. komi nánast eins og skrattinn úr sauðarleggnum eftir að félmn. hefur komið sér saman um þá afgreiðslu málsins sem fram kemur á þskj. 568. (**ÁG:** Það skrifaði einn nm. undir með fyrirvara.) Já, það er að vísu rétt, að einn nm. skrifar undir með fyrirvara, en samt verður það að segjast alveg eins og er, að nál. á þskj. 568 stangast í raun og veru algerlega á við þá till. sem flutt er á þskj. 524. (**HBl:** En nú er deildin búin að samþykkja till.) Já, ég veit það, að deildin er búin að samþykkja till., en allir eiga orð sín til endurskoðunar og ég tel að hér hafi verið heldur um of fámennt á fundi deildarinnar þegar hún afgreiddi málið við 2. umr. og því sé kannske ekki óeðlilegt að málið sé tekið til endurskoðunar við 3. umr. (**FrS:** Hverjir voru fjarstaddir sem nú eru hérna?) Á því kann ég nú ekki full skil.

En ég vil bara segja það hér að lokum, að ég er alls ekki að mótmæla efni þessarar till. út af fyrir sig. Ég tel að hún komi vel til greina efnislega séð. En ég lýsi því yfir, að í öllum tilvikum þegar svipuð mál hafa komið til minna kasta, hef ég staðið hart gegn því að mál af þessu tagi væru afgreidd áður en fjárlagafrv. fyrir 1981 hefur verið tekið til undirbúnings og meðferðar í fjmrn. Ég hef verið andvígur því að negla niður hvað ætti að standa í fjárlagafrv. fyrir árið 1981, eins og hér er raunar verið að gera. Hér er verið að slá því föstu að bæta ákveðinni upphæð við það framlag sem lögbundið er. (**SighB:** En framlagið í lðnrekstrarsjóðinn?) Ég kannast ekki við að það sé ákveðið eitt eða neitt til lðnrekstrarsjóðs varðandi fjárlög ársins 1981 í frv. sem hér er til umr. Og ef hv. þm. ímyndar sér að svo sé, þá ætti hann að líta í frv. og athuga hvort honum hafi ekki missýnst. (Gripið fram í.) En með hliðsjón af því, að félmn. d. hafði komist að eðlilegri niðurstöðu í þessum efnum með frv. því, sem hún hafði flutt, og grg., sem frv. fylgdi, þá tel ég að það hafi verið ótímabær niðurstaða hjá hv. d. að samþykkja nákvæma upphæð í þessu skyni í fjárlögum næsta árs. Við getum vel átt til góða að taka ákvörðun um það hér í þinginu. Og án þess að ég sé út af fyrir sig að mótmæla

efni þessarar brtt., sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Árni Gunnarsson fluttu hér, vil ég af þessari ástæðu leyfa mér að leggja til að sú breyting verði gerð á frv., eins og það liggur núna fyrir, að þessi viðbótarmálsgrein, sem bættist við frv. áðan, verði felld niður. Það er seinasta mgr. a-liðar 25. gr. laganna.

Herra forseti. Ég legg sem sagt til með skriflegum hætti að á frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta, verði sú breyting gerð, að 2. gr. falli niður.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 617) samþ. með 24:1 atkv.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég tel að hæstv. fjmrh. væri meiri sómi að því, fyrst hann leggur það á sig að lesa upp úr nál. frá félmn., að greina satt og rétt frá því sem þar stendur, svo ekki þyrfti að toga upp úr honum með framíkalli frá einum hv. þm. að ég hefði skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Ég vil minna á í þessu sambandi, að þá brtt., sem hér er til umr., flutti ég við 1. umr. um þetta mál, til þess að félmn. gæfist færi á að líta á hana samhliða frv. Ég tók það fram áðan, að kallaðir hefðu verið til fulltrúar Landssamtakanna Þroskahjálpar sem lýstu stuðningi sínum við þessa brtt. Og þegar ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara, þá var það vegna þess að ég taldi það þó nokkurs virði sem fram kom í nál., en engan veginn fullnægjandi. Ég taldi það nokkurs virði að undir nál. skrifar t. d. einn nm. í fjvn., Alexander Stefánsson. Ef þessir sömu nm. verða í fjvn. á næsta ári, þá tel ég það nokkurs virði, að hv. þm. Alexander Stefánsson hafi skrifað undir slíkt álit, og vænti þess, að það njóti þá stuðnings þessa hv. þm. að t. d. verðtryggingin á framlagi til sjóðsins verði ekki skert á næsta ári.

Ég tók það skýrt fram í n., að ég mundi ekki draga þessa till. til baka, þrátt fyrir það sem fram kom í þessu nál. Ég byggi það á þeirri reynslu sem ég hef af því, hvernig að fjármögnun til öryrkja hefur verið staðið. Við höfum fyrir okkur núna síðast dæmi um afgreiðslu fjárlaga þar sem sjóðir öryrkja eru skertir um 800—900 millj. kr. Þar af er Erfðafjársjóður skertur um rúmar 300 millj., Framkvæmdasjóður um 300—400 millj. og felldur út Styrktarsjóður vangefinna kr. 150 millj. Gefur þetta nokkurt tilefni til að ætla að nokkur trygging sé fyrir því, sem hérna stendur, að við það verði staðið að taka tillit til þessara auknu verkefna sem þetta frv. gerir ráð fyrir við næstu fjárlagaafgreiðslu? Ég held ekki. Þess vegna stóð ég fast á því að flytja þessa brtt. Og ég tel mig hafa gert fullnægjandi grein fyrir því í n., að ég mundi ekki draga hana til baka og teldi enga ástæðu til þess.

Ég vil nú lýsa furðu minni á því sem fram kemur hjá hæstv. fjmrh. í þeirri brtt. sem hann leggur hér fram, að fella skuli niður þá brtt. sem nýlega hefur verið samþ. í þessari hv. d. (**Fjmrh.:** Það hef ég ekki lagt til.) Þú hefur lagt til að hún verði felld niður. Ég gat ekki skilið betur orð hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Þessa nýju mgr. — **Forseti:** Ekki samtal á fundinum.) Ég hef trú á því, að ég hafi rétt fyrir mér, að hann ætlist til þess að brtt. falli niður. En mér finnst furðulegt, ef það er rétt sem ég tel að fram hafi komið, að hæstv. fjmrh. ætli með þessu að láta reyna á það hér, að þeim meirihlutavilja, sem fram kom hér við 2. umr., verði ekki haldið. Ég trúi því ekki. Og ég skora á hv. þm. að fella þessa brtt. hæstv. fjmrh.

Umr. frestað.

Afgreiðsla þingmála.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég mótmæli því alfarið, ef það er meining hæstv. forseta að láta ekki ræða þetta mál hér á fundi nú, þegar fyrir liggur um það krafa frá tilteknum fjölda þm., en ætla sér að keyra hér í gegn öll þau mál sem hæstv. ríkisstj. leggur áherslu á. Ég trúi því ekki, að hæstv. forseti ætli að ganga þannig í lið með ríkisstjórnarliðinu um það að drepa hér á dreif málum, sem meirihluti hefur verið fyrir og hafa verið samþ., og ganga þannig í berhögg við meirihlutavilja hv. deildar. Ég mótmæli því, ef það er ætlunin. Ég skora á hæstv. forseta að taka þetta mál þá á dagskrá á öðrum fundi hér á eftir, þannig að við fáum að ræða málið. Ég geng út frá því sem gefnu, að nú loks þegar hæstv. fjmrh. er vaknaður, þá hafi honum ekki tekist að snúa þm. þannig að þeir haldi ekki við það sem hér var gert áðan, heldur greiði þeir atkv. gegn þessari till. hæstv. fjmrh.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 6. landsk. þm. hefur mótmælt fundarsköpun. Þau mótmæli eru ekki tekin til greina.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það er leiðinlegt að margir komi hér í röð til þess að gera aths. við þingsköp. En nú þegar klukkan er að verða þrjú að nóttu, þá að fara að ræða stórt og mikið mál, frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég mótmæli þessu. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum, að á þessum tíma skuli eiga að fara að ræða þetta mál. Frv. þetta er að vísu til 2. umr. í hv. þingdeild, en í raun og veru hefur það ekkert verið rætt vegna þess að um það varð samkomulag s. l. laugardag, að þetta mál gengi til n. umræðulaust. Við þm. Sjálfstfl. höfum verið ásakaðir fyrir að tefja hér þingstörf. Þeim ásökunum vísum við á bug og eigum eftir að gera það betur við annað tækifæri.

Ég vil taka það fram, að við þdm. höfum átt ágætt samstarf við hæstv. forseta. Ég vonast eindregið til þess, að í þetta samstarf komi nú ekki brestir. Og það er í hendi hæstv. forseta nú að koma í veg fyrir það með því að taka þetta mál út af dagskrá. Ég skil satt að segja ekkert í hæstv. forseta að vera að skeiða svona á milli þeirra mála tveggja sem nú eru á dagskrá. Ef á að halda hér áfram fundarstörfum í nótt, þá er alveg eins gott að ljúka umr. um það mál sem hér hefur nú verið til umr. Ég ítreka þessi tilmæli, að hæstv. forseti láti ekki fara fram umr. um þetta mál nú og leyfi okkur að ganga til náða.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég kýs fyrst að svara hv. 3. þm. Reykn. Ég sé ekki hvaða tilgangi það kynni að þjóna, þar sem flæddu hér menn inn á mælendaskrá í 194. málinu, frv. um aðstoð við þroskahefta, hvaða tilgangi það þjónar að ræða það mál hér lengi nætur. Það verður fundur í hv. d. á morgun. Þetta mál er til lokaafgreiðslu við 3. umr. í hv. d., þannig að afgreiðslu hlýtur það að fá, og ég mun beita mér fyrir því, að það fái lokaafgreiðslu á motgun. Hér getur því ekki miklu

munað. Varðandi húsnæðismálafrv. lýsti ég því yfir, að ég mundi taka það á dagskrá áður en störfum lyki í kvöld og nótt. Þetta gerði ég í upphafi fundar. Hins vegar hafði ég fyrir löngu ákveðið að hefja aðeins umr., 2. umr., með því t. a. m. að frsm. meiri hl. félmn. flytti sinn boðskap, en hugmynd mín var ekki að halda lengra áfram með það mál.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að hæstv. fjmrh., sem er einn af þeim mönnum sem hafa verið að væna aðra menn um að vera með málþóf hér í d., gerir sér nú leik að því að flytja brtt. um það að færa frv. aftur til hins fyrra horfsins eftir að hv. d. hefur afgreitt málið. Væri það nú skemmtilegur leikur, ef menn á annað borð vildu fara í einhvern málþófsleik hér eða einhvern næturfundarleik, að hafa þetta fyrir fasta reglu við 3. umr., að endurflytja till. um að færa frv. í einstökum atriðum til hins fyrra horfs til þess að skemmta skrattanum og reyna með þeim hætti að koma í veg fyrir það, að raunverulegur vilji deildar nái fram að ganga, en hægt verði að setja á einstaka þm. meiri hl. einhverja hnappheldu svo þeir líti allir út eins og núll í snörunni.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Út af fyrir sig er svo sem hægt að fallast á þá niðurstöðu hæstv. forseta að fresta frekari umr. um þessi bæði mál að lokinni framsöguræðu formælenda hv. þingnefndar hér á eftir, enda mun þá m. a. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur væntanlega gefast tækifæri til þess að gera þeim, sem hafa áhuga á málefnum öryrkja og þroskaheftra í þjóðfélaginu, viðvart um það í tæka tíð fyrir þingfund á morgun, að þar standi til að fá þá breytingu, sem d. gerði hér á frv. n. áðan, fellda að tilhlutan fyrrv. formanns þingflokks Alþb., hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds, þannig að þetta fólk hafi tækifæri til þess að vera viðstatt hér á þinginu.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það er ekki nóg með að ég hef orðið þess var, að bæði stjórn og stjórnarandstaða hefur verið stundum óánægð síðustu dægrin með fundarsköp forseta, heldur standa nú á honum spjótin úr öllum áttum. En satt best að segja eflir það mig heldur í því, að forseti hafi verið nokkuð réttlátur í sinni fundarstjórn.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 552 (sbr. 543) n. 604, 608 og 609, 573, 610). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. S. l. laugardag, er frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, 17. máli, var vísað til félmn. Nd., varð óformlegt samkomulag um það, að n. hefði tvo virka daga til að skoða frv. eftir meðferð Ed. og skila nál. Við þetta stóð nefndin. Nefndin hefur á fjórum fundum haft frv. til meðferðar. Eins og fram kom í nál. félmn. Ed. hafði n. fjallað ítarlega um frv. á fjölmörgum fundum, sent frv. til umsagnar hinum ýmsu aðilum og fengið í hendur aths. og brtt. frá þeim flestum. Enn fremur hafði félmn. Ed. kvatt á sinn fund fulltrúa frá mörgum félagasamtökum og aðilum sem hagsmuna eiga að gæta varðandi skipulag húsnæðismála. Að baki þeim breytingum, sem gerðar voru á frv. í meðferð Ed., var mikil vinna og ítarleg skoðun á málinu. Félmn. Nd. fékk í hendur flest þau gögn er Ed. hafði undir höndum við athugun á frv. Enn fremur kvaddi nefndin á sinn fund formann félmn. Ed., hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, og frsm. n., hv. þm. Guðmund Bjarnason, til að skýra ólík sjónarmið í málinu er fram komu í brtt. við afgreiðslu frv. í d. Jafnframt kvaddi n. á sinn fund ýmsa aðila til viðræðna um frv., svo sem húsnæðismálastjórn, fulltrúa Landssambands almennra lífeyrissjóða, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúa Meistarasambands byggingamanna, Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda, Vinnuveitendasambands Íslands, Verktakasambandsins, Óskar Hallgrímsson frá vinnumáladeild félmrn., Hallgrím Snorrason frá Þjóðhagsstofnun og fulltrúa frá stjórn verkamannabústaða í Reykjavík.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Við, sem myndum meiri hl. n., leggjum til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það var afgr. frá Ed. Hér er um þýðingarmikla löggjöf að ræða sem um árabil hefur verið í endurskoðun og mótun hjá mörgum nefndum skipuðum færustu mönnum á þessu sviði. Miðað við þær umsagnir, sem fyrir liggja, er ljóst að þetta frv., ef að lögum verður, markar tímamót í húsnæðismálum hér á landi. Í frv. eru margar nýjungar, aukið verkefnasvið sem er til framfara, stórátak í byggingu verkamannabústaða, útrýming heilsuspillandi húsnæðis, hinn félagslegi þáttur húsnæðismála er aukinn, lánstími lengdur og vextir lækkaðir, stefnt að 80% lánamarki og ávöxtun skyldusparnaðar tryggð að fullu. Meiri hl. n. er fullljóst að æskilegt hefði verið að fjármögnunarþáttur frv. væri fyrirfram ákveðinn til að ná þessum markmiðum. En frv. gerir ráð fyrir að ríkisstj. og Alþ. ákveði árlega í fjárlögum og lánsfjáráætlunum að verulegum hluta hversu mikið fjármagn verði til ráðstöfunar fyrir húsnæðiskerfið í heild.

Í frv. svo og með yfirlýsingu ríkisstj., dagsettri 29. apríl, sem birt hefur verið og ég sé ástæðu til að lesa upp við þetta tækifæri, er tryggður fastur ákveðinn tekjustofn til byggingar verkamannabústaða. Í yfirlýsingu frá félmrh., dagsettri 30. apríl 1980, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af viðræðum fulltrúa frá samninganefnd Alþýðusambands Íslands í yfirstandandi kjarasamningum við félmrn. um húsnæðismál vill félmrh. taka fram eftirfarandi atriði í umboði ríkisstj.:

Ríkisstj. minnir á yfirlýsingu ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar frá 26. febr. 1974, sem gefin var í sambandi við lausn vinnudeilu sem þá stóð yfir. Með þeirri yfirlýsingu var því heitið, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að hraðað væri íbúðarbyggingum fyrir efnalítið fólk í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands og að stefnt skyldi að því, að eigi minna en þriðjungur af íbúðarþörf þjóðarinnar skyldi leystur á félagslegum grundvelli. Þessi yfirlýsing var síðan áréttuð af ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar 26. febr. 1976.

Með hliðsjón af þessari yfirlýsingu fellst samninganefnd Alþýðusambands Íslands á að lagður væri á launaskattur, sem gengi til húsnæðislánakerfisins, og að lífeyrissjóðir stéttarfélaganna keyptu skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins til þess að fjármagna umræddar íbúðabyggingar. Þessir tekjustofnar eru nú uppistaðan í fjármagni húsnæðislánakerfisins.

Veðlán til íbúðarbygginga hafa aukist mjög verulega á síðustu árum og nýir lánaflokkar verið teknir upp, svo sem lán til leiguíbúða fyrir aldrað fólk, leigu- og söluíbúða sveitarfélaga og lán til kaupa á eldra húsnæði.

Byggingar verkamannabústaða hafa hins vegar dregist saman, en samkv. lögum nr. 30 frá 1970 ber þeim að greiða ca. 25% af byggingarkostnaði slíkra íbúða. Endurskoðun þeirra laga hefur staðið yfir um allangt skeið og dregist úr hömlu af ýmsum ástæðum, en nú liggur sú endurskoðun fyrir Alþingi í frumvarpsformi.

Með hliðsjón af stöðu þessara mála mun ríkisstj. vinna að lausn á húsnæðismálum láglaunafólks í landinu í samræmi við óskir verkalýðshreyfingarinnar og leggja áherslu á eftirfarandi:

1) Að lánveitingar á þessu ári til húsnæðismála fari fram með sama hætti og undanfarin ár, en jafnframt verði þegar á þessu ári hafinn undirbúningur að framkvæmdum við byggingar verkamannabústaða á næsta ári.

2) Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins verði samþykkt.

3) Tekjur ríkissjóðs af 1% launaskatti renni frá næstu áramótum óskertar til Byggingarsjóðs verkamanna. Með þessum hætti mun ríkisstj. beita sér fyrir því að unnt verði að hefja byggingar á 400 íbúðum í verkamannabústöðum á árinu 1981 og síðan 500 íbúðum á árinu 1982 og 600 íbúðum á árinu 1983.

4) Að framlög sveitarfélaga til verkamannabústaða verði lækkuð.

5) Að gert verði verulegt átak á næstu þremur árum til þess að útrýma því húsnæði sem enn er í notkun um allt land og talist getur heilsuspillandi.

6) Að lögum um skyldusparnað unglinga verði breytt á þann veg, að skyldusparendur fái fulla verðtryggingu og vexti af sínu fjármagni, en framkvæmd laganna og innheimta jafnframt endurbætt."

Eins og fram kemur í nál. leitaði nefndin m. a. til Þjóðhagsstofnunar og sendi Hallgrími Snorrasyni hjá Þjóðhagsstofnun ákveðnar aths. eða fsp. í sambandi við fjármögnunarkerfið. Þar sem ég sé að hv. 10. landsk. þm. hefur látið prenta þessar umbeðnu upplýsingar sem fskj. með nál. sínu tel ég ekki ástæðu til að lesa það sérstaklega hér upp. Hins vegar barst nefndinni skriflegt svar frá Þjóðhagsstofnun við þessum fsp., dagsett 19. maí, s. l., og vil ég lesa hér upp úr því, með leyfi hæstv. forseta:

„Í bréfi frá félmn., sem mér barst síðari hluta þessa dags og svara á samdægurs, er í fyrsta lagi spurst fyrir um hvað ætla megi að tekjustofnar í frv. til l. um Húsnæðisstofnun nægi fyrir mörgum íbúðalánum næstu 15 árin, að teknu tilliti til líklegra annarra lána. Þessi spurning er erfið og verður ekki svarað nema á grundvelli athugana sem bæði eru mjög tímafrekar og töluvert flóknar. Forsendur slíkra reikninga eru einnig mjög veigamiklar og geta skipt sköpum um niðurstöðurnar, þannig að óhjákvæmilegt hefði verið að forsendur yrðu í nokkrum atriðum ákveðnar í samráði við nefndina. Þetta er ekki síður brýnt vegna þeirrar breytingar sem orðið hefur á frv., að 1% launaskattur er markaður Byggingarsjóði verkamanna til að tryggja þeim sjóði fastan tekjustofn. Ætla má að þetta hafi í för með sér að framlög og lántökur til Byggingarsjóðs ríkisins verði í meira mæli en hingað til háð ákvörðun ríkisstj. og Alþingis á hverju ári með fjárlögum og lánsfjáráætlunum. Spurningunni er því ekki unnt að svara að sinni.

Á hinn bóginn hef ég nýlega gert nokkrar athuganir fyrir félmrh. á fjárstreymi húsnæðislánakerfisins. Þessar athuganir beinast einkum að því að kanna hver yrði lánsfjárþörf byggingarsjóðanna miðað við tiltekið markmið um íbúðalán sem nánar er lýst í orðsendingu til félmrh. 2. apríl s. l. Sá er hins vegar munurinn á þeim forsendum sem þá var unnið eftir, og frv. eins og það er nú, að þá var reiknað með 21 árs lánstíma almennra nýbyggingarlána, en nú er gert ráð fyrir 26 ára lánstíma. Þessi breyting veikir vitaskuld stöðu Byggingarsjóðs ríkisins og eykur mögulega lánsfjárþörf frá því sem reiknað var með í reikningunum 2. apríl s. l.

Þó þessar athuganir svari ekki fsp. félmn. kunna þær e. t. v. að koma að einhverju gagni við umfjöllun málsins í nefnd.

Í annan stað er að því spurt, hve langan tíma taki að ná 80% markinu miðað við tekjustofna þá sem frv. gerir ráð fyrir, miðað við frv. eins og það var upphaflega lagt fram og miðað við frv. eins og það kemur breytt frá Ed. Um þessa spurningu gildir líkt og þá fyrri. Henni er ekki unnt að svara með skjótum hætti. Vísbendingu að svari má hins vegar fá úr grg. hins upphaflega frv., einkum með skoðun á bls. 32—34 og töflum eins og þar er tilgreint. Miðað við forsendur þeirra reikninga, m. a. um fjölda íbúða, er þar sett fram sú niðurstaða, að miðað við 3.5% vexti, 21 árs lánstíma, en óbreytta tekjuöflun Byggingarsjóðs ríkisins að öðru leyti mætti ná 80% lánshlutfalli á 17. ári. Samanburður við töflur sýnir að í þessum dæmum mundi því seinka um u. þ. b. fimm ár að ná 80% lánshlutfalli, ef miðað væri við 2% vexti, 26 ára lánstíma, en sömu tekjuöflun að öðru leyti."

Í framhaldi þessa var það rætt í n. og ákveðið þrátt fyrir greinargerð með svarinu að kalla viðkomandi aðila úr Þjóðhagsstofnun á fund n. og við hann var rætt. Það kom fram hjá honum, að hægt væri að gefa sér margvíslegar forsendur fyrir slíkum útreikningi sem um er beðið og að hans mati væri hægt að gefa ítarleg svör við ýmsum slíkum spurningum og forsendum, en það tæki vissulega langan tíma. Hann nefndi í þessu sambandi að komið gæti til greina ein vika, en einnig gæti komið til greina langur tími. Samt sem áður varð það að samkomulagi í n., að það væri ástæðulaust annað en að óska eftir því, að Þjóðhagsstofnun ynni úr þessum gögnum og þær upplýsingar yrðu síðan sendar til Húsnæðismálastofnunar. Og í dag gerði ég uppkast að bréfi sem verður sent í umboði n. til Þjóðhagsstofnunar, þar sem fram kemur ósk um að slíkir útreikningar verði gerðir og sendir til Húsnæðismálastofnunar ríkisins sem liður í upplýsingaöflun um ákvörðun stjórnvalda um fjármögnun byggingarsjóðanna.

Ég vil þó taka það fram, að það er raunar óvíst hve langan tíma slík athugun tekur, eins og ég hef áður sagt. Og alger óvissa um gildi slíkra útreikninga eða spár, þar sem forsendur fyrir slíku eru ólíkar og vandséð hvernig taka á mark á slíkum óþekktum stærðum sem hljóta að verða í slíkri heildarlöggjöf sem er fyrst og fremst stefnumarkandi.

Veigamiklar breytingar á frv., sem gerðar voru í Ed., eru að mínu mati þessar:

Í fyrsta lagi er lánstími lengdur úr 21 ári í 26 ár og lánstími úr 33 árum í 42 ár að því er varðar verkamannabústaði. Þá er það vaxtabreyting, þ. e. lækkun vaxta úr 3.5% í 2%. Vextir verkamannabústaðalána eru óbreyttir frá frv. eða 0.5%. Fjármögnun sjóða byggist eftir breytinguna í vaxandi mæli á fjárlögum og lánsfjáráætlun í stað markaðra tekjustofna. Verkefni eru verulega aukin. Framlög sveitarfélaga til verkamannabústaða eru verulega lækkuð og það sem er þýðingar-

mikið, að sveitarfélögin fá nú aðgang að lánsfé í hinu almenna veðlánakerfi húsnæðismála í allar tegundir lána, til að greiða fyrir félagslegum byggingum og endurbótum á húsnæði svo og byggingu íbúða fyrir aldraða, dagheimila o. fl. En í núgildandi lögum er þessi aðgangur sveitarfélaga mjög takmarkður að því er varðar byggingu verkamannabústaða, leiguíbúða og íbúða til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Skyldusparnaður er gerður aðgengilegri og öruggari fyrir sparendur sem með frv. fá að fullu tryggðan sparnað sinn.

Bygging verkamannabústaða er stóraukin. Lán úr einum sjóði til slíkra bygginga eru mjög til bóta, en þau voru áður úr almennum Byggingarsjóði ríkisins að hluta og úr Byggingarsjóði verkamanna. Í gildandi lögum er framlag sveitarfélaga og ríkis jafnhátt, svo og í sambandi við endursölu slíkra íbúða, sem hefur orðið til þess að flest sveitarfélög hafa lítið getað byggt eftir núgildandi lögum. Hér er um að ræða eitt stærsta baráttumál launþegahreyfingarinnar í landinu. Og eins og raunar fram kom í ummælum hæstv. forsrh. í sjónvarpsþætti nú í kvöld, er hér verið að uppfylla sex ára loforð ríkisstj. við verkalýðshreyfinguna. Þetta er því eitt þýðingarmesta atriðið í frv.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp úr áliti stjórnar verkamannabústaða í Reykjavík sem undirstrikar mikilvægi eftirtalinna breytinga í frv.:

„Stefnt er að því, að Byggingarsjóður verkamanna fjármagni a. m. k. 1/3 hluta af íbúðaþörf landsmanna. Lán út á verkamannabústaði eru hækkuð úr 80% í 90%. Eitt lán verður veitt út á hverja íbúð í stað tveggja áður, sem hafa verið með mjög mismunandi kjörum og raskað öllum hlutföllum innan kerfisins. Í öllum kaupstöðum og kauptúnahreppum landsins skulu starfa stjórnir verkamannabústaða. Lán úr Byggingarsjóði verkamanna skulu verðtryggð og þannig komið í veg fyrir að verðbólgan gereyði þessu fjármagni."

Þetta er úr álitsgerð stjórnar verkamannabústaða í Reykjavík sent til nefnda þingsins.

Það kom greinilega fram í viðtölum við ýmsa aðila, að þeir telja frv. tvímælalaust til bóta og telja það marka framfaraspor í húsnæðismálum. Síðustu 10 ár er talið að byggðar hafi verið 2000—2500 íbúðir á ári í landinu. Nýjasta spáin gerir hins vegar ráð fyrir 1700—2100 íbúðum á ári næstu 10 árin, og er talið að þessi byggingarþörf verði mjög mismikil eftir árum. Erfitt er að gera nákvæma spá um hvaða þýðingu hin auknu verkefni og nýjungar hafa í för með sér í sambandi við eftirspurn eftir lánsfé. Þetta atriði þarf að kanna vandlega á vegum Húsnæðismálastofnunar og leggja til grundvallar við ákvörðun stjórnvalda um fjármögnun til Byggingarsjóðs. Sú úrvinnsla, sem n. hefur beðið Þjóðhagsstofnun um, á að auðvelda þá ákvörðunartöku, svo fremi að þær forsendur, sem unnið er eftir, skili því markmiði sem að er stefnt.

Ég vil taka fram, að ýmislegt, sem er í þessu frv., getur orkað tvímælis. Við framsóknarmenn lögðum mikla vinnu í það að ná fram veigamiklum lagfæringum á frv. Sumt hefur tekist, svo sem um lengingu lánstíma. Við hefðum að vísu kosið að hægt væri að lengja lánstímann í 30 ár. Þá má nefna 80% lán strax til frumbýlinga, lækkun vaxta, lækkun framlaga sveitarfélaga, en um leið greiðari aðgang að ýmsum lánaflokkum, aukin verkefni, meiri möguleika fyrir viðurkennda byggingaraðila að fá framkvæmdalán — undir það flokkast m. a. byggingarsamvinnufélög — öruggari trygging skyldusparnaðar og margt fleira. Allt er þetta vissulega til bóta.

Um ýmis atriði í frv., ef að lögum verður, þarf að setja vandaðar reglugerðir. T. d. er það mikilvægt þegar ákveðið verður hvernig staðlaðar íbúðir skuli vera, sem frv. leggur mikla áherslu á, að tekið verði sérstakt tillit til íbúðabygginga í sveitum, þar sem augljóslega þarf á stærra rými að halda en í kaupstað í flestum tilfellum. Þá er nauðsynlegt að skoða vandlega tekju- og eignaákvæði í 47. gr. frv. að því er varðar rétt til kaupa á verkamannabústöðum, t. d. hvort réttara væri að ákveða þetta með reglugerð í samræmi við breyttar aðstæður. Þá tel ég nauðsynlegt að láta koma hér fram, að ekki má dragast að í húsnæðislöggjöfina verði settur kafli um samvinnubyggingarfélög. Þarf á næsta þingi að koma því máli í höfn. Vaxandi áhugi er í landinu fyrir því að nota þetta félagsform til byggingar íbúða. Hefur þetta form sannað ágæti sitt í ódýrari íbúðarhúsabyggingum og því er nauðsynlegt að slíkt komi inn í hina nýju húsnæðismálalöggjöf.

Herra forseti. Það væri freistandi að tala langt mál um þennan stóra og þýðingarmikla málaflokk. Ég vil að lokum leggja áherslu á mikilvægi þess, að þetta frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins nái fram að ganga. Þrátt fyrir ýmis vandkvæði á frv. er hér um að ræða heildarlöggjöf sem lengi hefur verið beðið eftir og horfir áreiðanlega til framfara í húsnæðismálum þjóðarinnar ef rétt verður á haldið.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 65. fundur.

Fimmtudaginn 22. maí, kl. 2 miðdegis.

Kosning tveggja manna í kjaradeilunefnd til fjögurra ára, frá 28. maí 1980 að telja til jafnlengdar 1984, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. laga nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Tveir menn voru tilnefndir. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Friðrik Sophusson alþm. (A),
Pétur Einarsson fulltrúi (B).

Kosning Þingvallanefndar, þriggja alþingismanna, frá þinglokum til loka næsta þings eftir nýafstaðnar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Þrír menn voru tilnefndir. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Steinþór Gestsson alþm. (A),
Þórarinn Sigurjónsson alþm. (B),
Hjörleifur Guttormsson iðnrh. (C).

Tilraunaveiðar með dragnót, fsp. (þskj. 260). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Sá vísindamaður okkar á sviði fiskifræðinnar, sem manna best þekkir til skarkolaveiða og dragnótarinnar sem veiðarfæris og um leið til tilraunaveiða hér í Faxaflóa, er tvímælalaust Aðalsteinn Sigurðsson. Hann hefur samið mjög ítarlega skýrslu um þær tilraunaveiðar sem fóru fram í Faxaflóa haustið 1979 samkv. till. Alþingis.

„En í framhaldi þessara tillagna veitti sjútvrn. tveimur bátum leyfi til tilraunaveiða með dragnót við Faxaflóa í þrjá mánuði á árinu 1979, þ. e. ágúst til októberloka. Auk áframhaldandi rannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar á skarkolaveiðum með dragnót í Faxaflóa mæltist Alþingi til þess að gerð væri athugun á hagkvæmni veiðanna. Hafrannsóknastofnunin hefur unnið að rannsóknum á áhrifum dragnótaveiða á aðra fiskstofna við Faxaflóa en skarkola árið 1976 og komist að þeirri niðurstöðu að þau séu sáralítil."

Er þetta bein tilvitnun í skýrslu Aðalsteins Sigurðssonar frá Hafrannsóknastofnuninni um þessar veiðar. Þessari skýrslu fylgdu mjög ítarlegar töflur og línurit ásamt teikningum af svæði sem togað var á í Faxaflóa.

Í skýrslunni skýrir Aðalsteinn einnig frá því, hvernig staðið var að vinnslu skarkolans, en hún fór fram í frystihúsi Sjöstjörnunnar í Ytri-Njarðvík. Þar var fyrir komið flökunarvél sem vann kolann, og reyndist góður markaður fyrir þessi flök. Og Aðalsteinn segir orðrétt í skýrslu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir þeir, sem að þessari hagkvæmu tilraun unnu, bæði á sjó og landi, virtust vera harðánægðir með sinn hlut og slíkt er fremur óvenjulegt, þar sem flestir virðast tapa bæði á útgerð og fiskvinnslu. Það mundi eflaust auka nýtingu skarkolastofnsins mikið ef slíkar flökunarvélar yrðu í notkun víða við landið, en það hefur mjög þurft þar sem hann hefur ekki verið nema hálfnýttur síðustu árin."

Það er eftirtektarvert, að einn vísindamanna okkar skuli draga fram þetta þýðingarmikla atriði sem er meðal staðreynda þessa máls.

Á korti, sem fylgir skýrslu Aðalsteins, kemur fram að gífurlegt svæði, sem uppeldisfiskurinn heldur sig ekki síst á, er algerlega bannað að fara með tilraunaveiðarnar inn á, og var aldrei farið norður fyrir línu um miðjan Faxaflóa með þessar tilraunaveiðar. Þar til viðbótar má benda á, að harður botn, svokölluð hraun, er algerlega óhæfur til dragnótaveiða, og kemur fram á meðfylgjandi kortum hver stór hluti Faxaflóans þetta er og segir jafnframt þar á þá leið, að það sé augljóst að mikill hluti flóans sé friðaður þrátt fyrir að sams konar opnun yrði leyfð og haustið 1979.

Í skýrslu Aðalsteins kom fram að skarkolinn var aðaluppistaðan í veiðinni, en fór minnkandi þegar leið á vertíðina, og telur hann aðalorsakir til þess vera í fyrsta lagi óhagstæðara veður þegar fram kom á haustið og í öðru lagi að þá var skarkolinn farinn að ganga út úr flóanum í átt að hrygningarstöðvum. Hann endaði skýrslu sína á þessum orðum:

„Framanskráð bendir til þess, að arðvænlegt sé að stunda skarkolaveiðar með dragnót í Faxaflóa og það þurfi ekki að hafa áhyggjur af öðrum tegundum vegna slíkra veiða."

Ég leyfi mér að fullyrða, og því er þessi fsp. mín fram borin, að það hafi aldrei verið jafnítarlegar rannsóknir gerðar á göngu eða veiðiþoli einnar fisktegundar hér við land á ákveðnu hafsvæði. Við skulum ekki gleyma því, að þegar Faxaflóinn var friðaður á sínum tíma fyrir dragnótaveiðum var hann friðaður fyrir allt öðru veiðarfæri en verið er að nota nú, með miklu minni möskva og smærri riðli en nú er. Við lokuðum Faxaflóanum líka við þær aðstæður að þar var ofveitt.

Í framhaldi af þessum orðum mínum vil ég geta þess, að stjórn Hafrannsóknastofnunar er sammála um að þessum tilraunaveiðum verði að halda áfram. Ég tel að sjútvrn. og hæstv. ráðh. eigi að gefa leyfi til að þessum tilraunum verði haldið áfram og nú verði bætt við 2—4 bátum, sem m. a. geri tilraunir sínar í norðanverðum Faxaflóa eða norðar í flóanum en um hann miðjan og jafnframt utar, og t. d. fiskvinnslufyrirtæki hér í Reykjavík verði gefið tækifæri til að fá sér kolaflökunarvél til að fullnýta þetta þýðingarmikla og verðmæta hráefni. Ég skal ekki hafa mörg orð um þýðingu þess. Við stöndum frammi fyrir því að þurfa að draga úr veiði okkar helstu nytjafisktegunda, og þá ber okkur að sjálfsögðu að nytja sem mest, best og hagkvæmast það sem við höfum vannýtt fram að þessu. Meðal þess er skarkolinn, ekki aðeins hér í Faxaflóa, heldur víðs vegar um land. Fsp. mín til ráðh. er því ekki bundin við Faxaflóann einan, heldur einnig aðra staði í kringum landið, og bendi ég m. a. á ýmis svæði við Austurland og við Norðurland.

Ég bendi á að lokum að friðun Faxaflóans á sínum tíma var gerð gegn vilja mikils þorra Reykvíkinga, sérstaklega þeirra sem þá höfðu atvinnu sína og lífsafkomu af vélbátaútgerð frá Reykjavík. Það voru litlu bátarnir, sem stunduðu togveiðar og dragnótaveiðar, sem sáu fyrir hráefnisöflun á ferskfiskmarkað Reykvíkinga. Engar bætur komu í hlut þessara manna þegar Faxaflóinn var friðaður til þess, eins og meginröksemdin var, að stuðla að friðun til verndar, aukningar og uppeldis á fiskstofnum sem síðar áttu að veiðast af öðrum landsmönnum. Það er því tímabært að þeim, sem búa við innanverðan og norðanverðan flóann, verði aftur gefið tækifæri til að nýta þetta þýðingarmikla hráefni undir stjórn og eftirliti þeirra manna sem mesta og besta þekkingu hafa á því. Vegna þessa er þessi fsp. mín borin fram til hæstv. sjútvrh.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í svari mínu hafði ég hugsað mér að styðjast við þá skýrslu sem Hafrannsóknastofnun hefur gefið út um þetta, en hv. fyrirspyrjandi hefur nú rakið meginniðurstöðu þeirrar skýrslu og get ég því í raun og veru stytt mál mitt, en skal þó drepa á nokkur meginatriði og geta loks þeirrar hugmyndar sem ég hef um framhald þessara tilrauna.

Á næstsíðasta þingi var lagt fram frv. um breytingu á lögum nr. 81 31. maí um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem gerði ráð fyrir að afnumið yrði bann við dragnótaveiðum í Faxaflóa. Frv. þessu var vísað til ríkisstj. og óskað að haldið yrði áfram tilraunum við kolaveiðar í Faxaflóa, en slíkar tilraunir fóru fram sumarið 1976 og reyndar einnig 1977 og 1978 á vegum Hafrannsóknastofnunar. Tilraunir Hafrannsóknastofnunar leiddu til þess, að hún lagði til í bréfi til rn., dags. 31. 3. 1978, að dragnótaveiðar yrðu leyfðar í Faxaflóa með sömu skilyrðum og annars staðar við landið. Hefur stofnunin síðan ítrekað þessar tillögur sínar og telur að hægt sé að veiða umtalsvert af skarkola í Faxaflóa án þess að valda skaða á öðrum fiskstofnum.

Vegna þeirra tilmæla, sem fram komu á næstsíðasta þingi, gekkst rn. fyrir því, að tveir bátar voru fengnir til veiðitilrauna á s. l. hausti og stóðu tilraunirnar frá 15. ágúst til loka október. Skýrsla Hafrannsóknastofnunar um þær tilraunir hefur verið birt og send þm. og hygg ég að hv. fyrirspyrjandi hafi einkum vísað til hennar í því sem hann fór með.

Ég vil endurtaka það, sem kom fram hjá honum, að í tilraunum á s. l. hausti kom mjög greinilega fram að lítil hætta virðist á að aðrar fisktegundir veiðist. Þetta kemur fram í töflum sem í skýrslunni er að finna og eru fyrir hina ýmsu mánuði þegar tilraunir voru gerðar. Í ágúst 1979 var skarkoli ætið yfir 90%, lægst 90.2%, og er þá ýsa 5.1%. Sömuleiðis er skarkoli ætið yfir 90% í sept. og er hæsta hlutfallið þá 95.6%. Í okt. verður skarkoli hins vegar lægst 63.6% og þá þorskur 34.1%. En á heildina litið er skarkoli yfirgnæfandi í þessum tilraunum og því er það meginniðurstaða Hafrannsóknastofnunar, sem einnig kemur fram í þessari skýrslu, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Framanskráð bendir til þess, að arðvænlegt sé að stunda skarkolaveiðar með dragnót í Faxaflóa og það þurfi ekki að hafa áhyggjur af öðrum tegundum vegna slíkra veiða."

Svar við fsp. hv. fyrirspyrjanda er það, að ég hef í huga að þessum tilraunum verði haldið áfram í sumar og — eins og einnig kom fram hjá honum — fjölgað verði bátum — líklega um tvo — við þessar tilraunir. Jafnframt, að sjálfsögðu í samráði við Hafrannsóknastofnun sem hefur eftirlit með þessum tilraunum, verði athugað að þær fari fram á þeim svæðum sem ekki hafa hingað til verið opnuð í þessu skyni eða þar sem tilraunir hafa ekki verið gerðar.

Ég vil einnig geta þess, að koli sá sem fékkst við þessar tilraunir, var vélflakaður í Sjöstjörnunni hf. í Keflavík, nema hvað stærsti kolinn var handflakaður hjá Baldri hf. í Keflavík. Kom sú vinnsla mjög vel út að dómi forráðamanna þessara fyrirtækja og hafa þeir mikinn áhuga á að vinnsla geti hafist aftur nú í sumar. Einnig hefur áhugi komið fram hjá vinnslustöðvum í Reykjavík, eins og ég hef áður upplýst. Því er nú í athugun að auka þessar tilraunir nokkuð.

Út af slíkri veiði víðar um landið vil ég segja það, að mér sýnist sjálfsagt að það sé skoðað, en ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar eða ákveðnar tillögur frá Hafrannsóknastofnun til þess að ég geti gefið þar um ákveðin svör á þessu stigi.

Ég vil jafnframt lýsa því yfir, að ég hef í huga að leggja fram í haust frv. um opnun fyrir dragnót í Faxaflóa, enda sýni tilraunir í sumar sömu niðurstöður og fengist hafa til þessa, og þá er það að sjálfsögðu á valdi hins háa Alþingis hvort ákveðið verður að breyta fiskveiðilögum í þessa átt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég fagna því að þessi umr. fer hér fram, þeim svörum, sem hér hafa fengist, og þeirri skýrslu, sem hér hefur verið skilað.

Sú tilraun, sem gerð var í þessum efnum, tókst áreiðanlega mjög vel, bæði að því er varðaði afkomu í útgerð og eins í vinnslu. Ég sá bráðabirgðaúttekt á afkomu í vinnslunni um það bil sem þessari tilraun var að ljúka, en hugmyndin var sú hjá sjútvn. Ed., þegar hún fól ríkisstj. þetta mál, að skýrslu yrði skilað til nefndar, ekki einungis um veiðarnar, heldur einnig um vinnsluna. Ég vil spyrjast fyrir um hvort þeirri skýrslu hafi verið skilað að því er vinnsluna varðar.

Að því er aðdragandann varðar, er þó eitt atriði sem var ekki nákvæmlega tilgreint í svari hæstv. ráðh., en ég tel ástæðu til að taka fram, og það var varðandi úthlutun leyfisins til þessarar tilraunar. Það var gert þannig, að vinnslustöð var úthlutað leyfi til að velja sér tvo báta. Leyfunum var sem sagt ekki úthlutað til bátanna, heldur til vinnslustöðvarinnar. Ég held að þetta geti verið heppilegt fyrirkomulag í sambandi við áframhald þessarar tilraunar, sem ráðh. hefur boðað og ég tel að rétt sé að gera.

Auðvitað er það svo, að mál eins og þetta er viðkvæmt og að þetta mál hefur verið mjög umdeilt. Skýrslan frá Hafrannsóknastofnun sýnir þó tvímælalaust að það sé hægt að stunda dragnótaveiðar af þessu tagi þar sem einungis sé veiddur koli, en ekki gengið í aðra fiskstofna. En hitt er auðvitað ljóst, að þetta veiðarfæri má misnota. Þess vegna skiptir meginmáli í þessu máli öllu saman að eftirlitið með veiðunum sé gott, og í annan stað held ég að það væri mjög varasamt að stunda þessar veiðar með öðrum hætti en þeim að leyfinu væri úthlutað til vinnslustöðva fyrir mjög takmarkaðan fjölda af bátum. Ég get fallist á það skref, sem ráðh. boðaði, að fjölgað yrði nú upp í fjóra, en ég vara við því að ætla sér að opna þetta eða hafa það eftirlitslaust. Hér þarf áreiðanlega strangt aðhald. Og þó að úthlutun leyfa sé ekki það skemmtilegasta sem menn lenda í þá held ég að það muni vera nauðsynlegt í þessu tilviki og þá með mjög takmarkaðan fjölda báta í huga með tilliti til þess að eftirlitið sé sem öruggast.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil einnig þakka fyrirspyrjanda og hæstv. ráðh. fyrir svör varðandi þetta mál. Ég kveð mér aðeins hljóðs vegna þess að um þetta mál var fjallað í fyrra í sjútvn. Ed. og það var málið afgreitt til ríkisstj. með ákveðnu fororði sem mér virðist nú að Hafrannsóknastofnun hafi ekki uppfyllt að öllu leyti.

Ástæðan fyrir því, að þessi háttur var á hafður í Ed., var fyrst og fremst sú, að í því höfuðvígi fjandmanna dragnótarinnar á Íslandi yfirleitt, sem Ed. hefur verið og þó fyrst og fremst dragnótaveiða í Faxaflóa, gerðu menn sér eigi að síður grein fyrir því, að enn væri málið svo viðkvæmt að það væri pólitískt hættulegt hérna við flóann að samþykkja frv., sem Ólafur Björnsson flutti hér og sætti ámæli fyrir af því að hann er sjálfur fiskverkandi. Hitt var þó mála sannast, að Ólafur féllst á allar uppástungur nm. um varúðarráðstafanir í þessu skyni, m. a. að notaður yrði 170 mm möskvi, að allur bolfiskur yrði upptækur ger umfram 15% í afla úr hverjum róðri sem félli til.

Niðurstaðan varð sú, að óskað var eftir því af hálfu sjútvn. Ed., að tilraununum hér í Faxaflóa yrði haldið áfram með þeim skilyrðum, sem samstaða hafði náðst um í sjútvn. Ed., og kveðið á um ósk á þá lund, að reynd yrði kolaveiði með öðrum veiðarfærum en dragnótinni til þess að gengið yrði úr skugga um hvort hægt yrði að ná þessum afla með veiðarfærum sem íslenska þjóðin tortryggði ekki af slíkum ofsa sem dragnótina.

Ég vil aðeins minna á í sambandi við fyrirheit hæstv. sjútvrh. um að taka nú þetta mál upp að nýju næsta haust, ef niðurstöður af veiðitilraunum í sumar yrðu álíka meinlausar og í fyrra, að hafin var rétt ein undir-

skriftasöfnun hérna á Reykjavíkursvæðinu á móti dragnótinni einmitt í fyrra og það var með ólíkindum hversu margir skrifuðu undir mótmæli gegn dragnót á bensínstöðvum og bílaþvottaplönum og biðstofum bankanna hér í Reykjavík. Sjálfur sá ég undirskriftaplagg þar sem breytt hafði verið hausnum, sem undirritaður var, á þá lund, að mótmælt væri dragnótaveiðum í Faxaflóa og mælt með friðun Heiðmerkur, og sá listi hafði verið útfylltur til hlítar.

En ég vil vara við því að fara ógætilega aftur í haust gagnvart því fólki, sem trúir á illsku dragnótarinnar, og óska þess, að því verði beint til Hafrannsóknastofnunar að hún framkvæmi þessa tilraun í líkingu við það sem beðið var um af hálfu Ed. í fyrra þegar fjallað var um málið.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál vil ég taka undir það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni. Þegar frv. um dragnótaveiðar var til umr. í hv. Ed. í fyrra var einmitt sleginn sérstakur varnagli í sambandi við það atriði sem ræðumaður minntist á, þ. e. tilraunir væru gerðar með 170 mm möskva.

Ég ætla ekki að fara að halda hér neina sérstaka ræðu um þetta mál að öðru leyti en því, að ég vil minna á að því hefur aldrei verið mótmælt að sú friðun, sem gerð var í Faxaflóa á sínum tíma, hafi borið mjög góðan árangur í sambandi við uppeldi ýmissa fisktegunda hér við land. Það hefur verið viðurkennt af fiskifræðingum að hún hafi borið jákvæðan árangur. Það má vel vera að hægt sé að segja að hér hafi verið um tilfinningamál að ræða, en ég efast um að hægt sé að segja svo, því að margir hafa þarna lagt hönd að verki. Forsaga þessa máls, hvernig búið var að fara með fiskstofna í Faxaflóa, er til á spjöldum sögunnar og er óyggjandi að öllu leyti.

Það, sem mér finnst vera aðalatriðið í þessu máli, er að ekki sé rasað um ráð fram og rannsóknir séu vandaðar á þessu sviði. Ég fagna því þess vegna, að í svari ráðh. kom fram að hann hyggst láta halda þessum rannsóknum áfram í sumar.

Mér finnst ástæða til að benda á og taka undir það, sem raunar kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að víða við landið eru ágæt skarkolamið sem eru vannýtt. En vannýtingin er fyrst og fremst vegna þess að fiskvinnslustöðvar í landinu hafa ekki verið þannig í stakk búnar að þær hafi getað nýtt þessa fisktegund svo að arðbært væri. Þar kemur til sögunnar vélvæðing sem er talinn grundvöllur þess að hægt sé að nýta þessa fisktegund svo vit sé í. Þess vegna þarf að tengja þær ákvarðanir, sem teknar verða, einmitt við þessa vélvæðingu og markaðsmöguleika.

Ég vil endurtaka, að mér finnst ástæða til að vara við því að fara ógætilega í þessum málum. Mjög ítarleg rannsókn á þessu og úttekt þarf að fara fram og birta hana opinberlega. Mér finnst líka koma til greina í sambandi við úthlutun leyfanna að þau séu veitt fiskvinnslustöðvum, það sé mjög takmarkað hvernig þessar veiðar verði leyfðar og þessar rannsóknir verði gerðar víðar en í Faxaflóa. En að fara varlega er númer eitt.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að efna til neinna umr. um þetta mál. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans og fagna þeirri niðurstöðu sem hann hefur komist að. Að vísu hafa komið fram hér atriði sem gætu orðið til þess að málið yrði rætt nánar. Þ. á m. kom fram í ræðu hv. fyrrv. sjútvrh., að hann taldi af hinu góða að ekki væri úthlutað leyfum beint til einstakra báta, en lausnin væri fólgin í því að veita þau vinnslustöðvunum. Ég spyr: Er einhverja algilda reglu að finna um það, að einhver ákveðin vinnslustöð sé öllum öðrum fremri hvað varðar að fá slík leyfi, þar sem margar vinnslustöðvar eru á staðnum? Ég veit að pólitískir ráðh. geta kannske fundið slíkt út, en ég fæ ekki séð að það liggi frekar ljóst fyrir en með vélbátana sjálfa og þá fiskimenn sem af veikum mætti hafa frá örófi alda reynt að eignast atvinnutæki sín sjálfir og viljað standa sjálfir undir rekstri sínum, en vera ekki alfarið komnir upp á viðkomandi fiskvinnslustöðvar.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. ráðh. og vil, herra forseti, jafnframt geta þess, að það er í fullu samráði við viðkomandi hæstv. ráðh. að fsp. minum nr. 7 og 8 á dagskrá verði svarað skriflega fyrir þinglok.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér skilst á því, sem kom fram hjá hv. þm., að ekki hafi verið fullkomlega staðið að þessari tilraun eins og sjútvn. ætlaðist til.

Það kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að skila hefði átt skýrslu um vinnsluna. Ég vil segja það, að þetta var mér ekki ljóst, en ég mun ganga eftir því og þá láta athuga, hvort öðrum atriðum frá n. er ekki fullnægt, og láta gera það.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að hér er um ákaflega viðkvæmt mál að ræða, og það var ekki síst með það í huga að mér sýndist, þrátt fyrir mjög afgerandi niðurstöðu Hafrannsóknastofnunar, rétt að halda tilraunum áfram í sumar og undir ströngu eftirliti Hafrannsóknastofnunar og e. t. v. á nokkuð útvíkkuðu svæði.

Ég vil einnig upplýsa, að eins og í fyrra munu leyfi verða bundin við vinnslustöð. Það sýnist mér rétt á meðan veitt er svo takmarkað. Og það er að sjálfsögðu bundið því, að slíkar stöðvar séu undir það búnar að vinna aflann. Ég geri því ráð fyrir sama framgangsmáta nú og í fyrra.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er auðvitað að nýting fiskstofna okkar fer að mestu eftir biluðu taugakerfi þm., ég tala nú ekki um ráðh., og það á alveg sérstaklega við um skarkolann. Auðvitað er það, eins og hæstv. sjútvrh. sagði, ákaflega viðkvæmt mál að drepa skarkolann, að halda ekki áfram að ala þennan gómsætasta fisk okkar upp til einskis.

Hér í Faxaflóa er reynslan margvísleg. Að vísu þurfti að gæta að ofveiði í Faxaflóa og vernda, en ekki friða, eins og menn alltaf mismæla sig. Við ætlum ekki að friða neinn fisk, við ætlum að vernda hann fyrir ofveiði, við ætlum að ganga í stofnana. Reynsla smábátaeigenda hér, sem áður lögðu línur sínar t. d. úti á Bakkagrunni og Bollasviði, þar sem gekk vorýsa rauð í sárið árum saman, er sú, að það hangir krossfiskur og ígulker á hverjum krók. Auðvitað á að leggja undir viss svæði og stunda þau með dragnót, afmörkuð svæði, og sjá hvað setur með þeim hætti.

Allir þekkja það, sem hafa gist Norðurlönd til að mynda, að þar þykir rauðspretta herramannsmatur. Af þeirri rauðsprettu, sem Norðurlandabúar veiða, þarf fjögur flök að meðaltali á móti einu flaki af íslenskri rauðsprettu veiddri í ágúst-sept., eftir að líða tekur á

sumar, áður en hún gengur til hrygningar, fyrir utan bragðið og fitumatinn sem í þessu er. Ég varpa fram gamalli hugmynd minni, sem auðvitað heyrist ekkert til fyrir gjallandanum í vísindamönnunum. Ég átti þá tillögu einu sinni að t. a. m. í Húnaflóa, þar sem voru afburða kolamið sem hv. 1. landsk. þm. stundaði af djörfung meðan hann var og hét í sjómannastétt, en t. d. eiga Hólmavíkingar við tímabundið atvinnuleysi að stríða á hverju ári, þar yrði tekið myndarlega til höndum og mönnum fengin í hendur verkfæri og aðstaða til að verka kolann í neytendaumbúðir og finna honum markað á Norðurlöndum, þar sem er án efa geysilegur markaður fyrir þessa dýrðarvöru, sem gæti selst hærra en aðrar.

En þetta má auðvitað ekki fyrir hinum stríðu meiningum í málinu. Það er alveg dagsanna, að ýmsir bændur fram til fremstu heiða hafa ráðið mestu í þessum málum hér í þingsölum á umliðnum áratugum. Ég hygg að ýmsir mosavaxnir menn hér ættu að þekkja það, eins og t. a. m. hv. þm. Pétur Sigurðsson, því að hann mun hafa barist um á hæl og hnakka í þessu máli á sinni tíð.

Síðan mætti athuga um Axarfjörðinn. Hvernig standa sakir þar? Þar nær enginn koli þroska vegna þess að hann er ofsetinn. Það þarf að hreyfa við botninum til að losa um lífræn efni svo að gróður geti vaxið og fiskur nærst. Þetta er allt saman að verða eins og óurinn kálgarður sem ekki hefur verið stungið upp í og enginn sáð í. Þannig gætu þessir smástaðir e. t. v. borgið atvinnu fólksins með þessum hætti og stórkostlegar útflutningsgjaldeyristekjur orðið. Og eins er á Héraðsflóanum og þannig getum við farið hringinn í kringum landið. — En í þessum efnum eins og fjölmörgum efnum í þessum sökum ráða bábiljur einar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hv. þm. Sverrir Hermannsson tók ómakið af mér í mörgu sem ég ætlaði að segja. Ég vil leggja áherslu á það, að á þessum tímum, þegar okkur vantar verðmæti á bak við peningaseðlana, sem í umferð eru, og meiri verðmæti þarf að skapa í þjóðfélaginu, þá er skömm að því að láta mjög verðmæta og allstóra fiskstofna liggja ósnerta. Og það er raunar óskiljanlegt að menn skuli ekki vilja ná í rauðsprettuna þó að það eigi að gera það með snurvoð. Sannleikurinn er sá, að þessi úrtölutónn, eins og kom hér fram í máli hv. þm. Alexanders Stefánssonar, þjónar engum tilgangi, og þar heyrði maður gamla kaupfélagstóninn, af því að það voru kaupfélögin í kringum landið sem bönnuðu snurvoðina eins og öllum er kunnugt. (**Gripið fram í:** Og bændur.) Og bændur.

Auðvitað hefur friðunin á Faxaflóa, eins og hann orðaði það, orðið til mikils gagns og að sjálfsögðu efast enginn um það. En á bak við orð hans skein í það, að það hefði verið snurvoðin í Faxaflóa sem hefði drepið allt líf niður. Það er auðvitað hin mesta fjarstæða. Í Faxaflóanum toguðu allir togarar landsmanna og meira að segja útlendinga líka fram eftir öllu, og snurvoðin, eins og hún var þá, og snurvoðin, eins og hún er núna, með 170 mm möskva — (**Gripið fram í:** Nei, hún er 155.) Hún er orðin með 170 mm möskva og áður var möskvinn auðvitað talsvert minni og þar áður miklu minni. Veiðarfæri með 17 cm möskva, eins og mönnum ætti að vera kunnugt samkv. útreikningi, drepur alls engan smáfisk og getur ekki hirt smáan kola heldur, enda veiðist bókstaflega ekkert í þetta nema koli, eins og kom fram í tilraunum hjá Aðalsteini Sigurðssyni. Það voru yfir 90% af aflanum flatfiskur. Þess vegna er ég svolítið hissa á því, þegar jafnskynsamur maður og orðvar og hv. þm. Stefán Jónsson er er að benda mönnum á að það eigi að gera upptækan allan bolfisk sem kemur í þessi veiðarfæri. Það kemur enginn bolfiskur í þessi veiðarfæri nema stór. Á nú að fara að banna að veiða stóra fiskinn og leyfa að veiða þann smáa? Það væri svo sem eftir öðru.

En það eru fleiri tegundir af kola hér við landið, sem betur fer. Nú orðið hlýtur hann að vera í eins miklu magni og hann hefur fæðu til. Það er orðið þykkt af honum sums staðar og þar á ég við þykkvalúruna, sem er kölluð „lemmi" í daglegu tali, enda kalla Englendingar hann „lemon sole". Ég er einn af þeim Íslendingum sem hafa stundað lemmaveiðar og flutning til útlanda, og þar þurftu útlendingarnir ekki vélar til að flaka hann. Þeir handflökuðu þetta í Danmörku og fluttu með frystilestum um alla Evrópu á okurverði strax daginn eftir. Þetta er stofn sem enginn veit hvað er stór. Þetta er fiskur sem ekki er hægt að ná í troll með 155 mm möskva, því að hann er þannig vaxinn að hann snýr sig í gegnum slíka möskva. Og ég vil leggja áherslu á það og benda hæstv. sjútvrh. á það, að þarna er verulega stór stofn sem alls ekkert er nýttur og þyrfti endilega að ná tökum á. En það verður ekki gert með trolli því að það nær ekki þessum fiski. Það þarf að leyfa veiðar með minni möskva í trolli undir eftirliti til að reyna að ná í þennan fisk.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Það vill svo til að ég var meðflm. með Ólafi Björnssyni að því frv. til l. um breyt. á lögum sem var lagt fyrir 1978 og er um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og má segja að hafi vakið upp vissa trúarvakningu hér við Faxaflóann, þegar mótmælalistar voru liggjandi, má segja, á hverri bensínstöð og eins í móttökum banka, eins og hv. þm. Stefán Jónsson sagði frá áðan. Ég tel að í nýtingu þess fiskstofns, sem er skarkolinn, hafi gætt ákaflega mikils tvískinnungs hjá okkur. Ekki nema lítill hluti af þessum stofni er nú nýttur, á meðan við erum að ofnýta flesta aðra fiskstofna, og ég taldi sjálfsagt að við nýttum þau verðmæti sem þarna eru í sjónum. Ég held að það sé ekki ætlun okkar að stofna neins konar neðansjávarþjóðgarð í Faxaflóa eða annars staðar við landið. Við þurfum á þessum verðmætum að halda og við skulum ná til þeirra.

En ég stóð fyrst og fremst upp til að leiðrétta misskilning sem kom fram hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni um stærð möskvans, að hann væri 170 mm. Hann er það alls ekki. Hann er 155 mm.

Ég vil fara fram á það við hæstv. sjútvrh., að sú tilraun, sem gerð verður í haust, verði gerð með möskvastærðinni 170 mm, þannig að í ljós komi hvað raunhæf till. okkar Ólafs Björnssonar hefur verið. Það vildi ég fyrst og fremst fara fram á, að tilraunin verði gerð eins og við lögðum til og hv. sjútvn. Ed. ætlaðist til að yrði.

Störf milliþinganefndar í byggðamálum, fsp. (þskj. 314). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Á því þingi, sem sat 1975—1976, bar hv. þm. Jóhannes Árnason fram fsp. um mþn. í byggðamálum til þáv. hæstv. forsrh. og var henni þá svarað svo, með leyfi hæstv. forseta:

Það segir fyrst í svari hæstv. forsrh. þá, að hann hafi

snúið sér til formanns umræddrar mþn. í byggðamálum,hv. 2. þm. Vestf., Steingríms Hermannssonar, til að afla svara við fsp. Síðan las þáv. hæstv. forsrh. upp grg. Steingríms Hermannssonar sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á Alþingi 13. apríl 1973 var samþ. þál. sú um mþn. í byggðamálum sem fylgir hér með í ljósriti. Eru í ályktuninni tilgreind meginverkefni n. Á fundi Sþ. 18. apríl 1973 fór fram kosning 7 alþm. til þess að taka sæti í umræddri mþn. En tilgreindir þm. voru kjörnir: Lárus Jónsson, Steingrímur Hermannsson, Helgi F. Seljan, Matthías Bjarnason, Ingvar Gíslason, Karvel Pálmason og Pétur Pétursson. Með bréfi, dags. 4. maí 1973, skipaði forsrh. Steingrím Hermannsson formann nefndarinnar.

Fyrsti fundur n. var haldinn 5. júní 1973. Ákveðið var að ráða starfsmann. Var Magnús Pétursson hagfræðingur fenginn til þess starfs í um það bil 1 1/2 mánuð sumarið 1973 og aftur sumarið 1974. Gísli Pálsson nemandi í þjóðfélagsfræði vann einnig að sérstökum verkefnum fyrir n. sumarið 1973.

Nefndin ákvað að leita eftir samstarfi við landshlutasamtökin utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins. Voru fundir haldnir með þeim öllum sumarið 1973. Einnig var rætt við forstöðumenn Framkvæmdastofnunar, framkvæmdastjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins, póst- og símamálastjóra, vegamálastjóra og fleiri um sérstök málefni sem n. hafði til athugunar. N. ákvað að skipta starfinu í tvo meginflokka: annars vegar athugun einstakra byggðamálefna og hins vegar mörkun almennrar stefnu í byggðamálum. Framan af var áhersla lögð fyrst og fremst á einstök málefni. Var ríkisstj. gerð grein fyrir þeim málefnum, sem n. taldi mikilvægust, með bréfi til forsrh., dags. 8. nóv. árið 1973. M. a. var lögð áhersla á eftirgreind málefni:

1. Húsnæðismál. Lögð var áhersla á sex atriði sem nefndin taldi mikilvægust til þess að rétta hlut dreifbýlisins í húsnæðismálum. Jafnframt var flutt á vegum n. frv. til l. um örvunarlán vegna almennra íbúðabygginga í dreifbýli.

2. Landshlutasamtökin. Nefndin lagði áherslu á, að rammalög fengjust samþykkt fyrir landshlutasamtökin, og beitti sér fyrir því, að frv. þess efnis var endurflutt á Alþingi.

3. Bygging iðnaðarhúsnæðis í dreifbýli. Á vegum n. var flutt frv. um það mál.

4. Skipting fjármagns til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum. Nefndin lagði í fyrrnefndu bréfi og í bréfi, dags. 5. des. 1973, til samgrh. áherslu á að vegalögum yrði breytt og aukinn hluti þéttbýlisfjár til framkvæmda í dreifbýli án tillits til íbúafjölda. Var slík breyting tekin inn í frv. til l. um breytingu á vegalögum, sem flutt var af samgrh. og samþ. á síðasta þingi ....

6. Athugun á framfærslukostnaði. Á vegum n. var á síðasta þingi flutt till. til þál. um athugun á framfærslukostnaði á nokkrum þéttbýlisstöðum á landinu. Þáltill. þessi var samþykkt. Hagstofu Íslands var falið að vinna þetta starf og áhersla lögð á að því yrði hraðað. Því er þó ekki lokið enn.

Til undirbúnings mörkunar almennrar stefnu í byggðamálum var samþykkt viðamikil starfsáætlun sem gerir ráð fyrir því að safna upplýsingum um hina fjölmörgu þætti byggðamála. Ítarlegum upplýsingum hefur verið safnað frá Skotlandi, Noregi og Svíþjóð um skipulag byggðamála þar. Gísli Pálsson nemandi í þjóðfélagsfræði gerði könnun á byggðaröskun á Íslandi með athugun á tveimur stöðum. Skýrsla um þá könnun kom út í okt. 1973 og var henni dreift til alþm. Magnús Pétursson hagfræðingur tók saman yfirlit yfir heilbrigðismál og Sigfús Jónsson hagfræðingur um þjónustuaðstöðu á Íslandi. Rætt var við fyrirtækið Hagvang um úttekt á ýmsum öðrum þáttum, einkum á sviði atvinnu- og tekjumála, en ekki hefur orðið úr því starfi vegna fjárskorts.

Nefndin stefnir að því að ganga á þessum vetri frá almennum tillögum um stefnu í byggðamálum. Í jan. 1974 var dreift á Alþingi skýrslu um störf mþn. í byggðamálum.

Kostnaður við störf n. hefur verið greiddur úr Byggðasjóði. Í fyrrnefndri skýrslu í jan. 1974 kom fram að kostnaður árið 1973 var 543 364 kr. Var þar fyrst og fremst um að ræða launakostnað vegna starfsmanna og ferðakostnað vegna funda með stjórnum landshlutasamtaka o. fl. Kostnaður árin 1974 og 1975 er um 400 þús. kr.

F. h. milliþinganefndar um byggðamál,
Steingrímur Hermannsson."

Steingrímur Hermannsson, hæstv. sjútvrh., sat á þessu þingi og tók til máls við þessa umr. Hann komst m. a. svo að orði í sambandi við þessa umr.:

„Þess var getið í þeirri skýrslu sem hæstv. forsrh. las, að nefndin hefði safnað miklum upplýsingum frá nágrannalöndum okkar um skipulag þessara mála. Ég fór í slíka ferð og kynnti mér þessi mál vel, reyndar ásamt fleirum, m. a. þm. Það er ekki eins einfalt mál að móta heildarstefnu og sumir ætla e. t. v. og mikil spurning hvernig sú stefna á að vera eða hve nákvæm hún á að vera. Ég hef ekki tíma til að rekja það hér á þessum stutta tíma.

Ég vil þó geta þess, að Norðmenn, sem hafa unnið einna mest starf á þessu sviði, setja stefnuna ákaflega einfalda fram. Hún er raunar bara ein: að skapa jafnvægi í byggð landsins, sem við höfum talað hér um í áratugi. Að vísu eru síðan talin mörg undirmarkmið, eins og t. d. atvinnuöryggi og sambærileg þjónusta, og það síðan flokkað áfram niður skalann.

Ég lít svo á, að það eigi að vera hlutverk þessarar n., og ég vænti þess, að hún ljúki því í vetur að koma fram með þál. sem markar þessa meginstefnu. En ég hefði gjarnan viljað að hún gæti verið nokkru nánari og nokkru nákvæmari en sú stefna sem ég nefndi að Norðmenn hefðu markað, en eins og ég sagði áðan er það ekki auðvelt starf, og ég hygg að til þess að það megi vinnast vel þurfum við að finna góðan starfsmann. Það er von til þess nú að sá starfsmaður fáist."

Svo mörg voru þau orð og gáfu vissulega fyrirheit um að eitthvað mundi gerast í þessum málum. Því sé ég ástæðu til að spyrja hæstv. forsrh.:

1. Hvað líður störfum mþn., sem kosin var af Sþ. til að gera tillögur um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum samkv. þál. um mþn. í byggðamálum frá 13. apríl 1973, og hvenær er þess að vænta að nefndin skili áliti?

2. Hver er orðinn kostnaður við störf nefndarinnar?

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þessi fsp. er í tveimur liðum. Sá fyrri: „Hvað líður störfum

mþn., sem kosin var af Sþ. til að gera tillögur um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum samkv. þál. um mþn. í byggðamálum frá 13. apríl. 1973, og hvenær er þess að vænta að nefndin skili áliti."

Byggðanefnd var kjörin samkv. þeirri þál., sem nefnd var, og nefndin vann á næstu árum allmikið starf sem áður hefur verið gerð grein fyrir á Alþ., eins og hv. fyrirspyrjandi rakti. M. a. hefur nefndin beitt sér fyrir samþykktum á Alþingi á sviði byggðamála og átt þátt í stofnun byggðadeildar hjá Framkvæmdastofnun ríkisins. Byggðadeildin gerir áætlun um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins. Hún fjallar um áhrif opinberra aðgerða á byggðaþróun og gerir tillögur til úrbóta. Þannig má segja að deildin hafi tekið við þeim verkefnum sem nefndinni voru falin, enda leitaði nefndin til byggðadeildar um aðstoð við gerð lokaskýrslu. Byggðadeild hefur gert uppkast að nokkrum köflum væntanlegs nál. og vinnur áfram að málinu.

Önnur spurningin: „Hver er orðinn kostnaður við störf nefndarinnar."

Svarið er, að kostnaður við störf nefndarinnar hefur enginn orðið til viðbótar við það sem kom fram í svari forsrh. við sams konar fsp. á Alþ. 5. des. 1978, Alþt. það ár, dálkar 1287—1290.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. þau svör sem hann gaf hér. Þau lýsa náttúrlega því sem við var að búast, að nefndin hefur látið undir höfuð leggjast að skila áliti áður en hún var lögð niður, og rifjar það nokkuð upp þann mikla hamagang sem á sínum tíma var í kringum þessa nefndarstofnun, þar sem fyrst og fremst komu við sögu þeir hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, sem nú er að vísu kominn í annan flokk og hefur komið við í öðrum í millitíðinni, og svo formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson.

Þau störf, sem þessari nefnd var ætlað að vinna, hafa verið falin öðrum. Eins og hæstv. forsrh. gat um áðan, hefur byggðadeild Framkvæmdastofnunarinnar mjög unnið að byggðamálum á undanförnum árum og er ekkert nema gott um það að segja. Raunar vil ég einnig lýsa ánægju minni yfir því, að hún skuli nú vinna að uppkasti að því nál. sem hæstv. sjútvrh. sagði á því herrans ári 1975 að væri rétt í burðarliðnum.

Afgreiðsla þingmála.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Á þskj. 371 bar ég fram ákveðnar fsp. til hæstv. samgrh. um símamál í Reykjavík. Hér er um að ræða mál sem mjög hefur verið á dagskrá og brennur í huga æðimargra. Þar sem útséð var um að þessu máli fengist svarað munnlega á hv. Alþ. óskaði ég eftir skriflegum fsp. frá hæstv. samgrh. um þetta mál.

Ég hef nú fengið þetta svar í hendur skriflega, eins og ég bað um, og hafði reyndar áður fengið uppkast að svarinu eins og póst- og símamálastjóri gekk frá því. Hér er að sjálfsögðu um að ræða svör við ýmsum tæknilegum spurningum, en ég vek athygli á því, að ég bað um svör varðandi ýmsa pólitíska þætti líka og þess vegna sætti ég mig ekki við að fá svörin í þessum búningi. Hér er um að ræða endursögn hæstv. samgrh. á svörum póst- og símamálastjóra. Ég met hann að vísu mikils sem embættismann og ég efa ekki að hann fari með rétt mál í öllum greinum, en í svari sínu vitnar hann til þess, að ýmislegt, sem spurt er um, hljóti að vera stjórnmálaleg ákvörðun. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að hæstv. samgrh. svari nánar, annaðhvort á þessum fundi eða í ítarlegra skriflegu svari, hvernig fyrirhugað sé að leysa þau mál sem um var spurt.

Ég vil ekki af því að mér var hleypt hér upp í ræðustólinn til að ræða fundarsköp, ræða þessi svör efnislega, en ég tel að hér verði hæstv. samgrh. að bæta um betur.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. er ekki ánægður með svörin sem ég lét honum í té skriflega. Þetta mál er ekki hér á dagskrá svo að ég tel mér ekki heimilt að ræða það nú. En ég skal með ánægju fylla út í þau svör og þá hafa samráð við hann um, hvað hann telur ófullnægjandi, og þá svara skriflega.

Kosning eins endurskoðanda reikninga Landshafnar í Keflavíkurkaupstað til 31. des. 1981, samkv. 1. gr. laga nr. 42 1962 og 13. gr. laga nr. 23 6. maí 1955, í stað Alexanders Magnússonar skrifstofustjóra er lést á árinu 1979.

Fram kom ein tilnefning og lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:

Ögmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Störf stjórnarskrárnefndar, fsp. (þskj. 371). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 371 nokkrar spurningar til hæstv. forsrh. um störf stjórnarskrárnefndar, en hann er sem kunnugt er formaður þeirrar nefndar sem kjörin var á Alþ. eða tilnefnd af þingflokkum á sínum tíma með stoð í þáltill. sem samþ. var á Alþ. 6. maí 1978, en í henni segir að gera eigi endurskoðun á stjórnarskránni innan tveggja ára, ef ég man það orðalag rétt. Það er ljóst að þessi nefnd hefur starfað frá næstu áramótum eftir að þáltill. var samþ., en tafir hafa orðið á málinu og sumar þeirra af eðlilegum ástæðum, eins og þeim að um kosningar hefur verið að ræða og eins vegna stjórnarmyndunar sem hæstv. forsrh. hefur staðið að. Í stjórnarsáttmála ríkisstj. segir að endurskoðuninni skuli lokið á þessu ári.

Það, sem kom mér þó fyrst og fremst til að spyrja þessara spurninga, var yfirlýsing frá miðstjórnarfundi Framsfl., þar sem kemur annað hljóð í strokkinn, því að hvergi er minnst á stjórnarskrárnefnd í ályktun miðstjórnarinnar um stjórnarskrármálefni og því haldið fram, að það sé svo viðamikið verk að endurskoða stjórnarskrána að slíkri endurskoðun verði ekki lokið fyrr en í lok kjörtímabilsins. Mér finnst vera dálítill munur á þeim viðhorfum, sem koma fram hjá stærsta stjórnarflokknum annars vegar og hins vegar í stjórnarsáttmálanum, og vildi þess vegna spyrja hæstv. forsrh. beint hvernig þetta mál stendur.

Í 2. spurningunni er vikið að áfangaskýrslu, hvort hennar sé von bráðlega, og byggi ég það á þeirri

hugmynd, sem ég hef fengið, að ætlunin muni hafa verið að nefndin skilaði áfangaskýrslu til þingflokkanna og þá einkum og sér í lagi um kjördæmamálið, en það var tiltekið sérstaklega í þeirri þáltill. sem samþ. var 6. maí 1978.

Í þriðja lagi vík ég að nefndarfundum. Ég geri það vegna þeirra frétta sem borist hafa af starfi nefndarinnar og eru í þeim dúr, að nefndin hafi lítt starfað að undanförnu. Tel ég ástæðu til að fá upplýsingar um nefndarstarfið þannig að þær fréttir verði staðfestar eða fram komi að þær fréttir séu á engum rökum reistar.

Í fjórða lagi er spurt um starfsmenn nefndarinnar. Mér er kunnugt um að dr. Gunnar G. Schram hefur starfað fyrir nefndina. Ég veit ekki hvort hann er fastur starfsmaður hennar, en ég þekki það hins vegar að hann hefur unnið ágætt starf í sambandi við upplýsingar um stjórnarskrármálefni. Mig langar til þess að fá upplýsingar um hvort hann sé sá eini. Ef svo er hvernig gengur starf hans og hver eru laun hans? Það gæti gefið hugmynd um hve mikils má vænta af starfsmanninum, en hann er sem kunnugt er sérfræðingur og háskólakennari í stjórnskipunarrétti.

Í fimmta lagi er spurt um mánaðarlaun nm. Ástæðan fyrir þeirri spurningu er af sömu rótum og þriðja spurningin, en fram hefur komið í fréttum að nefndarfundir hafa verið strjálir og einn nm., Matthías Bjarnason, hafi beðist undan því að þiggja laun fyrir störf í nefndinni, þar sem hann telji að hann eigi slík laun ekki skilið — mér skilst vegna stopullar fundarsóknar sem stafi af því hve fáir fundir hafa verið haldnir.

Ég vona að þessar fsp. verði ekki misskildar á þann veg, að hér sé um að ræða verulega gagnrýni á störf þessarar nefndar, sem ég veit að starfaði mikið, a. m. k. framan af, heldur er tilgangurinn fyrst og fremst að fá upplýsingar áður en þingi lýkur um hvernig starfinu reiðir af. Ekki síst vegna þess að stór stjórnarflokkur virðist hafa beygt eitthvað af leið vildi ég fá það staðfest beint frá formanni nefndarinnar hvernig starfinu líður og miðar og hvenær megi búast við raunhæfum árangri.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrsta spurning hv. þm. er þessi: Hvenær er ráðgert að störfum stjórnarskrárnefndar ljúki?

Í þeirri þál., sem samþykkt var vorið 1978 um þessa stjórnarskrárnefnd, segir að hin nýja nefnd skuli innan tveggja ára skila álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Nefndin var skipuð í byrjun des. það ár og hefur verið litið svo á að sá tveggja ára starfstími nefndarinnar, sem till. fjallar um, eigi því við skipun nefndarinnar þannig að hún eigi skv. ályktuninni að hafa skilað álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar fyrir lok ársins 1980.

2. spurning hv. þm. er þessi: Er von á áfangaskýrslu frá nefndinni á næstunni?

Í upphafi nefndarstarfa var lögð fyrir nefndina verkefnaskrá, þ. e. taldir upp allmargir liðir, milli 25 og 30 að tölu, um þau atriði í stjórnarskránni sem alveg sérstaklega þyrfti að taka til umræðu og meðferðar. Síðan var farið rækilega á mörgum fundum yfir öll þessi atriði og þau rökrædd. Aflað hefur verið upplýsinga innanlands og utan um ýmis þessara atriða og samdar greinargerðir. Hefur verið ætlun nefndarinnar að taka saman grg. eða það sem hv. þm. nefnir áfangaskýrslu til handa þingflokkunum. Er sú grg. eða réttara sagt þær greinargerðir, sem þar er um að ræða, í vinnslu og það langt komið að þær á að mega afgreiða frá nefndinni til þingflokkanna áður en langt um líður. Það var í fyrstu rætt um hvort ætti í fyrstu aðeins að senda grg. um kjördæmamálið sjálft og þá helstu möguleika og kosti sem þar væru á döfinni, en niðurstaðan varð sú að senda samtímis greinargerðir um önnur atriði stjórnarskrárinnar sem hafa verið rædd og tekin til meðferðar. En mál standa þannig nú, að á næstu fundum nefndarinnar verður gengið frá þessari áfangaskýrslu eða grg. til þingflokka.

3. spurning hv. þm. er á þá leið: Hversu margir fundir hafa verið haldnir í nefndinni? Fyrstu fundir voru haldnir í des. 1978, strax eftir að nefndin hafði verið skipuð. Samtals hafa verið haldnir 24 fundir í nefndinni, þar af 6 á þessu ári. Eins og að líkum lætur eru störf nm. hins vegar ekki eingöngu fólgin í fundarhöldum, því að milli funda er unnin mikil vinna við gagnaöflun og samningu greinargerða sem nm. svo kynna sér og athuga milli funda. Það eru allmargvísleg gögn sem þannig hefur verið aflað fyrir nefndina.

Þá spyr hv. þm. í fjórða lagi hve margir starfsmenn starfi á vegum nefndarinnar og hve mikið þeir þiggi í laun. Nefndin réð sér í upphafi starfsmann sem ráðunaut, þ. e. prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, dr. Gunnar G. Schram. Verkefni hans er að semja sérfræðilegar álitsgerðir um ýmis stjórnarskrármálefni samkv. óskum nefndarinnar og afla gagna. Þá annast hann einnig skrifstofuhald fyrir nefndina. Greiðslur fyrir þessi störf hafa numið 335 þús. kr. á mánuði, þ. e. bæði þóknun og kostnaður við nefndarstörfin. Ritari stjórnarskrárnefndar er ráðurneytisstjórinn í forsrn., Guðmundur Benediktsson, og eru laun hans sömu og nm.

5. spurningin er hver séu mánaðarlaun nm. Sú nefnd á vegum fjmrn., sem fjallar um slík mál, ákvað laun stjórnarskrárnefndar og núverandi laun nm. eru samkv. ákvörðun nefndar þeirrar 65 935 kr. á mánuði og að venju um 50% hærri fyrir formann, hvort tveggja samkv. ákvörðun þessarar nefndar.

Ég vænti að ég hafi svarað fsp. hv. þm. sem eru hér prentaðar á þskj., en í ræðu sinni drap hann til viðbótar á fleiri atriði og m. a. þá samþykkt Framsfl., að endurskoðun stjórnarskrárinnar yrði ekki lokið fyrr en síðla á þessu kjörtímabili, ef ég skildi hv. þm. rétt. Nú hef ég getið um það, hvernig ákvæðin eru um störf nefndarinnar og hvænær hún á að skila sínum tillögum og grg. Síðan er ljóst að það tekur vafalaust nokkurn tíma á Alþ. að fjalla um svo stórt mál. Eins og kunnugt er er sá háttur um stjórnarskárbreytingar að til þess þarf samþykki fyrst eins þings og síðan þingrof og samþykki annars þings eftir þingrof og kosningar. Ég hef ekki gert ráð fyrir að þing yrði sérstaklega rofið vegna endurskoðunar stjórnarskrárinnar, heldur yrði sá háttur hafður nú eins og oft áður að reynt yrði að láta endurskoðun eða samþykkt nýrrar stjórnarskrár eða stjórnarskrárbreytinga falla saman við almennar kosningar.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir greinargóð svör við þeim spurningum sem ég hef lagt hér fram og gerði áður grein fyrir. Ég legg á það áherslu vegna nefndarþóknunar, að það hefur komið fram að einn nm. hefur afþakkað þóknun sína. Þar kemur því fram sparnaður fyrir ríkissjóð —

a. m. k. þangað til nefndin fer frekar á skrið. En það er önnur saga.

Það hefði kannske verið ástæða — og ég veit að ekki er eðlilegt að því sé svarað því að það kemur ekki fram í spurningunum — að spyrja hver kostnaðurinn sé alls og hvort í launum starfsmannsins, sem eru laun og kostnaður, komi fram kostnaður við öll ferðalög. Ég veit að ekki er hægt að ætlast til þess að hæstv. forsrh. geti svarað þessu nú á hraðbergi þar sem ekki var um það spurt í upphafi.

Mér þykir gott að heyra að á næsta fundi nefndarinnar verði afgreidd svokölluð áfangaskýrsla, verkefnaskrá eða grg. — eða hverju nafni við kunnum að nefna þann áfanga — og það síðan sent þingflokkunum. Ljóst er, að ef ljúka á þessari endurskoðun á þeim tíma, sem fyrirhugað er, verða þingflokkarnir og reyndar stjórnmálaflokkarnir að fá tækifæri til þess að kynnast viðhorfum nefndarinnar og þeim tillögum, sem hún gerir, og þeim kostum sem boðið er upp á um viðkvæmustu málin, sem að sjálfsögðu tilheyra kosningatilhögun og kjördæmaskipan.

Fyrir um það bil ári flutti fyrrverandi kennari við Háskólann í stjórnlagafræði, Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, erindi í útvarpið þar sem hann sagði að hann teldi miður að stjórnarskrárnefnd hefði kannske verið of þröngur stakkur sniðinn þar sem sérstaklega eru tekin fram í þáltill. sérstök atriði sem nefndin átti að beina athygli sinni að. Þór lét að því liggja, að hugsast gæti að enn mættu menn bíða í 35 ár eftir að heildarendurskoðun færi fram á stjórnarskránni — sú endurskoðun sem hann taldi nauðsynlegt að gerð yrði vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á íslensku þjóðfélagi í þau rúmu 100 ár sem stjórnarskráin hefur gilt, því að auðvitað er stjórnarskráin frá 1944 byggð að nánast öllu leyti á stjórnarskránni sem okkur var gefin 1874.

Ég er ánægður með að hæstv. forsrh. ætlar að skila starfi sínu í lok þessa árs og lætur engan bilbug á sér finna þrátt fyrir þær einkennilegu yfirlýsingar frá miðstjórn Framsfl. sem ég gat um áður. Ég segi það að lokum að ég treysti honum vegna reynslu hans og þekkingar á þessu máli sem fyrrv. kennara í stjórnlagafræði við Háskóla Íslands manna best til að standa þannig að þessu máli að það nái fram að ganga.

Sameinað þing, 66. fundur.

Fimmtudaginn 22. maí, að loknum 65. fundi.

Fjarskiptaþjónusta á Gufuskálum, þáltill. (þskj. 497). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 546). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Raforkuvinnsla og skipulag orkumála, þáltill. (þskj. 549). — Hvernig ræða skuli.

Að till forseta var ákveðin ein umr.

Mál Skúla Pálssonar á Laxalóni, þáltill. (þskj. 566). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjármögnun og framkvæmdir við Reykjanesbraut, þáltill. (þskj. 575). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samgöngur um Hvalfjörð, þáltill. (þskj. 584). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Málefni hreyfihamlaðra, þáltill. (þskj. 15, n. 443, 454). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. fékk til meðferðar till. til þál. um málefni hreyfihamlaðra og skilar nál. á þskj. 443, svo hljóðandi:

„N. hefur athugað till. á fundum sínum, aflað umsagna frá Húsameistara ríkisins og Ferlinefnd fatlaðra, og leggur n. til að till. verði samþ. með eftirfarandi breytingu:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og verði gerð kostnaðaráætlun um þau verkefni sem brýnust þykja. Skal í þessum efnum haft samráð við Ferlinefnd fatlaðra. Úttektin skal lögð fyrir Alþingi."

Við breyttum niðurlagi till. lítillega í því skyni að taka af öll tvímæli um að þetta mál kæmi til kasta Alþingis.

Undir þetta skrifuðu nm. Páll Pétursson, Jóhanna Sigurðardóttir, Salome Þorkelsdóttir, Steinþór Gestsson, Halldór Blöndal og Guðmundur G. Þórarinsson.

Ég vil taka það fram, að í umsögn, sem barst um þetta mál frá Ferlinefnd fatlaðra, taldi hún ástæðu til að í skrár Fasteignamats ríkisins væri sett táknmál sem veitti upplýsingar um aðgang fatlaðra að húsnæði.

Nú liggur fyrir, sé ég, brtt. við þessa till., viðbótartill. við okkar brtt., frá hv. þm. Stefáni Jónssyni og Helga Seljan, en ég sé ekki að það sé ástæða til að samþykkja hana á þessu stigi þar sem þessi athugun hefur ekki enn verið gerð.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Aðeins örstutt.

Ég þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessu máli um leið og ég vek athygli á mikilvægi þess og tek enn fremur undir það, sem hefur komið fram frá Ferlinefnd fatlaðra í sambandi við fasteignamerkingu, að mjög nauðsynlegt er að því verði komið á framfæri við hlutaðeigandi yfirvöld að setja reglugerð um þetta ákvæði.

Hins vegar skiptir miklu máli í þessu sem öðru að hafist sé handa. Ég vil nefna hér lítið dæmi sem sýnir

e. t. v. greinilega hvað við erum sofandi í svona augljósum réttindamálum.

Það var þannig, að við fjárlagagerð 1979 beitti fjvn. sér fyrir því, að veitt yrði fé til að setja upp lyftu í Þjóðminjasafnið. — Eins og flestir eða a. m. k. margir hafa hugmynd um var sú framsýni á þeirri tíð þegar Þjóðminjasafnið var byggt, að byggt var sérstakt lyftuhús, en í þetta lyftuhús hefur aldrei verið sett lyfta. — Í því skyni var sett í fjárlög 1979 sérstök fjárveiting að framkvæma þetta í Þjóðminjasafninu. En þegar farið var að athuga málið s. l. haust kom í ljós að stjórn safnsins hafði tekið þessa fjárveitingu til annars og lyftan var aldrei sett í Þjóðminjasafnshúsið. Við fjárlagagerð fyrir árið 1980 tók fjvn. þetta mál upp að nýju og nú var enn veitt sérstök fjárveiting í því skyni að láta setja upp lyftu í Þjóðminjasafnið þar sem lyftuhúsið er til, en hefur staðið ónotað frá því að húsið var byggt, eins og áður segir, og nú reynir á að staðið verði við að framkvæma það.

Ég segi þetta hér aðeins til að gefa lítið dæmi um að þrátt fyrir augljósar staðreyndir í svona velferðarmálum virðist vera æðimikið sinnuleysi um að koma slíkum réttindamálum fyrir fatlað fólk í framkvæmd, jafnvel þó að peningarnir séu til. Þess vegna legg ég áherslu á það, um leið og ég endurtek þakkir mínar til allshn., að reynt verði að fylgja þessu máli eftir þannig að það fari að sjást árangur af þessum ákvörðunum og viljayfirlýsingum Alþingis.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Lengur má það ógjarnan dragast úr hömlu að þakka hv. flm. fyrir flutning þessarar þáltill. og þá umhyggju sem hann hefur gjarnan sýnt hér í þingsölunum málefnum fatlaðra. Till. þessi er til mikillar fremdar og það er ekki með annað í huga sem ég flyt við hana brtt., heldur vegna þess að ég hef einmitt fengið hliðstæða reynslu við könnun á þessu máli og hv. flm., komist að þeirri niðurstöðu að hvert tilefnið á fætur öðru, hver átyllan annarri raunverulega verri, er til þess fundin að draga úr hömlu að hefjast handa um framkvæmdir í þessum málum.

Nú lá fyrir umsögn í n. um þáltill., sem hv. þm. Alexander Stefánsson gerði hér grein fyrir, á þá lund, að það mundi taka tvö ár að gera heildarúttekt, jafnvel lengri tíma, en það þarf ekki að bíða eftir því með að hefjast handa. Í vissum tilfellum væri hægt að gera það strax. Það hefði verið hægt að gera það nú í vor. Ýmis af þessum verkefnum liggja fyrir og það er alveg ljóst mál hvernig að þeim á að standa. En hitt er rétt, að það verður að sjá fyrir fjármagni. Því er það að ég flyt á þskj. 454 brtt. á þá lund að Alþ. feli ríkisstj. að leggja fram á næsta þingi frv. til l. um fastan tekjustofn í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmda, þannig að á næsta ári verði hægt að hefjast handa um breytingar á húsnæði og þáltill. sú, sem hv. alþm. Alexander Stefánsson er flm. að, komi til framkvæmda.

Ég er þeirrar skoðunar, að við eigum að láta hæstv. ríkisstj. um að merkja tekjustofninn til þess arna. Sjálfur hef ég verið með ýmsar hugmyndir þar að lútandi og ég veit að samtök öryrkja hafa látið sér koma ýmislegt til hugar. Meðal hugmynda, sem ég hef fengið í þessu sambandi, er að ætla til þess ákveðinn hundraðshluta sem tekinn yrði af sölu fasteigna, bætt við stimpilgjald eða þinglýsingargjald og látið koma í einn sjóð til þeirra hluta. Aftur á móti liggur ekki fyrir nein könnun á því, í fyrsta lagi hve hár sá hundraðshluti þyrfti að verða til þess að fá fé til framkvæmdanna, þar sem úttektin, sem ráðgerð er í þessari þáltill., hefur ekki farið fram, né heldur hvað við þurfum mikið í heild til þess arna.

En ég ítreka að mér finnst gersamlega ástæðulaust að láta það bíða í tvö ár eða lengur, á meðan verið er að gera heildarúttektina, að hefjast handa um framkvæmdir við einstakar byggingar. Ég vil því að þetta mál verði sett yfir á hendur ríkisstj. á skuldbindandi hátt af Alþ. nú þegar.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í þeirri brtt., sem fram er komin á þskj. 454 frá hv. þm. Stefáni Jónssyni og Helga Seljan, felst að tryggja fastan tekjustofn til þess að hægt verði þegar á næsta ári að hefjast handa um breytingar á byggingum sem nauðsynlegt er að breyta til að auðvelda fötluðum aðgang. Fram hefur oftsinnis komið sú skoðun, að eðlilegast sé að framkvæmdir í þágu öryrkja eigi að fjármagna beint af fjárlögum, það sé eðlilegasta leiðin, og ég get tekið undir hana og ég hygg að þeir tveir þm., sem standa að þessari brtt., geri það einnig. En það er samt sem áður margsannað og reyndar talar það skýrustu máli, að hversu nauðsynlegar sem ýmsar framkvæmdir eru í þágu öryrkja hafa þeir átt erfitt uppdráttar á fjárlögum og mjög lítið verið veitt til þeirra mála og í engu samræmi við þá miklu þörf sem er á fjármagni til uppbyggingar málefna öryrkja til að um nokkrar afgerandi framfarir sé að ræða.

Till. á þskj. 454 felur í sér að á næsta ári verði lagt fram frv. til l. um fastan tekjustofn til að tryggja þær framkvæmdir sem þáltill. felur í sér. Ég verð að segja að ég lái ekki þessum tveimur stjórnarsinnum það að treysta ekki ríkisstj. til að tryggja fjármagn til þessara þarfa með eðlilegum hætti á fjárlögum og finni sig þess vegna knúna til að leita annarra leiða til þess að trygging fáist fyrir framkvæmdum. Ég tek undir skoðun þessara hv. þm. og er sama sinnis og tek undir það, sem í þessari till. felst, að framlög beint á fjárlögum eru lítil trygging fyrir að eitthvað raunhæft verði gert í þessum málum og lítil von sé um stefnubreytingu af hálfu stjórnvalda í þessum málum nema sú leið verði farin sem þessi brtt. gerir ráð fyrir. Ég mun því styðja það, að þessi till. nái fram að ganga.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Jafnan skal það vera svo þegar hreyft er þörfum málum vegna fatlaðra eða öryrkja og ýmissa annarra þeirra sem miður mega sín í samfélaginu, að hv. 10. landsk. þm., Jóhanna Sigurðardóttir, þurfi að nota tækifærið til árása á hæstv. ríkisstj. Það kemur ekki fyrir að mál af þessu tagi séu nefnd hér á hv. Alþ. svo mikið sem í aukasetningum öðruvísi en hún þurfi með dylgjum og pólitískum svívirðingum að ráðast gegn ríkisstj. í tengslum við þessi mál. Hélt ég þó að hún hefði þær skyldur í þessum efnum að það væri henni skyldara að leita samstarfs og samhugar um framfarasókn í þessum efnum en efna til sundrungar.

Eins og hv. þm. er kunnugt er á þessu ári gert ráð fyrir að allmiklu meiri fjármunum sé varið til þessara efna en áður hefur verið. Í þeim efnum hafa margir góðir menn lagt góðum málum lið og náð árangri. Samt sem áður er haldið áfram að hamra á því aftur og aftur í ræðu eftir ræðu, einkum af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að einkum og sér í lagi sú ríkisstj., sem nú situr, megi helst ekki heyra neitt aumt nefnt áður en hún reyni a. m. k. að strá salti í sárið. Ég vísa þessum ásökunum algerlega á

bug. Ég er búinn að heyra þær hér margoft og ég hef ekki talið ástæðu til þess að vera að fara upp í ræðustólinn út af þessum málum, ég hef ekki viljað gera það vegna þess, hvernig þessi mál eru vaxin, en mér ofbýður að í hvert einasta skipti, hversu lítið sem málið er og tilefnið, skuli þessi hv. þm. halda á málum með þeim hætti sem hann gerir nú. Ég fullyrði að það er þegar á heildina er litið ekki þeim málefnum til góðs sem við berum bæði væntanlega fyrir brjósti þegar allt kemur til alls.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er dálítið broslegt stundum að vera hér í þingsölum, einkum þegar farið er að tala um öryrkja og fatlað fólk. Það er nokkurs konar sparimál fyrir ákveðna þm. að breiða hér úr góðvild sinni þegar málefni öryrkja ber á góma. — Og einkum verkar dálítið broslega á okkur, sem höfum unnið í þessum málum um árabil, að heyra málflutning af þessu tagi.

Ég er satt að segja furðu lostin og hef verið það áður hér í þinginu að hlusta á hv. 10. landsk. þm. tala um þessi mál. Það kann kannske að vera þekkingarskortur hv. þm., sem hefur ekki verið hér á þingi nema í eitt ár eða svo, rúmt þó, að vita ekki hver þróun hefur orðið í þessum málum, einkum frá árinu 1971, þegar Magnús Kjartansson, fyrrv. hæstv. heilbr.- og trmrh., tók við málum. Þetta er saga sem ég held að sé bæði dálítið vandræðalegt að segja hér í þinginu á þann máta sem þm. leyfir sér að gera og einkum held ég að þetta sé broslegt í röðum öryrkja. Það vill svo til, að við höfum séð með eigin augum, sem að þessum málum störfuðum, það merkilega gerast, að frá því að þetta fólk var eins og hverjir aðrir hreppsómagar, varð að leita til félagsmálastofnana í sínum byggðarlögum til að hafa fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, sáum við það gerast, einkum fyrir tilstilli þm. Alþb. og ekki síst fyrir tilstilli páv. hæstv. trmrh., Magnúsar Kjartanssonar, að þetta fólk varð skyndilega a. m. k. það sem við getum leyft okkur að kalla bjargálna, og þarf ekki að rekja það hér. Menn geta lesið löggjöf landsins og þróun hennar, ef þeir kæra sig um, eftir að tryggingalöggjöfinni var breytt árið 1971, lög nr. 67 frá 1971, ef hv. þm. vilja gera svo vel af fletta þeim upp.

Öryrkjar eru nefnilega ekkert sparifólk hér í Alþ. og það er andstyggilegt, svo að ég leyfi mér að taka mér stór orð í munn, að hlusta á þetta. Öryrkjar eru á engan hátt frábrugðnir öðru fólki, ef hv. þm. vita það ekki, að öðru leyti en því, að þeir hafa orðið fyrir einhverjum þeim uppákomum sem gera það að verkum að þeir eru fatlaðir eða sjúkir. En að öðru leyti eru þeir fólk nákvæmlega eins og við, þurfa að lifa sams konar lífi, og það er engin góðmennska að standa hér og sjá um að þeir geti það. Það er beinlínis skylda hvers einasta þm., og ég leyfi mér að fullyrða, þó að mér sýnist sitthvað um ýmsa hv. þm. hér, að ég ætla engum svo illt, ekki einum einasta þeirra, að þeir vilji ekki raunverulega vinna að því.

Það vill svo til, að fatlaðir þurfa alls konar aðstöðu sem við hin þurfum ekki, og það ætti ekki að vera efni í eina einustu ræðu að sjá svo um að hún verði til. Og í öllum bænum ætla ég að biðja ykkur um að hlífa mér við því í framtíðinni, sem hef unnið meðal þessa fólks í 7 ár og þekki mætavel bæði hugsanagang þess og kjör þess, — í drottins bænum hlífið þið mér við að setja hér upp einhvern jólasvip í hvert skipti sem þessi mál ber á góma.

Ég vil leyfa mér að segja líka, að þetta er vanvirða við hv. þm. Alexander Stefánsson sem mér hefur sýnst bera hér fram skynsamleg mál. Ég er ekkert að halda því fram að hann sé betri maður en aðrir hv. þm., kannske ofurlítið skynsamari, eins og þessi málaflokkur ber vitni um af hans hálfu, og ég sé enga ástæðu til þess að menn fari úr sambandi í hvert einasta skipti sem rætt er um þessi mál.

Hér liggja fyrir tvær till. og það er hægt að afgreiða þær með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Ég held að það sé hárrétt athugað hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni og hv. þm. Helga Seljan, sem — við skulum ekki gleyma því — hefur hér um árabil, án allrar tilfinningasemi, hefur mér sýnst, barist fyrir kjörum þessa fólks og leiðrétt þau á margan máta með aðstoð annarra hv. þm. sem enginn, eins og ég hef margsagt, hefur hið minnsta á móti. Það kann að hafa strandað stundum á fjárveitingu eins og svo margt annað, en viljann held ég að hafi aldrei skort. Þessir tveir hv. þm. hafa lagt hér fram till. sem ég er tilbúin til að styðja.

Ég held að það sé kannske rétt að nauðsynlegt sé að bera fram frv. hér í haust um að tryggja tekjustofn til að fjármagna breytingar á opinberu húsnæði. Ég held að það sé gríðarlega mikið mál. Hér hafa verið byggð hús frá elstu manna minnum sem ekki eru á þann veg að unnt sé fyrir öryrkja að komast inn í þau. Ég held að það sé alveg ljóst að slíkar breytingar kosta mikið fé, og ég held að það sé sjálfsagt að tryggja þennan tekjustofn.

Ég tel að það megi athuga, hvort ekki sé sjálfsagt eða öllu heldur eðlilegra að sameina þessa sjóði. Ég held að sjóðir okkar séu að verða ærið margir og það mætti skoða það í rólegheitum í sumar, hvort ekki er ráðlegt að slá þessum sjóðum að einhverju leyti saman. En ég held að það sé bara framkvæmdaatriði sem þarf að leysa og er ástæðulaust að halda einhverjar hjartnæmar ræður um það.

Brtt. frá hv. allshn. getur svo sem verið góð og gild og ég get svo sem ekki haft neitt á móti henni. Ég hygg að við getum öll sameinast um að afgreiða hana eins og hún kemur frá n. án allra fyrirvara, og þetta mál held ég að sé hægt að afgreiða.

Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði hér áðan, núv. formaður tryggingaráðs. Ég hygg ekki að hann hafi neitt á móti því að vinna að þessum málum.

Það er afskaplega virðingarvert þegar skynsamlegar tillögur um þessi mál koma hér fram, en fyrir hönd öryrkja í landinu frábið ég þingheimi að þurfa að hlusta á þá keppni í hjartagæsku sem hér fer fram í hvert skipti sem þessi mál ber á góma.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það, sem veldur því að ég kveð mér hljóðs, er sú keppni í hjartagæsku sem hefur átt sér stað undanfarið, síðustu mínútur. Það liggur náttúrlega fyrir, að afgreiðsla meiri hl. Alþingis á fjárlögum var með þeim hætti að ekki var til neins fagnaðarauka fyrir það fólk sem hér um ræðir, hreyfihamlað fólk. (**GHelg:** Þetta er ekki satt.) Þetta er rétt. — Og það er einnig rétt, þó síðasti hv. ræðumaður tali um að hreyfihamlaðir menn séu bjargálna nú, þvert ofan í það sem þeir hafi verið fyrir svo sem tíu árum, og það vil ég segja þessum hv. þm., að svo er nú komið vegna mikilla kostnaðarhækkana í þjóðfélaginu, þar sem á hinn bóginn hafa legið eftir samsvarandi tekjuhækkanir hjá hreyfihömluðum og áður, að það fer bráðum að verða mjög mikill lúxus fyrir þetta fólk, nema eitthvað sérstakt komi til, ef

það getur rekið bifreið, sem þótti þó sjálfsagt fyrir nokkrum árum. Þessar staðreyndir, sem ég segi um þetta mál, — og svo geta menn rifist og deilt um það hér á Alþ. eins og þeim nokkurn veginn sýnist, — liggja hreinar fyrir. Þær eru af minni hálfu úr samtali við einn af forustumönnum hreyfihamlaðra sem ég á þessari stundu sé ekki ástæðu til að nafngreina. (**StJ:** Það getur valdið misskilningi.) Það getur valdið misskilningi, hv. þm. En hitt man ég vel, að ég heyrði þá miklu svardaga sem þessi hv. þm. gaf þegar hann var í framboði fyrir norðan og ég fylgdist líka með hvernig greitt var atkv. hér um fjárlög. Þótt menn geti kannske, þegar það kostar ekki neitt, þóst vera frjálslyndir og fínir og góðir hefur raunin orðið önnur, einkum nú upp á síðkastið, því að það hefur vantað getuna til að standa við stóru orðin.

Ég verð að biðjast afsökunar á því að hafa blandað mér inn í þetta ógurlega kapphlaup undir þessum dagskrárlið til að sýna sérstaka umhyggju fyrir þessu fólki, en ég hef orðið var við slíkt á sama tíma og fyrir liggur að þær gífurlegu kostnaðarhækkanir, sem orðið hafa í þjóðfélaginu á undanförnum mánuðum, réttlæta ekki það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 8. landsk. þm., að þetta fólk væri eitthvað sérstaklega vel bjargálna. Þvert á móti liggur fyrir að rekstrarkostnaður bifreiða hefur hækkað svo sem raun ber vitni og ég skal ekki gera frekar að umræðuefni.

ATKVGR.

Brtt. 443 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 454 samþ. með 33:1 atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 622).

Sameinað þing, 67. fundur.

Fimmtudaginn 22. maí, að loknum 66. fundi.

Mál Skúla Pálssonar á Laxalóni, þáltill. (þskj. 566). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir að tækifæri gafst til að ræða þessa tillögu.

Á þskj. 566 flytjum við þm. Árni Gunnarsson, hv. þm. Ólafur G. Einarsson og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson till. til þál. þar sem segir svo:

„Alþingi felur ríkisstj. að fylgja þegar eftir tillögu nefndar, sem sameinað Alþingi kaus 23. maí 1979 til að gera úttekt á málum Skúla Pálssonar á Laxalóni í samræmi við samþykkt Alþingis frá sama tíma."

Nú er mér ljóst, að þingheimur þekkir þetta mál mjög gjörla, og því ekki ástæða til að hafa um það mörg orð.

Þegar Sþ. samþykkti þessa þáltill. kaus það um leið þrjá menn til að gera þá úttekt sem vísað er til í þeirri till. sem nú er til umr. Aðdragandi þeirrar till., sem samþ. var hér á þingi 23. maí 1979, var sá, að allshn. Nd. hafði fjallað um málefni Skúla Pálssonar á Laxalóni að eigin frumkvæði á fjölmörgum fundum, leitað álits málsaðila og sérfræðinga. Í framhaldi af mjög ítarlegri athugun þessa máls var flutt hér í Sþ. þáltill. og þrír menn kjörnir í nefnd til að gera tillögur um úrbætur á þessum málum öllum. Í nefndina voru kjörnir dr. Jónas Bjarnason, Kristján Gíslason fyrrum verðlagsstjóri og Jón Sveinsson sem stundum er kenndur við Lárós. Fyrir nokkru skiluðu þessir heiðursmenn tillögum sínum og skýrslu um málið, sem þm. eiga að hafa haft til aflestrar og athugunar um nokkurt skeið.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að kafa djúpt í þau vandamál, sem eru nær þriggja áratuga gömul, í samskiptum Skúla Pálssonar við stjórnvöld, en það er löng og mikil saga. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. Alþingi að afgreiða þetta mál deilulítið eða deilulaust. Hér eru í húfi að mörgu leyti hagsmunir fiskræktar í landinu og þriggja áratuga merkilegt brautryðjandastarf.

Ég vænti þess, að meiri hl. þm. leggi þann skilning í þetta mál sem ég geri og meðflm. mínir að þessari till., og ég vænti þess einnig fastlega, að nákvæmlega eins og stjórnarandstaðan hefur að undanförnu veitt stjórnarliðum á þingi stuðning við að hrinda fram margvíslegustu umbótamálum veiti þeir liðsinni til að koma þessu máli í höfn í eitt skipti fyrir öll þannig að ekki þurfi nú lengur að deila um þetta mál og að mínu mati að réttlætinu verði framfylgt. Ég er þeirrar skoðunar að skuld stjórnvalda við þann mann, sem hér um ræðir, sé orðin talsverð. Ég mun ekkert fara út í það frekar, nema tilefni gefist til þess, og mun því láta orðum mínum lokið um þetta mál.

Ég hefði sjálfur ekki talið ástæðu til þess að málinu væri vísað til n., svo mikla umfjöllun er það búið að fá hér á þingi, bæði í allshn., þegar það upphaflega var tekið fyrir, og í umr. En mér lögfróðari menn verða að skera úr um hvort nauðsynlegt sé að málið fari til n. Ef svo er mun ég beygja mig fyrir því og vilja þeirra manna, en eðlilegast hefði ég talið að mál þetta yrði afgreitt, án þess að það færi til n., og eru til þess ýmsar ástæður að það væri unnt að gera.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil strax taka það fram, að ég er ákaflega ófróður um eðli þessa máls, og verð að játa, að ég hef ekki gefið mér mikinn tíma til að fara yfir málsskjöl eða kynna mér hvað sé rétt og hvað sé rangt í þessu máli. Fullyrt er að Skúli Pálsson á Laxalóni eigi kröfu á hendur ríkissjóði vegna aðdraganda þess að hann varð fyrir miklu tjóni þar, og ég vil síður en svo neitt draga úr því að svo kunni að vera. Ég er alls ekki dómbær um það atriði. Ég verð hins vegar að segja það alveg eins og er, að mér finnst málsmeðferðin varðandi þetta mál nokkuð óvenjuleg.

Það er skipuð nefnd til að rannsaka málið og út af fyrir sig er það ekkert óeðlilegt, hún hefur gert það, en hitt er ljóst, að það er og hefur verið meginregla í sambandi við þá, sem bótarétt eiga á hendur ríkinu, að annaðhvort öðlast þeir þann rétt eftir dómsniðurstöðu eða niðurstöðu gerðadóms. Hvor leiðin sem farin er sýnist mér að það væri fordæmalítið að greiða bætur öðruvísi en að undangengnum einhverjum úrskurði þar sem málið hefði verið rannsakað með venjulegum réttarfarsaðferðum. Hin leiðin er svo sú, að Alþ. samþykki að veita Skúla Pálssyni á Laxalóni ákveðið framlag á fjárlögum með ákveðnum rökstuðningi. Það er líka hægt að gera en slíkt verður að sjálfsögðu ekki gert öðruvísi en með ákvörðun í fjárlögum. Ég vil því strax lýsa yfir því, að ef

þessi till. verður samþ. hlýtur samt lokaafgreiðsla málsins að bíða afgreiðslu næstu fjárlaga, og vegna þess að þetta er fjárhagslegs eðlis teldi ég það algert brot á öllum viðteknum venjum hér á Alþ. ef máli þessu væri ekki nú vísað til fjvn. Við skulum vænta þess, að hún taki sér ekki allt of langan tíma til umsagnar um málið, en ég held að ekki verði undan því vikist að gefa henni kost á að fjalla um málið og um málsmeðferð ekki síður.

Ég er síður en svo að segja það með þessum orðum mínum að nefndur maður, Skúli Pálsson á Laxalóni, kunni ekki að eiga þann rétt sem rætt hefur verið um að hann eigi. En ég óska hins vegar eftir því, að málið hljóti eðlilega málsmeðferð, og legg því til að því verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 101. fundur.

Fimmtudaginn 22. maí, kl. 4 síðdegis.

Sönnun fyrir dauða manna, frv. (þskj. 207). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. (þskj. 601 (sbr. 339), n. 619, 620). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 620. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar og þar áður hafði n. fjallað um þetta mál á mörgum sameiginlegum fundum með fjh.- og viðskn. Nd. Hér er brýnt mál á ferðinni og allir sammála um að á þessu máli þurfi að taka.

Það urðu nokkrar umræður í n. um nauðsyn þess að greiða niður olíuna í skólahúsnæði og þar með töldu heimavistarhúsnæði og þá einkum það sem sagt er í 7. gr. um heimild til slíks og hvort réttara hefði verið að hafa það skyldu. Urðu nm. ekki sammála um að flytja brtt. varðandi þetta. Einnig var rætt um ýmsar aðrar almannastofnanir, svo sem sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, dagvistarstofnanir og fleira slíkt svo og hvort ætti að greiða niður olíu til atvinnurekstrarhúsnæðis. En eins og ég sagði varð n. ekki sammála um að standa að sameiginlegum brtt. varðandi þetta mál. Þótt einstakir nm. teldu að nauðsynlegt hefði verið að endurskoða frv. ítarlega varð n. sammála um að leggja til að það yrði samþ., enda yrði fljótlega unnið að endurskoðun laganna með sérstöku tilliti til efnisþátta sem koma fram á þskj. 112 og 157.

Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. og fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Nefndin hefur skilað sameiginlegu nál., eins og þegar hefur komið fram.

Segir í þessu nál., að einstakir nm. telji að nauðsynlegt hefði verið að taka frv. til gagngerrar endurskoðunar. Í því efni vísa ég til þess sem ég sagði við 1. umr. þessa máls. Ég ræddi þá nokkuð helstu meinbugi sem á frv. þessu eru.

Ég tel að það sé fengur að því viðhorfi hv. fjh.- og viðskn., að hún er sammála um að leggja til að ef þetta frv. verður samþ. verði unnið að endurskoðun laganna með sérstöku tilliti til efnisþátta sem koma fram á þskj. 112 og 157. Í þessu felst viðurkenning í heild á þeirri gagnrýni sem ég hafði uppi við 1. umr. málsins á frv. þessu.

Hér er vísað til efnisþátta í þskj. 112. Það er hið margumtalaða frv. sem ég ásamt hæstv. viðskrh., hv. þm. Stefáni Jónssyni og Eiði Guðnasyni bar fram fyrr á þessu þingi. N. er sem sé sammála um að það beri að taka væntanlega löggjöf til endurskoðunar með hliðsjón af þessu frv. Að gefnu tilefni kom ég inn á frv. á þskj. 112 við 1. umr. þessa máls í gær. Ég skal því ekki fara að rifja það mál frekar upp nú í þessum umr. Það hafa líka ítarlegar umr. farið fram í þessari hv. d. um efni frv. við 1. umr. þessa máls.

En ég vil víkja nokkrum orðum að hinu þskj., sem nál. vitnar til, og það er þskj. 157. Það er till. til þál. um framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar sem ég ásamt fleiri samflokksmönnum mínum flyt. Hv. fjh.- og viðskn. er sammála um að væntanleg löggjöf, þegar frv. þetta, sem við nú ræðum, hefur verið samþ., verði tekin til sérstakrar endurskoðunar, ekki einungis með tilliti til efnis þess, sem er að finna á þskj. 112, heldur einnig á þskj. 157, sem gerir ráð fyrir framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar.

Það er ákaflega mikilvægt að skilningur sé á því, að niðurgreiðsla olíu er engin framtíðarlausn í þeim vanda sem við er að fást í þessu efni. Hún er, ef svo mætti segja, bráðabirgðaaðgerð. Hún er til að bæta úr mesta vandanum, lina erfiðleikana sem það fólk á við að búa sem býr á olíukyndingarsvæðunum. En framtíðarlausnin í þessu efni er að sjálfsögðu sú, að það verði komist hjá erlendum orkugjöfum, komist hjá olíunni sem orkugjafa til upphitunar húsa. Það er einmitt þetta viðfangsefni sem þáltill. á þskj. 157 fjallar um.

Í þáltill. er ekki einungis kveðið svo á að það skuli gerð áætlun um framkvæmdir í orkumálum vegna húshitunar. Það er beinlínis tekið fram á hvaða þætti orkumálanna skuli leggja sérstaka áherslu.

Það er í fyrsta lagi tekið fram að lögð verði áhersla á að í þessari framkvæmdaáætlun verði um að ræða jarðhitaleit. Það er að sjálfsögðu vegna þess hve jarðhitaleitin er þýðingarmikil í þessum efnum. Það er mikilvægt að einskis sé látið ófreistað, að allt sé gert til að hraða framkvæmdum í þeim efnum. En framkvæmdir í þessum efnum eru viðtækar og margvíslegar. Áður en boranir eru gerðar eftir heitu vatni á hverju jarðhitasvæði fyrir sig er nauðsynlegt að gera ýmsar rannsóknir. Það fer eftir aðstæðum hversu yfirgripsmiklar slíkar forrannsóknir

þurfa að vera. En þó að jarðhitarannsóknirnar sjálfar séu grundvöllurinn eru vinnsluboranir eftir heitu vatni fyrirferðarmestu framkvæmdirnar í jarðhitaleitinni. Vinnsluborunum hefur fleygt fram á síðari árum. Aukin tækni og bættur tækjakostur hafa gert það mögulegt. En það er nauðsynlegt að hraða þessum framkvæmdum svo ekki verði óþarfadráttur á því að jarðvarminn verði hagnýttur hvar sem við verður komið. Ég hygg að það geti ekki nokkur ágreiningur verið um mikilvægi þessara framkvæmda sem gert er ráð fyrir að framkvæmdaáætlun sú, sem lögð er til að gerð verði, fjalli um.

Í öðru lagi er um að ræða hitaveituframkvæmdir. Það er ekki nóg að leita jarðvarmans. Það er ekkert mikilvægara en að hagnýta jarðvarma og að hann verði tekinn í notkun svo fljótt sem verða má til upphitunar húsa. Þjóðhagslega er ekkert brýnna en hitaveituframkvæmdir. Það eru núna um 20 hitaveitur sem hafa verið stofnaðar víðs vegar um landið. Þær eru nær allar í eigu sveitarfélaga. Hitaveita Suðurnesja, sem tók til starfa árið 1978, er að því leyti sérstæð, að hún er sameign ríkis og sveitarfélaga. Orkubú Vestfjarða, sem tók til starfa í ársbyrjun 1978, er einnig sameign ríkis og sveitarfélaga, en hlutverk þess er bæði að annast vinnslu og dreifingu raforku svo og að byggja og reka hitaveitur. Það þarf að koma í veg fyrir að erfiðleikar fjárhagslega veikra sveitarfélaga hamli eða seinki hitaveituframkvæmdum. Það er m. a. vegna þessa sem það er þýðingarmikið að taka þennan þátt orkuframkvæmda inn í framkvæmdaáætlun þá sem ég geri hér að umtalsefni.

En það er ekki nægilegt að snúa sér í þessu efni að framkvæmdum þar sem jarðvarmi er fyrir hendi, heldur þarf í raun og veru ekki síður að snúa sér að framkvæmdum í hitaveitumálum þar sem jarðvarmi er ekki fyrir hendi til að koma þar upp svokölluðum fjarvarmaveitum með öðrum orkugjöfum. Þessar fjarvarmaveitur mætti í mörgum tilfellum síðar hagnýta með jarðvarma sem orkugjafa, þegar betur hefur miðað í jarðhitaleit og ný tækni kann að hafa skapað möguleika á hagnýtingu jarðvarma þar sem slíkir möguleikar eru ekki fyrir hendi nú.

Þriðja atriðið í þessari framkvæmdaáætlun, sem ég geri hér að umtalsefni, varðar aðalháspennulínur í landinu. Ég ætla ekki að fara að rifja upp hvað hefur gerst á síðari árum í þeim efnum. En þar hafa orðið miklar framfarir svo sem kunnugt er. Engum blandast hugur um þýðingu Norðurlínu, Austurlínu og Vesturlínu, sem við göngum út frá að verði lokið á þessu ári, en þrátt fyrir þær eru enn stór verkefni óleyst varðandi aðalháspennulínur í landinu. Það er grundvallaratriði til þess að rafmagn verði hagnýtt til upphitunar húsa víðs vegar á landinu að unnið sé að framkvæmdum við aðalháspennulínur.

Fjórða atriðið, sem framkvæmdaáætlun sú, sem ég nú ræði um, fjallar um, er styrking rafdreifikerfis í sveitum og í strjálbýli landsins. Í mars 1979 samþykkti orkuráð að leggja til við iðnrh. að hafist yrði handa um að styrkja rafdreifikerfi í strjálbýli hér á landi til að það gæti flutt rafmagn er nægði til almennra heimilisnota í sveitum, fullrar hitunar húsa með rafmagni og búnota hvers konar svo og til margvíslegra annarra nota í strjálbýli, svo sem þjónustu og minni háttar iðnaðar. Samþykkt orkuráðs var byggð á ítarlegum athugunum sem ráðið hafði látið fara fram um þessi efni og ég ætla að hv. þm. séu kunnar. En framkvæmdir í þessum efnum eru bæði aðkallandi og svo mikilvægar vegna þess að þær skapa grundvöll fyrir því, að hægt sé að nota innlenda orkugjafa til upphitunar húsa í sveitum landsins. Ef ekki er aðhafst með markvissum og skjótum hætti verða sveitirnar langt á eftir í þessum efnum þegar búið er að leysa tilsvarandi verkefni í þéttbýlinu.

Fimmta atriðið í þessari fjárfestingaráætlun, sem ég nú ræði um, er sveitarafvæðingin, hin eiginlega sveitarafvæðing sem hefur staðið yfir í nokkra áratugi. Henni er nú svo langt komið að það eru aðeins nokkrir tugir sveitabæja í landinu sem eftir er að tengja samveitum og gert hefur verið ráð fyrir samkv. samþykkt orkuráðs að eðlilegt væri og heppilegt að tengja samveitunum. Er gert ráð fyrir að í þessari framkvæmdaáætlun, sem hér um ræðir, verði loks bundinn endir á þessar framkvæmdir og sveitarafvæðingunni verði lokið.

Ég hef hér í fáum orðum drepið á fimm þætti í framkvæmdaáætlun þeirri sem till. á þskj. 157 gerir ráð fyrir. Ég geri þetta til að vekja athygli hv. Ed. á því, um hvað hv. fjh.- og viðskn. er sammála í þessu efni. N. er sammála um að þessi mál verði tekin til gagngerrar athugunar.

Sjötta atriðið, sem er í þessari framkvæmdaáætlun, skal ég ekki ræða sérstaklega. Það er um orkusparandi aðgerðir. Það er sérstakur kafli í því frv. sem við nú ræðum og hér liggur fyrir. Hef ég áður við 1. umr. vikið að þeim þætti málsins.

Ég skal þá ekki ræða frekar um það sem hv. fjh.- og viðskn. er sammála um að verði sérstaklega gætt við frekari meðferð þessara mála. En einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja brtt. og fylgja þeim sem fram kunna að koma. Ég skrifa ásamt öðrum fulltrúum Sjálfstfl. í hv. fjh.- og viðskn. undir nál. með fyrirvara til að leggja áherslu á þá ætlan okkar að bera fram brtt. og freista þess að laga nokkuð þetta frv. En það getur aldrei orðið jafngott frv. — hvernig svo sem við breytum því — og frv. það sem við hæstv. viðskrh. bárum fram fyrr á þessu þingi ásamt hinum ágætu hv. þm. Stefáni Jónssyni og Eiði Guðnasyni. Það hefði þurft að bera fram algerlega nýtt frv. til þess að svo gæti orðið.

En samt sem áður viljum við ekki liggja á liði okkar, ef við gætum þokað því frv., sem hér er, nokkuð í rétta átt, og með tilliti til þess berum við fram brtt. á þskj. 620. Ég vil nú í fáum orðum víkja að þessum brtt.

1. brtt. varðar það efni, að ný grein komi til, sem verði 5. gr. frv., þar verði tiltekin fjögur tilvik þar sem skylt er að greiða niður olíu til viðbótar við ákvæði 4. gr., sem er eina grein þessa frv. sem leggur þá beinu skyldu á ríkisvaldið að olían sé greidd niður. Þessi tilvik eru:

Í fyrsta lagi verði greiddur olíustyrkur til þeirra sem nota olíu til upphitunar atvinnuhúsnæðis. Það er augljóst mál, að ákaflega þýðingarmikið er fyrir strjálbýlið í landinu að greidd sé niður olía til upphitunar atvinnuhúsnæðis þar sem sú upphitun fer fram á olíuhitunarsvæðunum. Eftir því sem upphitunarkostnaðurinn verður meiri þáttur og tilfinnanlegri í rekstrarkostnaði fyrirtækjanna, eftir því standa fyrirtæki á þessum stöðum hallari fæti gagnvart öðrum fyrirtækjum í landinu. Það er í mörgum, ef ekki flestum — og nær að segja það — tilfellum svo, að fyrirtæki eru bundin sömu verðlagshömlum á framleiðslu sinni hvar sem þau eru á landinu. Meðan slík ákvæði gilda er verið að mismuna hinum einstöku byggðarlögum í þessu landi. Á þeim grundvelli er þessi till. flutt.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir samkv. till. okkar að skólum og öðrum menningarstofnunum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum og dvalarheimilum fyrir aldraða og unga skuli greiddir olíustyrkir. Við teljum að það sé svo varðandi þessar menningar- og heilsugæslustofnanir og félagslegu stofnanir á olíuhitunarsvæðunum að það megi ekki leggja á þær meiri byrðar en gengur og gerist um hliðstæðar stofnanir annars staðar í landinu. Í mörgum tilfellum þola þær ekki þær byrðar sem nú fylgja olíukyndingunni. Það er þess vegna bæði nauðsynjamál og sanngirnismál að þetta verði lagað og það verði skylda að greiða olíustyrki til þessara aðila.

Í þriðja lagi leggjum við til að þeim, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva, séu greiddir olíustyrkir. Þetta eru bændurnir í landinu sem hafa beðið þolinmóðir eftir því að fá bæi sína tengda samveitum. Og þetta eru bændurnir sem jafnvel verða að ganga út frá því, að þeir fái aldrei bæi sína tengda samveitum. Það er ekki hægt að skilja við þetta mál á annan veg en að ganga frá því föstu að þetta fólk fái olíustyrki sambærilega við aðra borgara landsins.

Í fjórða lagi gerum við till. um að olíustyrkir verði greiddir hitaveitum, sem nota olíu sem orkugjafa, og rafveitum, sem nota olíu til framleiðslu rafmagns til upphitunar húsa. Við teljum að þetta sé svo mikilvægt að það sé þjóðhagslega fásinna að gera þetta ekki. Hef ég þá sérstaklega í huga þegar um er að ræða hitaveitur sem nota olíu að orkugjafa. Ég þarf ekki að fara að tíunda hér alkunn sannindi um hvað slíkar hitaveitur eru þjóðhagslega mikilvægar kostnaðarlega þegar þær eru bornar saman við olíukyndingar í einstökum húsum. Kemur þar inn atriði sem ekki verður gengið fram hjá, að með hitaveitunum eða hinum svokölluðu fjarvarmaveitum er möguleiki að hagnýta miklu ódýrari olíu, ódýrari erlendan orkugjafa með hagnýtingu svartolíunnar en með hagnýtingu gasolíu í kynditækjum í einstökum húsum.

Ég hef þá í fáum orðum stiklað á þessum fjórum tilvikum þar sem við leggjum til að það verði skylda að greiða olíuna niður. Til frekari áherslu á þessari till. leyfi ég mér að minna á að sumt af því, sem hér er verið að leggja til, er í gildandi lögum. En með þessu frv. er stigið skref aftur á bak frá gildandi lögum. Það er ekki hægt að láta slíkt viðgangast mótmælalaust. Við erum að ganga spor aftur á bak hvað snertir heimavistir í grunnskólum. Samkv. gildandi lögum er það skylda að greiða niður olíu til þeirra, en samkv. þessu frv. er slíkt sett í heimildarform. Samkv. gildandi lögum er skylda að greiða niður olíu hjá rafveitum sem nota olíu til framleiðslu rafmagns til upphitunar húsa. Það er skylda. En hér erum við að setja þetta í heimildarákvæði. Þetta er spor aftur á bak. Ég leyfi mér að segja hér: Ég trúi því ekki fyrr en ég þreifa á að það sé fylgi í hv. Ed. fyrir því að ganga spor sem þessi aftur á bak í þessum málum. — Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta.

Ég kem þá að 2. brtt. okkar á þskj. 620. Sú brtt. er formsatriði og er einfaldlega um að fella niður 7. gr. frv., sem er heimildargrein og verður óþörf þegar búið er að samþykkja nýja grein með skyldu til niðurgreiðslu — nýja grein sem verður samkv. till. okkar 5. gr. frv.

Ég kem þá að 3. og síðustu brtt. Hún er um það, að 16. gr. frv. hljóði svo, að iðnrh. setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Í 16. gr. frv. er gert ráð fyrir að því hlutverki að setja reglugerðir semkv. þessu frv. sé skipt milli iðnrh. og viðskrh. Ég hef, og gerði það við 1. umr., vikið nokkuð að þessu atriði, svo ég skal ekki vera að tefja menn með því að endurtaka núna það sem ég sagði þá. En ég held að þetta mál ætti alfarið að heyra undir iðnrn., enda er þetta orkumál. Ég hef ekki heyrt það heldur, að mótmælt væri þeirri skoðun minni. Niðurgreiðsla á orkugjöfum er orkumál. Sparnaður orkugjafa er orkumál. Nýting innlendra orkugjafa er orkumál o. s. frv.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir brtt. okkar félaga á þskj. 620 og hef lokið máli mínu.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er kannske fyrst og fremst vegna þess að það misfórust boð til mín um þennan fund í fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., þannig að ég gat ekki setið hann, sem ég vildi segja fáein orð, nefnilega það, að ég hefði getað skrifað undir þetta nál. og stýð afgreiðslu þessa máls.

Eins og komið hefur fram í málflutningi hér á þingi fjölluðu nefndir Nd. og Ed. nokkuð um þetta sameiginlega og athygli beindist mjög að 15. gr. þessa frv. til l. Eftir að hafa fjallað um hana var sett niður viðmiðun um hvernig hún skyldi framkvæmd, enda um viðkvæmt mál að ræða. Sú viðmiðun birtist í nál. frá fjh.- og viðskn. Nd. og ég tel að með slíkri viðmiðun ætti væntanlega að vera unnt að fylgja fram þeirri stefnu, sem í frv. felst, án þess að það skapi sérstaka hættu. Ég er þess vegna meðmæltur því, að frv. verði samþ. í þessu formi og með þeim fyrirvara sem í nál. stendur.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir, hve fljótt hún hefur afgreitt þetta mál, og einnig fyrir að leggja til að það verði samþ. með þeim hætti sem greint er í grg. Hv. 2. þm. Reykn. hefur enn fremur lýst yfir stuðningi við málið.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég mun beita mér fyrir því, að frv., ef að lögum verður, sem ég efast raunar ekki um, verði endurskoðað í þá veru sem segir í nál. á þskj. 619. Líklega færi best á því að slík endurskoðun væri gerð af fulltrúum allra flokka, — raunar ýjaði ég að þessu í ræðum mínum um málið við 1. umr. hér í hv. þd. í gær, — enda væri þá höfð hliðsjón af framkvæmd laganna þegar á þessu ári.

Ég vil svo enn fremur endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að ég geri ráð fyrir að þær heimildir, sem felast í frv., verði notaðar þannig að ekki verði felldir niður olíustyrkir, sem greiddir hafa verið, nema ef innlend orka kemur í stað olíunnar og þá í samræmi við ákvæði frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 620,1 felld með 8:5 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 620,2 tekin aftur.
7.—15. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 620,3 felld með 7:5 atkv.
16.—17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 102. fundur.

Fimmtudaginn 22. maí, að loknum 101. fundi.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, frv. (þskj. 601 (sbr. 339)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég gerði nokkuð ræki lega grein fyrir afstöðu minni til þessa máls í umr. í gær og ég get í meginatriðum vísað til þess sem þá var sagt.

Það vekur nokkra athygli, sem kom fram hjá hæstv. viðskrh. áðan, að hann hygðist láta endurskoða þessa löggjöf strax á þessu ári. Auðvitað ber að fagna þessari yfirlýsingu, því að þessi löggjöf er að sjálfsögðu með þeim hætti að við hana verður tæpast búið. Það er mér að sjálfsögðu fagnaðarefni að þar tekur ráðh. upp það sem kom fram í þáltill. minni fyrr á þessum vetri, að um þetta mál yrði fjallað af fulltrúum allra þingflokka. Get ég í sjálfu sér fagnað yfirlýsingu ráðh. Það gefur nokkuð auga leið í þessu sambandi, að tæpast verður talað um að Alþ. hafi of rúman tíma til starfa þegar þess er gætt að hér fer nú fram í rauninni umr. um þetta mál í þriðja sinn á þessum vetri, en samt er afgreiðsla þess með þeim hætti að fylgja verða því yfirlýsingar um að endurskoðun eigi sér strax stað.

Ég get ekki látið hjá líða að minna á að það hljóta að vera mönnum vonbrigði hvað hér er um litlar úrbætur að ræða í þessu mikla vandamáli þar sem í þessu frv. felst sennilega eitthvað í kringum 40% þátttaka, en hefði *þurft að vera 60% miðað við það sem almennast kostar* að kynda hús í þessu landi. Hér er um að ræða sáralitlar endurbætur frá því sem áður hefur verið því að þátttaka hins opinbera hefur verið á milli 30 og 40% í kyndingarkostnaðinum.

Það er sannarlega ekki að ófyrirsynju þótt hæstv. viðskrh. vilji nú gefa yfirlýsingar um að úr þessu þurfi að bæta.

En þessu er nú öllu sleppt í þeirri tillögugerð, sem við freistum hér enn þá einu sinni að koma fram, og raunar öðru því, sem lögð hefur verið áhersla á, ekki einungis af sjálfstæðismönnum, heldur mörgum öðrum hv. alþm. Þess í stað er nú þess aðeins freistað að halda því í frv. sem áður var bundið í lögum, og þar á ég við skólana. Þau ákvæði voru reyndar áður eingöngu miðuð við grunnskóla, en hafa nú verið gerð víðtækari. Þó vil ég benda á að þátttaka í olíukostnaðinum eða kyndingarkostnaðinum samkv. þessu frv. nemur ekki nema innan við 30%, líklega í kringum 25—27% af því sem kostar að hita upp skólarými. Í þessari till. er ekki gerð nein tilraun til að lagfæra þessa upphæð, heldur aðeins að hafa hana lögboðna eins og hún hefur verið.

Í 2. brtt. *er gerð tilraun til að fá heimild, lengra er nú* ekki farið, til þess að olíustyrkur verði greiddur til rekstrar á heilsugæslustöðvum. Hér er um að ræða algjörar lágmarkskröfur um þessi efni. Ég held að það hefði verið gagnlegt að bera þær saman við það sem hefur komið fram, t. d. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, frá fjórðungssamböndunum, frá Búnaðarþingi og fleiri slíkum aðilum. Það væri fróðlegt að bera öll þau erindi saman svo að menn sæju hvað hér eru ákaflega litlar kröfur gerðar. Ég trúi satt að segja ekki öðru en hv. alþm., sem sæti eiga í þessari d., sjái sér fært að greiða þessari brtt. atkvæði, svo sanngjörn sem hún er að öllu leyti.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 621) samþ. með 13 shlj. atkv.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég bið afsökunar. Ég var stöðvaður á leið minni að utan. Ég vona að sá hv. þm., sem við mig þurfti að ræða, fái að koma því málefni hér á framfæri, ef hann telur það nauðsynlegt, sem tafði okkur eitt augnablik. En ég skal sannarlega ekki tefja þessa umr. Það er samkomulag um málsmeðferð hér, eins og venja er til í þessari hv. d. Þó það sé að vísu æðimargt sem ég mundi gjarnan hafa viljað að víkja ætla ég ekki að gera það.

Ég var forfallaður vegna fundar í utanrmn. og gat ekki hlustað á umr. hér, en þykist vita að þeir hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson og Lárus Jónsson, sem flytja hér brtt. ásamt mér, muni hafa gert þeim gleggri skil en mér hefði verið unnt að gera. En þær munu víst ekki hafa náð fram að ganga og þá langar mig til að spyrja hæstv. iðnrh. að því sérstaklega, hvort ákvæði 15. gr. frv., ef það verður að lögum, muni ekki taka til Hitaveitu Siglufjarðar og hvort hann muni ekki treysta sér til að gefa eitthvert jákvætt fyrirheit um að heimildin yrði notuð til að greiða nokkuð fyrir því orkuveri.

Það hefur verið hér á dagskrá árum saman vandamál orkuveitnanna á Siglufirði, en þannig hagar til, eins og alkunna er, að Siglfirðingar hafa séð sér fyrir orku *sjálfir og meira að segja selt raforku inn á kerfi* Rafmagnsveitna ríkisins, og þeir hafa orðið að standa undir þessum framkvæmdum sjálfir sem sagt og verið í miklum fjárhagserfiðleikum. Til viðbótar því að sjá sér fyrir raforku án aðstoðar ríkisvaldsins, án beinnar aðstoðar a. m. k., hafa þeir orðið að borga eins og aðrir verðjöfnunargjald sem hefur verið þeim mjög þungbært. Þegar síðast var rætt hér um verðjöfnunargjald og ákveðið að Orkubú Vestfjarða fengi hlutdeild í því var gerð tilraun til að láta Siglfirðinga njóta þar jafnréttis, að þeir fengju eitthvað ofurlítið af þessu gjaldi til þess að þeim væri ekki mismunað með þessum hætti. Þetta mál var bæði deilumál og mikið umræðumál milli mín og t. d. hv. 4. þm. Vestf., og við skulum ekkert rifja það upp, við skiljum hvor annan, en þá var þess óskað, að sérstaklega yrði tekið tillit til þess vanda Siglfirðinga, og ég held að ég muni það rétt, að hæstv. iðnrh. hafi verið fullur velvilja og lýst þá yfir að það mál yrði skoðað sérstaklega að greiða fyrir Siglfirðingum með einhverjum öðrum hætti. Ég hygg ég muni fara rétt með það að ráðh. hafi sagt framámönnum Siglfirðinga í viðræðum — í beinum viðræðum eða óbeint — að það væri eðlilegast að skoða þessi mál í samhengi, þ. e. vandamál Rafmagnsveitu Siglufjarðar og hitaveitunnar, svo nú er einmitt hið rétta tilefni til að reyna að láta 15. gr. taka til Siglfirðinga og fá um það yfirlýsingu og að mál þessara tveggja stofnana í Siglufirði séu athuguð í tengslum hvort við annað og það gert fyrr en seinna úr því að 4. liður í 1. brtt. okkar þm. Sjálfstfl. hér í Ed. hefur ekki verið samþykktur.

Ég spyr hæstv. iðhrh. hvort hann muni geta gefið eitthvert vilyrði í þessa átt, að það verði ekki langur

dráttur á því að taka þessi mál föstum tökum og reyna að koma þarna á jafnræði og sanngjarnri lausn miðað við aðstæður annars staðar.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Margt mætti um það mál segja sem hér er á dagskrá á lokastigi í þinginu, en ég ætla ekki að fjölyrða um það nú því að um það hefur þegar verið fjallað mikið og nefndin á málinu tekið og tími naumur til að ljúka störfum þingsins. En vegna fsp. frá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, hv. 5. landsk. þm., áðan vil ég svara honum nokkru. Hann spurði um málefni Hitaveitu Siglufjarðar og með hvaða hætti vandi hennar gæti komið inn í úrlausn sem tengdist heimildum í þessu frv.

Ég vil í þessu sambandi vísa til nál. fjh.- og viðskn. hv. Nd., sem hv. þm. í þessari d. hafa eflaust séð og kynnt sér, þar sem fjallað var einmitt um 15. gr. Þessi hv. n. hafði ítrekað samband við iðnrn. vegna þessa máls og var að leitast við að þreifa sig áfram eftir skilgreiningu sem hægt væri að ná samstöðu um í n. einmitt varðandi viðmiðanir sem tengjast þessari grein sérstaklega. Ég tel ástæðu til að lesa upp það sem sagði í nál. hv. fjh.- og viðskn. Nd. um þetta, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Athygli n. beindist einkum að ákvæðum 15. gr. frv. Greininni er ætlað að tryggja að ekki dragi úr áhuga við nýtingu hagkvæmra innlendra orkugjafa vegna styrks til húshitunar með olíu. Nefndinni þykir nauðsynlegt að settar verði reglur um framlög til varmaveitna sem eru „þjóðhagslega hagkvæmar", en eru fyrst í stað ekki samkeppnisfærar við húshitun með olíu að frádregnum olíustyrk. N. telur að hér verði eingöngu um undantekningartilvik um takmarkaðan tíma að ræða. Til viðmiðunar í þessu sambandi vill n. taka fram eftirfarandi:

Greiða má tímabundið framlag til varmaveitna, sem starfa á vegum opinberra aðila og hafa samþykktar gjaldskrár, sem fela í sér hærra orkuverð en nemur húshitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk, en lægra en nemur olíuhitunarkostnaði. Framlagið miðist við það, að hjá varmaveitum, þar sem hitunarkostnaður fer fram úr 90% af hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk, er fallið hefði til íbúa þeirra húsa sem tengd eru slíkum veitum. Framlaginu skal fyrst og fremst varið til að lækka stofnkostnað viðkomandi veitu. Matið á gjaldskrám og samanburður við olíuverð skal miðast við samræmdar reglur sem iðnrn. setur um viðmiðunarhúsnæði, dreifingu stofnkostnaðar, fjármagnskostnað, ákvörðun heimæðagjalds sem hlutfalls af stofnkostnaði og annarra atriða er máli skipta."

Að því er varðar stöðu einstakra varmaveitna, sem nú hafa verið reistar og teknar í notkun, vísa ég til yfirlits á bls. 13 í grg. með því frv. sem hér er til meðferðar, en þar er reynt að draga upp mynd af núverandi stöðu varðandi hitunarkostnað sem hlutfall af kyndingarkostnaði með olíu, bæði án olíustyrks og að frádregnum olíustyrk, og miðað við meðalfjölskyldu í íbúð sem talin er, sem kunnugt er, fjórir menn samkv. þessu frv. Ef litið er á þetta yfirlit kemur í ljós að það eru tvær hitaveitur sem skera sig áberandi úr í sambandi við kostnað þegar tekið hefur verið tillit til olíustyrks. Það eru hitaveitan á Suðureyri og hitaveitan á Blönduósi sem báðar eru yfir 100% í þessari viðmiðun með olíustyrk og kostnað meðalstórrar fjölskyldu er settur á 100. Í þriðja sæti kemur þarna Hitaveita Siglufjarðar með rösklega 80% eða 81% samkv. þessum útreikningi. Nú skal ég ekki um það fullyrða, hvort þessar tölur, sem hér eru birtar í fskj., taka tillit til þeirra gjaldskrárbreytinga sem nýlega hafa orðið. Ég hef það ekki alveg á hreinu og vil því ekki taka af um það. En ég vil um þetta segja og þá fsp. sem hér liggur fyrir, að iðnrn. mun hafa hliðsjón af því áliti sem þarna kom fram hjá hv. nefnd. Við, sem spurðir vorum þar um þetta, lýstum yfir að við teldum að þetta væru eftir atvikum nothæfar viðmiðunarreglur sem þyrfti svo að fara betur ofan í í sambandi við setningu reglugerðar um þetta efni. Jafnhliða eða þegar að því kemur svo að beita heimildinni eða taka afstöðu til þess nú þarf að sjálfsögðu að fara vel ofan í málefni viðkomandi veitna, sem þegar eru teknar til starfa, athuga fjárahagsstöðu þeirra og meta síðan hvort þær falla undir þær reglur sem settar eru.

Varðandi Hitaveitu Siglufjarðar er það alveg rétt, sem hv. fyrirspyrjandi Eyjólfur Konráð vék að áðan, að fjárhagsstaða þeirrar veitu er mjög erfið. Það er óhætt að segja það. Ástæðurnar eru margþættar fyrir þessari stöðu veitunnar og flokkast sumpart undir náttúruhamfarir. Sem kunnugt er varð þessi veita fyrir allnokkru tjóni vegna snjófljóða á Skútudal, þar sem mannvirki hennar skemmdust, fyrir einum tveimur árum, og það náðist ekki það vatn úr jörðu sem vonir stóðu til. Kostnaður við þessa veitu, stofnkostnaður, hefur því orðið til muna meiri en vonir stóðu til, en viðmiðunin var í upphafi eins og við aðrar hitaveitur, að kostnaður orku frá veitunni færi ekki yfir 80% af olíukostnaði, og var þá að sjálfsögðu allt annað ástand í sambandi við verðlag á olíu en síðar varð eða nú er fram komið. Eftir töflunni, sem við höfum í grg. með frv., er Hitaveita Siglufjarðar aðeins yfir þessum 80% mörkum og kann að fara hærra eftir þær gjaldskrárbreytingar sem orðið hafa, en Hitaveita Siglufjarðar fékk — ef ég man rétt — 34% hækkun á gjaldskrá sinni í þessum mánuði.

Ég ætla ekki að fara að gefa hér mynd af stöðu Hitaveitu Siglufjarðar. Við fengum erindi um það í iðnrn. í aprílmánuði s. l., en þar kemur fram að við verulegan vanda er að fást og eins og fram kom í máli hv. þm. áðan hefur iðnrn. fyrir allnokkru, þegar á fyrri hluta árs 1979, að mig minnir, boðið forráðamönnum veitnanna á Siglufirði, bæði rafveitu og hitaveitu, að ljá þeim aðstoð við að greina þennan fjárhagsvanda og leitast við að styðja þessi fyrirtæki við að komast fram úr honum með einhverjum hætti. Ég er nú þeirrar skoðunar, að það komi vel til álita að á tilvikum og fjárhagsvanda eins og þarna er um að ræða, sem sumpart er fólginn í uppsöfnuðum skuldum og vöxtum og afborgunum sem stafa af því, hvernig að fjármögnun þessa fyrirtækis hefur verið staðið, og þeim áföllum sem það hefur orðið fyrir á uppbyggingartíma, verði tekið e. t. v. með öðrum hætti en samkvæmt frv. sem hér liggur fyrir, og gæti þó hvort tveggja komið til álita. Ég vil því hafa góð orð um að ofan í málefni þessarar veitu verði farið, og mér sýnist að hún hljóti að verða mjög framarlega í hópi þeirra fyrirtækja sem til álita kemur að hljóti einhverja úrlausn samkv. þeim heimildum sem hér liggja fyrir.

Ég vil svo aðeins segja það, að þegar komið er út í svo flókið dæmi sem hér er um að ræða, þar sem er niðurgreiðsla á orku, er vissulega matsatriði hvar menn ætla að stöðva sig. Það hefur einmitt komið fram í umr. um þetta mál hér í þinginu, á liðnum vetri, að þar eru mörkin ekki allt of ljós. Þar hefur hver og einn sína reynslu. En þegar farið er út í niðurgreiðslur af þessu tagi verða menn að

sjálfsögðu að leita að einhverjum meðaltalskostnaði, meðaltalsviðmiðun, og haga síðan niðurgreiðslum miðað við það fjármagn sem Alþ. veitir til þessara mála til að létta á kostnaði.

Ég er þeirrar skoðunar, að þarna þurfi að gæta hófs, sérstaklega með tilliti til þess að draga ekki úr áhuga manna á að beisla og nýta innlendar orkulindir, og ég held að þeir, sem fara ofan í þessi mál, t. d. viðmiðunina varðandi upphæð á olíustyrk, sjái að hér er komið alveg að mörkum. Menn munu áreiðanlega heyra það mjög víða úti um landið, þar sem menn eru að taka innlenda orkugjafa í notkun, hvort sem það er raforka eða jarðvarmi, að þeim þyki raunverulega nóg að gert í sambandi við þá niðurgreiðslu sem hér hefur verið ákveðin á olíunni. Geri ég þó engan veginn lítið úr þeim vanda sem menn eiga við að fást á þessu sviði. En vandann er hægt að leysa að hluta til með öðrum hætti, þ. e. orkusparnaði og skynsamlegum aðferðum að því leyti sem þær eru varanlegar og fólki til hagsbóta, óháð því hvort það kyndir hús sín með olíu eða með innlendum orkugjöfum í framtíðinni.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég fjallaði ítarlega um þetta mál við 1. umr. hér og ætla ekki að gera það frekar. En í samráði við hv. þm. Pétur Sigurðsson vildi ég freista þess að flytja hér skriflega brtt. sem er of seint fram komin. Ég óska eftir því við hæstv. forseta, að hann fari fram á afbrigði um tillöguna.

Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt var felld brtt. frá okkur hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni og Eyjólfi Konráð við 2. umr., en 2. liður þeirrar till. var um að olíustyrkur skyldi greiddur skólum og öðrum menningarstofnunum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum, dvalarheimilum fyrir aldraða og unga. Aðeins örlítill hluti af þessari till., sem er þó í öðru formi, er till. mín við 3. umr. Hún kemur fram skrifleg og er þannig:

„Við 7. gr. bætist stafliður d:

Heimilt er einnig að greiða dvalarheimilum aldraðra og ungra olíustyrki, sbr. reglur um skólahúsnæði samkv. a-lið þessarar greinar."

Ég legg þessa till. fram í samráði við hv. þm. Pétur Sigurðsson sem ég vænti að allir hv. deildarmenn viti að hefur á þessum málum, sem hér er tekið á, mjög mikinn áhuga.

Það þarf ekki að rökstyðja þetta með mörgum orðum. Þannig er, að úti um land er farið að reka á vegum sveitarfélaga mörg dvalarheimili og þau, sem búa við það að hafa hitaveitu eða innlenda orkugjafa hafa náttúrulega miklu betri rekstrarskilyrði. Þetta er erfitt fyrir hin sveitarfélögin, sem reka þessar stofnanir oftast, eða aðra aðila, ef um sjálfseignarstofnanir er að ræða, og þess vegna óska ég eftir því, að menn hugleiði í hv. Ed. að heimila ráðh. að greiða slíka styrki þessum stofnunum á hliðstæðan hátt og skólastofnunum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 623) samþ. með 16 shlj. atkv.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hæstv. iðnrh. þá yfirlýsingu sem hann hefur hér gefið varðandi vandamál Hitaveitu Siglufjarðar og Rafmagnsveitu Siglufjarðar. Ég efast ekki um að hann muni framfylgja þeim orðum sem hann hér lét falla um að þessi málefni yrðu tekin til alveg sérstakrar skoðunar. Þarna er um alveg sérstætt vandamál að tefla, þar sem báðar þessar stofnanir bæjarins eru í miklum fjárhagsvanda, og ég fæ ekki séð að Siglufjörður megni að rísa undir þessu alveg næstu árin nema með einhvers konar hjálp frá ríkisins hálfu, a. m. k. að dýrum og erfiðum og stuttum lánum verði breytt þannig að bæjarfélagið fái undir þeim risið. Hvort tveggja eru þetta mjög góðar framkvæmdir, vil ég halda fram, og verða mikil lyftistöng Siglufirði í framtíðinni, en þessi tímabundnu vandamál eru fyrir hendi, eins og ráðh. upplýsti að sér væri fullkunnugt um. Hann sagði að hann hefði í hyggju að taka þau vandamál til alveg sérstakrar skoðunar og leysa það mál kannske bæði á grundvelli þeirra laga, sem hér verða væntanlega samþykkt, og eins með öðrum hætti. Ég er honum þakklátur fyrir það og jafnframt fyrir að hann skyldi geta sérstaklega um vanda Hitaveitu Blönduóss.

ATKVGR.

Brtt. 621,1 felld með 11:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÞK, EgJ, EG, EKJ, GK, KJ, LJ, SalÞ.

nei: TÁ, DA, GeirG, GB, GTh, JH, ÓRG, ÍJ, StefG, StJ, HS.

1 þm. (KSG) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Með hliðsjón af því, sem ég hef áður sagt um að eðlilegt sé að taka þessi væntanlegu lög til endurskoðunar í ljósi þeirrar reynslu sem fæst e. t. v. þegar á þessu fyrsta ári og þá yrði þetta atriði eflaust tekið til athugunar við þá endurskoðun, með tilliti til þess segi ég nei.

Brtt. 621,2 felld með 12:6 atkv.

Brtt. 623 felld með 10:8 atkv.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 624).

Umræður utan dagskrár.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að beina ákveðnum óskum til hæstv. utanrrh. um að hann afli upplýsinga sem ég mun hér á eftir gera nánari grein fyrir.

Það er orðin næsta árviss viðburður hér á landi að íslenskir kommúnistar þyrli upp moldviðri miklu, moldviðri áróðurs og blekkinga, og haldi því fram að hér á landi séu geymd kjarnorkuvopn. Þetta er gert þrátt fyrir að margyfirlýst sé af hverjum utanrrh. á fætur öðrum undanfarin ár að svo sé ekki. Þessu er þyrlað upp hér a. m. k. einu sinni á ári, sjálfsagt með það sjónarmið í huga að séu ósannindi endurtekin nægilega oft fari fólk að trúa þeim, a. m. k. að efast. Þetta er gamalt og þekkt áróðursbragð sem oft hefur verið notað og kommúnistar hafa oftlega áður beitt.

Nú er það svo, að oft hafa átt sér stað hér umr. um þetta efni. Hins vegar hygg ég að það hafi í fyrsta skipti gerst á þessu ári að því er haldið fram, og það er ekki talið, heldur er fullyrt að hér á landi séu kjarnorkuvopn. Það er gert síðast í Þjóðviljanum í morgun.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Ljóst væri þó samkvæmt skrifum erlendra tímarita um kjarnorkumál, t. d. mætti nefna The Bulletin og The Atomic Scientist, að hér væru geymd kjarnorkuvopn."

Þetta er ekki það eina. Samtök hernámsandstæðinga hafa líka gengið býsna langt í þessum efnum og segir í Þjóðviljanum, að ég held 13. maí:

„Herstöðvaandstæðingar kröfðust þess að kjarnorkuvopn og hergögn þeim tilheyrandi yrðu á brott úr landinu."

Hér er þessu slegið föstu þrátt fyrir þau ummæli sem rétt og þar til bær yfirvöld hér og ráðh. hafa viðhaft í þessu efni.

Og enn fremur segir í Þjóðviljanum þennan dag, með leyfi forseta:

„Við mótmælum því, að hérlendis skuli geymd kjarnorkuvopn, og ítrekum enn einu sinni þá kröfu, að bandarískur her verði á brott."

Ég held að þessu verði að mótmæla enn einu sinni. Þessu er auðvitað þyrlað hér upp til að tortryggja þátttöku okkar í varnarsamstarfi vestrænna þjóða og kannske ekki síður til að skelfa íslenskan almenning. Með þessu er beinlínis verið að hræða fólk. Ég veit ekki hvaða hagsmunum er verið að þjóna með þessum málflutningi, en það eru kannske fyrst og fremst hagsmunir þeirra sem hér vilja engar varnir.

Þetta byrjaði sem sagt með fundi herstöðvaandstæðinga. Síðan flutti hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ræðu í Sþ. s. l. laugardag, þar sem hann lýsti fullkominni andstöðu sinni og síns flokks við stefnu ríkisstj. í utanríkismálum, og er það raunar ekki ný bóla. Síðan koma skrif í Þjóðviljanum næstu daga, en þá fyrst tók nú steininn úr þegar í útvarpinu var fjallað um þetta í a. m. k. 10 mínútna pistli í fyrrakvöld, að ég hygg, og það verður mjög að draga í efa að sá málflutningur, sem var hafður uppi í Ríkisútvarpinu, samrýmist þeim reglum um fréttaflutning sem þar gilda, en m. a. segir — með leyfi forseta — í 3. gr. reglna um fréttaflutning Ríkisútvarpsins:

„Ríkisútvarpið flytur ekki tilgátur eða ágiskanir um atburði eða staðreyndir nema haft sé eftir öðrum og þyki hafa sérstakt fréttagildi."

Það, sem hér var um að ræða, voru 5 ára gömul ummæli sem búið er að endurtaka hér einu sinni á ári og þyrla upp þannig að það getur varla talist hafa sérstakt fréttagildi.

Þar að auki má svo ýmsar aths. gera við það, hvernig þýtt var af ensku á íslensku það sem þarna fór fram. Ég hjó eftir því, að viðmælandi fréttamanns talaði um „some research". Það var þýtt „úttekt". Það er nú heldur lök þýðing og fengi líklega ekki hátt á prófi sá sem þannig skilar verkum sínum (**StJ:** Þýddi utanrrh. þetta?) Þetta var í Ríkisútvarpinu, hv. þm. Stefán Jónsson, okkar gamla vinnustað.

Það verður að draga í efa að þetta samrýmist þeim reglum sem ég hef til vitnað, og auðvitað skal Ríkisútvarpið gæta óhlutdrægni í hvívetna. Um þetta efni var fjallað í löngu máli, í 10 mínútur eða allt að því, en það voru held ég 15 eða 20 sekúndur sem fóru í að greina frá *sjónarmiðum* talsmanns utanrrn., sem vísaði öllu þessu á bug eins og oftlega hefur verið gert áður. Það var nú jafnræðið sem þar ríkti.

En þau ummæli, sem allt þetta spinnst út frá, eru sem sé frá árinu 1975, úr riti sem að sögn heitir Defence Monitor og gefið er út af einhvers konar stofnun sem heitir Center for Defence Information í höfuðborg Bandaríkjanna. En hvaða stofnun er það? Fréttamaður útvarpsins endurtók a. m. k. þrisvar sinnum, að þetta væri hlutlaus stofnun og ein sú virtasta er fjallaði um varnarmál í Bandaríkjunum, og sagði orðrétt: „líklega sú áreiðanlegasta". Ég hygg að þeir muni ekki margir hér sem heyrt hafa þessarar stofnunar getið. En það er auðvitað þannig, að það getur hver sem er í Bandaríkjunum sett á fót hvernig stofnun sem hann vill, gefið henni það nafn sem hann kýs og síðan skráð hana. Það er öruggt mál að það eru tugir slíkra stofnana starfandi í Washington. Þessi stofnun hefur það að yfirlýstu markmiði að gagnrýna gerðir og stefnu Bandaríkjahers og varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna. Og svo að ég vitni nú í ekki ómerkari heimild en Þjóðviljann, málgagn þeirra manna sem þessu þyrla upp, stóð þar fyrir fáeinum dögum að það væri talið að þessi stofnun væri „einhvers staðar vinstra megin við miðju í stjórnmálum". Ætli hún sé ekki töluvert til vinstri? Ætli hún sé ekki töluvert langt frá miðjunni?

Því hefur margsinnis verið lýst yfir hér, eins og ég áður gat um, að samkv. samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna eru hér ekki geymd kjarnorkuvopn, en málflutningur þeirra, sem þessu moldviðri þyrla upp, byggist á því, að menn séu sekir nema því aðeins að þeir geti sannað sakleysi sitt. Því er sem sagt slegið föstu að þetta sé svona þrátt fyrir allar yfirlýsingar í gagnstæða átt.

Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að minna á þau ummæli hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, sem hann lét falla í umr. í Sþ. s. l. laugardag er hann greindi frá viðræðum sínum við Kosygin, þegar Geir Hallgrímsson fór í opinbera heimsókn til Sovétríkjanna sem forsrh. Íslands og Kosygin lýsti sérstakri ánægju sinni með þá ákvörðun Íslendinga að leyfa ekki staðsetningu kjarnorkuvopna í landi sínu. Halda menn í raun og veru að ef það hefði verið tekin sú ákvörðun einhvern tíma án vitundar íslenskra stjórnvalda að staðsetja kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli hefði það farið fram hjá ráðamönnum í Sovétríkjunum? Aldeilis ekki. Ég hygg að hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni t. d. sé það jafnljóst og öðrum sem með þessum málum fylgjast, að Sovétríkin vita nákvæmlega hvar Bandaríkjamenn geyma kjarnorkuvopn og hvar flugskeyti þeirra eru sem búin eru kjarnorkuvopnum, t. d. í Evrópu. Þetta er á almannavitorði og fer ekki leynt og það mundi áreiðanlega ekki vera látið liggja í láginni af hálfu Sovétríkjanna ef hér væru geymd slík vopn.

Það er tínt til hér að á Keflavíkurflugvelli séu flugvélar sem geti borið kjarnorkuvopn. Þetta er áreiðanlega alveg rétt. Ég hygg að ef út í þá sálma er farið muni allar flugvélar eða því sem næst geta flutt kjarnorkuvopn.

Það hefur verið bent á annað atriði hér: Þær öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru þar sem slík vopn eru geymd, t. d. í herstöðvum í Þýskalandi, eru með þeim hætti að það fer ekki fram hjá neinum, sem þar býr í grennd eða á leið um, að þannig er. Þetta vita menn.

Í þriðja lagi má á það benda, að öll mannvirki á Keflavíkurflugvelli eru samþykkt af þar til bærum íslenskum yfirvöldum og velflest eða öll mannvirki þar eru byggð af íslenskum aðilum. Og ég veit ekki betur en íslenskir aðilar eigi greiðan gang þarna um til að ganga úr skugga um þetta, ef áhugi er á því, ef menn trúa ekki margend-

urteknum yfirlýsingum utanrrh. úr fleiri en einum stjórnmálaflokki.

Tilefni þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs utan dagskrár, var að vekja athygli á þessu og fara fram á það við hæstv. utanrrh. að hann láti kanna hvers eðlis sú stofnun er sem þessar 5 ára gömlu upplýsingar eru étnar upp eftir hér ár eftir ár, hvort það sé rétt, sem haldið er fram og fullyrt í Ríkisútvarpinu, að þetta sé hin virtasta og áreiðanlegasta stofnun sinnar tegundar í veröldinni, hver kosti starfsemi þessarar stofnunar, hver séu pólitísk tengsl hennar og yfirleitt hvar hún standi meðal þeirra stofnana sem sinna slíkum málum, en þær skipta, eins og ég áður sagði, tugum a. m. k. Jafnframt því væri kannske ekki úr vegi að hv. þm. Ólafi Ragnar Grímssyni yrði boðið suður á Keflavíkurflugvöll. (**ÓRG:** Ég þakka.) Ég er ekki að bjóða, hef ekkert umboð til þess. Ég var að segja að það væri ekki úr vegi. Hann gæti þá leitað af sér allan grun í þessu máli. (**ÓRG:** Ekki stæði á mér að fara.) Jú, ég er nefnilega ansi hræddur um að það stæði á hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að fara, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar og er sannfærður um að sú leit hans mundi engan árangur bera. Þá væru menn, eins og þar stendur, búnir að missa glæpinn og þá yrði ekki árviss atburður að þyrla upp þessu moldviðri lyga og blekkinga.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Til mín var beint þeirri spurningu, hvaða stofnun þetta væri og hvers konar stofnun það væri og hver væri starfsmaður sá sem fréttamaður útvarpsins átti samtal við 20. þ. m. Ég hef gert ráðstafanir til að óska eftir því, að sendiráð Íslands í Bandaríkjunum sendi sem nákvæmastar upplýsingar um þessa stofnun. Ég vænti að þær komi fljótlega og þá mun ég að sjálfsögðu útbýta þeim til utanrmn. og líka upplýsingum um þann starfsmann sem viðtalið átti sér stað við og það af þeim sökum að hann var titlaður í samtalinu kjarnorkusérfræðingur. Mér leikur hugur á að ganga úr skugga um hvort svo sé eða ekki.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér um þessa stofnun í Bandaríkjunum, var hún sett á fót 1971. Það eru einstaklingar sem að henni standa og e. t. v. fyrirtæki. Hún er í engum tengslum við bandarísk stjórnvöld, heldur er hún einkafyrirtæki. Ég get ekki að svo stöddu dæmt um hve virt hún er. Þetta er ekki ýkjastór stofnun á bandarískan mælikvarða. Það er talið að þar muni vinna um 15 manns. Henni veitir forstöðu, ef þær upplýsingar eru réttar sem ég hef, fyrrverandi aðmíráll. Ég hygg að það sé ekki of sterkt að orði kveðið hjá hv. fyrirspyrjanda, að stofnunin teljist á vinstri væng stjórnmálanna og hafi það orð á sér. Það er í sjálfu sér sjálfsagt gott markmið, þar sem hún er svona friðarsinnuð, að því er virðist, og gagnrýnin mjög á stefnu Bandaríkjanna í milliríkjaviðskiptum og varnarmálum og þeim málum sem það snerta.

Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef tiltækar um stofnunina, en ég mun sem sagt gera gangskör að því að fá ítarlegar upplýsingar um hana og um þennan kjarnorkusérfræðing, sem mér satt að segja, eftir viðtalinu að dæma, fannst ekki sérstaklega mikið vísindalegt bragð að.

Þó vil ég taka það fram, að eftir að við höfum fengið þennan útdrátt eða þátt, sem birtur var í útvarpinu, afritaðan og honum hefur verið dreift til utanrmn. sýnist mér að þessi kjarnorkusérfræðingur hafi tæpast fullyrt jafnmikið og maður ætlaði eftir að hafa hlustað á útvarpið, vegna þess að það eru ýmsir varnaglar í því sem hann segir. Í raun og veru fullyrðir hann alls ekki á enskunni að það séu kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli. Hann dregur alveg í land með það. Ég verð því að ætla að lagt hafi verið fullmikið upp úr þessu samtali.

Hitt er svo annað mál, að þetta er ekkert nýtt. Það er rétt sem fyrirspyrjandi sagði, að einn starfsmaður þessarar stofnunar, Schneider, skrifaði grein í rit 1975 eða 1976, þar sem hann lét líka liggja að því að hér væru geymd kjarnorkuvopn. En það var þó byggt á ágiskunum hans, hann hafði ekki sannanir fyrir því. Sama hefur átt sér stað um aðrar stofnanir, sem kannske eru af svipaðri gráðu og þessi stofnun, að þær hafa slegið þessu upp. En ég held að það megi segja um allt slíkt að það sé á ágiskunum byggt, ekki rökstutt, því að auðvitað getur það ekki verið neinn rökstuðningur fyrir því að hér séu kjarnorkuvopn að hér séu flugvélar sem geti flutt kjarnorkuvopn. Það ætti að liggja nokkuð í augum uppi.

Ég tel mjög nauðsynlegt að þessi mál séu könnuð rækilega og gerð sé gagnskör að að eyða þeirri tortryggni sem ríkir í þessum efnum hér, þannig að enginn þurfi að velkjast í neinum vafa um hvort geymd séu á Keflavíkurflugvelli kjarnorkuvopn. Ég vænti að við höfum möguleika til að ganga úr skugga um það. Við höfum, að ég ætla, íslenska menn sem hafa þá kunnáttu að þeir gætu gengið úr skugga um þetta. Við höfum hér mikla og mæta öryggismálanefnd sem ætti að hafa þetta verkefni m. a. á sinni könnu. Það er vel til athugunar að fela henni það verkefni að ganga úr skugga um þetta. Það er um að gera að á þessu máli sé tekið á þann hátt og það sé kannað á þann hátt, að fólk beri traust til þess hvernig sé gengið úr skugga um þetta.

Ég minni á það, eins og gert var áðan, að a. m. k. þrír utanrrh. hafa lýst því yfir að ekki væru geymd kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli. (**StJ:** Þeir hafa væntanlega gengið úr skugga um það allir saman?) Já, þeir hafa byggt það á upplýsingum áreiðanlega. Það voru ekki heldur þeir menn sem ég tel ástæðu til að rengja. Ég tek alveg eins mikið mark og meira mark á þeim mönnum en kjarnorkusérfræðingi vestur í Bandaríkjunum. Um hann eigum við eftir að fá nánari upplýsingar. En hina mennina, sem hafa gefið þessar upplýsingar, þekkjum við. Það er ekki heldur út í bláinn að þeir hafa gefið þær. Það er ákvæði í varnarsamningnum sem beinlínis kveður á um að það mundi þurfa leyfi íslenskra stjórnvalda til þess að hér væru geymd kjarnorkuvopn. Slíkt leyfi hefur aldrei verið gefið. Eftir slíku leyfi hefur aldrei verið leitað. Þar við bætist svo að Ísland er aðili að alþjóðasamningum um dreifingu kjarnorkuvopna, þar sem það hefur tekið á sig skyldur í því efni ásamt Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, sem voru aðalhvataaðilar að því að það samkomulag var gert á sínum tíma. Það væri algert brot á þeim samningi ef hér væru geymd kjarnorkuvopn. Af Íslands hálfu hefur það verið og er slík forsenda fyrir dvöl varnarliðsins hér að það séu ekki kjarnorkuvopn hér á landi, að ég tel að bandarísk stjórnvöld og hernaðaryfirvöld, hverjar getsakir svo sem menn vilja hafa uppi í garð þeirra, mundu ekki taka þá áhættu að hafa hér kjarnorkuvopn vitandi hvað við mundi liggja. — Ég mundi tafarlaust beita mér fyrir viðeigandi ráðstöfunum ef það sannaðist.

Ég vil taka það fram, að ég hef ekki minnstu trú á að það séu geymd þarna kjarnorkuvopn. Ég held að það sé fráleitt. Ég hef verið þarna og farið um völlinn. Ég játa að

ég þekki ekki kjarnorkuvopn, en mér finnst það með ólíkindum ef færi fram hjá manni sá búnaður sem þyrfti að vera ef kjarnorkuvopn væru geymd þarna.

Aðalatriðið í þessu efni er að þetta sé reynt að rannsaka og ganga úr skugga um það og leiða í ljós hvort þarna eru kjarnorkuvopn eða ekki. En ég tel alveg hiklaust að þarna séu ekki kjarnorkuvopn, og það er meginatriðið. Að slíkri rannsókn mun ég vinna í samvinnu við utanrmn. og ég mun vinna að því að afla þeirra gagna, sem hún fer fram á í þessu sambandi, og gera aðrar þær ráðstafanir sem talin er þörf á.

Það væri meira en lítið brot af hálfu varnarliðsins og yfirmanna þess að hafa látið þrjá íslenska utanrrh. gefa slíkar yfirlýsingar sem þeir hafa gefið og hafandi kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli. Ég trúi ekki að slíkt viðgangist. Það mega aðrir trúa því að skiptum á milli ríkja og milli manna sé þannig háttað.

Það eru náttúrlega vonbrigði að menn skuli frekar vilja leggja trúnað á raddir sem berast um þetta frá stofnunum í útlöndum, sem hafa ekki neina sérstaka aðstöðu til að kynna sér málið og byggja niðurstöður sínar á einhverjum líkum sem þeir gefa sér, en að trúa því sem íslensk yfirvöld hafa sagt og lýst yfir æ ofan í æ og ekki hafa verið leidd nein rök að að væri rangt, — engin rök verið leidd að því.

Ég ætla ekki að öðru leyti að fara út í umr. um þessi málefni almennt, en vil endurtak að það er alger forsenda fyrir því varnarsamstarfi, sem hér á sér stað, og fyrir dvöl varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, að þar séu ekki geymd kjarnorkuvopn.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil aðeins geta þess, að samkomulag er um það milli þingflokka hér í hv. d. að koma lánsfjárlögum til n. þannig að við þurfum ekki að halda kvöldfund. Ég óska því eftir því við hv. þdm. að þeir verði mjög stuttorðir og gagnorðir og við gætum lokið þessum utandagskrárumr. upp úr hálfsjö ef mögulegt væri til þess að við kæmum lánsfjárlögum klakklaust til n. fyrir kl. hálfátta, en lengur tel ég varla unnt fyrir hv. þdm. að sitja.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Raunar get ég ekki láð hv. þm. Eiði Guðnasyni þó að hann vildi minnast aðeins á utanríkismálin, áður en þingi yrði slitið, í beinum tengslum við skýrslu utanrrh. sem flutt var í Sþ. og gafst ekki býsna mikill tími til að ræða þar. Ég var einnig þeirrar skoðunar að þá skýrslu hefði orðið að ræða miklu fyrr og gefa okkur betri tíma til að ræða hana. En ég hafði ekki búist við því, að hv. þm. Eiður Guðnason mundi gefa okkur tækifæri til þess með utandagskrárumr. hér í hv. Ed. að fara að ræða þessa skýrslu utanrrh. Vitaskuld höfum við engan tíma til þess samkv. yfirlýsingu forseta og ég mun því verða við beiðni hans um að lengja ekki mál mitt hér mjög, aðeins fagna yfirlýsingum Eiðs um að hann muni í einlægni og af einurð gera ráðstafanir til þess að okkur auðnist nú að ganga úr skugga um hvort geymd eru kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli eða hvort farið er með þau í flugvélum um völlinn þannig að brot geti talist á samkomulagi íslenskra yfirvalda við Bandaríkjamenn um afnotin af herstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Það var karlmannlega gert af hv. þm. Eiði Guðnasyni að bjóða Íslendingum út á völlinn að leita að kjarnorkusprengjum, sérstaklega með tilliti til þess, að það hefur verið skotið lítils háttar á þá þegar þeir hafa verið þarna á Miðnesheiðinni að leita að kríueggjum. Og blaður af þessu tagi eins og hjá hv. þm. og tilraunir hans til að rýra undantekningarlaust álit þeirra óháðra stofnana í heiminum sem um hermál fjalla eða halda uppi gagnrýni á ríkisstj. Bandaríkjanna og sérstaklega hermálaráðuneytið í Pentagon eftir þau óhugnanlegu ævintýri á sviði hermála sem þessir aðilar hafa staðið fyrir á árunum eftir stríð, þær tilraunir hans eru e. t. v. eins og við er að búast af Alþfl.-manni, fulltrúa þess flokks sem tengdastur hefur verið hersetubraskinu á landi hér frá upphafi, eiðsvarnastur í hópi bandarískra leppa á landi hér.

Svardagar íslenskra utanrrh., eins, tveggja eða þriggja, frá upphafi í málum eins og þessu eiga trúnað sinn í rótunum sem liggja til hinna fyrstu svardaga íslensks utanrrh. og þeirra, sem á eftir komu, um að aldrei kæmi til þess að leyfð yrði erlend herseta á Íslandi á friðartímum þrátt fyrir inngönguna í NATO. Ég geri ráð fyrir að hæstv. núv. utanrrh. Íslands muni þá harla vel. Hann sat að vísu ekki á þingi þá, en hann hlýtur að muna harla vel þessa svardaga. Þá eiða heyrðum við báðir tveir unna þá, þar sem við áttum sæti í miðstjórn Framsfl. saman.

Ég vil minna á að til eru fleiri plögg um eðli herstöðvarinnar á Miðnesheiði en þau sem kennd eru við fyrrnefnda 15 manna stofnun í Washington. Ég hef fyrir framan mig t. d. blátt plagg sem heitir: North-Atlantic Assembly. Draft on the activities of committee of the northern region. Presented by mr. John C. Curver, United States, and mr. Jón G. Sólnes, Iceland. — Þetta er skýrsla hermálanefndar Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins sem þeir kratarnir sækja af trú og dyggð.

Það liggja hér fyrir okkur í vandaðri íslenskri þýðingu ályktanir Þingmannasamtaka Norður-Atlantshafsbandalagsins frá því í haust — ályktanir sem þessir þm. hafa greitt atkv., samþ. eins og aðrir. Það var einmitt á ráðstefnuna, þar sem þessar ályktanir voru samþykktar, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fór á kostnað Alþingis í október í haust leið, — þess kostnaðar Alþingis sem hann sór síðan fyrir vestur á fjörðum að nokkurn tíma hefði verið greiddur.

Hér stendur í fyrstu tillögunni, það er till. nr. 70, um Evrópu-kjarnavopn, orðrétt, með aðild þeirra Alþfl.-mannanna og Sjálfstæðismannanna:

„Þingmannasamtökin leggja trúnað á kjarnorkuvopn Bandaríkjamanna og skuldbindingar þeirra um varnir Evrópu.“ — Þeir leggja trúnað á margt.

Ég veit ekki hvernig þetta hefur verið á enskunni, en með slíkum hætti eru þessar ályktanir þeirra félaga þýddar gegnumgangandi, og hygg ég að þetta sé ekki öllu óvandaðri þýðing en sú þýðing sem hv. þm. Eiður Guðnason vitnaði í áðan.

Ég hef ekki haft fyrir því, ég hef ekki mátt vera að því, að veita skýrslu hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins jafnnákvæma yfirferð í þýðingu og verðugt væri. En vegna þess að vikið var að ummælum sem hv. þm. Geir Hallgrímsson viðhafði hér við umr. í Sþ. um utanríkismálin, vegna þess að Eiður Guðnason vitnaði í þessi ummæli hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, langar mig að lesa nokkuð upp. Ég veit ekki hvað við eigum að titla erlenda forsrh. Hver er etikettan, hæstv. utanrrh.? Eigum við að kalla forsrh. erlenda ríkja hæstv.? Líklega ekki. Við getum látið duga að kalla Kosygin bara forsrh. Sovétríkjanna. Í 104. mgr. í þessari skýrslu hermála-

nefndarinnar, sem unnin er af sérstökum fulltrúa Sjálfstfl., og við skulum ætla að það megi jafnvel kalla hann kjarnorkuvopnafræðing, Jóni G. Sólnes, sem þeir sérstakir fulltrúar Alþfl. hafa þá væntanlega trúnað á eins og á kjarnorkuvopnunum, eins og segir í skýrslunni, segir:

„It is also worth noting that in this respect, in the speech delivered in the honour of Iceland's prime minister visiting the Soviet Union in september of last year, the Soviet prime minister" — það er upplýst að hér er átt við Kosygin — „praised the fact that the Icelanders do not permit nuclear weapons to be stationed in the country."

En í þessari sömu skýrslu er gefin upp heimildin fyrir því, að hér séu ekki kjarnorkuvopn. Neðst á þessari sömu bls., bls. 22, segir að heimildarmaðurinn sé Björn Bjarnason, „special assistant to the prime minister" og sérstakur fylgdarmaður Geirs Hallgrímssonar í þessu ferðalagi til Moskvu. Hann segir Kosygin að það séu ekki kjarnorkuvopn á Íslandi. Kosygin þakkar Geir Hallgrímssyni kærlega fyrir það. Geir Hallgrímsson kemur á Alþingi Íslendinga og ber Kosygin fyrir því að hér séu ekki kjarnorkuvopn.

Ég hét hæstv. forseta því að tala ekki mjög lengi, en ég ætla aðeins í lokin að vitna í mgr. nr. 106 í þessari góðu skýrslu og 108 ef hæstv. utanrrh. væri fáanlegur til að hugleiða þessa skýrslu einnig í beinum tengslum við það mál sem hann hefur heitið okkur að láta rannsaka af kostgæfni. Það er best að lesa alla mgr. nr. 106:

„The base at Keflavik is a key factor for NATO strategy in the Northern Atlantic. In peacetime the base excerts a limiting and moderating influence on the Soviet operatives in the North-Atlantic and in times of crisis or war it will furnish a vital springboard for advanced defence of NATO against the northern fleet of the U. S. S. R. for control over the sea, land and communications."

Ég geri ekki ráð fyrir að ég þurfi að eyða tímanum í að þýða þetta, — a. m. k. ekki fyrir þá NATO-experta Alþfl. sem hafa trúnað á bandarísk kjarnorkuvopn — svo að ég geti þess vegna farið yfir á mgr. 108 í þessari sömu ágætu skýrslu þar sem hann heldur áfram og útskýrir hvernig fara muni nú „in case of war and hostilities" með þessa herstöð — „in event of hostilities", segir í skýrslu hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins, ef í það fer að til styrjaldar komi. Þetta er opinber skýrsla hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins, og þó að hæstv. utanrrh. vilji nefna nafn Jóns G. Sólness í því sambandi skal hann minnast þess, að hann sjálfur og hans kompaní sendu Jón Sólnes sem aðalfulltrúa sinn í þessa nefnd. — Hér segir í mgr. 108 hvernig fari ef í hart fer: „Soviet airpower would clearly attend to neutralize the Icelandic facilities . . ."

Þetta þýðir í stuttu máli í lauslegri þýðingu, náttúrlega ekki eins vandaðri og þið NATO-sinnar hafið dreift hér af ályktuninni ykkar um þessi mál, en í lauslegri þýðingu þýðir þetta: Ef í hart fer, ef í odda skerst, þá mun flugher Sovétríkjanna áreiðanlega reyna að eyðileggja, — „to neutralize", ákaflega kurteist orðalag, — einangra eða þurrka út þessa íslensku aðstöðu, þ. e. herstöðvarnar þarna, þar sem fullnægjandi útbúnaður er hvergi til varnar.

Við hefðum þurft, við höfum ekki tíma til, en svo sannarlega hefðum við þurft að ræða skýrslu Ólafs Jóhannessonar um utanríkismál, hafa tíma til þess ekki einn dag, ekki tvo daga, þrjá eða fjóra daga og rifja upp sögu þessa máls og ýmsar fullyrðingar hæstv. utanrrh., sem við höfum ekki tíma til að fjalla um hérna. En ég vildi aðeins í lokin þakka hv. þm. Eiði Guðnasyni fyrir að hafa vakið máls á þessu, þó tími væri lítill til hér, og það get ég gert best með því að rifja upp stöku sem ég hnoðaði saman þegar verið var að mynda vinstri stjórnina á sínum tíma og spurt hvernig við, sem værum á móti herstöð á Íslandi, treystum okkur til að fara í stjórn með Alþfl. Hún var svona. Það eru á henni gallar, ég viðurkenni það, en meiningin er nokkuð góð:

Út úr neyð er engin leið,
sem okkur væri greið að rata,
í samvinnu við Árna og Eið,
úrbeinaða NATO-krata.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Eiði Guðnasyni fyrir að hafa vakið máls á þessu hér, þótt ég undrist það orðalag sem hann hafði í upphafsræðu sinni. Ég á bágt með að skilja þann hita og þau stóru orð og þær ásakanir sem koma fram hjá stuðningsmönnum Atlantshafsbandalagsins þegar til umr. kemur spurningin um hvort hér séu kjarnorkuvopn eða ekki. Ég tel, eins og ég sagði í umr. um skýrslu utanríkisráðherra og einnig í útvarpsumr. fyrir nokkru, að hér sé á ferðinni svo alvarlegt mál, enda kom það réttilega fram hjá utanrrh. sjálfum áðan, að þm. eigi að ræða það og þjóðin öll af rólegri og yfirvegaðri alvöru. Ásakanir fyrir fram og tortryggni, eins og kom fram bæði hjá frummælanda og því miður einnig hjá hæstv. utanrrh. í garð þeirrar stofnunar og þess einstaklings, Williams Arkin, sem fréttamaður hafði samband við, finnst mér bera vott um að áður en menn hafa efnislega niðurstöðu í málinu sé byrjað á því að reyna að tortryggja heimildirnar.

Það mætti hafa mörg orð um hvers vegna fyrrv. fréttamaður Ríkisútvarpsins, maður sem ég taldi í hópi fremstu íslensku fréttamanna um árabil, kaus að ráðast með svo beinum hætti að þeim fréttamanni útvarpsins sem gegndi að mínum dómi sjálfsagðri skyldu fréttamanns í frjálsu þjóðfélagi að afla sér upplýsinga um þetta efni. Við skulum minnast þess, að meðal þeirra eðliskosta Bandaríkjanna sem ég og fleiri dá mest, þótt margt gagnrýnum í þeirra fari, er einmitt það frjálsa og óháða hlutverk sem fréttamenn, blöð, fjölmiðlar og rannsóknastofnanir gegna þar í landi.

Þegar Washington Post var að birta fréttir af Watergate-hneykslinu var það líka kallað vinstrisinnað blað. Þegar fréttamennirnir voru að ráðast gegn Spiro Agnew og Richard Nixon voru þeir líka kallaðir kommúnistar. Það breytir því ekki að sagan hefur sýnt að Washington Post og þessir fréttamenn höfðu rétt fyrir sér. Við skulum þess vegna taka því fagnandi að erlendir aðilar gefa okkur tilefni til að spyrja okkur sjálf gagnrýninna spurninga um þetta efni.

Sagan sýnir okkur að forsetar Bandaríkjanna, utanríkisráðherrar Bandaríkjanna, hafa logið að sinni eigin þjóð, eins og í Kampútseumálinu, að utanríkismálanefnd bandaríska þingsins og bandaríska þinginu öllu. Richard Nixon og Henry Kissinger hafa verið staðnir að lygaröð varðandi aðgerðir bandarískra stjórnvalda í Kampútseu og Víetnam á sínum tíma. Það er þess vegna ærin ástæða til að setja spurningamerki við yfirlýsingar stjórnvalda Bandaríkjanna.

Ég tek það fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að ég tel enga ástæðu til að draga í efa yfirlýsingar íslenskra utanrrh. í þessum efnum. Ég segi það hreint og skýrt. En ég tel hins vegar í ljósi sögunnar fyllstu ástæðu til að spyrja spurninga sem draga í efa að bandarísk stjórnvöld hafi sagt íslenskum utanrrh. allan sannleikann í þessum málum. Sagan sýnir okkur fjölmörg dæmi þar sem bandarísk stjórnvöld hafa kosið að umgangast valdsmenn annarra landa, umgangast sína eigin þjóð, umgangast sitt eigið þing með þeim hætti að segja þeim ekki allan sannleikann. Ég vil nefna það, að fyrir tæpum 20 árum fórst á Grænlandi flugvél með kjarnorkusprengju innanborðs og var hún þar í banni. Þar höfum við eitt dæmi um hvernig samkomulag um flutning kjarnorkuvopna var brotið. Ef hér væri nægur tími mætti tína til fjölmörg önnur slík dæmi.

Ég vil geta þess hér, að ég óskaði eftir fundi í hv. utanrmn. þessa þings þegar þessi fréttaauki birtist, vegna þess að í honum kemur fram nákvæmari tilvísun til heimilda en áður hefur komið fram í þessum efnum. Nú er það svo, að samkv. þingsköpum eru umræður í utanrmn. háðar leynd, en ég skil ákvæði þingskapa þannig, að mönnum sé heimilt að skýra frá því sem þeir sjálfir sögðu. Ég vil þess vegna nota tækifærið til að segja og skýra frá því hér, að fyrr í dag óskaði ég eftir þremur meginupplýsingum í utanrmn.

Ég óskaði í fyrsta lagi eftir því, að fram yrði lögð í n. sú skýrsla bandaríska flotans eða handbók sem merkt er 5510—83 B. Vegna þess að hér var talað um ónákvæmar þýðingar getur vel verið að hjá fréttamanni eigi sér stað í flýti vissar ónákvæmar þýðingar, en sú ónákvæmni er ekki öll á þann veg sem fyrri ræðumenn hér hafa viljað vera láta, vegna þess að í þýðingu fréttarinnar segir að heiti þessarar handbókar sé handbók um kjarnorkuöryggismál, en enska heitið er hins vegar í réttri íslenskri þýðingu handbók um kjarnorkuvopnaöryggismál.

Í öðru lagi óskaði ég eftir því, að gerð yrði grein fyrir því, með hvaða hætti íslensk stjórnvöld væru spurð um leyfi til að hafa hér hinar ýmsu tegundir af vopnum sem bandarískur her telur sér nauðsynlegt að hafa. Ef íslensk stjórnvöld hafa ekki slíka skrá eða fá reglulega slíkar upplýsingar frá Bandaríkjunum hafa þau ekki möguleika á að fylgjast nákvæmlega með þeim vopnaflutningi sem fer til og frá þessari herstöð.

Í þriðja lagi óskaði ég eftir að starfsmenn utanrrn., sem hafa gert opinberlega þá skoðun ljósa að í samanburði við aðrar erlendar stöðvar Bandaríkjanna telji þeir að hér sé ekki sá búnaður sem beri svip kjarnorkuvopnastöðva, veiti skriflega og ítarlega grg. um hvaða efnisatriði felast í slíkum samanburði, hvaða tæknilegan svip og einkenni slíkar stöðvar bera og hverjar séu forsendur þeirrar ályktunar sem þeir hafa sett fram opinberlega.

Ég vil taka það skýrt fram vegna þess sem utanrrh. sagði áðan, að í hinum upphaflega texta, hinum enska texta, samtalsins við William Arkin kemur alveg skýrt fram að hann telur að hér séu kjarnorkuvopn. Það er niðurstaðan í samtalinu, sem kemur að vísu ekki fram í endursögn fréttamannsins, en þessar setningar og aðrar í viðtalinu finnst mér gefa fyllilega til kynna að þessi einstaklingur er ekki í neinum vafa um að á Íslandi eru staðsett kjarnorkuvopn. (Gripið fram í.) Ég vil taka það skýrt fram vegna framíkalls hjá Eyjólfi Konráð Jónssyni og ýmissa annarra aths. sem við þetta mál hafa verið gerðar, að ég tel nauðsynlegt og skyldu þings og þjóðar að leita af sér allan grun í þessum efnum. (**EKJ:** Ég var ekki að spyrja að því. Ég var að spyrja hvort þú þyddir þetta rétt.) Hvort ég þýddi þetta rétt? (**EKJ:** Þú sagðir að maðurinn staðhæfði að það væru hérna vopn.) Já, ég þýddi það rétt. (Gripið fram í.) Það er merkilegt að þeir talsmenn Atlantshafsbandalagsins, sem hér eru í þingsalnum, og aðrir skuli ávallt reyna að hengja sig í orðhengilshátt í þessum efnum. Ég tel málið miklu alvarlegra en svo.

Ég fagna því, sem utanrrh. sagði hér, og tek undir ósk Eiðs Guðnasonar í þeim efnum, að það sé aflað ítarlegra skýrslna um þá stofnun sem tvisvar hefur sent frá sér lýsingar á kjarnorkuvopnaeðli herstöðvarinnar hér á Íslandi. Jafnframt fagna ég því, að það kom fram á fundi utanrmn. að n. mun halda áfram að ræða þetta mál og kynna sér það. Í þriðja lagi fagna ég því, að þm. úr þremur stjórnmálaflokkum — því miður vantar þm. frá hinum fjórða, en kannske kemur að því einhvern tíma, — hafa flutt till. til þál. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um bann við geymslu á hvers konar kjarnorkuvopnum hér á landi. Bannið nái einnig til siglinga með kjarnorkuvopn, flutninga í lofti eða á annan hátt um eða yfir íslenskt yfirráðasvæði. Jafnframt verið kveðið á um eftirlit af Íslands hálfu með því að lögin verði virt."

Vonandi nær þessi till. fram að ganga á næsta þingi, ef hún verður endurflutt, sem ég vona, og þá væntanlega með tilstuðlan þm. úr öllum flokkum. Ég tel það mjög mikilvægt atriði, eins og ég hef áður sagt, að þrátt fyrir ágreining okkar um bandarísku herstöðina hér hafa allir íslenskir stjórnmálaflokkar verið sammála um það, eins og hæstv. utanrrh. lýsti áðan, að það væri algert brot á samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna ef hér hefðu verið um lengri eða skemmri tíma kjarnorkuvopn.

Þessu máli er ekki lokið, herra forseti, þótt umr. hér í þessari d. verði lokið. Þetta er mál sem á engan hátt má kenna við einhverja hleypidóma, við eitthvert moldviðri, við einhverjar herferðir, við einhverja kommúnistagrýlu eða eitthvað annað. Þetta er grundvallarspurning um það, eins og hæstv. utanrrh. sagði alveg réttilega áðan, hvort bandarísk stjórnvöld hafa virt íslensk stjórnvöld eður ei. Ef kemur í ljós að þau hafa ekki virt íslensk stjórnvöld, hvernig getum við treyst slíkum herrum fyrir vörnum okkar?

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. svör hans áðan og að það skuli verða gert, sem ég óskaði eftir, að afla nánari upplýsinga um þá stofnun, sem hér hefur borið svo mjög á góma, og aflað upplýsinga um sérfræðiþekkingu þess starfsmanns sem vitnað var til.

En það, sem upp úr stendur eftir þessa umr., er að það hefur hvergi verið fullyrt að hér séu kjarnorkuvopn, nema að það hafa þm. Alþb. fullyrt í Þjóðviljanum, það hafa herstöðvaandstæðingar fullyrt á fundum. Annars staðar hefur slíkt ekki verið fullyrt. Þeir hafa fullyrt það á fundum þar sem það var haft í flimtingum og fluttur um það leikþáttur að kjarnorkuárás væri gerð á Keflavík, svo smekklegt sem það getur talist.

Þar að auki vitnaði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson áðan til viðtals sem flutt var í Ríkisútvarpinu, til hins enska texta þess, og ég skal ekki lengja þessar umr. mjög,

en ég ætlað að vitna til þessara orða líka vegna þess að ég er þar á öndverðri skoðun.

Það stendur hér, fréttamaður segir: „So you are pretty certain that you are quite convinced that there are nuclear weapons kept there?“ Og svarið er: „Yes, I think so.“ Síðar í þessu viðtali segir: „So it takes sort of research in order to be both familiar with what responsibilities of the base are and what the responsibilities of the units of the base are and also what sort of indications there are that there might be nuclear weapons in the area.“

Þetta er hvergi fullyrt. En það verður fróðlegt að sjá á sínum tíma hvaða sérþekkingu þessi ágæti maður, sem hér er rætt við, hefur á þessum málum.

Hv. þm. Ólafur Ragnar minntist á það og gat þess í ræðu sinni, að menn væru hér með stór orð áður en efnisleg afstaða lægi fyrir. Hann dregur þetta í efa sjálfur, en það gera hins vegar skoðanabræður hans ýmsir ekki, eins og hér hefur komið fram, heldur fullyrða hið gagnstæða.

Hann vék hér að till. sem flutt hefur verið um bann við flutningi og geymslu kjarnorkuvopna. Þetta er auðvitað góðra gjalda vert. En hæstv. utanrrh. upplýsti áðan að Ísland er aðili að alþjóðlegum samningi um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna og þessi till. sýnist því vera nánast óþörf. Þar að auki leikur mér nokkur forvitni á að vita með hverjum hætti á að framfylgja þessu eftirliti í hafinu kringum Ísland og í loftinu yfir Íslandi. Ég er hræddur um að það verði býsna erfitt. Við getum alveg eins samþ. hér till. um að banna að gervitungl sveimi yfir í 40 þús. km. hæð í himingeimnum. Þetta er álíka raunhæft. Þetta ráðum við ákaflega illa við.

Að lokum aðeins þetta: Ég vék hér að fréttaflutningi Ríkisútvarpsins og þakka þau fögru orð sem þm. Ólafur Ragnar Grímsson lét falla í minn garð. En Ríkisútvarpið á að fylgja ákveðnum reglum um fréttaflutning. Ég er þeirrar skoðunar, að í þessu tilliti hafi ekki verið farið eftir þeim reglum. Ríkisútvarpið á aldrei að vera hafið yfir gagnrýni. Það er eðlilegt að það sé gagnrýnt og hlýtur að verða að una því. Fréttamenn þar gera margt vel, annað miður. Öllum getur orðið á í messunni. Ég hygg að í þessu tilviki hafi fréttamanni orðið á í messunni vegna þess að ég tel að þetta mál hafi ekki verið flutt með þeim hætti í Ríkisútvarpinu sem ber að gera samkv. reglum Ríkisútvarpsins um fréttaflutning.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson greindi rétt frá því, sem hann sagði í utanrmn. fyrir stundu, og þarf ekki að endurtaka það. Ég tók ekki beint þátt í umr. þar, en það kom auðvitað fram af hálfu þm. Sjálfstfl., sem alkunna er, að Sjálfstfl. hefur aldrei léð máls á því, að kjarnorkuvopn væru á Keflavíkurflugvelli. Það er einmitt nauðsynlegt að hér komi fram, að það er enginn þingflokkur til á Íslandi sem nokkru sinni hefur léð á því máls að kjarnorkuvopn væru á Keflavíkurflugvelli eða á íslenskri grund. Það væri auðvitað alvarlegt brot af hálfu Bandaríkjamanna ef þeir ætluðu að reyna að fara á bak við okkur í því efni.

Það er líka mjög alvarlegt að til skuli íslenskir menn sem sí og æ eru að reyna, jafnvel með rangtúlkun og rangþýðingum eins og hér kom fram áðan, að koma því á framfæri að einhverjir erlendir sérfræðingar haldi því fram og telji sig jafnvel vita og vera sannfærða um að á Íslandi séu kjarnorkuvopn. Það er alvarlegt mál og það er sjálfsagt að láta rannsaka það ofan í kjölinn, svo að engum geti blandast hugur um að Ísland er og verður kjarnorkuvopnalaust land.

Lánsfjárlög 1980, frv. (þskj. 618). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrir nokkru voru tvö mál lögð fyrir þingið náskyld. Annars vegar var um að ræða skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980, sem var lögð fram í Sþ. á þskj. 410, hins vegar frv. til lánsfjárlaga. Frv. til lánsfjárlaga hefur nú verið afgreitt af Nd. og kemur nú til Ed., en hlýtur að sjálfsögðu eðlilega meðferð í n. Ég vil treysta því, að málið komist til n. í dag þannig að unnt sé að afgreiða það eftir helgi, og mun reyna að vera eins stuttorður og kostur er til að tíminn endist okkur til að ljúka umr.

Ég vil rifja það upp, að frá því á s. l. hausti hefur verið ljóst að mikil framkvæmdaáform væru uppi í landinu á þessu ári. Er þar bæði um að ræða framkvæmdir einkaaðila og þá ekki síður framkvæmdir opinberra aðila. Ástæðan fyrir þessum miklu framkvæmdaáformum opinberra aðila er ekki sú, að einhver óvenjuleg þensla hafi orðið í ríkisumsvifum, því það er auðvelt að benda á að þar hefur lítil breyting á orðið, heldur er skýringin hin, að gríðarlega miklar orkuframkvæmdir eiga sér nú stað í landinu og ber þar hæst byggingu Hrauneyjafossvirkjunar, sem áætlað er að muni nema í fjárfestingu á þessu ári um 32 milljörðum kr.

Samanlagt stefndi í fjárfestingu á þessu ári sem kostað hefði erlendar lántökur upp á 110—120 milljarða. Ég býst við að margir minnist þess, að ýmsir stjórnarandstæðingar töldu víst að þá hlytu erlendar lántökur að nema upphæð sem væri nærri þessum framkvæmdaáformum, þannig að erlendar lántökur mundu verða allt að 110 milljarðar. Niðurstaðan liggur nú fyrir. Með þessari lánsfjáráætlun, sem hér er lögð fram, er að því stefnt að erlendar lántökur nemi um 85 milljörðum. Heildarframkvæmdir í landinu eru áætlaðar 327 milljarðar, sem er um 26.5% af vergri þjóðarframleiðslu.

Skuldahlutfall Íslendinga gagnvart öðrum þjóðum, hlutfall erlendra lána öðru nafni, var 34.9% í árslok 1979. En gangi það fram, sem hér er áætlað, að erlend lántaka verði 85 milljarðar á árinu, má búast við að skuldahlutfallið verði í lok þessa árs 34%. Það er sérstaklega eftirtektarvert, að þrátt fyrir þá miklu lántöku, sem ég hef nú nefnt, lækkar skuldahlutfallið úr 34.9% í 34%. Ástæðan er að sjálfsögðu sú, að við erum á árinu að endurgreiða erlend lán í stórum stíl. Við munum endurgreiða lán sem nemur 46 milljörðum þannig að bein aukning erlendra lána er um 39 milljarðar, en erlendu lánin eru orðin svo mikil að þó að við bætist 39 milljarðar er áætlað að þjóðarframleiðslan vaxi hlutfallslega hraðar þannig að þetta hlutfall lækki þrátt fyrir allt.

Algengt er að menn ræði um erlendar lántökur út frá sjónarmiði þeirrar greiðslubyrði sem hvíli á þjóðinni vegna afborgana og vaxtagreiðslna af erlendum lánum. En ég vil taka það fram hér, eins og ég hef áður gert í Nd., að þessi viðmiðun er bersýnilega orðin mjög óraunhæf og tal manna um að greiðslubyrðin sé að vaxa úr 14% upp í 16% eða 18%, eins og er nú tíður söngur, ekki síst hjá stjórnarandstæðingum, er meira eða minna tómt mál

að tala um vegna þess að sú hækkun, sem hér um ræðir, stafar ekki fyrst og fremst af nýjum erlendum lántökum, heldur einfaldlega af því að vextir erlendis hafa hækkað verulega. Þannig er ljóst að vaxtabyrðin af erlendum lánum hefur vaxið það verulega á seinustu mánuðum að þetta hlutfall greiðslubyrði af erlendum lánum vex um 2% einungis af þeirri ástæðu að vextir hafa hækkað. Sér þá hver maður að þetta hlutfall segir okkur ekki ýkjamikið ef ytri aðstæður, sem við höfum ekki vald á, geta breytt þessum hlutföllum í svo ríkum mæli sem dæmið sýnir. Hin eðlilega viðmiðun í þessum efnum er skuldahlutfallið, sem ég hef hér gert að umtalsefni, og það sýnir okkur að þrátt fyrir að hér sé um talsvert mikla erlenda lántöku að ræða fer það lækkandi á því ári sem nú er að líða.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 eru gerðar víðtækar ráðstafanir til að efla innlendan sparnað, m. a. til að draga úr erlendum lántökum, sem lýsir sér annars vegar í því, að 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða munu ganga til opinberra fjárfestingarsjóða og aukið verður framlag bankakerfisins til fjárfestingarstarfsemi á vegum opinberra aðila með því að 7% af innlánsaukningu banka ganga nú til þessara verkefna í staðinn fyrir 4% áður. Auk þess er gert ráð fyrir að sparisjóðir og hvers konar innlánsstofnanir leggi sinn hlut af mörkum.

Innlend lánsfjármögnun er áætluð á þessu ári 52.6 milljarðar kr., en var í fyrra 30 milljarðar, þannig að hækkunin milli ára er 74%. Er það veruleg breyting til batnaðar, ef það gengur fram sem vonir standa til.

Ég vil að lokum geta þess, að nokkrar minni háttar breytingar hafa verið gerðar á lánsfjárlagafrv. í Nd. í framhaldi af brtt. sem ég flutti við frv. annars vegar á þskj. 585 og hins vegar á þskj. 602. Þessar brtt. eru minni háttar, verða að teljast fyrst og fremst formsbreytingar því að þær hækka ekki erlendar lántökur á árinu 1980. Það er annars vegar sjálfskuldarábyrgð í þágu Vatnsveitu Búðardals og hins vegar heimild til lántöku vegna nýrra iðnaðarverkefna. Þessar framkvæmdir allar eru ráðgerðar í lánsfjáráætlun þannig að hún hækkar ekki af þeim sökum.

Í Nd. var gerð sú breyting á frv., að ákvæðinu um skyldukaup lífeyrissjóða var lítillega breytt. Í stað þess að þar var sagt, þegar frv. var lagt fram, að lífeyrissjóðir skyldu kaupa verðtryggð skuldabréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands, er nú því bætt við að þeir geti keypt þessi skuldabréf einnig af fjárfestingarlánasjóðum sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands.

Með þessari litlu breytingu er frv. nokkurn veginn komið í það horf sem það var í á s. l. ári, þegar lánsfjárlög voru þá samþykkt, og þarf ég þá ekki að eyða orðum að þeirri áróðurshrinu stjórnarandstæðinga sem hér hefur gengið yfir, þar sem miklu púðri er eytt í þetta áform og minnt á að skyldukaup lífeyrissjóða voru umdeilt mál fyrir nokkrum árum. Ég held að mergurinn málsins í því sambandi sé ósköp einfaldlega sá, að menn hafa breytt um afstöðu í þeim efnum. Menn telja óhjákvæmilegt nú orðið, ef einhver stjórn á að vera á efnahagslífi okkar, að lífeyrissjóðir leggi sitt af mörkum vegna fjárfestingarframkvæmda opinberra aðila. Við Alþb.-menn tókum nýja afstöðu í þessu máli fyrir einu ári, og þar hefur engin breyting orðið síðan. Aftur á móti hefur það eitt gerst í málinu, að Alþfl., sem var algjörlega sammála okkur um þetta efni fyrir einu ári, hefur nú enn snarsnúist í málinu og flutt till. um að fella ákvæði af þessu tagi niður. Sá snarsnúningur kemur svo sem engum á óvart og ekki frekar í þessu máli en öðrum. En afstaða okkar Alþb.-manna í þessum efnum er nákvæmlega sú sama sem var afstaða ríkisstjórnarflokka á s. l. ári, að hér verði lífeyrissjóðir að leggja sitt af mörkum ef nokkra stjórn eigi að hafa á efnahagsmálum okkar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður að þessu sinni.

Eins og hv. dm. er kunnugt höfum við stjórnarandstæðingar greitt mjög fyrir framgangi mála á hinu háa Alþingi og teygt okkur í þeim efnum miklu lengra en oft hefur verið um stjórnarandstöðu. Það kemur því úr hörðustu átt þegar við erum af hæstv. forsrh. og fleiri ráðh. í núv. hæstv. ríkisstj. ásakaðir um að halda uppi óeðlilegu málþófi á lokadögum þingsins. — Í máli hæstv. forseta kom fram, að hann hyggst beita sér fyrir því að þetta mál gangi til nefndar í kvöld, og af tillitsemi við það mun ég vera mjög stuttorður hér og fjalla um nokkur meginatriði.

Hæstv. fjmrh. endaði mál sitt með því að koma með nokkur svigurmæli í garð okkar stjórnarandstæðinga í sambandi við eina grein þessa frv., þ. e. 3. gr. En hæstv. ríkisstj. hefur nú séð sitt óvænna í sambandi við þá grein og henni var breytt í Nd. mjög til batnaðar, þó hún sé ekki að öllu leyti góð eins og hún er. Ég vísa aðeins til þess í sambandi við þetta, að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. stefndi að því með 3. gr., eins og hún er í frv., að fella lífeyrissjóðina í slíka fjötra með ráðstöfunarfé sitt að háttvirtir stjórnarsinnar sáu sitt óvænna og beittu sér fyrir því, að hæstv. ríkisstj. brá af þessu þrautaráði sínu. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um það.

Þá vil ég fjalla um tvö meginatriði sem eru í þessu frv. til lánsfjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1980. Í fyrsta lagi vil ég minna á að forsendur þessarar áætlunar eru fyrir allnokkru algerlega brostnar. Það kemur fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni á bls. 7. Þar segir:

„Forsendur fjárlaga um kauplags- og verðlagsbreytingar voru þær að kauptaxtar hækkuðu um 42% að meðaltali milli áranna 1979 og 1980, vísitala byggingarkostnaðar um 45% og neysluverðlag um 47% .... Hins vegar er nú sýnt að verðlag hækkar meira á fyrri hluta ársins en gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrv. Nú er áætlað að hækkun framfærsluvísitölu frá febrúar til maí verði vart undir 12—13% og að óbreyttu verðbótakerfi gætu laun hækkað um 11—11.5% 1 júní."

Engu að síður er þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun byggð á fjárlagaverðlagi og það er í rauninni alveg ljóst að fjárlagaverðlag er þegar orðið úrelt sem viðmiðun að grundvelli að slíkri áætlunargerð. Í viðbót við það mun verðlag fara miklum mun meira hækkandi það sem eftir er af árinu samkv. spám Þjóðhagsstofnunar en gert er ráð fyrir í fjárlögum síðustu ársfjórðunga ársins. Hér er sem sagt um að ræða algerlega brostnar forsendur fyrir þessu plaggi. Er það eitt gott dæmi um hvers konar öngþveiti efnahagsmál okkar eru komin í í höndum núv. hæstv. ríkisstj.

Samkv. þessari lánsfjáráætlun, sem ég tel vera kjarna málsins, er gert ráð fyrir að stórauka bæði innlend og

erlend lán til opinberra nota og til opinberra framkvæmda. Innlend lán til opinberra framkvæmda samkv. lánsfjárlögum í fyrra námu aðeins 8 milljörðum og 59 millj. kr. samkv. bráðabirgðatölum. Nú er ætlunin að afla innlends lánsfjár í sama skyni upp á rúma 24 milljarða. Þarna er um þreföldun að ræða. Þarna er hvorki meira né minna en um þreföldun að ræða. Ástæðan fyrir þessu er einfaldlega sú, að þrátt fyrir miklar og gífurlegar skattahækkanir, sem mikið er búið að tala um í sölum Alþingis, er minna tekið af skatttekjum ríkisins til opinberra framkvæmda, ef reiknað er á sama verðlagi, en fyrri ár. Hér er því stefnt að því að stórauka innbrot ríkisins á hinn almenna lánsfjármarkað, bæði í lífeyrissjóðina og í bankakerfið, sem hlýtur að verða til þess að einkaaðilar, atvinnufyrirtæki, atvinnuvegirnir fá minna fjármagn, bæði til uppbyggingar og til rekstrar.

Erlend lán eru með þessu frv. mjög aukin. Hæstv. ráðh. sagði að það hefði stefnt í lántökur erlendis upp á 110—120 milljarða kr., og það mun sjálfsagt vera rétt, og hann telur að hann hafi náð þarna verulegum árangri í því að lækka erlendar lántökur. En erlendar lántökur nema samt samkv. þessari áætlun 85.5 milljörðum kr.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um að greiðslubyrði okkar væri ekki að aukast með þessum lántökum. Ég hef í höndum bréf frá Seðlabanka Íslands, sem óskað var eftir af hv. fjh.- og viðskn. Nd., og þar er það skýrt að greiðslubyrði af útflutningstekjum hækkar í 18% á næsta ári, út af þessum lántökum m. a. Greiðslubyrði þessi hefur ekki verið meiri í sögu okkar þjóðar.

Í nýútkomnu hefti Fjármálatíðinda fjallar seðlabankastjóri, Jóhannes Nordal, nokkuð um erlendar lántökur og greiðslubyrði af erlendum lánum. Vegna þess að ég ætla ekki að vera langorður vil ég vitna hér örstutt í þetta mál mínu til stuðnings um hvað hér er að gerast og hvað hér ber að varast. Í þessari grein Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra segir svo:

„Þótt greiðslubyrðin af þessum skuldum hafi hingað til reynst viðráðanleg, hljóta svo miklar erlendar skuldir að hafa í för með sér verulega áhættu, ef á móti blæs í efnahagsmálum eða skyndilegar breytingar verða á erlendum lánsfjármörkuðum."

Þetta segir Jóhannes Nordal í nýútkomnu hefti Fjármálatíðinda og hefur áreiðanlega látið þessi orð falla einmitt í tengslum við gerð núverandi fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir 1980.

Það eru fjölmörg atriði í þessu margþætta máli sem ástæða væri til að ræða. En málið hefur fengið umfjöllun í Nd. og í Sþ. hefur það nokkuð verið rætt. Eins og kom fram í máli hæstv. forseta er það meginstefna hans að koma þessu máli til nefndar í kvöld, en að þar gefist nægur tími til að rannsaka það ofan í kjölinn, ræða það, og ræða það síðan hér í hv. d. eftir hvítasunnu. Þess vegna skal ég, hæstv. forseti, ekki vera langorðari að sinni um þetta stórmál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 86. fundur.

Fimmtudaginn 22. maí, kl. 4 síðdegis.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 613, 617). — Frh. 3. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það var einhvern tíma á þriðja tímanum í nótt sem unnt var að ganga til atkv. hér um nokkur mál sem voru til 2. umr. í þessari hv. d. Að vísu tókst ekki þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir forseta að koma ýmsum áhugamálum hæstv. ríkisstj. fram, þar sem mjög skorti á að stjórnarþm. væru mættir til atkvgr. Við stjórnarandstæðingar hlupum þá undir bagga með hæstv. ríkisstj. í hverju málinu á fætur öðru og komum þannig í veg fyrir að alger stöðvun hlytist af í afgreiðslu þessara mála á þingfundi í nótt.

Meðal þeirra mála, sem komu þá til umr. og atkvgr. eftir 2. umr., var frv. til l. á þskj. 482 um breyt. á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta, en frv. þetta var flutt af félmn. Ed. og hafði verið samþ. þar óbreytt, en lagt fyrir Nd. síðan.

Þeir atburðir urðu við atkvgr., að brtt. frá þeim hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna Gunnarssyni var samþ. Brtt. þessi var þess eðlis, að ný grein kæmi inn í umrætt frv. er hljóðaði þannig, að til viðbótar framlagi, sem ákveðið var í 1. gr. frv. eins og það kom frá Ed., skyldi ríkissjóður leggja sjóðnum, þ. e. Framkvæmdasjóði þroskaheftra, a. m. k. 225 millj. kr., í fyrsta sinn á árinu 1981. Sú fjárhæð ætti að hækka í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar miðað við árið 1980 að grunni.

Þessi brtt. var samþ. hér í Nd. Alþ. með 16:14 atkv. Formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Páll Pétursson, neitaði að taka þá atkvgr. gilda og krafðist þess að atkvgr. yrði endurtekin. Hæstv. forseti varð við þeirri ósk og þá var brtt. samþ. með 16:15 atkv. Ekki kom fram krafa um að gengið yrði til atkv. um þessa brtt. í þriðja sinn.

Hæstv. fjmrh., sem var fjarverandi atkvgr., kom ekki í húsið fyrr en lokið var við þessa atkvgr. og raunar ekki fyrr en hartnær var lokið við að afgreiða allar greinar í frv. sem hann hafði lagt fram hér á Alþ. um lánsfjárlög. Flestallar þessar greinar hafði þurft að afgreiða með atkv. stjórnarandstöðunnar þar eð hæstv. ráðh. var fjarverandi. Hæstv. ráðh. var ekki fyrr kominn í salinn og búinn að fá tíðindin af þessari afgreiðslu í Nd. en hann óskaði eftir því við hæstv. forseta d. að málið yrði ekki látið ganga áfram. Hæstv. fjmrh. óskaði eftir því á þeim fundi, sem settur var eftir þessa atkvgr., þar sem forseti d. hafði áformað að taka málið til 3. umr. og afgreiða það úr d. eins og ríkisstj. hafði óskað eftir. Hæstv. fjmrh. óskaði eftir því við forseta d. að málið yrði ekki tekið á dagskrá og ekki afgreitt í gær. Það þurfti níu þm. úr þessari hv. d. til þess að krefjast þess, að málið yrði tekið á dagskrá, sem forseti síðan varð við gegn mótmælum fjmrh.

Hæstv. fjmrh. kvaddi sér þá hljóðs hér til að gera þá furðulegu tillögu, að sú afgreiðsla, sem deildin hafði samþ. að honum fjarverandi nokkru áður, yrði dregin til baka. Hæstv. fjmrh. fann það út af vísdómi sínum, að á hans atkv. mundi það sennilega velta hvort þessi till., sem Nd. hafði samþ. rétt áður, fengist felld. Hæstv. ráðh. krafðist þess af deildinni, að hann fengi að nota atkv. sitt til að reka ofan í d. afgreiðslu sem hún hafði gert skömmu áður.

Mér er ekki kunnugt um hvort þetta er í samræmi við

þingsköp, að menn geti með þessum hætti, sem fjarverandi hafa verið við atkvgr. við 2. umr., krafist þess að deild verði gerð ómerk gerða sinna við 3. umr. og felli till. sem samþ. voru í fjarveru þeirra. Sennilega er slíkt ekki brot á þingsköpum. Sennilega er unnt að hegða sér með því móti. En dæmin eru ekki mörg úr þingsögunni um að menn hafi gripið til slíks ráðs.

Það er mjög einkennilegt að hæstv. fjmrh. skuli telja sér sæma að skrá í þingsöguna nafn sitt með þessu móti, að ekki aðeins hafi hæstv. ráðh. á fyrstu vikum í starfsferli sínum ákveðið að beita sér fyrir slíkum afgreiðslumáta hér í d., heldur skuli hann velja sér til þess mál af þessu tagi, þar sem hann krefst þess, eftir að hv. Nd. er búin að samþykkja tiltekna afgreiðslu til hagsbóta fyrir þroskahefta í landinu, að sú óvenjulega afgreiðsla sé gerð strax í kjölfarið, að d. felli umræddа afgreiðslu vegna þess að atkv. hæstv. fjmrh. réði þar úrslitum og hann var fjarverandi í það skiptið sem d. greiddi atkv. um málið. Þetta er í hæsta máta furðulegt. Ég verð að segja eins og er, án þess að nota mjög stór orð um það: Þetta er mjög ámælisvert. Og ég vil eindregið óska eftir því við hæstv. fjmrh., að hann sjái að sér í þessu máli og verði við áskorunum fjölmargra þm. um að skoða hug sinn betur og draga þessa till. til baka. Þó svo það kunni að vera erfitt fyrir ráðh. að sætta sig við að koma ekki vilja sínum fram í atkvgr. vegna þess að hæstv. ráðh. sé fjarverandi, þá verður hroka manna þó að vera nokkur takmörk sett og menn verða að gera sér ljóst að það er ekki verjandi með mál eins og þetta, að ríkisstj. eða einstakir ráðh. krefjist þess, þegar þd. er búin að taka ákvörðun í viðkvæmum félagslegum málefnum eins og þessu, að d. éti ofan í sig þá afstöðu sína.

Þetta er ótímabær hroki. Þetta er hroki sem ekki á við í málum af þessu tagi. Og ég er alveg sannfærður um að fjöldinn allur af þm. er sama sinnis og ég í þessu efni. Ég held að þar skiptist menn ekkert eftir flokkum í afstöðu sinni. Ég er sannfærður um að þessa skoðun hafa miklu fleiri þm. en bara þm. Alþfl. Ég er sannfærður um að fjölmargir af flokksbræðrum hæstv. fjmrh. eru einnig á þessari skoðun. Ég held að hæstv. fjmrh. yrði maður að meiri ef hann gerði sér ljóst að það er ekki æskilegt að halda við afstöðu af þessu tagi bara til að geta sýnt þingheimi og landslýð fram á að hann hafi valdið. Það er ekki æskilegt að ætlast til þess af mönnum, sem hafa áhuga á máli af þessu tagi, að þeir, eingöngu vegna þess að um hæstv. ráðh. er að ræða, lúti fyrirskipun hans um að taka til baka í dag það sem hv. deild samþykkti í nótt í jafnviðamiklu og viðkvæmu máli og hér er um að ræða.

Ég tel ekki ástæðu til að fara neitt sérstaklega hörðum orðum um afstöðu hæstv. fjmrh., sem ég vona að sé á misskilningi byggð, og óska þess einlæglega að hæstv. ráðh. endurskoði afstöðu sína og verði við þeirri vinsamlegu áskorun minni að draga þá till. sína til baka að d. sé látin fella það í dag sem hún afgreiddi í nótt. Ef hæstv. ráðh. fellst hins vegar ekki á þau tilmæli, en situr fast við sinn keip, kynni að vera ástæða til að taka málið svolítið öðrum og fastari tökum í umr. hér á Alþingi.

Ég hef ekki nokkra trú á að hæstv. ráðh. skilji ekki að honum hafi orðið á mistök í nótt. Allir eiga leiðréttingu orða sinna og gerða. Ég trúi því ekki fyrr en í fulla hnefana, að hæstv. ráðh. sé það hrokafullur í sinni að hann fallist ekki á tilmæli af þessu tagi. Ég ætla því ekki, til þess að spilla því ekki á nokkurn hátt að hæstv. ráðh. geti talið sjálfum sér hughvarf, með orðum mínum að reyna á einn eða neinn hátt að leggja stein í götu hans með því að fara þeim orðum um þá afstöðu, sem hæstv. ráðh. tók í nótt, sem ella væri ástæða til.

Ég vil út af orðum hans í nótt koma á framfæri nokkrum leiðréttingum.

Hæstv. ráðh. sagði að brtt. þessi frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna Gunnarssyni væri heldur óvanaleg, þar sem 1. flm. till. hefði skrifað undir nál. félmn., sem fjallar um þetta mál hér í d., án þess að láta þess getið að hún stæði að umræddri tillögusmíð. Ég vil upplýsa hæstv. ráðh. um að hinn 16. maí s. l., þegar frv. þetta kom til 1. umr. hér í d., áður en frv. fór til félmn. þessarar hv. d., flutti hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ræðu sem ég er með ljósrit af hérna fyrir framan mig, þar sem hún mælir fyrir brtt. á þskj. 524 og rökstyður nauðsyn hennar og óskar eftir því við félmn., sem hún á sæti í, að hún taki till. til skoðunar og athugunar. Till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er þannig komin fram nokkru áður en málið gengur til félmn. og liggur fyrir n. þegar hún tekur afstöðu til frv. þessa. Það er því misskilningur hæstv. ráðh. að hv. þm. hafi flutt þessa till. eftir að um málið hafði verið fjallað í félmn. Þm. flutti till., áður en málinu var vísað til félmn., og ritaði undir nál. n. með fyrirvara vegna þess að þm. hugðist greiða atkv. með brtt. sem hún flutti ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni við 1. umr. málsins. Ummæli hæstv. fjmrh. í nótt eru því byggð á misskilningi. Hæstv. ráðh. hafði ekki kynnt sér nægilega vel hvernig málið var í pottinn búið.

Í öðru lagi sagði hæstv. ráðh. að hann gæti ekki stutt þessa till. og ekki léð máls á afgreiðslu eins og hún gerir ráð fyrir vegna þess að með því væri verið að fitja upp á því að binda útgjöld í fjárlögum ársins 1981 áður en að því kæmi að undirbúa slíka fjárlagagerð. Ég vil taka það fram hæstv. fjmrh. til upplýsingar, að slíkar afgreiðslur eru alvanalegar á Alþ. Ég er t. d. með langan lista, yfir 39 mál, sem hæstv. ríkisstj. lagði fram fyrir allmörgum vikum á sameiginlegum fundi með formönnum þingflokka, lista yfir mál sem hæstv. ríkisstj. óskaði að afgreidd yrðu fyrir þinglok. Flestöll þessi mál hafa þegar verið afgreidd sem lög frá Alþingi. Mörg af þessum málum leggja ríkissjóði á herðar greiðsluskyldur sem ríkissjóður á að inna af hendi þegar á næsta ári án þess að farið sé að fjalla með nokkrum hætti í fjmrn. um undirbúning eða stefnumörkun í fjárlagagerð fyrir það ár. Þannig eru þau ummæli hæstv. ráðh., að það sé eitthvað óvanalegt að afgreiða útgjaldamál á Alþ. áður en farið sé að fjalla um afgreiðslu fjárlaga viðkomandi árs, út í hött. Að hans beiðni hefur Alþ. þegar afgreitt allmörg slík mál og er að afgreiða nú á þessu þingi. Á dagskrá sama fundar og við nú sitjum á er einmitt mál af slíku tagi, frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem leggur ríkissjóði greiðsluskyldur á herðar, ekki aðeins árið 1981, heldur um fjölmörg komandi ár, án þess að það sé svo mikið sem farið að leiða hugann að fjárlagagerð þess tíma. Viðbára hæstv. ráðh. og útúrsnúningur er því út í hött.

Í þriðja lagi held ég að ég hafi kallað fram í fyrir hæstv. ráðh., þegar hann var að flytja þessi rök sín sem engin rök eru, og vakið athygli á að rétt áður en hann flutti ræðu sína hefði einmitt verið afgreitt hér í Nd. frv. um Iðnrekstrarsjóð sem einmitt hefði gert ráð fyrir að binda ákveðin útgjöld úr ríkissjóði á næstu árum áður en væri farið að fjalla um fjárlagagerð fyrir þau ár. Hæstv. ráðh. svaraði mér héðan úr ræðustól. Hann svaraði framíkalli mínu með því að þetta væri rangt, ekki væru nein ákvæði

um þessi efni í frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð, ég skyldi lesa frv. betur. Ég er með frv. hérna fyrir framan mig. Maður skyldi ætla að ráðh. í ríkisstj., sem fer með ríkisfjármál, hefði einhverja hugmynd um hvaða mál ríkisstj. leggur fram til samþykktar á Alþ. sem varða útgjöld úr ríkissjóði. Í 5. gr. frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð stendur svo, með leyfi hæstv. forseta, að auk þeirra framlaga, sem þar um ræðir og eiga að ganga til sjóðsins, eigi þangað að ganga framlag ríkissjóðs er miðist að lágmarki við 0.6% af vinnsluvirði iðnaðar undanfarið ár samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar, í fyrsta sinn árið 1982 og síðan árlega til og með árinu 1985. Ég held að hæstv. ráðh. ætti að lesa eigin mál öllu betur. Þetta stendur hér svart á hvítu í frv. Þar er ekki aðeins að um sé að ræða útgjaldaákvörðun vegna næsta árs, það er um að ræða útgjaldaákvörðun í fjárlögum ársins 1982 og allt til ársins 1985, og er mér ekki kunnugt um að fjmrn. sé svo mikið sem byrjað að leiða hugann að fjárlagagerð fyrir þann tíma. Því skýtur hálfskökku við ef hæstv. fjmrh. ætlar að rökstyðja afstöðu sína gegn þeirri breytingu, sem samþ. var hér á Alþ. í nótt, með því að það nái ekki nokkurri átt að samþykkja hér í þinginu útgjöld varðandi árið 1981 áður en kæmi að því að undirbúa fjárlagagerð fyrir það ár. Hæstv. ráðh. hefur í þessu tiltekna frv. óskað eftir að Alþ. afgreiddi, og það var reyndar gert í Nd. s. l. nótt, bindingar á útgjöldum ríkissjóðs í fjárlögum, ekki aðeins varðandi árið 1981, heldur varðandi árin 1982, 1983, 1984 og 1985. Gegnir kannske einhverju öðru máli ef um er að ræða framlög ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs en þegar um er að ræða framlög ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra? Eiga kannske að gilda aðrar reglur í þessu efni um Framkvæmdasjóð þroskaheftra en gilda um Iðnrekstrarsjóð?

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um málið að þessu sinni, ætlaði aðeins að nota tækifærið til að leiðrétta það sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. í nótt um allan aðdraganda málsins, sem augsýnilega byggist á því, að hæstv. ráðh. hefur ekki, þegar hann fór í ræðustól, verið búinn að kynna sér, hvernig þessi brtt. varð til hér í deildinni, og fór því með rangt mál. Í öðru lagi vildi ég leiðrétta röksemdafærslu hæstv. ráðh. gegn því að vilja fallast á afgreiðslu d. í nótt, — röksemdafærslu sem ekki aðeins er byggð á misskilningi, heldur á algerum þverstæðum.

Herra forseti. Ég hef svo þessi orð ekki fleiri. Ég ítreka óskir mínar til hæstv. fjmrh. um að hann dragi till. sína til baka, sem hann gerir um að hv. Nd. breyti um afstöðu til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra á nokkrum klukkustundum, og ég fullyrði að hæstv. ráðh. yrði maður að meiri ef hann tæki slíkum áskorunum. Ég held að hann mundi hljóta fyrir það þakkir, ekki bara þeirra sem aðild eiga að sjóðnum og hafa þar hagsmuna að gæta, heldur líka okkar þm. Stundum er viturlegt að kunna að beygja sig. Stundum er viturlegt að láta ekki hrokann og stoltið alfarið stjórna sínum gerðum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þetta var skrýtin ræða, að ekki verði meira sagt, sem hér var flutt.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er formaður þingflokks Alþfl. Sá flokkur hefur haft það að einu sínu helsta og hávaðasamasta baráttumáli að lögbundin framlög úr ríkissjóði yrðu afnumin, framlög úr ríkissjóði yrðu ákveðin í fjárlögum ár hvert og markaðir tekjustofnar hyrfu úr sögunni. Þetta hefur verið eldheitt baráttumál Alþfl., og þá alveg sérstaklega hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, um mörg undanfarin ár. Í seinustu ríkisstj. fluttu þm. Alþfl. sérstakt lagafrv. hér á Alþ. þar sem ráð var fyrir þessu gert, og eftir nánari skoðun var það niðurstaðan í ríkisstj., sem hér var við völd fyrir einu ári, að fallast á að þessi krafa Alþfl. yrði tekin til athugunar. Sérstök nefnd var skipuð til að gera tillögur um afnám lögbundinna framlaga úr ríkissjóði. Till., sem hér er til umr., gengur hins vegar í þveröfuga átt, eins og allir hv. þm. vita. Hún gengur út á það eitt að við eigum nú í maímánuði 1979 löngu áður en fjárlagaundirbúningur er hafinn, að ákveða upp á krónu hvað varið skuli miklu fé úr ríkissjóði til tiltekins málefnis. Ég veit að ekki efast nokkur maður um það í þessari hv. d., að ef Sighvatur Björgvinsson, hv. þm. Vestf., væri nú fjmrh. mundi hann hafa tekið aðra stefnu í þessu máli en nú án þess að hvika. Allt annað hefði verið í hrópandi mótsögn við málflutning hans og kröfugerð á liðnum árum. En vegna þess að hv. þm. finnur að það er hægt að notfæra sér þau mistök, sm urðu hér í d. í nótt þegar fjórir þm., þ. á m. ég sjálfur, voru fjarstaddir þessa atkvgr., og þm. finnur, að hægt er að valda einhverjum vandræðum og koma af stað einhverjum illdeilum um þetta mál vegna þess að svona sjysalega tókst til, þá er hann auðvitað reiðubúinn til að snúa blaðinu algerlega við og hafa allt aðra skoðun en hann hefur haft fram að þessu.

Hv. þm. óskapast yfir því að ég skuli hafa flutt till., sem er í fullu samræmi við sannfæringu þm. sjálfs um að ekki skuli ákveða með lögum framlög af þessu tagi til viðbótar því sem nú er þegar ákveðið í lögum. Hann er að óskapast yfir því, að ég skuli gera till. um að leiðréttingsé gerð í þessa áttina. En hvað er í raun og veru athugavert við að ég standi við skoðun mína og snúist ekki eins og skopparakringla, eins og hv. þm. hefur gert? Ég hef ekki beðið hv. d. eða hv. dm. um að breyta um skoðun. Ég fer ekki fram á að nokkur hv. dm. hafi aðra skoðun eða aðra afstöðu í þessu máli en hann hafði þegar atkvgr. fór fram. En það er öllum kunnugt að það vantaði níu dm. þegar atkvgr. fór fram og það eru verulegar líkur á því, að raunverulegur vilji þd. hafi ekki komið fram. Þess vegna þykir mér eðlilegt að d. fái nýtt tækifæri til að taka afstöðu til málsins.

Ég vil taka það fram, að ég tel að efni till. sé mjög góðra gjalda vert. Þetta er mjög eðlileg ábending af hálfu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ef styrktarsjóðurinn á að taka við því hlutverki, sem sjóður vangefinna áður hafði, er vafalaust þörf á meira fjármagni. Ég býst við að allir hv. þm. geti verið á einu máli um að efnislega séð sé till. hv. þm. mjög eðlileg. En hún er einfaldlega í mótsögn við þá stefnu, sem hér hefur hægt og þétt verið að verða ofan á, að ekki ætti að lögbinda framlög til einstakra mála löngu áður en fjárlög eru tekin til afgreiðslu.

Vegna þess að ekki er neinn efnislegur ágreiningur um að auka þurfi framlög í þessu skyni tel ég að sjálfsögðu eðlilegast að við hugleiðum þetta mál yfir helgina og athugum hvort ekki væri hægt að finna einhverja samkomulagsleið, vegna þess að ég tel að hér sé ekki um að ræða þess háttar mál að við þurfum að eyða mörgum klukkutímum til að ræða það. Ég held að hitt væri miklu eðlilegra, að við ræddum saman um málið og athuguðum hvort við gætum ekki komist að einhverri sameiginlegri niðurstöðu sem fullnægði bæði því sjónarmiði að lögbinda ekki nákvæmlega framlag, sem á að vera til meðferðar við fjárlagagerð í haust, annars vegar og hins

vegar, að menn geti fengið ákveðin vilyrði fyrir því, að framlög í þessu skyni verði aukin. Það er sem sagt hugmynd mín að við notum tímann sem gefst, úr því að þingi á ekki að slíta fyrr en um miðja næstu viku og úr því að þetta mál er nú til 3 umr. í síðari deild, til að ræða í bróðerni um málið og athuga hvort við getum ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu sem allir geta við unað. Takist það ekki gengur málið til atkv. og þá fáum við að sjá hvort það er raunverulegur vilji d., sem fram kom á þingfundinum í gær, eða ekki. Vissulega mun ekki reyna á það fyrr en atkvgr. fer fram, ef hún þá fer fram, en fyrst finnst mér að við ættum að ræða saman um málið og leita samkomulags.

Umr. frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 552 (sbr. 543), n. 604, 608 og 609, 573, 610). — Frh. 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég vil byrja á að mælast til þess, að hæstv. félmrh. verði kallaður inn í salinn til að hlýða á umr. um það mál sem hann leggur svo mikla áherslu á að nái hér fram að ganga, og mun ekki hefja mál mitt fyrr en hann kemur inn í salinn. (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til að nema hæstv. félmrh. nefi, gera svo vel að athuga um hvort félmrh. er tagltækur að koma hér í d.). Herra forseti. Ég get þá hafið mál mitt, því að hæstv. félmrh. gengur í salinn.

Ég vil byrja á því að segja, að það er með eindæmum að þetta frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins skuli fá eins ófullkomna skoðun og raun ber vitni í þessari hv. d., þegar á það er litið að þetta er 17. mál þingsins og frv. lagt fram fyrir 5 mánuðum.

Þó að taka mætti hér langan tíma í að fjalla um einstök efnisatriði frv. eftir breytingar Ed. skal ég ekki að þessu sinni tefja dýrmætan tíma þingsins rétt fyrir þinglok til þess, þó full ástæða væri til, enda á að keyra hér hvert stórmálið á fætur öðru í gegnum d. án þess að nefndir hv. d. fái hæfilegan tíma til umfjöllunar um málin. Ég vil þess í stað beina máli mínu að einum þætti þessa frv., þeim veigamesta, undirstöðuþætti frv., fjármagnsþættinum, sem er ein meginástæða þess að ég skila séráliti í þessu máli.

Þó að ljóst sé að þessi þáttur frv. sé sá sem allt veltur á ef við fyrirheit frv. á að vera hægt að standa tel ég fullvíst að hann sé sá þáttur frv. sem minnst hefur verið skoðaður í Ed. með tilliti til þeirra breytinga sem þar voru gerðar á frv., og það verður að draga í efa að þm. Ed. hafi fengið tækifæri til að skoða þá útreikninga, sem þó liggja fyrir um þetta mál, þó í þá vanti veigamiklar forsendur eins og lengingu lánstímans, sem breytt var í Ed. Þessir útreikningar hafa legið fyrir frá 2. apríl, en það eru útreikningar sem gerðir voru af Þjóðhagsstofnun og sendir félmrh. 2. apríl s. l. Í þessum útreikningum má lesa að lánsþörf eykst gífurlega við þá breytingu, sem frv. hefur tekið í Ed., og sú fjármagnsþörf, sem í ljós kemur í þessum útreikningum Hallgríms Snorrasonar hjá Þjóðhagsstofnun, er í engu samræmi við þá fjármagnsþætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Félmn. Nd. óskaði eftir ýmsum útreikningum Þjóðhagsstofnunar vegna þeirra brtt. sem fram komu við frv. í Ed., en þó þær upplýsingar, sem um var beðið, liggi ekki fyrir enn fékk félmn. Nd. nokkur mikilsverð gögn, eins og ég nefndi, sem af má draga athyglisverðar ályktanir. Samkv. lauslegum útreikningum verður ráðið að óleyst lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna nemi yfir 200 milljörðum kr. Í þessum útreikningum er stuðst við töflur sem finna má í þeim gögnum sem félmrh. hefur haft undir höndum í nær tvo mánuði og hefði hann auðvitað átt að sjá til þess að nefndir Alþingis fengju þessi gögn í hendur.

Það er fróðlegt, þegar öll meðferð þessa máls er skoðuð, að rifja upp ákvæði 13. gr. laganna um stjórn efnahagsmála o. fl., en þar segir, með leyfi forseta:

„Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna.

Meðal þess háttar verkefna fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð" — og síðan er talið upp:

„1. Mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðfélagslegs gildis".

Og nú við ég biðja hæstv. félmrh. að taka eftir:

„2. Kostnaðarmat á tillögum frv. sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma."

Hvað gerir hæstv. félmrh. til að uppfylla þetta ákvæði um stjórn efnahagsmála? Þessi gögn hafa legið fyrir í tvo mánuði, að vísu ekki byggð á fullkomlega réttum forsendum, en engu að síður má töluvert á þeim byggja. Því væri gagnlegt að fá upplýst hvort hæstv. félmrh. hafi uppfyllt þá skyldu, sem lögin um stjórn efnahagsmála o. fl. kveða á um, og sent hv. félmn. Ed. þessi gögn. Það hefði flýtt fyrir ákvarðanatöku félmn. Nd. hefði hún haft þessi gögn undir höndum í þá tvo mánuði, sem þau hafa legið fyrir. Það er ámælisvert, að ráðh. skuli ekki hafa sent þingnefndum þessi gögn, og það ber að harma, sér í lagi með tilliti til þess hraða sem nú á að verða á afgreiðslu þessa máls hér í hv. deild.

Nú tel ég reyndar líka að miðað við þær tölur um aukna fjármagnsþörf, sem lesa má úr gögnum Hallgríms Snorrasonar hjá Þjóðhagsstofnun og einmitt eru byggðar á forsendum úr þeim gögnum sem fyrir hafa legið um hríð, hefði félmrh. átt að beita sér fyrir að skerðingin á þeim sjóðum, sem standa eiga undir þessum verkefnum húsnæðismálalöggjafarinnar, hefði ekki verið svo mikil sem raun ber vitni. (Gripið fram í.) Nei. það er ekki gert. Þvert á móti á sér stað veruleg skerðing á Byggingarsjóði verkamanna og á Byggingarsjóði ríkisins. Það er nógu erfitt að brúa það bil á fjármagnsþörf sem breyting Ed. hefur í för með sér þótt þessu hefði verið sleppt.

Það er nauðsynlegt að hv. þdm. geri sér vel ljós þau yfirboð sem í brtt. Ed. felast. Erfitt er að standa að þeim skuldbindingum, sem þau setja, án þess að skýring fáist á hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst standa við fjármögnunarþætti þess. Á fskj. V með þessu nál. koma yfirboðin vel í ljós. Vitaskuld ber að undirstrika að hér er um vísbendingar að ræða sem byggðar eru á útreikningum Þjóðhagsstofnunar til félmrh. 2. apríl. Engu að síður gefa þær okkur allgóða mynd af hve miklar fjármagnsskuldbindingarnar eru sem Alþ. er um það bil að lögfesta. Er nokkurs virði að alþm. leiði að því hugann, hvað hér er á ferðinni.

Vitaskuld hef ég ekki á móti því ef hægt væri að veita

húsbyggjendum þau lán sem brtt. Ed. fela í sér. En ég vil jafnframt gera mér ljóst hversu mikið fjármagn hér er um að tefla og hvort raunhæft sé að ætla að við skuldbindingarnar verði staðið eða hvort við séum hér að vekja gyllivonir fólks sem ekki er hægt að standa við.

Frv. það, sem Magnús H. Magnússon lagði fram, var þaulútreiknað með tilliti til lánskjara á þann hátt að ástæða var til að ætla að við það væri hægt að standa. Það kemur fram í töflum með frv. Magnúsar H. Magnússonar þannig að útreikningar um kostnaðarmat, eins og lögin um stjórn efnahagsmála gera ráð fyrir, eru þar skýrir. Fskj. V í nál. gefur okkur nokkuð ljósar hugmyndir um að við byggjum á veikum stoðum, að við séum hér að lögfesta félagslegar umbætur sem við getum með nokkuð góðum rökum ályktað að torvelt sé að standa við. Þar kemur fram að lánsfjárþörf Byggingarsjóðs verður á næstu 10 árum 102.5 milljarðar kr., en lánsfjárþörf Byggingarsjóðs verkamanna 99 milljarðar, en vex við lengingu lánstímans úr 32 árum í 42 ár í 110 milljarða. Samtals er því óbrúuð fjárþörf næstu 10 ára 212.5 milljarðar kr. Til samanburðar kemur fram, að lánsfjárþörf samkv. upphaflegu frv. Magnúsar H. Magnússonar er tæpir 80 milljarðar. Því gefa þessir lauslegu útreikningar sterka vísbendingu um að umframfjárþörf miðað við brtt. Ed. sé um 130 milljarðar næstu 10 árin frá upphaflegu frv. Magnúsar H. Magnússonar. Engin skýring liggur fyrir á því hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst afla þeirra fjármuna.

Þar sem þessar tölur eru byggðar á útreikningum Hallgríms Snorrasonar hjá Þjóðhagsstofnun frá 2. apríl, að teknu tilliti til breyttra forsendna frá þeim útreikningum miðað við brtt. Ed., svo sem varðandi lánskjörin, verður ekki fram hjá því gengið, að þær gefa okkur til kynna ógnvekjandi staðreyndir í þessu máli varðandi fjármagnsþörfina, sem ég dreg í efa að þm. hafi gert sér grein fyrir áður, eða rúmlega 210 milljarða kr. lántökuþörf næstu 10 árin eða um 20 milljarða á ári hverju. Það er nauðsynlegt að gera sér þetta ljóst. Skattheimta og lántökur eru þegar orðnar hættulega miklar í okkar þjóðfélagi. Við getum auðveldlega tekið dæmi hvað gæti þýtt 20 milljarða kr. lántaka á ári. Hún gæti t. d. þýtt að ríkisstj., sem nú þegar ætlar að lögfesta 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, þyrfti að lögfesta 80% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. (**Félmrh.:** Leyfir hv. þm. að ráðh. fari í símann í eina mínútu? — **Forseti:** Það er miklu fremur að spyrja mig að því, og ég leyfi það.)

Við getum tekið annan samanburð. 20 milljarðar eru um það bil helmingur af tekjuskatti einstaklinga, sem nú er 38.7 milljarðar með byggingarsjóðsgjaldi. Varla getur ríkisstj. ætlað að fá þetta fjármagn á þann hátt. 20 milljarðar eru einnig 3.5% í söluskatti. Varla er ríkisstj. fús að láta hluta af söluskattstekjum sínum af hendi til íbúðabygginga, ef marka má hvað hún snerist gegn því að auka hlutdeild sveitarfélaga í söluskattstekjum til að koma í veg fyrir aukna skattbyrði landsmanna.

Mörgum spurningum er því ósvarað nú þegar um það bil er verið að lögfesta þetta frv. með brtt. Ed., og skoðun mín er sú, að ef velja á þessa leið í húsnæðismálakerfinu, sem Ed. markar, og raunhæf leið er valin til að standa við þá löggjöf verði það ekki gert nema með verulegum sparnaði á öðrum sviðum ríkisbúskaparins. Eru þm. reiðubúnir til þess? Er hæstv. ríkisstj. reiðubúin til að spara á öðrum sviðum ríkisbúskaparins til þess að hægt sé að standa við þessi fyrirheit? Gerðir þessarar ríkisstj. á 3—4 mánaða valdaferli gefa vart tilefni til bjartsýni í þeim efnum. Verði lántökuleiðin farin til að standa við loforð þessi mun það valda mjög aukinni þenslu í þjóðfélaginu og uppbygging húsnæðismálakerfisins mun springa í höndum okkar vegna þess að við höfum spennt bogann of hátt. Upphaflega frv. var raunhæf löggjöf, sem skilar okkur 80% lánamarkinu mun fyrr en brtt. stjórnarsinna munu gera. Það er einnig nokkurs virði að hugleiða hvort ekki er raunhæfara að ná því markmiði fyrr en að lánstíma og vaxtakjörum sé breytt á þann hátt að ekki sé hægt að gera sér vonir um að ná því marki fyrr en mörgum árum seinna, ef kerfið verður þá ekki sprungið áður.

Ég vil að lokum, með leyfi forseta, lesa hluta af nál. 1. minni hl. félmn. sem sýnir okkur t. d. að ekki er um aukningu fjármagns að ræða til félagslegra íbúðabygginga frá því sem upphaflegt frv. gerði ráð fyrir, en Alþb.-menn státa sig mikið af því þessa dagana að um aukningu sé að ræða. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Í frv., eins og það var upphaflega lagt fram af Alþfl., var lagt til að ríkissjóður legði fram 20% til félagslegra íbúðabygginga og sveitarfélög 20%. — Nú er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram 30% og sveitarfélög 10%, þannig að heildarframlag opinberra aðila er óbreytt. Innifalið í þessu 30% framlagi er 1% framlag sem sérmarkað er til Byggingarsjóðs verkamanna. Það er einfalt reikningsdæmi að sjá að ekki er verið að auka fjármagn til félagslegra íbúðabygginga frá því sem upphaflega var lagt til í frv. Auk þess verður að ganga út frá því, að hér sé um tilfærslu á fjármagni að ræða frá Byggingarsjóði ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna sem nemur 1% af launaskatti eða rúmum 5 milljörðum, þegar á það er litið að felld var till. Alþfl. í Ed. um að 2% af launaskatti renni til Byggingarsjóðs ríkisins, eins og hingað til hefur verið“ — enda kemur þetta kannske gleggst fram í 37. gr. eins og hún er nú orðin frá Ed., en þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Með árlegum framlögum,“ stendur í b-lið 37. gr. „úr ríkissjóði sem nemi tekjum hans af 1% launaskatti og framlagi á fjárlögum ef með þarf til þess að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 30% af fjármagnsþörf sjóðsins.“

Ég held að þetta geti ekki verið skýrar orðað. Við skulum því gera okkur ljóst, að uppbygging verkamannabústaða stendur ekkert tryggari fótum eftir þessa breytingu. Þvert á móti veikir þetta stöðu þess að við getum byggt upp verkamannabústaði, því að á fskj. V í nál. á fskj. 637 kemur í ljós að fjárhagsgrundvöllurinn er ótraustari, en þar kemur í ljós að lánsfjárþörf er 110 milljarðar miðað við lengingu lánstímans um 10 ár, eða úr 80 milljörðum miðað við frv. Magnúsar H. Magnússonar í 110 milljarða miðað við breytingu Ed. Þetta verða þm. að gera sér ljóst og þá ekki síður verkalýðshreyfingin. Það er einnig jafnljóst, að við erum mörgum árum lengur að ná hámarkslánahlutfallinu miðað við breytingar Ed. Þessa staðreynd verða þm. og verkalýðshreyfingin líka að vega og meta. Og sú breyting að skerða fjármögnunarmöguleika Byggingarsjóðs ríkisins verður til þess að lánamöguleikar hans minnka verulega, sem mun valda auknum þrýstingi á félagslega kerfið. Þessa staðreynd verða þm. og verkalýðshreyfingin einnig að hafa í huga því að stór hluti launafólks innan Alþýðusambands Íslands er yfir því hámarki sem þarf til þess að fá keyptar félagslegar íbúðir. Mörgu er því enn ósvarað.

„Einnig má benda á, að lántökuþörf Byggingarsjóðs

verkamanna verður komin yfir 11 milljarða kr. árið 1984 samkv. framlögðum gögnum, sbr. fskj. III, og er þá ekki reiknað með lengingu lánstímans, eins og samþykkt var í Ed., þannig að fjárþörfin er í reynd töluvert meiri.

Ljóst er einnig að brtt. stjórnarsinna í Ed. stefna stöðu Byggingarsjóðs ríkisins í mikla tvísýnu. Af framlögðum gögnum Hallgríms Snorrasonar hjá Þjóðhagsstofnun og töflum með frv. Magnúsar H. Magnússonar má ráða að lántökur Byggingarsjóðsins verði á fyrstu 5 árunum að nema 16.3 milljörðum kr. hærri upphæð en frv. í upphaflegri mynd gerði ráð fyrir — og að 10 árum liðnum, þ. e. um 1990, hefur lántökuþörfin aukist svo verulega að hún verður yfir 20 milljörðum kr. hærri upphæð á ári en þurft hefði að óbreyttu frv. Lenging lánstímans og lækkun vaxta samkv. till. stjórnarliða skerða ráðstöfunarfé sjóðsins um 28.4 milljarða kr. á árunum 1980—1990, miðað við 3% vexti á lántökum sjóðsins.

Á sama tíma og þessi yfirboð koma fram leggja stjórnarsinnar til að Byggingarsjóður ríkisins verði skertur um 4 milljarða.

Hér stangast því á raunveruleikinn og fögur fyrirheit slíkrar löggjafar, sem er alls óviðunandi, einkum ef slík löggjöf er liður til lausnar í kjaradeilunni, eins og komið hefur fram í máli stjórnarsinna.

Alþfl. taldi nauðsynlegt að fá fram hjá Þjóðhagsstofnun útreikninga á ýmsum þáttum frv. með tilliti til þeirra breytinga sem gerðar höfðu verið á frv. og fjármagnsþáttum þess.

Þjóðhagsstofnun telur að slíkir útreikningar taki um vikutíma, og tilmælum 1. minni hl. félmn. um, að niðurstöður þeirra lægju fyrir áður en frv. yrði afgreitt úr n., var hafnað og verða slík vinnubrögð að teljast ámælisverð. En félmn. var gert að afgreiða þetta viðamikla frv. á þremur dögum.

Samstaða er þó innan félmn. um að Þjóðhagsstofnun verði áfram falið að framkvæma útreikningana og leggja þá fyrir eins fljótt og verða má. Upplýsingar, sem undirrituð óskaði eftir að fyrir lægju, fylgja sem fskj. með þessu nál.

Þó telja verði að forsendur raunhæfrar ákvarðanatöku hljóti að felast í niðurstöðum þessara útreikninga, þá er það mat Alþfl., að flestar grundvallarhugmyndir, sem fram komu í frv. eins og það var lagt fram, standi. — Þó verður ekki fram hjá því gengið, að fjármögnunarmöguleikum húsnæðiskerfisins í heild er stefnt í mikla tvísýnu með þeim breytingum sem á því hafa orðið."

Og síðan segir í lok nál.: „Í trausti þess, að litið verði nánar á fjarmögnunarþætti frv. að nýju, þegar umbeðnar upplýsingar liggja fyrir, leggur 1. minni hl. til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem fluttar eru á þskj. 573."

Að lokum, herra forseti, treysti ég því, að þm. hugleiði vel þær tölur sem koma fram í nál. mínu. Ég legg áherslu á að sérstaklega er það nauðsynlegt að slík löggjöf á að verða liður til lausnar á kjaramálunum, eins og stjórnarsinnar hafa gefið í skyn. Launafólk verður að geta treyst því, að um raunverulegar kjarabætur sé að ræða, því að varla er það meiningin að verkalýðshreyfingin þurfi að kaupa þessar félagslegu umbætur ár eftir ár næstu árin. Er staðreyndin ekki einfaldlega sú, að verkalýðshreyfingin og það fólk, sem treystir á að þetta baráttumál sé í höfn með samþykkt þessa frv., standi frammi fyrir þeirri staðreynd, að baráttan sé öll eftir? Þetta er spurning sem við verðum að hugleiða líka vegna þess að ekki er mikið í frv. sem tryggir að hægt sé að standa við þessar skuldbindingar. Ég bið því hv. þdm. að hugleiða vel hvort hér sé verið að vekja gyllivonir verkalýðshreyfingarinnar og annarra sem eftir þessari löggjöf bíða, við séum hér ekki að vekja vonir sem við, þegar upp er staðið, getum ekki staðið við.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls fyrr en talsmenn n. hefðu lokið máli sínu og skal ég þess vegna gera stuttan stans í þessum stól. Ég taldi hins vegar nauðsynlegt að koma á framfæri ályktun sem gerð hefur verið með shlj. atkv. í miðstjórn Alþýðusambands Íslands og fjallar um þetta mál. Í miðstjórninni eiga sæti menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Ályktunin er á þessa leið:

„Miðstjórnarfundur Alþýðusambands Íslands, haldinn 22. maí 1980, skorar á Alþingi að afgreiða nú þegar og áður en Alþingi fer í sumarleyfi frv. það til laga sem nú liggur fyrir þinginu um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í frv., eins og það er nú, er gert ráð fyrir, að félagslegar íbúðabyggingar verði þriðjungur íbúðabygginga í landinu og þar er gert ráð fyrir stóraukinni fjárveitingu til Byggingarsjóðs verkamanna. Þá er gert ráð fyrir viðbótarátaki til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, stórbættri ávöxtun skyldusparnaðar og síðast en ekki síst beinni aðild Alþýðusambandsins að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þá er í frv. ákvæði um helmingsaðild verkalýðssamtakanna að stjórnum verkamannabústaða. Með tilliti til þessa er það samtökum launafólks sérstakt kappsmál að frv. þetta nái fram að ganga nú þegar.

Miðstjórnin treystir því, að stjórnvöld muni á hverjum tíma tryggja það fjármagn sem þarf til þess að markmiðum frv. í heild verði náð. Í þessu sambandi minnir Alþýðusamband Íslands á að hér er aðeins um að ræða efndir á ítrekuðum loforðum stjórnvalda í húsnæðismálum allt frá árinu 1974.

Alþýðusamband Íslands telur að nái frv. þetta ekki fram að ganga nú fyrir þinglok muni það geta orðið til að torvelda mjög í framtíðinni samkomulag við stjórnvöld um lausn deilna með þeim hætti að teknar verði gildar í samtökunum yfirlýsingar á borð við þær sem gefnar hafa verið oftar en einu sinni á undanförnum árum um húsnæðismálin.

Virðingarfyllst,
f. h. Alþýðusambands Íslands,
Snorri Jónsson."

Ég taldi nauðsynlegt, áður en umr. héldi áfram, að koma þessari niðurstöðu verkalýðssamtakanna á framfæri við hv. Nd.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að koma að eftirfarandi aths. áður en umr. um dagskrármál er frekar fram haldið. Tilefni aths. minnar er raunar umr. um það mál, sem hér er nú á dagskrá, og umræður um það þótt á öðrum vettvangi hafi verið.

Í viðtali við þingfréttamann Ríkisútvarpsins í gærkvöld sagði forsrh. að sumir þm. Sjálfstfl. hefðu mótmælt því, að frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins yrði að lögum á þessu þingi, afgreiðslu þess yrði að fresta til hausts. Þessir menn hafa tafið þingstörfin, sagði forsrh. Í sjónvarpsviðtali síðar um kvöldið hélt hann þessu sama fram með breyttu orðalagi. Vegna þessara orða forsrh. vill þingflokkur sjálfstæðismanna taka fram eftirfarandi:

Þm. Sjálfstfl. mótmæla því, að málefnalegar umr.

þeirra innan ramma þingskapa séu túlkaðar sem málþóf af forsrh. í fjölmiðlum. Umr. á Alþingi síðustu daga hafa með engum hætti mótast af málþófi. Stjórnarliðar og þar með taldir ýmsir ráðh. hafa að vísu sett á langar ræður, en þm. Sjálfstfl. hafa hvað eftir annað greitt fyrir framgangi mála ríkisstj. þegar t. d. þm. stjórnarliðsins hafa ekki séð ástæðu til að mæta á þingfundum. Nægir þar að nefna afgreiðslu mála s. l. nótt í Nd. svo og þegar frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins var vísað til n. án umr. s. l. laugardag í Nd. — Í Ed. þurftu sjálfstæðismenn að hjálpa til við að koma þessu sama máli út úr deildinni s. l. föstudag.

Nú á síðustu dögum þessa þings er alþm. ætlað að afgreiða nánast umræðulaust eina umfangsmestu löggjöf sem þetta þing hefur fengið til meðferðar. Á það geta sjálfstæðismenn ekki fallist. Ákvörðun um þinglausnir 20. maí var óraunhæf, miðað við að ljúka öllum málum sem getið var á óskalista ríkisstj. frá 18. apríl. Svo virðist nú sem það tímamark hafi verið sett til þess að ríkisstj. hefði frið fyrir þinginu til þess að setja brbl. vegna vandamála sem við blasa um næstu mánaðamót og stjórnin hefur ekki ráðið við. Með hliðsjón af framansögðu er ummælum forsrh. vísað á bug.

Fleira mætti raunar segja um ýmis ummæli hæstv. forsrh. í fjölmiðlum í gær, en til þess að verða nú ekki sakaður um að tefja störf Alþingis læt ég þetta nægja, nema þá frekara tilefni gefist til aths.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er mjög athyglisvert að þingflokkur hæstv. forsrh. hefur mótmælt afstöðu hans og skoðunum, og er ekki vitað að neinn félagi í þingflokknum, sem hæstv. forsrh., hæstv. dómsmrh., hæstv. landbrh. og þeir aðrir sjálfstæðismenn eru aðilar að, hafi haft aðra skoðun á málinu.

Frsm. 2. minni hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Í sjónvarpinu í gærkvöld hélt hæstv. forsrh., Gunnar Thoroddsen, því fram, að Sjálfstfl. hefði reynt að koma í veg fyrir að þetta mál, sem hér er til umr., fengi afgreiðslu á þessu þingi, og lét einnig að því liggja, að meiri hl. þingflokksins væri á móti félagslegum aðgerðum í húsnæðismálum. Hér virðist vera um mikinn misskilning að ræða, því að Sjálfstfl. hefur einungis bent á að ef þetta mál eigi að fá afgreiðslu á þessu þingi verði Alþ. og hæstv. ríkisstj. að gefa sér nægilegan tíma til þess. Ríkisstj. hefur valið þann kost að leggja áherslu á afgreiðslu málsins á þessu þingi. Sjálfstfl. hefur gert sitt til þess að svo geti orðið.

Í fyrsta lagi féllst hann á að efna ekki til umræðna um málið við 1. umr., sem er mjög óvenjulegt þegar þingmál koma gjörbreytt og full af ágreiningsefnum úr fyrri deild.

Í öðru lagi féllst Sjálfstfl. á að nefndarstörf tækju aðeins tvo virka daga. Var við það staðið, eins og frsm. meiri hl. félmn. gat um, þrátt fyrir að Ed. hefði nánast á hverjum degi í hálfan mánuð unnið að málinu sem er afar yfirgripsmikið.

Í þriðja lagi vil ég benda á að um margra vikna skeið hafa fulltrúar stjórnarflokkanna og þeirra aðila, sem standa að ríkisstj., unnið að gagngerum breytingum á frv. án þess að gefa stjórnarandstöðunni kost á að fylgjast með því verki fyrr en því var fulllokið. Dráttur málsins er því fyrst og fremst á ábyrgð hæstv. ríkisstj., en engan veginn stjórnarandstöðunnar.

Í fjórða lagi hefur stjórnarandstaðan fallist á að framlengja þingstörf út þennan mánuð og jafnvel lengur, m. a. til að gera kleift að frv. þetta og önnur veigamikil mál fái þinglega meðferð og afgreiðslu.

Í fimmta lagi skal þess getið, að formaður félmn. Ed., hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, beitti sér sérstaklega fyrir hröðum og ákveðnum vinnubrögðum til að málið fengi eðlilega meðferð í Ed. Í atkvgr. við 2. umr. í Ed., þegar margir tugir brtt. voru til afgreiðslu, þurfti hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson að greiða atkv. gegn brtt. til þess að málið næði fram þrátt fyrir fjarveru stjórnarþm.

Af því, sem ég nú hef talið í fimm liðum, þykir mér leitt að þess misskilnings hafi gætt í máli hæstv. forsrh. að stjórnarandstaðan hafi gagngert verið að koma í veg fyrir afgreiðslu málsins. — Þess skal í ofanálag getið, að s. l. nótt varð stjórnarandstaðan að hjálpa stjórnarflokkunum við að koma málum í gegnum Nd., m. a. vegna fjarveru ráðh. sem sæti eiga í hv. deild.

Í því furðulega áróðursstríði, sem háð hefur verið vegna óákveðni hæstv. ríkisstj. um hvað hún vill gera varðandi þinghaldið, hafa nokkrir þm., þ. á m. hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, haldið því fram, að Sjálfstfl. væri í einhverju einkastríði við launþegasamtökin og vildi koma í veg fyrir eðlileg áhrif þeirra í húsnæðismálunum. Ég mun að sjálfsögðu víkja betur að þessu atriði síðar í ræðu minni, en vil þó strax í upphafi taka það skýrt fram, að við sjálfstæðismenn erum ekki á móti því að ASÍ hafi áhrif á ákvarðanir í húsnæðismálum með eðlilegum hætti. Okkur þykir hins vegar rangt að slíkt gerist með beinni stjórnaraðild, eins og nýjasta gerð frv. gerir ráð fyrir. Fleiri samtök vinnumarkaðarins, eins og BSRB og Vinnuveitendasamband Íslands, hafa einnig gert kröfu til beinnar aðildar, og auk þess hefur samband sveitarstjórna orðað slíka aðild fyrir sig. Sjálfstfl. telur að öll þessi samtök eigi að hafa áhrif á ákvarðanir, en óæskilegt sé að það gerist með beinni stjórnaraðild þeirra.

Afstaða Sjálfstfl. og reyndar fjölmargra annarra, sem kynnt hafa sér þessi mál, þ. á m. fulltrúar Framsfl. og Alþfl. í húsnæðismálastjórn, er hvorki byggð á annarlegum sjónarmiðum gagnvart verkalýðshreyfingunni né heldur skilningsleysi á gildi félagslegra úrræða þar sem þeirra er þörf. Hér er um að ræða grundvallaratriði í skipan stjórnsýslunnar og spurninguna um valdtöku Alþingis og hvenær eðlilegt sé að þingið framselji vald sitt til hagsmunasamtaka. Sjálfstfl. styður heils hugar að Alþýðusamband Íslands hafi áhrif á ákvarðanir húsnæðismálastjórnar án beinnar aðildar að stjórninni. Á hinn bóginn telur Sjálfstfl. eðlilegt og æskilegt að launþegasamtökin eigi beina aðild að stjórnum verkamannabústaðanna sem sérstaklega sinna hinum svokallaða félagslega þætti húsnæðismálanna.

Eins og fram kom í ræðu frsm. meiri hl. hv. félmn. eru ýmis vandkvæði á frv. og sumt sem getur orkað tvímælis. Það er rétt, sem kom fram í máli hv. frsm., að frv. hefur gerbreyst í meðförum Ed., þ. á m. hefur lánstími lengst, vaxtakjör lána batnað og verkefnum fjölgað. Við það hafa reikniforsendur fjármögnunarinnar breyst. Þess vegna samþykkti n. að fara þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún reiknaði út að nýju fjármagnsþörfina, og verður því verki væntanlega lokið áður en umr. um málið lýkur, eins og fram kom áðan hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, frsm. 1. minni hl. félmn.

Á þetta mikilvæga atriði legg ég áherslu í upphafi máls míns, vegna þess að skýr viðhorf ríkisstj. þurfa að liggja

fyrir gagnvart fjármögnuninni ef frv. á að verða einhvers virði fyrir þá sem líta á það sem kjarabótagildi. Ég tek undir það, sem kom fram í ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands er hæstv. félmrh. sagði frá áðan, að auðvitað er tilgangslaust að samþykkja þetta frv. ef fjármagnið fylgir ekki á eftir.

Öllum er ljós aðdragandinn að þeirri frumvarpsgerð sem við erum að ræða hér. 1970 voru lögin um húsnæðismálastjórn endurskoðuð. 1974 gaf ríkisstj. loforð vegna kjarasamninganna um endurskoðun þeirra mála og aftur 1976. Síðan hafa margar nefndir unnið ágætt starf og nú, 1980, hefur ríkisstj. enn einu sinni gefið út yfirlýsingu varðandi kjarasamninga, eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. félmn. — Ég vil enn leggja áherslu á að frv. hefur til viðbótar gjörbreyst í meðförum Ed.

Almennt má segja um þessi lög að þau séu kannske helst til of ítarleg án þess að vera nægilega nákvæm. Hefði hiklaust verið til bóta ef þau væru styttri og kjarnyrtari. Ástæðan fyrir þessu er án efa sú, að margir aðilar þurftu að koma sínum sjónarmiðum að. Það hlýtur sífellt að vera spurning, þegar Alþ. setur lög, hvaða efni eigi að vera í löggjöfinni og hver eigi að vera í reglugerð löggjöfinni til stuðnings. Mér sýnist höfundar þessa frv. ekki hafa gætt þess sem skyldi að greina í sundur þetta tvennt.

Varðandi vinnubrögð félmn. vil ég segja að fundir voru fjölmargir og þangað komu margir aðilar boðaðir af n. til að gefa skýrslu og segja frá sínum sjónarmiðum, ekki síst vegna þeirra breytinga sem orðið höfðu á frv. í meðferð Ed. Samt sem áður tókst að ljúka nefndarstörfum á þeim örstutta — óvenjulega stutta — tíma sem n. hafði, aðeins tveimur virkum dögum.

Ég vil nota tækifærið og þakka hv. formanni félmn. fyrir hvernig hann vann að þessu máli og stóð við sitt og hélt nefndarmönnum við efnið, því að eins og hér hefur verið áður bent á hefur það aldrei verið ætlun nokkurs aðila að tefja fyrir þessu máli með þeim aðferðum að stunda ekki eðlileg þingstörf, heldur hefur meginkrafan verið sú, eins og margoft hefur verið sagt, að þetta mál fengi eðlilega meðferð og þinglega hér á hv. Alþingi.

Eitt er það þó sem hugsanlega skyggir á nefndarstarfið þegar talað er um vinnubrögð í þessu sambandi. Ekki tókst, þrátt fyrir tilmæli nefndarmanna í félmn. Nd., að efna til samstarfs við nefndarmenn í félmn. Ed., sem aðallega stafaði af því, að sú n. var þá þegar búin að vinna gífurlega mikið starf og óvíst var að fullt gagn væri að slíku samstarfi.

Ég mun hér á eftir í framsöguræðu minni rekja nokkur atriði: fyrst segja frá meginstefnu Sjálfstfl., síðan fjalla um stærstu ágreiningsatriðin, nefna þá örfá atriði úr umsögnum sem komu til Ed. og það sem kom fram á fundum nefndarinnar og loks lýsa betur nál. og brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Steinþóri Gestssyni.

Meginstefna Sjálfstfl. í húsnæðismálum, eins og hún kom fram á landsfundi flokksins vorið 1979, er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Grundvallarstefna Sjálfstfl. í húsnæðismálum er að sérhverri fjölskyldu verði gert kleift að eignast og búa í eigin húsnæði. Árangur þessarar stefnu er m. a. sá, að óvíða er hlutfall eigin íbúða jafnhátt og hér á landi. Á undanförnum árum hefur hins vegar svonefndri leiguíbúðastefnu vaxið fiskur um hrygg og virðist sú stefna njóta verulegs fylgis hjá núv. stjórnarflokkum.“ — Ég skýt því inn að þar er átt við vinstri stjórnina síðustu, þótt auðvitað sjáist ekki munur á stefnu hennar og stefnu núv. ríkisstj. Og held ég nú áfram lestrinum. — „Landsfundurinn telur nauðsynlegt að sporna gegn þessari stefnu, en að það verði best gert með því að Sjálfstfl. leggi sjálfur fram frv. til laga um húsnæðismál í samræmi við stefnu flokksins. Þess vegna felur landsfundurinn miðstjórn flokksins að skipa hið allra fyrsta nefnd til að semja slíkt frv., sem lagt verði fyrir Alþ., og verði þar lögð sérstök áhersla á eftirtalin atriði.“

Það skal tekið fram sem innskot, að Sjálfstfl. vann að þessum málum. Ég þekki til þess, að sum atriði og þau sem kannske eru mest til bóta í þessu frv. eru m. a. komin frá þeim mönnum sem sjálfstæðismenn fengu til liðs við sig til að koma fram með sjónarmið í húsnæðismálum. — Áfram heldur lesturinn og tek ég þá til við eftirfarandi áhersluatriði:

„1. Tekin verði upp stofnlán, þannig að fyrsta íbúð í eigu fjölskyldu fái lán allt að 80% byggingarkostnaðar. Þetta grundvallarsjónarmið verði einnig látið ná til kaupa á eldri íbúðum og einnig verði lán til viðhalds og endurhæfingar á eldri íbúðum aukin og látin ná til fleiri aðila.

2. Hlutverk Húsnæðismálastofnunar ríkisins verði endurmetið í samræmi við grundvallarsjónarmið Sjálfstfl. Tæknideild stofnunarinnar verði lögð niður, en þó haldi stofnunin áfram eftirlits- og leiðbeiningarhlutverki.

3. Komið verði á samvinnu milli Húsnæðismálastofnunar ríkisins annars vegar og banka og sparisjóða hins vegar um að þessir aðilar taki að sér viðskiptahlutverk stofnunarinnar og greiði út lán til viðskiptamanna sinna í samræmi við byggingarhraða.

4. Tryggja þarf nægilegt og samfellt framboð á hentugum byggingarlóðum og gera byggingariðnaðinum kleift að þróast í það að verða framleiðsluiðnaður.

5. Bygging hagkvæmra íbúða hvað snertir verð og gæði verður best tryggt með samkeppni byggingaraðila. Forsenda framfara í byggingariðnaði er öflug rannsóknarstarfsemi og ber því að leggja áherslu á eflingu hennar.“

Hér lýkur tilvitnun í meginstefnu Sjálfstfl., eins og hún birtist á landsfundi flokksins fyrir um það bil einu ári. Af þessum upplestri sést hvað hefur verið tekið til greina í núv. frv. og á hvað vantar til þess að sjónarmið sjálfstæðismanna nái fram að ganga.

Megniáherslan hvílir á því í fyrsta lagi að sem flestir séu íbúðareigendur. Við teljum það vera þjóðhagslegt, það dreifir eignum, dreifir fjármunum og valdi, og það er ljóst að eigendur íbúða fara betur með sína eign en leigjendur sem leigja hjá opinberum aðilum eða hálfopinberum aðilum, eins og reynslan sannar erlendis.

Í öðru lagi viljum við sjálfstæðismenn reyna að koma sem mest í veg fyrir að hér verði í gangi tvöfalt kerfi, þannig að það leiði til húsnæðislegrar stéttaskiptingar í landinu. Við teljum að almennt markaðsverð eigi að ráða í húsakaupum og kostnaði. Við viljum því gera almenna byggingarsjóðinn sterkan þannig að hann geti lánað mikið til langs tíma á viðunandi kjörum. Hins vegar viljum við halda félagslega þættinum í ákveðnu lágmarki, en þannig þó að hann verði nægilega sterkur til að gera fullt gagn fyrir þá sem þurfa á slíkum styrk að halda.

Þá teljum við að Húsnæðismálastofnunin sé fyrst og fremst lánastofnun og ráðlegginga og leiðbeininga, en ekki hönnunar- og teiknistofnun. Mér er að vísu ljóst að

frv. hefur tekið þeim breytingum, að tæknideildinni er ekki ætlað nákvæmlega sama hlutverk og á vissum stigum málsins var farið fram á. En við viljum, að öll hönnunarstarfsemi fari út, og bendum á að í dag eru fyrir hendi hjá ýmsum aðilum týputeikningar, sem almenningur getur fengið á jafnhagstæðu verði og hjá Húsnæðismálastofnun, og þær eru ekki síðri að gerð og gæðum. Við teljum að Húsnæðismálastofnunin ætti frekar að örva slíka starfsemi, m. a. með samkeppni, eins og gert er ráð fyrir í lögunum. Hönnun Húsnæðismálastofnunar hefur hindrað og hindrar enn í dag eðlilega þróun í tækniþjónustu úti á landsbyggðinni. Við teljum að það sé enn fremur ákaflega óeðlilegt að sami aðilinn vinni þetta hönnunarstarf og hafi með eftirlit að gera hjá sjálfum sér.

Þegar litið er á það frv. sem hér er til umr. er alveg ljóst að fjölmörg atriði í því eru til bóta. Þau atriði hafa reyndar verið talin upp af ýmsum aðilum, þ. á m. ráðh. og frsm. meiri hl., og ég sé enga ástæðu til annars en að taka undir að margt í þessu frv. er til stórbóta. Sérstaklega eru það þó tvö atriði sem ég vil nefna: annars vegar að unnið hefur verið að sameiningu á löggjöf um húsnæðismál, þannig að nú liggur hún fyrir í einu lagi, og hins vegar hafa orðið breytingar á vaxtakjörum sjóðsins, sem ég tel vera spor í rétta átt. En fjölmörg atriði teljum við sjálfstæðismenn að betur mættu fara. Ég ætla að rekja í örfáum atriðum þau sem við teljum vera stærst í því sambandi.

Í fyrsta lagi, og það hefur raunar komið fram hjá öllum frsm., teljum við að fjármögnun sjóðsins hvíli á afar veikum grunni. Við teljum alveg tilgangslaust að tala um 80% lán og ný verkefni ef ekki kemur til afar mikil fjárfesting til viðbótar því sem sjóðurinn hefur haft hingað til.

Þá bendum við á að breytingarnar í Ed. hafa kollvarpað fyrri hugmyndum um framkvæmdamátt sjóðsins á næstu árum. Það er þess vegna sem félmn. bað um nýjar upplýsingar hjá Þjóðhagsstofnun. Þær eru væntanlegar í næstu viku, eins og ég hef sagt áður.

Sem dæmi um, hvaða áhrif slíkar breytingar hafa, vil ég vísa til greinar sem birtist í Morgunblaðinu í dag og sýnir þetta mál eins og það horfir við kaupendum íbúðanna. Þessi grein er eftir Ólaf Jensson. Hann segir þar m. a., með leyfi forseta:

„Eftirfarandi tvö dæmi um greiðsluskilyrði af húsnæðismálastjórnarlánum eru miðuð við þessar forsendur:

1. 80% lán af byggingarkostnaði tveggja íbúða, sem kosta annars vegar 20 millj. og hins vegar 15 millj. kr.
2. Reiknað er með að á fyrsta ári greiðist ekki afborgun.
3. Lánin eru fullverðtryggð og aðeins 2.25% ársvextir.
4. Miðað við verðlag 1979."

Hér lýkur lestrinum og ég rek annað efnislega: Sé lánstíminn 21 ár verður ársgreiðslan rúm milljón. Sé hins vegar lánstíminn 36 ár er ársgreiðslan 665 400. Þetta er um íbúð sem kostar 20 millj. og lán sem yrði 16 millj. Af þessu sést hve gífurlegur munur það er fyrir þann sem kaupir ef lánstíminn lengist, og það er það sem gerðist í Ed. Þess vegna viljum við fá frekari útreikninga, eins og hv. frsm. 1. minni hl. benti rækilega á í máli sínu.

Stóra spurningin í þessu máli, sú spurning sem ríkisstj. verður að svara áður en þing fer heim, er þessi: Hvað ætlar ríkisstj. að útvega mikið fjármagn og hvernig? Við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á það líka, að það verði gert með föstum tekjustofni, og höfum lagt til að launaskatturinn, sá skattur sem var búinn til til þess að hann gæti runnið til húsnæðismála, verði nýttur sem fastur tekjustofn til þeirra mála. Til að nefna einhverjar upphæðir má geta þess, að gert var ráð fyrir því, áður en frv. breyttist, að það vantaði 10 milljarða kr. á verðlagi 1978. Eitt prósentustig launaskatts má gera ráð fyrir að skili a. m. k. 5 milljörðum kr. Ég nefni því hér upphæðir sem skipta máli.

Í raun og veru ætti ég ekki að rifja upp sáttmála ríkisstj., það stæði öðrum nær, en í þeim sáttmála kemur fram að á árunum 1980—1981, þ. e. nú í ár og á næsta ári, ætli ríkisstj. að tryggja 5—7 milljarða sem eigi að renna m. a. til byggingar verkamannabústaða og íbúða á vegum sveitarfélaga og byggingarsamvinnufélaga. Ég hef ekki séð neina fjármuni koma á móts við þetta á yfirstandandi ári. Það má vera að hægt sé að túlka þessa yfirlýsingu í stjórnarsáttmálanum þannig, að það eigi að gerast á næsta ári. Um það verða að koma skýrari yfirlýsingar en hingað til hafa fengist frá hæstv. ríkisstj.

Annað atriði, sem sjálfstæðismenn leggja áherslu á að þurfi að breytast, er stjórn sjóðsins. Með breytingu, sem gerð var í hv. Ed., gera lögin nú ráð fyrir að Alþýðusamband Íslands eigi rétt til tilnefningar tveggja manna í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þetta er samkv. kröfu Alþýðusambands Íslands og stutt rökum, sem koma fram í umsögn Alþýðusambandsins, svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Frv. gerir ráð fyrir, að báðir byggingarsjóðirnir séu undir einni stjórn, húsnæðismálastjórn, og mæla augljóslega ýmis rök með þeirri tilhögun þótt fleiri leiðir komi þar vafalaust til álita. Alþýðusambandið getur þó engan veginn fallist á þá tilhögun, að húsnæðismálastjórn verði eingöngu skipuð þingkjörnum fulltrúum stjórnmálaflokka, og hlýtur sem fyrr að gera þá eindregnu kröfu, að Alþýðusamband Íslands verði með beinni aðild að stjórn veðlánakerfisins gert kleift að hafa áhrif á framkvæmd mála, sérstaklega að því er félagslega þátt íbúðalánakerfisins varðar." — Ég endurtek: „sérstaklega að því er félagslega þátt íbúðalánakerfisins varðar. Þessi krafa er studd þeim almennu og augljósu rökum, að húsnæðismálin eru og hljóta að verða snar þáttur í kjaramálum launafólks og skiptir því framkvæmd þeirra miklu máli fyrir afkomu launþega ekki síður en kjaramálin í þrengri merkingu. Þetta sjónarmið hefur reyndar verið viðurkennt af stjórnvöldum í sambandi við gerð kjarasamninga á undanförnum árum.

Í þessu sambandi skal tekið fram, að Alþýðusambandið telur þá tilhögun samráðs, sem gert er ráð fyrir í 36. gr. frv., eins og það var í upphafi, alls ófullnægjandi og raunar ekki í neinu samræmi við stefnumótun fyrrv. ríkisstj., sem birt er sem fskj. með frv. á bls. 45 undir rómverskum II.

Með hliðsjón af framansögðu gerir ASÍ að tillögu sinni að 1. mgr. 3. gr. frv. verði breytt þannig:

Stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa sjö menn, fimm kosnir hlutbundinni kosningu af Sþ. að afstöðnum alþingiskosningum og tveir skipaðir af félmrh. eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Varamenn skulu kjörnir og skipaðir á sama hátt."

Eins og menn muna var gert ráð fyrir nokkurs konar samráði eða samráðsaðild Alþýðusambandsins í upphaflegu lagafrv. Í umsögn Alþýðusambandsins er vísað

til fskj. og það byggir sjónarmið sín á yfirlýsingu sem þar kemur fram. Ég ætla að lesa þessa yfirlýsingu. Hún er dags. 6. sept. 1979, undirrituð af Guðmundi Vigfússyni, Þráni Valdimarssyni og Georg H. Tryggvasyni. Þar segir um þetta atriði:

„Byggingarsjóðirnir verði sjálfstæðir, en með aðild að þessu heildstæða lánakerfi undir sameiginlegri stjórn. Af ýmsum ástæðum þykja rök standa til þess að fulltrúum ASÍ og BSRB sé gefinn kostur á að fylgjast með og hafa áhrif á ákvarðanatökur innan félagslega veðlánakerfisins."

Þetta get ég ekki fengið til að ganga upp. Mér sýnist að tilvitnunin, sem getið er, í umsögn Alþýðusambands Íslands sé á einhverjum misskilningi byggð. Eftir sem áður skal ég viðurkenna að viss rök hníga til málstaðar þeirra. En það, sem skiptir mestu máli, er að það er ekkert sem bendir í þessu til þess, að um loforð stjórnvalda hafi nokkurn tíma verið að ræða um beina stjórnaraðild að Húsnæðisstofnun ríkisins. Þvert á móti tel ég að óeðlilegt sé að ein samtök, þótt merk og stór séu, njóti þeirra fríðinda eða forréttinda að tilnefna beint í stjórn sem er þingkjörin að öðru leyti.

Sem rök í því máli vil ég nefna að slík tilnefning getur leitt til þess, að um breytingu verði að ræða á pólitískum hlutföllum í slíkri sjóðsstjórn, og skiptir þá engu máli hvort þeir menn, sem tilnefndir eru af stjórn slíkra samtaka, eru úr sama flokki eða ekki, því að þannig getur verið að þeir séu t. d. báðir úr stjórnarandstöðu á þeim tíma og myndi þannig meiri hl. með minni hl. alþm. og nái þannig fram sínum áhugamálum, sem er tiltölulega auðveldara í því kerfi, sem verið er að setja upp, heldur en áður þar sem stjórnin hefur meiri völd en þá var. Mér finnst óeðlilegt að Alþ. framselji þannig vald sitt. Spyrja má: Af hverju ættu þá ekki aðrir að eiga aðild að húsnæðismálastjórninni með sömu rökum, t. d. Vinnuveitendasamband Íslands, sem er samningsaðili? Þetta hefur mikla þýðingu fyrir Vinnuveitendasambandið þar sem húsnæðismál eru venjulega hluti af kjarasamningum á hverjum tíma. Það er ljóst að Alþýðusambandið samdi við vinnuveitendur um þann skatt sem til skamms tíma hefur verið fastur tekjustofn húsnæðismála. Það er ekki óeðlilegt að annar viðsemjandinn vilji hafa áhrif fyrst hinn fær þau. — Í öðru lagi má nefna samtök byggingaraðila og í þriðja lagi sveitarstjórnir, sem vissulega hafa verulegra hagsmuna að gæta.

Þá má og geta þess, að um það eru skiptar skoðanir hvernig veljist í miðstjórn Alþýðusambands Íslands og að hve miklu leyti það val spegli raunverulegan vilja þessarar stóru og voldugu hreyfingar.

Á þskj. 255, sem er 137. mál þingsins, fluttu nokkrir sjálfstæðismenn undir forustu Péturs Sigurðssonar till. til breytinga á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem gert er ráð fyrir að stærstu stéttarfélögin, sem hafi félaga yfir 300, verði að láta fara fram hlutfallskosningar innan félaganna. Þetta er auðvitað stutt þeim rökum, að þessi lýðræðishefð er í þjóðfélaginu og í langflestum félögum viðhöfð.

Gagnrýni hefur komið á þetta þess efnis, að hér sé löggjafarþingið að skipta sér af innri málefnum Alþýðusambands Íslands. Ég spyr á móti: Ef Alþýðusamband Íslands á að njóta forréttinda, t. d. að geta tilnefnt í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, kemur þá ekki hv. Alþ. við hvernig miðstjórn þessa sambands er valin?

Því miður hefur þetta mál strandað hjá hv. félmn. vegna þess að það var sent til umsagnar með þeim hætti að ekki er hægt að gera ráð fyrir að umsagnir berist fyrir þinglok. En það er merkilegt, að í umræðum á nefndarfundi kom í ljós að gera má ráð fyrir að þessi till. hafi yfirgnæfandi meirihlutafylgi hér á hv. Alþingi. Til þess að nefna stuðningsmenn þessarar till. vil ég geta þess, að hæstv. forsrh. flutti till. nákvæmlega sama efnis á næstliðnu Alþingi Íslendinga, en þá náði till. ekki fram að ganga.

Ég skal viðurkenna að verði gerðar breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur með þessum hætti horfa málin að sjálfsögðu að nokkru leyti öðruvísi við en nú. Menn verða að átta sig á því, að Alþýðusambandið og verkalýðsfélögin njóta forréttinda í íslensku þjóðfélagi. Það er nánast — ég sagði nánast — skilyrði að vera í stéttarfélagi, þannig að menn eru nánast jafnbundnir því að ganga í stéttarfélag og þeir eru fæddir inn í þjóðfélagið. Þess vegna hljótum við að gera sömu lýðræðiskröfur til þessara stéttarfélaga og við gerum í þjóðfélaginu í heild. Allt öðru máli gegnir um félög sem menn ganga í af fúsum og frjálsum vilja. Þetta vil ég hreinskilnislega láta koma hér fram sem mín viðhorf í þessu máli.

Annar stjórnunarþáttur í frv. er um stjórn verkamannabústaðanna. Þar er verkalýðsfélögum tryggð aðild með þeim hætti að nánast er allt vald tekið af sveitarfélögunum. Við sjálfstæðismenn flytjum brtt. um þetta og teljum að meira forræði eigi að vera hjá sveitarfélögunum, en viðurkennum að sjálfsögðu að þarna er eðlilegt að um aðild verkalýðsfélaga sé að ræða, þótt við bendum á að undir vissum kringumstæðum hlýtur það að koma einkennilega út þegar BSRB á að skipa í litlum hreppum úti á landi sinn fulltrúa, sem hlýtur þá annaðhvort að verða prestur eða læknir, en þeir eru jafngildir. — Ég nefni þetta í gamni.

Þriðja gagnrýnisatriðið, sem ég vil nefna varðandi frv., er að því skuli vera slegið föstu að þriðjungurinn af fjármagninu eigi að ganga til félagslegra byggingarframkvæmda. Mér er ljóst að hér er gamalt loforð á ferðinni og auðvitað verður að *taka tillit til* þess. *En hvað er* félagslegt í þessu sambandi? Hvernig ber að skilja þetta hugtak sem er svo vinsælt um þessar mundir? Eru ekki öll húsnæðismál félagslegs eðlis? Má ekki segja að allt fjárframlag til húsnæðismála sé félagsmál og allar byggingarframkvæmdir, sem fara í gegnum húsnæðismálastjórn, séu félagslegs eðlis? Ég hef velt þessari spurningu fyrir mér og mér þætti athyglisvert ef hæstv. félmrh. gæti orðið mér að liði. Ég hefði frekar getað hugsað mér að þegar talað er um félagsleg viðhorf í þessu sambandi sé verið að hugsa um þá sem í raun og veru hafa ekki bolmagn til þess að eignast húsnæði að neinum leiðum öðrum en þeim að njóta sérstakra fríðinda til þess. Ég held að þeir séu færri en þarna er gert ráð fyrir. Ég vil að það sé gert mjög vel við það fólk. Ég tel hins vegar sjálfsagt að almenni sjóðurinn, eins og ég hef sagt áður, verði stækkaður og öllu venjulegu launafólki verði gert kleift að eignast eigið húsnæði með því að fá lán úr hinum almenna sjóði.

Næsta atriði, sem ég vil nefna, er tæknideildin, sem ég hef örlítið gert að umtalsefni áður. Ég nefndi þá, að við vildum hönnunarþáttinn út úr frv. og við teldum að tæknideildin væri í óeðlilegri samkeppni við einkareksturinn. Ég bendi á að fyrir liggur skýrsla um Húsnæðismálastofnun ríkisins og úttekt á starfi tækni-

deildarinnar. Eftir lestur hennar er augljóst að það er útilokað að einangra vissa kostnaðarþætti í tæknideildinni. Þess vegna er alltaf viss hætta á því, að teikningar, sem tæknideildin lætur gera, séu ekki á eðlilegu verði. Ástæðan er einfaldlega sú, að mikið af ráðgjafarþjónustunni fer fram í gegnum síma og það er ómögulegt að skipta upp kostnaði tæknideildarinnar í þá þætti, sem gert er ráð fyrir, og engin leið að hafa eftirlit með slíku.

Loks vil ég nefna gildistökuna. Ég tel að það sé óþarfi að gildistakan eigi sér stað fyrr en um næstu áramót, enda ekki séð að nokkrir fjármunir komi í sjóðinn fyrr en um áramót.

Ég skal ekki fjölyrða mjög um önnur ágreiningsefni, en tek nokkur sem dæmi.

Í fyrsta lagi tel ég að ákvæði um markmið laganna, eins og því er lýst í frv., sé óþarfi og nánast sýndarmennska.

Í öðru lagi sýnist mér heldur óklárt um svokallað lántökugjald. Þar hefur fallið niður sem tekjustofn 1%, eins og það var í gömlu lögunum, en samt er gert ráð fyrir að einhvers konar lántökugjald sé tekið upp hjá þeim stofnunum sem annast afgreiðslu fyrir Húsnæðisstofnun og sé það þá samningsatriði hverju sinni. Þetta atriði finnst mér ekki hafa komið nægilega skýrt fram og vil þess vegna biðja hæstv. félmrh. um að skýra það atriði í einstökum framkvæmdaratriðum. Ég endurtek: Það var um lántökugjaldið.

Í þriðja lagi vil ég benda á réttinn til kaupa, eins og honum er lýst í 45. gr. Hann er heldur óeðlilegur, að mínu viti, enda eru ýmsar breytingar sem gætu komið þar inn.

Í fjórða lagi mætti taka ákveðnar á skylduspamaðarkaflanum. Skal ég þó fyrstur manna viðurkenna að þarna er um framfaraspor að ræða, en það þarf að koma skýrar fram hvernig framkvæmdin á að vera og hverjir falla undir þetta kerfi.

Þá tel ég að deildaskiptingin sé óþörf og leiði einungis til þess að smíðað sé bákn í þessari stofnun sem á að geta verið tiltölulega einföld að gerð.

Nafnbreytingin er ekki stórmál, en til lýta.

Það hefði verið æskilegt að geta fjallað hér um nokkur þau atriði sem komu fram í umsögnum og viðtölum fjölmargra aðila sem n. talaði við. Þar komu fram fjölmargar athugasemdir. Vegna þess að ég veit að fleiri vilja komast að á þessum fundi mun ég aðeins stikla á langstærstu athugasemdunum, en nefna þær sem mér finnst að þyrfti að taka tillit til.

Stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík gagnrýndi mjög þann þátt sem snýr að verkamannabústöðunum. Ég vil ekki vera að þreyta hv. þdm. með upplestri úr umsögn þeirra, en snúa mér að umsögn frá húsnæðismálastjórninni.

Það kom fram í viðtali við stjórnina, þegar hún kom á fund n., að hún leggur mikla áherslu á að Byggingarsjóðurinn hafi fasta tekjustofna. Þá kemur það glöggt fram í umsögn húsnæðismálastjórnar um beina aðild Alþýðusambandsins, að hún er andvíg slíkri aðild, en klofnaði í sex gegn einum. Það var aðeins fulltrúi Alþb. sem var fylgjandi þeirri hugmynd.

Í aths. einstakra manna koma fram merkileg viðhorf og vil ég sérstaklega nefna fulltrúa veðdeildarkerfisins. Þar vil ég enn ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðh. um hvernig hann hugsar sér framkvæmd á þeim málum. Guðmundur Gunnarsson, sem kom á fund n., lagði á það áherslu að gera þyrfti könnun á því, hvaðan fjármagn kæmi til íbúðabygginga í dag og hvar fjármagn losnaði ef um breytt kerfi verður að ræða og fjármagns aflað eins og gert er ráð fyrir í hugmyndum ríkisstj. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. hvort unnið sé að slíkum athugunum eða hvort það sé á áætlun félmrh.

Í umsögn Vinnuveitendasambandsins koma fram nokkur meginatriði sem ég tel ástæðu til að lesa, enda er þar um stuttan lestur að ræða.

Fyrst vil ég þó geta þess, að fulltrúi vinnuveitenda, sem kom á fund n., Þorsteinn Pálsson, taldi að ef Alþýðusambandið ætti að fá beina aðild að húsnæðismálastjórn teldi Vinnuveitendasambandið og stjórn þess augljóst mál að Vinnuveitendasambandið mundi krefjast hins sama þar sem húsnæðismálin eru svo mikilvægt tæki í kjarasamningum sem raun ber vitni. Í umsögn Vinnuveitendasambandsins segir orðrétt, með leyfi forseta:

„VSÍ telur frv. í heild til bóta miðað við gildandi lög. Þó eru í frv. ýmis efnisatriði sem betur mættu fara. Vill VSÍ í því sambandi einkum nefna eftirfarandi:

Að mati VSÍ er síður en svo til bóta að deildaskipta stofnunni, svo sem gert er ráð fyrir í frv. Húsnæðismálastofnun er í samræmi við verksvið sitt ein heild, þótt ákveðin innbyrðis starfsskipting sé að sjálfsögðu nauðsynleg.

Engin ástæða er til að Húsnæðismálastofnunin reki teiknistofu í samkeppni við hönnuði á almennum markaði.

Þótt hér sé ekki gengið nógu langt að því marki að koma lánshlutfalli í 80% sem fyrst er engan veginn tryggt að fjármagn sé fyrir hendi í þessa hægfara aukningu.

Ekki á að binda afgreiðslur við aðeins eina lánastofnun.

Ef launþegasamtök eiga að geta komið fram sjónarmiðum sínum með aðstoð samstarfsnefndar og framkvæmdastjórnar verkamannabústaða er eðlilegt að samtök atvinnurekenda fái aðild að þeim stofnunum.

Lánstíminn í frv. er almennt of stuttur miðað við að frv. gerir ráð fyrir að öll lán verði að fullu vísitölutryggð."

Síðan gerði Vinnuveitendasambandið aths. við fjölmargar greinar frv., sem ég hirði ekki að lesa.

Samband sveitarstjórna lagði fyrst og fremst áherslu á að forræði sveitarstjórna héldi áfram og það væri ekki tekið af þeim með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv., eins og það breyttist í Ed.

Verktakasambandið kom á fund. Þeir lögðu áherslu á að tæknideildin yrði lögð niður, en Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gæti unnið að þeim málum sem ætluð væru tæknideildinni. Þá töldu þeir of lítið hugsað um verktakaiðnaðinn, sem er ákaflega veikur, m. a. vegna þess, hvernig að opinberum framkvæmdum er staðið hér á landi, en stærstu ríkisfyrirtækin, sem standa að opinberum framkvæmdum, haga málum sínum þannig, að milli 80 og 90% af framkvæmdamagninu er unnið á vegum þeirra fyrirtækja beint, en aðeins lítill hluti af verktökum. Sé síðan um einhvern samdrátt að ræða leiðir hann til þess að verktakarnir hafa ekkert að gera, en hinir, þ. e. opinberu aðilarnir, hafa sitt á þurru. Þetta hlutfall þarf að snúast við ef hér í landinu á að vaxa upp verktakaiðnaður sem skili sér að einhverju gagni og skili bættum lífskjörum.

Þá benda þeir á það hjá Verkatakasambandinu, að hugsanlegt sé að þeir ættu að fá aðild að lánakerfinu, þó

ekki væri nema vegna þeirrar þekkingar sem þeir hafa á byggingum.

Það var athyglisvert, sem kom fram hjá þeim sem mætti á nefndarfund frá Verktakasambandinu, að þegar hann benti á, hvílík goðsögn það væri að félagslegar byggingar væru eitthvað ódýrari en aðrar byggingar, afhenti hann nefndinni blað, Víkurblaðið, sem gefið er út á Húsavík, frá föstudeginum 28. mars 1980, þar sem Húsavíkurkaupstaður er að auglýsa íbúðir til sölu í fjölbýlishúsum. Þar kemur í ljós að tveggja herbergja íbúðir eiga að kosta 25.5 millj. á verðinu frá 1. mars og þriggja herbergja íbúðir 32.8 millj. Ég staðhæfi að þetta verð, sem þarna er nefnt, er ekki undir — og kannske yfir — almennu markaðsverði. Þetta nefni ég sérstaklega vegna þess að stundum er því haldið á loft að markaðsverð í dag sé óraunverulegt miðað við byggingarkostnað. Ég get fallist á að markaðsverð á fasteignum sé hátt, en það er fyrst og fremst hátt vegna þess að rangt hefur verið staðið að húsnæðismálum og húsbyggingarmálum hér á landi.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á næstu umsögn, sem er frá Meistarasambandi byggingarmanna, vegna þess að sá, sem undir hana ritar, er sá maður sem tilnefndur var af þeim sjálfstæðismönnum sem studdu ríkisstj. til að vinna að endanlegri endurskoðun frv. Á þetta legg ég sérstaka áherslu til að sýna hvað það var, sem hann lagði áherslu á, og hvaða atriði það eru, sem þeir aðilar í Sjálfstfl., sem styðja ríkisstj., kostuðu kapps um að fá inn í endurskoðunina. Í fyrsta lagi bendir Gunnar S. Björnsson á, að það sé ekki til bóta að skipta stofnuninni í þrjár deildir. Í öðru lagi, að ekki sé rétt að leggja áherslu á sjálfstæða teiknistofu. Í þriðja lagi, að ekki sé gengið nógu langt í því að koma lánahlutfalli upp í 80% og ekki sé heldur nægilega vel séð fyrir fjármögnun kerfisins. Í fjórða lagi, að ekki eigi að binda afgreiðslu við eina lánastofnun. Í fimmta lagi, að lánstími, eins og hann kemur fram í upprunalega frv., sé allt of stuttur og þurfi að lengjast um minnst 10 ár. Og í sjötta lagi, að það sé eðlilegt að sveitarfélög og atvinnurekendur eigi í stjórninni fulltrúa á svipaðan hátt og launþegar. Þetta eru sex atriði sem hann leggur áherslu á. Eitt atriðið er í frv., eins og það lítur út núna, og er það að sjálfsögðu til bóta.

Að lokum vil ég nefna í sambandi við það sem fram kom í umsögnum, að BSRB lagði sérstaka áherslu á að lán yrðu jafnhá til kaupa á eldra íbúðarhúsnæði og til nýbygginga.

Ég þarf ekki að fjölyrða um það nál. sem liggur fyrir á þskj. 609. Ég bendi þó sérstaklega á 3. mgr., þar sem segir frá ósk n. um frekari útreikninga frá Þjóðhagsstofnun. Báðir frsm., bæði frsm. meiri hl. og eins frsm. 1. minni hl., skýrðu rækilega frá því máli og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem þar kom fram, en hv. frsm. voru báðir sammála um að fjármögnunin væri veikasti hlekkurinn í þessu öllu saman og eftir breytingarnar, sem gerðar voru í Ed., sé um það að ræða að mikill munur sé á fjármagnsþörfinni frá því sem nú er. Þess vegna er beðið eftir nýjum útreikningum með óþreyju.

Á þskj. 610 gerum við hv. þm. Steinþór Gestsson nokkrar till. til breytinga á frv. Flestar þessar brtt. eru þær sömu og komu fram í hv. Ed. Við höfum þó ekki lagt fram brtt. um smærri framkvæmdaratriði, heldur reynt að taka þau atriði sem máli skipta. Mun ég nú gera örstutta grein fyrir þeim tillögum.

1. brtt. er um það, að í 1. gr. frv. komi orðið „fólks" í staðinn fyrir „launafólks." Við sjáum ekki ástæðu til þess að það sé sérstaklega tekið fram í markmiði laganna, að fjármunum sé sérstaklega varið til að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði. Við teljum að slíkt hljóti að vera réttur allra, jafnt smáatvinnurekenda, atvinnurekenda og annarra sem kjósa að kalla sig annað en launafólk, og teljum að það sé óþarfi að orða greinina með þessum hætti.

2. brtt. er við 3. gr., en hún er um deildaskiptinguna. Við leggjum til að sú grein styttist í það, að húsnæðismálastjórn ákveði á hverjum tíma deildaskiptingu stofnunarinnar í stað þess að það sé lögbundið.

3. brtt. gerir ráð fyrir breytingum á stjórnunarþættinum sem ég hef áður í máli mínu gert rækilega grein fyrir.

4. brtt. er við 5. gr., um hlutverk stofnunarinnar. Við leggjum til að hún orðist eins og segir í 4. till. okkar og teljum það óþarfa sem kemur fram í nokkrum töluliðum í 5. gr. eins og hún er nú.

Þá er 5. brtt. Hún er við 9. gr. Þar er fyrst og fremst um það að ræða að 3.5% launaskattur verði fastur tekjustofn Byggingarsjóðs ríkisins.

6. brtt. er við 14. gr. og er um lánstímann. Við leggjum til að hann verði 30 ár.

Í 7. brtt. er gerð till. um breytingu á 37. gr. Þar vil ég biðja hv. þm. um að gera smáleiðréttingu. Það stendur í þskj. undir c-lið: „Með framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags sem skal nema 30%." Hér er um prentvillu að ræða. Þetta á að vera 20%. Mun ég láta prenta þskj. upp.

Og loks um d-liðinn. Hann er styttur og aðeins nefnt „með lántöku." Er það breyting á orðalagi.

8. brtt. skýrir sig sjálf og hefur verið margrædd og ég hef áður gert grein fyrir henni. Þar er líka um að ræða villu. Stendur nú, með leyfi forseta, í brtt.: „Í þeim sveitarfélögum sem vilja," en á að vera: Í þeim sveitarfélögum sem ákveða að bæta úr o. s. frv.

Í 9. brtt. er gert ráð fyrir að koma í veg fyrir að um sé að ræða beina skyldu í sambandi við verkamannabústaði og félagslega þáttinn og er liður í því að auka forræði sveitarfélaganna.

10. brtt. er grundvölluð á því, að þar sé um að ræða reglugerðaratriði sem ekki sé hægt að festa hendur á í lögum til langs tíma, enda má gera ráð fyrir að um tíðar lagabreytingar verði að ræða ef svo nákvæmlega á að tilfæra þessi atriði í lögum.

11. brtt. skýrir sig sjálf.

12. og 13. brtt. byggjum við á því, að þau atriði, sem þar er fjallað um, eigi betur heima í reglugerð.

Sú 14. er í þeim anda sem ég hef áður lýst um forræði sveitarfélaga, þar sem gert er ráð fyrir að sveitarstjórn ráðstafi þeim leiguíbúðum sem reistar eru á hennar vegum, en ekki, eins og er nú í lagafrv., að stjórn verkamannabústaða eigi að hafa fullt forræði á því verkefni.

Loks er breyting við 69. gr., sem fjallar um tæknideildina, og hún sett í það horf sem við teljum vera viðunandi, því að við höfum lagt á það áherslu í málflutningi okkar að engin ástæða sé til að efna til gífurlegrar deildaskiptingar Húsnæðisstofnunar. Byggist brtt. á því, að um slíka skiptingu sé að ræða, en dregið úr því sem við köllum hönnunarþætti tæknideildarinnar.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan mun ég ekki gerast margorður um atriði sem koma fram í nál. annarra hluta félmn. Einn þáttur er þó sammerktur öllum þeim nál. sem hér hafa verið til umr. Það varðar fjármögnunina. Það er augljóst að á hana hefur n. lagt mesta áherslu. Það

er enn fremur hverjum deginum ljósara, að hæstv. ríkisstj. verður að gefa betri og klárari svör en hún hefur hingað til gefið um þennan þátt. Telji hún sig geta áttað sig á hvað hann er mikilvægur verður þingið að hinkra eftir nýjum útreikningum. Þeir útreikningar munu koma snemma í næstu viku, þannig að nægur tími gefst í næstu viku eða á næstu vikum til að fjalla um þau atriði, enda liggur ekki á því að frv. sé afgreitt fyrr en í næstu eða þar næstu viku því að ekki er gert ráð fyrir að gildistaka sé fyrr en 1. júlí.

Ég vona að í ræðu minni hafi mér tekist að koma til skila þeim sjónarmiðum sem Sjálfstfl. hefur lagt sérstaka áherslu á. Mér er ljóst að ég hef orðið að stikla á stærstu atriðunum, en hugsanlega gefst mér tækifæri seinna í umr. til að gera ítarlegri grein fyrir sjónarmiðum okkar.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Þó að mér væri ekki hlátur í huga s. l. nótt gat ég ekki annað en brosað þegar hv. 1. þm. Vesturl., frsm. meiri hl. félmn. þessarar hv. d., sagði að hér væri um þýðingarmikla löggjöf að ræða sem um árabil hefur verið í endurskoðun og mótun hjá mörgum nefndum skipuðum færustu mönnum á þessu sviði, eins og hann orðaði það.

Það er rétt hjá hv. þm., að löggjöfin er mjög þýðingarmikil, líklega þýðingarmesta félagsmálalöggjöf hér á landi um langt árabil. Aftur á móti er það rangt hjá hv. þm. að unnið hafi verið að þessu máli um árabil hjá mörgum nefndum.

Um almenna þáttinn, þ. e. allt annað en verkamannabústaði og leiguíbúðir sveitarfélaga, er það að segja, að alls ekkert nýtilegt hafði verið gert á því sviði þegar ég tók við embætti félmrh., og segi ég þetta líka í tilefni af orðum hv. 9. þm. Reykv. Hins vegar hafði nefnd undir forustu Gunnars Helgasonar unnið að félagsmálaþættinum, þ. e. um verkamannabústaði og leiguíbúðir sveitarfélaga. Sú nefnd klofnaði og skilaði áliti í tvennu lagi. Engar kostnaðaráætlanir hafði hún látið gera eða athuganir á fjármögnunarhlið málsins, hvorki í nútíð né framtíð, en allmargar hugmyndir frá báðum hlutum þessarar nefndar voru notaðar við gerð þess frv. sem ég lagði fram hér í hv. Ed. í des. s. l.

Hitt er hárrétt hjá hv. 1. þm. Vesturl., að mjög færir menn hafa að þessu frv. unnið og lagt í það mjög mikla vinnu, ekki síst við könnun á kostnaðarhlið þess og mat á því, hvernig unnt væri að fjármagna frv. Slíka útreikninga gerðu þeir meira en áratug fram í tímann.

En þá langar mig til að spyrja, fyrst hv. 1. þm. Vesturl. er svona ánægður með undirbúning frv.: Hvers vegna í ósköpunum lætur hann það þá viðgangast orðalaust og það sem formaður félmn. þessarar hv. d., að fjárhagslegum grundvelli sé að verulegu leyti kippt undan frv.?

Við að hlusta á ræðu hv. 1. þm. Vesturl. í nótt komst ég að þeirri dapurlegu niðurstöðu, að formaður félmn. þessarar hv. d. hafði ekkert kynnt sér málið. Hann sagði t. d. að skyldusparnaður unglinga hefði verið betur tryggður nú en í upphaflega frv. Það er rangt. Verðtryggingin er óbreytt, en vextir lækkaðir úr 3.5 í 2%, hækkun lánahlutfalls skyldusparenda fellt niður og forgangur þeirra til lána líka felldur niður. Reyndar var alls staðar felldur niður forgangur þeirra sem voru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, og má það merkilegt heita. Þetta er t. d. mjög alvarlegt varðandi kaup á eldri íbúðum. Sá lánaflokkur hefur hækkað gífurlega síðustu árin og getur varla haldið áfram að hækka eins mikið og hann hefur gert því að þá færi hann að gleypa meiri hlutann af öllu fjármagninu. Frv. gerir ráð fyrir að stöðva þessa aukningu, láta upphæðina vera óbreytta nema hvað hún vaxi með vaxandi þjóðartekjum. Hin mikla aukning fjármagns, sem í kerfið á að fara, á sem sagt fyrst og fremst að fara til nýbygginga. Á hitt ber að líta, að það er þjóðhagslega mjög mikilsvert að nýta eldri bæjarhverfi, t. d. hér í Reykjavík, á Akureyri og sjálfsagt víðar, betur en nú er gert. Þar er mikið af þjónustumiðstöðvum, t. d. skólum, lítt eða ekki notað. Sama má segja um gatnakerfi o. fl.

Hugmyndin með frv. hvað þetta varðar var að gefa þeim, sem eru að eignast sína fyrstu íbúð, fullt valfrelsi með það að byggja nýtt eða kaupa eldra og fá þá sömu fyrirgreiðslu og um nýbyggingar væri að ræða. Þarna átti þetta fólk að hafa algeran forgang. Þetta var fellt niður. Það átti sem sagt að slá tvær flugur í einu höggi, bæta nýtingu eldri hverfa og gefa frumbyggjendum fullt valfrelsi um hvort þeir byggðu eða keyptu. En öllu þessu var sleppt í hv. Ed. Og eins og ég sagði áðan: Forgangi frumbýlinga var alls staðar sleppt. Það var greinilegt að þeir sem staðið hafa að breytingum á frv., hafa alls ekki skilið ýmsa þá hluti sem hafðir voru í huga við samningu þess.

Þá sagði hv. 1. þm. Vesturl. að lán til verkamannabústaða hafi verið stóraukin með breytingum á frv. Þetta er rangt og kem ég að því síðar.

Ég er ánægður með að þetta frv. skuli nú vera komið til afgreiðslu þessarar hv. d., þótt ég sé óánægður með ýmsar af þeim breytingum sem hv. Ed. gerði á frv. Kem ég að því síðar.

Það er greinilegt að félmn. hv. Ed. hefur lagt á sig talsverða vinnu við frv., þótt sú vinna hefði mátt vera unnin fyrr þannig að frv. fengi eðlilega afgreiðslu í báðum deildum hvað tíma snertir. Sumar brtt. hv. Ed. eru vissulega til bóta. Þannig er ég nokkuð ánægður með flestar þær breytingar, sem félmn. Ed. var sammála um. Einnig eru einstakar, en því miður allt of fáar, brtt. stjórnarliða í félmn. hv. Ed. til nokkurra bóta.

Sumir stuðningsmenn stjórnarinnar gera mikið úr breytingafjöldanum í fjölmiðlum, tala um tugi, jafnvel hundruð breytinga, nýtt frv. og þar fram eftir þeim götunum. Það er ofurauðvelt að fá fram slíkar tölur. Þýðingarlítil innskotsgrein í byrjun, svo að dæmi sé tekið, krefst 80 breytinga á töluröð greina. Að breyta nafni frv. krefst breytinga á fjölmörgum öðrum greinum, þar sem nafnið kemur fram. Að breyta nafni á stjórnum verkamannabústaða í sveitarfélögunum krefst auðvitað breytinga á öllum greinum sem þessi nöfn koma fram í. Þannig er auðvitað auðvelt að fá fram næstum hvaða fjölda breytinga sem menn óska í það og það skiptið. Hinar raunverulegu breytingar eru einhvers staðar á bilinu frá 10—15, eins og kom fram hjá hæstv. félmrh. fyrir nokkrum dögum. En nóg um það.

Þótt ýmsu hafi verið breytt í meðförum hv. Ed. og flestu til hins verra að mínu mati, standa þó eftir flestar af grundvallarhugmyndum frv., en sumar því miður talsvert brenglaðar. Ég legg því ríka áherslu á að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi þó að nauðsynlegt sé að lagfæra sumt af því versta sem hv. Ed. gerði í sínum breytingum.

Breytingum hv. Ed. má skipta í fimm flokka. Í fyrsta flokknum eru breytingar sem telja má til bóta, en þær eru því miður fáar. Nefna má þar þáttinn um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

Í öðrum flokknum eru ýmis einskis eða lítilsverð smáatriði, óþarfar orðalagsbreytingar, nánast tittlingaskítur. Slíkar breytingar eru margar og kemur mér mjög á óvart að félmn. hv. Ed. skuli hafa lagt svo mikla vinnu og eytt svo miklum tíma í alger aukaatriði. Þessar breytingar virðast fyrst og fremst hafa verið gerðar breytinganna vegna. Þarna er verið að elta ólar við breytingar sem ekkert eiginlegt gildi hafa. Það eru, eins og ég sagði, mjög einkennileg vinnubrögð miðað við það tímahrak sem málið er komið í.

Í þriðja flokknum eru breytingar sem auka mjög á valdsvið og umfang húsnæðismálastjórnar og þó einkum og sér í lagi tæknideildar stofnunarinnar. Henni er troðið inn á öllum mögulegum og ómögulegum stöðum og hlýtur að verða að miklu bákni ef svo fer sem horfir eftir breytingar hv. Ed. á frv. Hún á jafnvel að meta þörf og áætlaðan tilkostnað við endurbætur á hinum margvíslegu mannvirkjum sveitarfélaga sem nú geta fengið lán til endurbóta og meiri háttar viðhalds, sbr. 17. brtt. n. Ég er alls ekki sammála hugmyndum hv. þm.Sjálfstfl. um að það eigi að leggja tæknideildina að mestu leyti niður, en fyrr má nú rota en dauðrota að pota henni inn í öll hugsanleg og óhugsanleg verkefni.

Í fjórða flokknum eru breytingar þar sem sveitarfélögunum er blandað inn í alla skapaða hluti, ekki aðeins í sambandi við félagslegu íbúðirnar, þar sem þau eiga vissulega heima, heldur einnig í flesta lánaflokka Byggingarsjóðs ríkisins, rétt eins og sá sjóður væri ekki síður ætlaður sveitarfélögum en hinum almenna húsbyggjanda eða húskaupanda.

Hlutur sveitarfélaga í verkamannabústaðabyggingum er lækkaður úr 20 í 10% án þess að nokkur ósk kæmi þar um frá sveitarstjórnarmönnum eða frá sambandi sveitarstjórnarmanna, þvert á móti. Í umsögn sambandsins um frv. var sérstaklega tekið fram að það óskaði ekki eftir breytingum á þessum kafla frv. Því hefur verið haldið fram af ýmsum, að það, hve lítið hefur verið byggt af íbúðum á grundvelli núgildandi laga um verkamannabústaði í flestum sveitarfélögum landsins nú hin síðustu árin, sé sökum þess að þeim finnist hlutur sinn of mikill í fjármögnuninni, sem nú er einhvers staðar nálægt 30%, jafnvel meiri. En svo er ekki. Ástæðan er einfaldlega sú, að á undanförnum árum hafa flestöll sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins verið að byggja íbúðir á grundvelli laga um leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga, þar sem sveitarfélögin þurfa ekkert fram að leggja ef um söluíbúðir er að ræða, en 20% ef þær eru ætlaðar til leigu. Auðvitað byggja sveitarfélögin fremur eftir lögum þar sem veðlánakerfið lánar svo til allt, fyrst sá möguleiki hefur verið til. Hitt er svo rétt, að endurkaupaskylda sveitarfélaga á verkamannabústöðum hefur verið þeim til trafala, en hún er nú af lögð, nú er séð fyrir peningum til að standa við þær skuldbindingar í frv., og var reyndar í frv. í upphaflegri mynd. Nú er um það bil búið að byggja þær íbúðir sem byggja má eftir þeim lögum sem ég var að tala um. Aftur á móti er lögð mikil fjárhagsleg ábyrgð á sveitarfélögin varðandi félagslegu íbúðabyggingarnar samkv. breytingum hv. Ed. og þar getur verið um miklu stærra mál að ræða en lækkunina úr 20 í 10% þátttöku í lánum til verkamannabústaða. Ég kem að því síðar.

Sveitarfélögunum er, eins og ég sagði, potað inn í velflesta lánaflokka, ekki bara í sambandi við félagslegu íbúðirnar, þar sem þau eiga vissulega heima, heldur í flesta lánaflokka Byggingarsjóðs ríkisins. Ef sveitarfélögunum er lánað til allra skapaðra hluta, eins og breytingar hv. Ed. gera ráð fyrir, sem út af fyrir sig væri gott og blessað ef yfirdrifið væri til af peningum, hlýtur auðvitað að minnka að sama skapi það fé sem til útlána verður fyrir hinn almenna húsbyggjanda. Þetta hlýtur hvert mannsbarn að skilja. Sveitarfélögunum er jafnvel lánað til endurbóta og meiri háttar viðhalds húseigna sinna, en slíkt hefur verið dæmigert verkefni sveitarfélaga um aldir án sérstakrar lánafyrirgreiðslu. Allt er þetta gert án þess að nokkur ósk komi um það frá samtökum sveitarfélaga. Það lítur helst út fyrir að einhver fulltrúi síblanks sveitarfélags hafi komið þessum tillögum öllum á framfæri.

Í fimmta flokknum eru svo þær breytingar sem ég vil meina að stafi af misskilinni góðsemi við húsbyggjendur og aðra lántakendur veðlánakerfisins. Hv. Ed. telur sig vera að gera húsbyggjendum greiða og bæta hag þeirra með því að lækka útlánsvexti um allt að 1.5% og lengja lánstímann nokkuð, auka útlánaflokka og opna allar gáttir til útlána fyrir sveitarfélögin án þess að gera minnstu tilraun til að auka tekjur Byggingarsjóðs ríkisins þar á móti eða sýna fram á hve mikla aukningu tekna hann þurfi breytinganna vegna. Þetta líkaði hv. 1. þm. Vesturl. afskaplega vel. Hv. Ed. gekk reyndar svo langt, og það fæ ég illa skilið ef eitthvað er meint með umbótum í húsnæðislánamálum, að fella till. um að Byggingarsjóður ríkisins héldi óskertum þeim mörkuðu tekjustofnum sem honum ber lögum samkv. Það er alveg eins og blessaðir mennirnir haldi að peningarnir vaxi á trjánum. Allt verður þetta auðvitað til þess, að það tekur miklu fleiri ár að ná því marki, sem frv. stefnir að að ná í áföngum á ekki lengri tíma en 10 árum, að geta lánað öllum húsbyggjendum og kaupendum íbúða 80% af brúttókostnaði byggingarinnar eða hússins. Auðvitað verður að líta á heildarlánsfjárþörf húsbyggjandans. Hún minnkar ekki þótt þeir fái hluta — og eftir breytingu hv. Ed. mun minni hluta en ella að öðru jöfnu — af lánsfjárþörf sinni með lítið eitt lægri vöxtum og til lítið eitt lengri tíma. Mismuninn, sem nú verður mun meiri en ella vegna breytingar Ed., þurfa menn að slást við bankana um að fá og það venjulega til mjög skamms tíma og með lélegum kjörum. Heildarárangurinn verður því meiri erfiðleikar húsbyggjenda — ekki minni — og miklu meiri áhyggjur og fleiri magasár vegna drápsklyfja stuttra lána, einkum fyrstu árin. Allt verður þetta því húsbyggjendum mun erfiðara fyrir misskilda góðsemi hv. þm. Ed.

Ég vil undirstrika að lánstími og vextir voru valdir eftir mjög mikla umhugsun og útreikninga og samþykktir sem stefnumörkun ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar — og af öllum þeim flokkum sem þar áttu hlut að — sem stefnumörkun í lánamálum. Þar komu vextirnir fram og þar kom lánstíminn fram og kjörin öll. Þeir voru valdir af mjög vel yfirlögðu ráði og með það fyrir augum að efla á tiltölulega skömmum tíma veðlánakerfi ríkisins til stórra átaka án þess að íþyngja lántakendum um of. Sem dæmi um það get ég sagt að lán eins og þetta, þ. e. 80% lán, var reiknað út á venjulega 4—5 herbergja íbúð til 21 árs og miðað við 3.5% vexti. Afborganir og vextir voru í lægri kantinum á því sem venjulega gengur og gerist um leigu slíkra íbúða á Reykjavíkursvæðinu.

Eftir þessar breytingar hv. Ed. tekur það mun lengri tíma og kostar ríkissjóð mun meira fé að ná því marki

sem við ætluðum okkur: að leggja hornstein að nýrri og djarfhuga stefnu í húsnæðislánamálum, — stefnu sem gerði okkur mögulegt að byggja upp á tiltölulega fáum árum öfluga og sjálfbjarga íbúðalánasjóði sem veitt gætu húsbyggjendum á viðráðanlegum kjörum fullnægjandi fyrirgreiðslu og sambærilega við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, — stefnu sem gerði ungu fólki kleift að láta hinn íslenska draum eins og hann er stundum kallaður, um eigið húsnæði rætast án þess að bestu árum ævinnar sé kastað á glæ í þrotlausu striti og fjárhagsáhyggjum sem oft hafa bitnað óbætanlega bæði á börnum húsbyggjenda og heimilislífi þeirra. Slíka stefnu markaði upprunalega frv., en breytingar hv. Ed. seinka þeirri þróun um mjög mörg ár, ef hún næst nokkurn tíma með því fyrirkomulagi sem nú er lagt til. Slíku veldur að mínu mati misskilin góðsemi og er auðvelt að komast að raun um það með því að skoða hinar mismunandi töflur sem fylgja grg. frv.

T. d. veldur vaxtabreytingin ein því, að á árinu 1990, þegar 80% markinu átti að vera náð hið síðasta, vantar rúmlega 2.1 milljarð kr. og vegna lánalengingarinnar liðlega 3.2 milljarða í viðbót á því eina ári til þess að áætlunin geti staðist, hvort tveggja á verðlagi ársins 1980. M. ö. o.: það ár vantar alveg fjármagn til að lána í 200 íbúðir. Og ef við tökum svo til viðbótar með í reikninginn, að fastur markaður tekjustofn Byggingarsjóðs ríkisins, launaskatturinn, lækki um 1% og verði 1%, þá vantar á þessu eina ári 21.3 milljarða til að ná þessu marki. Þar við bætist svo, að svo er að sjá sem hæstv. ríkisstj. ætli sér að draga úr tekjum Byggingarsjóðs ríkisins af mörkuðum tekjustofnum, en auka lántökur þess í stað. Þá versnar dæmið auðvitað um allan helming.

Sem dæmi um það vil ég upplýsa, að árið 1979 tók Byggingarsjóður ríkisins að láni um 4 milljarða kr. hjá lífeyrissjóðum til 15 ára með 4% vöxtum og að sjálfsögðu fullverðtryggt. Þetta fé lánaði Byggingarsjóður út með 2% vöxtum til 26 ára þar sem fyrsta árið er afborgunarlaust. Byggingarsjóður endurgreiðir lífeyrissjóðunum á þessu ári og því næsta samtals 842 millj. kr. af þessum lánum, en fær sjálfur af sama fjármagni 320 millj. kr. Af þessum mismun eru 149 millj. kr. hrein útgjöld vegna vaxtamismunar. Ef meiningin er að ganga af Byggingarsjóði ríkisins dauðum í stað þess að byggja hann upp er þetta rétta leiðin.

Nú hrósar hæstv. félmrh. sér af því að taka eigi 1% af launaskatti og verja til félagslegra íbúðabygginga. En hvaðan á að taka þetta 1%? Ef marka má atkvgr. um brtt. hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar í Ed. á að taka þetta 1% af Byggingarsjóði ríkisins. Ef það er meiningin, er lítils góðs að vænta í þessum efnum. Þá mega hinir almennu húsbyggjendur fara að biðja fyrir sér.

Þar sem ekki er að sjá þess nein merki, að hæstv. ríkisstj. ætli að auka tekjur Byggingarsjóðs að sama skapi og útgjöldin eiga að aukast, útlánsvextir að lækka og lán lengjast, hlýtur þetta að leiða til þess að lánshlutfallið hækkar miklu hægar en frv. gerði í upphafi ráð fyrir. Það má jafnvel þakka fyrir ef lánshlutfallið fer ekki lækkandi.

Þau eru ekki gæfuleg fyrstu spor núv. hæstv. ríkisstj. í húsnæðislánamálum. Hún byrjar á því að skerða markaða tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins um hvorki meira né minna en 34% og hún lækkar stórlega í krónum talið fé til Byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári, þrátt fyrir öll loforð og fögur fyrirheit í þessum efnum. Þar við bætist að byggingarsjóðirnir eiga að greiða hærri vexti samkv. brtt. hv. Ed. af teknum lánum en veittum lánum, og þegar þar við bætist enn, að hæstv. félmrh. ætlar að taka 1% eða helminginn af mörkuðum tekjustofnum Byggingarsjóðs ríkisins, fer manni að detta í hug að hæstv. ríkisstj. sé að gera grín að hv. alþm. — og ekki bara alþm., heldur öllum þeim fjölmörgu sem treysta á lán til nýbygginga eða kaupa á húsnæði fyrir sig og sína.

Hæstv. félmrh. hefur haldið því fram og reyndar margir fleiri, að stórauka eigi fjármagn til byggingar félagslegra íbúða frá því sem upphaflega frv. gerði ráð fyrir. Þetta er rangt. Upphaflega frv. gerði ráð fyrir, að ríkissjóður legði fram 20% af byggingarkostnaði félagslegra íbúða og sveitarfélögin önnur 20, væntanlegir íbúðaeigendur legðu fram 10%, eða samtals 50%. Síðan var gert ráð fyrir lántökum hjá lífeyrissjóðum á vegum ASÍ og atvinnurekenda, svonefndum SAL-sjóðum, sem rúmaðist vel innan marka þeirra 20% sem þeir hafa sett sér að lána til veðlánakerfisins. Afganginn átti svo að lána úr Byggingarsjóði ríkisins.

Frv., eins og það er nú breytt, gerir ráð fyrir 30% framlagi ríkissjóðs, þar af er meiri hlutinn tekinn af Byggingarsjóði ríkisins, 10% framlagi bæjarfélaga og 10% framlagi væntanlegra íbúðaeigenda. Samtals 50%, eins og í upphaflega frv. Afganginn á svo að fjármagna með lánum á svipaðan hátt og áður var gert ráð fyrir. M. ö. o.: ekki er króna látin í félagslega kerfið umfram það sem ráð var fyrir gert í upphaflega frv., nema hvað nú verður öllu erfiðara fyrir lífeyrissjóðina að lána til veðlánakerfisins vegna þess að nú er þeim í fyrsta skipti — eða það a. m. k. stóð til — uppálagt að lána svo og svo mikið beint ríkissjóði.

Það hefur heilmikið verið talað um fjármögnun kerfisins, bæði í upphaflegum till. og eins og þær eru núna. Um það vil ég segja það, að í upphafi var unnið geysilega vel að útreikningum og áætlunum í sambandi við þessi mál. Í grg. frv. er sýnt nákvæmlega fram á hver fjárþörfin verði á næstu 10 árum, ár fyrir ár, til að má því marki að geta lánað húsbyggjendum 80% af bráttókostnaði húsa sinna og lánað þeim sem kaupa svipaða upphæð. Þá var reiknað með 2000 íbúðum á ári og 660 af því eða þriðjungi á grundvelli félagslega þáttarins. Þar var sýnt fram á og er sýnt fram á, að ef helmingnum af aukinni fjárþörf er mætt með framlögum úr ríkissjóði og bæjarsjóðum, annaðhvort beint eða með mörkuðum tekjustofnum, og helmingnum mætt með auknum lántökum, þá aðallega frá lífeyrissjóðunum, þurfi framlagið að aukast um 0.4 milljarða kr. á fyrsta ári og fara rólega vaxandi upp í 38 milljarða kr. á tíunda árinu, sem er það dýrasta að þessu leyti. Eftir það má framlagið minnka mjög ört. Lántökur þyrftu að aukast um 2 milljarða kr. á fyrsta ári og hækka rólega upp í mest 6.4 milljarða á tíunda ári og fara síðan ört lækkandi vegna þess að sjóðirnir stæðu þá undir sér sjálfir. Hér er átt við verðlag 1978. Þá stæði Byggingarsjóður ríkisins á eigin fótum eftir þetta og þyrfti ekki frekar á aðstoð að halda, en Byggingarsjóður verkamanna þyrfti að fá áframhaldandi nokkurn stuðning til að vega á móti mismun á innláns- og útlánsvöxtum hans.

Ef ekkert er að gert, en núverandi tekjustofnar kerfisins óskertir, hefði það tekið uppbygginguna 16—17 ár. Það hefði tekið 16—17 ár að ná þessu marki með upphaflega frv., en óskertum tekjustofnum, en það þótti

þeim stjórnmálaflokkum, sem stóðu að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, of langur tími. Því samþykkti hún stefnumótun um fjármögnun kerfisins, þannig að markinu ætti að ná á ekki lengri tíma en 10 árum, en ég hef lýst því áður, hvað til þurfti að koma til þess að það yrði gert. Auðvitað voru inni í því dæmi ákvarðanir um útlánsvexti og lánstíma, svo mjög sem allt kerfið byggist á því að þeir hlutir séu á hreinu, en nú hefur hv. Ed. raskað þessu dæmi öllu og ekki litið á þær yfirlýsingar og þau loforð sem þeir stjórnmálaflokkar gerðu sem stóðu að þeirri ríkisstj.

Herra forseti. Þrátt fyrir að hv. Ed. hefur á ýmsum sviðum stórbreytt því frv., sem ég lagði fram, eru eigi að síður eftir flest grundvallaratriði þess og legg ég mikla áherslu á að það verði lögfest á þessu vori og er ekki sammála hv. 10. þm. Reykv. í því efni, vegna þess að það er ýmis undirbúningsvinna sem þarf að fara í gang. En ég legg líka mikla áherslu á að af séu sniðnir verstu vankantarnir á breytingum hv. Ed.

Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að leggja fram brtt. á þskj. 573, sem ég mun nú lauslega gera grein fyrir.

1. brtt. gengur út á það að draga verulega úr útþenslutilhneigingu kerfisins, ef svo má að orði komast. Það er annarra aðila, m. a. Alþingis, að skipuleggja afskipti opinberra aðila af húsnæðismálum og stefnumótun í húsnæðismálum er alfarið Alþingis.

2. brtt. er við 9. gr. og gengur út á það að tryggja Byggingarsjóði ríkisins óskertan tekjustofn frá því sem nú er í lögum. Það leysir engan vanda veðlánakerfisins þótt tekið sé úr öðrum vasanum og sett í hinn þegar um leið er ætlast til þess að sveitarfélögin greiði líka minna.

Eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. er munurinn á fjárhagsvanda frv., eins og hann er og eins og hann var þegar það var lagt fram, á 10 árum hvorki meira né minna en um 130 milljarðar kr. ef allt er leyst með lántökum. Í brtt. minni við 9. gr. er reiknað með að Byggingarsjóður ríkisins haldi sínum 2% óskertum. Mundi það þýða á þessu sama 10 ára tímabili 50 milljarða á verðlagi 1980, eins og notað er í hinu tilfellinu. Þar sem um er að ræða framlag, en ekki lántökur, mundi það auðvitað nýtast miklu betur og fara langleiðina með að jafna þann mismun sem þarna er á. Aftur á móti, ef þessi till. verður felld og ekkert kemur þarna í staðinn, er tómt mál að tala um miklar endurbætur á þessu sviði.

3. brtt. gengur út á það að Alþ. sleppi ekki við húsnæðismálastjórn og félmrh. því valdi sem það hefur og hafa ber í þessum efnum.

4. brtt. gengur út á það að losna við þuklið eins og framast er unnt. Hvað gagnar manni t. d., sem á íbúð norður á Siglufirði, en þarf á íbúð að halda hér á höfuðborgarsvæðinu, þó hann eigi íbúð á Siglufirði og hvaða ástæða er til þess fyrir húsnæðismálastjórn að fara að kynna sér hvernig sú íbúð er? Auðvitað þarf að takmarka það að menn geti fengið mörg lán, lán eftir lán. Það er best að gera þannig að maðurinn fái einu sinni fullt lán og síðan skert lán og meira skert lán eftir því hvað mönnum sýnist. Ætti þetta að vera í reglugerð. Það er fráleitt að fara að útiloka mann sem á einhvers staðar eina litla íbúð, en lána svo manni sem ætti kannske tvo skuttogara eða 100 millj. kr. í banka, en slíkir menn geta fengið lán orðalaust eins og nú er gengið frá frv. Allar reglur þurfa að vera skýrar og einfaldar. Allir eiga að geta fengið upplýsingar um sinn rétt og þuklið á að hverfa eins mikið og mögulegt er.

5. brtt. er um að sveitarfélög fái ekki sérstaklega lán til kaupa á gömlum húsum. Þau geta fengið lán til að byggja leiguíbúðir í stórum stíl, þau geta fengið lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og mér finnst ofrausn að láta þau einnig fá sérstaka heimild til lána af takmörkuðu fé til kaupa á gömlu húsnæði. Mér finnst rétt að það sé hinn almenni borgari sem fái að njóta þess takmarkaða fjármagns sem fyrir hendi er til þeirra þarfa.

6. brtt. er svipaðs eðlis. Hún gengur út á að það sé ástæðulaust að sveitarfélögin geti fengið lán til meiri háttar endurbóta eða viðgerða á sínu húsnæði. Þau geta fengið lán til byggingar leiguíbúða, eins og ég sagði áðan, og til byggingar íbúða vegna heilsuspillandi húsnæðis, bæði til nýbygginga og til að byggja upp gamalt húsnæði, og það er ástæðulaust að þau fái einnig lán til venjulegs viðhalds.

7. brtt. gengur út á að sveitarfélögin borgi þau 20% sem upphaflega var sett inn í frv. og tekin þaðan út án þess að um það kæmi nokkur ósk frá samtökum þeirra.

8. brtt gengur aftur á móti út á að sveitarstjórnirnar hafi ávallt formann og varaformann í stjórnum verkamannabústaða í sínu sveitarfélagi, en þetta er mjög mikils vert ef sú mikla fjarmálaábyrgð, sem sveitarfélögunum er ætlað að bera samkv. 52. gr., verður óbreytt.

9. brtt. er einmitt um þetta sama. Þar eru sveitarfélögin losuð við þessa miklu ábyrgð, sem getur verið miklu meiri en þessi 10% sem munar á 20 og 10%. Með þessu móti sitja menn í Reykjavík, ef fara á eftir frv. eins og það er, og segja hvað framkvæmdin eigi að kosta, Byggingarsjóður verkamanna lánar 80% af þeirri upphæð, þar með talið framlag sveitarfélagsins, og væntanlegur eigandi greiðir sín 10%, en afganginn eiga svo sveitarfélögin að borga. Ef framkvæmdin fer t. d. 30% fram úr áætlun borga sveitarfélögin 40%, en ekki 10 eða 20%.

Í því sambandi vil ég minnast á goðsögnina sem hv. 10 þm. Reykv. var að tala um varðandi Húsavík — dæmið sem hann var að tala um frá Húsavík og gengur á móti þeirri goðsögn sem hann var að segja að væri til. Það er alveg hárrétt, að það er gífurlegur munur á sveitarfélögunum. Sveitarfélögin úti á landi eiga í mjög miklum erfiðleikum með að byggja á því kostnaðarverði sem hin svokallaða staðalíbúð kemur til með að kosta. Þau hafa ekki til þess tæki, þau hafa ekki til þess verkfæri og þau hafa ekki til þess neina stóra verktaka. Þau verða að bera alla þessa ábyrgð, alla þessa áhættu, og þau munu ekki leggja í hana. Aftur á móti sé ég ekki betur en hér á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, þar sem alltaf er verið að tala um að menn byggi 20—30% undir kostnaðarverði, geri frv. ráð fyrir að sveitarfélögin þurfi ekkert að borga, heldur fái stórfé í sinn vasa í tengslum við þessar byggingar. Ég sé ekki ástæðu til þess að svo verði.

Í frv. er talað um dagvinnutekjur. Ef það á að búa til reglugerð um viðmiðun vildi ég breyta því í tekjur, því það er orðið svo mikið á huldu, hvað eru dagvinnutekjur og hvað eru ekki dagvinnutekjur, að mér finnst nauðsynlegt, að sú reglugerð miði við tekjur almennt, en ekki dagvinnutekjur einar.

Varðandi 10. brtt. finnst mér að það sé óþarfi og ofrausn að láta sveitarfélögin fá 80% lán til byggingar leiguíbúða sinna meðan hinn almenni borgari fær ekki nema 20—25 eða 30% eins og er. Hitt er annað mál, að

til samræmis við lánin í sambandi við byggingu verkamannabústaða finnst mér rétt að þau fái 70%.

Herra forseti. Þótt ég telji, að of mörgu hafi verið breytt til hins verri vegar frá því sem var í frv. sem ég lagði fram í desember, er meginuppistaða þess óbreytt. Ég endurtek, að ég legg mikla áherslu á að frv. nái fram að ganga fyrir þingslit. Ég endurtek einnig, herra forseti, að það þarf að hefla verstu vankantana af þeim breytingum sem hv. Ed. gerði á frv. Ég tek undir það, sem sagt hefur verið hér, að nauðsynlegt sé að láta Þjóðhagsstofnun reikna út kostnaðinn, bera þetta saman við upphaflega frv. Við þurfum að vita hvað þetta kostar áður en við göngum endanlega frá því. Það væri kannske ekki óeðlilegt að unnið væri við það yfir helgina ef nauðsynlegt reynist.

Umr. frestað.

Efri deild, 103. fundur.

Miðvikudaginn 28. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 28. maí 1980.

Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Jón Sveinsson lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Davíð Aðalsteinsson,
3. þm. Vesturl.

Til forseta Ed."

Jón Sveinsson hefur áður átt sæti á Alþingi og býð ég hann velkominn til starfa ásamt öðrum hv. þdm. eftir þetta hlé.

Sönnun fyrir dauða manna, frv. (þskj. 207, n. 625, 626). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna sem ætla má að farist hafi af slysum. N. fékk til viðræðna Baldur Möller ráðuneytisstjóra í dómsmrn. Hann benti á að það gæti verið varhugavert að setja svo stutta fresti sem fram kemur í 4. og 5. gr. frv., og hann upplýsti jafnframt að það væri verið að vinna að endurskoðun þessara laga. N. varð því sammála um að leggja til að fella niður 4. og 5. gr. frv. Hún flytur brtt. um það á sérstöku þskj. og mælir með samþykkt frv. þannig breytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 626, 1 (4. gr. falli niður) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 626,2 (5. gr. falli niður) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 626,3 (ný 6. gr., verður 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 440 (sbr. 6), n. 605 og 606). — Frh. 2. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hélt hér mikla ræðu fyrir hvítasunnu um skattamál. Hann lagði ekkert minna undir en öll OECD-löndin og næstum hálfa heimsbyggðina og fór mörgum orðum um það, hversu skattheimta væri lítil á Íslandi í hlutfalli við það sem hún væri í öðrum löndum. Hæstv. ráðh. las hér upp úr nýútkominni skýrslu frá OECD tölur um það sem heitir á enskunni „current expenditure" í prósentum af „national product". Þetta er nú, svona til upplýsingar fyrir hæstv. ráðh., ekki alveg réttar tölur um það hvað skattheimta er mikil í þessum löndum. (Gripið fram í.) Það er ekki það sem skiptir máli, hæstv. ráðh. Þetta eru opinber heildarútgjöld og er þar nátturlega um að ræða líka það sem viðkomandi ríki tekur að láni til að framkvæma fyrir. Hins vegar eru hér tölur um skatta. Þær eru allmiklu lægri en þær tölur sem hæstv. ráðh. las. En það skiptir kannske máli í þessu sambandi, að þessar tölur segja ekki nema hálfan sannleikann. Ég get ekki alveg fullyrt það, en ég held að þessar tölur séu bæði um ríki og sveitarfélög, um heildarútgjöld opinberra aðila og heildarskattlagningu opinberra aðila í þessum löndum.

En það, sem ég vildi gera hér að umræðuefni, og ég skal ekki lengja þetta mál, er sú þróun sem orðið hefur hér á landi að undanförnu í þessum efnum. Hæstv. ráðh. nefndi að nú væru skattar til ríkisins sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 28.3% samkv. gildandi fjárlögum. Rétt er að undirstrika að hér er um að ræða áætlunartölu sem á eftir að breytast. Reynslan sýnir að þegar fjárlög eru gerð upp á þann hátt sem þau hafa verið gerð núna hækkar þessi tala þegar upp er staðið. Það er, held ég, flestra manna mál, sem gleggst þekkja til þessara mála, að skattar til ríkisins í ár verði sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu nálægt 29%. Reynslan hefur orðið sú að undanförnu, að það er hægt að gera fremur ráð fyrir því en að hin talan standist, 28,3%.

Það er athyglisvert að gera sér grein fyrir því, hver þróunin í þessum efnum hefur orðið á undanförnum árum. Hér er sem sagt um að ræða langhæsta hlutfall sem þekkst hefur hér á landi. Árið 1961 var þetta hlutfall t. d. 20.6%, en er orðið núna tæplega 29%, þ. e. ríkisskattar af þjóðarframleiðslu. Á þeim áratug, sem liðinn er og hefur stundum verið kallaður framsóknaráratugurinn — ekki veit ég af hverju, — var þetta hlutfall lægst 1977, 25%, en er á þessu ári að nálgast 29%. Þetta kunna kannske ekki að þykja mjög háar tölur eða mikil hækkun, en 4% aukning skatta af þjóðarframleiðslu síðan 1977 þýðir hvorki meira né minna en 50 milljarða kr. Þjóðarframleiðslan er í ár metin á 1240 milljarða og 4% af því eru um 50 milljarðar kr. Hæstv. ráðh., bæði sem núv. viðskhr. og fyrrv. fjmrh., hefur því verið iðinn við kolann í þeim efnum, að þoka skattheimtu í þá átt að hún er nú hærri en hún hefur verið á undanförnum tveimur áratugum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:5 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Efri deild, 104. fundur.

Miðvikudaginn 28. maí, að loknum 103. fundi.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 440 (sbr. 6)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, StefG, StJ, TÁ, JSv, GeirG, GB, GTh, JH, HS.

nei: SalÞ, ÞK, EKJ, GK, LJ.

5 þm. (ÓlJ, EgJ, EG, KSG, KJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 633).

Sönnun fyrir dauða manna, frv. (þskj. 632). —3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Lánsfjárlög 1980, frv. (þskj. 618, n. 627, 628 og 629). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin vann að þessu frv. í samvinnu við fjh.- og viðskn. Nd. 1. minni hl. n., sem skipaður var stuðningsmönnum ríkisstj., leggur eindregið til að þetta frv. verði samþykkt, enda samrýmist það þeim meginmarkmiðum í efnahagsmálum sem ríkisstj. hefur sett sér.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Þetta var fróðleg og ítarleg ræða hjá hv. frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (**StJ:** Hugsunin skýrist ekki við það að hafa mörg orð um hana.) Hann sagði að frv., sem við ræðum hér, til lánsfjárlaga væri í samræmi við meginmarkmið ríkisstj. í efnahagsmálum. Það má vera að svo sé. Alla vega sýnist mér þróunin vera sú, að hæstv. ríkisstj. hafi að meginmarkmiði í efnahagsmálum að *magna hér á landi enn það mikla verðbólgubál sem* brunnið hefur á mönnum undanfarin ár. En það er einkennandi fyrir þetta frv. og fyrir fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1980 að það verður einmitt til þess að auka mjög á verðbólgu í landinu.

Megineinkenni frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980 eru:

1. Heildarfjárfesting er aukin og áætluð 26,5% af þjóðarframleiðslunni.

2. Opinberar framkvæmdir aukast að magni til um 21.3%.

3. Samdráttur verður í heild á framkvæmdum á vegum atvinnuvega og einkaaðila.

4. Innlendar lántökur til opinberra aðila þrefaldast í krónutölu miðað við bráðabirgðatölur 1979.

5. Erlendar lántökur aukast um 39.2 milljarða kr. nettó eða 7% af áætluðum útflutningstekjum þrátt fyrir hagræðingu á tölum vegna frestunar á lántöku og greiðslu lána vegna ýmissa framkvæmda til 1981.

6. Greiðslubyrði erlendra lána verður á næsta ári samkv. bréfi Seðlabankans til fjh.- og viðskn. 18% af áætluðum útflutningstekjum. Þetta hlutfall var 13.3% 1978 og í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. er talað um að stefnt skuli að því að þessi greiðslubyrði fari ekki fram úr 15% af útflutningstekjum.

Þegar þessir sex liðir eru hafðir í huga, að heildarfjárfesting eykst, að opinberar framkvæmdir stóraukast að magni til, að samdráttur verður í framkvæmdum á vegum atvinnuvega og einkaaðila, að innlendar lántökur þrefaldast að krónutölu til opinberra ráðstafana, að erlendar lántökur aukast úr hófi fram og að greiðslubyrðin eykst, eins og ég sagði hér áðan, er það dálítið merkileg umsögn hjá hv. frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. að halda því fram, að þetta sé í samræmi við meginmarkmið ríkisstj. í efnahagsmálum. Ég óska honum til hamingju með að hafa komist svo skemmtilega að orði.

Heildarfjárfesting opinberra aðila samkv. þessu frv. verður 126.5 milljarðar kr. og hækkar úr 72 milljörðum 1979. Er þar um að ræða 21.3% magnaukningu, eins og ég sagði áðan.

Lánsfjáröflunin er þannig, að það er gert ráð fyrir að hækkun lántöku í heild til opinberra framkvæmda verði 92.2%. Í fyrra var þessi lántaka 38.4 milljarðar kr., en er samkv. skýrslu, sem fylgir þessu frv., 73.8 milljarðar á þessu ári. Í krónutölu tvöfaldast því nánast lántaka til opinberra framkvæmda.

Það er athyglisverðast við þessar lántökur allar að gert er ráð fyrir að innlend lánsfjáröflun þrefaldist að krónutölu. Það er gert ráð fyrir því samkv. þessu frv. og lánsfjáráætluninni, að úr lífeyrissjóðum verði teknir hvorki meira né minna en 21.5 milljarður kr. til opinberra nota, og er það nýmæli í þessum lögum að nú er áætlað að ríkissjóður taki 6 milljarða kr. lán hjá lífeyrissjóðunum. Samtals er þessi lántaka hjá lífeyrissjóðunum til opinberra nota með þessari löggjöf hvorki meira né minna en 42% af öllu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Í bankakerfinu er ætlunin að stórauka lántökur til opinberra þarfa samkv. þessu frv. Þar er sérstaklega gert ráð fyrir 3.9 milljarða kr. lántöku með verðbréfakaupum bankakerfisins. Er þar um að ræða stórfellda aukningu á lántökum á innlendum lánsfjármarkaði til opinberra nota, sem að sjálfsögðu mun þrengja mjög kost annarra, sem þurfa á lánsfé að halda, og alveg sérstaklega fjárfestingarlánasjóðanna og atvinnuveganna.

Maður skyldi ætla að þegar þessi áform liggja fyrir sé það upplýst að nú sé óhætt að stórauka innlenda lánsfjáröflun til opinberra nota á þessu ári vegna þess að sparifjármyndunin sé það mikil í landinu að óhætt sé að fara út í þessa fjáröflun. Það er hins vegar algjörlega þveröfugt. Sparifjáraukningin í ár er fyrstu þrjá mánuðina einungis 12.5%, en var í fyrra 18%. Á hinn bóginn hafa útlán aukist nú um 17.5% í samanburði við útlánaaukningu um 15.5% á s. l. ári. Munurinn á innlánum og

útlánum í bankakerfinu er sem sagt gífurlegur á þessum fyrsta ársfjórðungi sem liðinn er. Í krónum er þar um að ræða að innlán hafa einungis numið núna rúmum 9 milljörðum kr., 9.3 milljörðum kr., en útlán hafa á sama tíma aukist um 16 milljarða kr. Bankakerfið hefur sem sagt lánað fyrstu þrjá mánuði ársins 7 milljörðum kr. meira en nam innlánsaukningunni. Í fyrra var innlánsaukningin 3 milljörðum kr. meiri en útlánin. Staða bankanna við Seðlabankann hefur þannig að þessu leyti versnað um rétta 10 milljarða kr. Það er 10 milljörðum kr. minna fé í bankakerfinu núna eftir fyrstu þrjá mánuði ársins en var í fyrra.

Þannig er nú ástatt um innlenda lánsfjármarkaðinn sem ætlun hæstv. ríkisstj. er að fara inn á með nýjum hætti og ná þannig til sín auknu fjármagni af sparifé landsmanna bæði úr lífeyrissjóðunum og bankakerfinu. Ástandið er þannig að þar er í rauninni engu til að dreifa. Það er meiri útlánaaukning það sem af er árinu en innlán og þess vegna sé ég ekki að þessi stefna fái staðist, þó að það dyljist engum, hver meiningin er með þessu. Hún er að sjálfsögðu sú að ná undir opinbera aðila meira af fjármagni á þessu sviði í viðbót við þær miklu skattahækkanir sem orðið hafa og menn hafa rætt hér og ekki þarf að fjölyrða um.

Það er athyglisvert að hæstv. ríkisstj. söðlaði nokkuð um, þegar þessi lánsfjáráætlun var til umræðu í ríkisstj., frá því sem gert var ráð fyrir þegar fjárlög voru afgreidd. Þá var gert ráð fyrir að tekin yrði 10 milljörðum kr. hærri fjárhæð en er samkv. frv. í erlendum lánum til opinberra framkvæmda. Fangaráð hæstv. ríkisstj. virðist hafa verið að draga ekki úr þessum framkvæmdum, draga ekki úr þeim og þar með lánsfjárþörfinni og þenslunni í landinu, heldur hefur hún brugðið á það ráð að hugsa sér að ná þessu fé á innlendum lánsfjármarkaði, sem þó er eins í stakk búinn til þess og ég sagði áðan. Ég fæ ekki betur séð en annaðhvort muni ske alveg á næstunni, annaðhvort kemst hæstv. ríkisstj. upp með þessa stefnu sína og tekur það litla fé, sem bankakerfið fær inn í aukningu sparifjár, og þá nátturlega kemur það þannig niður á atvinnuvegunum að þeir hreinlega stöðvast, fá ekki rekstrarfé, eða þá að hér verður um það að ræða að lánsfjáröflunin verði meiri erlendis og að þessi lánsfjáráætlun, sem hér er til umr., bresti öll í böndum að því leyti. Það er mikið áhyggjuefni, ef sú skyldi verða framvindan, og erfitt að segja, hvor kosturinn er betri, því að nú stefnir í 16 milljarða kr. viðskiptahalla og stórauknar erlendar lántökur þrátt fyrir þau áform ríkisstj. sem ég lít fyrst og fremst á sem bókhaldsatriði, að fresta ýmsum lántökum fram á árið 1981 og fara út í fáránlega fjáröflun til opinberra umsvifa á innlendum lánsfjármarkaði.

Erlendar lántökur hækka gífurlega. Eins og ég sagði áðan er nettóhækkunin 39.2 milljarðar kr., en heildarhækkunin 85.5 milljarðar.

Mesta áhyggjuefnið í þessu efni er, hversu horfir með viðskiptajöfnuð, og eins líka, hvernig horfir um greiðslubyrðina. Greiðslubyrði erlendra lána var árið 1978 einungis 13.3% af útflutningstekjum, en er, eins og ég sagði áðan, 18% samkv. áætlun Seðlabankans á árinu 1981, þegar á að fara að greiða afborganir og vexti af þeim lánum sem tekin verða í ár. Hluti af þessari gífurlegu auknu greiðslubyrði stafar af hækkun á vöxtum og verri lánsfjárkjörum á erlendum mörkuðum, en verulegur hluti stafar af stórauknum erlendum lántökum, einkum síðustu tvö ár.

Það er athyglisvert, þegar talað er um greiðslubyrðina, að hæstv. ríkisstj. vill helst ekki leggja orðið þann mælikvarða á greiðslubyrði erlendra lána að meta þá byrði í hlutfalli við útflutningstekjur. Hún er að reyna að búa sér til nýjan og hagkvæmari mælikvarða í þessum efnum, en fyrrnefndi mælikvarðinn hefur raunar verið notaður um árabil og ekki þótt aðfinnsluverður, enda er að sjálfsögðu um að ræða mælikvarða sem er eðlilegur. Það er eðlilegt að gera sér grein fyrir því, hvað menn þurfa að borga mikið af tekjum í gjaldeyri, hvað þeir þurfa að borga af gjaldeyristekjum sínum í afborganir og vexti af erlendum lánum, og leggja þann mælikvarða á greiðslubyrðina. Aðra peninga höfum við ekki til að borga afborganir og vexti af erlendum lánum en gjaldeyristekjur okkar, nema við viljum taka ný og ný lán til að borga afborganir og vexti. Þess vegna er eðlilegt að leggja þennan mælikvarða á.

En geri menn sér grein fyrir því, að þessi greiðslubyrði er komin í 18% og er áætluð miðað við metafla, sem nú ríkir hjá okkur, og hæsta verð, sem við þekkjum á okkar afurðum, — geri menn sér grein fyrir því að þarna getur hvort tveggja að einhverju leyti brugðist hljóta menn að sjá að hér er um að ræða þróun sem er stórvarhugaverð, að ekki sé meira sagt, enda hefði hæstv. ríkisstj. ekki farið að setja í málefnasamning sinn að stefnt skuli að því að fara ekki fram úr 15% greiðslubyrði af erlendum lánum í hlutfalli af útflutningstekjum ef það væri ekki eðlilegt markmið. A. m. k. get ég varla skilið önnur rök fyrir því að setja slíkt inn í málefnasamning en að þar sé um eðlilegt markmið að ræða. Hæstv. ríkisstj. slær þó þann varnagla, að það þurfi að afla erlends fjár til ýmissa framkvæmda sem spari gjaldeyri og séu arðbærar, og ég get verið alveg sammála því. En það er við það að athuga, að að sjálfsögðu hljóta að vera takmörk fyrir því, hvað eðlilegt er að gera á því sviði og alveg sérstaklega þegar svo er ástatt, eins og er ástatt hér hjá okkur, að mjög mikil þensla hefur verið í atvinnulífinu og slíkar erlendar lántökur hljóta mjög að auka á þensluna sem fyrir er, fyrir utan það að auka greiðslubyrðina.

Það er ekki síður athyglisvert við þetta frv., sem hér er til umr., að gera sér grein fyrir því, hver eru megineinkenni ráðstöfunar þess lánsfjár sem hugmyndin er að afla samkv. frv. Þegar það er skoðað kemur í ljós í hnotskurn að stefnt er að því með frv. að það verði samdráttur í fjárfestingu hjá atvinnuvegunum að magni til um 3.6% og það verði samdráttur í íbúðabyggingum að magni til um 3.1%, en aukning verði í fjárfestingu hjá opinberum aðilum um hvorki meira né minna en 21.3% að magni til. Stefnan í þessu efni er skýr eins og þegar rætt er um lánsfjáröflunina. Hér er sem sagt þrengt að atvinnuvegunum, þrengt að heimilunum í ráðstöfun á lánsfé, en opinberar framkvæmdir fá þar hins vegar bróðurpartinn.

Það er líka einkennandi fyrir stefnuna á þessu sviði og líka á sviði ríkisfjármálanna, að lánsfé er í enn ríkara mæli hérna en það hefur nokkurn tíma verið áður notað til að standa undir framkvæmdum sem áður hafa verið fjármagnaðar af skatttekjum. Um þetta er kannske gleggst að taka dæmi og er þá dæmið um vegagerð í landinu mjög nærtækt.

Ef við skoðum þróunina að þessu leyti á undanförnum þremur árum hafa lántökur verið stórauknar til vegagerðar. Skattar hafa verið hækkaðir gífurlega á bensín, en samt sem áður er þeim varið í minna mæli til vega-

gerðar en áður. Tekjur ríkisins af bensínsköttum voru 1978 19 milljarðar 562 millj. kr., 1979 26 milljarðar 830 millj. og 1980 29.5 milljarðar kr. Hér er um sama verðlag að ræða. Mismunurinn er rétt tæpir 10 milljarðar kr. á sama verðlagi sem skattálögur á bensín eru auknar frá árinu 1978 til 1980. Á sama tíma er allt það fé, sem varið er af skatttekjum til vegagerðar, stórlega skert. 1978 var varið tæplega 21 milljarði til vegagerðar af skatttekjum og eru þá innifalin í því afborganir og vextir af lánum til vegagerðar, beint framlag ríkissjóðs og markaðar tekjur, en í ár 19.8 milljarðar eða tæpum milljarði minna á föstu verðlagi. En til þess nú að sýna einhvern lit á því að halda uppi vegaframkvæmdum í landinu eru lántökur stórauknar í þessu skyni.

Þetta er það sem hefur verið að gerast í ríkisfjármálunum undanfarin tvö ár. Menn hafa tekið stórauknar skatttekjur ríkisins til eyðslu úr ríkissjóði í mjög auknum mæli, en gripið til þess fangaráðs að afla lánsfjár til ýmissa framkvæmda á vegum hins opinbera sem síðan hefur auðvitað komið niður á atvinnuvegunum og þrengt stöðu þeirra til að fá lánsfé.

Um einstök atriði í þessari lánsfjáráætlun skal ég ekki ræða hér mjög. Það er búið að ræða þessa fjárfestingar- og lánsfjáráætlun nokkuð mikið, bæði í Sþ. og í deildum þingsins, auk þess sem fjh.- og viðskn. hafa fjallað mjög ítarlega um hana.

Í Nd. fluttum við sjálfstæðismenn ýmsar brtt. sem allar voru felldar. Þessar brtt. byggðust á því, að við lítum svo á að í þessu frv. sé gert ráð fyrir skerðingu margvíslegra sjóða, sem hafa félagsleg markmið, og það er gert ráð fyrir sömu skerðingu eða jafnvel meiri skerðingu þessara sjóða en almennra fjárfestingarlánasjóða. Skoðun okkar er sú, að fjárfestingarlánasjóðir eigi að standa undir sér að verulegu leyti og að ríkisframlög til fjárfestingarlánasjóða, sem sinna lánum til atvinnuveganna, eigi að vera mjög takmörkuð. Við höfum ekkert við það að athuga að gert sé ráð fyrir því að takmarka framlög ríkissjóðs til þessara sjóða ef þeir eru látnir lána fé sitt út með eðlilegum kjörum. En það er algjör firra að okkar mati, að ýmsir sjóðir, eins og Erfðafjársjóður, Bjargráðasjóður, Byggingarsjóður verkamanna og fleiri slíkir sjóðir, séu meðhöndlaðir á sama hátt og fjárfestingarsjóðir sem eiga að standa undir sér.

Við sjálfstæðismenn fluttum um þetta brtt. í Nd. Þær voru felldar, eins og ég sagði áðan, og við sjáum ekki ástæðu til að fara að endurtaka þær hér. Ég geri ráð fyrir því og við nm., sem skrifum undir það nál. sem ég mæli nú fyrir, að það sé þýðingarlaust að koma vitinu fyrir stjórnarsinna í þessum efnum frekar en öðrum, og höfum ekki hugsað okkur að endurtaka þann leik hér. En ég vænti þess og ég raunar veit það, að þessi stefna hlýtur að verða endurskoðuð við næstu fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, hverjir sem þá verða í forsvari, í meiri hl. hér á Alþ. og ríkisstj. Það hlýtur að koma að því að menn viðurkenni þá staðreynd, að hér er um að ræða hreina firru að fara þannig með þessa sjóði, sem eru hjálparsjóðir eða sjóðir til að sinna einhverjum mjög brýnum félagslegum verkefnum, að skerða þá á sama hátt og sjóði atvinnuveganna sem eiga að sjálfsögðu að standa undir sér.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 er athyglisvert hvernig búið er að sjóðum atvinnuveganna. Þar er gert ráð fyrir að lánveitingar atvinnuvegasjóðanna séu einungis 34.1 milljarður kr. eða um 59.3% af heildarlánveitingunum samkv. áætluninni. Þetta hlutfall hefur lækkað úr 67% 1978. Segir svo orðrétt á bls. 15 í skýrslu sem fylgir þessu frv.: „Lánveitingar atvinnuvegasjóðanna eru áætlaðar 34.1 milljarður kr. eða um 59.3% af heildinni og hafa lækkað hlutfallslega úr 67% 1978."

Ég vil aðeins í sambandi við fjárfestingarlánasjóðina lýsa áhyggjum mínum yfir því, hver framvindan mun verða um marga þeirra ef þessi lánsfjáráætlun gengur fram, en þó sérstaklega hvernig fara mun um innlenda skipasmíði ef á þeim málum verður haldið eins og þessi lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir. Mér skilst að vísu, að það sé meiningin að taka sérstakt erlent lán til innlendra skipasmíða, og það kemur raunar fram í þessari áætlun. En ástandið hefur verið þannig að Fiskveiðasjóður hefur ekki undanfarið samþykkt neinar nýjar innlendar skipasmíðar á þeim forsendum að lánsfjáráætlun liggi ekki fyrir, og að auki sýnist mér að hér verði mjög þröngt um á þessu sviði. Ég vildi gjarnan, herra forseti, spyrja hæstv. iðnrh. um þetta atriði og varðandi afstöðu Fiskveiðasjóðs undanfarna daga til innlendra skipasmíða og til innflutnings á skipum. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að verið er að ná í hæstv. iðnrh. Ég vona að hann komi innan tíðar).

Herra forseti. Ég sé að hæstv. iðnrh. hefur góðfúslega orðið við því að vera viðstaddur og svara hér fsp. út af afgreiðslu Fiskveiðasjóðs á lánum til innlendra skipasmíða. Ég sagði áðan að ég hefði af þessu áhyggjur og undanfarið hefði það komið fram gagnvart innlendum aðilum, sem hafa staðið í skipasmíðum, að Fiskveiðasjóður hefur borið það fyrir sig, að lánsfjáráætlun væri ekki afgreidd, og hefur ekki samþykkt samninga, sem skipasmíðastöðvar hafa lagt fram og hafa verið samþykktir af viðskiptabönkum viðkomandi aðila, á þeim forsendum að lánsfjáráætlun lægi ekki fyrir. Ég hef líka haft vissar áhyggjur af því, að þarna sé heldur þröngur stakkur skorinn, bæði að því er varðar lánsfjáráætlunina sem slíka og eins er mér kunnugt um að meiningin er að taka þarna erlend lán sérstaklega til að standa undir innlendum skipasmíðum. En spurningar mínar til hæstv. ráðh. eru alveg ákveðnar.

Mér skilst að fyrir skömmu hafi Fiskveiðasjóður synjað um að lána út á ákveðið skip hjá skipasmíðastöð. Forsendur fyrir þessari synjun veit ég ekki hverjar eru, en ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hann viti um þetta mál og hvort þarna sé um það að ræða að lánsfé sé af svo skornum skammti að dregið verði úr fyrrnefndum skipasmíðum á þessu ári.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðh. hvort honum sé kunnugt um að á sama fundi í stjórn Fiskveiðasjóðs og þessi synjun kom fram á, að samþykkja ekki samning skipasmíðastöðvar sem hafði samþykki banka, var samþykkt að lána 50% til innflutnings á skipi frá Noregi. Mér leikur forvitni á að vita hvort nefnd synjun stafar af því, að stjórn Fiskveiðasjóðs líti svo á að þetta fé muni ekki nægja til þess að innlendar skipasmíðastöðvar hafi eðlileg verkefni á þessu ári, og hvort um sé að ræða einhverja stefnubreytingu ríkisstj. í því að innflutningur á skipum komi til greina á sama tíma sem verði kannske eitthvað þrengt að þeim innlendu aðilum sem eru að smíða skip.

Þetta var fyrst og fremst það sem ég hafði hugsað mér að gera að umræðuefni að því er varðar einstaka þætti lánsfjáráætlunarinnar. Auk þess vildi ég, ekki síst af því að hæstv. iðnrh. er staddur hér í d., lýsa yfir þeirri skoðun

minni, að það sé tæplega gert ráð fyrir nægjanlegu fjármagni til að bora tvær holur við Kröflu, en fjármagn til þess er skorið niður um 10% eða það er gert ráð fyrir að greiðslur dragist til ársins 1981 eins og til ýmissa annarra verkefna. Ég held að öllum eigi að vera ljóst, að það sé nánast hrein firra að gera ekki úrslitatilraun til að bora eftir gufu við Kröfluvirkjun til að koma henni í gagnið við þær aðstæður sem nú ríkja í orkubúskap okkar og það verði að fá úr því skorið, hvort hægt sé að koma þeirri virkjun í gagnið, og því fyrr því betra, því takist þessi orkuöflun er þar um að ræða skjótfengnustu orku sem við getum fengið. Að sjálfsögðu er skynsamlegra að fá úr því skorið fyrr en síðar, hvort þessi virkjun getur komist í gagnið. Ég hefði talið æskilegt að bora þarna a. m. k. þrjár holur á þessu ári. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðh. fjallaði um þetta, ef hann talar hér á eftir út af fsp. mínum, því ég hef nokkrar áhyggjur af því að jafnvel borun tveggja hola verði erfið vegna þess hversu knappt er skammtað að þessu leyti.

Ég hef oft við fyrri tækifæri — eða nokkrum sinnum alla vega við fyrri tækifæri — gert nokkuð að umræðuefni þær forsendur sem þessi lánsfjáráætlun hvílir á. Í skýrslunni, sem fylgir frv., er nokkuð vel greint frá forsendum þessarar áætlunar. Þar er gert ráð fyrir verðlagsforsendum. Þar eru settar fram aðrar þjóðhagsforsendur. Allar þessar forsendur hefur þegar sýnt sig að eru orðnar úreltar. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Forsendur fjárlaga um kauplags- og verðlagsbreytingar voru þær, að kauptaxtar hækkuðu um 42% að meðaltali milli áranna 1979 og 1980, vísitala byggingarkostnaðar um 45% og neysluverðlag um 47%. Þessar forsendur voru reistar á áætlun fyrir fyrri hluta ársins og markmiðum niðurtalningarstefnu ríkisstj. um hækkanir á síðari hluta ársins. Þetta fól í sér að hækkunin frá upphafi til loka árs 1980 yrði rúmlega 30%."

Síðan segir: „Hins vegar er nú sýnt að verðlag hækkar meira á fyrri hluta ársins en gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrv. Nú er áætlað að hækkun framfærsluvísitölu frá febr.—maí verði vart undir 12—13% og að óbreyttu verðbótakerfi gætu laun hækkað um 11—11½% 1. júní." — Nú er vitað að hækkunin verður 11.7%.

Síðan segir, að takist niðurtalningin á síðari hluta ársins verði verðhækkun frá upphafi til loka árs innan við 40%, en meðalhækkun verðlags milli ára 1979 og 1980 væntanlega nálægt 50% vegna mikillar verðhækkunar á síðari hluta árs í fyrra.

Hér er verið að gefa sér forsendur sem eru löngu brostnar. Eins og við vitum hefur verðhækkun orðið núna 1. maí og kauphækkun 1. júní miklum mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og gert er ráð fyrir í þessari þjóðhagsspá. Það er t. d. gengið út frá því, að olíuverð í Rotterdam fari ekki hækkandi frá því að þetta plagg var skrifað, en sú hækkun hefur þegar orðið. Þannig mætti lengi telja brostnar forsendur fyrir þessari þjóðhagsspá.

Horfurnar í þessu efni eru ekki betri en það sem þegar er orðið ljóst. Við vitum að verðbólgan verður miklu meiri á þessu ári en gert er ráð fyrir í þessum forsendum og samkv. niðurtalningu ríkisstj. Allir kjarasamningar eru lausir og menn horfa fram á það að kaupmáttur taxtakaups allra launþega var núna í maílok rétt um 2% hærri en hann var fyrir sólstöðusamningana 1977. Þegar svo er ástatt er alveg ljóst að það er a. m. k. ekki við því að búast, að það takist kjarasamningar öðruvísi en um einhverjar breytingar á kaupi verði að ræða, a. m. k. hjá hinum lægst launuðu. Hvergi er gert ráð fyrir slíku í forsendum, hvorki þessarar lánsfjáráætlunar né fjárlaga. Allt eykur þetta á vandann og allt eykur þetta líkur fyrir því, að um verði að ræða miklu meiri þenslu og miklu meiri verðbólgu en jafnvel ríkir þegar líða tekur á árið.

Herra forseti. Stefna þessa frv. til lánsfjárlaga er skýr. Ríkisumsvif eru stóraukin á kostnað heimila og atvinnuvega. Lánsfjármagnið er tekið úr atvinnulífinu og því beint til opinberra viðfangsefna. Þrátt fyrir gífurlega aukna skattheimtu eru tekin lán til ýmissa framkvæmda sem áður voru fjármagnaðar með skatttekjum, t. d. vegamála. Þannig er eyðslustefnan í ríkisfjármálunum allsráðandi og hún látin stjórna skattheimtu og lántökum ríkisins. Eyðslufjárlög ríkisstj., sem afgreidd voru fyrir páska, og þenslulánfsfjárlög þau sem nú eru til afgreiðslu um hvítasunnu, magna þá gífurlegu verðbólgu sem ríkir í landinu. Í stað aðhalds á þessum sviðum ríkisfjármála og peningamála, skattalækkunar og takmarkaðrar lántöku á tímum sem þjóðartekjur rýrna fremur en hitt fer ríkisstj. þveröfuga leið. Sú þenslu- og eyðslustefna leiðir til vaxandi viðskiptahalla við útlönd, sem spáð er af Þjóðhagsstofnun, og stóraukinnar verðbólgu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Vegna fsp. frá hv. 3. þm. Norðurl. e. þykir mér rétt að veita honum nokkra úrlausn að því er snertir spurningar hans um innlenda skipasmíði og varðandi Kröfluvirkjun.

Ég heyri á máli hv. þm. að hann hefur nokkrar áhyggjur af því að fjármagn Fiskveiðasjóðs sé ekki svo ríflegt sem skyldi, þannig að einhver hætta geti verið á því að þau verkefni, sem annars takast samningar um varðandi skipasmíðar innanlands, hljóti ekki þá fyrirgreiðslu hjá Fiskveiðasjóði sem eðlilegt væri. Við undirbúning fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar hafði ég hliðstæðar áhyggjur um þetta efni og hv. þm. og ítrekaði það mjög við undirbúning þessarar lánsfjáráætlunar, að þarna yrði gætt vel að þannig að ekki kæmi til þess að draga þyrfti úr verkefnum hjá innlendum skipasmíðastöðvum af þessum sökum. Mér var tjáð af hæstv. fjmrh. og Framkvæmdastofnun, sem stóð að þeim áætlunum sem fram voru lagðar um þetta efni, að fyrir þessu ætti að vera séð svo að ekki þyrfti að koma til þess að þarna yrði um skerðingu að ræða.

Ég vil vitna í þessu sambandi til þess sem stendur í texta fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar varðandi innlenda skipasmíði og fyrirgreiðslu við hana, en það er á bls. 16, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir, á bls. 16:

„Eins og áður þarfnast Fiskveiðasjóður lánsfjár langt umfram aðra lánasjóði atvinnuveganna. Valda því hin miklu skipakaup liðinna ára. Þó ber þess að geta, að innlendar skipasmíðar hvers árs eru nú fjármagnaðar með beinum erlendum lánum meðan á smíði stendur, en lánin verða síðan yfirtekin af Fiskveiðasjóði. Lánveiting til Fiskveiðasjóðs samkv. lánsfjáráætlun, 6 900 millj. kr., skapar sjóðnum útlánagetu sem nemur 10 300 millj. kr. Af þeirri tölu eru þó um 3 200 millj. kr. bundnar vegna áður gerðra skipakaupa, tækjakaupa og viðgerða. Eru þá eftir um 7 100 millj. kr. til nýrra lána. Ætlunin er, að af þeirri fjárhæð verði 4 600 millj. kr. varið til lánveitinga til vinnslustöðva fiskiðnaðarins, enda afar brýnt að lokið sé hið fyrsta uppbyggingu hraðfrystihúsanna" o. s. frv. — Læt ég þessa tilvitnun nægja varðandi þetta.

Af þessu má ráða að um 2 500 millj. kr. séu þarna til ráðstöfunar vegna nýrra verkefna í skipasmíðaiðnaði, og

auk þess er gert ráð fyrir erlendri lántöku vegna innlendrar skipasmíði sem nemur 3 milljörðum kr. Heildarupphæðin virðist mér því vera um 5 500 millj. kr. sem þarna gæti verið til ráðstöfunar til þessa samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni. En um þetta segir nánar, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur:

„Í fiskiskipakaupum er reiknað með 18% samdrætti. Innlend skipasmíði og endurbætur voru með mesta móti á s. l. ári, og líklegt er að nýting afkastagetu skipasmíðastöðva, sem annast nýsmíði, hafi verið óvenjugóð. Innlend nýsmíði og endurbætur eru samtals metnar til yfir 10 milljarða kr. 1979, og á þessu ári eru horfur á að nýsmíði verði litlu minni eða sem samsvarar 1400 smálesta smíði ef umreiknað er í smálestir í skuttogurum, samanborið við 1500 smálestir á liðnu ári. Ákveðið hefur verið að fjármagna innlenda skipasmíði beint með erlendum lánum, sem komi í stað smíðalána Fiskveiðasjóðs, en þessi lánstilhögun er ekki fullfrágengin og getur hún ráðið nokkru um framkvæmdahraða. Endurbætur eldri skipa verða sennilega talsvert minni en á s. l. ári, enda minni verkefni fyrirliggjandi. Í spánni er reiknað með innflutningi þriggja togara, sem ákvarðanir hafa verið teknar um, en ekki reiknað með frekari kaupum fiskiskipa frá útlöndum á árinu."

Ég vænti þess, að það, sem hér liggur fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, hrökkvi fyrir þeim verkefnum, sem ráð er fyrir gert, án þess að til skerðingar þurfi að koma eða seinkunar á samningum um verkefni. Ég vil þó taka það fram, að sjálfur hef ég haft vissar efasemdir um að þarna sé fyllilega raunsætt mat á ferðinni, en svör við fsp. og eftirgrennslan voru ekki á þá lund að ástæða væri talin til að flytja brtt. um þetta við undirbúning fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar.

Varðandi þau tilvik sem hv. þm. vék að, að hafnað hafi verið láni út á tiltekið skip hjá Fiskveiðasjóði, en samþykkt að lána fyrir innflutningi á skipi frá Noregi, get ég ekki veitt hér nein svör þar sem mér er ekki kunnugt um þessi tilvik. Þau hafa ekki komið til kasta í mínu rn. og ég hef engar upplýsingar fengið þar að lútandi og ekki tilfærði hv. þm. nákvæmlega þau dæmi. Nú getur verið ýmislegt sem veldur því, að umsóknir um lán úr Fiskveiðasjóði hljóti ekki staðfestingu á þeim tíma sem menn vænta þess, vegna þess sumpart að formsatriðum sé ekki fullnægt sem skyldi, þ. á m. þeim hluta sem væntanlegum eiganda er ætlað að leggja fram sjálfum. Ég skal ekkert um það dæma, hvað um var að ræða í því tilviki sem hér var nefnt.

En fyrir utan það sem hér greinir er rétt að geta þess, að til hagræðis í skipasmíðaiðnaði og framkvæmda við dráttarbrautir er gert ráð fyrir lántöku sem nemur um 650 millj. kr. Við í iðnrn. lögðum á það sérstaka áherslu, að þetta fjármagn fengist og því yrði varið í samræmi við áætlun sem sérstakur starfshópur, sem vann á vegum rn. með aðild Vita- og hafnamálaskrifstofunnar, gerði tillögur um í vetur, og að þessu lánsfjármagni verði varið til þess að fjármagna þann hluta sem ríkissjóði ber að inna af hendi lögum samkv. varðandi slíkar framkvæmdir, en það nemur um 40% af framkvæmdaupphæð. Auk þess er gert ráð fyrir að Iðnlánasjóður geti í ár sem á liðnu ári veitt hagræðingarlán til skipasmíðastöðva og í umsóknum iðnrn. um fjárveitingar til sjóðsins var gert ráð fyrir 600 millj. kr. fjárveitingu í þessu skyni. Heildarfjárveiting fékkst ekki eins og um var sótt, þannig að það getur verið að eitthvað minna verði til ráðstöfunar, en alla vega mun það nema umtalsverðu fjármagni sem þannig rennur til endurbóta og hagræðingar í skipasmíðastöðvum og ætti að verða til að bæta framleiðni þeirra svo sem veruleg nauðsyn er að takist.

Þá vil ég stuttlega geta Kröfluvirkjunar og þeirra framkvæmda sem þar eru áformaðar. Upphæðin, sem gert var ráð fyrir á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, um 1750 millj. kr., er byggð á því, að boraðar yrðu tvær holur fyrir Kröfluvirkjun og möguleiki væri á að tengja báðar. Mér sýnist að sú 10% skerðing, sem hér er gert ráð fyrir, geti stefnt þessu áformi í nokkra tvísýnu. En möguleikar ættu þó að vera á því að leita eftir frekara fjármagni eða fjármagna það með innlendu fé að hausti ef útlit er þannig að nýtanleg gufa fáist úr báðum þessum holum, svo sem vissulega er ástæða til að vona að geti orðið. Ég geri ekki ráð fyrir að með þann orkuskort, sem fyrirsjáanlegur er í landskerfinu á komandi vetri, verði látið stranda á 100 eða 200 millj. kr. að nýta hugsanlegt afl sem fengist við ráðgerðar boranir fyrir Kröfluvirkjun í sumar.

Frsm. 3. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mun hvorki fjölyrða um einstaka þætti í þessu frv. til lánsfjárlaga né heldur einstaka þætti í lánsfjáráætluninni. Lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun er að sjálfsögðu ætlað að sýna stefnu ríkisstj. í fjárfestingarmálum, í peningamálum og að því er varðar þá lánsfjármarkaðinn. Fyrirliggjandi lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga einkennast að sjálfsögðu af fáeinum meginatriðum, nefnilega verulegri aukningu heildarfjárfestingar, mjög verulegri aukningu erlendra skulda, sérstakri hækkun á fjárfestingu hins opinbera, en stöðnun í fjármunamyndun og uppbyggingu hjá atvinnuvegunum. Um eiginlega peningamálastjórn, sem er þó ekki síðri þáttur í þessum málum, verður hins vegar lítið ráðið af þessum gögnum annað en að ætlunin sé að mjólka bankakerfið og lífeyrissjóði til að standa undir almennum opinberum umsvifum í fjárfestingum.

Að því er varðar peningamál og lánsfjármarkaðinn sé ég ástæðu til að fara um það nokkrum orðum.

Það er áreiðanlega svo, að fátt er nauðsynlegra íslensku efnahagslífi en styrk og sanngjörn peningamálastjórn og aukning í innlendum sparnaði. Þetta er nauðsynlegt til að ná jafnvægi í efnahagslífinu og hamla gegn verðbólgu. Einn mikilvægasti þáttur slíkrar peningamálastjórnar er auðvitað jákvæð raunávöxtun og verðtrygging sparifjár. Ég held að það sé vafalaust, að þau spor, sem stigin voru á s. l. ári í þessa átt, lofuðu góðu. Það er hins vegar hörmulegt að horfa upp á flótta ríkisstj. frá verðtryggingu sparifjár. Það hefur líka haft þau áhrif, að almennur sparnaður hefur stórminnkað og fé streymir nú út úr bönkunum, eins og hv. þm. Lárus Jónsson gerði að umtalsefni áðan. Þrátt fyrir góð aflabrögð og miklar gjaldeyristekjur er þetta auðvitað mikið áhyggjuefni, en bein afleiðing af þeim ákvörðunum sem ríkisstj. tók í sambandi við vextina hinn 1. mars. Með þessu háttalagi hefur ríkisstj. jafnframt prettað sparifjáreigendur.

Það er kaldhæðnislegt, að einmitt við þessar aðstæður, sem einnkennast af fjárflótta úr bankakerfinu, skuli ríkisstj. ætla sér samkv. lánsfjáráætlun sinni að draga til sín í opinber umsvif 20.4 milljarða kr. út úr bankakerfinu, en það er 124% aukning frá fyrra ári. Það er augljóst, að afleiðingin af þessari stefnu við minnkandi sparnað og þar með minnkandi útlánagetu bankakerf-

isins verður sú, að útlán til almennings, sem þarf á fyrirgreiðslu að halda vegna stundarvanda, vegna íbúðakaupa og húsbygginga ellegar til að standa undir skattaálögum ríkisstj., munu minnka. Staðreyndin er nefnilega sú, að þegar að herðir í þessum efnum eru það ekki fyrst og fremst stórfyrirtækin, olíufélögin, heildsalarnir eða SÍS, sem hert er að, heldur er það almenningur, sem stendur þó ekki undir nema u. þ. b. 20—25% af útlánunum í kerfinu. Það er að þeim sem fyrst og fremst er þrengt.

Ég get dregið stefnu ríkisstj. í peningamálum saman í þrjú meginatriði:

1) Svik við sparifjáreigendur með því að hverfa frá lögmarkaðri stefnu.

2) Þuraustur bankakerfisins í umsvif ríkisins.

3) Að þessu tvennu samanteknu: Niðurskurð í lánsfjármöguleikum alþýðu til að greiða úr stundarvanda í lífskjarabaráttunni við rýrnandi kjör, m. a. vegna skattastefnu ríkisstj.

Alþfl. hefur lagt ríka áherslu á jákvæða raunvaxtastefnu og verðtryggingu sparifjár, verið frumkvöðull þessarar stefnu og oft eini talsmaður hennar. Ríkisstj. Alþfl. hækkaði innlánsvexti um 4% 1. des. s. l. jafnframt því sem gróði bankanna var þá skorinn niður um 1.5 prósentustig til hags fyrir sparifjáreigendur. Á þessum aðfangadegi kosninga hafði enginn hinna flokkanna neina stefnu í vaxtamálum og fulltrúar hinna flokkanna í bankaráði Seðlabankans guldu hver um sig sína afsökun fyrir stefnuleysi og meðmælum með algeru aðgerðaleysi í vaxtamálum á þessum aðfangadegi kosninga. En jafnframt ákvörðun ríkisstj. Alþfl. um vaxtahækkun 1. des. s. l. var svo gerð atrenna að fjórum öðrum þáttum peningamálastjórnar sem Alþfl. telur ófrávíkjanlega þætti raunhæfrar raunvaxtastefnu, en hefur ekki verið sinnt sem skyldi, hvorki fyrir þennan tíma né síðar.

Í fyrsta lagi er viðskiptabönkunum gert að kynna almenningi hverra lánskjara hann ætti kost. Þá voru birtar nokkrar auglýsingar frá bönkunum um þetta efni, en síðan ný ríkisstj. tók við völdum hafa þær ekki sést. Það er alkunna, að almenningur hefur of litla hugmynd um þessi atriði, og væri því ástæða til að leggja sérstaka upplýsingaskyldu á bankana varðandi þau lánakjör sem eru fyrir hendi.

Í öðru lagi var því beint til bankanna að gera sérstakt átak til að lengja lánstíma hjá lántakendum og létta þannig greiðslubyrði þeirra. Augljóslega er slík lenging lánanna og jöfnun greiðslubyrði forsenda þess, að alþýðuheimili, sem þurfa á lánum að halda, geti risið undir þeirri vaxtahækkun sem raunvaxtastefnan og verðtrygging fjárskuldbindinga felur í sér við ríkjandi aðstæður. Viðskrh. úr röðum Alþb. og Framsfl. virðast þó ekki hafa skynjað þessa hlið málsins, a. m. k. verður ekki annað séð af aðgerða- og áhugaleysi þeirra á þessu sviði.

Í þriðja lagi beitti ríkisstj. sér fyrir því til að tryggja hag útflutningsatvinnuveganna, að hlutfall þeirra lána, sem viðskiptabankarnir bæta við endurkaup og lána út á útflutningsafurðir, yrði rýmkað um sem svarar 2% af endurkaupalánunum og jafnframt að þau fylgi jafnan uppfærðu andvirði endurkaupalánanna.

Fjórði þátturinn var sá, að því var beint til Seðlabankans að koma því í kring með sérstakri könnun, að innlánsstofnanir greiði viðskiptavinum sínum vexti af innistæðum mánaðarlega. Með þessu móti væri komið til móts við sparifjáreigendur í þeirri verðbólgu, sem nú geisar, þannig að þeim væri raunveruleg peningaeign tiltæk á hverjum tíma, en vaxtahluti hennar ekki frystur til eins árs eins og nú tíðkast. Ekki hefur heldur um þetta mál heyrst hósti né stuna frá núv. ríkisstj. fram að þessu.

Ríkisstj. Alþfl. fylgdi þessum málum eftir með bréfum til Seðlabanka Íslands, og með bréfum til viðskiptabankanna og ítrekaði þetta sérstaklega hinn 8. janúar, þegar okkur þótti fullseint ganga að koma fram þeim breytingum sem við höfum lagt ríka áherslu á. Þó er mér kunnugt um að fyrir utan þá kynningu á lánskjörum, sem átti sér stað, átti sér stað nokkur lenging á lánum hjá viðskiptabönkum, svo ekki var þetta til einskis gert. En miklu betur þarf að þessu að vinna og á þessu að taka.

Með því að halda á málum með þessum hætti tel ég að ríkisstj. Alþfl. hafi unnið að því að koma jöfnum höndum til móts við hag sparifjáreigenda og þarfir lántakenda um jöfnun greiðslubyrði og þannig unnið að því að koma á skipulegri verðtryggingu sparifjár og lánsfjár og renna þannig stoðum undir aukinn innlendan sparnað. Þessi leið er hin eina mögulega til að efla innlendan lánsfjármarkað og koma á heilbrigðu peningamálakerfi. Núv. ríkisstj. hefur hins vegar fylgt öndverðri stefnu. Af því hefur hlotist tjón sem erfitt verður að bæta því að trausti sparifjáreigenda og stefnu og aðgerðum hins opinbera hefur verið spillt. Það sýnir sig í fjárflóttanum úr bankakerfinu. Slíkt traust sparifjáreigenda verður torvelt að endurheimta, jafnvel þó menn hafi áhuga á að fikra sig að nýju inn á þá braut sem út af var horfið. Áform ríkisstj. um innlenda lánsfjáröflun úr bankakerfinu til opinberra umsvifa fá á hinn bóginn trauðla staðist nema á kostnað lánafyrirgreiðslu til almennings í þessu landi.

Víkjum þá að hinni hlið þessara mála, fjárfestingarstefnunni. Samkvæmt áætlunum ríkisstj. á heildarfjárfesting í landinu að aukast úr 25.3% af vergri þjóðarframleiðu á s. l. ári í 26.6%. Þessa aukningu má að sjálfsögðu vega á móti ráðstöfunarfé heimilanna. Ef fjárfestingu hefði verið haldið sem óbreyttum hluta af þjóðartekjum milli ára hefði verið unnt að auka ráðstöfunarfé heimilanna um 16 milljarða miðað við þann viðskiptajöfnuð sem ríkisstj. miðar við í áætlunum sínum og sættir sig við, þ. e. þann viðskiptahalla upp á 16 milljarða sem þar er að sjá. (**Gripið fram í:** Verðbólgan.) Aukning fjárfestinga mun reyndar hafa verðbólguhvetjandi áhrif þrátt fyrir allt hjal um niðurtalningu verðbólgu. Með þessum hætti vinnur ríkisstj. þannig gegn því í reynd sem hún boðar í orði, eins og reyndar á fleiri sviðum. Alþfl. telur að setja verði heildarumsvifum í þjóðfélaginu fastákveðin hæfileg mörk ef takast eigi að ná jafnvægi í efnahagsmálum. Fjárlög og lánsfjáráætlun ríkisstj. samrýmast ekki skynsamlegu aðhaldi í þessum efnum. Aðhaldstal ríkisstj. beinist því greinilega að öllum öðrum en henni sjálfri. Hún ætlar sér sífellt meira í eigin hlut, en krefst aðhalds af öðrum. Þess aðhalds getur hún ekki vænst af öðrum meðan hún stundar óhefta aðdrætti til sín í sköttum, í verðlagi á opinberri þjónustu og í lánsfjáráætlun.

Umsvif þau, sem birtast í lánsfjáráætlun ríkisstj., einkennast í fyrsta lagi af svo miklum heildarumsvifum að þau munu auka á verðbólguþrýsting á sama tíma og ríkisstj. boðar hið gagnstæða í orði. Í öðru lagi einkennast þau af sérdrægni ríkisstj. til handa sem ómerkir auðvitað tal ríkisstj. og ríkisstjórnarflokkanna um almennt aðhald til að draga úr verðbólgu. Og í þriðja lagi einkennist hún af tilflutningi á fé í fjárfestingu, sem

annars gæti nýst til að bæta kjör heimilanna, miðað við þann halla á viðskiptum við útlönd sem ríkisstj. sættir sig við.

Innan ramma heildarumsvifa fjárfestingar er það meginverkefni ríkisstj. að marka stefnu að því er varðar fjárfestingu í hinum ýmsu þáttum þjóðarbúskaparins. Í þeim efnum á það við að velja og hafna, því að öllum óskum og löngunum verður ekki fullnægt. Í þessu vali birtist þá hvers konar uppbyggingu eigi að leggja sérstaka áherslu á. Rangt val fjárfestingar rýrir lífskjörin. Nærtæk dæmi um slíkar ríkisstjórnarákvarðanir eru til um fjárfestingu sem reynst hefur baggi á þjóðinni. Það dugir auðvitað að nefna Krófluævintýrið í því sambandi þótt vel mætti rekja fleiri dæmi.

Alþfl. hefur lagt megináherslu á að fjárfestingarval væri vel undirbúið og líklegt til að skila góðum arði sem runnið gæti til að bæta kjör launafólks. Í samræmi við þetta hefur Alþfl. bent á fáeinar grundvallarstaðreyndir sem marka verði fjárfestingarstefnuna. Þær eru þessar:

1) Að framleiðsla landbúnaðarafurða umfram innanlandsþarfir er þjóðhagslega óhagkvæm og rýrir því lífskjörin og stefnir í reynd kjörum og afkomu bænda í óvissu.

2) Þá er fiskiskipastóllinn of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofna. Stækkun skipastólsins mun rýra afkomu sjómanna, útgerðar og þjóðarinnar allrar.

3) Þá er fiskvinnslan vanvædd tæknilega séð. Í tæknilegum framförum í fiskvinnslunni felst einhver arðvænlegasti vaxtarbroddur íslensks efnahagslífs og þar með lífskjarabóta fyrir Íslendinga. Þar á ofan ríður mikið á því til að tryggja markaði okkar, að við Íslendingar séum í fararbroddi annarra þjóða í verkun fisks, tæknilega, gæðalega og kostnaðarlega. Við eigum því mikið undir því að framfarir séu í fiskvinnslunni.

4) Íslenskur iðnaður er vanþróaður. Framleiðni er þar minni en í iðnaði í grannlöndum okkar. Uppbygging hans og skipuleg framleiðniaukning ætti því að skila ríkulegum ávexti.

Þessi fjögur atriði verða að vera meginatriði fjárfestingarstefnu ef á að ná raunhæfum árangri í endurreisn efnahagslífsins og skapa þannig grundvöll að lífskjarabótum. Áform ríkisstj., eins og þau birtast í lánsfjáráætlun og ákvörðunum hennar, samrýmast ekki þessum markmiðum.

Í fyrsta lagi gerir ríkisstj. ráð fyrir því samkv. lánsfjáráætlun sinni, að fjárfesting í landbúnaði verði 14.8 milljarðar kr. Slík fjárfesting í framleiðsluaukningu mun engum þjóðhagslegum arði skila, heldur einnig verða til að auka enn á vandann í greininni og rýra afkomu okkar allra.

Í annan stað fela nýlegar ákvarðanir ríkisstj. í sér að enn verði fiskiskipastóllinn aukinn með fiskiskipainnflutningi, sem hafði þó áður verið stöðvaður. Um þetta atriði er lánsfjáráætlun reyndar óraunhæf því að hún sýnir ekki þessa stefnubreytingu ríkisstj. Engu að síður er ljóst að stefna ríkisstj. í þessu efni er til óheilla. Aukning skipastólsins samkv. stefnuákvörðun ríkisstj. mun bitna á afkomu sjómanna og útgerðar og okkar allra í reynd, því að sífellt minna kemur í hvern hlut í fiskveiðunum þegar skipastóllinn vex, en tilkostnaður veiðanna eykst á hinn bóginn.

Ég sagði að stefnuákvörðun ríkisstj. í þessum efnum kæmi ekki fram í lánsfjáráætluninni eins og hún birtist. Er auðvelt að ganga úr skugga um það, því að einungis er gert ráð fyrir að þrjú skip verði flutt inn, þ. e. tvö frá Portúgal og eitt á Norðfirði. Mér vitanlega hefur eitt skip þegar bæst við í þessum efnum, sem kom til Hafnarfjarðar, og fyrir einu til viðbótar hefur verið veitt leyfi á Ísafirði. Og eftir lausasögum, sem ég heyrði í dag, hefur reyndar verið líka veitt leyfi fyrir því, að það skip, sem þá ætti að fara út, færi ekki úr landi. Þar yrði líka um innflutning að ræða. Ég er því kominn upp í 5—6 skip, en ekki 3 eins og gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun ríkisstj. — Annars er það furðulegasta við þetta mál, að menn skuli með öðru orðinu boða eflingu innlends skipasmíðaiðnaðar, en á hinn bóginn standa fyrir innflutningi sem getur ekki gert nema stækka skipastólinn og rýra kjörin og bitna á íslenskum skipasmíðaiðnaði.

Það er reyndar svo varðandi skipasmíðaiðnaðinn, sem hv. þm. Lárus Jónsson og hæstv. iðnrh. gerðu að umtalsefni áðan, að þar er ekki heldur sérlega vel fyrir séð. Það er gert ráð fyrir 3000 millj. í erlendum lántökum, en það er þegar búið að lofa 3.5 milljörðum í Fiskveiðasjóði, þannig að þar vantar líka hálfan milljarð upp á. Og hvað eiga svo skipasmíðastöðvarnar að gera fyrir þessa 3.5 milljarða? Jú, það er hálfur milljarður vegna viðgerðaverkefna og síðan eru lán veitt út á fjögur skip: eitt hjá Stálvík, eitt hjá Þorgeir og Ellert, eitt á Akureyri og eitt hjá Marsellíusi Bernharðssyni. Ætli þetta nægi innlendum skipasmíðaiðnaði? Smábátar gera menn ráð fyrir að verði unnið fyrir 1.1 milljarð. Ég get ekki séð betur en að hérna vanti 2—3 milljarða til þess að innlendur skipasmíðaiðnaður hafi þau verkefni sem hafa verið talin nauðsynleg til þess að hann gæti gengið snurðulaust. Þessu vil ég sérstaklega vekja athygli á.

Þriðja atriðið að því er varðar áform ríkisstj., sem ég vil gera að umtalsefni og tengist þeim meginmarkmiðum sem ég var að geta um áðan, varðar fiskvinnsluna. Á s. l. ári tókst að auka fjárfestingu í fiskvinnslunni um 20%, eins og menn geta séð af þeim gögnum sem fylgja lánsfjáráætlun. Þessi fjárfesting var ekki síst í tæknilegum endurbótum. Þannig tókst á s. l. ári að marka nýja braut í þessum efnum, og þetta er í fyrsta skipti í langa hríð sem fjárfesting í fiskvinnslunni kemst upp fyrir fjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ef ég man rétt, svo furðulegt sem það má heita. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er meginatriði til að styrkja stöðu þjóðarbúsins að áfram verði haldið á þeirri framfarabraut sem hafin var í fyrra. En samkv. áformum ríkisstj. er þó öld snúin, því að ríkisstj. ætlar fjárfestingu í fiskiðnaði að standa í stað þrátt fyrir öll fyrirheitin um framleiðniaukningu í fiskiðnaði. Sannast hér enn að sitthvað eru orð og efndir hjá núv. ríkisstj.

Það var fróðlegt að heyra það áðan hjá hæstv. iðnrh., að honum sýndist að það ætti að verja 4.6 milljörðum í fjárfestingu í fiskvinnslunni úr Fiskveiðasjóði. Í sjútvrn. hafði farið fram sérstök athugun á því, hver væri sú lágmarksfjárhæð sem kæmi til álita til að sinna brýnustu verkefnum í þessum efnum. Maður hefði haldið að sú ríkisstj., sem sérstaklega legði fyrir sig að boða framleiðniaukningu, færi frekar yfir lágmarkið en undir. Það lágmark var 7.5 milljarðar. Hér talaði iðnrh. um það sem stórt afrek að 4.6 milljarðar færu í fjárfestingu í fiskvinnslunni á vegum Fiskveiðasjóðs. Sannleikurinn í málinu er hins vegar sá, að þær skuldbindingar, sem hafa verið gerðar, munu ekki gera Fiskveiðasjóði kleift að lána þessa 4.6 milljarða á þessu ári sem iðnrh. gerði að umtalsefni. Það má gott heita ef það slefar í 4 milljörð-

um, miðað við stöðuna eins og hún er núna. En þá er líka eftir að leysa þau atriði í sambandi við skipasmíðaiðnaðinn sem ég gerði að umtalsefni áðan. Venjulegast hefur það bitnað á fiskvinnslunni. Hún hefur verið látin vera útundan.

Fjórða atriðið, sem ég vil gera að umtalsefni, er það, að ekki er sjáanlegt neitt átak til framleiðniaukningar í íslenskum iðnaði samkv. áformum ríkisstj. eins og þau birtast í lánsfjáráætlun. Almennum iðnaði er ekki ætlað að auka fjárfestingu sína um nema 3%. Þannig verður ekki séð að ætlunin sé að efla iðnaðinn neitt sérstaklega, hvað sem líður öllu tali um framleiðniaukningu í iðnaðinum sem við höfum hér fengið að hlusta á af vörum ýmissa talsmanna stjórnarflokkanna aftur og aftur.

Það er þannig sama hvert þessara fjögurra atriða maður tekur til viðmiðunar, það verður ekki séð að stefna ríkisstj. sé til framfara. Það er veruleg fjárfesting í landbúnaði. Fjárfesting í framleiðsluaukningu í þeirri grein mun ekki skila þjóðhagslegum arði. Það hafa verið teknar ákvarðanir um að auka fiskiskipastólinn. Það mun verða til að draga úr lífskjörum hér á landi. Í þriðja lagi hefur verið ákveðið að velja stöðnun í fjárfestingu í fiskvinnslunni í stað þeirrar framfarabrautar sem komið var inn á. Og það er ekki sjáanlegt neitt átak í framleiðniaukningu í iðnaði.

Af þessu ætti að vera ljóst að stefna ríkisstj. er í grundvallaratriðum röng. Alþfl. telur að meginstefnubreyting þurfi að eiga sér stað, bæði í fjárfestingarmálum og peningamálum, til þess að hér náist raunhæfur árangur. Þeirri breytingu verður ekki náð fram með breytingum á lánsfjárlögunum einum. Þess vegna sjá þm. Alþfl. ekki ástæðu til þess á þessari stundu og eftir þá umfjöllun, sem málið hefur fengið í Nd., að flytja brtt. við frv. til lánsfjárlaga. En því miður verður það að segjast, að sú stefna, sem birtist í þeim gögnum sem fyrir okkur eru lögð í lánsfjáráætlun og í frv. til lánsfjárlaga, stefnir ekki til heilla. Það verður ekki séð að það hafi verið vikið inn á þá framfarabraut sem aðeins örlaði þó fyrir á fyrra ári. Þvert á móti er það stöðnun og þá einkum og sér í lagi í uppbyggingu atvinnuveganna sem vekur ugg í sambandi við þau áform sem ríkisstj. hefur nú uppi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það væri ástæða til að ræða margt í þessu frv. En ég mun ekki hverfa að því ráði. Ekki einu sinni hefur mér komið til hugar nú að bera fram sjálfsagðar brtt., eins og t. d. brtt. varðandi 19. gr. frv. um að ekki verði skorinn niður, eins og gert er með þessari grein, hluti af launaskattinum sem á samkv. lögum að ganga til Byggingarsjóðs ríkisins. Þessi grein þýðir að á þessu ári eru teknir 3.8 milljarðar kr. frá Byggingarsjóði ríkisins til að setja í ríkissjóð. Ég ætla ekki heldur og hef ekki heldur borið fram brtt., sem hefði verið ástæða til, við 20. gr. frv., en 20. gr. frv. skerðir það fé sem samkv. lögum á að ganga úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs verkamanna.

En hvers vegna ber ég ekki fram till. um þetta? Það er vegna þess að ég held að svo illa sé komið fyrir okkur að það sé vonlaust að bera fram brtt., jafnvel um svo sjálfsögð mál sem þessi tvö sem ég hef hér drepið á, hvað þá um annað. Ég hef samt látið mér koma til hugar að hæstv. ríkisstj. sé ekki alls varnað. Því hef ég af miklu lítillæti, en þó í vitund um að málið er mjög þýðingarmikið, borið fram till. ásamt tveim félögum mínum, hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni og Lárusi Jónssyni, á þskj. 630. Þessi brtt. er við 29. gr. frv., en 29. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. er heimilt að lækka áformuð lánsfjármögnuð útgjöld fyrirtækja og stofnana í B-hluta fjárlaga um 2612 millj. kr. á árinu 1980."

Það er furðulegt, að samkv. upplýsingum, sem fjh.- og viðskn. hafa fengið um það í hverju þessi niðurskurður er fólginn, kemur hann harðast niður á þeim málaflokki sem ríkisstj. samkv. málefnasamningi sínum segir að eigi að hafa forgang. Ég á við orkumálin. Allir þeir liðir, sem gert er ráð fyrir að þessi niðurskurður komi niður á, eru mjög þýðingarmiklir. En ég hef leyft mér ásamt félögum mínum að bera fram brtt. sem varðar einungis einn af þessum liðum og það er Vesturlína. Brtt. er sú, með leyfi hæstv. forseta, að það komi við 29. gr. svo hljóðandi viðbót: „Heimild þessi nær ekki til útgjalda vegna Vesturlínu."

Þessi till. byggist á því, að hér er um alveg einstakt mál að ræða. Ég hygg að það geti ekki verið ágreiningur um að svo sé. Vesturlínu var byrjað að reisa árið 1978. Það var í upphafi gert ráð fyrir að því verki yrði lokið haustið 1979. Orkubú Vestfjarða var stofnað á þeirri forsendu. Nú var ekki staðið við þetta. Ég skal ekki fara að innleiða neinar umræður hér um hvers vegna það var eða hverjir bera ábyrgð á því. Það er liðin tíð og þjónar engum tilgangi að fara að ræða um það. En þegar framkvæmdatíma Vesturlínu var breytt og horfið var frá að ljúka henni á árinu 1979 var lýst yfir þegar af fyrrv. ríkisstj. að þessu verki skyldi lokið á árinu 1980. Allar framkvæmdir við Vesturlínu hafa verið miðaðar við þetta. En samkv. áætlunum og eins og fram kemur í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir að það þurfi að verja til Vesturlínu á þessu ári 4387 millj. kr. Þá er reiknað með að verkinu verði lokið og hægt að tengja Vestfirði við aðalorkusvæði landsins og spara Vestfirðingum og þjóðfélaginu í heild olíukostnað sem nemur milljörðum króna.

Nú felur 29. gr. þessa frv. í sér heimild til að skerða þá upphæð, sem lánsfjáráætlunin ætlar til Vesturlínu, um 438 millj. kr. Þetta þýðir að þessu verki verður ekki lokið á þessu ári, með skelfilegum afleiðingum fyrir Vestfirðinga og ég vil segja fyrir þjóðfélagið í heild vegna þess að hér eru svo miklir hagsmunir í veði. Það er svo með framkvæmd eins og rafmagnslínu að það stoðar ekki að langt sé komið verkið. Það verður ekki notast við það sem komið er ef það vantar þráð til þess að samtenging geti orðið.

Mér sýnist að þetta mál sé þess eðlis að það sé raunar óþarfi að hafa fleiri orð um það. En ég vildi mega vonast eftir því, að hæstv. ríkisstj. sæi að það væri óráð að skera þessa framkvæmd niður eins og heimilað er samkv. frv. því sem við nú ræðum.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. hvort þetta sé ekki réttur skilningur hjá mér: Í fyrsta lagi, að það hafi verið lofað og gert ráð fyrir að þessu verki, Vesturlínu, yrði lokið á þessu ári. Í öðru lagi, að það væri fyrir það fólk, sem þetta varðar mest, og þjóðhagslega hin mesta óhæfa ef horfið verður frá þessu. Ef hæstv. ráðh. er mér sammála, sem ég vil leyfa mér að vona í lengstu lög, má þá ekki vænta þess, að þessi sjálfsagða till. verði samþykkt?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., hefur borið

fram fsp. sem varðar Vesturlínu. Hann hefur einnig flutt brtt. við frv. til lánsfjárlaga sem lýtur að því að tryggja að ekki verði um neinn niðurskurð fjármagns að ræða til þessarar framkvæmdar. Hann spyr í fyrsta lagi: Verður lagningu Vesturlínu lokið á þessu ári? Og í öðru lagi: Er það ekki þjóðhagslega óhagkvæmt ef tenging línunnar frestast til næsta árs?

Ég vil svara þessum spurningum á þann veg, að ég vænti þess eindregið að Vesturlína verði tengd á þessu ári. Ég er fullkomlega sammála hv. þm. um að það væri svo þjóðhagslega óhagkvæmt, ef tenging línunnar frestaðist um eitt ár, að það komi ekki til greina að láta það gerast.

Það er rétt hjá hv. þm., að í 29. gr. frv. er gert ráð fyrir að fjmrh. sé heimilt að lækka áformuð lánsfjármögnuð útgjöld fyrirtækja og stofnana í B-hluta fjárlaga um 2 milljarða 612 millj. kr. á árinu 1980. Þessi lækkunarheimild er þannig hugsuð í grófum dráttum að framkvæmdir í B-hluta fjárlaga og fjármögnun til þeirra lækki um 10% að jafnaði. Þannig er það með liðinn Byggðalínur, að gert er ráð fyrir að hann lækki um liðugar 500 millj. — Ég hef því miður ekki lánsfjáráætlunina fyrir framan mig, en vegna þess að hv. þm. ætlar að lána mér hana get ég flett upp í henni.

Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að fjármögnun til byggðalína nemi alls 5579 millj. kr. En vegna þessarar 10% lækkunar, sem ég hef nú greint frá og öllum hv. þm. er kunnugt um, er ekki gert ráð fyrir að afgreiða á þessu ári fjármagn til byggingar byggðalína nema sem nemur 5 milljörðum 21 millj. Niðurskurðurinn nemur því 558 millj. kr. Rafmagnsveitur ríkisins hafa þessa framkvæmd með höndum og munu að sjálfsögðu taka endanlega ákvörðun um það í samráði við iðnrn. og fjmrn., hvernig þessum niðurskurði verður háttað. Það má ekki ganga út frá því sem gefnu að allar framkvæmdir verði skornar niður um nákvæmlega 10% í B-hluta fjárlaganna. Það getur þurft að færa þær eitthvað til eftir því sem á stendur með verk.

Ég hef kynnt mér hvernig kostnaðaráætlun fyrir uppbyggingu Byggðalínu stendur nú. Seinasta áætlun er frá 16. maí s. l. Þar er gert ráð fyrir að kostnaður við línuna verði þessi: Við línuna sjálfa 3593 millj. kr., en við aðveitustöðvar í Hrútatungu 30 millj., við Glerárskóga 96 millj. og við Mjólká 258 millj. — eða alls 384 millj. til aðveitustöðva — og til lagningar háspennulína 157 millj. Samtals virðist því útlit fyrir að línan muni kosta 4 milljarða 134 millj. kr. Ég geri ráð fyrir að einhver kostnaður kunni að vera til viðbótar við lagningu þessarar línu sem unnt sé að fresta til næsta árs. A. m. k. er ljóst að kostnaðaráætlunin er allnokkru lægri en gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Ég hef nefnt hér töluna 4 milljarðar 134 millj. kr., en framlag samkv. lánsfjáráætlun var 4 milljarðar 387 millj. Ljóst er því að framkvæmdir við Vesturlínu má skera niður um 253 millj kr. án þess að nokkur hætta sé á að línan komist ekki í gagnið á þessu ári. Hvort einhverjum frekari verkum má fresta þannig að línan komist í gagnið engu að síður get ég ekkert um sagt á þessu stigi. Það er verið að athuga það nánar. Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri og aðalhönnuður línunnar, einn af forstöðumönnum Rafteikningar, eru nú í skoðunarferð meðfram þessari línu á allri leiðinni, allt að Mjólká, og þeir munu vafalaust endurskoða þessa áætlun eftir að þeirri ferð lýkur.

Ég ítreka það, sem ég hef sagt hér, að ég tel óhjákvæmilegt að Vesturlína verði tengd á þessu ári. Ég tel ekki annað koma til greina. Ég tel öruggt að ríkisstj. muni tryggja það, því að það væri mjög óhagkvæmt þjóðhagslega ef tenging tækist ekki. En mér virðist ljóst af tölum að unnt sé að skerða framlag til Vesturlínu um a. m. k. 250 millj., kannske heldur hærri upphæð, frá því sem áður hafði verið ráðgert að kæmi til línunnar á þessu ári, án þess að tenging línunnar lendi í hættu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar hans. Það, sem mest er um vert í hans svari, er að hann lýsti því yfir að það kæmi ekki til greina að Vesturlínu yrði frestað, það kæmi ekki til greina annað en Vestfirðir yrðu tengdir aðalorkuveitusvæði landsins á þessu ári og á þeim tíma sem ráð er fyrir gert í haust. Ég skil svar hans þannig.

Hæstv. ráðh. vék nokkrum orðum að nýjustu kostnaðaráætlunum fyrir þetta verk. Hann gaf þær upplýsingar, að það væri um lækkun að ræða frá því sem gert væri ráð fyrir í lánsfjáráætluninni, eða um 253 millj. kr. lækkun. Mér er kunnugt um þá áætlun sem hæstv. ráðh. vitnaði til. Ég átti viðræður við Rafmagnsveitur ríkisins um þetta mál bæði í dag og í gær. Án þess að ég vilji bera neinn fyrir því er það mitt persónulega mat, að ekki sé hyggilegt að reikna með mikilli lækkun eða að kostnaðurinn verði miklu lægri en lánsfjáráætlunin gerir ráð fyrir. Eins og ég sagði og lagði áherslu á í fyrri ræðu minni stoðar ekki að geyma neitt af þeim verkefnum sem þarf að framkvæma ef það þýðir að samtenging eigi sér ekki stað.

Hæstv. ráðh. sagði að það mætti ekki skilja heimildina samkv. 29. gr. frv. þannig að það væri heimilt að skera niður alla framkvæmdaliði eða heimildin yrði notuð þannig að allir framkvæmdaliðir væru skornir niður jafnt um 10%. Þetta er sjálfsagt og eðlilegt. En í framhaldi af þessu vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, hve mikill munur getur verið á framkvæmdum í þessu sambandi. Þá fer ég ekki út fyrir það sem varðar Byggðalínu. Upphæðin í lánsfjáráætlun yfir byggðalínur á við Vesturlínu, sem nemur 4387 millj. kr., og Suðausturlínu, sem nemur 1120 millj. kr. Nú vil ég ekki fara í neinn meting á milli landshluta í þessu efni, því að alls staðar eru þessar línur jafnþýðingarmiklar, en ég leyfi mér í þessu sambandi og að gefnu tilefni að vekja athygli á þeim mun sem er á þessum framkvæmdum á þessu ári. Á þessu ári er hægt að ljúka Vesturlínu. En Suðausturlína, sem er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir á í sumar, er línan frá Hryggstekk í Skriðdal að Sigölduvirkjun. Í sumar er gert ráð fyrir að framkvæma við þessa línulögn staurareisingu og einhverja strengingu lína á svæðinu frá Skriðdal að Djúpavogi, en ekki að tengja Djúpavog. Á árinu 1981 er gert ráð fyrir að halda verkinu áfram og vera þá búinn að leggja línuna til Hafnar í Hornafirði og þá að tengja báða þessa staði, Höfn í Hornafirði og Djúpavog. M. ö. o.: ekkert af þessari línu og ekkert af þessari framkvæmd kemst í gagnið fyrr en síðla árs 1981. Þegar allt þetta er komið í gagnið er gert ráð fyrir að Suðausturlínan spari olíu fyrir um 800 millj. kr. á ári, en það er gert ráð fyrir að á næsta ári verði olíukostnaður á Vestfjörðum, ef línan kemur þangað ekki á þessu ári eins og ráð er fyrir gert, um 2000 millj. kr. Ég gæti gert frekari samanburð í þessu efni, en ég sé ekki ástæðu til þess. Þessar upplýsingar hef ég úr skýrslu frá Rafmagnsveitum ríkisins sem fjallar um samanburð á þessum verkum.

Það sem ég hef sagt í þessu efni, undirstrikar það sem

hæstv. ráðh. sagði, að það er náttúrlega ekkert vit í því að ætla að nota heimild til niðurskurðar jafnt á alla framkvæmdaliði. Það verður að meta hvað er þjóðhagslega hagkvæmt, og þó að heimildin sé frekar notuð í einu tilfelli en öðru þýðir það ekki að það komi að neinni sök þegar svo stendur á um framkvæmd eins og Suðausturlínu.

Þetta segi ég hér til að leggja áherslu á hversu auðvelt val það hlýtur að vera hjá hæstv. ríkisstj. að sjá um að Vesturlínu verði lokið á þessu ári.

Ég vil svo hafa það mín síðustu orð í þessu sambandi, að ég lít svo á að orð hæstv. fjmrh. séu jafngóð lagaákvæði um þetta efni. Ég tel því að við hljótum allir að treysta orðum hæstv. ráðh. og á þeim grundvelli leyfi ég mér að taka till. mína og minna félaga til baka.

ATKVGR.

Brtt. 630 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
13.—18. gr. samþ. með 11 shlj atkv.
19.—20. gr. samþ. með 11:5 atkv.
21.—26. gr. samþ. með 11:5 atkv.
27.—30. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 87. fundur.

Miðvikudaginn 28. maí, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 552 (sbr. 543), n. 604, 608 og 609, 573, 610). — Frh. 2. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það kemur fram í nál. meiri hl. félmn. hv. deildar, að í frv. séu margar nýjungar, svo sem, eins og þar segir, stórátak í byggingu verkamannabústaða og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, félagslegi þáttur húsnæðismála aukinn, lánstími lengdur og vextir lækkaðir, stefnt að 80% láni og ávöxtun skyldusparnaðar greidd að fullu. Allt mun þetta vera satt og rétt. En það er líka staðreynd að það frv., sem liggur hér fyrir til umr., er gerbreytt frá því sem það var þegar það var lagt fram. Í hv. Ed. voru samþykktar milli 70 og 80 brtt. við það, misjafnlega viðamiklar að vísu, sumar þeirra mjög stórvægilegar og umdeildar hér á Alþ. og meðal margra þeirra hagsmunaaðila sem félmn. þessarar hv. d. hafði tal af þá tvo daga sem hún hafði frv. til umfjöllunar. Kem ég nánar að því síðar.

Eins og frsm. 2. minni hl. n., hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, greindi frá teljum við þessir tveir nm. að á frv. séu svo alvarlegir meinbugir að ekki sé hægt að samþykkja það nema á því verði gerðar veigamiklar breytingar. Þó ekki væri fyrir aðrar ástæður en breytingarnar einar, sem á frv. voru gerðar í Ed., var félmn. hv. Nd. og dm. öllum nauðsynlegt að fjalla gaumgæfilega um málið hér í deildinni og málið í heild.

Í þessu máli mínu mun ég einkum dveljast við fáein höfuðatriði frv. sem mér þykir að hafi farið úrhendis við umfjöllun þeirra, sem það sömdu, og í hv. Ed. Alþingis. Þó hafa margir um málið fjallað samkv. því sem upplýst er í grg. með því. Í fyrsta lagi fjallaði um það nefnd, að því er þar er sagt, sex manna nefnd sem skyldi endurskoða félagslegan þátt laganna og var sett til starfa 14. sept. 1977. Í öðru lagi var starfshópur sjö manna skipaður til þessarar endurskoðunar eða skoðunar á húsnæðismálalöggjöfinni 18. okt. 1978. Í þriðja lagi var skipuð þriggja manna nefnd sem lauk störfum 6. sept. 1979. Að síðustu setti ráðh. tvo menn til að semja frv. á grundvelli þeirra gagna sem frá fyrri nefndum og starfshópum komu.

Þrátt fyrir alla þessa vinnu er frv. að mínum dómi meingallað. Megingalli frv. er sá, að aukin og ný verkefni eru lögð á íbúðalánakerfið án þess að því sé séð fyrir viðbótarfjármagni til að mæta hinum auknu þörfum. N. bað Þjóðhagsstofnun um frekari upplýsingar um fjármögnunarþörf miðað við þær breytingar sem gerðar voru í hv. Ed., og ég mun síðar koma nánar að þeim svörum sem um það bárust.

Við, sem skipum 2. minni hl. félmn., erum samþykkir því og leggjum ríka áherslu á að lán Byggingarsjóðs ríkisins séu með þeim lánskjörum að almenningur í landinu og launþegar almennt fái staðið undir þeim af almennum launatekjum. Þess vegna þurfa hin almennu íbúðalán að vera sem hagstæðust, þau þurfa að vera til langs tíma, þau þurfa að vera með sem lægstum vöxtum og í sem hæstu hlutfalli af byggingarkostnaði. Við viljum efla Byggingarsjóð ríkisins með þessa stefnu að markmiði. Jafnframt leggjum við áherslu á mikilvægi Byggingarsjóðs verkamanna til að mæta þörfum þeirra sem lakast eru settir. Þeir þurfa mikillar aðstoðar við umfram aðra og sú aðstoð verður svo best veitt að hún sé takmörkuð við hina verst settu. Við teljum að þessara sjónarmiða sé ekki nægilega gætt í frv. og sumt í því ganga í öfuga átt í stjórn og skipan þessara mála.

Það er augljóst, að um leið og verkefni veðlánakerfisins eru stóraukin eru engar tillögur í þessu frv. um að efla tekjustofna kerfisins til að mæta þeim þörfum sem hin nýju verkefni skapa. Þetta er alvarlegur þverbrestur og svo alvarlegur að furðu gegnir. Þegar húsnæðislöggjöfin hefur verið í heildarendurskoðun áður hefur alltaf verið leitast við að efla tekjustofna veðlánakerfisins með auknum verkefnum. Það er svo, að alltaf hefur verið mikil þörf á að auka tekjustofna þess, þó að jafnframt væri ekki um aukin verkefni að ræða. Það er vegna þess að frá upphafi, þegar þetta kerfi var sett á laggirnar milli 1950 og 1960, ég man ekki greinilega hvert árið, voru lánin allt of lág miðað við byggingarkostnaðinn. En það voru þá strax uppi fyrirætlanir um að þetta yrði smám saman fært til betra horfs. Þegar veðlánakerfið var fyrst stofnað var þetta lánahlutfall miðað við byggingarkostnaðinn um það bil 30% eða milli 30 og 40%, en það var alltaf stefnt að því að lánin kæmust upp í 80%. Það hefur gengið mjög hægt að þoka því hlutfalli upp. Þegar best gegndi, fyrir um það bil 10 árum, var lán Byggingarsjóðsins orðið um 40% af byggingarkostnaði venjulegrar íbúðar. Síðan hefur þessu hrakað. Þess vegna er það, að þurft hefði að efla stórlega tekjur veðlánakerfisins við þessa endurskoðun þó að engin aukning hefði verið á verkefnum Byggingarsjóðs ríkisins eða veðlánakerfisins.

Það er engin ákvæði að finna í frv. sjálfu um auknar tekjur til handa veðlánakerfinu, hvorki vegna þeirra

verkefna, sem fyrir voru, né til þeirra verkefna, sem við bætast. Hér er um það alvarlegasta að ræða varðandi þetta frv. og hér er ekki um neitt smámál að ræða. Samkv. grg. frv. er gert ráð fyrir að þegar í framkvæmd séu komnar þær breytingar, sem það felur í sér, þurfi 10 milljarða á ári umfram fyrri fjármagnsþörf veðlánakerfisins. Þessir 10 milljarðar eru miðaðir við verðlag ársins 1979. Svo alvarlegt er það mál sem snýr að fjárhagshliðinni.

Ég hygg að allir hafi gert ráð fyrir að við meðferð þessa máls yrði lögð sérstök áhersla á að sjá veðlánakerfinu fyrir nýjum tekjustofnum eða efla þá sem fyrir eru. Það mátti því ætla að ríkisstj. mundi við meðferð málsins leggja sig fram um að leysa þetta mál. Ekkert af því hefur gerst. Fyrir það, hvernig þetta mál stóð þegar það kom til skoðunar í félmn., óskaði n. eftir því að fá um það ákveðnari útreikninga hvað þyrfti til að byggja þann fjölda íbúða sem talið var nauðsynlegt að gera eða — spurningin var sett þannig fram við Þjóðhagsstofnunina — hvað þeir tekjustofnar, sem frv. gerir ráð fyrir, nægðu fyrir mörgum íbúðalánum á ári. Þessu svaraði Þjóðhagsstofnunin eðlilega með þeim hætti að slíkan útreikning væri mjög erfitt að gera og fyrst og fremst fyrir þá sök að það er mjög óljóst hversu miklar tekjur Byggingarsjóður ríkisins hefur til ráðstöfunar til þessara mála.

Það er Hallgrímur Snorrason, starfsmaður Þjóðhagsstofnunar, sem hefur farið ofan í þetta mál fyrir n. og svarað tilmælum n. Hann segir að þeirri spurningu, hversu tekjustofnar í frv. nægi fyrir mörgum íbúðarlánum næstu 15 árin að teknu tilliti til líklegra annarra lána, sé erfitt að svara og verði ekki svarað nema á grundvelli athugana sem bæði eru mjög tímafrekar og töluvert flóknar. Forsendur slíkra reikninga eru einnig mjög veigamiklar og geta skipt sköpum um niðurstöðurnar. Þannig hefði verið óhjákvæmilegt að forsendur yrðu í nokkrum atriðum ákveðnar í samráði við n. Þetta er ekki síður brýnt vegna þeirrar breytingar sem orðið hefur á frv., að 1% launaskattur er markaður Byggingarsjóði verkamanna til að tryggja þeim sjóði fastan tekjustofn, en ætla má að þetta hafi í för með sér að framlög og lántökur til Byggingarsjóðs ríkisins verði í meira mæli en hingað til háðar ákvörðun ríkisstj. og Alþingis á hverju ári með fjárlögum og lánsfjáráætlun. Spurningunni er því ekki unnt að svara að sinni.

Í svarinu segir svo áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Á hinn bóginn hef ég nýlega gert nokkrar athuganir á fjárstreymi húsnæðislánakerfisins. Þessar athuganir beindust einkum að því að kanna hver yrði lánsfjárþörf byggingarsjóðanna miðað við tiltekin markmið um íbúðarlán sem nánar er lýst í orðsendingu til félmrh. 2. apríl s. l. Sá er hins vegar munurinn á þeim forsendum, sem þá var unnið eftir, og frv. eins og það er nú, að þá var reiknað með 21 árs lánstíma almennra nýbyggingarlána, en nú er gert ráð fyrir 26 ára lánstíma. Þessi breyting veikir vitaskuld stöðu Byggingarsjóðs ríkisins og eykur um leið lánsfjárþörf frá því sem reiknað var með í útreikningum 2. apríl. Þótt þessar athuganir svari ekki fsp. félmn. kunna þær e. t. v. að koma að einhverju gagni við umfjöllun málsins í n. og læt ég þær því fylgja hér með."

En þær niðurstöður, sem Þjóðhagsstofnun vitnar í, hef ég hér við höndina, eins og kom fram í svari stofnunarinnar, og þar segir um niðurstöður þeirra reikninga, sem um var beðið, með leyfi hæstv. forseta:

„Byggingarsjóður verkamanna kemur nú heldur betur út en samkv. reikningunum frá 4. mars", nú veit ég ekki um hvað var þá fjallað, „einkum þar sem nú er reiknað með minni meðalstaðalíbúð en áður og þar með nokkru minni heildarútlánum, en tekjuöflun breytist núna vegna fastra skatttekna sjóðsins. Samkv. þeim dæmum virðist sjóðurinn stöðugri til lengri tíma litið en í fyrri dæmum, en þar sem þessi breyting byggist að hluta á forsendum um byggingarkostnað er þessi niðurstaða afar ótraust. Dæmið, sem reiknað hefur verið fyrir 6 ár, sýnir að á 6. ári er breyting eigin fjár nettó töluvert neikvæð, þ. e. að greiðslur af teknum lánum eru nær tvöfalt meiri en tekjur af veittum lánum."

Af því, sem ég hef rakið úr þessum útreikningum, er bersýnilegt að það hefur verið fullkomin ástæða til að gefa sér nægan tíma til að átta sig á þessu fjárhagsdæmi, svo stórt sem það er og svo veigamikill þáttur sem það er í hinni almennu uppbyggingu íbúðalánakerfisins.

Þá segir enn hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað varðar Byggingarsjóð ríkisins valda hinar miklu breytingar á tekjuöflun sjóðsins af launaskatti því, að dæmi um 4—5 ár fram í tímann eru marklítil.

Það dæmi, sem nú hefur verið reiknað, er þó sýnu verra en hin eldri, bæði vegna lækkunar á framlögum ríkisins til sjóðsins og vegna þess vaxtamunar sem er á veittum og teknum lánum eftir núgildandi kjörum. Þessi niðurstaða kemur glöggt fram í meðfylgjandi töflu, sem sýnir dæmi um fjárstreymi miðað við gefnar forsendur um útlán o. fl. árin 1980—1984 og síðan fjórða hvert ár til ársins 2000. Taflan bendir til þess, að sjóðurinn sé óstöðugur þannig að í lok þessa 20 ára tímabils fara lántökur sjóðsins enn vaxandi. Lántökurnar aukast mjög ört á árunum 1984—1993, en þá dregur úr aukningunni og síðustu þrjú árin er lánsfjárþörfin nokkuð stöðug, en þó heldur vaxandi. Endurgreiðslur þessara lána eru í lok tímabilsins orðnar mun meiri en nýjar lántökur. Sé litið á nettótölur þessara lána, þ. e. mismun tekinna lána og endurgreiðslu þeirra með vöxtum og verðtryggingu, kemur og fram veruleg aukning.

Af þessum dæmum, sem hér hafa verið rakin, má ályktа að þótt tilfærsla 1% söluskatts frá Byggingarsjóði ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna leysi a. m. k. að hluta vanda síðarnefnda sjóðsins standi fjáröflunarvandi íbúðalánakerfisins í heild eftir óleystur. Niðurstaðan er því sú, að við gildandi kjör á teknum lánum og veittum sé naumast unnt að ná gefnum markmiðum um útlán og uppbyggingu sjóðanna án þess að óafturkræf framlög til íbúðarlánakerfisins séu meiri en hér er reiknað með á því árabili sem útlánaaukning sjóðanna er hvað örust."

Á þeim tveimur töflum, sem vitnað var til í svari Þjóðhagsstofnunarinnar, kemur það fram, þegar litið er á útreikning á lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins, að á árinu 1980 er reiknað með að um 32% af ráðstöfunarfé sjóðsins verði að koma í gegnum lántökur aðrar en frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Árið 2000 er þetta hlutfall sýnu óhagstæðara eða 66% sem Byggingarsjóður ríkisins þarf að taka að láni frá öðrum en Atvinnuleysistryggingasjóði til að mæta áætlaðri þörf.

Lánsfjárþörfin næstu 6 árin er metin þannig í Byggingarsjóði verkamanna að hún mun verða 1.2 milljarðar 1981, fer síðan smáhækkandi og 1986 er lánsfjárþörfin talin þurfa að vera 12 milljarðar kr.

Eins og sjá má af því sem ég hef rakið hér, er að mínum dómi ábyrgðarhluti að ganga þannig frá þessu frv., eins

mikilvægt og það er, án þess að taka alvarlega á fjáröflunarvandamálinu.

Ég sé ekki ástæðu til að vitna meira í þessa skýrslu, en ég tel ástæðu til að koma lítils háttar inn á umsagnir þeirra aðila, sem sent höfðu þær félmn. Ed., og þeirra aðila, sem komu til fundar við félmn. Nd. þá tvo daga sem við vorum að starfi.

Í fyrsta lagi kom til okkar stjórn húsnæðismála eða húsnæðismálastjórn, eins og hún er nefnd venjulega. Í umsögn sinni segir húsnæðismálastjórn svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Húsnæðismálastjórn telur tímabært að sett verði ný löggjöf um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Frá því að lög um stofnunina voru sett 1970 hefur starfssvið hennar verið stóraukið, bæði með lögum og reglugerðum, án þess að samræmis hafi stundum verið gætt sem skyldi eða fjármögnunarmöguleikar verið nægilega tryggðir varðandi lánveitingar til nýrra verkefna sem á stofnunina hafa verið lögð. Þá hefur löggjöfin sem heild og einstakir þættir hennar verið í endurskoðun hjá nefndum og starfshópum í 5—6 ár. Mikið starf hefur verið unnið af þessum aðilum og tillögur gerðar til úrbóta og samræmingar á mörgum sviðum húsnæðismála, sem frv. ber augljóslega vitni um þó ljóst sé að ýmislegt í því þurfi nánari athugunar við, m. a. að fella inn í það ýmis atriði sem við koma húsnæðismálum og eru nú í öðrum lögum og m. a. er bent á hér á eftir. Að einhverju leyti hefur nú verið farið að þessum ráðum, en þó ekki að öllu.

Með frv. eru húsnæðismálastjórn og þeim lánasjóðum, sem hún á að stjórna, fengin að auki fjölmörg verkefni sem mikið fjármagn þarf til að framkvæma, en mikið vantar á að dómi stjórnarinnar að nýir tekjustofnar séu tryggðir í frv. eða lánsfé til sjóðanna tryggt með viðunandi hætti.

Engin ákvæði eru í frv. sem ganga í þá átt að koma heildarstjórn á allt það fjármagn sem nú fer til húsnæðismála. Um síðustu áramót voru viðskiptabankarnir með 28 millj. kr. í lánum til húsnæðismála, og lífeyrissjóðirnir hafa byggt upp sérstakt veðlánakerfi í landinu en engin trygging er þó fyrir því, að það fjármagn fari til húsnæðismála.

Húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegt að taka fjármögnun veðlánakerfisins fastari tökum en gert er í frv. og samræma það annarri lánastarfsemi til húsnæðismála, sem nú er í framkvæmd í þjóðfélaginu."

Þegar húsnæðismálastjórn kom á fund til okkar var það eftirtektarvert að stjórnarmenn lögðu allir áherslu á fjármálahliðina og að fjármögnun yrði aukin um leið og aukin voru verkefni stofnunarinnar. Þá var eftirtektarvert að allir húsnæðismálastjórnarmenn töldu sig andvíga því að fjölga mönnum í stjórninni, að einum undanskildum. Einn þeirra tók fram að fjölgun stjórnarmanna gæfi fordæmi fyrir því, að aðrar stéttir og ákveðnir starfshópar mundu krefjast hins sama og nú hefur verið gert með því að veita ASÍ aðild að stjórn Húsnæðisstofnunarinnar. Þá kom það fram hjá stjórnarmönnum að þeir teldu margt, sem í frv. væri fólgið, eiga betur heima í reglugerð en í lagagreinum. — Þetta voru mestu agnúar sem húsnæðismálastjórn taldi á frv. vera. Stjórnarmenn voru yfirleitt allir á því máli, að koma þyrfti fram nýju frv. um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, en töldu að ýmislegt þyrfti að laga betur en enn hefði verið gert áður en sú lagasetning kæmi að fullkomnu gagni fyrir húsbyggjendur almennt í landinu.

Í öðru lagi kom til n. framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnús E. Guðjónsson. Stjórn Sambandsins hafði sent félmn. Ed. umsögn. Ég fer ekki að vitna sérstaklega í það, ekki að neinu ráði. Þó hafði Magnús E. Guðjónsson það til málanna að leggja, þegar hann kom til okkar til viðræðu, að það þyrfti að fjármagna framkvæmdir með miklu ákveðnari hætti en gert væri með þessu frv. Þá lagði hann einnig áherslu á að honum þætti eðlilegra, að þar væri, eins og í upphaflega frv. mun hafa verið, um samráðsnefndir aðila að ræða í sambandi við verkamannabústaðina, heldur en að hafa þann hátt á að fella þetta að öllu leyti undir stækkaða húsnæðismálastjórn. Þá gerði hann þá aths. við það ákvæði frv., að hann taldi, að þar væri frumkvæði ekki nægilega fortakslaust í höndum sveitarstjórna í sambandi við byggingu leiguíbúða eða verkamannabústaða, og taldi mjög alvarleg mistök að hafa ekki skýrari ákvæði þar sem sveitarfélögin eru fjármögnunaraðilar að verulegu leyti í þeim efnum.

Til n. komu einnig aðilar vinnumarkaðarins, frá Alþýðusambandi Íslands og frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Í stórum dráttum verður ekki annað sagt en að forsvarsmenn Alþýðusambands Íslands hafi allir verið á því máli, að þeir lögðu áherslu á að þetta frv. yrði að lögum sem fyrst, og töldu ekki ástæðu til að gera verulegar breytingar á því. Að vísu sagði formaður samtakanna, að „þótt við séum ekki alls kostar ánægðir með frv. eins og það er komið frá Ed. hafa þó orðið á því breytingar sem við viljum undirstrika að við höfum óskað eftir að fá". Þar átti hann við aðild ASÍ að stjórn. Hann sagði enn fremur, að „þó að við séum ekki alls kostar ánægðir með frv. er ekki hættandi á að gera breytingar á því". Þetta er, eins og menn geta ímyndað sér, ákaflega veigalítil röksemd, að ekki megi hætta á að gera lög vel úr garði af ótta við að þau nái ekki fram að ganga á þessu þingi, — lög sem í raun og veru eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1981 þó að gildistökutíminn sé talinn vera 1. júní 1980. Í raun munu þau ekki taka gildi fyrr en 1981.

Um forsvarsmann Vinnuveitendasambands Íslands er það að segja, að hann taldi það og sagði það skoðun þeirra samtaka að hagsmunaaðilar ættu ekki að vera í stjórn stofnana eins og þessarar. Ég þarf ekki að rekja það nánar, hvers vegna hann taldi það vera öndvert, en hann sagði síðan: „Ef frv. verður samþ. með einhliða aðild annars aðilans, þá getum við ekki skoðað það öðruvísi en sem ögrun við samtökin í þeim samningum sem fram undan eru."

Þá kom til fundar við n. fulltrúi Stéttarsambands bænda og hafði þetta um málið að segja: Hann taldi að kerfið, eins og það er upp byggt í frv., horfði til bóta ef það fengist fjármagnað. Það var þetta stóra „ef" sem hann lagði áherslu á, að lögin gætu staðið til bóta ef þau fengjust fjármögnuð. Þá gerði hann nokkrar aths. um stærð íbúða í sveitum, sem ekki er hægt að láta falla undir þá staðla sem settir eru almennt um húsnæðismálastjórnarhús. Þó að ég hafi ekki tekið það upp til þess að gera till. um að setja það inn í lög vil ég minna á að það er sjálfsagt að setja um þetta ákvæði í reglugerð. Ætti það að vera þar fullgilt í samræmi við þá þörf sem er fyrir aðra gerð bygginga í sveitum en í þéttbýli. Að lokum sagði Hákon Sigurgrímsson í viðræðum við okkur, að hann kæmi ekki auga á þá sérstöðu, sem ASÍ ætti að hafa, að

eiga aðild að stjórn Húsnæðisstofnunarinnar frekar en aðrir aðilar sem þetta mál varðar.

Að síðustu vil ég lítils háttar rekja það, að til n. kom forsvarsmaður Meistarasambands byggingarmanna og voru þau samtök búin að senda allmargar brtt. við þetta frv. til Ed. og mun eitthvað af þeim hafa verið tekið þar til greina. Þó sagði hann í viðræðum við n., að hann teldi í fyrsta lagi óeðlilegt að ASÍ kæmi inn í stjórn samtakanna. Í öðru lagi taldi hann eðlilegt að sveitarstjórnirnar hefðu meiri völd í stjórnum verkamannabústaðanna. Það er nokkuð ljóst, eins og ég tók fram áðan, að eðlilegt er að gerðar séu breytingar á uppbyggingu á stjórnum verkamannabústaðanna til samræmis við þetta álit, sem ég tel rétt, þar sem sveitarstjórnirnar eru jafnmikill aðili að fjármögnun kerfisins og hér hefur verið rakið. — Í þriðja lagi hafði Gunnar S. Björnsson um fjármögnunina að segja að hún væri allt of óljós og óákveðin og ekki væri hægt að sjá annað en að taka mundi mjög langan tíma að ná 80% lánahlutfallinu ef ekki væru gerðar breytingar á fjármögnun í þá veru að gera fjármögnunina ákveðnari en hún er í frv. Hann taldi að það stæði þó til bóta eitt og annað í frv. M. a. taldi hann til bóta að afgreiðsla á lánunum er nú ráðgert að gæti orðið í fleiri en einni lánastofnun.

Herra forseti. Ég hef nú í stuttu máli farið yfir helstu þætti þessa frv. og vil leggja á það áherslu að breytingar verði gerðar á frv. í þessari hv. d. Ég tel, af því sem ég hef rakið úr umsögnum og af viðtölum sem n. átti við ýmsa aðila um málið, að knýjandi nauðsyn sé að gera breytingar á frv. Mér er fullljóst, að þótt hv. d. féllist á þær breytingar sem við hv. 10. þm. Reykv. höfum leyft okkur að flytja og eru á þskj. 610, þá eru samt ýmsir gallar á frv., þótt þeir megi heita minni háttar. Með því að samþykkja þær breytingar, sem við höfum lagt fram, teldi ég að frv. ætti að fara í gegn þó svo að á því séu fleiri agnúar. Það hefur verið bent á það af ýmsum aðilum, eins og ég hef rakið hér áður, að margt eitt er enn í greinum frv. sem betur ætti heima í reglugerð. Tel ég nauðsynlegt að breyta því. Frv. er óeðlilega viðamikið, eins og það er, og mætti með auðveldum hætti gera það einfaldara með því að flytja það, sem eðlilega á heima í reglugerð, þangað.

Eins og ég hef tekið fram er það tillaga okkar hv. 10. þm. Reykv., að þær till. verði samþykktar sem við flytjum á þskj. 610. Að þeim brtt. samþykktum mundum við fallast á að frv. yrði að lögum. En ég tel að það sé óbrúkandi eins og það er.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel rétt, áður en þessi umr. heldur lengur áfram, að ræða nokkrar þær aths. sem fram hafa komið frá ýmsum hv. þm. um mál þetta sem hér liggur fyrir, en þær aths. lúta raunar flestar að fjármögnunarþætti þessa frv. Ég tek þær flestar sem vinsamlegar ábendingar um að hér mætti margt betur fara, fremur en sem mjög harða gagnrýni á frv., enda benda hv. þm. á — a. m. k. ýmsir þeirra — að eðlilegt sé að frv. fari í gegn, það verði að lögum, þótt fjármögnunarþættinum sé svo fyrir komið sem gert er ráð fyrir nú.

Ég vil segja það í fyrsta lagi varðandi þessi mál og aðrar aths. sem hér hafa komið fram, að ég tel að miðað við þær forsendur, sem byggt er á varðandi árin 1981 og 1982, sé að því er varðar fyrra árið mjög vel séð fyrir Byggingarsjóði verkamanna og þeim verkefnum sem þar er gert ráð fyrir, en það eru í raun og veru ítrustu verkefni að því er hann varðar. Að því er varðar árið 1982 hygg ég að segja megi að hann komist allvel frá sínum verkum, miðað við þær lántökur sem gert er ráð fyrir í forsendum sem hér birtast, og þau miklu verkefni, sem honum eru ætluð. Hins vegar er mér alveg ljóst, að ef Byggingarsjóður verkamanna á að halda áfram á þeirri braut sem við höfum ætlað honum með því frv. sem hér liggur fyrir, og dreg ég enga dul á það, verður fyrir árið 1983 að taka ákvörðun um aukið fjármagn í íbúðabyggingakerfið. Mér dettur ekki í hug að draga neina dul á það.

Í annan stað vil ég segja það varðandi fjármögnunina, að ég tel einnig að miðað við þær forsendur, sem hér liggja fyrir, sé allvel séð fyrir fjármögnunarmöguleikum Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1981. Þegar kemur fram á árið 1982 eykst lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins nokkuð. Í því sambandi minni ég þó á það, að þegar fram á það ár væri komið væri væntanlega allmiklu minni lánsþörf einstaklinga hjá lífeyrissjóðnum en nú er vegna aukinna félagslegra íbúðabygginga og þess vegna mætti gera ráð fyrir að hlutur lífeyrissjóðanna í hinu almenna íbúðabyggingakerfi gæti orðið meiri en hann er nú. Ég vil nefna í þessu sambandi að í kjarasamningunum 1974 var því lýst yfir af hálfu verkalýðssamtakanna, að þau samþykktu að 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á samningssviði Alþýðusambands Íslands yrðu notuð til kaupa á skuldabréfum frá lífeyrissjóðunum. Þetta þýddi að möguleikar á lántöku á verðlagi ársins 1980, að vísu miðað við ráðstöfunarfé allra lífeyrissjóða vegna þess að ég man ekki sundurgreint hvernig það er, en miðað við ráðstöfunarfé allra lífeyrissjóða er hér um að ræða tölu upp á um það bil 8 milljarða kr. á árinu 1980. Þegar til þess væri tekið tillit, að lífeyrissjóðirnir ættu að geta aukið hér nokkuð sinn hlut með vaxandi hlutdeild Byggingarsjóðs verkamanna í almenna húsbyggingarkerfinu, held ég að lántökumöguleikinn hjá lífeyrissjóðunum sé út af fyrir sig góður á árinu 1982 og framvegis.

Spurningin er hins vegar þarna fyrst og fremst um hvaða kjör eru á lánunum hjá lífeyrissjóðunum, þeim lánum sem Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna taka. Í frv. og útreikningum þeim í plaggi því, sem kennt er við hv. þm. Magnús H. Magnússon, er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðslánin séu til 21 árs að því er varðar Byggingarsjóð verkamanna og með 2% vöxtum, enda þótt fyrir liggi að lífeyrissjóðirnir lána nú til 15 ára með 4% vöxtum. Kemur mjög skýrt fram í grg. með frv. fyrrv. hæstv. ríkisstj. að svona er málum háttað, og auðvitað er nauðsynlegt að fá betri ávöxtunarkjör á þessum peningum frá lífeyrissjóðunum ef það er ljóst að samningar um betri ávöxtunarkjör liggja þarna ekki fyrir. Ég held þess vegna að það sé ljóst, að miðað við árin 1981 og 1982 sé allvel fyrir fjármögnunarþörf sjóðanna séð miðað við þær verkefnaforsendur sem við byggjum á núna. En á það dreg ég enga dul, og það endurtek ég, að ljóst er að fyrir árið 1983 þarf að koma þarna til nokkur viðbótarfjármögnun.

Ég vil hins vegar segja það í öðru lagi, að ég tel þann samanburð, sem gerður hefur verið annars vegar á forsendum þess frv., sem nú liggur fyrir, og hins vegar því frv., sem kennt er við Magnús H. Magnússon, að ýmsu leyti ómarktækan. Það er a. m. k. ekki rökrétt að stilla hlið við hlið þeim talnadálkum, sem gert er í töflu I og töflu II í nál. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það er

ekki alveg rökrétt og ég mun nú rekja hvaða skoðun ég hef á því.

Í fyrsta lagi eru íbúðir í því frv., sem nú liggur fyrir, og forsendum útreiknings þess um það bil 25% stærri hjá Byggingarsjóði verkamanna en þær íbúðir sem gert er ráð fyrir í útreikningunum með frv. Magnúsar H. Magnússonar. Þetta þýðir t. d. að á hverjum 100 íbúðum gerir þetta um 700 millj. kr., á hverjum 500 íbúðum gerir þetta 3.5 milljarða kr., á hverjum 600 íbúðum gerir þetta 4.2 milljarða kr. í mismun. Með því að skoða þetta atriði eitt — aðeins þetta atriði eitt — og taka tillit til þess er mismuninum á töflu nr. I raunverulega eytt. Hann hverfur einungis vegna þessa mismunar á stærð íbúðanna sem um er að ræða í Byggingarsjóði verkamanna. Þetta er mjög mikilsvert atriði að hafa í huga.

Í öðru lagi tel ég þennan samanburð ekki marktækan að fullu vegna þess að í frv., eins og það er af hálfu Magnúsar H. Magnússonar, er gert ráð fyrir, eins og ég sagði, lengri lánstíma og lægri vöxtum en samningar hafa náðst um við lífeyrissjóðina. Í öllum útreikningum, sem Þjóðhagsstofnun hefur gert að minni beiðni svo og fyrir hv. félmn., hefur verið miðað við 15 ára lánstíma í staðinn fyrir 21 ár hjá Magnúsi H. Magnússyni og 4% vexti í staðinn fyrir 2% hjá Magnúsi H. Magnússyni. Þetta munar geysilega miklu, einkum þegar fram í sækir, á byrði Byggingarsjóðs verkamanna.

Í þriðja lagi vil ég nefna það við þessa umr., að þessi samanburður sé ekki nægilega traustur vegna þess að í frv. Magnúsar H. Magnússonar er ekki gert ráð fyrir hinum fasta 1% launaskatti í Byggingarsjóð verkamanna, heldur að ríkið skuli greiða um 20% af kostnaðinum hverju sinni. Þetta þýðir um 4 milljarða í viðbótargjöld fyrir ríkissjóð á ári hverju frá því sem ella væri og gæti vitaskuld allt eins breyst í viðbótarlántökuþörf.

Þegar þessi þrjú atriði, þ. e. í fyrsta lagi mismunur á stærð íbúðanna, í öðru lagi mismunandi lánstími og í þriðja lagi þetta framlag úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs verkamanna án þess að fyrir því sé séð sérstaklega, eru tekin á ári hverju og þau margföldud með 11, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerir, kemur út úr þessu sú mynd að þarna skakkar kannske 100—140 milljörðum kr. frá því sem hv. þm. heldur fram. Þetta segi ég ekki vegna þess að ég líti á þessa tölu sem einhvern endanlegan og heilagan sannleika. Ég tel hina töluna algerlega fráleita, satt að segja, 200 milljarða töluna fyrir 11 ár, eins og ég hef hér rakið, og munar þar mestu um tvennt: annars vegar að ekki er gert ráð fyrir mörkuðum stofni fyrir Byggingarsjóð verkamanna og svo hins vegar muninum á forsendum að því er varðar stærðir íbúðanna sem er geysilega mikill. — Vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var ekki komin inn þegar ég nefndi það atriði ætla ég að endurtaka að þessi munur er einn svo mikill að hann þurrkar út muninn í töflu I í báðum dálkunum.

Ég vil þá, eftir að hafa rakið hér nokkra þætti í sambandi við fjármögnunina og mætti fara um þá fleiri orðum, en ég tel út af fyrir sig ekki að tilefni hafi gefist til þess, aðeins víkja að því, að í brtt. hv. þm. Alþfl. er á allmörgum stöðum gert ráð fyrir, að dregið sé úr möguleikum sveitarfélaganna til lántöku úr Byggingarsjóði ríkisins, og menn telja að með þessu móti séum við í raun og veru að opna Byggingarsjóð ríkisins upp á gátt fyrir sveitarfélögunum. Þetta er auðvitað ekki rétt. Á hverju ári ákveða húsnæðismálastjórn og félmrh. hvernig fjármunum Byggingarsjóðs ríkisins er varið til einstakra lánaflokka, þannig að það er í valdi stjórnar stofnunarinnar hverju sinni og félmrh. með hvaða hætti peningarnir eru notaðir. En það er rétt, að svigrúm sveitarfélaganna er nokkuð aukið að þessu leyti, og það er rétt, sem á hefur verið bent, að framlagshlutur þeirra er minnkaður í verkamannabústaðakerfinu frá því sem var. Þar á móti er lögð sú skylda á sveitarfélögin í þessu frv., eins og það liggur nú fyrir, að hafa afdráttarlausa forustu um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, sem ekki var í þeirri gerð frv. sem í öndverðu lá fyrir. Þar á móti kemur og að sveitarfélögunum er ekki ætlað að hafa meirihluta í stjórnun verkamannabústaðanna í landinu og þar er vissri forustukvöð af sveitarfélögunum létt, en það er lagt á báða aðila jafnt í stjórn verkamannabústaðanna að hafa með þessa forustu að gera eins og frv. liggur nú fyrir.

Ég vil í fjórða lagi nefna eitt atriði sem hefur vakið allmiklar umræður, og það er stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þar gerum við í núverandi gerð frv. ráð fyrir að séu sjö menn kosnir af hv. Alþ. og tveir menn kosnir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands. Til að átta sig á þessu ákvæði þurfa menn að líta aftur í tímann til 1974 þegar áðurnefndir kjarasamningar voru gerðir. Þá var rætt um þann möguleika að stofnaðir yrðu í raun og veru tveir sjóðir, tvær stofnanir eða tvö fyrirtæki, þar sem væri annars vegar Byggingarsjóður ríkisins og hins vegar Byggingarsjóður verkamanna sem væru hvor um sig með sjálfstæðar stjórnir. Ég er fyrir mitt leyti algerlega andvígur slíkri uppskiptingu á Húsnæðisstofnun ríkisins og tel þetta óheppilegt fyrirkomulag sem geti leitt til togstreitu og ófarnaðar. Þá kom upp sú hugmynd að kosnir yrðu af Alþýðusambandi Íslands tveir menn til að fjalla um þau mál sem snúa að Byggingarsjóði verkamanna einvörðungu. Þetta tel ég að hefði einnig leitt til hugsanlegrar togstreitu innan stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins og að þess vegna hafi í raun og veru verið heppilegast, miðað við þau fyrirheit sem gefin höfðu verið, að menn frá Alþýðusambandinu væru kosnir beint.

Þá vil ég geta þess í fimmta lagi varðandi þær aths. sem hér hafa komið fram, að ég tel að margt í málflutningi hv. þm. Friðriks Sophussonar varðandi tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar ríkisins eigi rétt á sér. Ég tel að við höfum í núverandi gerð frv. nokkuð dregið úr verkefnum þessarar deildar frá því sem í upphafi var gert ráð fyrir, og ég tel að þar hefði út af fyrir sig mátt draga nokkuð meira úr. Ég held að reynslan verði að skera úr um hversu mikil þörf er fyrir starfsemi þessarar deildar, en við endurskoðun tel ég að sjálfsögðu að þetta mál eigi að skoða alveg sérstaklega. Ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég tel það ávinning í núverandi gerð frv. að það forstjóra- og framkvæmdastjórakerfi, sem var gert ráð fyrir í upphaflegu frv. hv. þm. Alþfl., hefur í rauninni verið lagt niður í veigamiklum atriðum, og það er undirstrikað í frv. Ég tel að það skipti miklu máli pólitískt að því er varðar stefnumótun í húsnæðiskerfinu að hér eigi Húsnæðisstofnun ríkisins að starfa sem ein heild, en deildaskiptingin, sem var í forgrunni áður, er þar ekki lengur, heldur í bakgrunni. Ég tel að þarna sé um að ræða pólitíska stefnumörkun sem sé nauðsynlegt að vekja athygli hv. þm. á.

Í fsp. til ráðh. fyrir helgina komu fram ýmis fleiri atriði. M. a. var spurt um lántökugjaldið og hvernig því væri og yrði háttað. Ég get ekki svarað þeirri fsp. núna og mun svara henni við 3. umr.

Síðar var ég beðinn um orðskýringar, þ. e. hvað þýðir orðið „félagslegur" í þessu samhengi. Um það spurði hv. þm. Friðrik Sophusson og hafði greinilega af því nokkrar áhyggjur. Það hefur myndast sú hefð í sambandi við húsnæðislánakerfið, að þær íbúðabyggingar, sem eru á vegum Byggingarsjóðs verkamanna, séu kallaðar „félagslegar". Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að auðvitað séu lánveitingar á vegum Byggingarsjóðs ríkisins líka félagslegar, þannig að það kann að orka tvímælis að nota þessi orð með þeim hætti, sem þarna er gert, og gefa þar með í skyn að Byggingarsjóður ríkisins láni fyrst og fremst til andfélagslegra aðgerða í húsbyggingamálum. Ég hygg þó að það sé ekki hugsunin á bak við þetta orðaval sem á sér nokkra hefð, og ég held að við eigum að varðveita hefðina með því að hafa orðalagið svona.

Ég vænti þess, að ég hafi svarað í meginatriðum flestum þeim aths. sem gerðar voru af hv. þm. áðan. Ég vil endurtaka það, að ég lít á þessar aths. sem vinsamlegar ábendingar um það, sem betur mætti fara, frekar en sem harðar árásir á þetta frv. eins og það liggur fyrir nú.

Ég vil að lokum þakka hv. félmn. Nd., bæði stjórn og stjórnarandstöðu, fyrir vel unnin störf að því að afgreiða þetta frv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það hefur margt verið sagt um það mál, sem hér er nú á dagskrá, og sjálfsagt ættu margir hv. þm. margt ósagt miðað við eðlilegar aðstæður hér í þinginu. Ekki skal ég þó hafa hér langt mál um, en vil samt drepa á örfá atriði.

Allt frá árinu 1974 hefur ríkisvaldið, og þá fleiri en ein og fleiri en tvær ríkisstj., lofað við samningsgerð hjá aðilum vinnumarkaðarins að renna traustari stöðum undir svokallaðar félagslegar íbúðabyggingar. Þau loforð hafa á þessum árum, þ. e. 6 árum, ekki verið efnd. Á s. l. hausti lagði þáv. hæstv. félmrh., Magnús H. Magnússon, fram frv., sem var eitt af tiltölulega fyrstu málum þingsins, og var þar, að ég held, á nokkuð raunhæfan hátt gerð tilraun til að standa við þau gefnu fyrirheit og reyna að færa mál í þann búning að með sanni mætti segja að vonast mætti til þess að raunhæf lausn á þessum loforðum fengist.

Það verður að segja, að það gegnir furðu að þessi marggefnu fyrirheit skuli ekki hafa verið efnd, því að eins og áður var að vikið var það við samningsgerð 1974 sem loforð var um þetta gefið. Enn þá furðulegra er þetta þegar tillit er til þess tekið, að verkalýðshreyfingin eða sjóðir hennar hafa að verulegu leyti fjármagnað íbúðabyggingakerfið hér í nokkuð mörg ár. Það verður þó að segja að það frv., sem nú er hér til umr., er vart nema svipur hjá sjón miðað við það frv. sem Magnús H. Magnússon lagði hér fram og fyrr var getið, því að frv. hinu fyrra fylgdu, að ég held að mati flestra sem það mál hafa skoðað, nokkuð nákvæmir og raunhæfir útreikningar á því, hvernig á raunhæfan hátt mætti fjármagna þann framkvæmdaþátt sem þar var gert ráð fyrir. Fingraför hæstv. núv. félmrh. hafa síðar en svo betrumbætt málið í nokkuð veigamiklum tilfellum né þær breytingar sem málið hefur tekið undir handleiðslu núv. hæstv. félmrh. eftir afgreiðslu málsins í Ed. eða við afgreiðslu málsins þar. Má segja að hér sé meira um gefin fyrirheit en að ástæða sé til að ætla — a. m. k. sést það ekki enn í dag — að hægt verði við að standa að því er varðar fjármögnunarþátt málsins.

Það má því segja að eins og málið liggur nú fyrir Alþ. eftir samþykkt í Ed. sé verið að gefa fyrirheit um óútfylltan víxil á framtíðina. Það hefur ekki verið mótmælt þeim tölum sem birtust í nál. á þskj. 608, þ. e. frá 1. minni hl. félmn. þessarar hv. d. Samkv. þeim upplýsingum, sem þar liggja fyrir og fengnar eru frá Þjóðhagsstofnun, er ljóst að æðimikið — vægast sagt — gat virðist vera í fjármögnunarþætti frv. Það virðist liggja ljóst fyrir, að rösklega 200 milljarða vantar í kerfið til þess að hægt sé að standa við þau gefnu fyrirheit sem frv. gerir ráð fyrir á árunum 1980—1990. Og hvað sem líður þeim aths. einstakra hv. stjórnarliða, sem reynt hafa að vefengja þessar upplýsingar og útreikninga, liggur það þó fyrir nú samkv. enn þá nýrri upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun, að þeir útreikningar, sem eru í nál. á þskj. 608 frá 1. minni hl. félmn., standast og raunar nýjustu útreikningar, sem að vísu eru ekki lokaútreikningar af hálfu Þjóðhagsstofnunar varðandi málið sýna fremur fram á að eilítið stærra gat sé á fjármögnunarþættinum en þó þær tölur sýna sem áður var vitnað til í nál. 1. minni hl. félmn.

Það er því ljóst, hvað sem stefnumarkmiðum frv. líður eins og það nú liggur fyrir, að allsendis er óljóst með hvaða hætti á að standa við þá fjármagnsþörf sem er fyrir hendi ef á að standa við hin gefnu stefnufyrirheit. Það er blekking ein, sem hæstv. núv. félmrh. og málgagn hans hafa haldið fram, að hér sé vel fyrir málum séð og hér sé í rauninni verið að auka mjög það fjármagn sem komi frá opinberum aðilum í byggingarkerfið. Það liggur alveg ljóst fyrir, að það er engin aukning á fjármagni eins og frv. nú er, miðað við það sem var lagt til í frv. Magnúsar H. Magnússonar, nema síður sé. Það eina, sem breyst hefur í raun og veru, miðað við það kerfi sem nú er, er að áður fjármögnuðu sveitarfélög 20% og ríkissjóður 20% af framkvæmdum, en tilfærslan er sú, að sveitarfélög skulu nú fjármagna 10% og ríkissjóður 30%. Status quo er því í þessu ef tekið er mið af fjármögnun sveitarfélaganna, eins og hún hefur verið, og ríkissjóðs. Einnig þarf auðvitað að taka inn í þessa umræðu þær till. hæstv. ríkisstj. í frv. til lánsfjárlaga sem gera ráð fyrir 34% skerðingu Byggingarsjóðs ríkisins miðað við þau fjárframlög sem gildandi lög gera ráð fyrir.

Ég hygg því að öllum þeim, sem þetta mál hafa skoðað, sé ljóst að þó að stefnumiðin í frv. séu út af fyrir sig góð og góðra gjalda verð er það ekki nema hluti af málinu, því að ef á að koma þeim í framkvæmd og við þau að standa þarf einnig að sjá fyrir fjármagninu. Það er síður en svo að ljóst sé með hvaða hætti það á að gerast eins og frv. nú liggur fyrir.

Hegðun hæstv. félmrh. í þessu máli er svo kapítuli út af fyrir sig, að hann skuli um tveggja mánaða skeið hafa legið á upplýsingum eða útreikningum frá opinberri stofnun sem þetta mál varða. Hvað ástæður hæstv. ráðh. hefur haft til þess skal ósagt látið, en furðu gegnir það eigi að síður að hæstv. ráðh. skuli hegða sér með þeim hætti. Er það raunar forkastanlegt. En ég skal ekki hafa fleiri orð um það. Nú liggja þessar upplýsingar fyrir, eftir að málið er komið til 2. umr. í seinni deild, sem hefði þó verið æskilegra að legið hefðu fyrir strax við umr. málsins í fyrri deild.

Ég sagði áðan að það mundu allir gera sér ljóst, að miðað við þau fyrirheit, sem gefin eru, vantaði fjármagn sem svaraði til um 20 milljarða á ári næstu 10 árin til að standa við gefin fyrirheit. Auðvitað hlýtur sú spurning að vakna í ljósi þessa, hvernig hæstv. ríkisstj. eða hæstv. ráðh. ætli sér að standa við orð sín og brúa þetta bil.

Menn hljóta að spyrja í fyrsta lagi: Á að auka skattlagningu til að ná inn fjármagni til að standa við hin gefnu loforð og þá með hvaða hætti? Á e. t. v. að skera niður einhverja þætti ríkisbáknsins til að gera tilraun til að brúa bilið? Og þá er eðlilegt að spurt sé: Hvaða þáttum hafa hæstv. ráðh. augastað á? Hafa þeir augastað á einhverjum sérstökum póstum sem þeir telja að megi skera niður til að ná fjármagni í húsnæðismálin? Á kannske að hækka það lögbundna fjármagn sem lífeyrissjóðirnar í landinu eiga að leggja af mörkum til þessa þáttar, sem nú er 40%? Það gefur vissulega tilefni til að ætla að með einhverjum hætti eigi það að gerast sem hæstv. félmrh. ræddi um fyrr í dag. Hann var með hugleiðingar um að á næstu 2—3 árum mundi hlutur lífeyrissjóða í landinu til fjármögnunar byggingarbáknsins geta aukist, eins og hann orðaði það. Þetta gefur að mínu viti ástæðu til að ætla að enn séu hæstv. ráðh., a. m. k. hæstv. félmrh., með hugmyndir um að ganga enn nær ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í landinu með auknum skuldbindingum um að fjármagna Byggingarsjóð ríkisins. Talið er að ef ætti að brúa þetta bil, sem nú er upplýst að er í fjármögnunarþætti frv., þyrfti að hækka lögbindingu ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna úr 40%, eins og nú er, í 80% af ráðstöfunarfénu. Ef ekki á að gera þetta nema að einhverju eða litlu leyti hljóta menn að spyrja enn: Hvar ætla menn þá að taka peninga í þetta? Þessu er hægt að ná með því að hækka t. d. söluskatt um 3.5 prósentustig. Það mundi slaga hátt upp í þá tölu sem á vantar til að fjármagna framkvæmdirnar. Á e. t. v. að taka þetta fjármagn að láni? Það þýddi að sjálfsögðu að slíkar auknar lántökur mundu bæði sprengja fjárlagadæmi framtíðarinnar svo og byggingarkerfið eins og það nú er. Hvaða hugmyndir hefur hæstv. félmrh. og ríkisstj. um hvernig og hvaðan eigi að fá fjármagn til að standa við gefin loforð? Það er ekki óeðlilegt að slíkar spurningar vakni þegar sýnt hefur verið fram á að hér er geysimikið óbrúað bil miðað við gefin fyrirheit. Mönnum leikur hugur á að vita hvort ætla megi að hægt verði að standa við gefin fyrirheit um fjármögnun á þessum framkvæmdaþáttum.

Það mun hafa verið s. l. fimmtudag sem var lesin ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands varðandi þetta mál og raunar fleiri þætti. Ég tel ástæðu til að fara nokkrum orðum um það. Ég held að hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh. hljóti að gera sér ljóst að sú ályktun gefur skýrt tilefni til að ætla að þeim, sem að henni standa, þ. e. miðstjórn Alþýðusambands Íslands, sé fullljóst að hér sé einungis um að ræða, eins og frv. er nú, stefnumörkun, en ekki raunhæfar tillögur um hvernig eigi að fjármagna fyrirtækið. Þrátt fyrir að verkalýðshreyfingin verði, að ég hygg, þakklát fyrir ef frv. yrði lögfest, þó með þessum annmörkum væri, vegna margra ára svika við hreyfinguna í þessu máli, þá er þó nauðsynlegt að gera sér ljóst viðhorf forustumanna hreyfingarinnar við því að ekki er séð fyrir fjármagninu sem þarf til að frv. geti orðið að veruleika. — Það segir á einum stað í þessari ályktun, með leyfi forseta:

„Miðstjórn treystir því, að stjórnvöld muni á hverjum tíma tryggja það fjármagn sem þarf til þess að markmiði frv. í heild verði náð.“

Engum dytti í hug að setja slíkt inn í ályktun ef menn teldu sig sjá svart á hvítu í frv., eins og það nú er, að fyrir þessu fjármagni væri séð. Það er því augljóst mál að miðstjórn Alþýðusambandsins er þeirrar skoðunar að ekki sé séð fyrir því fjármagni sem fyrirheit frv. gefa tilefni til að ætla að eigi að verða í reynd. Ég tel ástæðu til að vekja sérstaklega athygli á þessu og í framhaldi af því að vona að þm. almennt geri sér ljóst að það væri miklum mun stórmannlegra af hæstv. ríkisstj. og Alþ. að sjá svo um, áður en þetta mál fær lokaafgreiðslu á þessu þingi, að betur væri séð fyrir fjármagnsþörfinni til framkvæmdanna en frv. gerir nú ráð fyrir.

Ég vil þó taka það sérstaklega fram að því er varðar Alþfl., að hann hefur lýst því yfir að hann muni á engan hátt gera tilraun til að tefja þetta mál. Hann mun að sjálfsögðu gera tilraun til að fá lagfæringar að því er varðar fjármagnsþáttinn, en hann mun á engan hátt gera tilraun til að tefja málið. Því hefur raunar verið lýst yfir af hálfu flokksins áður, að hann muni styðja það og standa að því að málið fái afgreiðslu nú. Það er litið á það af hálfu a. m. k. verkalýðssamtakanna sem nokkuð mikils virði að eftir 6 ára svik verði þó a. m. k. á blað sett með löggjöf að hverju er verið að stefna, þó að þeir vankantar séu á, sem væntanlega fáist þó leiðréttir að einhverju leyti, að ekki séð fyrir fjármagningu séð.

Ég taldi ástæðu til að vekja athygli á þeim þætti málsins, að miðstjórn Alþýðusambandsins er þeirrar skoðunar að ekki sé séð fyrir fjármagninu.

Auðvitað væri æskilegast allra hluta vegna að áður en málið verður afgreitt héðan úr þinginu yrði betur séð borgið fjármagnsþörfinni en frv. nú gerir ráð fyrir. Það er hægt að gera enn án þess að það þurfi á nokkrun hátt að hafa þau áhrif að málið dragist. Á þskj. 573 er brtt., þ. e. 2. brtt. frá Magnúsi H. Magnússyni og Jóhönnu Sigurðardóttur, sem mundi að verulegu leyti bæta hér upp og tryggja að langtum meiri líkur yrðu til þess að við værum hér að samþykkja annað en stefnumörkun eða pappírsgagn. Ég sé ekki, ef það er í raun og veru, sem ég vil ekki draga í efa, a. m. k. ekki að svo stöddu, meining hæstv. ríkisstj. að nú eigi að standa við þessi gefnu fyrirheit, að neitt mæli gegn því af hálfu ríkisstj. eða stjórnarliða á Alþ. að samþykkja þessa brtt. Hún gerði það að verkum að fjármagnsþætti málsins væri langtum betur borgið en nú er eftir þær till. sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir að samþykktar hafa verið til breytinga á frv. Ég vil því vænta þess að 2. brtt. á þessu þskj. verði samþykkt. Þó svo verkalýðshreyfingin taki að sjálfsögðu fegins hendi löggjöf með þessu sniði er víðs fjarri að hún telji málinu borgið meðan slíkt gap er í fjármagnsþætti framkvæmdanna sem frv. nú gefur tilefni til. Það væri vissulega til að létta róðurinn í samningaþófi aðila vinnumarkaðarins, sem nú stendur yfir og allt bendir til að haldi áfram nokkra hríð enn, ef hæstv. ríkisstj. beitti sér nú fyrir því eða tæki raunar undir það og legði sitt af mörkum til að efna betur en frv. gerir ráð fyrir hin marggefnu fyrirheit fyrri ríkisstjórna í þessu máli.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð, en ég ítreka að það er skoðun verkalýðshreyfingarinnar, sem greinilega kemur fram í ályktun miðstjórnar Alþýðusambandsins, að þrátt fyrir þá stefnumörkun frv., sem þar birtist, þarf betur á að taka til þess að hægt sé að gera sér vonir um að raunhæft verði á þessu máli tekið í sambandi við fjármögnunina.

Ég vil svo ítreka það út af því sem hæstv. félmrh. sagði fyrr í dag um útreikningana, sem eru í nál. á þskj. 608, standa enn óhraktir og enn frekari stoðum hefur verið rennt undir, að þeir eru réttir og það, sem kemur fram með hinum seinni útreikningum Þjóðhagsstofnunar, sem komu í dag og a. m. k. sumir hverjir þm. — ég vænti

hæstv. félmrh. líka — hafa fengið í hendur, ber ótvírætt merki þess, að í nál., sem fyrr er til vitnað, er ekkert *ofsagt um þá fjármagnsþörf sem er fyrir hendi og* hæstv. ríkisstj. og ríkisstjórnir, sem á eftir henni koma, komast ekki hjá að sjá fyrir ef á að standa við hin gefnu fyrirheit um stefnumörkun í þessum málum. Þetta er nauðsynlegt að menn geri sér ljóst. Þó að verkalýðshreyfingin leggi mikið upp úr samþykkt frv. telur hún þó þá ágalla vera enn á því, að það vantar, má segja, að verulegu leyti það sem við á að éta, það vantar peningana til þess að hægt verði að framkvæma það sem um er að ræða, og þá vantar mikið.

Ég vænti þess, að í meðförum þessarar hv. d. verði frv. breytt til hins betra frá því sem er og á þann hátt verði enn frekar og betur orðið við óskum og marggefnum loforðum verkalýðshreyfingunni til handa, sem hún raunar hefur margkeypt í samningum undanfarinna ára.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Þegar ég mælti fyrir nál. 1. minni hl. gerði ég grein fyrir vísbendingum um lánsfjárþörf byggða á útreikningum Hallgríms Snorrasonar hjá Þjóðhagsstofnun til ráðh. 2. apríl, sem bentu til að lánsfjárþörf miðað við tekjupósta frv. og brtt. Ed. yrði um 200 milljarðar næstu 10 árin ef ekki kæmi aukið fé úr ríkissjóði umfram það sem fram kemur í frv. Nú liggur fyrir hluti af upplýsingum sem óskað var eftir hjá Þjóðhagsstofnun í framhaldi af meðferð félmn. á málinu. Hér er þó aðeins um hluta af þeim upplýsingum að ræða. Þessar viðbótarupplýsingar *tel ég að renni enn frekari stoðum undir að vísbendingar,* sem fram koma í nál. mínu séu réttar.

Vil ég þá fyrst víkja að töflu II í nál. mínu, sem hæstv. félmrh. gerði að umtalsefni fyrr í dag. Í útreikningum, sem við fengum í dag frá Þjóðhagsstofnun, kemur fram varðandi Byggingarsjóð ríkisins að lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins geti orðið um 120 milljarðar, en ekki 102, eins og fram kemur í mínu nál. Hér er byggt á að 1% af launaskatti renni til Byggingarsjóðs ríkisins. Hitt er svo ljóst, að eftir því hver fjárframlög á fjárlögum verða til þessara þátta fer lánsfjárþörfin, en ganga verður út frá þessari fjármagnsvöntun sem lánsfjárþörf meðan ekki liggur fyrir hvernig afla eigi þess fjár sem vantar til að standa við skuldbindingar frv. Auk þess er ljóst að miðað við aðeins 1% framlag af launaskatti til Byggingarsjóðs ríkisins munu þurfa að aukast verulega næstu árin framlög úr ríkissjóði, en sjóðurinn mun ekki standa undir sér sjálfur að óbreyttu framlagi úr ríkissjóði. Það sést greinilega á nýjum útreikningum Þjóðhagsstofnunar.

Í máli hæstv. félmrh. kom reyndar ekkert fram sem hrekur þá tölu að lánsfjárþörfin vegna Byggingarsjóðs ríkisins verði á annað hundrað milljarðar næstu 10 árin nema til komi aukið fjármagn úr ríkissjóði. Auk þess verður að hafa í huga að ef dregið er úr framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins stóreykst þrýstingurinn á félagslega kerfið. Við skulum hafa hugfast, vegna þess að að því hefur verið látið liggja að þetta frv. verði liður til *lausnar kjaramálanna, að stór hluti félagsmanna innan* ASÍ er yfir því hámarki er varðar tekjumörk til að fá keyptar félagslegar íbúðir. Tel ég að nærri liggi að það geti verið um 2/3 félagsmanna.

Varla getur hæstv. félmrh. mótmælt því, sem fram hefur komið í máli mínu að fjármögnunarmöguleikar Byggingarsjóðs ríkisins standa mjög veikum fótum eftir breytingar Ed. Niðurstaða mín varðandi Byggingarsjóð ríkisins stendur því óhögguð, að nema veitt sé meira úr ríkissjóði í það kerfi verði lánsfjárþörfin ógnvekjandi og *niðurstaðan sennilega á annað hundrað milljarðar* næstu 10 árin vegna skuldbindinga frv. við hinn almenna lánamarkað.

Varðandi Byggingarsjóð verkamanna reyndi hæstv. félmrh. að hrekja þær tölur er ég dró upp í nál. mínu í töflu I. Ein röksemdafærslan í máli hæstv. ráðh. var að ekki væri um að ræða sömu stærð á íbúðum verkamannabústaða og gengið hefði verið út frá í frv. Magnússar H. Magnússonar. Rétt er það, að brtt. Ed. gera ráð fyrir stærri íbúðum í verkamannabústöðum. En varla verður því á móti mælt, að stækkun þeirra íbúða kallar á meira fjármagn. Því er þessi röksemdafærsla langsótt til leiðréttingar því að tölur mínar væru of háar. Vitaskuld eykst lánsfjárþörfin í félagslega íbúðakerfinu við stækkun íbúða. Lánakjörin, sem fást hjá lífeyrissjóðunum, skipta einhverju máli í töflu I í nál. mínu, sem hæstv. ráðh. vitnaði sem mest í, en mest hlýtur það að stafa af stærri íbúðum en í upphaflegu frv. Magnúsar H. Magnússonar. Í töflu I var mismunurinn um 20—30 milljarðar vegna Byggingarsjóðs verkamanna á till. Magnúsar H. Magnússonar og till. Ed. Hæstv. félmrh. gaf einungis skýringu á útreikningunum, en hrakti þá ekki. Þannig er þessi umframlánsfjárþörf til staðar. Skýringin er stækkun íbúða, sem kallar á aukið fjármagn, sem er efalítið stærsti liðurinn í mismuninum í töflu I, en aukin lánsfjárþörf er ekki hrakin. Það hefði verið skemmtilegra ef hæstv. ráðh. hefði gefið okkur skýringar á hvernig á að *mæta stækkun íbúðanna öðruvísi en með lánsfjármagni.*

Ráðh. talaði einnig um að samanburðurinn væri ekki nægilega traustur þar sem ekki væri gert ráð fyrir hinum 1% fasta launaskatti í Byggingarsjóð verkamanna. Því er til að svara, að í fyrsta lagi er hér eingöngu um tilfærslu frá Byggingarsjóði ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna að ræða. Annað verður ekki séð vegna þess að till. að því lútandi, að Byggingarsjóður ríkisins héldi sínum 2%, var felld í Ed. Þessar mörkuðu tekjur í Byggingarsjóð verkamanna eru inni í 30% framlagi ríkissjóðs, en í brtt. Ed. áttu sveitarfélögin að greiða 10%. Frv. í upphaflegri mynd gerði ráð fyrir 20% úr ríkissjóði og 20% frá sveitarfélögum. Heildarfjármagnið í þetta kerfi er því hið sama. Ekki er bætt við fjármagnið. Hæstv. ráðh. sagði fyrr í dag, að traustara væri að þetta væri sérmarkað í Byggingarsjóð verkamanna. En það segir ákaflega lítið því að skerðingin á bundnum framlögum til þessara verkefna sem annarra hefur bitnað bæði á sjóðum sem þessum sem og föstum fjárframlögum sem skylt er að veita til ýmissa verkefna á fjárlögum.

Auk þess ber einnig á það að líta, þegar bornar eru saman breytingar á frv. og upphaflega frv.. að á næstu 4—5 árum gerði frv. Magnúsar H. Magnússonar ráð fyrir 700 íbúðum í forsendum að útreikningunum. Væri gengið út frá 100 fleiri íbúðum í þeim útreikningum, sem lagðir voru til grundvallar, hlýtur því fjármagnsþörfin að aukast. Eitt er athyglisvert einnig, að í upphaflegu frv. átti 30% lánahlutfallið að nást 1980 og 80% hámarkið á næstu 10 árum, en eins og frv. er nú orðið er gert ráð fyrir 25% lánamarki fyrst 1981.

Ég tel því að vísbendingar mínar í nál. standi óhaggaðar og hafi frekari útreikningar, sem fengust í dag frá Þjóðhagsstofnun, styrkt þá skoðun mína, sem efalítið mun koma enn frekar í ljós þegar við fáum alla útreikninga frá Þjóðhagsstofnun um þetta mál.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hv. 2. þm. Suðurl. sagði í ræðu sinni að ekki væri séð fyrir tekjum á móti útgjöldum í frv. því sem hér er til umr., eins og það er núna, og svo hafi ekki heldur verið í upphaflega frv. sem ég lagði fram í des. s. l. Í upphaflega frv. var mjög nákvæmlega skýrt frá tekjuþörfinni, ekki aðeins í næstu framtíð, heldur allar götur til ársins 1990, en þá átti 80% útlánamarkinu að vera náð hið síðasta og eftir það færu framlög og lántökur ört minnkandi, sjóðirnir stæðu sjálfir undir útlánaþörfinni í framtíðinni að mestu leyti.

Til að ná þessu marki þurfti í fyrsta lagi að halda óskertum núverandi mörkuðum tekjustofnum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Í öðru lagi þurfti að auka framlög ríkis og sveitarfélaga um 7.5% fyrsta árið og vaxandi upp í 50% á tíunda ári, en gæti eftir það farið ört minnkandi. Aukningin væri á fyrsta ári í krónum talið 800 millj. og hækkaði upp í 8 milljarða á tíunda ári og er þá miðað við áætlað verðlag ársins 1980. Í þriðja lagi þurfti að auka lántökur frá því sem verið hefur síðustu árin um 30% á fyrsta ári, vaxandi upp í 80% á tíunda ári. Í krónum talið væru auknar lántökur fyrsta árið um 4 milljarða og vaxandi upp í 13.6 milljarða á tíunda ári, en eftir það færu þessar lántökur ásamt framlögunum ört lækkandi.

Þetta allt lýsti stjórn Ólafs Jóhannessonar og flokkarnir, sem að henni stóðu, sig reiðubúna til að standa við. Stjórnin samþykkti stefnumótun í húsnæðislánamálum, sem gekk út á þetta og virtist tekjuhliðin því allvel tryggð. Auðvitað byggðist þessi stefnumörkun og þessi útreikningur á ákveðnum forsendum. Í fyrsta lagi að byggðar yrðu 2000 íbúðir á ári fyrstu 5 árin og síðan 2100 íbúðir á ári, í öðru lagi að 1/3 yrði byggður á félagslegum grundvelli, eins og sagt er, og í þriðja lagi byggðust útreikningarnir og forsendurnar á lánstíma og vöxtum sem gerðu það að verkum að markinu yrði náð án óhóflegs álags á ríkissjóð og án óhóflegs álags á lántakendur. Þessi atriði voru öll samþykkt af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og þeim flokkum sem að henni stóðu, þótt ýmsir hafi nú hlaupið frá þeim samþykktum að því er virðist.

Hitt er svo hárrétt hjá hv. 2. þm. Suðurl., að Ed. kollvarpaði í verulegum atriðum þessum fjármögnunarforsendum öllum saman. Útlánsvextir hafa verið lækkaðir og það langt niður fyrir innlánsvexti Byggingarsjóðs ríkisins, lánstími hefur verið lengdur og útlán stóraukin, ekki síst til sveitarfélaga, frá því sem gert var ráð fyrir í því frv. sem ég lagði fram og byggðist á stefnumörkun ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, án þess svo mikið sem láta reikna út viðbótarkostnað breytinganna vegna. Stangast það alvarlega á við lög um efnahagsmál o. fl. frá því í apríl 1979. Satt að segja á ég erfitt með að skilja hvernig menn láta sér detta í hug að breyta öllum fjármögnunarforsendum svo viðamikils frv., — forsendum sem svo mikil vinna hefur verið lögð í að finna, forsendum sem allra best sætta það sem æskilegt er annars vegar og hins vegar það sem framkvæmanlegt er.

Það er ekki nóg með að breytingar hv. Ed. gangi út á stóraukin útgjöld, m. a. með auknum lántökumöguleikum sveitarfélaga og samdrætti tekna með lengingu lánstíma og lækkun vaxta, heldur þýða breytingarnar stórminnkuð framlög hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, frá því sem gert var ráð fyrir í upphaflegu frv. Ef lækkaður er hlutur sveitarfélaga í félagslegum íbúðabyggingum úr 20 í 10% jafngildir það 1.8 milljarða kr. lækkun á ári, og ef tekið er 1% af launaskattinum traustataki af Byggingarsjóði ríkisins, en þetta 1% jafngildir um það bil 30% af útlánaþörf Byggingarsjóðs verkamanna, þýðir það að 20% framlög ríkissjóðs til félagslegra íbúðabygginga, sem gert var ráð fyrir í upphaflega frv., falla í reynd niður, og þessi 20% jafngilda 3.6 milljörðum kr. á ári. Sú lækkun ásamt lækkun á þátttöku sveitarfélaganna jafngildir því 5.4 milljörðum kr. nettólækkun á framlögum til byggingarsjóðanna og sameiginlega á ári hverju.

Lenging lána og lækkun vaxta þýðir fljótlega stórskertar tekjur til viðbótar. Árið 1980, þegar 80% markinu átti að vera náð hið síðasta samkv. upphaflega frv. og samkv. stefnumótun stjórnar Ólafs Jóhannessonar, jafngildir þetta tekjuskerðingu upp á 5.3 milljarða kr. miðað við verðlag 1980. Útgjöldin eru sem sagt stóraukin, en tekjur skertar svo mikið að strax nemur 5.4 milljörðum á ári og vex fljótlega upp í 10 milljarða skerðingu á ári frá upphaflegu frv.

Það verður þó að segja hv. stjórnarliðum til hróss, að hluta af þessum staðreyndum hafa þeir viðurkennt með því að stefna nú að 25% útlánamarki árið 1981, 30% árið 1982 o. s. frv., en í upphaflega frv. var stefnt að 30% í ár, 35% á næsta ári og þannig áfram. M. ö. o.: stjórnarliðar hafa nú þegar frestað hækkunum um tvö ár frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Hæstv. félmrh. sagðist ekki hafa áhyggjur af fjármögnun félagslega þáttarins á næsta og þar næsta ári. Árið 1983 þarf þó að hans mati að gera viðeigandi ráðstafanir til verulegrar aukningar fjármagns til þessa þáttar. Það er hárrétt hjá hæstv. ráðh., að Byggingarsjóði verkamanna er sæmilega séð fyrir tekjum næstu tvö árin, m. a. vegna þess að hann á inni í Seðlabankanum 1.5 milljarða kr., sem núgildandi lög heimila ekki að notaðir séu. Ég vil þó enn einu sinni ítreka það, eins og fram kom hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni, að frv. í núverandi mynd eykur ekki fjársterymi til félagslega íbúðaþáttarins um eina einustu krónu frá því sem reiknað var með í upphaflega frv.

Hæstv. félmrh. sagði einnig að allvel væri séð fyrir fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins næstu tvö árin. Þar er ég honum algerlega ósammála. Árið 1979 voru markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins skertir um 10% í fjárlögum og lánsfjárlögum. Það þurfti að grípa til sérstakra björgunarráðstafana í des. 1979 til að afla Byggingarsjóði ríkisins svo til jafnmikils fjár og nam þessari 10% skerðingu. Nú í ár eru markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins skertir um hvorki meira né minna en 34% og hlýtur það að skapa mjög alvarlegt ástand hjá húsbyggjendum og byggingariðnaðinum þegar líður á árið. Á næsta ári og framvegis er svo boðuð 50% skerðing á langþýðingarmesta tekjustofni Byggingarsjóðs ríkisins. Samt hefur hæstv. félmrh. engar áhyggjur.

Gagnstætt hæstv. félmrh. hef ég mjög miklar áhyggjur af þessari þróun. Í fyrsta lagi þýðir hún það, ef ekkert verður að gert, að við nálgumst aldrei 80% útlánamarkið, alla vega ekki fyrr en einhvern tíma á næstu öld. Í öðru lagi þýðir hún mikla erfiðleika hjá flestum þeirra sem nú eru að byggja og ætla að gera það á næstu árum. Ég minni á, eins og fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Karvel Pálmasyni, að mikill meiri hluti launþega landsins þarf á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins að halda eða milli 60 og 70% allra launþega sem byggja eða kaupa húsnæði. Þó að 30—40% þeirra njóti

aðstoðar félagslega þáttarins er langsamlega mestur hluti þeirra þar fyrir utan.

Herra forseti. Ég hef miklar áhyggjur af Byggingarsjóði ríkisins og öllum þeim sem á þjónustu hans þurfa að halda, og mér finnst að mjög mikið vanti á að hv. stjórnarliðar hafi horft framan í staðreyndir þessara mála. Mér finnst satt að segja að þeir hafi hagað sér svipað og sá ágæti fugl strúturinn í þessu máli. Þeir hafa stungið sínum ágætu höfðum ansi djúpt niður í sandinn.

Herra forseti. Ég leyfi mér að draga brtt. mínar og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á þskj. 537 til baka til 3. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur frammi, á eftir að hafa áhrif á flesta landsmenn og því hefði ekki verið óeðlilegt að þinginu hefði gefist meiri tími til að fara yfir frv. Ég tel mjög óæskilegt að Nd. skyldi ekki fá þetta frv. fyrr í hendur þannig að það gæti orðið tekið rækilega fyrir þar og ýmis atriði tekin til athugunar.

Mér er ljóst, að þeir samningar, sem ríkisvaldið, atvinnurekendur og launþegar þurfa að leysa á næstunni, eru mjög viðkvæmir, og trúi því, að það sé rétt metið að það sé mikils virði að það frv., sem hér liggur frammi, verði samþykkt. En mér er ekki jafnljóst að það sé nauðsyn að samþykkja það nákvæmlega í þeirri mynd sem það er.

Í 4. gr. þessa frv. er tekin sú ákvörðun, að Alþýðusamband Íslands skuli fá tvo menn í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Út af fyrir sig er það hvorki rétt né röng stefna að setja stéttarfélög í stjórn sjóða og stofnana. Það er spurning: Er þá gætt jafnvægis? Hvað með Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, hvað með Stéttarsamband bænda? Auðveldar það viðskiptin við þessa aðila ef svona er að málum staðið? Ég efa stórlega að það auðveldi þau viðskipti. Ég get ekki fallist á þá skoðun, sem fram hefur komið, að vegna þess að einhverjir aðilar veiti lán til sjóðsins öðru fremur eigi þeir á þeirri forsendu að hafa þar stjórnunaraðild. Ef sú aðferð væri alfarið upp tekin hlýtur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja líka að taka til athugunar hvort rétt sé að ríkisvaldið fái að ráðskast jafnmikið með lífeyrissjóð þess og það hefur fengið að ráðskast með hann á undanförnum árum, m. a. þann kvóta sem fjmrh. hefur löngum haft til ráðstöfunar.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því í þessu sambandi, að á kaflanum, þar sem minnst er á framlag sveitarfélaga til bygginganna, hefur vissulega verið gerð sú bragarbót að hlutfall það, sem sveitarfélögin eiga að greiða, hefur verið lækkað. Engu að síður leiðir þetta hugann að því, hvort það sé réttlæti í þeim lögum sem eru í gildi varðandi tekjustofna sveitarfélaga. Ég vil halda því fram að svo sé ekki. Ég held að hver og einn einasti maður, sem horfir t. d. bara á stór-Reykjavíkursvæðið, megi gera sér grein fyrir að það hafa risið upp sveitarfélög í tengslum við Reykjavík, sveitarfélög þar sem raunveruleg einbýlishúsahverfi Reykjavíkurborgar standa. Svo að ég tali skýrt á ég t. d. bæði við Garðabæ og Seltjarnarnes. Er eftir einhverjum kenningum réttlætanlegt að þessi sveitarfélög og íbúar þeirra geti með sínum skipulagsuppdrætti haft endanleg áhrif á að þar setjist ekki að févana einstaklingar? Er það fyrir fram réttlætanlegt að það skuli vera Reykjavíkurborg sem sitji uppi með það að byggja alla verkamannabústaðina og þeir sem þar eru séu skattlagðir í því sambandi? Ég held að svo sé ekki. Ég hefði talið að þarna hefði átt að setja inn það ákvæði að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefði átt að greiða vissan hluta af því framlagi sem hverju sveitarfélagi er ætlað að greiða og þannig yrði farið inn á jöfnun hjá sveitarfélögunum.

Ég vek sérstaklega athygli á því, að þau sveitarfélög á Vestfjörðum, sem ég þekki best til, hafa löngum verið látin greiða útflutningsbætur með sjávarafurðum. Þau hafa verið látin greiða þessar útflutningsbætur í gegnum hafnarsjóðina, þ. e. hafnarsjóðirnir hafa verið reknir með halla og af hinum almennu tekjum sveitarfélaganna hefur verið tekið fjármagn til að greiða þær skuldir. Með því móti hafa þau verið févana. Samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um aldur húsnæðis og gæði húsnæðis, blasir það við, að t. d. á Vestfjörðum er mjög mikið af gömlu, lélegu húsnæði. Ég vil halda því fram sem staðreynd, að þau sveitarfélög séu mjög illa í stakk búin til að verða af með fjármuni þó að þau þurfi að notfæra sér það kerfi sem hér er verið að gera ráð fyrir að mjög mikið verði byggt eftir. Þetta skýrist kannske dálítið betur ef menn hafa það í huga og kanna að flest sveitarfélög á Vestfjörðum voru búin að gefast upp á því að byggja eftir gömlu lögunum eins og þau voru.

Það er fleira sem vekur umhugsun í þessu frv. Hér er sett ákveðið tekjuhámark. Ef menn hafa meiri tekjur en hámarkið segir, eiga þeir ekki rétt á að fá hús eftir því kerfi sem snýr að verkamannabústöðunum. Eru það tekjurnar s. l. þrjú ár sem segja okkur allt um hvort einstaklingur á rétt á að fá íbúð eða ekki? Ég vil alfarið mótmæla því að svo sé. Fjölskyldustærð og eignir segja miklu meira um þessi efni. Það hlýtur að vera frekar hlálegt ef sú staða kæmi upp hjá verkamanni, sem eftir væri leitað að færi í frystihúsvinnu í yfirvinnu, að afleiðing þess, að hann færi í slíka vinnu til að bjarga verðmætum, yrði sú, að hann tapaði þeim rétti sem hann ella hefði til að geta eignast þak yfir höfuðið samkv. þessum lögum. Ég held að mikil nauðsyn væri á að rýmka þetta ákvæði og skoða mjög gaumgæfilega hvort það eru þá hinir raunverulegu verkamenn, t. d. í sjávarþorpunum, sem eiga rétt á lánum samkv. þeim ákvæðum sem hér eru.

Á þessu þingi flutti ég þáltill. varðandi framfærsluvísitöluna. Sú þáltill. er í nefnd. Ef hún hefði fengist samþykkt á hinu háa Alþingi hefði hún getað orðið mjög mikill vegvísir í því efni að bera saman raunveruleg lífskjör manna eftir því hvar þeir búa á landinu. Þá hefði verið hægt að athuga m. a. hvort það ætti að vera sama tekjuhlutfall alls staðar. Það hlýtur að liggja í augum uppi, að ef það kostar miklu meira að búa á sumum svæðum verða menn, ef þeir vilja sýna réttlæti í þessum málum, að viðurkenna að til að eiga rétt á lánum í verkamannabústaðakerfinu megi hafa þar hærri tekjur. Þetta er að mínu viti grundvallaratriði ef menn vilja að þessi lög verði til að stuðla að jafnhliða uppbyggingu á Íslandi.

E. t. v. finnst mönnum að ég gerist hér langorður um þessi efni. En ég vil minna á að ein bitrasta reynsla dreifbýlisins varðandi byggðaröskun er tengd samningum um byggingu íbúða í Breiðholtinu. Ég hygg að flestir, sem líta yfir farinn veg og skoða það sem þá var samþykkt og þá var gert, efist um að þar hafi rétt verið að staðið. Ég fyrir mína parta tel að það hefði mátt standa mun betur að því.

Ég ætla ekki að fara út í langar umr. um fjármögnun. Mér er ljóst að það hefði mátt ganga betur frá þeim málum í þessu frv. Ég held samt sem áður að það sé vonlaust að gera ráð fyrir að hvaða tillögur sem þar hefðu verið settar fram fengju staðist ef verðbólgan verður óbreytt. Það er tómt mál að tala um að þetta þjóðfélag þoli yfirleitt mörg ár með álíka mikilli verðbólgu eða meiri en verið hefur. Ég held þess vegna að það verði að vera sameiginlegt verkefni að minnka verðbólguna, en ekki að halda áfram þeirri stefnu, sem gjarnan hefur verið farið eftir á undanförnum árum, að aðlaga allt verðbólgunni.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta mál. Þó ég styðji frv. í atkvgr. lýsi ég því jafnframt yfir, að ég mun á haustþingi bera fram brtt. við það og vona að þá gefist tóm til þess hér í hv. deild að skoða þær af meiri ró en mér sýnist að gerlegt væri ef hreyft væri við þessum málum nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 428, 539). — Frh. 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 595). — Ein umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég óskaði eftir því 19. þ. m. að taka til máls utan dagskrár til að ræða málefni Bjargráðasjóðs og í því sambandi að minna á fyrirheit stjórnmálaforingjanna er þeir gáfu 19. maí 1979 vegna harðindanna sem gengu þá yfir stóran hluta landsins og talin hafa verið mestu harðindi sem herjað hafa á landið, a. m. k. á þessari öld. Þegar ljóst varð að það mál, sem nú er til umr., sem er um breyt. á lögum um Bjargráðasjóð, kæmi aftur til umr. í hv. deild vegna breytinga sem Ed. gerði á frv. féllst ég á að fresta máli mínu þar til umr. þessi færi fram.

Þetta er a. m. k. í fjórða skiptið er ég ræði um þetta málefni á þessu ári hér í hv. deild án teljandi árangurs. Þar sem ég tel ekki sæmandi að gera upp á milli stétta og einstaklinga sem verða fyrir tjóni eða tekjumissi af völdum náttúruhamfara, eins og við blasir ef ekkert frekar verður að gert, get ég ekki hjá því komist að ræða þetta málefni fyrir þingslit og bera fram spurningar, fyrst og fremst til hæstv. forsrh. og einnig til hæstv. fjmrh.

Áður en ég ber fram spurningarnar vil ég rifja það upp sem sagt var í Sþ. 19. maí fyrir rúmu ári, með leyfi forseta. Það var Lúðvík Jósepsson, sem þá var 1. þm. Austurl., sem hóf umr. og sagði:

„Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár þó að mér sé ljóst að nú sé mjög gengið á tíma þingsins og ekki mikill tími til þess að eyða í umr. utan dagskrár. En ég vænti þess, að það mál, sem ég vil ræða, sé ekki neitt deilumál og það eigi ekki að þurfa að leiða af sér langar eða miklar umr.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt hafa steðjað að ýmsum landsmönnum á þessum vetri margvíslegir erfiðleikar sem leitt hefur af því að hafís hefur lokað hafnarsvæðunum og gert mörgum aðilum ókleift að stunda atvinnu sína. Við það hafa síðan bæst einstök vorharðindi sem bitna með miklum þunga ekki síst á bændum landsins, en einnig ýmsum öðrum. Ég held að það sé enginn vafi á því, að þessir erfiðleikar koma þannig við ýmsa staði á landinu og ýmsa aðila að þeir hafa orðið fyrir miklu áfalli. Mér finnst það eiga vel við, áður en Alþ. lýkur nú störfum sínum, að það heyrist nokkuð héðan frá Alþ. um það, að við alþm. ætlumst til að vandamál þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, verði athuguð sérstaklega og sérstök athugun verði gerð á því tjóni sem menn hafa orðið fyrir, því tekjutapi sem ýmsir hafa orðið fyrir í sambandi við þessa náttúruerfiðleika. Ég er á þeirri skoðun, að nú sé eins og jafnan áður, þegar slíkt kemur fyrir, mjög auðvelt að fá sterka samstöðu allra stjórnmálaflokka og manna úr öllum flokkum til þess að standa að því að reyna að draga úr þeim mestu erfiðleikum og því tjóni sem einstök byggðarlög og einstakir aðilar verða fyrir þegar slíkir atburðir gerast eins og þessir, sem ég þarf ekki að fara um mörgum orðum við hv. þm. Um það er ekkert að villast, að t. d. einstakir sjómenn og smáútvegsmenn hafa tapað stórum hluta af tekjum sínum á árinu vegna hafíss, og ég held að ekki sé minnsti vafi á því, að bændur landsins hafa orðið fyrir miklu tekjutapi og muni verða vegna þessara erfiðleika allra.

Ég vil því beina því til hæstv. forsrh., hvort hann vilji ekki gefa yfirlýsingu á Alþ. um að hann muni beita sér fyrir því, að látin verði fara fram sérstök athugun á vandamálum þeirra aðila, sem hér er um að ræða, með það fyrir augum að þjóðfélagsheildin komi þeim til aðstoðar á svipaðan hátt og gert hefur verið í öðrum tilfellum þar sem um tjón af náttúrunnar völdum hefur verið að ræða. Hér hefur áður orðið hin besta samstaða um aðstoð þegar slíkt hefur verið tekið hér upp.

Ég vil vænta þess, að hæstv. forsrh. geti tekið undir þá skoðun er ég túlka hér, vilji beita sér fyrir því, að athugun af þessu tagi fari fram, og síðan verði að því stefnt að bæta mönnum það tjón sem ætti að vera hægt að bæta þeim af hálfu þjóðfélagsheildarinnar. Mér þykir einnig full ástæða til að vænta þess, að stjórnarandstaðan hér á þingi, eins og jafnan áður, standi með öðrum að því að grípa inn í þegar slíka atburði ber að höndum. Fari svo sem ég vænti, að hér sé samstaða um að lýsa yfir vilja Alþ. í þessum efnum og taka á þessu vandamáli, þá finnst mér sjálfsagt að það komist til þeirra, sem standa enn í miðjum erfiðleikunum, sem boðskapur héðan frá Alþ., án þess að gerð sé sérstök þingsamþykkt, heldur liggi aðeins fyrir almenn yfirlýsing flokkanna um að það sé ætlun manna að bæta mönnum, eftir því sem við verður komið, það tjón sem menn hafa orðið fyrir vegna þessara miklu áfalla.

Ég vil svo vænta þess, að undir þetta mál mitt verði tekið fyrst og fremst af hæstv. forsrh., en einnig af hálfu stjórnarandstöðunnar."

Þannig hljóðaði ræða Lúðvíks Jósepssonar 19. maí 1979.

Síðan tók forsrh., sem þá var Ólafur Jóhannesson, til máls og sagði, með leyfi forseta:

„Í tilefni af orðum hv. 1. þm. Austurl. er mér ljúft að lýsa yfir, að ég mun beita mér fyrir því innan ríkisstj. að fram fari rækileg könnun á þeim vandamálum sem hann gerði að umtalsefni. Það er öllum ljóst, að þar er um þungar búsifjar að ræða sem menn hafa orðið fyrir, bæði til lands og sjávar, af völdum hafíss og algjörlega

einstæðra harðinda sem gengið hafa yfir landið að undanförnu. Ég tek algjörlega undir orð hans um það og tel að eigi að líta á málið frá því sjónarmiði, að hér sé um hliðstæður að tefla við þá atburði sem stundum hafa gerst af völdum náttúruhamfara og valdið stórtjóni.

Það má segja, að raunar hafi ríkisstj. þegar markað stefnu að þessu leyti að nokkru, þar sem á sínum tíma átti sér stað skipun sérstakrar nefndar, hafísnefndar, sem hefur kannað það mál og mun gera tillögur í þeim efnum. En það er ekki aðeins að hafísinn hafi valdið hér tjóni, heldur er, eins og ég sagði áðan og eins og menn vita, um algjörlega einstæð harðindi að ræða, um mjög langt árabil a. m. k., í tilteknum hlutum landsins.

Ég efast ekki um að hv. stjórnarandstæðingar muni veita þessu máli lið eftir því sem rannsókn og athugun og skynsamlegar tillögur hníga að."

Þannig svaraði forsrh. Lúðvík Jósepssyni 19. maí fyrir ári. En næstur tók svo til máls hæstv. núv. forsrh., Gunnar Thoroddsen, og sagði, með leyfi forseta:

„Þau harðindi, sem gengið hafa yfir þetta land nú á þessu vori og standa enn þótt liðinn sé mánuður af sumri, eru sem betur fer fátíð, en víða um land er nú vá fyrir dyrum. Það er brýn nauðsyn að kanna þann skaða, sem hlýst af þessum harðindum, og leita leiða til að ráða fram úr þeim vanda.

Ég tek undir óskir og uppástungur 1. þm. Austurl. og undirtektir hæstv. forsrh. og vænti þess, að víðtækt samstarf megi takast milli þingflokkanna um ráð til að liðsinna þeim byggðarlögum og íbúum þeirra sem orðið hafa fyrir þungum búsifjum."

Þannig mælti núv. forsrh., Gunnar Thoroddsen. En loks ætla ég aðeins að koma inn á lítinn kafla úr ræðu sem hv. þm. Árni Gunnarsson flutti þennan sama dag, með leyfi forseta:

„Ég vil þakka hv. þm. Lúðvík Jósepssyni fyrir að vekja máls á því ástandi, sem nú hefur skapast, í þeim tilgangi að koma á samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um aðgerðir sem gera þarf til að leysa þann brýna vanda sem nú blasir við á hinum svonefndu hafísvæðum og raunar víðar á landinu."

Hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði m. a. í umr. hér í hv. deild 25. maí 1979, með leyfi forseta:

„Við þm. viljum áreiðanlega veita liðsinni okkar til að leysa þau vandamál sem nú blasa við bændum landsins."

Í stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens stendur þetta m. a., með leyfi forseta:

„Bjargráðasjóði verði útvegað lán vegna harðindanna 1979. Tekjustofnar sjóðsins verði teknir til endurskoðunar í þeim tilgangi, að hann geti gegnt hlutverki sínu."

Og hver er þá tilgangur sjóðsins? Það fer ekki milli mála. Í 9. gr. laganna um Bjargráðasjóð kemur það glöggt fram, en hún er þannig, með leyfi forseta:

„Hlutverk búnaðardeildar er að veita einstaklingum eða sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til a. að bæta meiri háttar tjón vegna búfjárdauða af völdum sjúkdóma eða af slysum, þegar gáleysi eiganda verður eigi um kennt; b. fóðurkaupa vegna grasbrests af völdum kuldakals eða óþurrka til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár; c. að bæta uppskerubrest á garðávöxtum; d. að veita fjárhagsaðstoð vegna verulegs afurðatjóns á sauðfé og nautgripum. — Um fjárhagsaðstoð samkv. grein þessari fer samkv. reglum, er sjóðsstjórn setur."

Þetta er 9. gr. laganna um Bjargráðasjóð. Hér fer því ekki milli mála hvað löggjafinn á við, þ. e. að bæta meiri háttar tjón.

Hvernig var aflatjón þeirra, er stunda grásleppuveiðar og urðu fyrir aflatjóni á síðasta ári, bætt? Það kemur fram í bréfi frá Aflatryggingasjóði, sem Þórarinn Árnason undirritar og er þannig, með leyfi forseta:

„Vegna fyrirspurnar hv. alþm. Stefáns Valgeirssonar set ég hér á blað nokkrar upplýsingar varðandi greiðslur til grásleppusjómanna sem urðu fyrir aflatjóni vorið 1979.

Með bréfi, dags. 31. júlí 1979, tilkynnti félmrn. að ríkisstj. hefði á fundi 19. júlí fjallað um tillögur hafísnefndar til lausnar á vandamálum hafissvæðanna norðan- og vestanlands, einnig að samþykkt hefði verið að bæta aflatjón grásleppusjómanna samkv. reglum Aflatryggingasjóðs. Þá var Aflatryggingasjóði falið að annast útreikninga og bótagreiðslur í samráði við samtök grásleppuhrognaframleiðenda.

Strax í upphafi var ákveðið að miða bótaskyldu og þá væntanlega bótagreiðslur við skýrslur sem grásleppuveiðimenn hafa gert og sent hingað s. l. ár. Við athugun kom í ljós að skýrslurnar frá árunum 1977 og 1978 voru aðgengilegar, enda talið að þau ár gæfu góða mynd af meðalafla þegar um normalárferði væri að ræða. Því næst skiptum við hafissvæðinu í 21 bótahólf og reiknuðum út meðalafla fyrir hvert svæði fyrir sig og bárum þann meðalafla saman við afla 1979. Samkv. lögum um Aflatryggingasjóð er ekki um bótaskyldu að ræða ef afli viðkomandi árs er 75% eða meira af meðalafla. M. ö. o. í þessu tilviki, að ef afli 1979 var 75% eða meira miðað við meðalafla 1977 og 1978, þá var svæðið ekki bótaskylt.

Næsta skref var það að athuga svæðin 21. Kom þá í ljós að aðeins 4 voru bótaskyld samkv. framangreindum reglum."

Þá er komið að framkvæmdinni:

Hinn 24. sept. 1979 skipaði þáv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, þriggja manna nefnd til þess að kanna ástandið á harðindasvæðunum og gera tillögur til úrbóta. Nefndin skilaði áliti og tillögum til ráðh. þingsetningardaginn 10. okt. Nefndin lagði til að Bjargráðasjóði yrði útvegað fé til að lána bændum á harðindasvæðunum til að kaupa fóður þar sem heymagn væri minna en 80% af heymagni 1978. Einnig lagði nefndin til að bændur yrðu aðstoðaðir vegna uppskerubrests á garðávöxtum, en til þess að Bjargráðasjóði yrði gert þetta mögulegt lagði nefndin til að lögum sjóðsins yrði breytt á þann veg að tekjur hans yrðu auknar verulega svo að hann gæti gegnt hlutverki sínu. — Tillögur nefndarinnar voru þessar: a) Framlag sveitarfélaganna hækki úr 150 kr. á íbúa í 300 kr. b) Framlag bænda hækki úr 0.35% af búvöruverði í 0.60%. c) Framlag ríkisins hækki tilsvarandi og jafnhátt greiðslum samkv. a- og b-lið.

Ríkisstj. afgreiddi málið strax til stjórnar Bjargráðasjóðs með ósk um að hún veitti bændum lán samkv. tillögum harðærisnefndar án verðtryggingar og með 10% vöxtum eins og lög sjóðsins heimila. Stjórn Bjargráðasjóðs tilkynnti félmrh. að hún mundi verða við þessum tilmælum, enda yrði sjóðnum séð fyrir fé og lögum hans breytt í samræmi við tillögur harðærisnefndar.

En þegar hér var komið sögu var sest að völdum í landinu ný stjórn, minnihlutastjórn Alþfl. Þessi stjórn gaf út brbl., ekki um að auka tekjur Bjargráðasjóðs, eins og harðindanefnd lagði til, heldur um að sjóðnum væri heimilt að lána út með fullri verðtryggingu. En það

furðulega hefur gerst, að þær þingnefndir, sem hafa fjallað um málið í báðum deildum, hafa ekki fellt út þetta ákvæði brbl. um heimild til að lána með verðtryggingu. Það er engu líkara en að hv. þingnefndum hafi ekki verið ljóst að þetta er slysa- og neyðarsjóður, enda þótt í 8. og 9. gr. laganna segi hver tilgangur sjóðsins er svo það ætti ekki að fara á milli mála.

Til að skýra fyrir hv. þm. hvernig að málinu hefur verið staðið og hvernig það stendur nú er nauðsynlegt að lesa bréf sem er skrifað hv. fjvn., undirskrifað af framkvæmdastjóra sjóðsins, Magnúsi E. Guðjónssyni, dags. 5. febr. s. l., og er þannig, með leyfi forseta:

„Á síðasta stjórnarfundi Bjargráðasjóðs, 23. f. m., var mér undirrituðum framkvæmdastjóra sjóðsins falið að rita hv. fjvn. varðandi framlag til sjóðsins á fjárlögum fyrir árið 1980. Fer stjórn sjóðsins þess á leit, að framlag til Bjargráðasjóðs á fjárlögum fyrir árið 1980, verði ákveðið 392 millj. kr.

Samkv. lögum um Bjargráðasjóð nr. 51 frá 1972, 5. gr. c-lið, sbr. lög nr. 110 frá 1976, um breyt. á þeim lögum, skal árlegt framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs nema samanlögðum framlögum til sjóðsins frá sveitarfélögum og af söluvörum landbúnaðarins, hlutdeild í svonefndu búnaðarmálasjóðsgjaldi.

Í tillögum, sem Bjargráðasjóður gerði vegna undirbúnings fjárlaga 1980, var gert ráð fyrir að framlag ríkisins 1980 þyrfti að vera 187.1 millj. kr. og var þá byggt á rauntölu 1978 framreiknaðri á þeirri forsendu að hækkunin milli áranna 1978 og 1979 yrði 45% og milli áranna 1979 og 1980 40%. Ljóst er að þessar forsendur eru brostnar. Þrátt fyrir það var tillaga sjóðsins skorin niður um tæpar 30 millj. kr., þar sem í framlögðu fjárlagafrv. er áætlað að framlag til sjóðsins á þessu ári verði 158 millj. kr.

Árið 1979 var óafturkræft framlag til sjóðsins frá sveitarfélögum og af búvörugjaldi svo sem hér segir: Framlög sveitarfélaga, um 150 kr. á hvern íbúa, 33.7 millj., hlutdeild í búvörugjaldi 110.6 millj., eða 144.3 millj. Framlag ríkissjóðs samkv. fjárlögum 1979 var 83.7 millj. og var það fast bundið við þá fjárhæð samkv. lögum nr. 20 frá 1979, 19. gr. Það er 60 millj. kr. lægri fjárhæð en vera ætti samkv. lögum sjóðsins.

Vegna gífurlegrar fjárþarfar Bjargráðasjóðs sökum harðinda á Norður- og Norðausturlandi s. l. sumar aðallega hefur stjórn Bjargráðasjóðs samþykkt að óska eftir því, að lögum sjóðsins verði breytt til að efla hann og auka tekjur hans. Nái það mál fram að ganga áætlar stjórnin óafturkræft framlag til sjóðsins á árinu 1980: framlag sveitarfélaga, 300 kr. á íbúa, 67 millj., hluta af búvörugjaldi 0.6% 250 millj., þ. e. 9 mánaða greiðsla, eða 317 millj. kr. mótframlag.

Til viðbótar framangreindu áætluðu mótframlagi ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs 1980 er áætlað að nettóútgjöld sjóðsins vegna vaxta- og verðbreytingamismunar af veittum lánum vegna veiðarfæratjóna af völdum hafíss vorið 1979 verði á þessu ári 15 millj., en samkv. bréfi félmrh., dags. 24. júlí 1979, er því yfir lýst, að þessi mismunur verði tekinn inn á fjárlög og greiddur sjóðnum úr ríkissjóði.

Þá hefur stjórn Bjargráðasjóðs samþykkt að óska eftir því, að sjóðnum verði bætt með greiðslu úr ríkissjóði framangreind skerðing, 60 millj. kr. samkv. 19. gr. laganna 1979.

Framlag til Bjargráðasjóðs á fjárlögum fyrir árið 1980, sem óskað er eftir í upphafi þessa bréfs, sundurliðast þannig: Áætlað mótframlag ríkissjóðs eftir lagabreytinguna 317 millj., vaxtamunur vegna hafíslána 15 millj. og greiðsluskerðing ríkisframlags 1979 60 millj., eða 392 millj. Mismunur er þarna upp á 267 millj.

Sótt hefur verið um fyrirgreiðslu til sjóðsins vegna uppskerubrests á kartöflum á s. l. ári, aðallega í Eyjafirði, Nesjum, Hofshreppi, Austur-Skaftafellssýslu, Þykkvabæ og vegna lítils heyfengs á svæðinu frá Vestfjörðum norðanlands og allt til Borgarfjarðar eystri og enn fremur vegna kostnaðar við hey- og grasköggla-flutninga á téðu svæði. Enn fremur veitti sjóðurinn alls 130 millj. kr. lán vegna veiðarfæratjóns af völdum hafíss s. l. vor og lán hans að fjárhæð 70 millj. vegna vorharðindanna 1979."

Meira ætla ég ekki að lesa upp úr þessu bréfi. Samkv. því óskaði stjórn Bjargráðasjóðs að framlag til sjóðsins samkv. fjárlögum yrði 392 millj., en fjárlagatalan nú er 125 millj. kr. eða mismunur sem nemur 267 millj. kr. Samkv. gildandi lögum vantar, eins og áður segir, 60 millj. frá 1979, það vantar samkv. lögunum, eins og þau eru, 73.7 millj. á yfirstandandi ári plús 15 millj. samkv. bréfi félmrh. frá 24. júlí 1979, eða samtals 148.7 millj. kr.

Þannig hefur í reynd verið staðið að þessum málum. Byggðasjóður hefur látið sem óafturkræft framlag 120 millj. 60 þús. kr., sem Búnaðarfélag Íslands hefur úthlutað, og ber að þakka þá aðstoð, en eins og málin hafa verið þar nær það skammt. Engar greiðslur hafa komið enn til bænda vegna fóðurkaupa á s. l. hausti. Lán ættu að mati sjóðsins að vera 1 milljarður 100 millj. kr. Styrkur vegna fóðurflutninga á s. l. hausti hafa þeir metið að þyrfti að vera 225 millj. miðað við reglur sjóðsins. Ef tjón garðyrkjubænda væri metið hlutfallslega eins og þegar um aflatjón er að ræða þyrftu að koma til afgreiðslu úr sjóðnum til þessara framleiðenda a. m. k. 450—500 millj. Eftir er að afgreiða vegna búfjártjóna frá s. l. ári verulegar upphæðir. Greiðslur sjóðsins vegna þessa munu því vera einhvers staðar í kringum 2 milljarða, og þá er ótalið allt það afurðatjón sem sérstaklega sauðfjárbændur urðu fyrir vegna verulega minni fallþunga á síðasta hausti en er í meðalári, en engir tilburðir hafa verið uppi hjá ríkisstj. enn sem komið er, að ég veit, til að láta meta það tjón hliðstætt því þegar um aflatjón er að ræða, hvað þá að bæta það, þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem ég vitnaði til í upphafi máls míns.

Ég spyr hæstv. forsrh. að því, hvort honum finnist að staðið hafi verið við þær yfirlýsingar sem gefnar voru á hinu háa Alþingi fyrir ári og vitnað er til hér að framan. Ég vil enn fremur spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort hann muni ekki beita sér fyrir því, og það án frekari tafar, að bændum verði bætt það tjón, sem þeir urðu fyrir, eftir svipuðum reglum t. d. og gert var í sambandi við sjóð þeirra sem atvinnu hafa af grásleppuveiðum.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort réttlætiskennd hans sé ekki þannig varið að allar stéttir eigi að sitja við svipaðan hlut að því leyti, að þegar þær verða fyrir tjóni vegna harðinda eða annarra náttúruhamfara eigi að bæta öll slík tjón með líkum hætti. Ég vil ekki trúa því að hæstv. ráðh. eða hv. þm. vilji gera upp á milli stétta eða einstaklinga í slíkum tilvikum. Það liggur þó fyrir að fyrrv. félmrh., hv. þm. Magnús H. Magnússon, skrifaði Aflatryggingasjóði bréf um að bæta grásleppubændum tjón eftir reglum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er

ekki lán, heldur framlag. Hins vegar gaf sami ráðh. út brbl. um að Bjargráðasjóði væri heimilt að lána með fullri verðtryggingu t. d. til þeirra bænda sem framleiða garðávexti, en tekjutap þeirra mun hafa orðið langmest á síðasta ári. Ég vil ekki trúa því, að fyrrv. ráðh. hafi ekki gert sér grein fyrir hvað hann var að gera, þegar hann gaf út þessi brbl., eða til hvers það mundi leiða. Engar ráðstafanir voru gerðar til að útvega sjóðnum fjármagn til þess að hann væri þess umkominn að gegna hlutverki sínu.

Ég vil enn fremur spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hann muni ekki gera ráðstafanir til að framfylgja þeim yfirlýsingum, sem ég vitnaði til í upphafi máls míns, og gera nú þegar ráðstafanir til að útvega það fjármagn sem til þarf til að bæta það tjón sem varð af völdum harðærisins á s. l. ári. Öllum hv. þm. ætti að vera ljóst að það er ekki sama hvenær aðstoðin er veitt. Fjármagnskostnaðurinn er ekki svo lítill í landi okkar. Hvort sem um er að ræða launamenn, er missa atvinnuna, eða ef bregst afli hjá sjómönnum eða bregst uppskera hjá bændum eða þeir missa tekjur vegna minni afurða, þá er það jafntilfinnanlegt fyrir hvern sem fyrir slíku verður. Ef launamenn missa atvinnu fá þeir bætt úr Atvinnuleysistryggingasjóði 80% af launatekjum. En það er framlag, ekki lán. Ef afli bregst á tilteknu svæði fá útgerðarmenn bætt úr Aflatryggingasjóði eftir vissum reglum 75% af meðalafla s. l. ára, og ef um togskip er að ræða, þá upp í 85%. Það er framlag, en ekki lán. En þegar kemur að bændum er annað uppi á teningnum. T. d. varð afurðatjón hjá sauðfjárbændum í mörgum sveitum á Norðurlandi að meðaltali um 2 millj. á hvern framleiðanda vegna minni fallþunga dilka, en hjá einstaka bónda verulega miklu meira. Þegar tilkostnaður allur verður miklu meiri í slíku árferði, sem gefur auga leið, verða nettótekjur þessara bænda ekki beysnar. Þó er ekkert farið að athuga þennan þátt. Hvað veldur? Það eina, sem gert hefur verið, er að samþykkja ríkisábyrgð upp á 1500 millj. kr. og skera niður lögboðin framlög til Bjargráðasjóðs, eins og fram hefur komið í máli mínu hér að framan.

Margir bændur, ekki síst þeir sem urðu fyrir mestu tjóninu, hafa spurt mig að því síðustu vikurnar, hvort yfirlýsingar forustumanna stjórnmálaflokkanna séu marklausar. Ég hef svarað öllum slíkum spurningum neitandi og bent á að óvenjulegt stjórnmálaástand hafi verið í landinu síðan á haustnóttum. Hinu er ekki að leyna, að ef slíkar spurningar verða upp bornar eftir að þinghaldi lýkur nú og engin hreyfing verður komin á þessi mál frekar en orðið er, þá er hætt við að lítið verðu um svör og ekki þægilegt að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að ekki er lengur hægt að svara slíkum spurningum neitandi. Í slíkum sporum vil ég a. m. k. ekki þurfa að standa. M. a. þess vegna hef ég gert þessi mál hér og nú að umræðuefni og lagt spurningar fyrir hæstv. forsrh. og fyrir hæstv. fjmrh. er ég óska að fá svör við.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af fsp. hv. 2. þm. Noðurl. e. vil ég taka þetta fram:

Við umr. í Sþ. 19. maí í fyrra um harðindi og hafís fyrir Norðurlandi lýsti ég yfir fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna að ég vænti þess, að víðtækt samstarf mætti takast milli þingflokkanna um ráð til að liðsinna íbúum þeirra byggðarlaga sem fyrir búsifjum hefðu orðið. Fulltrúar annarra þingflokka gáfu svipaðar yfirlýsingar.

Þetta mál allt saman hefur tafist mjög vegna langvarandi stjórnarkreppu s.l. vetur og vegna þeirra tafa sem af þeim sökum m. a. urðu á afgreiðslu lánsfjáráætlunar. En í lánsfjáráætlun fyrir þetta ár er gert ráð fyrir 1500 millj. lántöku Bjargráðasjóðs til að bæta tjón bænda á Norðurlandi. Þetta lán hefur verið fengið frá bönkum til 5 ára og er verðtryggt með 2% vöxtum. Þetta fé verður síðan endurlánað bændum þar nyrðra.

Þeir sjómenn, sem fyrirspyrjandi vitnar til, hafa fengið lán til að bæta þeim veiðarfæratap. Þau munu vera til 5 ára og Byggðasjóðsvextir 22%.

Stjórn Bjargráðasjóðs hefur í gær fyrir sitt leyti fallist á að vextir af lánum til bænda verði 10%. En sjóðurinn getur ekki staðið undir þeim vaxtamun sjálfur. Það er ekki unnt að gefa bindandi yfirlýsingu um vaxtakjör af lánum þessum fyrr en ríkisstj. fær ályktun Bjargráðasjóðs til umfjöllunar. En það vil ég fullvissa hv. þm. um, að við þær yfirlýsingar, sem hann vitnaði til frá 19. maí í fyrra, verði staðið og bændur á harðindasvæðunum fái a. m. k. ekki lakari kjör en þeir sjómenn hafa fengið sem hann vitnaði til.

Í stjórnarsattmála núv. ríkisstj. er minnst á þetta mál þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bjargráðasjóði verði útvegað lán vegna harðindanna 1979.“ — Það hefur verið gert.

„Tekjustofnar sjóðsins verði teknir til endurskoðunar í þeim tilgangi að hann geti gegnt hlutverki sínu.“ — Um það fjallar einmitt þetta frv., sem hér liggur fyrir, að efla Bjargráðasjóðinn til að gera honum kleift, eftir því sem unnt er, að gegna sínu hlutverki. Vænti ég þess, að það frv. geti orðið að lögum nú.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefáni Valgeirssyni, fyrir að hafa tekið þetta mál hér upp á Alþ. og fengið með fsp. sínum og með því að reifa þetta mál yfirlýsingu frá hæstv. forsrh. um að þau lán, sem veitt verða bændum úr Bjargráðasjóði vegna harðindanna, verði óverðtryggð. Þetta tel ég vera afskaplega þýðingarmikið og raunar forsendu þess, að þeir bændur, sem hlut eiga að máli, geti sumir hverjir notfært sér þessi lán.

Eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. gat réttilega um á það sérstaklega við um kartöflubændur. Þar er um mjög alvarlegt tjón að ræða, algert tjón, vil ég segja. Þessir menn hafa orðið algerlega tekjulausir á s. l. ári, og ég hygg að finna megi dæmi þess, að einn maður hafi tapað um 30 millj. kr. tekjum sem hann gat átt von á á því ári. Svo alvarlegt er ástandið að ef við tökum eina þrjá hreppa í Eyjafirði, Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandarhrepp og Öngulsstaðahrepp, mun tjónið þar vera eitthvað í kringum 400 millj. kr. vegna kartöfluuppskerunnar, aðeins vegna hennar. Þar við bætist svo annað eins tjón. Bjargráðasjóður hefur að vísu að nokkru leyti komið þarna á móti með því að veita nokkra fyrirgreiðslu til Kaupfélags Svalbarðseyrar, en hins vegar hefur því fé ekki verið skipt milli einstakra bænda og verulega vantar upp á að þarna sé um viðhlítandi lausn að ræða. Ég vil af því tilefni spyrja hæstv. forsrh. hvort ekki megi treysta því, að lengra verði gengið til móts við kartöflubændur en raunin hefur á orðið, þannig að það verði hægt að bæta það tekjutjón, sem þarna hefur orðið, með fullfullnægjandi svaranlegum hætti.

Ég tek undir það með hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefáni Valgeirssyni, að það nær náttúrlega engri átt á ári eins og

þessu, þegar veruleg harðindi hafa orðið á stórum landssvæðum og þörf á fjármagni til Bjargráðasjóðs því mun meiri en ella, að ekki skuli vera staðið við lög í sambandi við fjárlög og það skuli vanta á annað hundrað millj. upp á að á s. l. tveimur árum hafi Bjargráðasjóður fengið það fé sem honum ber úr ríkissjóði lögum samkv. Þetta sýnir ásamt öðru hversu djúpt þessi félagsmálaþanki nær nú, sem alltaf er verið að tala um, hjá hæstv. ríkisstj.

Ég vil svo bæta því við, að að öllum þessum málum, tryggingamálum landbúnaðarins, ekki síst þegar talað er um aukabúgreinar eins og laxeldi, um loðdýraeldi og annað því um líkt, er ekki nógu vel staðið þegar verða mikil áföll, ef bústofn hrynur niður, ef kemur upp sýki eða eitthvað því um líkt. Þannig sjáum við þess dæmi að annars blómlegur atvinnurekstur hefur hrunið í rúst á augabragði þar sem ekki liggur m. a. ljóst fyrir hvort búgreinar eiga að réttu aðild að Bjargráðasjóði, sem veldur því að viðkomandi fyrirtæki eða viðkomandi aðilar hafa ekki greitt gjald til sjóðsins eins og þeir eiga kannske kost á. Er nauðsynlegt að marka skýrari stefnu að þessu leyti. Það er mál sem er rétt að taka upp á síðara stigi og ræða þá.

Ég vil sem sagt fagna því, sem fram hefur komið, að þeim bændum, sem hér eiga hlut að máli og verst hafa orðið úti í sambandi við harðindi, verði hjálpað með óverðtryggðum lánum úr Bjargráðasjóði, og ég vil mega vænta þess, að ríkissjóður standi á næsta ári við sinn hlut í sambandi við fjármögnun Bjargráðasjóðs, öfugt við það sem verið hefur á þessu ári og s. l. ári, því að gagnslaust er að setja lög nema við þau sé staðið.

Í síðasta lagi spyr ég um hvort því megi treysta, að kartöflubændur fái réttan sinn hlut frekar en orðið er, svo sem tillögur stjórnar Bjargráðasjóðs segja til um.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Vegna ummæla hv. 2. þm. Norðurl. e. um að ég hafi ekki vitað hvað ég var að gera þegar ég lagði til annars vegar bætur úr Aflatryggingasjóði til þeirra grásleppumanna, sem töpuðu netum og urðu fyrir miklu tjóni, og hins vegar bætur til bænda vegna þeirra tjóns, þá við ég segja það, að þarna er talsvert mikill eðlismunur á.

Aflatryggingasjóður er sjóður sem útgerðarmenn og sjómenn standa alfarið og eingöngu undir sjálfir. Það kemur aldrei neitt fé af almannafé inn í þann sjóð, þannig að þeir eiga hann. Í þeirra tilviki verður aldrei um það að ræða að þeir fái verðhækkanir út á tjón.

Varðandi Bjargráðasjóð og aðstoð við bændur eru málin þannig, að aukin útgjöld bænda og minnkaðar tekjur koma fyrr eða síðar fram í hækkuðu verði til neytenda. Þannig eru reglurnar um landbúnaðarverðið. Það er því ekki óeðlilegt að bætur vegna slíks skaða, sem verður endurbættur af neytendum fyrr eða síðar, verði í formi vaxtalítilla eða vaxtalausra lána, en verðtryggðra.

Hitt er svo auðvitað rétt, að þessar bætur koma ekki réttlátlega niður á bændur. Sá, sem tapar, fær e. t. v. ekki fullar bætur, heldur má segja að miðað sé við heildina. — En það er nú einu sinni einn af hornsteinum þeirrar landbúnaðarpólitíkur sem hv. þm. styður, að stórbændurnir fái mest, en þeir smáu fái minnst.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru örfá orð. Ég ætla ekki að verða til þess að það hefjist hér umr. um landbúnaðarmál á þessum degi, það er ýmislegt annað að gera, en það, sem mín ætlan var að drepa á, er að mestu leyti komið fram.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans og ég veit að við þau verður staðið, en ég vil benda ráðh. á að ef framkvæmdin á að verða hliðstæð því, sem áður hefur verið, og hliðstæð því, sem var í sambandi við t. d. grásleppuveiðimenn, þá verður að meta afurðatjónið sem varð á s. l. ári á Norður- og Austurlandi og e. t. v. víðar. Ég vil ekki fullyrða neitt um hvað út úr því mati kemur, vil ekki gera það á þessari stundu, en miðað við yfirlýsingarnar, sem voru gefnar fyrir ári, og yfirlýsingu forsrh. nú þarf að athuga þessi mál.

Ég vil líka minna á það, sem hv. 5. þm. Suðurl., Magnús H. Magnússon, kom inn á, að grásleppusjómenn fengu framlag, en ekki lán. Ég vil minna fyrrv. félmrh. á að þessir menn höfðu ekki borgað neitt neins staðar í tryggingasjóði, ekki í Aflatryggingasjóð. (**Gripið fram í:** Í gamla daga.) I gamla daga? Ja, fyrir 1970. En samt var þetta gert þannig. Ef ráðh. hefði haft skilning á málum og viljað gera eins við bændur ekki síst miðað við þær yfirlýsingar sem ég vitnaði til, er það náttúrlega að fara þveröfugt að hlutunum að setja þessi brbl.

En ég vil ekki verða til þess að það verði miklar umr. um þetta. Ég vænti þess og veit, að hæstv. forsrh. mun sjá til þess að þessi mál verði athuguð og að bændur fái svipaða fyrirgreiðslu og aðrir hafa fengið.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af fsp. hv. 7. landsk. þm. vil ég taka það fram, að vandamál kartöflubænda verða tekin til meðferðar ásamt öðrum vandamálum sem fyrir liggja. Ein af ástæðunum til þess, að mál þessi hafa dregist, eins og ég gat um áðan, er sú, að stjórn Bjargráðasjóðs hefur verið nokkur vandi á höndum að afgreiða þessi mál frá sér og gera ákveðnar tillögur um lánakjör fyrr en endurskoðun hefur farið fram á tekjustofnum sjóðsins, m. ö. o. þangað til það frv. hefur náð fram að ganga sem hér liggur nú fyrir til umr. Um leið og það er orðið að lögum ætti ekkert að verða því til fyrirstöðu að ganga í að reyna að afgreiða þessi mál sem lengi hafa dregist.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil segja örfá orð um þetta mál. Enda þótt fsp. hafi verið beint til hæstv. forsrh. og málefni Bjargráðasjóðs heyri undir félmrn. snerta þau einnig verulega það rn. sem ég hef með höndum.

Ég tek undir það með hv. 2. þm. Norðurl. e., að það er mjög miður hversu hefur dregist að afgreiða málefni Bjargráðasjóðs og gera mögulega þá aðstoð sem er nauðsynlegt að veita af hans hálfu vegna harðindanna á s. l. vori. Ég ætla ekki að skýra frekar en hér hefur komið fram hvernig í þeim drætti liggur. En eins og nú er komið þarf að afgreiða það frv., sem hér er væntanlega til lokaafgreiðslu á þessum fundi, og enn fremur lánsheimildir sjóðsins með frv. að lánsfjárlögum. Ég vænti þess, að sú aðstoð, sem veitt verður eftir að afgreiðsla þessara frv. hefur farið fram á hinu háa Alþingi, geti orðið með næsta skjótum hætti eða eins skjótt og mögulegt er, en það hefur sannarlega dregist allt of lengi, eins og ég hef þegar lýst.

Ég vil segja út af orðum hv. 2. þm. Norðurl. e., að það tjón, sem orðið hefur í landbúnaðinum af völdum harðærisins á síðasta ári, er auðvitað mjög mikið. Það verður reynt að mæta því tjóni sem orðið hefur varðandi fóður-

skort og þar af leiðandi kaup og flutninga á fóðri, uppskerubrest á garðávöxtum, það, sem hann hefur hér nefnt tjón á bústofni, og tjón á afurðum sem orðið hefur vegna sérstakra áfalla. Enn hefur ekki verið farið út í það að meta tjón eða tekjutap bænda sem verður vegna minni afurða eða rýrðar á dilkum eða minni mjólkur úr mjólkurkúm. Það hefur ekki verið gert til þessa, og ég hygg að það sé skilningur fyrir því, að bændur sjálfir verði að taka á sig að mæta sveiflum í þeim sökum. Stundum koma góð ár hvað fallþunga dilka snertir, en stundum koma mögur ár. Slíkum sveiflum verða bændur að vera viðbúnir að mæta. Ég hef þess vegna ekki tekið undir það, að þessi þáttur væri metinn til bóta eða aðstoð Bjargráðasjóðs næði til hans, enda þótt það sé hárrétt, sem hv. þm. sagði, að tekjutap einstakra bænda hvað þennan lið einan snertir hefur í sumum tilvikum leikið á milljónum kr. — En hina þætti málsins þarf að taka til athugunar. Þeim þarf að mæta með þeirri aðstoð sem eðlileg er á grundvelli þessa sjóðs.

Um þau tryggingamál, sem hv. 7. landsk. þm. gerði að umtalsefni varðandi nýjar búgreinar, hef ég látið í ljós að ég telji mikla nauðsyn að þar verði komið á tryggingakerfi, t. a. m. í sambandi við fiskeldi, til þess að hægt sé að mæta áföllum, sem nýleg dæmi og fyrri dæmi sýna að geta komið hvenær sem er, að því er virðist, og með óvæntum hætti, með aðstoð frá tryggingafélögum eða tryggingasjóðum þannig að ekki þurfi hverju sinni að verða um sérstakt mat á því að ræða hvernig slíku tjóni skuli mætt af almannafé. En ég tel eðlilegt að slíkt mat fari fram og aðstoð með almannafé komi til að einhverju leyti þangað til tryggingar eru komnar á það stig að ná yfir þessar búgreinar. Þetta atriði í máli hv. þm. vil ég þess vegna taka undir og hef reyndar áður látið það í ljós og er feginn því að heyra slíkar skoðanir hjá hv. þm. Halldóri Blöndal. — [Fundarhlé.]

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér skilst á öllu að samkomulag sé orðið um að hraða afgreiðslu mála á þessu þingi, sem hefur staðið alllengi, þó að síðustu þrjú kortér hafi borið vitni um annað. Þá hafa menn keppst við að lengja tíma þingsins og þrengja umræður um efnisatriði mála.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir til umr., tók megintímann í dag. Ég er á margan hátt þakklátur 2. þm. Norðurl. e. fyrir það sem hann gerði hér að umræðuefni, en ég hefði talið að ræðan hefði getað verið einn þriðji af þeim tíma sem tók að flytja hana, miðað við allar aðstæður hér í þingi, og hann hefði getað komið sínum sjónarmiðum að, sem mörg voru réttmæt og eðlileg í alla staði, í styttra máli.

Hv. þm. sagði að það hefði verið og væri óeðlilegt stjórnmálaástand síðan í haust. Það er sennilega alveg rétt hjá honum, að búið er að vera óeðlilegt stjórnmálaástand síðan í haust og er enn þá.

Hann rakti ítarlega í máli sínu loforð manna um að auka tekjur Bjargráðasjóðs til að mæta margvíslegum óhöppum sem menn verða fyrir og fá ekki ekki bætt með öðrum hætti, en 19. maí 1979 tók þáv. forsrh. mjög undir það og sú ríkisstj. sem þá sat. Hún sat í tæpa fimm mánuði eftir það og hafði að mínum dómi nægan tíma til að gera tillögur til úrbóta í þá átt sem hv. þm. gerði að umræðuefni. Sömuleiðis hefur núv. hæstv. ríkisstj. haft allgóðan tíma til að gera hér úrbætur, en ekkert hefur fengist að gert. Ég kannast ekki við að til stjórnarandstöðu hafi verið leitað til að fá úrbætur. Mér er ljóst að þetta frv., sem er staðfesting á brbl., er nauðsynlegt að fari hér í gegn, en þessar úrbætur hefðu átt að liggja fyrir.

Hæstv. forsrh. gaf yfirlýsingu um að bændur, sem hefðu orðið fyrir alvarlegum skakkaföllum, eins og kartöfluframleiðendur, fengju aðstoð með eigi lakari kjörum, eins og hann orðaði það, en t. d. Aflatryggingasjóður veitti. En hvað eru lakari kjör? Ef mál dregst á langinn í 50—60% verðbólgu er það ekki úrræði að halda sér við sömu krónutölu frá þeim tíma að menn urðu fyrir skaðanum.

Mér fannst hv. 2. þm. Norðurl. e. misskilja nokkuð Aflatryggingasjóð. Ég vil líka leiðrétta, en þó með öðrum hætti, umsögn hv. 5. þm. Suðurl.

Tekjur Aflatryggingasjóðs eru fyrst og fremst af aflatryggingasjóðsgjaldi, en enn fremur er um framlög úr ríkissjóði að ræða. Ríkissjóður styrkir því þennan sjóð, en sjávarútvegurinn hefur sjálfur fyrst og fremst byggt hann upp. Í B-hluta fjárlaga yfirstandandi árs eru framlög ríkissjóðs 501 millj., en aðrar tekjur, sem eru aflatryggingasjóðsgjald, hvorki meira né minna en 5122 millj. Ég tel eðlilegt í alla staði að bændur og aðrar stéttir byggi upp tryggingakerfi þegar þær verða fyrir alvarlegum áföllum. Ég tel einnig eðlilegt að til þess tryggingakerfis greiði menn sjálfir þegar vel gengur.

Ég er sammála hæstv. landbrh. um að það er auðvitað algjörlega útilokað að taka tillit til þess og bæta ef verður rýrnun eða lækkun á meðalfallsþunga dilka. Það er auðvitað ekki hægt að bæta þó að rýrni frá ári til árs því að það er mismunandi árferði og annað. Það er eins með þá atvinnugrein og allar aðrar, að hún verður auðvitað að taka því að það árar mismunandi.

En jafnalvarleg áföll og nefnd voru í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 7. landsk. þm. eru annars eðlis. Ég hefði talið að það hefði átt að sjá fyrir fjármagni til að bæta þau, þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþ. hafa lýst yfir að það sé sjálfsagt. Nú á að slíta þingi með góðum orðum um þetta, eins og gert var 19. maí árið 1979. Slíkt er auðvitað ekki að standa við loforð. En ég vil benda hv. 2. þm. Norðurl. e. á að hann var einlægur stuðningsmaður þeirrar ríkisstj., sem gaf þessi loforð 19. maí 1979, og hann hefur stutt þá ríkisstj. sem tók við 8. febr. í vetur. Á þessu tímabili öllu er ekki hægt að skýla sér á bak við kratana eina þó að þeir hafi verið í stjórn í u. þ. b. fjögurra mánaða tíma.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vil aðeins taka undir þessar vissu aths. Ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, sérstaklega minna hv. þm. stjórnarflokkanna á að sá háttur var á, þegar ég kom á þing, og þá vildi svo til að ég var stjórnarsinni, að stjórnarsinnar reyndu að haga málflutningi á þann veg, að lokið yrði þinghaldi á þeim tíma sem þeirra ríkisstj. lagði til, með því að stytta mjög mál sitt og jafnvel fara ekki í ræðustól þó þeir hefðu fulla ástæðu til. En þegar verið er að tala um málgefni stjórnarandstöðunnar nú, þá hygg ég að þegar menn líta í þingtíðindi sýni þetta þing að aldrei hafi stjórnarþingmenn talað meira í málum en á þessu þingi. Þeim er að sumu leyti kannske vorkunn, en ég ætla ekki að koma nánar inn á það.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um það mál, sem hér til umræðu, og segja að ég tek undir margt af því sem hv. 2. þm. Norðurl. e.,

Stefán Valgeirsson, sagði við upphaf málsins í dag. Ég vil þó bæta við nokkrum setningum.

Hér erum við að fjalla um það að bæta bændum á einhvern skikkanlegan hátt það tjón sem þeir hafa orðið fyrir af völdum harðinda. Við tölum um kartöfluræktarbændur, við tölum um að bæta bændum tjón sem þeir verða fyrir vegna rýrari dilka, vegna fóðurbætisflutninga, aukinnar fóðurbætisgjafar og fleira af því tagi. En nú vil ég bæta við — og vænti þess fastlega að það sé ekki mikill munur á Jóni og séra Jóni: Væri ekki hugsanlegt, á sama tíma og við erum að fjalla um bætur eða aðstoð til handa bændum vegna harðinda og vegna sjúkdóma, að bæta við fiskræktarbændum? Geta þeir ekki flokkast í þennan sama flokk? Ég vænti þess, að hv. þm. viti hvað ég er að tala um þegar ég nefni þetta. Ég sé engan mun á þeim málum, sem hér eru til umræðu nú og ég mun styðja, og því máli, sem ég er að vitna til og öllum þingheimi er kunnugt um hvað er. Og ég vænti þess, að þeir þm., sem fara fram á stuðning við mál af því tagi sem hér er til umræðu, veiti stuðning máli sem er af örlítið öðrum toga spunnið, en flokkast undir nákvæmlega það sama. Ég vænti þess, að þeir menn, sem leita eftir stuðningi stjórnarandstöðuþingmanna í þessu tilviki, veiti líka stuðning öðru máli sem er af mjög svipuðum toga spunnið og kemur væntanlega til umræðu hér á hv. þingi á morgun.

Þetta vildi ég láta verða mitt innlegg í þessa umræðu og vænti þess fastlega, að það verði ekki af einhverjum sérstökum ástæðum, sem ég ætla ekki að rekja að þessu sinni hverjar kynnu að vera, að þeir geri greinarmun á mönnum, sem svo mjög hefur verið talað um hér á þingi í dag að gerður væri á sjómönnum og bændum. Ég vænti þess, að sömu þm. sem þannig tala geri ekki greinarmun á bændum, hvort sem þeir eru með sauðfjárhald, kýr eða stunda fiskrækt.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil þakka forseta fyrir að gefa mér tækifæri til að eyða hér örfáum mínútum. Ég skal taka það fram strax, að ég mun verða stuttorður.

Ástæðan fyrir því, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, er að mínu viti spurning um mjög alvarlegt mál, og ég vil því beina fsp. til hæstv. sjútvrh., en nú er að vísu staðgengill hans hæstv. menntmrh.

Eins og öllum þm. er væntanlega kunnugt var einn liðurinn í lausn þeirrar deilu milli sjómanna og útvegsmanna á Vestfjörðum, sem yfir stóð fyrir nokkru, ósk um það til stjórnar Aflatryggingasjóðs og einnig til hæstv. sjútvrh., að þeir gengjust fyrir þeirri breytingu á reglugerð Aflatryggingasjóðs að því er varðaði greiðslu fæðispeninga, að fæðispeningagreiðslur yrðu hækkaðar í það sem næmi eðlilegum fæðiskostnaði. Þetta var ósk beggja samningsaðila, þ. e. sjómanna og útvegsmanna, og við það miðað að þessar endurskoðuðu nýju reglur gætu tekið gildi 1. júní n. k. Þar sem senn er kominn sá tími vil ég gjarnan spyrja hæstv. ráðh. hvað líði þessari endurskoðun og hvort þess sé að vænta að við þessu verði orðið á eða fyrir þann tíma sem ósk var fram borin um.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta og ætla ekki að upphefja hér almennar umræður, en taldi nauðsynlegt málsins vegna, þar sem þegar er að líða að tímasetningunni, að fá um það vitneskju frá hæstv. ráðh. hvernig þetta mál stendur.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Vegna fjarveru hæstv. sjútvrh. skal ég leitast við að svara þessari fsp.

Ég vil geta þess og taka það fram, að það er vilji hæstv. sjútvrh., Steingríms Hermannssonar, að þetta mál verði leyst í samræmi við það samkomulag sem hér hefur verið vakið máls á af hv. fyrirspyrjanda. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst yfir því, að þetta mál verði leyst með löggjöf ef þörf krefur. Eins og nú stendur á þarf e. t. v. að koma til útgáfu brbl. Þá geri ég að sjálfsögðu ráð fyrir að lögin verði þannig úr garði gerð að efni þeirra gildi frá 1. júní n. k. til að fullnægja því samkomulagi sem um er að ræða.

En ég hlýt að taka það fram, að til þess að lög verði sett um þetta efni þurfa þau undirbúnings með. Sá undirbúningur hefur verið í gangi og hann er í gangi hjá Aflatryggingasjóði. En ég vil upplýsa að þessi undirbúningur hefur tafist af nokkuð óvenjulegum ástæðum, að því er mér er tjáð af hálfu forráðamanna Aflatryggingasjóðs. Fyrst og fremst er ástæðan sú, að starfsmaður sjóðsins, sá starfsmaður sem fjallaði um þetta mál, lést fyrir nokkru, á þeim tíma þegar hann var að fjalla um þetta mál eða meðan á því verki hans stóð. — Ég mun reyna að sjá til þess í forföllum hæstv. sjútvrh., að þessum undirbúningi verði hraðað sem mest má verða. En ég vil endurtaka að það er vilji sjútvrh. að málið verði leyst í samræmi við umrætt samkomulag og þá þannig að það geti tekið gildi frá 1. júní n. k.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi svör. Það virðist nokkuð ljóst að ekki verður lokið þessum undirbúningi þannig að löggjöf verði sett fyrir 1. júní. En ég tek ummæli hæstv. ráðh. þannig, að þó ekki verði svo muni verða gerðar til þess ráðstafanir að lögin taki a. m. k. gildi frá og með 1. júní þó að þau verði síðar sett. Ég skoða þessi ummæli hæstv. ráðh. þannig, að treysta megi því, að við þessari ósk eða beiðni beggja aðila verði orðið og að væntanleg breyting taki gildi frá og með 1. júní n. k., hvenær svo sem löggjöfin sem slík verður gefin út. Mér þótti vænt um að heyra orð ráðh. vegna þess að þetta var kannske einn af mikilvægari liðunum í því samkomulagi sem varð til lausnar þessari deilu. Ég fagna því, að það er ætlun hæstv. ráðh. og þá ríkisstj. í heild að við það verði staðið og málið þannig leyst.

Neðri deild, 88. fundur.

Miðvikudaginn 28. maí, að loknum 87. fundi.

Sönnun fyrir dauða manna, frv. (þskj. 632). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Við meðferð þessa máls í Ed. voru gerðar nokkrar breytingar við frv. Þær voru reyndar samkv. ábendingu minni sem ég kom með

við 1. umr. málsins. Ég benti á það þá, og reyndar þegar ég flutti málið í fyrsta sinn, að þessar tvær greinar þyrftu frekari athugunar við. Ráðuneytisstjóri dómsmrn. ræddi við mig um þetta mál, og það er í fullu samkomulagi við mig sem 1. flm. að þessar breytingar voru gerðar. Hæstv. dómsmrh. hefur heitið því að láta kanna þau tvö atriði, sem nú eru felld burt, við frekari endurskoðun þessara laga.

Ég fagna því, að þetta mál skuli vera komið á þetta stig, og vænti þess, að það verði samþykkt nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 635).

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 599 (sbr. 420), n. 631). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft frv. til athugunar og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu í Ed.

Það skal tekið fram, að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 613, 617, 634). — Frh. 3. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á lögum um aðstoð við þroskahefta er flutt af þn. til að tryggja að úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra megi veita styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimili. Þetta frv. er búið að vera hér til umfjöllunar í nokkra daga.

Við 2. umr. hér í deild kom fram brtt. við frv., þar sem gert var ráð fyrir að við a-lið 25. gr. laganna bættist ákvæði sem kvæði á um að til viðbótar framlagi samkv. lögunum skyldi einnig veita þessum sjóði 225 millj. kr., í fyrsta sinn á árinu 1981, og skyldi sú fjárhæð hækka í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar miðað við árið 1980 að grunni.

Í nál. félmn. sagði, þegar málið kom til meðferðar í Nd., að n. legði áherslu á að fjárlaga- og hagsýslustofnun tæki tillit til þeirrar aukningar á verkefnum Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra við fjárlagagerð árið 1981 sem fælist í samþykkt frv. Jafnframt vildi n. láta koma fram þá skoðun sína, að við fjárlagagerð yrði náð fram verðtryggingu á framlagi til sjóðsins í samræmi við 25. gr. laganna.

Ég held að það sé ekki ýkjamikill efnislegur ágreiningur um þetta mál. Félmn. var sammála um það, eins og hér kom fram, að auka þyrfti framlög til sjóðsins með hliðsjón af því að verkefni sjóðsins yrðu aukin frá því sem áður hafði verið ætlað. En ýmsir þm. höfðu nokkuð við það að athuga að með þessari brtt. væri verið að ákveða tiltekna upphæð, sem ætti að koma inn í fjárlög ársins 1981, og töldu að nærtækara væri að ákveða þá upphæð þegar fjárlög yrðu næst afgreidd, enda hefur sú stefna verið ríkjandi að fækka lögbundnum framlögum til ýmissa sérstakra verkefna.

Við atkvgr. um brtt. var hún samþykkt með 16:15 atkv., en níu þm. voru fjarstaddir. Ég hafði rökstudda ástæðu til að ætla, að þessi till. nyti ekki meirihlutafylgis í deildinni ef allir þm. væru viðstaddir, og bar því fram till. við 3. umr., þess efnis, að hin nýsamþykkta brtt. félli niður. Stjórnarandstæðingar tóku till. minni illa, að ekki sé meira sagt. (**KP:** Eðlilega.) Málið hefur síðan verið til nánari skoðunar yfir langa helgi.

Í framhaldi af viðræðum mínum við ýmsa um þetta mál hefur það orðið niðurstaðan, að ég flyt við 3. umr. nýja till., sem hefur verið dreift hér með þingskjalsnúmerinu 634, og hún hljóðar svo:

„Við ákvörðun framlags úr ríkissjóði til sjóðsins skal taka tillit til þess, að sjóðnum er ætlað að veita styrki til sjálfseignarstofnana og vistheimila, sbr. 3. mgr. 24. gr. laganna, og ber í fjárlögum að ætla sérgreint framlag til þessara verkefna, þannig að það komi til viðbótar við framlög til sjóðsins skv. 1. og 2. málslið."

Ég tel að þessi brtt. sé í fullu samræmi við vilja félmn. þegar hún fjallaði um frv. hér í d. Þótt sumir hv. þm. vildu kannske ganga lengra og tiltaka upphæðina nákvæmlega er það ekki gert í þessari till., heldur fyrst og fremst mótuð meginstefna, sem ég tel miklu eðlilegra. Ég vænti þess því fastlega, að friður geti orðið um þessa málamiðlunartilraun þannig að hún verði hér samþykkt mótatkvæðalaust.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég sé fram á að það eru töluverðar líkur á því að takast megi að ljúka störfum hér, áður en stórmenni fara að tala í sjónvarpi, og bið um aðstoð við það.

Hv. 10. landsk. þm. tekur til máls og er síðastur á mælendaskrá í þessu máli, en atkvgr. verður frestað til 11 á morgun og svo er og um önnur mál. En nýjum fundi þarf ég að ná vegna 2. dagskrármálsins.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um till. á þskj. 617, sem hæstv. fjmrh. lagði fram í síðustu viku, þar sem ég tel að hann hafi nú dregið hana til baka og lagt fram nýja brtt. þess í stað.

Brtt., sem var samþ. við 2. umr., fól í sér aukið fjármagn um 225 millj. vegna þeirra verkefna sem frv. það, sem hér er til umr., leggur á Framkvæmdasjóð öryrkja. Meirihlutavilji þessarar hv. d. kom glögglega í ljós við atkvgr. um brtt. á þskj. 524, sem ég flutti ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni.

Ég sagði, þegar frv. var til umr. í s. l. viku, að það nál. félmn. væri nokkurs virði sem lýsti afstöðu heillar þingnefndar og viljayfirlýsingu um að Framkvæmdasjóður öryrkja yrði ekki skertur á næsta ári, auk þess sem fjárlaga- og hagsýslustofnun tæki tillit til þeirrar aukningar á verkefnum sem nú bætast á sjóðinn samkv. frv. En það væri mér engu að síður ónóg trygging miðað við fyrri

reynslu og því héldi ég fast við brtt. og legði áherslu á samþykkt hennar.

Ég held að það gefist lítið tilefni til að ætla að aukning verði á fjármagni sjóðsins til þessara verkefna á næstu fjárlögum þegar lagt er til að tillaga, sem tryggir a. m. k. 225 millj. sem leggja á í sjóðinn, verði felld. Í því sambandi vil ég benda á og upplýsa hér, að stjórnarnefnd, sem sér um úthlutun úr sjóðnum, hefur nú borist beiðni um 800—900 millj. kr. framlag úr sjóðnum — eingöngu vegna þeirra verkefna sem nú á að bæta á sjóðinn samkv. þessu frv. Heildarúthlutunarbeiðnir úr sjóðnum eru nú orðnar 2.4 milljarðar, en sjóðurinn hefur til umráða 1060 millj. Sú brtt., sem samþ. var við 2. umr., er því aðeins lítill hluti af því viðbótarfjármagni sem renna þyrfti til sjóðsins vegna þeirra auknu verkefna sem frv. gerir ráð fyrir.

Hæstv. fjmrh. bauð samkomulag í þessu máli við 3. umr. sem frestað var s. l. fimmtudag. Það kom fram í máli hans þá. En ég tel ekki að hæstv. fjmrh. geti samið beint um þetta mál við flm. till., þeir hafi hreinlega enga heimild til að semja um þetta mál því að meirihlutaviljinn kom fram við 2. umr. um málið. Hins vegar er ljóst að 225 millj., sem meiri hl. var fyrir við 2. umr. um málið að setja í framkvæmdasjóð 1981, eru algert lágmark miðað við viðbótarverkefnin. En telji hæstv. ráðh. sig ekki geta staðið að því nú að sú upphæð verði tryggð 1981 og gengið verði að því gefnu nú, þá veit ég ekki hverju er að treysta í þessu máli, þó að náttúrlega verði að vona að fé verði tryggt með þeirri skuldbindingu sem felst í brtt. fjmrh.

Í till., sem hæstv. fjmrh. nú leggur fram, felst skuldbinding sem gefur tilefni til að ætla að eitthvert viðbótarfjármagn komi vegna hinna auknu verkefna sem frv. felur í sér. Auðvitað ber að meta það. Engu að síður er því ósvarað, hver sú upphæð verður, og það bíður næsta vetrar, hvaða reikningskúnstir verða þá viðhafðar gagnvart þessum sjóði. Ég tel því að viðbótarverkefnin standi tryggari fæti eins og frv. er nú, þó ljóst sé að nokkur skuldbinding felist í brtt. ráðh. Það er þó vitaskuld betri lausn — ég vil leggja áherslu á það — að málinu verði lokið þannig en að fella brtt. á þskj. 524 við 3. umr., sem annars virðist stefna í í þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 89. fundur.

Miðvikudaginn 28. maí, að loknum 88. fundi.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 599 (sbr. 420)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 636).

Sameinað þing, 68. fundur.

Miðvikudaginn 28. maí, kl. 6 síðdegis.

Rannsókn kjörbréfs — varamenn taka þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 28. maí 1980.

Formaður þingflokks Framsfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Guðmundar G. Þórarinssonar, 12. þm. Reykv., sem nú dvelst erlendis, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson dósent, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd.“

Haraldur hefur áður átt sæti á þessu Alþingi og þarf því ekki að fara fram athugun á kjörbréfi hans og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Þá er hér annað bréf:

„Reykjavík, 28. maí 1980.

Formaður þingflokks Framsfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Sigurgeirs Bóassonar, 1. varamanns Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, sem ekki getur lengur setið á þingi vegna anna, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Finnbogi Hermannsson kennari, taki sæti á Alþingi í hans stað.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd.

Til forseta Alþingis.“

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Á Íslandi eru nú í fyrsta sinn 10 ráðherrar í stjórnarstólum. Þeir hafa ráðið sér 5 eða 6 aðstoðarmenn, sem eru a. m. k. á þingmannslaunum, svo að ekki sé meira sagt. Í stjórnartíð núv. hæstv. ríkisstj. hafa fleiri varaþm. tekið sæti en nokkru sinni fyrr á jafnlöngu tímabili í sögu lýðveldisins. Hæstv. ráðh. munu ekki fá verðlaun fyrir „bekkpressu“ hér á þingbekkjum síðari hluta vetrar. Enn eru ráðh. að biðja um að fá mál afgreidd. Nú þegar komið er að þinglokum og hótanir liggja fyrir um verkföll fjölmennra starfshópa heilla stétta eru tveir ráðh. a. m. k. að hlaupa úr landi og bændur úr stjórnarliðinu hverfa til síns heima til að hlusta á mófugla. Þegar nú hefur tekist samkomulag um að það séu 24 klukkustundir til þingloka á að fara að taka inn varamenn. Það hefur ekki verið reynt að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna um að víkja frá við atkvgr.

Ég vil nota þetta tækifæri til að mótmæla því harðlega, hvernig núv. hæstv. ríkisstj. misnotar fé skattborgaranna. Ég mun ekki taka þátt í afgreiðslu nýrra kjörbréfa. Ég vil líka taka það fram, að ég er ekki með þessu á neinn hátt að veitast að þeim einstaklingum sem í hlut eiga og eru nú boðaðir til þingstarfa.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil leggja á það þunga áherslu, að þeim orðum, sem ég hér segi, er vitaskuld á engan hátt beint gegn þeim einstaklingum sem í dag eru að taka sæti á Alþingi, en ég held að fleiri en mér hljóti að ofbjóða, eins og raunar kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að nú, þegar samkomulag hefur náðst um að einasta séu örfáar klukkustundir til þingslita, skuli tækifærið notað og teknir inn tveir nýir varamenn. Látum liggja á milli hluta, þó það út af fyrir sig sé nógu alvarlegt, hvað þetta kann að kosta almannasjóði, en hitt, hvaða tilgangi þetta á að þjóna, hlýtur að vera öllum þingheimi gersamlega óskiljanlegt. Það eru fyrir því fordæmi í öðrum löndum, t. d. í Bretlandi, að ef svo háttar að t. a. m. stuðningsmaður ríkisstj. er fjarverandi af einhverjum ástæðum um mjög skamma hríð er hægt að ná um það samkomulagi við stjórnarandstöðu, þannig að jafnvægi sé milli atkv., að einn þm. stjórnarandstöðu standi í hliðarherbergjum og greiði ekki atkv. þannig að fjarvera þm. komi ekki niður á niðurstöðum atkvgr. Hefði ekki verið nær að nota þá aðferð núna en að einn stjórnmálaflokkur sé á síðasta degi þingsins, þegar innan við sólarhringur er til þingslita, að kalla inn tvo nýja varamenn? Það er eins og maður hafi á tilfinningunni að hér sé um það að ræða að búið sé að gera hrossakaup, þegar framboðslistar eru undirbúnir, og varamennirnir eigi að fá að koma inn hvað sem það kostar.

Óneitanlega er nógu hlálegt þegar varamenn eru að koma inn iðulega á miðjum þingtíma, en þegar innan við 24 klukkustundir eru til þingslita hlýtur slíkt að vekja furðu, svo að ég noti ekki sterkari orð, þeirra þm. sem hér sitja. Ég lít svo á að hér sé um að ræða bæði misnotkun á umburðarlyndi þingheims og hér sé um að ræða einnig móðgun við þm. Þingstörf eiga ekki að vera gamanmál a. m. k. Hér á að framkvæma alvarlegar athafnir. Alvaran getur ekki verið mikil þegar menn eru að rjúka út 24 klukkustundum fyrir þingslit og kalla inn varamenn í staðinn.

Við skulum láta liggja á milli hluta um hvaða stjórnmálaflokk hér er að ræða. Engu að síður vekur furðu að það skuli vera sami stjórnmálaflokkurinn sem á hlut að máli í báðum þessum tilfellum. Það, sem hér er að eiga sér stað, er bæði móðgun við þing og þjóð vegna þess að Alþ. á ekki að vera leikvöllur, heldur alvarleg stofnun þar sem fram fer alvarleg umræða og þar sem teknar eru alvarlegar ákvarðanir.

Herra forseti. Ég fordæmi harðlega að að málum skuli hafa verið staðið með þessum hætti. Ég segi eins og fyrri ræðumaður, að ég kýs að taka ekki þátt í afgreiðslu þeirra kjörbréfa sem hér er um að ræða, og Alþingis vegna vildi ég óska þess að þessir atburðir hefðu ekki átt sér stað.

Ég vil ljúka máli mínu þar sem ég byrjaði. Það er auðvitað erfitt og viðkvæmt að hefja máls á slíku vegna þess að einstaklingar, sem vitaskuld eiga allt gott skilið, eiga í hlut. Það er ekki verið að veitast að þessum tveimur einstaklingum með einum eða öðrum hætti, en það er verið að segja að hér er um óvenjulega fordæmanleg vinnubrögð að ræða og Alþ. er sýnd óvirðing. Þjóðinni er sagt að Alþ. sé raunverulega óvirðulegt. Ég neita því, að Alþ. sé slík stofnun sem þessi ákvörðun kann að gefa í skyn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er kannske kunnara en frá þurfi að segja, að núv. ríkisstj. hefur nauman þingmeirihl. Þetta er að vísu góður þingmeirihl. og miklu betri þingmeirihl. en sú ríkisstj. hafði sem við studdum í fyrravor, því að þar voru alls konar upphlaupsmenn innandyra með ólæti og vitleysisgang í tíma og ótíma, en nú standa menn saman. En við erum ekki fleiri en það, að nú þurfum við að standa saman til þess að mál ríkisstj. nái fram að ganga, og af því leiðir að þegar menn vík ja sér frá er óhjákvæmilegt að fá varamenn í þeirra stað.

Hér hafa fallið orð um að verið væri að misnota fé skattborgaranna. Ég vísa þessu á bug. Haraldur Ólafsson lektor fær greiðslu fyrir þá daga sem hann situr hér á þingi. Sú greiðsla er dregin af föstu kaupi hv. þm. Guðmundar Þórarinssonar, og mér sýnist hv. þm. Guðmundur Þórarinsson ekkert vera of góður að greiða varamanni sínum þetta fé. Ég geri ekki ráð fyrir að hv. þm. Haraldur Ólafsson geri háa reikninga fyrir strætisvagni vestan úr Skerjafirði og niður í miðbæ á þessa fundi sem vonandi verða ekki margir.

Finnbogi Hermannsson kemur hér og tekur sæti sjútvrh. Ráðh. er erlendis í opinberum erindagerðum. Hann gerði ekki ráð fyrir því, þegar hann skipulagði sína ferð til útlanda, að þing stæði þessa daga, enda gerðu allir aðrir ráð fyrir að þá væru þinglausnir um garð gengnar.

Að þetta lykti af einhverjum hrossakaupum, — mér þykir heldur ósennilegt að Finnbogi þessi, hv. þm. vona ég megi segja eftir stutta stund, færi að gera einhver hrossakaup upp á 24 klukkustundir. Mér dettur það ekki í hug.

Hvað atkvgr. viðvíkur er það rétt, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði, að það er altítt að gera samkomulag um að menn séu fjarverandi. Út af fyrir sig gæti ég vel hugsað mér prívat og persónulega að gera „gentlemen's agreement" við Vilmund Gylfason, en ég vildi síður eiga undir því líf minnar ríkisstj. að það héldi.

Vilmundur Gylfason getur að vísu djarft úr flokki talað. Ég minnist þess ekki að hann hafi vikið héðan í vetur, og hann hefur sótt fundi vel, en ég get ekki neitað því að ég mundi ekkert harma þó að ég fengi aðeins að kynnast varamanni hans.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr.

Eins og alþjóð horfði upp á í sjónvarpi í gærkvöld boðaði formaður Alþfl., að strákur kynni að hressast, og átti þar við hv. þm. Vilmund Gylfason. Ég sé á ræðu hans áðan að hv. þm. er foringjahollur maður og tekur strax til við sínar gömlu ræður, eins og við heyrðum áðan.

En í alvöru sagt er það rétt, að til greina gæti komið að samkomulag væri gert við stjórnarandstöðuna um slík skipti á gagnkvæmri fjarveru. En vandinn er sá, að hér þarf samkv. þingsköpum ákveðinn fjölda manna til að taka þátt í atkvgr. til þess að gildar séu. Slíkt samkomulag um gagnkvæma fjarveru dugir því ekki til að koma málum áfram. Ef það væri hins vegar hægt að innleiða hér í Nd. það ágæta samkomulag, sem hefur tíðkast nokkuð oft í Ed., að ef á þarf að halda greiði einn eða tveir stjórnarandstæðingar atkv. á móti einstökum greinum

lagafrv., þá væri e. t. v. hægt að minnka þörfina á því að taka varamenn inn. Það skal ekki standa á mér, og ég veit að það stendur ekki á öðrum í stjórnarliðinu, að gera slíkt samkomulag við stjórnarandstöðuna, ef hún er reiðubúin til þess, og við getum þá athugað það á næsta þingi.

Til viðbótar vildi ég segja að mér skilst að þær siðvenjur tíðkist að þeir varamenn, sem koma hér inn síðustu daga þings, fái eingöngu borgað fyrir þá daga sem þeir sitja á þinginu, í þessu tilfelli einn eða tvo daga. En aðalatriðið er að menn átti sig á því, að það dugir ekki að gera svona samkomulag sem hv. þm. Vilmundur Gylfason var að benda á, heldur þurfa einnig að vera til staðar nægilega margir þm. við atkvgr.

Matthías Á Mathiesen: Herra forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram vegna þess varamannaflóðs sem verið hefur á þessu þingi og sýnist ekki minna þótt aðeins 24 klukkustundir séu til þinglausna.

Hv. 11. þm. Reykv. vék að fyrirmynd þeirra í hv. Ed. Ég veit að honum er vel kunnugt um að oft og tíðum hafa mál ríkisstj. farið í gegnum Nd. með mótatkv. stjórnarandstöðunnar til að flýta fyrir afgreiðslu mála á þingi. Ágæti þeirra í Ed. hefur því líka verið til í Nd. Auk þess vil ég vekja athygli hans á því, að enda þótt hér sætu ekki á þingi nema — (**ÓRG:** Menn þroskast nú betur í Ed. en Nd.) Ég held einhvern veginn að hv. þm. hafi setið í Ed. alla tíð — er það ekki rétt? — og ætti samkv. því að vera vanþroskaður ef menn komast ekki í Ed. öðruvísi en vera þroskaðir úr Nd. — En hér hefur sá háttur verið hafður á, a. m. k. þann tíma sem ég hef verið hér að þegar þm. hafa þurft að bregða sér frá í örstuttan tíma hefur slíkt samkomulag verið gert sem hér hefur verið að vikið, og til þess að mál næðu fram að ganga, enda þótt menn væru ekki viðbúnir að fylgja málum, greiddu þeir ýmist atkv. á móti eða tryggðu það með öðrum hætti, t. d. við nafnakall, að vera viðstaddir með hjásetu, en þá er hægt að koma málum áfram.

Þetta vildi ég láta kom fram, ef hv. 11. þm. Reykv. hefur ekki gert sér grein fyrir því, að hvað eftir annað hafa mál ríkisstj. farið í gegnum Nd. með aðstoð stjórnarandstöðunnar með nákvæmlega sama hætti og ég veit að verið hefur í Ed.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það eru örfá orð. Mig undrar það, sérstaklega með hliðsjón af þeim dæmum sem hér hafa verið rakin um framkomu stjórnarandstöðunnar og hvernig hún hafi greitt fyrir afgreiðslu mála, að ekki skuli hafa verið leitað eftir samkomulagi af því tagi sem hv. þm. Vilmundur Gylfason o. fl. hafa gert hér að umræðuefni. Ég held að það hefði verið auðsótt.

Mér sýnist að það sé útúrsnúningur að tala um að það dugi ekki að menn fari í hliðarherbergi. Ég te' að stjórnarandstaðan hafi sýnt að þegar á hafi þurft að halda hafi hún greitt fyrir sjálfri afgreiðslunni, líka með því að greiða atkv. gegn till. Það er þess vegna útúrsnúningur að skýla sér á bak við þetta.

Ég get ekki heldur látið hjá líða að furða mig á því, að hv. þm. Páll Pétursson skyldi efast um að þau loforð héldu sem menn gæfu um slíkt sem þetta. Mér finnst það ekki viðeigandi, og þó að t. d. hv. þm. Vilmundur Gylfason hafi oft verið óánægður með þá ríkisstj. sem Páll Pétursson vitnaði til, þá held ég að ég muni það rétt að hann hafi aldrei greitt atkv. gegn henni.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég mun ekki halda uppi málþófi. Ég ætla að vera alveg til fyrirmyndar, stuttorður og gagnorður.

Ég ætla að segja það, að ég vil fyrstur manna þakka og viðurkenna ágæta aðstoð stjórnarandstæðinga í mörgum tilfellum við afgreiðslu mála ríkisstj. þar sem nokkuð hefur staðið upp á okkur stjórnarsinna að halda málum fram. En í flóknum og vandasömum atkvgr. geta komið upp tilvik sem eru ófyrirséð, og það er afar erfitt að taka svo til í samkomulagi að siglt sé út fyrir öll þau tilbrigði sem upp geta komið.

Það er síður en svo að ég sé að efa að þeir samningar, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason kynni að gera við mig, mundu halda. Ég gerði samkomulag við ágætan þm. Alþfl. í fyrravor þegar ég brá mér frá einn dag. Ég gerði samkomulag við einn ágætan þm. Alþfl., sem ætlaði að greiða atkv. gegn vissu máli sem ég var með, að hann sæti nú hjá, en það hefði dugað okkur, og þetta efndi hann vel. En hvað haldið þið að gerist? Þá rís úr sætum meiri hl. þm. og gengur úr salnum og fyrir bragðið hlaut þetta mál ekki afgreiðslu. Svona eru atvikin furðuleg og geta þróast á ýmsa vegu sem mönnum dettur ekki í hug að gera samkomulag um.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Út af síðustu ummælum hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég aðeins segja það, að frammistaða ríkisstj. í vetur gagnvart málefnum bænda og Framsfl. í heild sinni og sá litli tími, sem þeim hefur verið gefinn af þessu þinghaldi, þar sem liggja fyrir margar till. einmitt um landbúnaðarmálin, sýnir best hversu lítil alvara fylgdi á s. l. þingi því hjá framsóknarmönnum að ná því máli fram sem hann var þar að tala um. Það hefði kannske sýnst ástæða til að taka inn varamann fyrir hæstv. forsrh. á vordögum í fyrra, svo sem einn eða tvo daga, ef einhver raunverulegur áhugi hefði verið þá fyrir hendi á að koma til móts við bændur.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Aðeins örfáar aths.

Það er furðuleg árátta hjá formanni þingflokks Framsfl., Páli Pétursyni, að svara gagnrýni, sem fram kemur á hinu háa Alþingi, með dylgjum um ónafngreinda menn eða með tilraunum til að vera fyndinn, sem bókstaflega koma þessu máli ekkert við. Hér er um það að ræða að verið er að leggja til að samþykkja tvo nýja varamenn á Alþ. á næstsíðasta degi þings, þegar 24 klukkustundir eru eftir þangað til þingi á að ljúka. Talsmenn bæði flokksins og flokksbrotsins, sem eru í stjórnarandstöðu, hafa lýst því yfir, að þeir hefðu fyrir sitt leyti verið til þess búnir að gera samninga svo að fjarvera þm. þyrfti ekki að koma að sök. Við vitum báðir mætavel, ég og hv. þm. Páll Pétursson, um hvað verið er að tala. En að svara með dylgjum um ónefnda þm. á næstliðnu þingi er eiginlega óforskammað og út í hött og dónalegt vegna þess að þetta mál snýst ekki um þá. Það snýst ekki heldur um persónu mína, hvernig ég standi að samningagerð, eða persónu nokkurs annars hv. þm. hér í salnum. Þetta mál snýst um þetta eitt, að verið er að gagnrýna að á næstsíðasta degi þingsins er verið að kalla inn tvo varamenn. Það er kannske ástandslýsing sem á varla við stjórnmálafræðinga og er varla til úrlausnar fyrir þá, eins og hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, heldur fyrir sálfræðinga, að það er formaður og hv. þm. þessa sama þing-

flokks sem er að kalla inn varamenn sem svarar fyrir sig með dónaskap, útúrsnúningi og dylgjum.

Þm. hafa af því áhyggjur og þeir vilja að reisn Alþingis sé mikil bæði inn á við og út á við. Það er áhyggjuefni að reisn Alþingis er skaði gerður með þeim ákvörðunum sem nú á að fara að biðja hv. Alþ. að taka. Það er um það sem þetta mál fjallar. Það er út á það sem þessi gagnrýni gengur. Dylgjur, útúrsnúningar og fimmaurabrandarar hv. þm. Páls Pétursonar koma þessu máli nákvæmlega ekkert við. Þessi gagnrýni hefur komið fram og hún stendur. Það er þessari virðulegu stofnun með virðulega sögu til skammar að hún skuli vera beðin um að afgreiða svona mál á þessum tíma, og það er enn fremur þessari virðulegu stofnun til skammar með hvaða hætti hv. þm. Páll Pétursson telur sæma að svara fyrir sig. Faglegar útskýringar á því, hvað hér er um að ræða, eiga við, en þessi svör, þessar dylgjur, sem vafalaust eru ósannar eins og dylgjur eru oftast um ónafngreinda menn sem kunna að vera farnir út af þinginu, enginn veit, eru fyrir neðan virðingu meira að segja þessa hv. þm.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Menn hafa fært dylgjur í tal. Hv. þm. Vilmundur Gylfason talaði um að menn ættu ekki að vera hér með dylgjur. Hann gat þó ekki látið hjá liggja að bera það á okkur þm. Framsfl. af Vestfjörðum að það væru gerðir samningar um að þessi eða hinn fengi að koma inn á Alþingi. Hvað eru þetta annað en dylgjur, ómerkilegustu dylgjur, ærumeiðandi dylgjur, hv. þm.? Ég sé ekki betur en Alþingi Íslendinga hafi verið gerð vanvirða og það ærin með því að kjósa suma menn á þing, sem eilíflega eru með dylgjur.

Ég vil bæta því við, að það liggur mér vitanlega ekkert fyrir um að Alþingi Íslendinga verði slitið eftir 24 klukkustundir. Ég sat á þingflokksfundi Framsfl. áðan og hlustaði á skilyrðin fyrir því að það ætti að gerast. Einn heimtaði þetta og annar hitt. Það var enginn áhugi hjá hinum almenna þm. þar á að ganga að þeim skilyrðum sem sett voru af öðrum flokkum í því sambandi. Ég lýsi mig því algerlega óbundinn af því að vera til friðs og hlusta hér á málefni sem hugmyndin var að kæmu fram, og leyfa aðeins ákveðnum mönnum að tala.

Herra forseti. Þegar Finnbogi Hermannsson var boðaður hingað suður lágu engir samningar fyrir. Það blasir við. Og ég fyrir mína parta vil taka undir það með hv. þm. Páli Pétursyni, að við Vilmund Gylfason mundi ég aldrei gera samninga um eitt eða neitt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru nokkur orð í tilefni af síðustu ræðu.

Væri ekki hægt að fá það upplýst hjá hv. þm. Páli Pétursyni, formanni þingflokks þeirra framsóknarmanna, hvaða skilyrði það voru sem þingflokkur Framsfl. setti á þingflokksfundi áðan fyrir því, að þingi yrði slitið eða ekki slitið, hverjir það voru, hinir og þessir með hin og þau skilyrði, sem fram komu á þeim þingflokksfundi? — Ég vænti þess, að hv. þingflokksformaður geti upplýst okkur hér um hvað þarna var á ferðinni.

Forseti (Jón Helgason): Þar sem Finnbogi Hermannsson hefur ekki setið áður á Alþingi þarf að fara fram rannsókn á kjörbrefi hans og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til athugunar. Verður gefið fundarhlé á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson utanrrh.): Herra forseti. Samkvæmt bréfi því, sem áðan var lesið hér af forsetastóli, hefur kjörbréfanefnd komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir Finnboga Hermannsson. Hún hefur ekkert fundið athugavert við það og leggur því til að það verði samþykkt og kosning hans tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Þar sem Finnbogi Hermannsson hefur ekki átt sæti á Alþingi fyrr þarf hann að undirrita eiðstaf.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þm., Finnbogi Hermannsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Jón Helgason): Finnbogi Hermannsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Sameinað þing, 28. maí.

Hásetahlutur og vinnutími á skuttogurum.

Skriflegt svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Péturs Sigurðssonar um hásetahlut og vinnutíma á skuttogurum o. fl., á þskj. 336, sent þm. 28. maí 1980.

Að frumkvæði hv. þingmanns Péturs Sigurðssonar varð samkomulag um það, að fyrirspurn þessari skyldi svarað skriflega.

1. Hvert er meðalskiptaverðmæti, meðalúthaldsdagafjöldi og meðalhásetahlutur á skuttogurum á árinu 1979 og hver fjöldi skipanna á eftirtöldum landssvæðum:
   a) Vestmannaeyjar—Snæfellsnes,
   b) Vestfirðir,
   c) Norðurland,
   d) Austurland?

Minni skuttogarar:

a) **Vestmannaeyjar—Snæfellsnes.**
   1. Meðalskiptaverðmæti pr. úthaldsdag ..... kr. 1 419 000
   2. **Meðalúthaldsdagafjöldi:**
      2.1. Á togurum yfir 300 daga úthaldstíma ..... 335 dagar
      2.2. Á togurum með 100—300 daga úthaldstíma ..... 204 dagar
   3. **Meðalhásetahlutur árið 1979:**
      3.1. Á 21 togara yfir 300 daga úthaldstíma, áhöfn 15 menn ..... kr. 9 887 592
      3.2. Á 4 togurum með 100—300 daga úthaldstíma ..... kr. 6 021 100
   4. Fjöldi skipa 25.

b) **Vestfirðir.**
1. Meðalskiptaverðmæti pr. úthaldsdag ..... kr. 1 970 000
2. **Meðalúthaldsdagafjöldi:**
   2.1. Á togurum yfir 300 daga úthaldstíma ..... 327 dagar
   2.2. Á togurum með 200—300 daga úthaldstíma ..... 247 dagar
3. **Meðalhásetahlutur árið 1979:**
   3.1. Á 9 togurum yfir 300 daga úthaldstíma, áhöfn 15 menn ..... kr. 13 399 152
   3.2. Á 3 togurum með 100—300 daga úthaldstíma, áhöfn 15 menn ..... kr. 10 121 072
4. Fjöldi skipa 12.

c) **Norðurland.**
1. Meðalskiptaverðmæti pr. úthaldsdag ..... kr. 1 527 000
2. **Meðalúthaldsdagafjöldi:**
   2.1. Á togurum yfir 300 daga úthaldstíma ..... 319 dagar
   2.2. Á togurum með 150—300 daga úthaldstíma ..... 247 dagar
3. **Meðalhásetahlutur árið 1979:**
   3.1. Á 12 togurum yfir 300 daga úthaldstíma, áhöfn 15 menn ..... kr. 10 131 950
   3.2. Á 6 togurum með 150—300 daga úthaldstíma, áhöfn 15 menn ..... kr. 7 845 115
4. Fjöldi skipa 18.

d) **Austurland.**
1. Meðalskiptaverðmæti pr. úthaldsdag ..... kr. 1 364 000
2. **Meðalúthaldsdagafjöldi:**
   2.1. Á togurum yfir 300 daga úthaldstíma ..... 321 dagar
   2.2. Á togurum með 200—300 daga úthaldstíma ..... 234 dagar
3. **Meðalhásetahlutur árið 1979 miðað við 15 menn:**
   3.1. Á 9 togurum yfir 300 daga úthaldstíma, áhöfn 15 menn ..... kr. 9 107 155
   3.2. Á 2 togurum með 200—300 daga úthaldstíma, áhöfn 15 menn ..... kr. 6 038 860
4. Fjöldi skipa 11.

Stærri skuttogarar:

Á stærri skuttogurum er svokallað „premíukerfi", þ. e. aflahlutur og föst laun, enn fremur eru þáttur í þeim launagreiðslum sérstök viðbótaraflalaun þegar landað er erlendis. Ekki liggja fyrir meðaltölur um það efni. Hér er tekinn meðalafli allra stærri skuttogara á landinu sem hafa úthaldstíma lengri en 300 daga á ári, þ. e. á svæðunum: Akureyri, Reykjavík, Hafnarfjörður.

1. Meðalskiptaverðmæti pr. úthaldsdag ..... kr. 1 910 000
2. **Meðalúthaldsdagafjöldi:**
   2.1. Á togurum yfir 300 daga úthaldstíma ..... 346 dagar
   2.2. Á togurum með 200—300 daga úthaldstíma ..... 244 dagar
3. Meðalhásetahlutur 11 togara árið 1979 með yfir 300 daga úthaldstíma, áhöfn 24 menn kr. 7 862 402
4. **Fjöldi skipa:**
   a) Reykjavík 8
   b) Hafnarfjörður 3
   c) Akureyri 4

Sundurliðun:

Sundurliðun á útreikningi meðalaflahlutar 1979 á stærri skuttogurum á svæðunum Reykjavík—Hafnarfjörður—Akureyri.

Reiknað er meðalaflaverðmæti 11 skipa með úthaldstíma yfir 300 daga með 24 mönnum. Meðalúthaldstími 346 dagar — **kr. 650 860 000**

Aflahlutur 660 860 000 × 0.66%	kr.	4 361 676
Fastakaup 346 dagar × 7 040/-	kr.	2 435 840
Frídagar 45 dagar × 8 448/- ..	kr.	380 160
Fæðispeningar í landi 50 dagar × 1 603/-	kr.	80 150
	kr.	7 257 826
Orlof	kr.	604 576
	kr.	**7 862 402**

Viðbótarlaun v/landana erlendis ekki reiknuð með.

2. **Spurt er**, hver var lögbundinn vinnutími háseta á þessum skipum á árinu 1979 miðað við meðalúthaldstíma?

Í lögum um hvíldartíma á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 54/1976, 1. gr., segir:

„Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustundir á sólarhring hverjum til hvíldar og matar." Þá segir og að samningar milli aðila um lengri vinnutíma skuli ógildir vera.

Frá upphafi vega virðist það hafa verið óskráð samkomulag milli útvegsmanna og sjómanna, að þetta lagaákvæði tæki aðeins til hinna hefðbundnu togara eða botnvörpunga, en eigendur þeirra áttu undantekningarlítið aðild að Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda, sem enn er við lýði.

Þegar endurnýjun togaranna hófst um og upp úr 1970 og þá eingöngu með smíði skuttogara, skiptust þeir greinilega í tvo stærðarflokka: togara yfir 500 brúttólestir, nefndir skuttogarar af stærri gerð og eru þeir allir yfir 700 brl. að stærð, og togara undir 500 brl. að stærð. Eigendur stærri togaranna urðu aðilar að F. Í. B., sem annast gerð kjarasamninga vegna þeirra, en eigendur minni togaranna gengu í hin ýmsu útvegsmannafélög víðs

vegar um landið eftir heimili þeirra. Þau félög og Landssamband íslenskra útvegsmanna annast gerð kjarasamninga á þessum stærðarflokki togara. Þessir tvennir kjarasamningar eru ólíkir að gerð og efni.

Reyndin varð og hefur orðið sú, að talið hefur verið, að vökulögin, sem áður voru nefnd, gildi fortakslaust um stærri togarana eins og eldri togarana áður, en ekki fyrir minni togarana og fiskibáta. Þess má þó geta, að í hásetasamningum fyrir minni togarana er ákvæði þess efnis, að hásetar skuli vinna á 6. klst. vöktum, þannig að þeir hafi 12 klst. hvíld á sólarhring. Ekkert ákvæði bannar, að lengur sé unnið, og raunar er ekkert ákvæði um það, hvort né heldur hve mikið skuli greitt fyrir slíka vinnu, ef unnin er.

Eins og kunnugt er reis vinnudeila í vor á skuttogurum á Vestfjörðum. Þar bar m. a. á góma þessi atriði, þ. e. vinnu umfram 12 klst. á sólarhring, vinnuálag sjómanna og fjarvistir þeirra frá heimilum.

Í þessum fyrirspurnum er einnig spurt um hliðstæð atriði:

a) Hver var fjarverutími þeirra (þ. e. sjómanna) frá heimilum sínum vegna vinnu sinnar?
b) Hver var vaktavinnutími þeirra, meðan skipið var að störfum?
c) Hefur ráðuneytið upplýsingar um fjölda unninna yfirvinnustunda á þessum skipum, þ. e. vinnustundir umfram lögbundinn vinnutíma?

Segja má, að þessar eða svipaðar spurningar hafi, eins og fyrr segir, risið í vinnudeilunni á Vestfjörðum. En í ljós kom, að hvorugur aðila gat látið nægjanlegar upplýsingar í té um þær og virðast þær hvergi vera til enn sem komið er. Hins vegar urðu deiluaðilar sammála um að kanna þessi atriði og skipuðu fjögurra manna nefnd til þess, tvo menn frá hvorum aðila. Nefndin hefur eitt ár til að ljúka störfum. — Ég vil taka fram, að meðan deilan stóð, bauðst ég til að skipa mann í þess háttar nefnd, og stendur það boð áfram.

Af þessu er ljóst, að bíða verður með svör við þessum spurningum þar til umrædd nefnd hefur lokið störfum og e. t. v. farið fram sams konar könnun annars staðar á landinu. Og að sjálfsögðu er hagsmunaaðilum sjálfum best trúandi til að komast til botns í þessu máli. Og þar sem þeir hafa nú ekki svör við þessum spurningum, er ekki von til þess, að þau séu annars staðar tiltæk.

3. Í 3. lið er spurt hver verða mundu laun hafnarverkamanns í Reykjavík, verkamanns við virkjanir í óbyggðum og fréttamanns hjá sjónvarpinu, ef þeir ynnu sambærilegan vinnutíma og hásetar á skuttogurum og ákvæðum í samningum viðkomandi starfsmanna um dag-, eftir- og nætur- og helgidagavinnu, fjarverutillegg og aðrar álagsgreiðslur á vinnuaðstöðu og vinnutíma yrði beitt.

Af ástæðum, sem raktar eru undir 2. lið um skort á nauðsynlegum upplýsingum, er eigi fært að veita svör við þessum fyrirspurnarlið að svo stöddu.

Loks vil ég taka fram, að ekki er kunnugt um, að hásetar á stærri togurunum hafi kvartað, a. m. k. í seinni tíð, yfir því að ákvæði vökulaganna hafi verið brotin, enda væri þeim þá opin leið til að kæra slíkt. Dómur hefur aðeins einu sinni gengið um vökulagabrot síðan 1956, og gerðist það skömmu eftir setningu laganna eða árið 1957.

Gengismunarsjóður.

Skriflegt svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Stefáns Jónssonar um gengismunarsjóð, á þskj. 439, sent þm. 28. maí.

Að frumkvæði hv. þingmanns Stefáns Jónssonar varð samkomulag um það, að fyrirspurn þessari skyldi svarað skriflega.

Að ósk Stefáns Jónssonar fylgir hér með skýrsla nefndar þeirrar sem úthlutaði styrkjum til eyðingar úreltra og óhagkvæmra fiskiskipa samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 22/1979, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingar á gengi íslenskrar krónu (1. september 1978), sbr. brbl. nr. 2 9. febrúar 1978.

Gengi íslenskrar krónu var breytt 1. september 1978 og það lækkað um 15%. Í framhaldi af gengisbreytingunni voru sett brbl. nr. 95 5. september 1978, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu. Þau lög voru staðfest með nokkrum breytingum með lögum nr. 22 18. maí 1979. Í 1. mgr. 2. gr. segir: „Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 15% gengismun."

Í 2. mgr. 2. gr. segir, að ríkisstjórnin kveði nánar á um til hvaða afurða ákvæði 1. mgr. skuli taka. Samkvæmt þessu ákvað ríkisstjórnin að undanþiggja vissar afurðir innheimtu samkvæmt 1. mgr. og var Seðlabankanum tilkynnt það með bréfi sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 11. október 1978. (Birgðir af hörpudiski að hluta, birgðir af óverkuðum saltfiski að hluta, birgðir af ýsu- og ufsaskreið að hluta.) Þessi eftirgjöf hefur numið 416,3 m. kr. (sem dragast frá ráðstöfunarfé Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, 130.9 m. kr., og frá hagræðingarfé, 285.3 m. kr.). Þá segir í 3. mgr. 2. gr., að áður en fé þessu sé ráðstafað skuli greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning þeirra vara, sem lögin taka til og framleiddar voru fyrir 1. september 1978, en fluttar út eftir þann tíma.

Í 4. mgr. 2. gr. segir að endurgreiða skuli ríkissjóði það, sem hann kunni að þurfa að greiða til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna framleiðslu áranna 1977 og 1978. Loks segir í 2. mgr. 3. gr., að áður en fé kemur til skipta samkvæmt þeirri grein skuli greiða samanlagt 100 m. kr. til Lífeyrissjóðs sjómanna, orlofshúsa sjómannasamtakanna og til öryggismála sjómanna.

Gengismunarsjóður er í vörslu og ávöxtun hjá Seðlabanka Íslands, kallaður verðhækkanareikningur II 1978.

Greiðslur þær, sem að framan er getið, eru þessar:

	kr.
1. Ríkissjóður v/Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins (eingöngu v/freðfisks) ..	919 495 409
2. Lífeyrissjóður sjómanna	75 000 000
3. Orlofshús sjómannasamtakanna ...	15 000 000
4. Rannsóknanefnd sjóslysa v/öryggismála sjómanna	10 000 000
	1 019 495 409

Samkvæmt yfirliti Seðlabankans 29. febrúar 1980 eru tekjur gengismunarsjóðs (verðhækkanareikningur II 1978) án vaxta að frádreginni þessari upphæð svo og vegna hækkunar á flutningsgjöldum o. þ. h. ..... kr. 6 525 760 803
Vextir pr. 31/12 ..... kr. 1 221 099 259
kr. 7 746 860 062

Skipting án vaxta samkvæmt heimild í upphafi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1979 (óinnheimt/endurgreitt) og samkvæmt 1. mgr. 3. gr. sömu laga:

	m. kr.
1. óinnheimt/endurgreitt	416.3
2. a-liður 3. gr., til Verðjöfnunarsjóðs	3 132.0
3. b-liður 1. stafl. 3. gr., hagræðing í fiskiðnaði	1 346.1
4. b-liður 2. stafl. 3. gr., bætur til eigenda fiskiskipa vegna gengistaps vegna erlendra gengistryggðra lána	1 305.6
5. b-liður 3. stafl. 3. gr., úreldingarstyrkir .	326.3
m. kr.	6 525.9

Greiðslur pr. 29. janúar 1978.

	m. kr.
1. Óinnheimt/endurgreitt	416.3
2. Verðjöfnunarsjóður	2 804.6
3. Hagræðing í fiskiðnaði	1 303.5
4. V/gengistaps	1 250.0
5. Úreldingarstyrkir	362.4
m. kr.	6 136.8

Úthlutun nefndar, sem úthlutaði úreldingarstyrkjum, nam alls ásamt kostnaði um 373.4 m. kr. og hefur það fé verið að mestu greitt. Nefndin hefur skilað ráðuneytinu frásögn af störfum sínum. Talsverðar greiðslur hafa verið inntar af hendi til annarra verkefna eftir 29. febrúar 1980. Von er á nýju yfirliti frá Seðlabankanum yfir stöðu verðhækkanareiknings II 1978 síðar í þessum mánuði.

Vextir, sem Seðlabankinn greiðir af verðhækkanareikningum, eru hinir sömu og af almennum sparisjóðsbókum.

Eins og sjá má hefur ekki að fullu verið lokið greiðslum af verðhækkanareikningi II 1978, enda hafa verið að skila sér í hann tekjur til skamms tíma, að vísu í smáum stíl á þessu ári. Jafnframt er vaxtauppgjöri enn ekki lokið og vextir hafa enn ekki verið reiknaðir lengra en til 31. desember 1978. Það getur enn liðið talsverður tími þar til þessi reikningur verður endanlega gerður upp og honum lokið, en reynt verður að hraða því svo sem við verður komið.

Skýrsla nefndar til ráðstöfunar fjár úr gengismunarsjóði til að hætta rekstri úreltra fiskiskipa

1. Skipun nefndarinnar og upphaf starfs.

Með bráðabirgðalögum nr. 95 frá 5. september 1978, sbr. lög nr. 22 frá 18. maí 1979, var ákveðið að verja 5% af gengismun vegna gengisbreytingarinnar hinn 1. september 1978, samkvæmt nánari reglum, sem ákveðnar eru í lögunum, „til þess að greiða fyrir því, að útgerðaraðilar geti hætt útgerð úreltra fiskiskipa".

Á grundvelli II. kafla reglugerðar nr. 335 frá 22. september 1978, sem sett var í tengslum við ofangreind lög, skipaði sjávarútvegsráðherra hinn 2. janúar 1979 6 manna nefnd til að annast úthlutun úreldingarstyrkjanna. Nefndina skipuðu:

Ágúst Einarsson, alþingismaður, formaður,

Guðjón Halldórsson, aðstoðarforstjóri Fiskveiðasjóðs Íslands,

Ingólfur S. Ingólfsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,

Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna,

Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands,

Páll Sigurðsson, forstjóri Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Nefndin kom saman til 1. fundar hinn 15. janúar 1979. Nefndin samdi á þeim fundi auglýsingu, sem var birt í öllum dagblöðum, þar sem var auglýst eftir umsóknum um úreldingarstyrki. Umsóknirnar skyldu sendar sjávarútvegsráðuneytinu, sem síðan sendi þær til formanns nefndarinnar, sem síðan undirbjó 2. fund nefndarinnar, sem haldinn var 5. apríl.

Á þeim fundi hóf Ingimar Einarsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, störf sem starfsmaður nefndarinnar að ósk hennar.

Nefndin setti sér þær starfsreglur í samræmi við ofangreind lög og reglugerð og skipunarbréf sjávarútvegsráðherra, að kanna sem vandlegast fjárhagsstöðu útgerðarmanna, sem sóttu um til nefndarinnar.

Meginmarkmið nefndarinnar voru, að bátar yrðu teknir úr umferð, sem í fyrsta lagi þörfnuðust verulegra endurbóta, sem ekki væri hægt að telja þjóðhagslega hagkvæmar, og í öðru lagi að aðstoða útgerðarmenn við að hætta útgerð óhagkvæmra fiskiskipa, sem var þeim fjárhagslega ofviða, og í þriðja lagi að koma í veg fyrir að lagt yrði í fjárhagslega óhagkvæma fjárfestingu við að hefja á ný útgerð á bátum, sem höfðu ekki verið í útgerð í lengri eða skemmri tíma.

Skilyrði nefndarinnar var, að öllum þeim bátum, sem hlutu afgreiðslu, yrði eytt, og voru í þessum tilgangi í ýmsum tilvikum veittir eyðingarstyrkir.

Við úthlutun fjárhæða til einstakra umsækjenda var stefnt að því, að útgerðarmenn bæru ekki of þungan fjárhagslegan bagga við að hætta rekstri skipa sinna.

2. Ráðstöfunarfé.

Ráðstöfunarfé nefndarinnar nam um 326,0 milljónum króna. Féð var jafnóðum ávaxtað, er það barst inn í gengismunarsjóð, og nema vaxtatekjur um 45 til 50 m. kr. Þannig nam ráðstöfunarfé nefndarinnar varlega reiknað um 371 til 376 m. kr.

Þess ber að gæta, að nokkur óvissa ríkir enn um endanlega upphæð vaxtateknanna, en líklegt má telja, að þær

verði nokkru meiri en spáð er hér að framan, samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið hjá Seðlabanka Íslands.

Ekki þykir þó rétt að láta þessi óvissuatriði tefja fyrir því, að nefndin geri grein fyrir störfum sínum.

Jafnframt gerir nefndin síðar í þessari skýrslu tillögur um ráðstöfun þess óverulega fjár, sem endanlega kann að vera afgangs, er öll kurl eru komin til grafar.

3. Ráðstöfun fjárins.

Nefndin hefur alls haldið 12 fundi, auk þess sem flestir umsækjendur hafa átt fjölda viðtala við formann og starfsmann og svo við einstaka nefndarmenn um umsóknir sínar.

Nefndin vann að því, að kröfuhafar gæfu eftir af kröfum sínum við úthlutun styrkja, og náðist verulegur árangur í því starfi nefndarinnar.

Nefndin kann opinberum sjóðum, svo sem Fiskveiðasjóði, Byggðasjóði, Styrktar- og lánasjóði, svo og bönkum og fjölmörgum fyrirtækjum og einstaklingum hinar bestu þakkir fyrir mikla lipurð við að leysa oft og tíðum mjög erfið fjárhagsleg vandamál.

Nefndin hefur unnið mjög náið með Aldurslagasjóði við úthlutun styrkja og vill nefndin koma þakklæti á framfæri við starfsmenn og stjórn Aldurslagasjóðs.

Nefndinni bárust 38 formlegar umsóknir. 10 umsóknum var ýmist synjað eða umsækjendur töldu veitta styrki ófullnægjandi eða þá að bætur úr Aldurslagasjóði nægðu til að leysa vanda viðkomandi aðila.

Nefndin úthlutaði styrkjum vegna 27 báta, sem samtals voru 1 422 brúttórúmlestir að stærð, alls að upphæð 371 348 583 kr. Að meðaltali eru þetta um 13 m. kr. á bát, en bátarnir voru mjög misstórir.

Að meðaltali var veitt um 260 000 kr. á hverja smálest, en það var einnig mjög mismunandi eftir bátum.

Útlagður kostnaður vegna nefndarstarfa, þ. e. vegna auglýsinga, nefndar- og starfslauna voru kr. 2 009 360.

Í eftirfarandi yfirliti kemur fram, hvernig styrkveitingar skiptast á einstaka báta.

Nafn skips	*Stærð*	*Styrkur kr.*	*Eyðing kr.*
1. Suðurey NK-37	83	14 092 657	
2. Búi AK-122	8	4 029 937	(300 000)
3. Burstafell VE-35	48	25 533 850	(815 320)
4. Þristur ÍS-168	15	176 179	
5. Hafdís ÍS-71	10	784 643	
6. Svartfugl GK-200	42	11 150 440	(1 000 000)
7. Völsungur GK-363	52	11 805 955	
8. Hrímnir ÍS-140	26	4 000 000	
9. Lundey RE-381	75	13 500 000	(1 500 000)
10. Steinunn RE-32	144	35 000 000	2 000 000
11. Björgvin VE-72	39	23 000 000	
12. Guðm. Þórðars. RE-70	161	11 000 000	
13. Guðmar RE-43	64	14 000 000	
14. Alda SH-2	14	4 082 388	400 000
15. Vallanes GK-29	52	10 226 430	
16. Reynir VE-120	45	18 260 000	(260 000)*)
17. Gunnar Ingi GK-250	20	4 766 789	500 000*)
18. Símon GK-350	141	35 000 000	
19. Illugi ex Andv. VE-101	50	7 000 000	
20. Trausti ÁR-71	52	14 604 832	(1 000 000)
21. Muggur BA-611	11	5 121 815	
22. Sunna SU-222	47	28 000 000	
23. Oddur BA-41	11	1 200 000	
24. Bugur VE-111	65	23 000 000	
25. Jódís GK-138	15	4 000 000	
26. Faldur VE-138	46	16 112 668	
27. Elliðaey VE-45	86	29 000 000	
	1422	368 448 583	2 900 000
Ógr. eyðingarstyrkir		2 900 000	
Augl., nefndar- og starfslaun		2 009 360	
		373 357 943	

*) smábreyting til lækkunar.

4. Framtíðarhorfur.

Nefndin er sammála um nauðsyn þess starfs, sem hún hefur unnið, og telur mjög brýnt, að haldið verði áfram á sömu braut.

Mikill skilningur og stuðningur hefur verið við starfsemi nefndarinnar af hálfu hagsmunaaðila í sjávarútvegi, bæði af samtökum, einstaklingum, opinberum sjóðum, bönkum og ráðuneyti.

Nefndinni er kunnugt um, að þörf væri á að veita áfram styrki til aðila, sem vilja hætta útgerð. Má í því sambandi benda á, að nokkrar umsóknir liggja fyrir nefndinni, sem ekki er hægt að afgreiða, vegna þess að fjármagn nefndarinnar er þrotið.

Nú nýverið voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, þar sem markaður er tekjustofn til úreldingarstyrkja.

Þrátt fyrir breytingar á frumvarpinu í meðförum þingsins væntir nefndin þess, að starf úreldingardeildar við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum renni í svipaðan farveg og starf þessarar nefndar hefur verið.

Nefndin leggur til, að það fjármagn, sem eftir kann að verða af ráðstöfunarfé nefndarinnar, er endanlegur vaxtaútreikningur liggur fyrir, renni til úreldingarsjóðs hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

5. Lokaorð.

Nefndin vill að lokum í skýrslu þessari endurtaka þakkir sínar til hinna fjölmörgu aðila, sem hún hefur leitað til.

Nefndin þakkar starfsmanni nefndarinnar, Ingimar Einarssyni, deildarstjóra, sérstaklega fyrir mjög vel unnin störf í þágu nefndarinnar og hefði árangur orðið svipur hjá sjón, ef starf Ingimars hefði eigi verið svo mikið og árangursríkt.

Reykjavík, 4. febrúar 1980.

Ágúst Einarsson, form.
Guðjón Halldórsson. Ingólfur Sig. Ingólfsson.
Kristján Ragnarsson. Óskar Vigfússon.
Páll Sigurðsson.

Efri deild, 105. fundur.

Fimmtudaginn 29. maí, kl. 1 miðdegis.

Lánsfjárlög 1980, frv. (þskj. 618). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 646).

Efri deild, 106. fundur.

Fimmtudaginn 29. maí, að loknum 105. fundi.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 639). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3 umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 647).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Helgi Seljan): Þar sem þinglausnir eiga að fara fram í dag mun þetta verða síðasti fundur þingdeildarinnar á 102. löggjafarþingi. Ég vil nota þetta tækifæri til að færa hv. þdm. einlægar þakkir fyrir hið ánægjulega samstarf í hvívetna svo og mikið umburðarlyndi í minn garð sem forseta. Ég færi skrifurum deildarinnar bestu þakkir fyrir mikla samviskusemi og ágætlega unnin störf. Einnig þakka ég varaforsetum deildarinnar fyrir þeirra góðu aðstoð og liðsinni við forsetastörf. Skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þessarar stofnunar færi ég hlýjar þakkir fyrir mikil og góð störf í þágu okkar þm. og Alþingis um leið.

Ég árna ykkur öllum alls velfarnaðar á sumrinu og læt í ljós þá ósk að við megum öll hittast heil að hausti.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Fyrir hönd okkar þdm. vil ég þakka forseta góðar óskir í okkar garð. Jafnframt vil ég þakka honum fyrir hönd okkar allra umburðarlyndi við okkur og í senn röggsama og réttláta fundarstjórn. Skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu færi ég einnig þakkir okkar þdm. Starfsfólki þingsins, hæstv. forseta og fjölskyldu hans óska ég gleðilegs sumars.

Ég bið hv. dm. að taka undir þá ósk og staðfesta hana með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Helgi Seljan): Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir hlý orð og persónulegar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir að taka undir. Um leið endurtek ég óskir mínar um farsæld og heill í framtíðinni til ykkar allra.

Neðri deild, 90. fundur.

Fimmtudaginn 29. maí, kl. 11 árdegis.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 428, 539). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 539 felld með 18:11 atkv.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 640).

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 613, 617, 634). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 617 tekin aftur.

Brtt. 634 samþ. með 21:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, FH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, HÓ, GHelg, HÁ, HG.

nei: JÞ, MB, MÁM, BÍG, GeirH, HBl.

JS, KP, MHM, ÓE, PS, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, FrS, SvH greiddu ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í þessari brtt. fjmrh. felst að draga úr ákveðnum skuldbindingum Alþingis varðandi fjármögnun þeirra verkefna sem í frv. felast, sem ég taldi nauðsynlegar og samþykktar væru við atkvgr. við 2. umr. Ég tel mig hafa sýnt nægilega fram á vilja minn í þessu máli og fyrir framgangi þess. Þessi atkvgr. reynir því á afstöðu margra annarra þm. en mín til brtt. og þessa máls í heild. Því greiði ég ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 595). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 642).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 552 (sbr. 543), n. 604, 608 og 609, 573, 610). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 573 teknar aftur til 3. umr.

Brtt. 610,1 felld með 20:12 atkv.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 610,2 felld með 21:11 atkv.

3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 610,3 felld með 25:10 atkv.
4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 610,4 felld með 22:12 atkv.
5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 610,5 felld með 19:19 atkv.
9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
10.—13. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 610,6 felld með 26:12 atkv.
14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
15.—35. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
36. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 610,7 felld með 20:19 atkv.
37. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
38. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 610,8 felld með 24:12 atkv.
39. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 610,9 felld með 24:13 atkv.
40. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
41.—46. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 610,10 felld með 26:11 atkv.
47. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
48. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 610,11 felld með 24:11 atkv.
49. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
50.—56. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 610,12 felld með 25:12 atkv.
57. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 610,13 felld með 25:12 atkv.
58. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
59.—61 gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 610,14 felld með 26:10 atkv.
62. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
63.—64. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
65.—68. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 610,15 felld með 22:11 atkv.
69. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
70. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
71.—76. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
77.—79. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Neðri deild, 91. fundur.

Fimmtudaginn 29. maí, að loknum 90. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 552 (sbr. 543), frhn. 637, 638 og 641, 573). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var m. a. minnst á lántökugjald það sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Þeim spurningum, sem komið hafa fram um það efni, ber þannig að svara, að lántökugjald hefur verið 1% af lánum hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins og engar ráðagerðir eru uppi um breytingar á því. Sama er að segja um þóknun þá sem tekin er samkv. lögum og gert er ráð fyrir í frv. þessu.

Eins og nú háttar tekur veðdeild Landsbankans 0.25% í sinn kostnað við þá fyrirgreiðslu sem hún veitir lántakendum Byggingarsjóðs ríkisins. Þessi þóknun veðdeildarinnar hefur gengið til þess að borga kostnað hennar, en í frv. þessu er nú gert ráð fyrir að ekki einasta verði þessi þjónusta bundin við veðdeild Landsbankans, heldur verði einnig heimilt að semja við aðrar bankastofnanir.

Það af lántökugjaldinu eða þóknuninni, sem kynni að verða umfram þann kostnað sem þarf að leggja í vegna samninga við bankastofnanir um þjónustu, rennur síðan í Byggingarsjóð ríkisins svo sem verið hefur.

Þetta vildi ég taka fram, herra forseti, vegna spurninga sem fram komu hér við 2. umr. málsins.

Frsm. meiri hl. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Eins og ég skýrði frá í framsöguræðu minni fyrir áliti meiri hl. félmn. við 2. umr. leitaði nefndin til Þjóðhagsstofnunar, nánar tiltekið Hallgríms Snorrasonar, um upplýsingar í sambandi við fjármögnun húsnæðismála, þar með talið tekjustofna, að því er varðar frv. Nefndin fékk ýmsar upplýsingar, en jafnframt taldi fulltrúi Þjóðhagsstofnunar að lengri tíma þyrfti til að gefa fyllri upplýsingar. Í framhaldi af því skrifaði ég Þjóðhagsstofnun í umboði nefndarinnar 23. maí s. l. og óskaði eftir að gerðir yrðu frekari útreikningar. Þessir útreikningar, sem eru þó aðeins fyrsti hluti, bárust n. í gær, 28. maí, og ákvað félmn. á fundi sínum í morgun að leggja þessa útreikninga fram sem framhaldsnefndarálit á þskj. 637 til upplýsingar í málinu. Jafnframt hef ég fyrir hönd n. óskað eftir því við Þjóðhagsstofnun að hún ljúki frekari útreikningum um málið, sem síðan yrðu sendir Húsnæðisstofnun ríkisins. Geta þessir væntanlegu útreikningar hugsanlega komið að notum við undirbúning fjárlaga og lánsfjáráætlunar að því er varðar fjármögnun húsnæðismálakerfisins fyrir árið 1981.

Eins og kemur fram í þessu áliti frá Þjóðhagsstofnun er hér um hluta af þessu verkefni að ræða, og til þess að lengja ekki umr. hér á svo skömmum tíma sem við höfum yfir að ráða vil ég geta þess, eins og hv. alþm. geta lesið sér til í því áliti sem dreift hefur verið, að þetta er byggt á ýmsum forsendum, sem geta að vísu verið umdeilanlegar. Í aths. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekið skal fram, að reikningum þessum er fyrst og fremst ætlað að gefa grófa mynd af mögulegri þróun yfir langt árabil, miklu fremur en að sýna nákvæmar breytingar frá einu ári til annars. Dæmi sem þessi verður að reisa á safni tilbúinna forsendna sem margar ráða afar miklu um niðurstöður, auk þess sem þær eru umdeilanlegar og hljóta að breytast með tímanum.“

Þetta tel ég ástæðu til að undirstrika hér, því að vissulega eru svona útreikningar nauðsynlegir til að átta sig á þeirri líklegu þróun sem stefnt er að. Eins og ég tók fram í framsöguræðu fyrir álti meiri hl. við 2. umr. er hægt að byggja útreikninga á svo ólíkum forsendum að það er ekki þar með sagt að þeir séu blákaldar staðreyndir. Hins vegar er nauðsynlegt í svo viðamiklu máli sem húsnæðislöggjöfin er og hlýtur að verða, að það liggi fyrir eins miklar tölulegar upplýsingar og mögulegt er að ráða yfir við þær aðstæður sem við búum við. Þess vegna dreg ég

ekki úr gildi þess að slík vinna sé lögð fram og sé tekið mið af slíku við ákvörðun um þessi mál.

Eins og kom fram í áliti meiri hl. teljum við, og það er ljóst, að æskilegt hefði verið að fjármögnunarþáttur frv. væri fyrir fram ákveðinn til að ná þeim markmiðum sem frv. gerir ráð fyrir. En í sambandi við þessa löggjöf er sú almenna ákvörðun að um er að ræða stefnumarkandi löggjöf fyrst og fremst, en ætlast er til að ríkisstj. og Alþ. taki ákvörðun við fjárlagagerð og lánsfjáráætlun um hvað hratt verður farið í sambandi við þessi mál.

Það er óumdeilanlegt, að hér er um þýðingarmikla löggjöf að ræða, og það hefur ekkert komið fram í umr. um þetta mál, hvorki í Ed. né Nd., sem vefengir það. Það er einnig staðreynd, að um árabil hefur þessi löggjöf verið í endurskoðun og mótun hjá mörgum nefndum skipuðum færustu mönnum á því sviði. Miðað við allar þær umsagnir, sem fyrir liggja, er ljóst að þetta frv., ef að lögum verður, markar tímamót í húsnæðismálum hér á landi. Með tilvísun í þetta leggjum við til, og það er óbreytt álit okkar frá því að það kom fram við 2. umr., þ. e. meiri hl. n., að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir.

Ummæli hafa komið oftar en einu sinni fram frá hv. 5. þm. Suðurl. þar sem hann hefur vitnað í stefnuyfirlýsingu fyrrv. ríkisstj. undir forustu Ólafs Jóhannessonar um stefnuna í húsnæðismálum, sem var að hans mati grundvöllur fyrir því frv. sem hér var lagt fram og var kennt við fyrrv. ríkisstj. Mér finnst ástæða til að láta það koma fram hér, að í stefnuskrá þeirrar ríkisstj., sem var mynduð 1978, segir svo um húsnæðismálin, með leyfi hæstv. forseta:

„Áhersla verði lögð á félagsleg sjónarmið í húsnæðismálum. Sett verði löggjöf um réttindi leigjenda. Löggjöf um verkamannabústaði verði endurskoðuð. Stefnt verði að því að hækka húsnæðislán og létta fjármagnsbyrði með lengingu lánstíma."

Þetta var kjarninn í stefnu þeirrar ríkisstj. sem lagði húsnæðismálafrv. fram og það var ástæðan fyrir því, að ég og fleiri lögðum áherslu á að reynt yrði að standa við þessi markmið með því að lengja lánstímann og setja hærra það markmið sem að er stefnt í sambandi við húsnæðismálin. Það er í samræmi við stefnu Framsfl.

Ég ætla ekki, herra forseti, að tefja þessar umr. Mér þótti rétt að gera aðeins grein fyrir viðbótarnál. Það er fyrst og fremst innlegg í þetta mál, en framhaldið, eins og ég tók fram áðan, verður væntanlega til að auðvelda ákvörðun við fjárlagagerð og lánsfjáráætlunargerð fyrir árið 1981.

Ég vil svo að lokum þakka meðnm. mínum í félmn. Nd. fyrir gott starf og ágætt samstarf um að greiða fyrir framgangi málsins.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég get verið stuttorð því við 2. umr. gerði ég ítarlega grein fyrir þeim þætti sem ég gagnrýni mest, þ. e. fjármagnsþættinum, og tel reyndar að ekkert hafi komið fram við þessa umr. um mál þetta sem bendir til að vísbendingar þær um fjármagnsvöntun, sem fram komu á nál. mínu á þskj. 608, séu ekki réttar.

I framhaldsnefndaráliti á þskj. 641 kemur fram afstaða þm. Alþfl. til þessa máls og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, fá að lesa upp það nál.:

„Í nál. 1. minni hl. á þskj. 608 var gefin vísbending um þá miklu lánsfjárþörf sem staðið er frammi fyrir miðað við þá tekjustofna sem frv. byggir á, — ef Alþ. samþykkti frv. með þeim breytingum sem Ed. hefur gert.

Auk þess var sýnt fram á að ekki er um að ræða aukningu á heildarfjármagni inn í félagslega kerfið frá því sem upphaflegt frv. gerði ráð fyrir. Þvert á móti stendur fjárhagsgrundvöllur félagslegra íbúðabygginga ekki eins traustum fótum — vegna aukningar sem skapast á lánsfjárþörf. Þrýstingurinn mun einnig aukast geysilega yfir á félagslega kerfið, — ef fjármagn er dregið frá Byggingarsjóði ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna. Í því sambandi ber að hafa í huga að um 2/3 af félögum innan ASÍ hafa tekjur umfram það mark að geta fengið keyptar íbúðir í verkamannabústöðum.

Brtt. Ed. stefna því fjárhagsgrundvelli húsnæðiskerfisins í heild í mikla tvísýnu, jafnt félagslegum íbúðabyggingum sem í almenna íbúðalánakerfinu, auk þess sem draga verður í efa ávinning almenna lánakerfisins til íbúðabygginga frá því sem er, — sem nú stendur í mikilli óvissu fjárhagslega eftir breytingar Ed.

Nú liggja fyrir viðbótarupplýsingar frá Þjóðhagsstofnun, sem eru hluti af umbeðnum upplýsingum frá félmn., og eru birtar á sérstöku þskj. Þær upplýsingar staðfesta enn frekar vísbendingar 1. minni hl. á þskj. 608 um að fjárhagsgrundvelli íbúðabyggingakerfisins í heild er stefnt í mikla tvísýnu.

Þó æskilegt hefði verið að bíða eftir frekari útreikningum Þjóðhagsstofnunar áður en frv. verður samþykkt — og gagnrýna megi málsmeðferð frv. á Alþ. varðandi fjármögnunarþáttinn sérstaklega, þá mun Alþfl. styðja framgang húsnæðismálalöggjafarinnar í trausti þess að fjármögnunarþáttur frv. verði endurskoðaður af ríkisstj. þegar allir útreikningar liggja fyrir, á þann hátt að hægt sé að standa við skuldbindingar frv.

Þm. Alþfl. eru þeirrar skoðunar, að með breytingum þeim, sem Ed. hefur samþykkt á frv. fyrir tilmæli ríkisstj., standi fjáröflun hins opinbera húsnæðislánakerfis í algjöru uppnámi, eins og allar talnalegar upplýsingar, sem fram hafa verið lagðar, benda til, og sé svo er ávinningur launafólks við samþykkt frv. léttvægur, því mestöll baráttan er þá eftir. Staðfesti reynslan þessa skoðun Alþfl. áskilja þm. flokksins sér rétt til þess að taka fjármögnunarþátt lánakerfisins sérstaklega upp aftur á Alþingi."

Frsm. 2. minni hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið við spurningum mínum og annarra þeirra sem til máls hafa tekið í umr. á hv. Alþ. um það mál sem hér er til umr. Ég skil það mætavel, að hjá ráðh. gátu ekki komið fram æskileg svör við ýmsum áleitnum spurningum. Það er eðlilegt þegar tillit er til þess tekið, hve vissir þættir frv. standa veikum fótum.

Ég hef því miður ekki tíma til á þessari stundu að ræða við hæstv. félmrh. um ýmis efni sem hefur borið á góma í umr. á hv. Alþ., um félagslega þætti og þess háttar, en verð þó að taka undir með honum um að ég tel eðlilega þá skýringu, sem hann gaf, að allar þær framkvæmdir, sem unnar væru á vegum eða með tilstyrk úr byggingarsjóðnum almenna og eins sjóði verkamannabústaðanna séu í eðli sínu félagslegar framkvæmdir og félagslegar aðgerðir. Þetta hefur talsverða þýðingu fyrir málið, vegna þess að verið er að skilja á milli félagslegs hlutverks þess fjármagns, sem rennur til húsnæðismála, og annars hlutverks. Auðvitað verður slíkt ekki skilið sund-

ur nema þá liggi að baki eitthvert mat um það sem kallað er „félagslegt" í það og það skiptið. Þetta er að vísu ekki stórmál, en þó eðlilegt að það sé rætt og ætti kannske oftar að ræða það í sölum hv. Alþingis, hvað menn eiga við með „frösum" og yfirlýsingum sem stundum má jafnvel halda að menn skilji ekki sjálfir.

Varðandi lántökugjaldið, sem ráðh. ræddi, skal ég vera stuttorður. Það kemur í ljós að ekki er enn endanlega ákveðið hvernig staðið verður að afgreiðslu lána og innheimtu, hvort það verður gert með aðstoð eða á vegum veðdeildar Landsbankans eða með því að húsnæðismálastjórn eða Húsnæðisstofnun hafi beint samband við fleiri afgreiðslustaði á landinu. Allt um það er ljóst að heimild er til lántökugjalds sem fyrst og fremst er hugsað sem þóknun til handa þeim aðilum sem taka að sér þjónustuhlutverk í þessu skyni. Samkv. hugmyndum sjálfstæðismanna hefði lántökugjaldið verið eitt af tekjustofnum sjálfs byggingarsjóðsins, en með því að fella brtt. okkar fæ ég ekki annað séð en Alþ. hafi komið í veg fyrir að svo geti orðið.

Ég og hv. þm. Steinþór Gestsson höfum skilað nýju nál., framhaldsnál., sem er á þskj. 638. Þar gerum við grein fyrir meginviðhorfum okkar sjálfstæðismanna til þess frv., sem hér er til umr., og ákvörðunar Alþingis. Það kemur skýrt fram í því nál. og reyndar í öðrum nál., bæði nál. allra félmn. og aðeins í nál. 1. minni hl., að full ástæða hefði verið til að skoða þetta mál enn betur en kostur er á þeim stutta tíma sem nú er til þinglausna. Það er því alveg ljóst, og á það legg ég mikla áherslu, að sá tími, sem hefur farið í þetta mál, er ósköp eðlilegur. Það er því aldeilis út í hött þegar því hefur verið haldið fram, að stjórnarandstaðan og þá einkum Sjálfstfl. hafi staðið að því að þæfa þetta mál eða koma í veg fyrir afgreiðslu þess. Staðreyndin liggur á borðinu með þessum þremur framhaldsnál. Hún er sú, að Alþ. hefði jafnvel þurft að fá enn lengri tíma til að kanna þetta mál og þó sérstaklega einn þátt þess, fjármögnunarþáttinn. — Þetta vil ég að komi hér skýrt fram og fari ekki fram hjá neinum og allra síst þeim hv. þm. sem hafa sagt annað í fjölmiðlum að undanförnu.

Aðalatriðin í framhaldsnál. okkar eru þessi:

Við teljum að hlutverk tæknideildarinnar eigi að þrengja og hún eigi ekki að stunda samkeppni við teiknistofur í landinu. Við bendum á að samkv. 70. gr. er tæknideildinni nánast ætlað að standa undir sér, en slíkt er eiginlega útilokað þegar á það er litið að margvísleg þjónusta tæknideildarinnar er þannig, að ekki verður fyrir hana tekið. Það hlýtur að leiða til þess, að kostnaður við þá þætti færist yfir á annan kostnað deildarinnar og hún verður ekki samkeppnisfær. — Á þetta bendi ég því að það er gamalt mál sem hefur verið rætt í fjvn. Á sínum tíma lá fyrir á grundvelli skýrslu um tæknideild húsnæðismálastjórnar hugmynd hjá hv. fjvn. um að setja tæknideildinni ákveðin skilyrði ef hún ætlaði að fjölga hjá sér stöðugildum. Ég hef ekki tíma til þess hér að rekja það lið fyrir lið, en þau skjöl eru til í fórum hv. fjvn. Þar er gerð í sjö liðum grein fyrir þeim viðhorfum sem þá voru uppi hjá fjvn., þótt það plagg fengi ekki endanlega afgreiðslu í nefndinni.

Í öðru lagi höfum við sjálfstæðismenn bænt rækilega á að við teljum að eðlilegt sé að ASÍ og önnur samtök vinnumarkaðarins hafi áhrif á þær mikilvægu ákvarðanir sem teknar eru hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, en við teljum að það eigi ekki að gerast með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í lagafrv. eins og það er nú. Við teljum hvergi koma fram í þeim gögnum, sem við höfum undir höndum, að ASÍ eigi eitt rétt til að tilnefna tvo menn í stjórn Húsnæðisstofnunar. Við teljum að slíkt framsal Alþingis sé afskaplega óeðlilegt. Við höfum hins vegar lagt fram till. um og erum því sammála því að Alþýðusambandið hafi áhrif á stjórnir verkamannabústaðanna með beinni aðild.

Ég ætla ekki á þessum fáu mínútum, sem ég hef til ráðstöfunar, að fara frekar út í þessa sálma, ég gerði það mjög ítarlega í framsöguræðu minni við 2. umr. málsins. En ég get bent á það sem dæmi um hvernig pólitískt hlutfall er í stjórnum mikilvægustu launþegasamtakanna, að í 18 manna stjórn Verkamannasambands Íslands sitja 9 Alþfl.-menn og 9 Alþb.-menn og enginn úr öðrum flokkum. Og í stjórn Alþýðusambands Íslands, sem er 15 manna, situr einn flokksbundinn sjálfstæðismaður. Ég spyr hv. þm.: Teljið þið að þetta sýni í raun þann pólitíska styrkleika sem er í Alþýðusambandi Íslands og í Verkamannasambandi Íslands? Svar mitt liggur í augum uppi. Það sýnir hann ekki, aðallega vegna þess að kosningareglum í þessum stóru samtökum háttar þannig að þar fara ekki fram hlutfallskosningar, þar eiga sér ekki stað kosningar eftir sömu lýðræðisreglum og gilda í þjóðfélaginu og þess vegna geta myndast meiri hlutar sem jafnvel eru bornir uppi af minni hluta. Þetta er sér í lagi alvarlegt mál þegar tillit er tekið til þess, að hver sá maður, sem er á launamarkaðnum, er nánast skyldugur til að vera í viðkomandi stéttarfélagi, rétt eins og menn eru skyldaðir til að vera í íslenska þjóðfélaginu. Við gerum ekki sömu lýðræðiskröfur fyrir verkalýðsfélögin og við gerum fyrir þjóðfélagið í heild, þótt nánast sé um skylduaðild að ræða hjá báðum aðilum. Á þetta legg ég sérstaka áherslu. — Það liggur fyrir till. hér í þinginu. Hún fær væntanlega afgreiðslu næsta vetur. Ég hef þær fregnir, að yfirgnæfandi meiri hl. Alþingis muni styðja þá till. hv. þm. Péturs Sigurðssonar o. fl.

Í þriðja lagi erum við sjálfstæðismenn á móti því, að lögfest sé að þriðjungur fjárins eigi að ganga til félagslegra bygginga. Þetta hef ég rökstutt áður í mínu máli núna og enn fremur í framsöguræðu minni við 2. umr. Við teljum að almenni byggingarsjóðurinn eigi að vera svo sterkur að hann geti sinnt því meginhlutverki að allir þeir, sem hafa venjulegar tekjur í landinu, geti komið sér upp húsnæði, geti búið í eigin húsnæði. Það er stefna okkar sjálfstæðismanna og henni viljum við framfylgja með þessum almennu reglum, en takmarka hinar svokölluðu félagslegu aðgerðir við þá, sem virkilega þurfa á þeim að halda, og gera þá því betur fyrir þá fáu sem eftir eru.

Í fjórða lagi, og það þarf ég ekki að ítreka því að það hafa allir talað um á undan mér, teljum við að það fjármagn, sem þarf að vera til ráðstöfunar, sé ekki fyrir hendi þegar litið er til framtíðar, þó ekki sé meira en 2—3 ár. Nýjar upplýsingar hafa komið fram um að þær breytingar, sem voru gerðar á frv. í Ed., leiði til enn aukinna útlána sjóðsins og verði þess vegna enn lengra bil á milli fjárþarfarinnar og hinnar eiginlegu fjármögnunar hins vegar. Auðvitað hljótum við að setja traust okkar á ríkisstj., en það vill svo til að við alþm. höfum ekki sama traust á öllum ríkisstj. Ég verð að segja að því miður er traust mitt á þessari ríkisstj. ekki mjög mikið í þessum efnum eins og mörgum öðrum.

Þær breytingar, sem hafa verið gerðar á þessu frv., og

það, að till. okkar sjálfstæðismanna hafa verið felldar, gerir að verkum að við sjáum okkur tilneydda að mæla með því að frv. verði fellt. Við gerum okkur þó grein fyrir því, að í frv. eru ýmsar umbætur, en þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv., eru þess eðlis, að þær eru þyngri á metunum en þær breytingar sem til bóta horfðu og voru í upphaflega frv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það hefði verið ástæða til að ræða þetta frv. ítarlega og efnislega, þó að margt sé búið að segja um efni þess. Ég skal þó ekki verða til þess að tefja um of þessar umr. En ég vil benda á eitt, sem er grundvallaratriði, að þegar Alþ. samþykkir ný og aukin útgjöld á þjóðina á einnig að liggja fyrir á hvern hátt eigi að fjármagna það sem verið er að samþykkja. Ég held að það, sem skiptir mestu máli nú í þessu þjóðfélagi, sé að berjast við verðbólguna, en ekki að auka á verðbólguna með öllu hugsanlegu móti.

Stefna flokks félmrh., Alþb., birtist í skrautlegri útgáfu fyrir kosningarnar 1978. Hún mun vera fyrir löngu uppurin í herbúðum flokksins, því að henni mun hafa verið komið rækilega fyrir kattarnef þannig að fleiri gætu ekki eignast þetta ágæta plagg. En ég hef haldið því til haga. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Árlegar afborganir, vextir og vísitöluálag af lánum Byggingarsjóðs til hverrar íbúðar fari aldrei yfir 20% af daglaunum verkamanns".

Þetta er falleg hugsjón. Formaður Verkamannasambands Íslands, sem því miður situr nú ekki hér inni, viðurkenndi fúslega hér í vetur að þetta væri þá komið yfir 80% eða sennilega nálægt 90%. En verðbólga ríkisstj. heldur áfram á fullri ferð. Fjmrh. telur ekki vera möguleika fyrir grunnkaupshækkun og sumir aðrir hafa tekið undir það. Nú spyr ég og ég ætlast ekki til þess að því sé svarað hér á þingi, en það væri mjög gaman að fá svar við því t. d. í málgagni Alþb.: Hefur þetta bil ekki aukist nú og kemur það ekki til með að aukast? Hrökkva daglaunatekjur verkamanns, sem kaupir meðalíbúð, fyrir afborgunum, vöxtum og vísitöluálagi? Hvað á þá vesalings maðurinn að gera til að lifa þegar hann fær ekki staðið undir afborgunum, vöxtum og vísitöluálagi af lánum af íbúð sinni?

Nú segja þessir hv. fulltrúar öreiganna, að ekki sé grundvöllur fyrir grunnkaupshækkunum, og neita að tala við launþegasamtökin mánuð eftir mánuð. Og nú bíða þeir í ofvæni eftir að losna við þingið svo þeir geti haldið áfram að flykkjast til útlanda. Einn er farinn og annar á leiðinni, sennilega á leiðinni til Keflavíkur, og allt er í óvissu á öllum sviðum.

Í stefnuskrá Alþb. segir: „Verðbólgan hefur um árabil verið helsta gróðamyndunaraðferð íslenskra fjáraflamanna og flytur stöðugt fjármuni frá allri alþýðu til verðbólgubraskara." — Hverjir hafa staðið betur að því, frá því að kosningar fóru fram 1978 og hafa setið í ríkisstjórn í 17 mánuði, að flytja fjármuni frá þeim, sem minnst mega sín, til verðbólgubraskaranna heldur en sjálft Alþb. eða forustumenn þess?

„Verðbólgan fer eldi um fjárfestingarsjóði landsmanna og hvers konar tryggingasjóði alþýðu, svo eigið fé þeirra rýrnar verulega á ári hverju," segir einnig í þessu skrautritaða stefnuávarpi Alþb. frá 1978. — Hvað gerist síðan? Halda ekki þessir sjóðir áfram að brenna í báli verðbólgunnar? Formaður Alþb. lýsti yfir í sjónvarpinu í gærkvöld að hann vildi vaxtalækkun og hann sá ekkert því til fyrirstöðu að lækka vextina stórkostlega. En ráðh. Alþb. eru nýbúnir að ákveða vaxtahækkun. Svo fallast þeir í faðma og kyssast og faðmast.

„Verðrýrnun peninganna ýtir undir fjárfestingarkapphlaup og stuðlar að óarðbærri fjárfestingu í stórum stíl," segir einnig í þessari stefnuskrá Alþb. (**Gripið fram í:** Er það ekki rétt?) — Hvaða flokkur hefur gjörsamlega svikið stefnu sína ef það er ekki Alþb., að undanskildum einum flokki sem er Framsfl.? En Framsfl. hefur auðvitað enga stefnu að svíkja því hann á enga stefnu nema að viðhalda verðbólgu. Það er sérstakt fyrirbrigði á himni stjórnmála þar sem er Framsfl., ekki hér á landi, heldur um víða veröld, og þar með talin frumstæð ríki í Afríku og víðar. Það furða sig allir menn á að slíkur flokkur skuli hafa náð jafnmiklum tökum á Íslendingum og þetta fyrirbrigði sem kallaði sig og kallar sig enn Framsfl.

ATKVGR.

Brtt. 573,1 felld með 20:18 atkv.

Brtt. 573,2 felld með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SteinG, VG, SvH.

nei: ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, HÓ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, FH, SvG.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það er augljóst að sumar af þeim breytingum, sem hv. Ed. gerði á því frv. sem hér er til afgreiðslu, stefna fjármögnun hins opinbera veðlánakerfis í algjöra óvissu, að ekki sé meira sagt, og þar með flestum þeirra markmiða sem lögunum var ætlað að ná. Með þeirri brtt., sem hér er til afgreiðslu, er þess freistað að bæta allverulega úr. Ég segi já.

Brtt. 573,3 felld með 21:17 atkv.
Brtt. 573,4 felld með 21:18 atkv.
Brtt. 573,5 felld með 20:18 atkv.
Brtt. 573,6 felld með 21:19 atkv.
Brtt. 573,7 felld með 21:19 atkv.
Brtt. 573,8 felld með 21:19 atkv.
Brtt. 573,9. a—b felld með 21:18 atkv.
Brtt. 573,9. c felld með 21:9 atkv.
Brtt. 573,10 felld með 20:19 atkv.

Frv. samþ. með 28:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, VG, ÞS, AS, ÁG, BGr, EH, FÞ, GS, GJG, HÓ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, KP, MHM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SKA, SV, FH.

nei: SteinG, FrS, GeirH, HBl, JÞ, MB, MÁM, ÓE, SvH.

AG, PS greiddu ekki atkv.

1 þm. (BÍG) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég tel að talsverðar bætur felist í sumum atriðum sem koma fram í því að frv. sem hér er verið að afgreiða, en þar sem frv. hefur tekið miklum breytingum í meðförum hv. Alþ. og margar breytingar eru til hins verra og þyngri á metunum en hinar og eins vegna hins, hve stuttur tími hefur gefist til

að kanna frv. betur og þá einkum og sér í lagi fjármögnunarþáttinn, tel ég ástæðu til að vera gegn frv. og segi nei.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Með vísan til þess, sem fram kemur í nál. 1. minni hl., bæði á þskj. 641 og 608, sem lýsir vel afstöðu þm. Alþfl. til þessa máls, og í trausti þess, að ríkisstj. sjái fyrir fjármagni til þess að hægt verði að standa við skuldbindingar þær sem þetta frv. setur, munu þm. Alþfl. greiða þessu frv. atkv. Ég segi já.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég tel á þessu frv. marga geigvænlega vankanta og til hins verra frá gildandi lögum, þó að ég viðurkenni fúslega að einnig fela nokkur ákvæði þessa frv. í sér bætur frá gildandi lögum. Ég tel að það hefði verið eðlilegra að reyna að freista þess að ná betri samstöðu um að afgreiða þetta mál á komandi haustþingi og að þá hefði legið fyrir upplýsingar um fjármögnun sem hér vantar. Ég er algjörlega á móti því að setja ný lög þar sem vantar fjármögnunarstefnu, eins og í þessu frv. Þess vegna get ég ekki stutt frv. og segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 648).

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 462). — 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er öllum kunnugt, sem fylgst hafa með málefnum verslunar, að óskir hafa verið um það um nokkuð langan tíma að hér á landi yrði tekin upp frestun á greiðslu aðflutningsgjalda sem nefnd hefur verið tollkrít. Slíkt fyrirkomulag hefur verið tekið upp víða í löndum í kringum okkur til hagræðis og jafnframt hefur það orðið til þess, að dómi þeirra sem gerst þekkja, að vöruverð hefur lækkað.

Þeir aðilar, sem stunda innflutning hjá okkur, svo og flytjendur innflutningsvara hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga. Þar var komið síðari hluta árs 1976 að félag ísl. stórkaupmanna efndi til ráðstefnu um þessi mál og óskaði eftir því við mig, en ég gegndi þá embætti fjmrh., að ég kæmi til þessarar ráðstefnu og fjallaði um þessi mál, gerði grein fyrir skoðunum mínum á efni málsins og í framhaldi af því, ef unnt væri, yrði unnið að athugun á þessu máli sem gæti leitt til þess, ef jákvæð yrði, að hér á landi yrði tekin upp tollkrít.

Niðurstaða þessa máls þá varð sú, að ég skipaði nefnd manna til að vinna að endurskoðun á lögunum um tollheimtu og tolleftirlit í aprílmánuði 1977. Nefndin var skipuð ríkisendurskoðanda, tollstjóra, Júlíusi Sæberg Ólafssyni framkvæmdastjóra, Hjalta Pálssyni framkvæmdastjóra og Ásgeiri Péturssyni páv. sýslumanni, sem var formaður. Með þessari nefnd starfaði sem ritari skrifstofustjórinn í fjmrn., Þorsteinn Geirsson. Nefnd þessi starfaði í eitt og hálft ár og skilaði til fjmrh. áliti og skýrslu um þessi mál. Það var skömmu áður en ég lét af embætti fjmrh., 15. ágúst, og skýrslan hefur legið þar síðan.

Á því tímabili, sem liðið er síðan, hefur m. a. Verslunarráð Íslands gengist fyrir viðskiptaþingum og gekkst fyrir því, að á viðskiptaþingi 1979 væru tollamál sérstakur liður á dagskránni, og gerði þar samþykktir í þessum efnum. Það hefur verið meginmarkmið þessara aðila að vinna að því að aðskilja vöruskoðun, tollafgreiðslu og meðferð tollskjala annars vegar og flutning vörunnar hins vegar, þannig að vöru megi flytja beint frá skipi í vörugeymslu innflytjanda, og að gera tollyfirvöldum mögulegt að taka upp reikningsviðskipti við innflytjendur að því er varðar innheimtu aðflutningsgjalda. Einnig hefur verið á dagskrá hjá þeim að kostnaður við tollheimtu og tolleftirlit sé alfarið borinn uppi af ríkissjóði eins og við aðra löggæslu, enda nýtur ríkissjóður teknanna, auk þess sem stjórnvöld hafa ákveðið umfang eftirlitsins. Með þessu væri stefnt að aukinni hagræðingu í störfum tollgæslunnar.

Niðurstaða þeirrar nefndar, sem ég skipaði, varð sú, að nefndin varð sammála um að mæla með því við fjmrn. að upp yrði tekin tollkrít, en í grg. þeirri, sem nefndin skilaði, segir svo, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af framangreindum forsendum og vísan til fylgiskjala leggur nefndin því einróma til við fjmrh. að tekin verði upp tollkrít hér á landi í því formi og með þeim takmörkunum sem lýst er í þessu nál. í einstökum atriðum.

Að ósk ráðh. var rökum og forsendum safnað í framangreint nál. Telur nefndin samdóma að á grundvelli þessara upplýsinga sé fljótlegt að setja saman lagafrv. ef hæstv. ráðh. óskar, enda hefur allt meginefnið verið sett hér fram. Er hún jafnframt reiðubúin að vinna það verk fyrir næsta samkomutíma Alþingis."

Þetta er ritað fyrir miðjan ágúst 1978.

Þegar þessi nefnd var að störfum leitaði hún aðstoðar rekstrarsérfræðinga til að gera sér grein fyrir hvert væri í raun og veru hagræðið varðandi þetta mál. Leitaði hún til þeirra J. Ingimars Hanssonar og samstarfsmanns hans, Gunnars Guðmundssonar, og þeir skiluðu nefndinni yfirgripsmiklu áliti þar sem þeir gera grein fyrir þeirri niðurstöðu sem þeir komust að.

Samkv. verðlagi í dag er álit þessarar nefndar eða skoðun sérfræðinga hennar að lækka megi vöruverð sem nemur á ári um 3 milljörðum kr. Það kemur fram í þessari skýrslu hverjar eru forsendur fyrir slíku. M. a. kemur fram í bréfi frá hafnarstjóranum í Reykjavík hvað sparnaðurinn yrði mikill ef varan stöðvaðist einni viku skemur í hafnarskemmum en er í dag. Þar er kostnaðurinn metinn 1 milljarður 600 millj. til 1 milljarður 700 millj. vegna vaxta og 150 millj. vegna minni tjónaáhættu.

Það er ljóst af þessu, að hér er um mikið hagsmunamál að ræða og ástæða til þess að mínum dómi, að Alþ. taki þetta mál til meðferðar og geri sér grein fyrir hvort það telur rétt að inn á þessar brautir sé farið. Það er hins vegar ljóst, að með gjaldfresti á aðflutningsgjöldum yrði breyting á innstreymi tekna til ríkissjóðs. Í því sambandi var leitað álits Þjóðhagsstofnunar og með þessari skýrslu fylgir álit hennar sem samið er af Ólafi Davíðssyni hagfræðingi.

Hann víkur að því, með hvaða hætti innstreymi í ríkissjóð yrði hægara með þessum hætti, en hann bendir jafnframt á að sumpart yrði það hraðara, einfaldlega vegna þess að tekjur ríkissjóðs eru þarna söluskattur og tolltekjur. Það er líka á það að benda, að vörur stöðvast á hafnarbakkanum nú þegar um 4—5 vikur, sem félli inn í þann frest sem gert er ráð fyrir í því frv. sem hér hefur verið flutt um kjarna þessa máls, tollkrítina, um frestun á aðflutningsgjöldum. Þannig er mjög erfitt að meta að hve miklu leyti innstreymið til ríkissjóðs yrði hægara, og talið jafnvel, eins og ég benti á áðan, að að sumu leyti yrði það hraðara, t. d. með því að söluskattur fengist fyrr innheimtur ef að þessu ráði yrði horfið. Það má enn fremur benda á að í stað þess að fara með vörur í toll-

vörugeymslu og láta þær liggja þar um langan tíma, eins og nú er gert, yrði hér um hraðari afgreiðslu að ræða sem kæmi ríkissjóði til tekna, eins og á var bent.

Þegar ljóst var að stjórnvöld sýndust ekkert ætla að aðhafast í þessu máli, en ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar gerði að mínum dómi ekkert í framhaldi af því nál. sem lá fyrir þegar hún tók við og eftir því sem mér var kunnugt hugðist ekki flytja þetta mál á Alþ., þá hófst ég handa um undirbúning að því frv. sem ég nú mæli fyrir, þ. e. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit á þskj. 462, en samhliða var unnið að öðrum breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit svo og lögum um tollskrá, með síðari breytingum, en 1. flm. þeirra frv., á þskj. 483 og 484, mun gera grein fyrir þeim málum hér á eftir.

Við töldum rétt — þeir sem standa að þessu máli — að flytja það á Alþ. og fá úr því skorið, hvort Alþ. er reiðubúið til að gera breytingar hér á með þeim rökum sem fram koma í þeirri skýrslu til fjmrh. sem ég rakti áðan. Ég vék að því við hæstv. fjmrh. fyrir nokkru, en sendi frá mér í morgun bréf þess efnis, að alþm. verði send þessi skýrsla til þess að þeir geti skoðað þetta mál. Ég á ekki von á að við getum gert annað á þessu þingi en að vísa þessu máli til nefndar, þ. e. hv. fjh.- og viðskn. þessarar d., en ég óska eftir því við form. n. og nm. að við síðar í dag gætum samþykkt að leita álits þeirra aðila, sem hér hafa hagsmuna að gæta, í sumar þannig að fyrir lægi þegar þing kemur saman í haust skoðun þeirra á þessu máli og hægt væri þá, þegar málið yrði tekið upp aftur af þeim aðilum sem að því standa nú, að vega og meta skoðanir þeirra aðila sem hér um ræðir. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða mjög þýðingarmikið mál og ekki aðeins fyrir þá aðila sem standa að og stunda innflutning eða farmflutning til landsins. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða mál sem að vissu leyti geti haft áhrif í sambandi við það vandamál sem við glímum við í dag, þ. e. verulega lækkun á vöruverði, og vænti þess, að þm. komist að því sama eftir að þeir hafa haft tækifæri til að skoða þá skýrslu sem í rn. liggur. — Ég á ekki von á öðru en að hæstv. ráðh. muni senda þm. skýrsluna þegar hann hefur fengið hina formlegu beiðni frá mér. Við getum því, þegar kemur á þing í haust, haft tækifæri til að afgreiða þetta mál jákvætt.

Ég skal svo ekki, herra forseti, tefja tíma þingsins með lengri ræðuhöldum, en þakka fyrir að fá tækifæri til að mæla fyrir þessu frv. hér og nú og leyfi mér að vonast til þess, að 1. umr. geti lokið og að henni lokinni verði þessu máli vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Matthíasi Mathiesen, 1. þm. Reykn., um að hér sé um athyglisvert mál að ræða. Það fyrirkomulag, sem hér er gerð tillaga um, hefur verið til umræðu í rúman hálfan áratug, en af einhverjum ástæðum hefur málið samt aldrei komist af umræðustigi. Nefndarálit, ítarlegt og greinargott, var sent þáv. fjmrh., Matthíasi Á. Mathiesen, nokkru áður en hann lét af því starfi, en annað mun ekki hafa gerst í málinu, enda mun þáv. fjmrh. hafa látið af störfum nokkru síðar. Mér er ekki kunnugt um að þetta nál. hafi verið rætt í þeirri ríkisstj. sem tók við, hvorki á ríkisstjórnarfundum né annars staðar þar sem mál voru rædd, og ég minnist þess ekki, að fram hafi komið nein fsp. hér á Alþ. um þetta nál. eða málið hafi verið rætt hér í þinginu.

Vissulega hlýtur nú sú spurning að vakna, úr því að þetta nál. kom fram á miðju sumri 1978, hvers vegna þetta mál sé ekki flutt fyrr, og vissulega gæti það hvarflað að einhverjum að það væri vond samviska hjá hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen sem hefði ýtt við honum og fengið hann til að flytja málið nú á seinustu dögum þings, því að að öllu eðlilegu hefði verið réttast að málið hefði verið vakið hér í þinginu með einhverjum hætti, t. d. í fyrirspurnarformi, og að frv. um þetta mál hefði þá komið fyrr fram þannig að það hefði getað fengið eðlilega meðferð.

Ég segi það alveg eins og satt er, að ég hafði ekki hugmynd um þetta nál. fyrr en ég kom í fjmrn. Ég hef hins vegar kynnt mér nál. og óskað eftir nánari athugun málsins og tel sjálfsagt að undinn verði bráður bugur að því að kanna til fulls hvort hér er ekki um framfaraspor að ræða.

Það er ljóst, að þetta nýja fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt frá tveimur sjónarmiðum. Annars vegar er á það bent, að ríkissjóður verði fyrir allnokkrum tekjumissi af þessum sökum, og hins vegar er ótti um að sá tekjumissir hafi þensluáhrif í efnahagskerfinu og valdi aukningu peningamagns í umferð. Hitt er ljóst, að þetta nýja fyrirkomulag hefur margvíslega kosti og því nauðsynlegt og sjálfsagt að athuga það gaumgæfilega.

Ég tel nokkuð ljóst að þetta nýja kerfi verður tæpast tekið upp í einni svipan. Vafalaust þarf að koma því á hægt og þétt, þannig að ekki verði um að ræða þensluáhrif í efnahagskerfinu og að ríkissjóður verði ekki fyrir verulegum skakkaföllum. Það þarf að velja hentugan tíma á árinu til að tryggja að ríkissjóði komi það ekki mjög illa að verða af tekjum þegar þessi skipan er upp tekin og að ekki sé þá á sama tíma verulegur hallarekstur á ríkissjóði eða skuldaaukning hjá Seðlabankanum. Af þessum ástæðum hef ég dregið þá ályktun, að hyggilegast mundi vera að taka upp nýtt skipulag af þessu tagi fremur á síðari hluta árs en fyrri hluta árs.

En ég sem sagt ítreka það sem ég hef þegar sagt, að ég tel sjálfsagt að þetta mál verði gaumgæfilega athugað á næstu vikum og nú í sumar undirbúið fyrir komandi þing að hausti. Ég tel einnig sjálfsagt að verða við þeim tilmælum, sem komu fram hjá hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, að þm. verði sent eintak af þessari skýrslu. Það er rétt, sem hann nefndi, að hann orðaði það við mig fyrir fáum dögum að þm. yrði sent þetta nál. Ég hef nú gert ráðstafanir til að hafa uppi á þeim rykföllnu birgðum sem einhvers staðar geymast í fórum fjmrn., og vafalaust eru nægilega mörg eintök fyrir hendi, en það hefur víst lent í undandrætti enn að koma þessu til skila til þingmannanna. Ég vænti þess þá að sú sending geti átt sér stað innan fárra daga.

Umr. frestað um stund.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 843). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég kýs að ræða þau tvö frv., sem eru á dagskrá þessa fundar, saman. Það eru frv. á þskj. 483 og 484, sem eru 195. og 196. mál þingsins. Þessi mál eru samofin, ef svo má að orði komast, því frv. sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur gert ágætlega grein fyrir í sinni framsöguræðu, en það er frv. á þskj. 462. Hann flytur það frv. ásamt fjórum öðrum hv. þm. og hinir sömu hv. þm. standa að flutningi þeirra tveggja mála sem ég hef framsögu fyrir nú.

Það hefur lengi verið áhugamál verslunarinnar að gera verslun greiðari og ódýrari. Má í því sambandi benda á

að á viðskiptaþingi árið 1979 var samþykkt ákveðin stefnuyfirlýsing í þessum málum. Í fyrsta lagi var óskað eftir að vöruskoðun yrði aðskilin, tollafgreiðsla og meðferð tollskjala annars vegar og flutningur vörunnar hins vegar, þannig að vöru mætti flytja beint frá skipi í vörugeymslu innflytjenda. Í öðru lagi var þess óskað að gera tollyfirvöldum mögulegt að taka upp reikningsviðskipti við innflytjendur að því er varðaði innheimtu aðflutningsgjalda. Og í þriðja lagi var þess óskað, að kostnaður við tollheimtu og tolleftirlit væri borinn af ríkissjóði eins og gert er við aðra löggæslu, enda nýtur hann teknanna, auk þess sem stjórnvöld ákveða umfang eftirlitsins. Með því væri stefnt að aukinni hagræðingu í störfum tollgæslunnar. — Þetta var meginefni stefnuyfirlýsingar frá viðskiptaþingi árið 1979.

Segja má að tollkrítarfrv., sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, 1. flm. málsins, gerði grein fyrir fyrr á þessum fundi, svari til annars liðar ályktunarinnar, þar sem frá því er greint að æskilegt væri að tollyfirvöld mættu taka upp reikningsviðskipti við innflytjendur vegna innheimtu aðflutningsgjalda. Hins vegar er með þessum tveimur frv., sem ég mæli hér fyrir, verið í fyrsta lagi að greiða fyrir innflutningi með fjölgun tollhafna og liprari reglum fyrir farmflytjendur, en í öðru lagi að framlengja innflutningsleiðina, ef svo má að orði komast, alla leið til innflytjandans og láta reglur, m. a. um tolla og fleira, ná alla leið til geymslusvæðis innflytjandans. Í þessu sambandi má minna á t. d. afslátt vegna skemmdar eða vöntunar sem verður í flutningi. Þær reglur ættu að gilda eins á flutningsleiðinni frá skipi og til geymslusvæðis innflytjandans, sem kemur nánast í staðinn fyrir geymslusvæði farmflytjanda, í dag. — Í þriðja lagi er lagt til að lagfærðar verði samskiptareglur tollyfirvalda annars vegar og farmflytjenda og innflytjenda hins vegar. — Í fjórða lagi er reynt að auðvelda flutningsmiðlurum störf, en flutningsmiðlarar eru þeir sem taka að sér flutning á vöru fyrir marga innfleytjendur í senn og geta þannig séð fyrir ódýrari flutningi með slíkri samvinnu fleiri innflutningsaðila. — Í fimmta lagi er með þessum frv., og þá sérstaklega breytingunni á tollskrárlögunum, gert ráð fyrir að framhaldsflutningur sé tollfrjáls. Getur það gefið Íslendingum möguleika á innflutningi t. d. til nágrannaþjóða, eins og þeirra sem búa í Færeyjum eða á Grænlandi, þannig að flutningur gengi til landsins og síðan héðan til þeirra. Í þessu sambandi er rétt að minna á þátill., sem liggur fyrir þinginu í n., frá Karli Steinari Guðnasyni o. fl., um tollfrjálst iðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli. En þessi mál eru náskyld. — Í sjötta lagi eru gerðar ýmsar smærri brtt. á tollskrárlögum, en þó ein nokkru stærri, sem er um afnám bankastimplunar á tollskjölum. Ísland mun vera eitt af örfáum löndum, ef ekki eina landið í heiminum, þar sem bankastimplun er skilyrði fyrir því, að farmbréf hafi lögmætt gildi.

Tilgangurinn með flutningi þessara tveggja frv. er að sýna í tilllöguformi nokkrar breytingar sem eru til bóta að áliti flm. og til einföldunar eða eru beinar afleiðingar tollkrítarinnar.

Eins og ég gat um hljóðaði þriðji liður stefnuyfirlýsingar viðskiptaþings 1979 á þá leið, að kostnaður við tollheimtu og tolleftirlit yrði borinn af ríkissjóði. Í þeirri vinnu, sem fram fór við að útbúa þessi frv., töldu flm. rétt að skilja þetta atriði frá öðrum atriðum sem fram koma í frv., m. a. vegna þess, að ekki liggja fyrir nægilega góðar upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað í öðrum löndum, og eins vegna hins, að ekki er heldur ljóst hvort eitthvert tekjutap ríkissjóðs verður af þeirri breytingu. Það er þó eðlilegt að menn velti fyrir sér hvort ástæða sé til að viss hluti kostnaðarins við tollheimtuna sé innifalinn í vöruverðinu eða hvort sá kostnaður eigi að koma sérstaklega fram í fjárlögum sem beinn kostnaður ríkisins á sama hátt og annar löggæslukostnaður. Við kusum að fara þá leið að geyma þetta atriði, en tökum fram í grg. að þetta þyrfti að kanna, ekki síst þegar umræður um tollkrít eiga sér stað.

Vegna þess tímaskorts, sem stafar af þinglausnum í dag, tel ég mér ekki fært að fjalla miklu frekar um þessi tvö frv. Það hefur verið bent rækilega á að tollkrítarmálið sé afar nauðsynlegt mál. Ég vona og veit að þær hugmyndir, sem koma fram í þessum þremur frv., eiga skilning og stuðning í flestum, ef ekki öllum stjórnmálaflokkum og þá ekki síður hjá hæstv. ríkisstj.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þau þrjú frv., sem hér eru á dagskrá, eru öll nátengd, þ. e. 191., 195. og 196. mál.

Allt frá því ríkisstj. var mynduð hafa tillögur og hugmyndir um greiðslufrest á tollum og einföldun á tollmeðferð vöru verið til athugunar. Ráðuneyti, sem þetta mál snertir, hafa unnið að þessu og viðræður farið fram um málið milli ráðh. Í stjórnarsáttmálanum eru ákvæði þess efnis að greiða fyrir hagkvæmum innkaupum til lækkunar á vöruverði.

Greiðslufrestur á tollum eða tollkrít, eins og það er kallað, gæti haft marga kosti, svo sem minnkun geymslukostnaðar og vaxtakostnaðar. Það ætti að hafa áhrif til lækkunar á vöruverði. Einnig gæti tollkrít örvað hagkvæm innkaup á vöru. Um verulegan sparnað fyrir þjóðarbúið gæti því verið að ræða af slíku fyrirkomulagi. Atriði, sem þarf að kanna rækilega, eru m. a. áhrif tollkrítar á fjárstreymi úr ríkissjóði. Sumir telja, að ríkissjóður yrði fyrir skammtímatapi þegar slíkt kerfi væri innleitt, og einnig, að hugsanleg séu þensluáhrif af völdum greiðslufrests á tolli: Að lokinni nákvæmri athugun á því, hvernig best verði að þessu máli staðið til þess að forðast neikvæðar hliðarverkanir, ætti málið að liggja ljóst fyrir þegar þing kemur saman að nýju í haust.

Ég er því fylgjandi að þessum frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. og mundi ríkisstj. þá hafa samráð við n. um frekari könnun og meðferð þessa athyglisverða máls.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. um tollkrít eða þau tollamál sem á dagskrá eru.

Ég vil aðeins leggja það fram í þessu máli sem rök fyrir því, að tollkrít verði tekin upp sem allra fyrst, að þegar á dagskrá var sú nýbreytni að taka upp og stofna tollvörugeymslu á Íslandi voru öll rök tínd fram á móti og varnaðarorð fyrir hönd ríkissjóðs töluð og mikil hætta talin á að ríkissjóður yrði fyrir annaðhvort tekjumissi eða tekjutapi. Ég held að hið gagnstæða hafi komið í ljós. Ríkissjóður hefur haft auknar tekjur af tilvist tollvörugeymslunnar, fyrir utan það öryggi sem tollvörugeymslan gefur með því t. d. að í landinu eru birgðir svo milljörðum skiptir á kostnað erlendra framleiðenda, eigenda. Þótt hluti af þeim vörulager, sem er í tollvörugeymslunni, sé á ábyrgð innlendra aðila er fjárfestingin í þeim vörum í miklu smærri stíl hverju

sinni sem vara er flutt inn. Þannig er minna álag á gjaldeyrissjóði þjóðarinnar.

Nú erum við að tala um tollkrít. Við skulum átta okkur á því, að hefði tollkrít komist á fyrir mörgum árum þegar fyrst var byrjað að tala um hana, en það var um það leyti sem tollvörugeymslan var stofnuð, um 1962, hefðum við ekki þurft að fjárfesta í þeim gríðarlega dýru mannvirkjum sem hinar stóru vörugeymslur skipafélaganna eru. Öll þessi mannvirki eru á dýrustu lóðum sem landið getur boðið, en það eru hafnarsvæði, það eru tilbúnar lóðir, þar eru hafnarmannvirki. Því til viðbótar má benda á að bara vextirnir af því fé, sem fest er í vörugeymslum til að hýsa þar vörur sem annars færu í vörugeymslur innflytjendanna, væru nógir til að fjármagna innflutninginn á vörunum sjálfum. Það eru komnir milljarðar á milljarða ofan í vörugeymsluhús til að hýsa þær vörur sem eiga að fara beint heim í þær vörugeymslur sem standa auðar hjá innflytjendum.

Ég bið hv. alþm. að hafa í huga að hér er um að ræða gríðarlegan sparnað og létti fyrir bankakerfið, og tekjur til ríkissjóðs streyma reglulegar inn en nú er ef tollkrít verður tekin upp. Hér tala ég af reynslu.

Ég vona að þau frv., sem hér liggja fyrir, nái fram að ganga sem allra fyrst vegna þess að það er þjóðhagslega hagkvæmt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 484). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 462). — Frh. 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Athugasemdin skal vera stutt.

Hæstv. fjmrh. kom hér í ræðustólinn, þegar umr. fór fram áðan, og ég gat ekki heyrt á máli hans annað en hann tæki undir að nú skyldi þetta mál skoðað og — eins og hann orðaði það — skýrslan tekin fram og rykið dustað af henni. En hann spurði sjálfan sig hér í ræðustól: Hvers vegna skyldi flm. ekki hafa komið með málið hér fyrr inn í þingið? Og hann spurði, hvort það gæti verið hans vonda samviska. Ég skal svara því strax og segja að vonda samvisku á ég ekki til. En hvers vegna málið er ekki komið fyrr inn í sali Alþingis er einfalt. Ég ráðlagði þeim mönnum, sem hér hafa hagsmuna að gæta, á s. l. ári að hafa samband við hæstv. fjmrh. í þáv. ríkisstj. og spyrjast fyrir um hvort rn. mundi ekki taka þetta mál til úrvinnslu eftir að skýrslan hafði legið þar fyrir. Svarið var neikvætt. Hugsun mín var því að koma fram með þetta mál á þessu þingi. En ég vildi umfram allt gefa rn. tækifæri til að sýna hug sinn í því.

Hæstv. forsrh. flutti stutta ræðu um þriðja dagskrármálið og gerði grein fyrir sínum sjónarmiðum. Hann sagði, að umræður hefðu farið fram milli ráðh. og rn. varðandi þetta mál, og tók mjög jákvætt undir það og lýsti því yfir, að hann væri sammála því að umr. hér lyki og málið færi til n. og að ríkisstj. mundi í sumar vinna að þessu máli í samráði við fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Þær tafir, sem hafa orðið þessar síðustu mínutur, stafa svo af því, að það hafði verið gengið frá samkomulagi um það áðan að kosning færi fram kl. 4 í dag. Því var svo breytt vegna þess að á daginn kemur að einn ráðh. ríkisstj. til viðbótar þarf að fara úr landi í dag og það verður auðvitað að ganga fyrir að hann geti notað atkv. sitt þannig að stjórnarliðar séu með fullskipaða bekki. Þessar tafir hafa orðið vegna þess að a. m. k. tveir úr liði Sjálfstfl. höfðu þurft að víkja héðan úr þinghúsinu vegna annarra starfa. Þetta eru sem sagt ástæðurnar fyrir því að dráttur hefur orðið á störfum þingsins núna.

Ég er þakklátur fyrir þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið hér á Alþingi. Enda þótt örlítilla missagna hafi gætt í því sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. sögðu um viðræður tel ég að eftir þær umr., sem hér hafa farið fram, eigi að vera tækifæri nú til að vinna að framgangi þessa máls. Ég veit að fulltrúar ríkisstj. og fulltrúar Alþingis munu vinna það rösklega að þessu máli að hægt sé að koma með málið á þing á hausti komanda.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Hv. 3. þm. Reykv. drap í máli sínu á það sem gerðist fyrir allmörgum árum, þegar sett voru lög um tollvörugeymslur. Enginn vafi er á að þau lög hafa haft mikil jákvæð og góð áhrif. Það féll í minn hlut á þeim tíma sem fjmrh. að flytja frv. um tollvörugeymslur. Ég minnist þess vel, sem hv. þm. nefndi, að margvíslegir annmarkar voru taldir á því að fara þá leið og mikil tregða hjá ýmsum að leggja inn á þá braut. Það er hárrétt, sem hann tók fram, að reynslan hefur sýnt hið gagnstæða, að þetta fyrirkomulag hefur orðið öllum til góðs. Ég vænti þess að eitthvað svipað verði um greiðslufrest á tollum eða tollkrít, þó að margir telji fram margvíslega annmarka og hættur í því sambandi muni það reynast vel og ekki verða ríkissjóði sá böggull sem sumir telja, heldur fara í gagnstæða átt, að þegar upp er staðið og nokkur reynsla komin á þetta fyrirkomulag muni allir telja að hér hafi verið rétt spor stigið.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Ég skal ekki koma í veg fyrir að menn fái eitthvað gott að borða á eftir. En vegna orða hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesens, sem sagði áðan að misræmis hefði gætt í orðum mínum og orðum hæstv. forsrh., vil ég láta koma skýrt fram að þessi fullyrðing var bersýnilega á misskilningi byggð.

Ég sagði áðan og upplýsti að ég minntist þess ekki að þetta mál hefði borið á góma í tíð ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, hvorki í ríkisstj. sjálfri né í viðræðum milli einstakra ráðh. Hins vegar hefur þetta mál komið til tals milli ráðh. í núv. stjórn. Ég held að misskilningur hv. þm. hafi verið sá, að hann hafi ruglað saman tvennum stjórnum.

Ég vildi láta þetta koma skýrt fram því að ég tel ekki að það hafi verið neinn munur á þeim upplýsingum sem við hæstv. forsrh. gáfum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv.

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þá er dagskrá þessa fundar tæmd og með því að þetta er síðasti fundur í hv. deild leyfi ég mér að þakka hv. þdm. fyrir góða samvinnu, varaforsetum ágæta samvinnu og þingskrifurum. Þeim hv. þdm., sem eiga um langan veg heim að sækja, óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess, að við hittumst allir heilir á hausti komanda.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta góðar óskir í okkar garð. Ég þakka honum fyrir sérstaklega skemmtilega og glaðværa og meira að segja réttláta fundarstjórn í vetur. Starf hans sem forseta deildarinnar og jafnframt sem stjórnarandstöðuþingmanns hefur ekki alltaf verið auðvelt. En sem stuðningsmaður ríkisstj. sé ég ástæðu til að færa honum sérstakar þakkir fyrir lipurð, lagni og samviskusemi við þessar óvenjulegu aðstæður. Ég vil enn fremur fyrir hönd okkar þdm. þakka skrifstofustjóra og starfsmönnum Alþingis öllum sérstaklega fyrir vel unnin störf í okkar þágu. Ég vona, að þetta sumar verði hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegt, og ég vona, að þm. árétti þá ósk mína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. góð orð í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir undirtektir þeirra. Ég ítreka óskir mínar hv. þdm. til handa og segi fundi slitið.

Sameinað þing, 69. fundur.

Fimmtudaginn 29. maí, kl. 2 miðdegis.

Kaup og sala á fasteignum, þáltill. (þskj. 35, n. 444). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um kaup og sölu á fasteignum og hafa henni borist umsagnir um það mál. Taldi n. að þrjár fyrstu mgr. till. næðu þeim tilgangi sem að er stefnt, en meginefnið er að lög um fasteignasölu, nr. 47/1938, verði endurskoðuð til að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupenda og seljenda í fasteignaviðskiptum og kveða nánar á en nú er um skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna, auk þess sem tryggari ákvæði verði sett um fasteignaviðskipti á byggingarstigi.

Nefndin taldi ekki ástæðu nú til að taka frekari afstöðu til endurskoðunarinnar og mælir því með að þrjár fyrstu mgr. verði samþykktar, en úr tillögugreininni falli tölul. 1—7.

Nefndin leggur því til að till. verði samþykkt með svofelldri breytingu: 4. mgr. tillgr. falli brott.

ATKVGR.

Brtt. 444 samþ. með 44 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 649).

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 89, n. 460). — Frh. einnar umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Allshn. hafði til meðferðar till. um úrbætur á flugsamgöngum við Vestfirði. Hún varð sammála um að mæla með samþykkt hennar með svofelldri breytingu: „Orðin í síðustu mgr. till.“ og skulu niðurstöður liggja fyrir það tímanlega að hægt verði að gera ráð fyrir fjárveitingum til framkvæmda á fjárlögum 1981“ falli niður.“

Fjarverandi þessa afgreiðslu var hv. þm. Halldór Blöndal. Aðrir nm. skrifuðu undir.

Við öfluðum okkur umsagna og sýnist að sumt af þessu, sem getið er um í till., sé nú komið nokkuð í gang, en allt um það sé heppilegt að samþykkja tillöguna.

ATKVGR.

Brtt. 460 samþ. með 45 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 650).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til fyrsta þings að afstöðnum almennum alþingiskosningum, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Við kosninguna komu fram þrír listar. Á A-lista voru aðalmenn Þráinn Valdimarsson, Guðmundur Gunnarsson, Ólafur Jónsson, Gunnar S. Björnsson og varamenn Hákon Hákonarson, Grímur Runólfsson, Sigurður Magnússon og Óli Þ. Guðbjartsson. Á B-lista voru aðalmenn Gunnar Helgason, Jóhann Petersen, Ólafur Jensson og varamenn Salome Þorkelsdóttir, Hilmar Ólafsson arkitekt og Óli Þ. Guðbjartsson. Á C-lista var aðalmaður Jón H. Guðmundsson og varamaður Gunnar Gissurarson.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Undanfarna daga höfum við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar setið á mörgum fundum með formönnum þingflokka ríkisstj., hæstv. forsrh. á stundum og forsetum Alþingis. Við sátum á slíkum fundi síðast kl. 5 í gær. Á þessum fundum hefur verið rætt um samkomulag milli flokka þingsins um þinglausnir og afgreiðslu mála og formenn þingflokka stjórnarliðsins, hæstv. forsrh. og forsetar Alþingis hafa tekið upp öll mál í þessum umræðum sem þeir hafa talið líklegt að ágreiningur gæti orðið um og óskað eftir samráði við okkur stjórnarandstæðinga um þingfundahaldið þessa síðustu daga. Það hefur aldrei neitt staðið í vegi af hálfu okkar þm. Alþfl. fyrir slíku samráði og við höfum verið allir af vilja gerðir að liðka til fyrir hæstv. ríkisstj. eins og hún hefur talið sig við þurfa, eins og ljóslega hefur komið fram bæði í umr. og atkvgr. hér. (Gripið fram í.) Hv. þm. Stefán Jónsson ætti að temja sér að þegja í stól sínum við borð sitt, en tala úr ræðustól og sýna þingbræðrum sínum þá almennu kurteisi að lofa þeim að tala í ræðustól óáreittum. (**StJ:** Þetta var bara fyrirspurn.) Ég veit að hv. þm. er ekki meðal kunnustu alþm. fyrir kurteisi, en væntanlega

getur hann sýnt smáumburðarlyndi síðasta dag þingsins þó svo það leyni sér ekki hvernig innrætið segir honum að tala til manna sem hann er með hér í þinginu. Látum það nú vera. Það er ekki ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs að ræða innræti hv. þm. Stefáns Jónssonar. Það geri ég ekki úr þessum ræðustól.

Það, sem ég ætlaði aðeins að segja í þessu sambandi, var það, að rétt áðan kom í ljós, að hv. stjórnarsinnar hafa ákveðið síðasta þingdaginn að efna til ágreinings um kosningu í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem er síðasta kosningin sem hér á að fara fram. Um þetta hafa þeir aldrei rætt á þeim mörgu og löngu fundum sem við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar höfum setið með þeim, og hafa þó öll mál, sem rædd hafa verið hér á Alþ. undanfarna daga og verið á dagskrá þingfunda, komið til umræðu á þessum fundum og það oftar en einu sinni. Ég stóð í þeirri trú og stend í þeirri trú enn, að það hafi verið samkomulag gert á milli stjórnar og stjórnarandstöðu um öll mál sem átti að afgreiða hér á þingi þessa síðustu daga. Öll ágreiningsmál voru þar tekin upp mér vitanlega og þau leyst með samkomulagi, nema þetta.

Ég tók það fram sem skoðun míns flokks þegar við ræddum heldur lengra þinghald en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir, að við værum mjög andvígir því, að menn væru að gera sér leik að því að taka inn varaþm. síðustu daga þingsins ofan í allt það varaþingmannaflóð sem hefur verið á Alþ. síðustu vikurnar, en t. d. hefur einn hæstv. ráðh. verið burtu af Alþ. milli 8 og 9 vikur, ef ég man rétt, með varamann inni. Við óskuðum eftir því, að menn reyndu nú að stemma stigu við hinum geysilega varamannaflaumi þessa síðustu daga, og buðumst til að gera samkomulag við hæstv. ríkisstj. um að þó svo hana skorti atkv. vegna þess að þm. hennar væru fjarverandi þessa síðustu daga mundum við vera reiðubúnir til að veita hæstv. ríkisstj. þann atbeina sem hún þyrfti til að koma málum áfram þannig að hæstv. ríkisstj. þyrfti ekki að taka inn varamenn síðustu 2—3 dagana. Þessum tilmælum okkar hefur ekki verið sinnt. Framsfl. gerði sér t. d. leik að því í gær að taka inn eina tvo nýja varaþm. til að sitja á Alþ. tvo síðustu dagana í stað aðalþm. sem gátu ekki komið því við að vera hér.

Nú er komið í ljós til hvers leikurinn var gerður. Leikurinn er gerður til þess að allt Framsóknarliðið og allt stjórnarliðið sé nú viðstatt þessa kosningu, sem hefur verið haldið leyndu fyrir okkar stjórnarandstæðingum að fram eigi að fara síðasta dag þingsins með þeim hætti sem nú er stefnt að. Ekki vorum við látnir neitt um þetta vita, þm. Alþfl., né heldur ég sem formaður þingflokks Alþfl. Afleiðingin er m. a. sú, að við höfum ekki tekið inn varamenn fyrir okkar menn, sem þurft hafa að bregða sér frá síðustu tvo daga, og eru ekki nema 8 af 10 þm. Alþfl. á þingfundi í dag þar sem tveir þm. eru þegar farnir til útlanda og verða ekki kallaðir inn og við höfum ekki viljað gera það sama og þeir framsóknarmenn að kalla inn varamenn þessa tvo síðustu daga. En nú kemur í ljós, hæstv. forseti, til hvers leikurinn var gerður.

Það mun ekki hafa nein áhrif á það, að við Alþfl.-menn munum væntanlega í kosningum hér á eftir halda þeim fulltrúa í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins sem við höfum haft, þó svo að 1/8 þingmanna okkar sé nú upptekinn í samningaviðræðum og undirbúningi samningaviðræðna, m. a. við hæstv. ríkisstj. En ég vil aðeins láta það koma fram hvers konar vinnubrögðum er nú beitt af stjórnarliðinu, að því er ég vil telja gersamlega að ástæðulausu. Það þarf enginn að segja mér að sú ákvörðun hafi verið tekin fyrir hálftíma eða klukkutíma að bjóða fram eins og boðið hefur verið fram af hæstv. ríkisstj. í þessum kosningum. Það þarf enginn mér að segja að sú ákvörðun hafi verið það seint tekin að formönnum þingflokka stjórnarflokkanna, forsetum þingsins og hæstv. forsrh. hefði ekki gefist tími til að skýra stjórnarandstöðuflokkunum frá því í gær kl. 5 þegar við síðast vorum á fundi. Þetta eru vinnubrögð sem eru í hróplegu ósamræmi við þau vinnubrögð sem við þm. Alþfl. höfum reynt að temja okkur síðustu dagana, þar sem við höfum lagt okkur fram um að reyna að liðka til fyrir hæstv. ríkisstj., svo að ég tali nú ekki um þau vinnubrögð sem Framsfl. tíðkar í þessu máli.

Forseti (Jón Helgason): Vegna orða hv. ræðumanns vil ég skýra frá því, að mér var ekki kunnugt um fyrr en 20 mínútum fyrir tvö að hér yrði ekki samkomulag. Munu margir þm. geta borið vitni um að ég hafði gert ráð fyrir að þessi kosning gæti farið fram án þess að skrifleg kosning yrði.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það má segja að það hafi komið nokkuð á óvart að kjósa þurfi skriflegri kosningu í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Um þetta mál hafði í sjálfu sér ekkert verið rætt á fundum formanna þingflokka og forseta þingsins þegar við vorum að ræða þinglausnir og þau mál sem afgreiða þyrfti á þeim skamma tíma sem eftir var til þinglausna. En annað hefur sem sat komið á daginn, að kannske hefði verið ástæða til að ræða það fyrr. En ástæðan er að nokkrir úr þingliði Sjálfstfl. eða þeir, sem styðja ríkisstj., hafa ekki getað sætt sig við að þingflokkurinn var búinn að ákveða framboð sitt við kosningu í húsnæðismálastjórn. Þetta er ástæðan fyrir því, að kosning fer nú fram og samkomulag verður með þessum sjálfstæðismönnum og stjórnarflokkunum, Alþb. og Framsfl.

Þær tafir, sem hafa orðið þessar síðustu mínútur, stafa svo af því, að það hafði verið gengið frá samkomulagi um það áðan að kosning færi fram kl. 4 í dag. Því var svo breytt vegna þess að á daginn kemur að einn ráðh. ríkisstj. til viðbótar þarf að fara úr landi í dag og það verður auðvitað að ganga fyrir að hann geti notað atkv. sitt þannig að stjórnarliðar séu með fullskipaða bekki. Þessar tafir hafa orðið vegna þess að a. m. k.. tveir úr liði Sjálfstfl. höfðu þurft að víkja héðan úr þinghúsinu vegna annarra starfa. Þetta eru sem sagt ástæðurnar fyrir því að dráttur hefur orðið á störfum þingsins núna.

Ég hef í sjálfu sér ekki meira um þetta að segja. Ég vildi aðeins koma þessu að. En þetta er hins vegar í fullu samræmi við þann hringlandahátt sem hefur verið á störfum þingsins, ekki bara síðustu dagana, heldur í allan vetur.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er óþarfi af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að láta sem himinn og jörð séu að farast vegna þess að kosning fer hér fram. Ég veit ekki til þess að hún muni hafa nokkur áhrif á fulltrúatölu Alþfl. í stjórn húsnæðismálastjórnar. Væntanlega mun Alþfl. fá eftir sem áður einn fulltrúa líkt og til stóð samkv. hans fullu þingmannatölu. Ástæðan fyrir því, að hér fer fram kosning, er ósköp einföld. Hún er sú, að formaður húsnæðismálanefndar Sjálfstfl., Gunnar

Björnsson, nýtur meira trausts í liði ríkisstj. en hann gerir í þeim þingflokki Sjálfstfl. sem lýtur forustu Geirs Hallgrímssonar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta þinghald ætlar að verða í fullu samræmi við fæðingu þeirrar ríkisstj. sem núna situr, og það fer að mörgu leyti vel á því, að ekki sé brugðið út af drengskapnum frá byrjun til enda. Ég var ekki á þingflokksfundi þegar ákveðið var hverjum ætti að stilla upp við kjör í húsnæðismálastjórn, en ég tel mér skylt sem sjálfstæðismanni að hlíta þeim ákvörðunum sem lögmætur þingflokksfundur tekur í sambandi við uppstillingu þar. Þar var gerð sú samþykkt, að stillt er upp sömu mönnum og setið hafa í húsnæðismálastjórn fyrir Sjálfstfl. Það er ekki fyrr en fyrir örskammri stundu að drengskaparmaðurinn í sæti forsrh. Íslands — (**StJ:** Varaformaður Sjálfstfl.) Ég sleppi því — hann kemur til formanns þingflokks Sjálfstfl. og setur einu sinni enn stólinn fyrir dyrnar og segir: Það er ég sem ætla að ráða, því ég á góða bakhjarla. Ég get hlaupið undir pilsfald Framsóknar þegar mér sýnist og ég hef kommana með, því að þeir eru alltaf til í að gera bölvun. — Þetta er auðvitað það sem þessi maður hugsar á öllum sviðum.

Hér er ekki um að ræða vantraust á þann mann sem er formaður í málefnanefnd Sjálfstfl., sem Ólafur Ragnar Grímsson, formaður „gáfumannafélags" Alþb., minntist á. Það er búið að taka þessa ákvörðun og þá á að standa við hana af öllum siðuðum mönnum, en ekki svíkjast undan merkjum og reka alltaf hnífinn í bakið á þeim sem þeir teljast vera í flokki með.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins segja það, að mér finnst afskaplega óviðkunnanlegt á þeim degi sem þinglausnir fara fram að vikið sé persónulega að einstökum mönnum, eins og hv. 11. þm. Reykv. gerði áðan með alls konar brigslyrðum, og vil lýsa vanþóknun minni yfir því, þó svo með þessu sé verið að reyna að draga fjöður yfir það og reyna að drepa á dreif því sem er aðalatriðið í þessu máli, að í þessu þinghaldi hefur ekki staðið nokkur skapaður hlutur. Það er ekki nema rétt eins og einn klukkutími síðan þessi kosning átti að fara fram kl. 4, en fer núna fram hálfum öðrum tíma fyrr, og ef maður reyndi að kynna sér málið fyrir hádegi átti kosning að fara fram kl. 2.

Ég stend upp aðeins til þess að undirstrika það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði og aðrir sem hér hafa staðið upp, að mér finnst það lágmark að persónum þeirra manna, sem hér eru í kjöri í nefndir, sé haldið utan við þær umr. sem hér fara fram.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður.

Ég vil undirstrika það, sem hér hefur komið fram í ræðum manna um kosningu í húsnæðismálastjórn, að auðvitað hefur þingflokkur sjálfstæðismanna samþykkt á löglegum fundi hvernig staðið skyldi að þessum kosningum. Ég fyrir mitt leyti mun að sjálfsögðu standa með þeirri samþykkt, eins og ég hef reynt að gera í starfi mínu í þágu Sjálfstfl. Ég vonast til þess að mér megi auðnast að halda því áfram.

Varðandi hins vegar þann mann, sem er í framboði fyrir annan lista en sjálfstæðismanna og er formaður nefndar hjá Sjálfstfl. sem sér um húsnæðismál, skal þess getið að hann hefur unnið mjög markvert og gott starf fyrir Sjálfstfl. í þeim efnum. Í umr. um húsnæðismálin greindi ég frá skoðunum hans á húsnæðismálunum, og ég ætla að leyfa mér, af því að hér gefst gott tækifæri til þess, að hlaupa á því, hvaða atriði það eru sem hann lagði til að samþykkt yrðu.

Ég vil nefna fyrst, að hann segir að það sé ekki til bóta að skipta stofnuninni í þrjár deildir, í öðru lagi eigi ekki að leggja áherslu á sjálfstæða teiknistofu, í þriðja lagi sé ekki gengið nógu langt í því að koma lánahlutfalli upp og ekki heldur séð fyrir nægilegu fjármagni kerfisins, í fjórða lagi megi ekki binda afgreiðslu við eina lánastofnun, í fimmta lagi sé lánstíminn, eins og hann sé settur fram, allt of stuttur og þurfi að lengjast um minnst 10 ár, í sjötta lagi sé eðlilegt að sveitarfélög og atvinnurekendur eigi fulltrúa í stjórn stofnunarinnar á svipaðan hátt og launþegar.

Á þetta minnti ég í umr., því að aðeins eitt af þessum 6 atriðum hefur komist til skila. Ég mundi vissulega fanga því undir venjulegum kringumstæðum að slíkur maður kæmi inn í stjórn stofnunarinnar, og hefði fagnað því enn meir ef hann hefði haft einhver áhrif á gerð þessa frv. þegar það var til meðferðar í Ed.

Því var haldið fram, að hann hefði þá unnið að brtt. með fulltrúum úr öðrum stjórnmálaflokkum, en aðeins eitt atriði af þeim sex sem hann lagði áherslu á, fór í gegn. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu sem dæmi um að maðurinn er auðvitað með nákvæmlega sömu sjónarmið og komu fram í gagnrýni sjálfstæðismanna á frv. Allur Sjálfstfl. stóð með þeim brtt., að undanskildum örfáum mönnum sem kusu heldur að fylgja þeirri stjórn sem þeir hafa myndað.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég minnist manna sem um og í kringum síðustu kosningar töluðu um heilindi og drengskap í annarri hverri setningu hvenær sem tækifæri gafst. Nú veit ekki aðeins þingið, heldur líka þjóðin, hvað þeir áttu við.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Til þess að menn séu ekki að rugla saman tvennu óskyldu vil ég taka það fram, að mér kemur ekkert við hvaða afstöðu menn taka í þingflokki Sjálfstfl. eða hvernig einstakir félagar í þingflokki Sjálfstfl. kæra sig um að standa að ákvörðunum sem þar eru teknar. Það eru mál sem varða mig ekki nokkurn skapaðan hlut, og mér liggur algerlega í léttu rúmi hvort hæstv. forsrh. vill fara eftir samþykktum síns flokks eða ekki. Það er hans mál og þeirra manna sem með honum starfa.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, að mér finnst það ódrengilegt og óheiðarlegt, eftir að búið er að sitja á tíðum og löngum fundum með málsvörum ríkisstj. til að reyna að leysa öll ágreiningsmál í sambandi við þinghaldið svo að hún geti komið málum sínum fram, að láta ekki svo lítið að tilkynna okkur stjórnarandstæðingum um að stjórnin hyggist efna til ágreinings í atkvgr. síðasta dag þingsins. Það er óheiðarlegt og ódrengilegt og þeim mönnum, sem að því standa, ósæmandi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það, sem vekur undrun mína, er að sjálfsögðu ummæli hv. 11. þm. Reykv. sem ekki í fyrsta sinn í vetur mælir því bót, og er þó formaður í einum þingflokkanna, að gerðir, orð og ákvarðanir þingflokkanna, hverra starf er bundið í ís-

lenskum lögum, séu ekki aðeins brotin, heldur allur sá andi sem fylgir því starfi sem þeir eiga að vinna hér á hv. Alþingi. Þetta er auðvitað þessari þingmannspersónu ákaflega eðlilegt og tamt og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

En hér hefur komið til umræðu ein persóna, 4. maður á lista Framsfl., Alþb. og þeirra þriggja sjálfstæðismanna, sem eiga sæti í ríkisstj., og stuðningamanna þeirra. Þetta er hinn ágætasti maður, það ber öllum saman um. En mér finnst rétt að undirstrika að sá maður, 3. maðurinn sem þingflokkur Sjálfstfl. hefur boðið fram og hefur átt sæti í húsnæðismálastjórn árum saman, nýtur ekki síður traust hjá sjálfstæðismönnum, sbr. val þingflokks Sjálfstfl. á honum, og á ég hér við Ólaf Jensson. Þann mann ætlar hæstv. forsrh. og meðráðh. hans úr Sjálfstfl. að fella með þessari tillögu sinni, ef hún verður samþykkt.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það stóð svo sérstaklega á, að ég var tepptur úti á lóð skamman tíma og hafði gengið út frá því sem vísu að þessi kosning færi ekki fram fyrr en kl. 4.

Ég hef tekið þátt í því og þóst leggja ýmislegt á mig til þess að ná samkomulagi um starfshætti og vinnubrögð í lok þessa þings. Menn undruðust hvernig á því stóð, að ekki var lokið kosningu hér í Sþ., eins og fram átti að fara og dagskrá hljóðaði um hér á dögunum. En nú sjáum við hvers vegna hún fór ekki fram. Þá þegar hafði þetta verið undirbúið og til þess að ergja menn ekki eða hleypa upp þeim tilraunum sem gerðar voru til að ná góðu samkomulagi um starfshætti í þinginu var það ekki upplýst. Það er náttúrlega alveg óhugsandi að menn geti lagt sig í líma við að ná góðu samkomulagi um starfshætti og vinnubrögð ef þeir geta átt von á því í framtíðinni að þannig sé stöðugt verið að brugga á bak við. Menn geta ekki átt von á því.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að mér hefði ekki fallið vel, þótt ég skilji nauðsynina á því að hæstv. ráðh. fái að greiða atkv. um þetta, ef það samkomulag og yfirlýsing, sem gefin hafði verið um hvenær atkvgr. skyldi fara fram, hefði brugðist og ég af þeim sökum orðið af því að fá að taka þátt í atkvgr. Hvernig sem á málið er litið er mitt atkv. alveg jafnverðmætt og hans. Þegar allt er skoðað eru þetta óholl vinnubrögð og fjarri því að vera til farsældar. — Þetta vildi ég að kæmi fram.

Forseti (Jón Helgason): Vegna orða hv. síðasta ræðumanns vil ég aðeins segja það, að kosningu húsnæðismálastjórnar var frestað á nokkrum fundum vegna þess að þá lá fyrir frv. til nýrra laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ef kosning hefði farið fram fyrr í húsnæðismálastjórn hefði hún aðeins gilt til þingloka, en þessi kosning jafnt eftir sem áður þurft að fara fram samkv. hinum nýju lögum um Húsnæðisstofnun.

Páll Pétursson: Herra forseti. Forseti er að nokkru leyti búinn að taka af mér ómakið að skýra frá því, af hverju þessi kosning hefur ekki farið fram fyrr. Þetta mál er búið að vera margoft á dagskrá og ég skil ekkert í því, að menn þurfi að hrökkva við, þó að þeir sjái það á dagskrá núna, og láta eins og þeir hafi étið folald þó að eigi að ganga til kosninga um fulltrúa í húsnæðismálastjórn.

Þetta mál var á dagskrá í vetur. Þá var því frestað vegna þess að einn flokkurinn, Sjálfstfl., var ekki tilbúinn að tilnefna menn í stjórnina. Málið var sýnt fyrir nokkrum dögum á dagskránni til að minna menn á að þessar kosningar væru yfirvofandi. Ég sé ekki ástæðu til að ræða svo sjálfsagt mál á fundum formanna þingflokkanna. Mér finnst að menn geti gengið að því sem gefnu að þessi afgreiðsla fari fram.

Hitt er svo annað mál, að við vissum að vísu ekki, formenn þingflokks Framsfl. eða þingflokks Alþb., að Sjálfstfl. mundi ekki koma saman heilum lista. Forsrh. og hans menn virðast ekki hafa komið sér saman við hinn hluta Sjálfstfl. og í það vil ég ekki blanda mér. — En menn þurfa sem sagt ekkert að láta sér koma það á óvart þó að hér eigi að kjósa stjórn Húsnæðisstofnunar og allra síst af því að við vorum að enda við að samþykkja lög um þá stofnun.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna ummæla hv. 1. þm. Norðurl. v. um, að kosningum í þessa stofnun hafi verið frestað í vetur að ósk Sjálfstfl., vil ég láta koma fram, að ég óskaði eftir því sem félmrh. að kosningu í stjórn þessarar stofnunar yrði frestað í vetur vegna þess, hvernig á stóð með meðferð húsnæðismálanna hér á hv. Alþingi. Ég hygg að sú ósk hafi verið frá mér komin á sínum tíma.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur nú tekið af mér ómakið með því að upplýsa hver það var sem óskaði eftir að kosningu í húsnæðismálastjórn yrði frestað í vetur. En ég mótmæli þeim orðum hv. 1. þm. Norðurl. v., að það hafi strandað þar á sjálfstfl. Þvert á móti óskaði Sjálfstfl. eftir því hvað eftir annað í vetur, í janúarmánuði, að kosningar færu fram í þær nefndir og ráð sem eftir var þá að kjósa, en á það gátu aðrir ekki fallist.

Hv. þm. talaði hér um að menn þyrftu ekkert að hvökkva við þó að hér þyrfti að kjósa. Við hrökkvum í sjálfu sér ekkert við, en það kom okkur engu að síður á óvart að það þyrfti að fara fram hér skrifleg kosning um þetta dagskrármál. Það kom okkur á óvart. Við vissum það ekki fyrr en rétt núna þegar þingfundur byrjaði að hluti úr þingflokki Sjálfstfl. sætti sig ekki við það framboð sem búið var að ákveða á þingflokksfundi s. l. miðvikudag. Það var að vísu enginn þessara hæstv. ráðh. á þeim þingflokksfundi fremur en oftast áður, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að framboðið hafði verið ákveðið. Staðreyndin er enn fremur sú, að það var ekki vitað fyrr en rétt fyrir fundarbyrjun að þessir félagar okkar sættu sig ekki við þá ákvörðun sem þingflokkurinn hafði tekið. Okkur var, eins og stundum áður, stillt upp við vegg og sagt: Ef þið verðið ekki við tilmælum okkar um að taka tiltekinn mann inn í öruggt sæti semjum við við hina. — svona einfalt er það.

Svo segir hv. 1. þm. Norðurl. v. að hann vilji ekki blanda sér í þessi mál Sjálfstfl. Það er einmitt það sem hann er að gera með því að ganga til samninga við hluta af þingflokki Sjálfstfl., styðjandi að vísu ágætan mann, eins og hér hefur komið fram, formann málefnanefndar Sjálfstfl. um húsnæðismál.

Kosning í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins fór þannig, að A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 18 atkv. og C-listi 8 atkv. Samkv. því voru kjörnir:

Aðalmenn:

Þráinn Valdimarsson framkvæmdastjóri,
Gunnar Helgason forstjóri,
Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur,
Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri,
Jóhann Petersen skrifstofustjóri,
Jón H. Guðmundsson skólastjóri,
Gunnar S. Björnsson byggingameistari.

Varamenn:

Hákon Hákonarson vélvirki,
Ólafur Jensson framkvæmdastjóri,
Grímur Runólfsson framkvæmdastjóri,
Sigurður Magnússon rafvélavirki,
Salome Þorkelsdóttir alþm.,
Gunnar Gissurarson tæknifræðingur,
Óli Þ. Guðbjartsson bæjarfulltrúi.

Mál Skúla Pálssonar á Laxalóni, þáltill. (þskj. 566, n. 644, 645). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um þá till. til þál. sem er að finna á þskj. 566 um mál Skúla Pálssonar á Laxalóni. Nefndin er þeirrar skoðunar, að það sé mikilsvert að þessu viðkvæma deilumáli verði lokið sem fyrst, slíkt hljóti að vera hagur allra þeirra sem málið snertir. Því leggur n. til að þáltill. verði samþ. með breytingum sem hún flytur till. um á sérstöku þskj., 645, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að meta fyrir 1. okt. 1980, hvort og þá hversu miklar bætur skuli greiða Skúla Pálssyni á Laxalóni í framhaldi af ályktun Alþingis 23. maí 1979 um aðgerðir vegna fiskeldis að Laxalóni og með hliðsjón af áliti þingkjörinnar nefndar frá 30. apríl 1980."

Í umfjöllun fjvn. um þetta mál kom það fram, að meiri hl. n. telur eina þeirra leiða, sem til greina koma við það mat sem um er fjallað í till., vera að skipa gerðardóm. Um það varð þó ekki alger samstaða í n., en n. lítur svo á að sú leið geti einnig falist í þeirri till. sem ég hef þegar gert grein fyrir. Nm. eru sammála um að við það mat, sem hér um ræðir, hljóti að verða tekið tillit til sjónarmiða beggja deiluaðila til að finna sem allra fyrst og eigi síðar en 1. okt. n. k. sanngjarna lausn þessa deilumáls sem svo lengi hefur verið í deiglunni. — Undir þetta nál. rita nöfn sín allir nm. í fjvn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki hefja mikla umr. um þetta mál. Ég er þó þeirrar skoðunar, að í brtt. þeirri, sem hér kemur frá fjvn., sem ég mun fella mig við, sé orðalag sem raunverulega færir þingið í sömu spor og það stóð í 23. maí 1979. Það hefur tillaga komið fram og skýrsla frá nefndinni sem fjallaði um þetta mál og kjörin var af þinginu. Það hefur verið samþ. þáltill., var gert 23. maí 1979, um að leysa þetta mál. Ég hef ekki orðið var við það, með fullri virðingu fyrir fjvn., að hún hafi þurft að fara dómstólaleiðina þegar ákvarðaðar hafa verið bætur til ýmissa þjóðfélagshópa. Ég vil þess vegna vara við því, að sú leið verði valin að setja þetta mál í gerðardóm. En það, sem léttir mér gönguna í þennan stól og umr. um þetta mál, er það, að hæstv. forsrh. hefur tjáð mér að honum sé mikið áhugamál að leysa þetta viðkvæmnismál sem hér hefur verið á þingi í langan tíma og hlotið ítarlega meðferð þó svo að nú komi í ljós að fjöldinn allur af þm. kannist sáralítið við það. (**Gripið fram í:** Má treysta á það?) Ég ætla að leyfa mér að treysta á það. Lengi má manninn reyna. (**Gripið fram í:** Já, það er víst.)

Ég ætla sem sagt ekki að orðlengja um þetta mál. Ég fagna því, að það er komið í höfn, og ég treysti því, að menn eins og hæstv. landbrh., hæstv. forsrh. og fleiri góðir menn í ríkisstj. beiti sér fyrir því, að þetta mál fái þann framgang sem ég tel tvímælalaust að það eigi skilið að fá. Þá gæti farið svo, að þetta blessaða Alþingi, sem nú er að fara heim, eigi eftir að sitja uppi með örlítið brot af heiðri fyrir það þó að hafa komið þessu máli í gegn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að fagna því, að fjvn. hefur náð einróma samkomulagi um þetta viðkvæma deilumál. Mig langar til að fara örfáum orðum um forsögu málsins hér á þinginu.

Á næstliðnu þingi starfaði þáv. allshn. Nd., og vann að þessu máli. Það gerði sérhver nm. í n., og ég vil leggja á það þunga áherslu að það var ekki um neinn flokkaágreining að ræða þar. Nefndin tók að eigin frumkvæði upp þetta mál og kalllaði fyrir sig sérhæfða menn og lagði þáltill. fyrir Sþ. þar sem þremur nafnkunnum einstaklingum var falið að gera úttekt á þessu máli eftir fyrirmælum sem nánar var kveðið á um í þáltill. Till. var samþ. af sameinuðu Alþingi fyrir réttu ári. Nefndin hefur unnið vel. Hún skilaði grg. fyrir um það bil tveimur mánuðum eða svo. Þegar á döfinni eru viðkvæm deilumál eins og það sem hér er um að ræða held ég að slík vinnubrögð sem hér hafa verið höfð í frammi geti verið til nokkurrar fyrirmyndar, m. ö. o.: að Alþingi framselji hluta af valdi sínu *sérhæfðum og sérmenntuðum mönnum.*

Nú vitum við að hér er um ákaflega langdregið og viðkvæmt deilumál að tefla, og forðast vil ég að fella dóm í eina eða aðra átt um það. Ég viðurkenni það sem galla á þessari till., að hugsanlegt er að framkvæmdin verði í hvora áttina sem vera skal. Ég treysti því, að núv. hæstv. ríkisstj. líti svo á, að úr till. skuli unnið á grundvelli þess álits sem þremenningarnir skiluðu Alþingi. Það þykir mér vera kjarni þessa máls, og í trausti þess, að svo sé, vil ég bæði lýsa stuðningi við þessa till. og fagna því, að afgreiðsla fjvn. skuli vera ágreiningslaus.

ATKVGR.

Brtt. 645 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 651).

Launasjóður rithöfunda, þáltill. (þskj. 551). — Ein umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður um þetta mál. Efni þessarar till. er einfalt eða svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skipuð verði hið fyrsta, að tilhlutan menntmrn., nefnd til að athuga og endurskoða lög nr. 29/1975, um launasjóð rithöfunda, og reglugerð þeim lögum samkvæmt.

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þingflokkanna og skila áliti, er næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Flm. þessarar till. eru tíu úr þrem stjórnmálaflokkum: Sigurlaug Bjarnadóttir, sem hér var varaþm., Halldór Blöndal, Guðmundur G. Þórarinsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eiður Guðnason, Salome Þorkelsdóttir, Árni Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Davíð Aðalsteinsson og Sverrir Hermannsson.

Við vitum hvernig þetta mál er til komið. Þannig stendur á, að fyrir skömmu fór fram úthlutun úr Launasjóði rithöfunda sem olli miklu fjaðrafoki hjá félagasamtökum rithöfunda þannig að um fimmti hver rithöfundur skrifaði undir skjal þar sem skorað var á eða hvatt var til þess að endurskoðun á lögum um sjóðinn færi fram. Eins og fram hefur komið tók aðalfundur Rithöfundasambands Íslands undir þá áskorun með því að skipa nefnd á sínum vegum til að endurskoða þá löggjöf þegar á eftir. Í endurskoðunarnefndinni eiga sæti tveir af þeim mönnum sem skrifuðu undir þetta mótmælaskjal.

Ég vil vekja athygli á því, að sé höfð hliðsjón af þeirri sögu, hvernig listamenn hafa verið styrktir, hefur að jafnaði komið fram að vafasamt er að hafa svo fáa menn sem þrjá til að úthluta fé sem þessu og hefur reynst affarasælla að hafa þá fleiri, jafnvel sjö, til þess að fleiri sjónarmið komi fram og sjóndeildarhringurinn verði víðari.

Herra forseti. Þar sem mjög er á þinghaldið liðið geri ég ekki till. að þessari þáltill. verði vísað til n., en óska eftir því að hún hljóti afgreiðslu nú á þessum fundi og komi til atkv.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það, sem gerði það að verkum að ég stóð upp, var sú tillaga, óvenjulega tillaga, vil ég segja, sem hv. flm. bar fram í lok ræðu sinnar, þar sem hann leggur til að þetta mál verði borið undir atkv. án þess að það gangi til nefndar. Ég tel að hér sé um nokkuð óvenjulega málsmeðferð að ræða. Það skal fúslega játað, að þinginu mun vera að ljúka, að ég ætla. En hins vegar verður þess að geta, að till. kom mjög seint fram á þessu þingi og ekki við því að búast að hún yrði tekin til rækilegrar umr. svo seint sem hún kom fram. Um efni till. skal ég annars ekki fara mörgum orðum.

Það má vel vera að í þessu felist eðlileg málsmeðferð. En ég held að það sé mikil nauðsyn að við temjum okkur það sem verið hefur, að stærri og smærri þingmál gangi til þingnefnda og þau fái eðlilega umfjöllun hvað sem líða kann efni málsins. Mig undrar satt að segja að hv. flm. og frummælandi að þessari till. skuli bera upp slíka tillögu, því að það verður að telja að tillaga af þessu tagi, með hliðsjón af því hvernig málum hefur lengi verið háttað, sé óþingleg. Þess vegna get ég ekki með neinu móti tekið undir eða mælt með því fyrir mitt leyti að þessi till. verði nú látin ganga til atkv. Mér er fullkunnugt um að þessi till. hefur lítið verið rædd, ekkert verið rædd vil ég meina, a. m. k. ekki í þingflokki Framsfl. Þar hefur hún sáralítið verið rædd og ég vil meina ekkert. Ætli það muni ekki vera svipað um aðra þingflokka?

Annars hef ég ekki löngun til að fara að ýfa hér upp mál á síðustu þingmínútum. Það eru enn nokkur mál á dagskránni sem ég tel miklu meira virði að nota þá stund, sem eftir er, til að ræða og heyra sjónamið manna um, bæði utanríkismál og samgöngumál. Ég teldi miklu eðlilegra að eyða tímanum í að ræða þær skýrslur, sem þar er fjallað um, en fara nú að brjótast í því hér á síðustu mínútum að taka upp hætti í þinginu sem aldrei hafa tíðkast, a. m. k. ekki svo langt sem ég man. Að þessu leyti til vil ég beina til hv. þm., að þeir taki ekki undir slíka tillögu sem þessa, heldur fari að minni tillögu um að þessu máli verði vísað til allshn. Sþ. Það er tillaga mín að svo verði, hæstv. forseti.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég get ekki annað en brosað að því þegar hæstv. ráðh. eru farnir að tala um að eitt eða annað sé þinglegt eða ekki þinglegt. Það hefur verið þannig staðið að málum upp á síðkastið að ætla má að a. m. k. hæstv. ráðh. mundu sem minnst um það tala hvað sé hæfilegt í þingsölum og hvað ekki. Vil ég rétt minna á að m. a. hefur það komið fram í máli ýmissa úr ríkisstj. að þessu þinghaldi hefði betur verið lokið fyrir viku eða svo, viku eða tíu dögum, vegna þess að það sé um ekkert að ræða, vegna þess að búið sé að afgreiða allt í þinginu nema húsnæðismálafrv. og það sé bara málþóf sem hér fari fram. Þó heyrðist mér að hæstv. menntmrh. fyndist ekki vanþörf á að ræða t. d. samgöngumálin, enda ekki undarlegt ef á það er litið að samkv. þeirri vegáætlun, sem á að reyna að starfa eftir, kemur minna fé í kjördæmi hans en gert var ráð fyrir í þeirri áætlun sem samþ. var fyrir ári. Væri ánægjulegt ef hægt væri að tala um vegaframkvæmd samgöngumálanna á þeim grundvelli að þess væri að vænta að einhver leiðrétting fengist á því. En það er ekki við því að búast.

En málið, sem hér liggur fyrir, er afskaplega einfalt. Störf þingsins hafa verið með þeim hætti að mál hafa ekki fengist tekin á dagskrá á þingfundum. Til hvers er verið að vísa þessu máli til allshn.? Gerir hæstv. menntmrh. ráð fyrir því að kollega hans, Páll Pétursson, muni kalla n. saman og gera eitthvað í málinu — eða hvað? Til hvers á að vísa því til allshn.? Það er ekki til neins, ekki til nokkurs skapaðs hlutar. Annað hvort er að þessi till. nái fram að ganga á þessum fundi eða ekki. Ég vek athygli á því, að tveir af flokksbræðrum ráðh., þeir Guðmundur G. Þórarinsson og Davíð Aðalsteinsson, eru meðflm. að þessari till. Þeir eru að vísu fjarverandi og þess vegna auðvelt verk fyrir þá framsóknarmenn, sem hér eru eftir, að fara einhverjum hæðilegum orðum um þetta mál. Og hvernig í ósköpunum á Alþ. að álykta að skipuð skuli nefnd eftir tilnefningu þingflokkanna og skila áliti er næsta reglulegt Alþingi kemur saman nema málið fáist tekið til afgreiðslu á þessu þingi?

Ég sé ekki, ef á að framkvæma það sem felst í þessari tillgr., að nokkur leið sé að komast undan því að um það verði atkvgr. nú þegar. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt. Ég held þess vegna fast við það að málið komi til afgreiðslu nú.

Ég man eftir fordæmi þess frá Sþ. að flm. till. hafi óskað eftir því að þáltill. fengi þegar í stað afgreiðslu og yrði ekki vísað til n. þó að um það kæmi fram till. Ég vil skírskota til þess fyrri úrskurðar og vænti þess, að hæstv. forseti sjái sér kleift að fylgja því fordæmi, sem aðrir forsetar Sþ. hafa gefið á undan.

Forseti (Jón Helgason): Vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns vil ég taka það fram, að það er ákvæði um það í þingsköpum, og það hefur verið gert í tilfellum, að bera till. um þetta undir atkv. þingsins. Þeim ákvæðum þingskapa og venju verður fylgt.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MHM, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, FH, ÞS, AS, JSv, GS, GeirG, GB, GJG, HÓ, GHelg, HÁ, HS, IGuðn, IGísl, JE, JHelg.

nei: MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SteinG, SvH, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, LárJ.

SighB, VG, EH, JS greiddu ekki atkv.

8 þm. (SvG, TÁ, FÞ, GTh, HG, KSG, KP, KJ) fjarstaddir.

Umr. frestað.

Skýrsla utanrrh. um utanríkismál, (þskj. 367) — Frh. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er nú liðinn alllangur tími frá því að ég kvaddi mér hljóðs í þessum umr. og ég átti, úr því sem komið var, naumast von á því, að það yrði talið ómaksins vert að taka þetta mál á dagskrá. En það verð ég að segja að þetta eru nokkuð óeðlileg vinnubrögð. Og hér hafa menn í dag verið að tala um óeðlileg vinnubrögð á Alþingi! En allt, sem hefur verið talað um í því efni, þó mikilvægt sé og ég vil ekki draga úr því, er hégómi á við það að fara svo með utanríkismálin, þann höfuðmálaflokk sem alltaf hlýtur að vera, að það sé lögð fram skýrsla, flutt framsöguræða og nokkrar aðrar ræður, en svo sé skrúfað fyrir frekari umr. og það undir hælinn lagt hvenær þeim verði fram haldið.

Ég flyt að sjálfsögðu ekki þá ræðu núna sem ég ætlaði mér að flytja fyrir viku eða tíu dögum, m. a. vegna þess að ég sé ekki að það sé nokkurt svigrúm eða ráðrúm til þess eins og nú er komið. En ég vil þó freista þess að víkja nokkuð að einu atriði sem ég hafði hugsað mér að gera, og það geri ég að gefnu tilefni.

Í skýrslu utanrrh. er vikið að Evrópuráðinu. Þar er tekið fram að á síðasta ári hafi Evrópuráðið orðið 30 ára. Það má því segja að ærið tilefni sé á þessum tímamótum að víkja nokkru nánar að starfsemi Evrópuráðsins en frá er greint í skýrslu þessari. Ég mun því í þessum umr. og því, sem ég segi hér á eftir, víkja að Evrópuráðinu og þátttöku Íslands í því.

Til þess að gera sér grein fyrir eðli og starfi Evrópuráðsins verða menn að hafa í huga hvaða ástæður lágu til stofnunar þess. Það var þá efst í hugum manna að tvær styrjaldir, sem höfðu átt upptök sín í Evrópu, en urðu að heimsstyrjöldum, höfðu leikið Evrópu grátt og skilið hana eftir í flakandi sárum. Um aldir hafði Evrópa staðið fremst allra heimsálfa hernaðarlega, efnahagslega og menningarlega. Það má segja að á þessum tíma hafi öll helstu afrek mannsandans átt upptök sín í Evrópu eða orðið til fyrir evrópsk áhrif. Mönnum varð ljóst eftir síðari heimsstyrjöldina að staða Evrópu var ekki hin sama og áður. Menn fundu köllun hjá sér til að stöðva hnignun glæsilegrar menningar sem hafði skapað svo mikla tign, fegurð og auð. Menn töldu að leiðin til þess væri sú að koma á nýrri pólitískri skipan í Evrópu svo að hún mætti á ný skipa sinn rétta sess í heimsmálunum. Þessi menn voru sannfærðir um að framtíðarinnar biðu hinar stóru ríkisheildir. Þeir höfðu í huga að Bandaríki Norður-Ameríku og Sovétríkin voru orðin tvímælalaust forusturíki heimsins í krafti stærðar sinnar. Þetta var það ástand og þessar voru þær hugmyndir sem lágu til grundvallar við stofnun Evrópuráðsins.

Hugsjón Evrópuráðsins verður best lýst með formálsorðum að stofnskrá þess, er undirrituð var í Lundúnum 5. maí 1949, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnirnar, er undir þetta skjal rita, eru sannfærðar um, að leitin að friði byggðum á réttlæti og alþjóðlegri samvinnu sé lífsnauðsynleg fyrir verndun mannlegs samfélags og menningar, og hafa því ákveðið að koma á fót Evrópuráði, um leið og þær leggja enn einu sinni áherslu á tryggð sína við þau andlegu og siðferðilegu verðmæti sem eru sameiginleg arfleifð þjóða þeirra og hin raunverulega uppspretta persónufrelsis, stjórnmálafrelsis og laga og réttar, en þessi meginatriði mynda grundvöll alls sanns lýðræðis."

Þetta segir í formálsorðum að stofnskrá Evrópuráðsins. Til að vinna að framgangi þessara hugsjóna var Evrópuráðið stofnað. Sérhvert aðildarríki Evrópuráðsins verður að hafa þessar hugsjónir í heiðri.

Starfssvið Evrópuráðsins hefur í framkvæmd orðið mjög víðtækt. Verkefni þess er að koma á meiri einingu meðal aðildarríkjanna í þeim tilgangi að tryggja og hrinda í framkvæmd þeim hugsjónum og meginmarkmiðum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, og auðvelda efnahagslegar, menningarlegar og félagslegar framfarir. Að þessum markmiðum er unnið með umræðum um sameiginleg vandamál, með samkomulagi og samstilltum aðgerðum í málum, sem snerta efnahag, félagsmál, menningu, vísindi, lög og rétt, og með því að viðhalda og efla mannréttindi og mannfrelsi.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun og skipulag þess við það miðað: annars vegar ráðherranefndin, sem er fulltrúi ríkisstjórnanna, og hins vegar ráðgjafarþingið, sem er fulltrúi þjóðþinga aðildarríkjanna. Aðildin að þessum meginstofnunum Evrópuráðsins fer ekki eftir höfðatölu. Ísland hefur því einn fulltrúa í ráðherranefndinni til jafns við önnur aðildarríki og þrjá fulltrúa af 170 þm. á ráðgjafarþinginu, sem eru fulltrúar 380 millj. manna.

Ráðgjafarþing Evrópuráðsins gegnir mikilsverðu hlutverki. Þar eru bornar fram og ræddar tillögur og gerðar samþykktir í fjölmörgum málum sem varða Evrópuráðið og þátttökuríki þess. Þingið starfar að ýmsu leyti líkt og þjóðþing gera í lýðræðislöndum.

En Evrópuráðið hefur ekki aðeins verið vettvangur umræðna. Ráðið hefur beinlínis stuðlað að einingu Evrópu á áþreifanlegan hátt. Þing og ráðherranefnd hafa lagt mikla áherslu á gerð svokallaðra Evrópusáttmála og samninga um fjölmörg mál sem varða flest eða öll aðildarríkin. Slíkir sáttmálar eða samningar öðlast ekki gildi gagnvart hverju einstöku aðildarríki nema það samþykki hann og staðfesti. Hafa nú um 100 Evrópusáttmálar eða samningar af þessu tagi verið gerðir. Öll þessi starfsemi hefur orðið til þess að auka samstöðu þjóða Evrópuráðsins á öllum þessum sviðum og orðið til þess að glæða framfarir. Yfirleitt er það svo við gerð Evrópusamninga að tilhneiging er til að miða við þau ríki, sem lengst eru

komin, og þurfa hin, sem skemmra eru komin, því oft að breyta lögum sínum til samræmis. Nýmæli á sviði löggjafarinnar, sem tekin eru upp í einstökum aðildarríkjum, eru fljótlega kynnt og athuguð innan Evrópuráðsins og hefur þetta mikið gildi til þess að þoka löggjöf aðildarríkjanna almennt í framfararátt.

Ég hef hér vikið lítillega að starfi Evrópuráðsins. En allt er breytilegt og öllu miðar annaðhvort aftur á bak eða nokkuð á leið. Hvert er förinni raunverulega heitið? Hvað verður í framtíðinni um evrópska samvinnu? Það eru spurningar sem þessar sem er ekki óeðlilegt að við víkjum að í umr. á Alþingi Íslendinga um utanríkismál.

Á fyrstu árum Evrópuráðsins kom strax upp sú spurning hvernig aðildarríki ráðsins mættu koma á nánari samstöðu og hvaða form sú samstaða ætti að hafa. Um þetta voru þá háðar miklar umræður á ráðgjafarþinginu og hefur raunar svo verið lengst af fram til þessa dags. Í samræmi við upphaflega hugmynd hinnar svokölluðu Evrópuhreyfingar, sem var undanfari stofnunar Evrópuráðsins, lögðu margir fulltrúar, einkum frá Frakklandi, Ítalíu, Belgíu og Hollandi, áherslu á stofnun eins konar sambandsríkis. Aðrir, þ. á m. margir fulltrúar frá Bretlandi og Norðurlöndunum, kusu fremur samvinnu milli sjálfstæðra ríkja innan Evrópuráðsins. Hér var um djupstæðan skoðanamun að ræða. Hins vegar töldu allir stofnun Evrópuráðsins vera mikilvæga og frumlega tilraun til að styrkja einingu Evrópu.

Viðfangsefni dagsins var að viðhalda þeirri einingu sem þegar var komið á með stofnun Evrópuráðsins. Það þurfti að vinna að því að þau lönd, sem lengst vildu ganga, fjarlægðust ekki þau sem skemmra vildu ganga. Þróun Evrópuráðsins hefur mótast af þessari viðleitni. Það hefur reynst hafa nægilegan sveigjanleika til að verða vettvangur landa, sem höfðu sameiginlegt markmið, en voru mjög á öndverðum meiði um hversu ná skyldi því markmiði. Tengja hefur þurft saman aðila með mjög mismunandi sjónarmið til að koma í veg fyrir klofning sem mundi gera viðtækari samvinnu Evrópuríkjanna örðuga. Evrópuráðið hefur verið sér meðvitandi um þessa hættu og hefur talið það skyldu sína að koma í veg fyrir hana. Viðleitni ráðsins beinist því mjög að því að sætta aðila og samræma skoðanir þeirra. Ráðið hefur því myndað ágætan ramma fyrir evrópska samvinnu.

En spurningin um stofnun sambandsríkis Evrópu hefur stundum verið áleitin á þeim tíma sem Evrópuráðið hefur starfað. Upp úr umræðunum um ríkisstofnun kom fram hugmyndin að evrópsku yfirvaldi með takmörkuðu starfssviði, en raunverulegum völdum. Þetta var kjarninn í hinni svokölluðu Schumann-áætlun, sem sett var fram árið 1950. Í framhaldi af þessu stofnuðu þegar árið 1951 sex Evrópuríkjanna Kola- og málmsteypuna með sterku framkvæmdavaldi á sínu sviði. Síðan var það að sömu ríki mynda árið 1957 Efnahagsbandalag Evrópu með afar viðtæku starfssviði, en ekki jafnsterku framkvæmdavaldi í byrjun. Jafnframt komu þessi ríki á fót Kjarnorkustofnun Evrópu. Stofnun þessara samtaka hefur af sumum verið talin hin merkustu spor í áttina til sameiningar Evrópu. Það hefur þá verið litið á þessar stofnanir sem kjarna innan Evrópuráðsins og fordæmi til frekari einingar. Opinber tengsl eru milli ráðgjafarþings Evrópuráðsins og þessara stofnana, þar sem mál þessara stofnana eru árlega rædd á ráðgjafarþinginu.

Sumir hafa haldið fram, að Efnahagsbandalag Evrópu ætti að vera hinn raunverulegi stofn að bandaríkjum Evrópu, þannig að önnur Evrópuráðslönd ættu að fá þar inngöngu og samtökin ættu ekki einungis að fela í sér efnahagslega einingu Evrópu, heldur og stjórnmálalega. Á þessu máli eru margar hliðar sem ég ætla ekki að fara að ræða hér.

En Efnahagsbandalagið hefur sín vandamál, svo sem kunnugt er. Í því sambandi er oft talað um ágreining varðandi landbúnaðarmál og annað þess háttar, en hinir raunverulegu erfiðleikar Efnahagsbandalagsins rista dýpra. Það er deilt um hvort á að standa við það ákvæði Rómarsáttmálans að meirihlutaákvörðun ráði í stjórn samtakanna í stað þess fyrirkomulags, að engin ákvörðun sé raunverulega gild nema öll aðildarríki bandalagsins standi að henni. Þetta er spurningin um hvort ríki vill slá af fullveldi sínu með því að lúta sameiginlegu framkvæmda- og löggjafarvaldi þar sem meiri hlutinn ráði samkv. góðum lýðræðisreglum.

Þessi hugmynd um sambandsríki Evrópu hefur stundum átt sér öfluga fylgjendur og baráttumenn á vettvangi Evrópuráðsins. Umræður á ráðgjafarþinginu hafa stundum snúist mjög um framtíðarskipan Evrópu á grundvelli slíkra hugmynda. Í slíkum umræðum hef ég jafnan lýst þeirri skoðun, að vegna smæðar okkar Íslendinga ætti engin þjóð meira undir samvinnu Evrópuþjóðanna en einmitt við, en jafnframt ætti engin þjóð meira á hættu en við með því að slá af fullveldi okkar.

Í umræðum um þessi mál hefur stundum verið varpað fram þeirri spurningu, hvort hlutverki Evrópuráðsins hafi ekki verið lokið með tilkomu Efnahagsbandalags Evrópu eða verði það eftir því sem aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins fjölgar og því vex fiskur um hrygg. Í þessu sambandi hafa menn bent á að Efnahagsbandalagið væri vaxtarbroddurinn í raunverulegum aðgerðum til sameiningar Evrópu. Menn hafa og varað við tvíverknaði þar sem væru tvenn samtök Evrópuríkja sem byggðu starfsemi sína á hugsjóninni um Evrópusamvinnu. En samt sem áður er augljóst að níu ríki Efnahagsbandalagsins geta ekki einokað hugsjónina um Evrópusamvinnu.

Það er hlutverk Evrópuráðsins að koma á og efla samvinnu allra ríkja í Evrópu. Þetta hefur Evrópuráðinu tekist í Vestur-Evrópu og fræðilega séð er hægt að hugsa sér að Austur-Evrópulönd gangi í Evrópuráðið þegar þau kunna að fullnægja því óhjákvæmilega skilyrði að þau búi við lýðræðislega stjórnarhætti. Af þessu er ljóst hve víðtæku hlutverki Evrópuráðið í raun og veru gegnir. Þessu hlutverki getur Evrópuráðið ekki gegnt nema sameina innan sinna vébanda allar þjóðir sem vilja ná markmiðum Evrópuhugsjónarinnar, eftir hvaða leiðum sem farnar eru. Það er einmitt þetta sem Evrópuráðinu hefur tekist að gera. Evrópuráðið hefur verið rammi um samvinnu þjóða með ólík viðhorf, en hins vegar með sömu grundvallarsjónarmið.

Samkv. þessu kemur ekki til greina að leggja Evrópuráðið niður. Það hefur hlutverki að gegna sem engin önnur stofnun Evrópuríkja er fær um að sinna, hvort heldur er Efnahagsbandalag Evrópu eða aðrar. Öll Evrópuráðsríkin eru sammála um þetta. Það sýnir styrkleika Evrópuráðsins og hversu mikils er metin aðild að ráðinu að strax eftir að hrundið var einræðisstjórnum í Portúgal og Spáni sóttu ríki þessi um inngöngu í Evrópuráðið og starfa nú í hópi 21 aðildarríkis sem þar er. Bæði þessi ríki hafa nú sótt um inngöngu í Efnahagsbandalag Evrópu,

en það er eins um þau og önnur ríki Efnahagsbandalagsins að þau telja aðild sína að Evrópuráðinu þó nauðsynlega jafnframt, hvað þá ríki eins og Ísland sem ekki eru aðilar að Efnahagsbandalaginu.

Þá er ekki fjarri lagi að spyrja: Hvaða gagn hefur þá Ísland haft að aðild sinni að Evrópuráðinu? Var það í sjálfu sér rétt ákvörðun sem Alþingi tók árið 1950 þegar það samþykkti að Ísland gengi í Evrópuráðið? Ég held að það geti ekki verið nokkur vafi á því, að það hafi verið rétt ráðið. Raunar er næstum óhugsandi að Íslendingar einir lýðræðisþjóða í Evrópu standi utan Evrópuráðsins. Ísland er órjúfanlegur hluti Evrópu landfræðilega, sögulega og menningarlega. Við Íslendingar hljótum því að vera með á vettvangi Evrópuráðsins, þar sem fjallað er um mál sem varða Evrópu svo mjög bæði í nútíð og framtíð.

Það er á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins sem hin stóru mál eru rædd. Þar er kveikjan að flestum þeim viðfangsefnum sem ráðið lætur til sín taka. Þar eru samþykktar ályktanir og áskoranir sem síðan ganga til ráðherranefndarinnar til meðferðar og oft til framkvæmda í formi Evrópusamninga, sem ég áður vék að. Mörg þessara mála varða okkur Íslendinga miklu, en önnur minna. En á vettvangi ráðgjafarþingsins gefst okkur tækifæri til að leggja okkar til málanna. Stundum getur þessi aðstaða verið okkur mjög mikilsverð. Besta dæmið um það er landhelgismálið og barátta okkar fyrir útfærslu fiskveiðimarkanna og efnahagslögsögu okkar. Það má segja að þegar mest lá við í þeim efnum hafi fulltrúar Íslands á ráðgjafarþinginu ekki látið sér úr greipum ganga nein tækifæri til að kynna málstað Íslendinga og túlka stefnu okkar og sjónarmið hvar sem við var komið í umræðum á þinginu, svo sem í almennum stjórnmálaumr., umræðum um hafréttarmál og umræðum um fiskveiðimál. Okkar viðurvist og þátttaka á þessum vettvangi var þeim mun þýðingarmeiri þar sem hér var að mæta okkar höfuðandstæðingum, Englendingum og Þjóðverjum.

Herra forseti. Vegna þess að nú eru þinglausnir fram undan hef ég ekki góða samvisku af því að lengja mál mitt miklu frekar, þó að full ástæða hefði verið til að gera það. Ég vil þó aðeins með nokkrum orðum minna á að Ísland hefur samþykkt um 40 Evrópusamninga, slíka samninga sem ég gat um í máli mínu áður. Og Ísland hefur með aðild sinni að Evrópuráðinu verið í sumum tilvikum í forustusveit þeirra ríkja sem best og afdrifaríkast starf hafa unnið á þessum vettvangi. Ég nefni í því sambandi t. d. aðild Íslands að Mannréttindasáttmálanum, Viðreisnarsjóðnum og svo gæti ég lengi haldið áfram.

Ég vil svo vekja athygli á því, hvað aðild okkar að Evrópuráðinu þýðir á einum mjög þýðingarmiklum vettvangi. Evrópuráðið heldur uppi afar víðtæku starfi sérfræðinga í mörgum helstu vísindagreinum. Ísland á aðild að þessum sérfræðinganefndum og tekur að sínu leyti fullan þátt í þessu starfi. Þetta starf er Íslandi að kostnaðarlausu vegna þess að allur kostnaður af þátttöku Íslands í þessu starfi er greiddur af Evrópuráðinu sjálfu. En Ísland nýtur til jafns við alla aðra aðila Evrópuráðsins gagns af þessu starfi, sem er ómetanlegur fengur fyrir hina íslensku þjóð. — Ég nefndi kostnað. Það má minna á að Ísland ber 0.12% af heildarkostnaði Evrópuráðsins. Það er ekki hátt í tölum þó að við miðum við smæð okkar hér.

Ég gæti bent á mörg önnur dæmi sem mundu lýsa þýðingu Evrópuráðsins fyrir Ísland. Það verður kannske best sagt með þeim orðum sem framkvæmdastjóri Evrópuráðsins sagði um þetta í ræðu árið 1965 þegar hann var í opinberri heimsókn hér á Íslandi. Hann orðaði þetta þannig, að það væri hlutverk Evrópuráðsins fyrst og fremst að aðstoða smáríkin til þess að geta öðlast það sem ekki er á valdi nema stórþjóðanna. Ég er ekki í nokkrum vafa um af kynnum mínum af starfsemi Evrópuráðsins að þetta er rétt. Því kemur ekki til greina annað en að Ísland leggi áfram áherslu á aðild sína að Evrópuráðinu. En því segi ég þetta að fyrr í þessum umr. fannst mér votta fyrir einhverjum efa í þessum efnum. Það er algerlega órökstutt og á miklum misskilningi byggt.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Við þá umr. um þessa skýrslu, sem fór fram fyrir nokkrum dögum, kom hv. þm. Geir Hallgrímsson fram með tvær fsp. sem ég vil gjarnan svara. Þær fsp. lutu að efni því sem er í skýrslunni í kaflanum um viðskiptamál, en eins og fram var tekið er sá kafli yfirleitt fenginn frá viðskrn. og svör við þeim spurningum, sem hann bar fram og ég fer hér með, eru fengin að verulegu leyti frá viðskrn.

Hv. þm. spurði fyrst hvaða fyrirætlanir væru uppi um starf olíuviðskiptanefndar og hverjar líkur væru fyrir olíuviðskiptum t. d. við Saudi-Arabíu. Svarið er það, að ekki hafa verið teknar ákvarðanir um fyrirkomulag olíuviðskipta. Viðskrh. hefur til athugunar að stofna sérstaka olíuviðskiptadeild í viðskrn., — stjórnunardeild sem fjalli um olíuviðskipti og fylgist vandlega með allri framvindu olíumála til að tryggja á hverjum tíma sem hagkvæmust og öruggust olíuviðskipti. Rn. mun hér eftir sem hingað til kappkosta náin samskipti og samvinnu við olíufélögin í landinu. — Í öðru lagi er þetta að segja um hugsanleg olíuviðskipti við Saudi-Arabíu: Utanrrn. vinnur að því að beiðni viðskrn. að koma á stjórnmálasambandi við Saudi-Arabíu. Viðskrh. telur slíkt mjög þýðingarmikið skilyrði fyrir hugsanlegum viðskiptum milli landanna.

Í öðru lagi var spurt um stefnu varðandi málefni Alþjóðaorkumálastofnunarinnar. Um þá spurningu er þetta að segja:

Um miðjan janúar 1980 var skipuð fjögurra manna nefnd til að kanna málefni Alþjóðaorkumálastofnunarinnar. Jón Ögmundur Þormóðsson deildarstjóri í viðskrn. var formaður, aðrir í nefndinni voru og eru Páll Flygering í iðnrn., Guðmundur Eiríksson þjóðarréttarfræðingur í utanrrn. og Geir H. Haarde hagfræðingur hjá olíuviðskiptanefnd. Nefndin hefur safnað gögnum og kynnt sér þau. Viðskrh. sendi formanninn til Parísar í febr. Hann, ásamt Einari Benediktssyni sendiherra í París og fastafulltrúa Íslands hjá Efnahags- og framfarastofnuninni og Sveini Björnssyni viðskiptafulltrúa við sendiráðið í París, átti viðræður við forráðamenn Alþjóðaorkumálastofnunarinnar í París 25.—28. febr. s. l. Síðan hefur nefndin unnið að gerð ítarlegrar skýrslu um málið, m. a. með hliðsjón af hugsanlegri aðild Islands. Verður þessi skýrsla væntanlega lögð fyrir ríkisstj. innan skamms.

Hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, þótti, að mér skildist, heldur magur kafli um Evrópuráðið í þessari skýrslu. (**ÞK:** Ég sagði það ekki.) Nei. Ég hef líklega lesið það eða heyrt á milli línanna. En það má út af fyrir sig til sanns vegar færa. Það

eru þarna kaflar um ýmsar alþjóðastofnanir og það er takmarkað hvað hægt er að segja um hverja. Kaflinn um Evrópuráðið er ekki styttri en t. d. kaflinn um Atlantshafsbandalagið, um Norðurlandaráð o. s. frv. En ég vil hins vegar segja að það komu ekki fram í máli mínu og höfðu ekki komið og ég held örugglega ekki í þessari skýrslu neinar efasemdir um gagnsemi Evrópuráðsins. (**ÞK:** Nei, það er rétt.) Ég þakka hv. þm. fyrir þá ágætu ræðu sem hann flutti áðan um Evrópuráðið, þar sem gerð var grein fyrir því.

Það komu nokkrar aths. síðast fram frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni við þessa skýrslu. Tíminn leyfir ekki að það sé farið ítarlega út í þær aths. (Gripið fram í.) Áhuginn hjá hv. þm. virðist nú í takmarkaðra lagi ef dæma má eftir fundarsókn. (**StJ:** Það er beðið eftir því að komast að með að tala í þessu máli. — **Gripið fram í:** Hvað finnst hæstv. utanrrh. um áhuga samráðh. sinna?) Ég skal þó e. t. v. drepa á þrjú atriði.

Hv. þm. Ólafur Ragnar lét orð falla um að það væri ekki tekið á málefnum Palestínumanna, að mér skildist, það væri gengið nokkuð fram hjá þeim. (**ÓRG:** Réttur þeirra væri ekki viðurkenndur.) Réttur þeirra væri ekki viðurkenndur. En ég vil í þessu sambandi benda honum á bls. 8 í skýrslunni og vildi mega — með leyfi hæstv. forseta — lesa það upp sem þar stendur:

„Ályktanir Öryggisráðsins nr. 242 og 338 eru sá grundvöllur, sem heildarlausn deilumála í miðausturlöndum verður að hvíla á. Nauðsynlegt er að allir aðilar á þessu svæði fallist á ákvæði þessara ályktana, þ. á m. um rétt allra ríkja á svæðinu til að fá að lifa í friði innan viðurkenndra landamæra. Jafnframt þurfa þeir allir að taka þátt í umræðum um slíka heildarlausn, sem einnig taki tillit til lögmætra þjóðarréttinda Palestínumanna. Fyrr en síðar hlýtur að koma að því að lausn verði að fást á þessu máli, ef unnt á að vera að koma í veg fyrir að sáttaumleitan Egypta og Ísraelsmanna sigli í strand. Olíusala Arabaríkja til vesturlanda hefur verið áhrifaríkt vopn í höndum Palestínumanna, en jafnframt sýnist ljóst, að málstaður þeirra hefur fengið aukinn meðbyr vegna stefnu Ísraels í málefnum herteknu svæðanna, ekki síst stofnun nýrra byggða Ísraelsmanna þar."

Ég get því ekki fallist á að gengið sé fram hjá þessu efni, en vera má að ég hafi misskilið hv. þm. að þessu leyti.

Um þá fullyrðingu, sem fram kom hjá honum, að kjarnorkuvopn væru geymd á Keflavíkurflugvelli, vil ég segja það, að að mínum dómi hefur ekki tekist að renna neinum stoðum undir þá fullyrðingu. Það er ekki gert í þeim viðtölum sem fram hafa farið við tiltekna stofnun í Bandaríkjunum, vegna þess að ekki er um neinar fullyrðingar að ræða hjá þeim aðilum. Þrátt fyrir að þessu sé þannig háttað tel ég sjálfsagt að rannsaka málið svo vel sem kostur er og reyna að koma í veg fyrir þá tortryggni og þær getsakir sem hafa komið upp í þessu máli. Að því er unnið af hálfu utanrrn. og um það verða utanrmn. gefnar skýrslur og fyrir hana lögð þau gögn sem aflað er.

Ég skal ekki fara út í deilur um hvort það sé réttmætt í þessari skýrslu að það megi jafnvel kalla Keflavíkurstöðina eftirlitsstöð. Ég verð þó að segja að í þeirri ræðu, sem hv. þm. flutti, var á ýmsan hátt greinargóð lýsing á því, sem þar fer fram, og ég sá þar í gegn að hann hefur kynnt sér þessi mál allrækilega í tengslum við starf sitt í öryggismálanefnd. Það kom fram hjá honum að hlutverk stöðvarinnar væri einmitt fyrst og fremst eftirlitið með kafbátum, kafbátaleit og flugvéla. Ég held því að við þurfum ekki að deila mjög mikið um það efni.

Að sjálfsögðu væri ástæða til að ræða nánar ýmsar aths. sem hafa komið fram hjá hv. þm., en tíminn leyfir það ekki.

Auðvitað ber að harma að hv. þm. Stefán Jónsson skuli ekki hafa komist að, því ég er viss um að í orðaskiptum milli okkar hefðu komist að ýmsar gagnlegar upplýsingar, en tíminn er þrotinn.

Umr. frestað.

Samvinnufélagalög, þáltill. (þskj. 36, n. 643). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. hefur haft um nokkurt skeið til meðferðar 36. mál þingsins, till. til þál. um ný samvinnufélagalög. Nefndin afgreiddi þessa till. í morgun breytta og varð hún sammála um að leggja til að hún yrði samþ. svo orðuð:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta í samráði við samvinnuhreyfinguna hefja undirbúning nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd."

ATKVGR.

Brtt. 643 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun alþingis. (þskj. 652).

Sameinað þing, 70. fundur.

Fimmtudaginn 29. maí, kl. 4.30 síðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Jón Helgason): Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf Alþingis:

Þingið hefur staðið frá 10. des. til 21. des. 1979 og frá 8. jan. til 29. maí 1980, alls 155 daga.

ÞINGFUNDIR hafa verið haldnir:

Í neðri deild	91
Í efri deild	106
Í sameinuðu þingi	70
Alls	267

ÞINGMÁL og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:

a. Lögð fyrir neðri deild	44	
b. Lögð fyrir efri deild	41	
c. Lögð fyrir sameinað þing	2	
		87

2. Þingmannafrumvörp:

a. Borin fram í neðri deild	22	
b. Borin fram í efri deild	14	
	36	
		123

Úrslit urðu þessi:

a. Afgreidd sem, lög:		
Stjórnarfrumvörp	52	
Þingmannafrumvörp	11	
	63	
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Stjórnarfrumvörpum	2	
Þingmannafrumvörpum	2	
	4	
c. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	34	
Þingmannafrumvörp	22	
	56	
		123

II. Þingsályktunartillögur:

Bornar fram í sameinuðu þingi ..	62

Úrslit urðu þessi:

Ályktanir Alþingis	15
Ekki útræddar	47
	62

III. Fyrirspurnir

Í sameinuðu þingi 44. Sumar eru fleiri saman á þingskjali svo að málatala þeirra er ekki nema	25
Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar eða svarað skriflega nema einni, sem var tekin aftur.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	210
Skýrslur ráðherra voru	8
Tala prentaðra þingskjala	655

Yfirlit þetta sýnir þann fjölda mála, sem lögð hafa verið fyrir Alþingi, það sem nú er að ljúka störfum, og hverja afgreiðslu þau hafa hlotið, en að öðru leyti segir það lítið um þingstörfin.

Þegar þingið hófst skömmu fyrir jól sat að völdum starfsstjórn sem hafði ekki stuðning meiri hl. Alþingis. Tveir fyrstu mánuðir þingtímans fóru að mestu í viðræður utan þingfunda um myndun nýrrar ríkisstj. Þó voru á þeim tíma samþykkt allmörg ný lög sem meiri hl. þm. var sammála um að ekki mætti dragast að afgreiða.

Við myndun ríkisstj. urðu miklar breytingar á skipan manna í fastanefndir þingsins og hafði það nokkur áhrif á störf sumra þeirra. En stærsta verkefnið, sem beið þá afgreiðslu, var setning fjárlaga sem dregist hafði þangað til, og var það aðalviðfangsefni þingsins fram að páskahléi. Síðan hefur verið unnið að afgreiðslu annarra efnahagsmála, svo sem vegáætlunar og lánsfjárlaga, auk margra annarra. Þar má m. a. nefna tvo lagabálka á sviði félagsmála: lög um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum og lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í þinglokin komu landhelgismál einu sinni enn á dagskrá þar sem lögð var fram og samþykkt þáltill. um staðfestingu á samningum við Norðmenn um Jan Mayen.

Þau mál, sem Alþingi hefur nú fjallað um, eru því fjölbreytt eins og jafnan áður og snerta hag og afkomu hvers Íslendings og þjóðarheildarinnar á margvíslegan hátt. Það er því eðlilegt að um þau séu skiptar skoðanir og ýmislegt gagnrýnt, bæði utan þings og innan. Slík gagnrýni er líka nauðsynleg, enda væri virðing Alþingis ekki mikil hjá þjóðinni ef ekki væri talið sjálfsagt að gera meiri kröfur til þess en tekst að uppfylla hverju sinni. Ég er líka sannfærður um að hjá hverjum þm. býr einlægur vilji og ósk um að lengra megi ná í framtíðinni.

En að þessu sinni er löggjafarsamstarfinu lokið. Ég þakka hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. ánægjulegt samstarf á þessu þingi og umburðarlyndi í minn garð. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum sem jafnan hafa veitt mér bestu aðstoð. Skrifurum þingsins þakka ég ágætt starf. Skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis flyt ég kærar þakkir fyrir mikið og gott starf og ánægjulega samvinnu. Að lokum óska ég hv. alþm. og fjölskyldum þeirra gæfu og gengis og góðrar heimkomu og heimferðar. Það er von mín að öll megum við hittast heil til starfa á næsta þingi.

Landsmönnum öllum óska ég árs og friðar.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Í nafni okkar alþm. þakka ég hæstv. forseta fyrir góðar og hlýjar óskir í okkar garð. Jafnframt vil ég þakka honum einkar ánægjulegt samstarf, réttláta fundarstjórn og greiðvikni við okkur þm. Hið mjúkláta vald, sem hæstv. forseta er svo lagið að beita, hefur greitt fyrir störfum á annars nokkuð óvenjulegu þingi. Þá vil ég einnig nota þetta tækifæri til að flytja skrifstofustjóra Alþingis og starfsliði öllu okkar bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans alls hins besta á sumrinu fram undan og vona að við hittum hann við góða heilsu á næsta þingi.

Ég bið þingheim að taka undir þakkir og árnaðaróskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hv. 3. þm. Reykn., Ólafi G. Einarssyni, fyrir hlý orð og vinsamleg í minn garð og minnar fjölskyldu. Einnig þakka ég hv. alþm. undirtektir þeirra og endurtek óskir mínar til hv. alþm.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hæstv. ríkisstjórn og alþingisforsetar. Hv. alþingismenn. Hratt flýgur stund, það er gamall og nýr sannleikur. Á þessum þinglausnadegi er sú hugsun áleitin, þegar ég tala til yðar úr þessum ræðustóli í síðasta sinn, að því er ætla verður. Á þessum vettvangi er þetta kveðjustund. Ég hef sagt að tólf ár séu drjúgur hluti úr starfsævi manns, en nú finnst mér þau stundum eins og svipur einn. Allir kannast við þvílíkar sjónhverfingar, en almanakið segir sína sögu.

Hver sá, sem býðst til að vera forseti Íslands ef landsmenn vildu svo hafa, mun gera sér grein fyrir því, að hann tekst á hendur mikla ábyrgð. Í þeirri ábyrgð felst meðal annars það að stuðla að stöðugleika í þjóðfélaginu með því að hverfa ekki á brott af neinni skyndingu ef ekkert óviðráðanlegt knýr til þess og ástæða er til að ætla að þorri landsmanna æski þess helst, að ekki sé breyting á gerð. Sú stund hlýtur þó alltaf að koma að einn leysi annan af hólmi. Nú finn ég og veit með sjálfum mér að nógu lengi er setið. Allt síðastliðið ár hef ég styrkst í þeirri vissu að ég ætti ekki að vera í framboði við forsetakosningarnar í sumar. Ég finn að persónulega er sú ákvörðun rétt, en hitt skiptir þó meira máli að ekki verður séð að hún gæti valdið neinu því sem þjóðinni

stafaði hætta af. Tíð forsetaskipti eru ekki æskileg og ber margt til þess. Aldrei hefðum við hjón boðist til að vera húsbændur á Bessastöðum nema með þeim fasta ásetningi að skiljast ekki við þann vanda á neinn þann hátt sem kenna mætti við brotthlaup í ótíma. Nú þegar hillir undir eðlileg leiðarlok er mér það hugfró að okkur hefur auðnast að standa við þetta, og ég met það mikils að landsmenn hafa ekki látið annað á sér skilja. Um það er að vísu engin einhlít regla, hversu lengi forseti gegnir embætti, en mér er nær að halda að sannast muni að fáir gerist til að vera lengur en þrjú kjörtímabil.

Hér er ekki staður né stund til að fjölyrða um embætti forseta Íslands, hvorki almennt né hvernig það blasir við þegar litið er yfir þessi síðast liðnu tólf ár. Ég hygg þó að hvort tveggja sé nokkuð til umræðu manna á meðal einmitt nú, og það ekki eingöngu vegna þess að forsetakosningar eru á næsta leiti. Slík umræða er ekki nema eðlileg, hún er eins og hvert annað lífsmark í lýðræðisríki. Ef til vill er hvati hennar nú að einhverju leyti sú spurning, hversu til hefur tekist um aðdraganda og framvindu þeirra tiltölulega mörgu stjórnarmyndunarviðræðna sem orðið hafa í minni tíð. Vafasöm háttvísi væri það af minni hálfu að fara mörgum orðum um slíkt. Vel fer á að forseti sé opinskátt þakklátur fyrir viðurkenningarorð, ef eitthvað þykir hafa vel tekist, en hins vegar hafi hann sem fæst orð um ef á kreik kemst einhver slæðingur sem til gagnrýni mætti meta.

Þegar ég lít yfir farinn veg finn ég það glöggt að ég á margt að þakka. Ég er forsjóninni þakklátur fyrir að geta skilist við embætti forseta Íslands í friði við samvisku míns sjálfs. Ég þakka löndum mínum fyrir alla elskusemi við okkur hjón og alveg sérstaklega þeim mönnum sem verið hafa mér hollráðir í vanda.

Í ávarpi mínu við fyrstu þingsetninguna 1968 komst ég þannig að orði, að ég vænti mér góðs af samstarfi við alþm., enda væru þeir mér allir að góðu kunnir. Sú von mín hefur ræst, og mér er ljúft að minnast þess nú að tólf árum liðnum. Hún hefur ræst og það eins fyrir því þótt mikil mannaskipti hafi orðið á þingliði á þessum tíma, því tiltölulega fáir af þeim, sem þá voru á þingi, eiga þar sæti enn, en nýir menn komnir í stað þeirra sem horfið hafa. Ég minnist samskipta minna við alla þessa menn með óblandinni gleði.

Um ríkisstjórnir hef ég sömu sögu að segja, enda ráðherrar allir alþingismenn. Í minni tíð hafa alls 35 menn setið í ríkisstj., þar af 6 verið forsætisráðherrar. Samstarf mitt við þá alla hefur verið ánægjulegt og kynni mín við þá persónulegur ávinningur. Á þessari stundu hugsa ég til allra þessara manna, lífs og liðinna, með vinarþeli.

Að svo mæltu færi ég yður öllum, alþingismenn, þakkir fyrir hollustu og vinsemd í minn garð. Ég óska yður farsældar í mikilvægum störfum yðar. Megi hamingjan fylgja Alþingi Íslendinga í öllum þess athöfnum.

Landsmönnum öllum sendi ég þakkarkveðjur og velfarnaðaróskir.

Forseti (Jón Helgason): Fyrir hönd Alþingis þakka ég forseta Íslands, herra Kristjáni Eldjárn, af alhug þessi hlýju kveðjuorð.

Herra Kristján Eldjárn hefur gegnt embætti forseta Íslands um tólf ára skeið, og þegar hann hefur nú ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs að loknum þremur kjörtímabilum og slítur því Alþingi í síðasta sinn hljóta okkur alþm. að vera efst í huga þau ágætu samskipti sem Alþingi hefur átt við forseta Íslands á þessu tímabili, og við alþm. þökkum fyrir þær ánægjulegu stundir sem við höfum átt í boði þeirra forsetahjóna, herra Kristjáns Eldjárns og frú Halldóru Eldjárn, á heimili þeirra á Bessastöðum. En vinsældir forsetahjónanna náðu til þjóðarinnar allrar. Það kom skýrt fram í svörum fólks sem spurt var á förnum vegi á s. l. vetri um hvernig kostum það vildi helst að sá væri búinn sem tekur við embætti forseta 1. ágúst n. k. Það fyrsta, sem flestum vegfarendum datt í hug, var að svara óviðbúið að hann ætti helst að vera sömu kostum búinn og Kristján Eldjárn. Það er ánægjulegt að fá slík eftirmæli þegar menn láta af giftudrjúgu starfi. Og ég held að það besta, sem íslenska þjóðin gæti fengið, væri að eignast sem flesta trúnaðarmenn sem fengju slík eftirmæli.

Ég þakka forseta Íslands, herra Kristjáni Eldjárn, öll hans ágætu störf fyrr og síðar og góðan skilning hans á hlutverki Alþingis.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Ég þakka forseta Sþ. þessar hlýju árnaðaróskir. Ég met þær mjög mikils. Að svo mæltu les ég upp forsetabréf.

Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Alþingi, 102. löggjafarþing, lýkur störfum fimmtudaginn 29. maí 1980. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

Gunnar Thoroddsen.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkv. þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið. Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþm. að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Gunnar Thoroddsen,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.